



**Byggðasafn**  
Skagfirðinga

# HEGRANES

## FORNLEIFASKRÁNING

BRYNDÍS ZOËGA  
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA  
2024/276

Höfundur: Bryndís Zoëga. 2024/276

Mynd á forsíðu: Rétt í Rípurlandi, bæjarstæðið á Ríp og Rípurkirkja til hægri / Bryndís Zoëga.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2024. Öll réttindi áskilin.

<b>EFNISYFIRLIT</b>	
<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR</b> .....	<b>5</b>
<b>AÐFERÐARFRÆÐI</b> .....	<b>5</b>
<b>SAMANTEKT</b> .....	<b>7</b>
<b>UTANVERÐUNES</b> .....	<b>14</b>
SÖGUÁGRIP .....	14
FORNLEIFASKRÁNING .....	15
UTANVERÐUNES-SAMANTEKT .....	49
<b>HELLULAND OG ÁSGRÍMSSTAÐIR</b> .....	<b>51</b>
SÖGUÁGRIP .....	51
FORNLEIFASKRÁNING .....	53
HELLULAND-SAMANTEKT .....	131
<b>KÁRASTAÐIR</b> .....	<b>134</b>
SÖGUÁGRIP .....	134
FORNLEIFASKRÁNING .....	135
KÁRASTAÐIR-SAMANTEKT.....	202
<b>HRÓARSDALUR</b> .....	<b>205</b>
SÖGUÁGRIP .....	205
FORNLEIFASKRÁNING .....	206
HRÓARSDALUR-SAMANTEKT .....	257
<b>EGG OG REIN</b> .....	<b>264</b>
SÖGUÁGRIP .....	264
FORNLEIFASKRÁNING .....	265
EGG-SAMANTEKT .....	307
<b>KETA</b> .....	<b>309</b>
SÖGUÁGRIP .....	309
FORNLEIFASKRÁNING .....	310
KETA-SAMANTEKT .....	320
<b>HAMAR</b> .....	<b>322</b>
SÖGUÁGRIP .....	322
FORNLEIFASKRÁNING .....	323
HAMAR-SAMANTEKT .....	342
<b>RÍP</b> .....	<b>344</b>
SÖGUÁGRIP .....	344
FORNLEIFASKRÁNING .....	345
RÍP-SAMANTEKT .....	369
<b>BEINGARÐUR</b> .....	<b>371</b>
SÖGUÁGRIP .....	371
FORNLEIFASKRÁNING .....	372

BEINGARÐUR-SAMANTEKT .....	385
<b>ÁS .....</b>	<b>386</b>
SÖGUÁGRIP .....	386
FORNLEIFASKRÁNING .....	387
ÁS-SAMANTEKT .....	434
<b>VATNSKOT (HEGRBJARG OG SVANAVATN) .....</b>	<b>437</b>
SÖGUÁGRIP .....	437
FORNLEIFASKRÁNING .....	438
VATNSKOT-SAMANTEKT .....	472
<b>GARÐUR .....</b>	<b>474</b>
SÖGUÁGRIP .....	474
FORNLEIFASKRÁNING .....	475
GARÐUR-SAMANTEKT .....	496
<b>LEIÐIR .....</b>	<b>497</b>
<b>HEIMILDIR .....</b>	<b>512</b>

## Inngangur

Árið 2021 fékk fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga styrk úr fornminjasjóði til þess að ljúka við skráningu og úrvinnslu gagna í Hegranesi í Skagafirði. Vettvangsskráning hafði þá farið fram í nokkrum áföngum árin 2008 og 2017-2019 í tengslum við Skagfirsku kirkjurannsóknina og SCASS (Skagafjörður Church and Settlement Survey) verkefnið. Skagfirska kirkjurannsóknin var verkefni Byggðasafns Skagfirðinga en SCASS verkefnið samtarfsverkefni Byggðasafnsins og teymis vísindamanna frá háskólanum í Boston (Boston UMASS). Í eftirfarandi skýrslu er skráning allra jarða í Hegranesi utan Keflavíkur, Keldudals og Eyhildarholts en þær skráningar munu koma í uppfærðri skýrslu í lok árs 2024.

Skráningarsvæðið er nokkuð stórt en vel afmarkað af Héraðsvötnunum sem renna beggja vegna Hegranessins. Jarðir í Hegranesi eru alls 15, eða 18 með uppskiptu jörðunum Ás (1 og 3) og Ríp (1-3). Skráðar jarðir eru: Utanverðunes, Helluland með Ásgrímsstöðum, Kárastaðir með Ferjuhamri, Hróarsdalur, Egg með Rein, Keta, Hamar, Ríp, Beingarður, Ás, Vatnskot og Garður. Minjar á Hegranesþingi, og með því minjar Litla-Garðs, eru með merkustu minjum í nesinu en þær voru ekki skráðar í tengslum við þetta verkefni þar sem þær eru friðlýstar og þegar skráðar af Minjastofnun Íslands. Þeirra er þó getið í samantektarkafli um Garð og þær settar í samhengi við þær niðurstöður sem fengist hafa úr SCASS verkefninu.

Á árunum 2015 til 2017 fóru fram umfangsmiklar fornleifarannsóknir í Hegranesi á vegum SCASS verkefnisins sem miðuðu að því að rannsaka búsetu í Hegranesi frá fyrstu tíð. Á þessum þremur árum voru teknir þúsundir borkjarna og fjöldi könnunarskurða, einkum í öskuhauga, til þess að áætla aldur og stærð jarða á mismunandi tímabilum. Þar að auki var leitað að kirkjum og kirkjugörðum og á árunum 2015-17 var kirkjugarðurinn í Keflavík grafinn upp í heild sinni. Á hverju ári hafa verið gefnar út framvinduskýrslur en nú er unnið að bók um rannsóknina í heild sinni (<https://www.fiskecenter.umb.edu/Projects/SCASS.html>). Í skýrslunum liggja fyrir upplýsingar um tiltölulega nákvæman aldur jarðanna. Dr. John Steinberg hjá háskólanum í Boston og dr. Guðný Zoëga hjá háskólanum á Hólum, auk allra þeirra sem unnu að rannsókninni, eiga því sérstakar þakkir skildar fyrir aðgang að gögnum. Sérstakar þakkir fær einnig Kathryn Catlin en hún vann samhliða SCASS rannsókninni að verkefni sem kallaðist FLASH þar sem áhersla var lögð á smábýli í Hegranesi og aldursgreindi og staðsetti þar fjölda forna býla ásamt samstarfsfélögum sínum. V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* fjallar að hluta til um Hegranesið og þar er sögu hvernar jarðar gerð ítarleg skil og því er ekki lagt upp með ítarlega sögukafli hér, fremur stutt ágríp um helstu vörður í sögum jarðanna.

Við viljum sérstaklega þakka þeim fjölmörgu heimildamönnum og landeigendum sem veittu okkur upplýsingar um minjar og leyfi til skráningar. Sérstakar þakkir fær Kristborg Þórsdóttir fornleifafræðingur sem veitti okkur aðgang að skráningargögnum úr meistaraverkefni sínu um leiðir í Hegranesi en sá kafli skýrslunnar sem fjallar um þær byggir að miklu leyti á vinnu Kristborgar en vörður og aðrar minjar voru þó skráðar á vettvangi. Hún las einnig yfir þann hluta skýrslunnar sem snýr að Hróarsdal.

Skýrslan er þannig uppbyggð að á eftir inngangi og aðferðafræði er samantekt fyrir allar jarðir og síðan er fjallað um hverja jörð fyrir sig, í þeirri röð sem talin er hér að framan. Hverri jörð fylgir fyrst stutt söguágrip sem fylgt er eftir með fornleifaskráningu þar sem hverri fornleif fyrir sig er lýst og í lokin er samantektarkafli fyrir hverja jörð.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar er 1728.



## Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.<sup>1</sup> Fornleifar teljast samkvæmt 3. gr. laganna: „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“.

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“.

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

## Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit, auk þess sem talað er við

---

<sup>1</sup> Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númers. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða eins og hægt er, þ.e. híbýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is). Hættumat er aðeins skráð þar sem einhver hættu er talin fyrir hendi.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju. Þar sem svæðið hafði að hluta verið skráð á vettvangi árin 2022 og 2008 var stuðst við uppmælingar og skráningargögn þeirra skráninga þar sem við átti.



## Samantekt

Vettvangsskráning fornleifa í Hegranesi fór fram á árunum 2017-2022 og voru skráðar minjar á eftirfarandi jörðum: Utanverðunesi, Hellulandi með Ásgrímsstöðum, Kárastöðum með Ferjuhamri, Hróarsdal, Egg með Rein, Ketu, Hamri, Ríp (1-3), Beingarði, Ási (1 og 2), Vatnskoti (Hegrabjargi og Svanavatni) og Garði. Árið 2008 var vettvangsskráð í Keldudal og Keflavík en sú skráning, ásamt skráningu í Eyhildarholti, kemur í uppfærðri útgáfu þessarar skýrslu í lok árs 2024. Á eftir fornleifaskráningu hverrjar jarðar fylgir samantekt en hér verður gerð grein fyrir heildarniðurstöðum skráningarinnar.


Hegranes er landfræðilega afmarkað af tveimur stórum jökulám, Austari- og Vestari-Héraðsvötnum. Í Vötnunum eins og þau eru gjarnan kölluð einu nafni er fjöldi hólma og stærri og smærri eyja sem tilheyra annaðhvort jörðum í Hegranesi eða hinum megin Vatna. Á mörgum þessara eyja og hólma eru engjar sem voru slegnar og á ystu jörðunum, næst sjó, var æðarvarp. Farvegur Vatnanna er breytilegur og hefur byggð í nesinu markast af rennsli þeirra og legu í gegnum tíðina.

Í Hegranesi er að finna fjölbreytt menningarlandslag og þar er að finna minjar allt frá elstu tíð. Má þar nefna minjar á Hegranesþingstað, skálatóft á Ásgrímsstöðum [1728-158] og kirkjugarð og kirkjutóft á Ferjuhamri [1728-255 og 256]. Vissulega er það svo, eins og víðast hvar, að minjar í og við bæjarstæði eru gjarnan horfnar en landslag í Hegranesi einkennist af klettaborgum og bergjum og víða ekki viðkomandi að brjóta land til ræktunar, sem líklega hefur orðið einhverjum minjum til bjargar. Aðstæður eru þó ólíkar og á sumum jarðanna hefur mikið land farið undir ræktun og skýrir að sumu leyti fæð minja á þeim jörðum. Í töflu 1 er yfirlit yfir fjölda skráðra minja á hverri jörð fyrir sig auk þeirra leiða sem skráðar voru en ná þær flestar yfir landamerki fleiri en einnar jarðar.

Tafla 1. Yfirlit yfir fjölda skráðra minja, fjölda þeirra minja sem hægt var að staðsetja með viðunandi nákvæmni og síðan fjölda þeirra minja sem ekki var unnt að staðsetja eða fundust ekki við skráningu.

	Fjöldi skráðra minja	Fjöldi staðsettra minja	Óstaðsettar minjar
Utanverðunes	56	53	3
Helluland	125	112	13
Kárastaðir og Ferjuhamar	102	94	8
Hróarsdalur	95	85	10
Egg og Rein	72	65	7
Keta	17	15	2
Hamar	34	28	6
Ríp (1-3)	50	37	13
Beingarður	22	21	1
Ás (1-3)	78	76	2
Vatnskot	44	40	4
Garður	36	33	3
Leiðir, fleiri en ein jörð	14	14	0
<b>Samtals</b>	<b>745</b>	<b>673</b>	<b>72</b>

Alls voru skráðar 745 minjar og þar af var hægt að staðsetja 673 eða 90% skráðra minja. Flestar minjar eru í landi Hellulands en fæstar minjar voru í landi Ketu. Mynd 1 sýnir helstu minjaflokka.



Mynd 1. Myndin sýnir fjölda þeirra minja sem skráðar voru, flokkaðar eftir hlutverki.

Stærsti flokkurinn eru óþekktar minjar, en það eru þær minjar þar sem hlutverk er ekki þekkt eða ekki hægt að áætla það út frá útliti eða gerð minjanna. Næst stærsti flokkurinn eru kennimörk, en sá flokkur inniheldur mestmegnis vörður. Töluverður fjöldi varða og/eða grjóthruga, sem ýmist gegna hlutverki varða eða eru hrundar vörður, var skráður. Margar þeirra standa við leiðir og varða veginn á milli staða en einnig voru skráðar vörður með óljósara hlutverki. Nokkrar varðanna bera sérheiti og eru þá gjarnan nefndar eftir þeim sem þær hlóðu, s.s. Ákavarða [1728-643] og Ólavarða [1728-226]. Einnig er fjöldi smárra varða sem líklega eru smalavörður [t.d 1728-212 og 213].

Stór hluti minjanna eru hefðbundnar landbúnaðarminjar, s.s. búpeningshús sem staðsett eru í eða við tún auk húsa eða mannvirkja sem staðsett eru utan túna, s.s. stekkir, kvíar, beitarhús og eina selið sem skráð var, Kárastaðasel [1728-274]. Fjöldi rétta var skráður og líklega einn nátthagi. Flokkurinn garðar inniheldur túngarða, hleðslur undan girðingum og varnargarða. Þessir varnargarðar voru annaðhvort til þess að halda úti búfénaði eða verjast landbroti Héraðsvatna en dæmi um þá síðar nefndu er að finna í landi Hróarsdals.

Bæjarstæði voru flest á svipuðum slóðum og þau eru í dag og litlar heimildir um tilfærslur bæja en þó benda rannsóknir SCASS verkefnisins til þess að bærinn á Hellulandi hafi upphaflega staðið norðan við núverandi bæjarstæði. Unnt var að staðsetja síðasta skeið torfbæja á öllum jörðum og einnig öskuhóla, m.a. út frá niðurstöðum SCASS rannsóknanna. Fjöldi vatnsbóla og brunna var skráður en víða er erfitt um vatn í Hegranesi og því oft nokkrir brunnar á hverri jörð. Tveir Gvendarbrunnar voru skráðir, annar í landi Utanverðuness [1728-32] en hinn á Ferjuhamri [1728-32].

Matjurtagarðar voru á hverjum bæ og oft nokkrir en einnig eru heimildir um blóm- og trjárækt heima við bæi. Beðasléttur eru í túni á Hegrabjargi og Svanavatni [1728-85 og 86] en beðasléttur sem heimildir eru um á Hellulandi [1728-656 og 657] eru horfnar vegna túnasléttunar.

Sóknarkirkja var á Ríp og prestsetur [1728-294 og 502]. Heimildir eru um bænhús eða kirkju á á Hellulandi [1728-60], Ferjuhamri, Ási og í Utanverðunesi og munnleg heimild er um kirkju á Ásgrímsstöðum [1728-745]. Kirkjur eða kirkjugarðar hafa hvorki fundist á Hellulandi né Ásgrímsstöðum en kirkjugarður og í honum líklega kirkjutóft er á Ferjuhamri [1728-255 og 256]. Í Ási voru tóftir kirkju og kirkjugarðs [1728- 575 og 576] langt fram eftir 20. öld en búið að slétta úr þeim. Teknir hafa verið könnunarskurðir í kirkjugarð á Hegranesþingstað og í Utanverðunesi [1728-2 og 3] og búið er að fullgrafa kirkjugarða bæði í Keldudal og í Keflavík. Kirkjugarður í Utanverðunesi er frá 10.-11. öld en hinir garðarnir frá því um 1000.

Hróarsleiði eða Hróarsdys [1728-335] er í landi Hróarsdals og þar mun hafa verið grafin upp hauskúpa á 19. öld. Uppblásin kuml fundust á 19. öld í nágrenni Kárastaðasels [1728-265] og annað við ferjustæðið [1728-260] á Ferjuhamri. Nokkrar aflangar þústir og grjóthrúgur voru skráðar sem talið er mögulegt að séu kuml [sjá t.d. grjóthrúgur í landi Kárastaða, 1728-248-250]. Oft er þó erfitt að meta hvort um kuml sé að ræða út frá útliti og því leikur gjarnan vafi á hlutverki þessara minja.

Útræði var bæði úr Garðskróki í Garðslandi og frá Naustavík í Utanverðuneslandi þar sem m.a. var föst búseta um tíma. Í Naustavík gætir landbrots sem þegar er farið að hafa áhrif á minjar en í Garðskróki virðist fjaran frekar vera að færast út og þar eru minjar ekki í hættu eins og er.

Nafnkunn vöð á Héraðsvötnum eru m.a. Hellulandsvöð [1728-124 og 125] og Kárastaðavöð [1728-235] að vestan og Selavað [1728-613] að austan. Einnig voru ferjur yfir Vötnin og þar var fjöldi ferjustaða en einu minjarnar þeim tengdum er ferjuskýli [1728-30] frá lokum 19. aldar og byrjun þeirra 20. sem enn stendur við Vesturósinn. Ferjað var yfir Vesturósinn í landi Utanverðuness og var síðasta ferjan þar dragferja [1728-33], þar var ekki brúað fyrr en 1926. Ferjað var yfir Austurósinn í landi Garðs [1728-714] en brú kom að austan árið 1895 og var hún endurnýjuð árið 1918 [1728-144 og 298]. Einnig var ferjað frá Kárastöðum [1728-233] og Ási [1728-612] og lá gamli sýsluvegurinn [1728-730] á milli þessara tveggja

ferjustaða. Ferjað var frá Ferjuhamri [1728-262] eins og nafn jarðarinnar gefur til kynna og um tíma var ferjað frá Hróarsdal [1728-378] og af Hrossatanga í landi Eggjar [1728-424].

Annað sem einkennir minjalandslag í Hegranesi og tengist nálægð við Vötnin er fjöldi netalagna, en silungsveiði var bæði í Héraðsvötnum og í einhverjum þeirra mörgu vatna sem eru í Hegranesi. Í Hróarsdal eru gamlir varnargarðar sem hlaðnir hafa verið til að verja bakkana landbroti en voru í seinni tíð notaðir sem netalagnir og bera þeir allir nöfn, eins og Trúarlögn [1728-366] og Merkjalögn [1728-370] (mynd 192). Þar að auki voru hlunnindi af selaveiði í Vötnunum og örnefni sem bera vitni um það, sbr. Selavað. Flestar jarðir áttu engi meðfram Vötnunum eða á þeim fjölmörgu hólum og eyjum sem einkenna landslagið umhverfis Hegranes. Víða er að finna ummerki um áveitumannvirki; skurði, garða og stíflur, og heimild er um að á Hellulandi hafi vatni verið veitt inn í áveitukerfið með vindmyllu [1728-91]. Umfangsmiklar áveituminjar má m.a. finna á Hellulandi, í Hróarsdal og á Egg. Heyjað var á engjum, bæði meðfram Héraðsvatnabökkum og á eyjunum, s.s. í Rípureyju, þar sem því var viðkomið og voru skráðir nokkrir heygarðar [sjá t.d. Ytri- og Syðri-Heygarð 1728-537 og 538].

Víða voru mýrar og flóar þar sem stunginn var mór til eldiviðar. Fjöldi mógrafa og mótófta [sjá t.d. Ásgrímsstaðamógrafir 1728-166-173] voru skráð en þessar minjar eru víða horfnar þar sem mýrar hafa verið ræstar fram og þar gerð tún. Jafnframt voru skráð torftökusvæði og þurrkvellir bæði fyrir torf og mó [sjá t.d. 1728-483].

Huldufólksbústaðir eru fjölmargir í Hegranesi og margar sagnir eru til um samskipti íbúa og huldufólks. Flestir huldufólksbústaðir voru skráðir í landi Hellulands, og er þar m.a. að finna huldufólkskirkju [1728-140]. Gálgaklettur [1728-673] og Ísleifshellir [1728-672] eru sögustaðir í landi Vatnskots.

Dr. Kathryn Catlin skoðaði fornbýli eða ummerki um forna búsetu í Hegranesi í doktorsverkefni sínu.<sup>2</sup> Kathryn vinnur nú ásamt samstarfsfélögum (þ.á.m. Byggðasafni Skagfirðinga) að frekari rannsókn á nokkrum þessara staða og sumurin 2022 og 2023 var grafið á Kotinu sem fyrrum tilheyrði Hellulandi. Rannsókninni er ekki lokið en hún hefur m.a. leitt í ljós skálatóft frá elstu tíð ásamt öskuhaugi og mögulega jarðhýsi og benda niðurstöður til þess að þarna hafi verið föst búseta um skamman tíma.

---

<sup>2</sup> Hér má nálgast doktorsverkefnið:

[https://www.academia.edu/40272644/Sustainability\\_and\\_the\\_Domestication\\_of\\_Inequality\\_Archaeology\\_of\\_Long\\_Term\\_Human\\_Environment\\_Interactions\\_in\\_Hegranes\\_North\\_Iceland\\_PhD\\_Dissertation\\_2019\\_](https://www.academia.edu/40272644/Sustainability_and_the_Domestication_of_Inequality_Archaeology_of_Long_Term_Human_Environment_Interactions_in_Hegranes_North_Iceland_PhD_Dissertation_2019_)

Í Hegrnesi er að finna nokkur vel varðveitt fornbylí og önnur sem ekki eru jafn vel varðveitt eða horfin. Í töflu 2 er yfirlit yfir þau býli sem fyrrum voru sjálfstæðar jarðir en tilheyra nú annarri jörð, yfirlit um fornbylí eða aðra forna búsetu og mögulegan aldur þessara býla. Þar sem nöfn eru skáletruð eru minjarnar horfnar.

Tafla 2. Yfirlit um fyrrum sjálfstæðar jarðir í Hegrnesi sem nú tilheyra öðrum jörðum, fornbylí og aðra forna búsetu.

Heimajörð	Fyrrum sjálfstæðar jarðir	Fornbylí eða forn búseta	Aldur fornbylí/fornrar búsetu*
Utanverðunes		Naustavík?	
Helluland	Ásgrímsstaðir	Kotið	Fyrir 950
		Grænagerði	Fyrir 1000
		Háagerði?	
Kárastaðir	Ferjuhamar	Hvammkot	
		Káragerði?	
		Kárastaðasel	
		Brúnklukkustaðir/Lýsukot	
Egg	Rein	Minni-Egg	Fyrir 1000
Hamar		Hendilkot	Fyrir 1104
Ás		Túnfótur	Fyrir 950
		Næfurstaðir	Fyrir 950
		Minni-Ás	Fyrir 950
		Hegrastaðir	Fyrir 1104
		Gunnlaugsgerði?	
		Hegranesþingstaður/Litli-Garður	Fyrir 950-1300

\*hér er um að ræða frumniðurstöður úr FLASH rannsóknarverkefninu frá 2018 (Kathryn Catlin o.fl., 2018) og gera má ráð fyrir að þessi ártöl geti breyst þegar rannsóknarniðurstöður SCASS verkefnisins verða gefnar út.

Flest býlanna eru í landi Áss. Káragerði í landi Kárastaða og Hegrastaðir og Gunnlaugsgerði eru horfin en einhverjar minjar eru á öllum hinum stöðunum og sums staðar umfangsmiklar. Það á t.a.m. við um Kárastaðasel, en þar má finna fjölda tófta og fornan túngarð en engar ritaðar heimildir eru um búsetu þar til forna. Óvíst er hvort búseta var á Gunnlaugsgerði og Háagerði og hafa þessir staðir ekki verið rannsakaðir en heitið bendir til þess að svo geti hafa verið. Búið var í Naustavík í byrjun 20. aldar en óvíst er hvort þar hafi verið einhver búseta áður, en þaðan var róíð og bera sjóbúðir og fleiri tóftir þess vitni.

Á vettvangi er hættumat minja metið og skráð ef minjum er talin stafa hætta af utanaðkomandi áhrifum. Hættumatið er skráð eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar

Íslands<sup>3</sup> og er hættumatinu skipt í þrjá flokka. Alls voru 11 minjar metnar í mikilli hættu, 45 minjar voru metnar í hættu en aðrar minjar eru ekki taldar í hættu en þess ber að geta að hættumat er miðað við ástand á skráningardegi og getur breyst með litlum fyrirvara. Í Hegranesi var algengasta orsök hættu landbrot, annaðhvort af völdum sjávar eða Héraðsvatna en önnur hættuorsök var rask vegna ágangs búfjár og trjárækt. Yfirlit um hættumat og hættuorsök er að finna í hnitaskrá aftast í skýrslunni. Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

## Niðurlag

Í Hegranesi er fjölbreytt minjalandslag sem vitnar um búsetu allt frá landnámi fram til dagsins í dag en búið er á öllum jörðum að Hróarsdal undanskildum. Undanfarin ár hefur íbúum í Hegranesi fjölgað en töluvert hefur verið byggt af húsnæði þar, einkum í landi Hellulands. Minjar í Hegranesi vitna um hefðbundinn landbúnað, sjósókn og nýtingu þeirra hlunninda sem fylgja nálægð við Héraðsvötnin og má þar nefna silungs- og selaveiði og æðarvarp. Víða eru ummerki um forna búsetu og þar af vel varðveittar minjar fornþýla. Tveir fornir kirkjugarðar sjást enn á yfirborði og tveir hafa verið grafnir upp. Umfangsmiklar fornleifarannsóknir hafa farið fram í Hegranesi á undanförunum árum og má búast við útgáfu á rannsóknarniðurstöðum SCASS rannsóknarinnar árið 2024. Í Hegranesi er fjöldi áhugaverðra minjastaða og minjaheilda en Hegranesþingstaður er án efa merkasti minjastaðurinn í Hegranesi þar sem samtvinnast minjar þingstaðar og forns býlis eða býla. Þar er að finna bæði túngarð og hringlaga kirkjugarð frá 11.-12. öld og fjölda búðatóta. Minjar á þingstaðnum eru friðlýstar og hafa aðeins verið rannsakaðar að takmörkuðu leyti. Niðurstöður þeirra rannsókna sem þarna hafa farið fram eru afar spennandi en þar er fjölmörgum spurningum enn ósvarað bæði um búsetu á staðnum og þinghaldið og þarna leynast kjörin rannsóknarefni.

---

<sup>3</sup> [https://www.minjastofnun.is/static/files/skjol-i-grein/skraningarstadlar\\_2013\\_fornleifar.pdf](https://www.minjastofnun.is/static/files/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf)

## Utanverðunes

### Söguágrip

Utanverðuness er fyrst getið í rekaskrá Hólastaðar sem átti „Með Utanverðunesi öll fjörugögn vestur að Jökulsárósi.“<sup>4</sup> Árið 1713 hafði jörðin verið í eyði í um 6 ár<sup>5</sup> en 1703 bjó þar Þorbjörg Jónsdóttir ásamt tveimur börnum sínum.<sup>6</sup> Bæjarstæðið í Utanverðunesi hefur í gegnum aldirnar verið á svipuðum stað og nú og þykkustu og elstu mannvistarlögin fundust í kringum núverandi íbúðarhús (Douglas Bolender o.fl. 2016, bls. 30).

Jarðardýrleiki var að fornu 40 hundruð<sup>7</sup> en með nýju jarðamati 1861 var hann lækkaður í 25,6 hundruð.<sup>8</sup>

Í *Jarðabók* 1713 segir að heimræði sé „en brimsöm lending og verður að leggja inn á milli tveggja klappa.“ Stundum voru til forna 2-3 inntökuskip og guldu landeiganda lóðarfisk, meðalfisk af skipi.<sup>9</sup> Árið 1834 keypti Benedikt Vigfússon prestur á Hólum jörðina og fjórum árum síðar gerði hann hana að kristfjárlönd. Þann 10. mars 2005 samþykkti Alþingi að heimila stjórn Utanverðuneslegats að selja ábúandanum jörðina og árið 2006 keypti núverandi eigandi Heiðbjört S. Pálsdóttir hana.<sup>10</sup>

Naustavík er norðarlega á Hegranesi að vestanverðu. Þaðan var útræði og búið um tíma. Í *Jarðabók* frá 1713 segir um Naustavík: „Búðarstaða er hér sem Naustavík heitir, og lágu þar við þessir skipsmenn og lögðu sjálfir til búðarvið, og guldu ekki framan en áðurgreindan lóðarfisk hvorki fyrir það þó þeir styngi upp búðina eða rifu hrís til eldiviðar, og var þetta útræði vor og haust en ekki endranær. Ekki muna menn hvað lengi þetta varaði.“<sup>11</sup> Í örnefnaskrá segir að þarna hafi verið verstöð Hegranesbúa og hafi þar verið 7 verbúðir og jafnmargir bátar „í tíð elztu manna“.<sup>12</sup> Í manntali frá 1920 eru tveir skráðir til heimilis í Naustavík, þau Jósteyn Jónasson húsmáður og Guðmunda Sigurrós Sigurðardóttir húskona,<sup>13</sup> en þau bjuggu þar frá 1915-1937 en þá fór býlið í eyði.<sup>14</sup>

---

<sup>4</sup> Íslenskt fornbréfasafn III, 279.

<sup>5</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 61-62.

<sup>6</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðaður 17.12.16.

<sup>7</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 61.

<sup>8</sup> Ný jarðabók 1861, 99.

<sup>9</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 62.

<sup>10</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 173.

<sup>11</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 62.

<sup>12</sup> Örnefnaskrá Naustavíkur, 1.

<sup>13</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðaður 17.12.16.

<sup>14</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 185.



## Fornleifaskráning



Mynd 2. Yfirlitsmynd af minjum á bæjarstæði Utanverðunes.



Mynd 3. Mynda tekin í Utanverðunesi. Efst til vinstri ser í nyrstu hustin sem tuteyrou torfbænum en þau stóðu fram yfir miðja öldina. Á myndinni eru frá vinstri: Sigurlaug Gunnarsdóttir, óþekktur karlmaður, Guðrún Pálsdóttir Michelsen, Jörgen Frank Michelsen, óþekkt barn, Sigurgeir Daníelsson og Ingvarð Sörensen apótekari. Mynd: Héraðsskjalasafn Skagfirðinga IS HSK N00016-A-B-Mic237 / birt með leyfi.

### Utanverðunes-1728-1

**Sérheiti:** Utanverðunes

**Hlutverk:** Híbyli

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Gamli bærin var austan við núverandi íbúðarhús sem byggt var 1928

(*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 172) og að hluta til undir yngri viðbyggingu.

**Lýsing**

Búið er að rífa gamla bæinn en hann var hnitsettur af loftmynd.

Bærinn og fjósið stóðu að hluta til þar sem nú er viðbygging við íbúðarhúsið. Þarna er nú garður og hlað. Á mynd 1 má sjá þann hluta bæjarins sem stóð uppi fram á 6. áratug síðustu aldar.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Íbúðarhúsið steipt 1928, þá byggt áfast vestan undir gamla bænum.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 172).

### Utanverðunes-1728-2

**Hlutverk:** Kirkjugarður

**Tegund:** Jarðlægar minjar/mannvistar-leifar

### Staðhættir

Jarðlægar minjar kirkjugarðs eru sunnan við gamla bæjarstæðið, á mörkum suðvesturhorns garðsins og túns, tæplega 10m suðvestur af núverandi íbúðarhúsi.

### Lýsing


Kirkjugarðurinn sést ekki á yfirborði en hann fannst við rannsókn með

jarðsjármælingartækjum árið 2017. Garðurinn er um 20m í þvermál og fyrir miðju hans er líklega kirkja um 6x4m að

stærð (Bolender o.fl. 2017, bls. 33). Sumarið 2018 var tekinn könnunarskurður við suðausturhorn meintrar kirkju með það að markmiði að staðfesta að um kirkjugarð væri að ræða og um leið aldursgreina hann. Í norðvesturhorni skurðar var komið niður á hleðslugrjót sem talið er vera úr meintri kirkjubyggingu. Í skurðinum var einnig komið niður á fótenda grafar með líkkistu og tilheyrandi beinum. Eini gripurinn sem fannst við rannsóknina var líkkistunagli. Við fótenda grafar voru steinar sem virðast hafa verði til að merkja fótenda grafarinnar og hafa slíkar merkingar fundist í kirkjugörðum frá sama tíma. Gröfin var undir Heklugjósku frá 1104 (Guðný Zoëga 2018, bls. 2-9).

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Kirkja eða bænhús var í Utanverðunesi í kaþólskum sið þjónað frá Sjávarborg. Í máldaga Sjávarborgarkirkju frá 1394 er þess getið að prestur taki hálfa mörk af Utanverðunesi fyrir þjónustu þar. Talið er að kirkjan hafi staðið á tónbala sem nú er sunnan við íbúðarhús og skurðgarð. Hennar sjást þó engin merki lengur. Eldra fólk telur sig minnast þúfna þar sem minntu á leiði.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 174).



Mynd 4. Teikning Guðnýjar Zoëga af könnunarskurði sem tekinn var í kirkjugarð á Utanverðunesi 2018. Á myndinni sjást útlínur grafar, mögulega leifar kirkju og steinar við fótenda grafar. Birt með leyfi höfundar.

### **Utanverðunes-1728-3**

**Hlutverk:** Kirkja

**Tegund:** Mannvistarleifar, jarðlægar minjar

#### **Staðhættir**

Jarðlægar minjar kirkjugarðs eru sunnan við gamla bæjarstæðið, á mörkum suðvesturhorns garðsins og túns, tæplega 10m suðvestur af núverandi íbúðarhúsi. Í garðinum miðjum eru leifar byggingar, líklega kirkju.

#### **Lýsing**

Kirkjugarður og kirkja sjást ekki á yfirborði en fundust við rannsókn með jarðsjármælingartækjum árið 2017. Garðurinn er um 20m í þvermál og meint kirkja um 6x4m að stærð (Bolender o.fl. 2017, bls. 33). Sumarið 2018 var tekinn könnunarskurður við suðausturhorn meintrar kirkju, með það að markmiði að staðfesta að um kirkjugarð væri að ræða og um leið aldursgreina hann. Í skurðinum fannst gröf undir Heklugjósku frá 1104 en ofar fannst hleðslugrjót sem talið er vera úr meintri kirkjubyggingu. Staðsetning grjótsins, rétt undir yfirborði, bendir til þess að hleðslur gætu hafa skemmst þegar hóllinn sem þarna var, var sléttaður í tún (Guðný Zoëga 2018, bls. 8).

#### **Aðrar upplýsingar**

„Utanverðunes í Hegranesi er í máldaga frá 1394 um Sjávarborgarkirkju. Segir að Borgarprestur taki hálfu mörk í gjald fyrir þjónustu þar, sennilega vegna bænhúss.“ (Sigríður Sigurðardóttir, 2018, 32).

### **Utanverðunes-1728-4**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 má sjá að heimreiðin lá til VNV frá gamla bænum.

#### **Lýsing**

Heimreiðin er horfin þar sem núverandi heimreið er á sama stað. Núverandi vegur að bænum liggur til norðurs frá bænum og að veginum yfir Hegranesið en áður lá hann til vesturs.

#### **Aðrar upplýsingar**

Heimreiðin er merkt á túnakorti frá 1918.

### **Utanverðunes-1728-5**

**Sérheiti:** Lambhús

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Lambhús var um 100m VNV af íbúðarhúsinu í Utanverðunesi, þar sem núverandi heimreið beygir til austurs í átt til bæjar.

#### **Lýsing**

Búið er að rífa lambhúsin og þau sjást ekki í dag en sjást greinilega á loftmynd frá 1974 (heimild: LMI-Kort\_D18-D-6003). Húsin snéru



norður-suður. Þau voru í notkun fram á 6. áratug síðust aldar (munnl. heimild: Heiðbjört Pálsdóttir, 20.01.2023). Húsin voru staðsett og teiknuð með því að leggja loftmynd frá 1974 yfir nýlega loftmynd af Utanverðunesi. Gera má ráð fyrir allt að 5-10m skekkju.

#### **Aðrar upplýsingar**

Lambhúsin eru merkt á túnakorti frá 1918.

### **Utanverðunes-1728-6**

**Sérheiti:** Hólhús

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Fjánhús voru í túnjaðrinum, rétt rúmlega 200m NNV af íbúðarhúsinu í Utanverðunesi, beint austan við núverandi heimreið.

#### **Lýsing**

Fjánhúsin voru kölluð Hólhús. Búið er að rífa húsin og þau sjást ekki í dag en sjást greinilega á loftmynd frá 1974 (LMI-Kort\_D18-D-6003). Þau voru í notkun fram á 6. áratug síðust aldar (munnl. heimild: Heiðbjört Pálsdóttir, 20.01.2023). Húsin voru staðsett og teiknuð með því að leggja loftmynd frá 1974 yfir nýlega loftmynd af Utanverðunesi. Gera má ráð fyrir allt að 5-10m skekkju.

#### **Aðrar upplýsingar**

Hólhús eru merkt á túnakorti frá 1918.

### **Utanverðunes-1728-7**

**Sérheiti:** Miðhús

**Hlutverk:** Fjánhús og hesthús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Sambyggð fjánhús og hesthús voru um 180m norðvestur af íbúðarhúsinu í Utanverðunesi, rétt vestan við núverandi heimreið.

#### **Lýsing**

Búið er að rífa húsin sem nefndust Miðhús og þau sjást ekki í dag en sjást greinilega á loftmynd frá 1974 (LMI-Kort\_D18-D-6003). Þau voru í notkun fram á 6. áratug síðust aldar (munnl. heimild: Heiðbjört Pálsdóttir, 20.01.2023). Húsin voru staðsett og teiknuð með því að leggja loftmynd frá 1974 yfir nýlega loftmynd af Utanverðunesi. Gera má ráð fyrir allt að 5-10m skekkju.

#### **Aðrar upplýsingar**

Miðhús eru merkt á túnakorti frá 1918.

### **Utanverðunes-1728-8**

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Brunnur var í varpanum suðvestur frá gamla bænum. Nákvæmt staðsetning er ekki þekkt en heimildamaður mundi eftir brunninum og taldi föður sinn hafa fyllt upp í hann. Hún taldi líklegt að brunnurinn hefði lent innan garðsins sem er umhverfis húsið en hann hefur verið töluvert stækkaður frá því sem var (munnl. heimild: Heiðbjört Pálsdóttir, 20.01.2023).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Brunnur var í varpanum suðvestur frá gamla bænum. Hann var síðar fylltur upp.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 174).

## Utanverðunes-1728-9

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Garðlag

### Staðhættir

Norðaustan, austan og suðaustan við Utanverðunes voru, og eru enn að hluta, mýrarsund. Beint austur af bænum hefur sundið verið þurrkað upp og þar er nú tún en á loftmynd frá 1974 má sjá garðlög, líklega áveitugarða sem getið er í heimildum. Nyrsti garðurinn er sá eini sem enn sést að hluta en hann er í norðausturhorni túns, 230m norðaustur af íbúðarhúsinu í Utanverðunesi.



*Mynd 6. Neðst á mynd er bærinn í Utanverðunesi en fyrir miðri mynd er mýrarsund og í því áveitugarðar [1728-9-12] sem nú eru horfnir. (LMI-Kort\_D18-D6003).*

### Lýsing

Á loftmynd má sjá að garðurinn hefur upphaflega verið um 65m á lengd en hluti hans hefur skemmst við skurðgröft. Hann er mikið hruninn og mest um 3m á breidd. Garðurinn liggur frá vestri til austurs.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Mógrafir voru víða í mýrarsundinu austan við bæinn. Þar voru einnig áveitugarðar, notaðir allt fram yfir miðja 20. öld.“ (bls. 174).

## Utanverðunes-1728-10

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Norðaustan, austan og suðaustan við Utanverðunes voru, og eru enn að hluta, mýrarsund. Beint austur af bænum hefur sundið verið þurrkað upp og þar er nú tún en á loftmynd frá 1974 má sjá garðlög, líklega áveitugarða sem getið er í heimildum. Garðlag var tæpa 170m norðaustur af bænum.

### Lýsing

Garðurinn sem nú er horfinn var teiknaður og staðsettur af loftmynd frá 1974. Hann var um 75m langur og lá frá vestri til austurs en hlykkur var á honum þannig að hann var ekki alveg beinn.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Mógrafir voru víða í mýrarsundinu austan við bæinn. Þar voru einnig áveitugarðar, notaðir allt fram yfir miðja 20. öld.“ (bls. 174).

### **Utanverðunes-1728-11**

**Hlutverk:** Áveita?

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Norðaustan, austan og suðaustan við Utanverðunes voru, og eru enn að hluta, mýrarsund. Beint austur af bænum hefur sundið verið þurrkað upp og þar er nú tún en á loftmynd frá 1974 má sjá garðlög, líklega áveitugarða sem getið er í heimildum. Vinkillaga garðlag var um 110-120m frá bænum.

#### **Lýsing**

Garðurinn sem nú er horfinn var teiknaður og staðsettur af loftmynd frá 1974. Hann var alls 100m langur og lá í vinkel, fyrst frá vestri til austurs og beygði síðan til suðurs.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Mógrafir voru víða í mýrarsundinu austan við bæinn. Þar voru einnig áveitugarðar, notaðir allt fram yfir miðja 20. öld.“ (bls. 174).

### **Utanverðunes-1728-12**

**Hlutverk:** Áveita?

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Norðaustan, austan og suðaustan við Utanverðunes voru, og eru enn að hluta, mýrarsund. Beint austur af bænum hefur sundið verið þurrkað upp og þar er nú tún en á loftmynd frá 1974 má sjá garðlög, líklega áveitugarða sem getið er í heimildum. Syðsti garðurinn var um 100m austur af bænum.

#### **Lýsing**

Garðurinn sem nú er horfinn var teiknaður og staðsettur af loftmynd frá 1974. Hann var um 75m langur og lá nokkurn veginn vestur-austur þar sem nú er suðurendi túnsins.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Mógrafir voru víða í mýrarsundinu austan við bæinn. Þar voru einnig áveitugarðar, notaðir allt fram yfir miðja 20. öld.“ (bls. 174).

### **Utanverðunes-1728-13**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Austan við bæjarstæðið í Utanverðunesi er mýrarsund og austan þess klapparhryggur. Sunnan undir honum er matjurtagarður, um 260m austur af bænum.

#### **Lýsing**

Garðurinn er í halla mót suðvestri. Hann er 12x12m að utanmáli og garðlagið utan með honum um 30cm hátt og mest meter á breidd.

#### **Aðrar upplýsingar**

Ekki eru merktir matjurtagarðar á túnakorti frá 1918 en þar segir að matjurtagarðar séu 200 flatarstíkur.

### **Utanverðunes-1728-14**

**Hlutverk:** Þvottastaður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Um 300m NNA frá íbúðarhúsinu á Utanverðunesi var þvottastaður, við læk sem þar rennur frá mýrarsundinu austan við bæinn og í átt til sjávar. Þarna voru hlóðir til að hita vatnið sem þvegið var úr en þær hafa skemmst við skurðgröft (munnl. heimild: Heiðbjört Pálsdóttir, 20.01.2023).

### **Utanverðunes-1728-15**

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Norðaustan, austan og suðaustan við Utanverðunes voru, og eru enn að hluta, mýrarsund. Beint austur af bænum hefur sundið verið þurrkað upp og þar er nú tún.

#### **Lýsing**

Þarna voru áður áveitugarðar sem nú eru horfnir vegna túnagerðar en sjást ágætlega á loftmynd frá 1974. Mógrafir eru aftur á móti ekki greinanlegar á loftmynd og fundust ekki við skráningu á vettvangi.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V*: bindi segir: „Mógrafir voru víða í mýrarsundinu austan við bæinn. Þar voru einnig áveitugarðar, notaðir allt fram yfir miðja 20. öld.“ (bls. 174). Í *Jarðabók 1713* segir: „Torfrista og stunga og móscurður hér.“ (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, bls. 62).



## **Utanverðunes 1728-16**

**Hlutverk:** Framræsla

**Tegund:** Niðurgröftur, heimild

### **Staðhættir**

Um 80m suður af íbúðarhúsinu í Utanverðunesi er skurður á milli tveggja túna.

### **Lýsing**

Þetta er líklega sami skurður og prestur getur um í sóknalýsingu Rípursóknar árið 1840. Þar segir frá því er menn hugðust ræsa Nesvatnið fram og gera þar tún. Þessar fyrirætlanir gengu ekki upp og því var horfið frá þeim. Skurður sést á loftmynd frá 1956 en seinna hefur hann verið stækkaður með skurðgröfu og fleiri skurðum bætt við. Upprunalegi handgrafni skurðurinn er því horfinn.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* segir: „Stöðuvötn eru nokkur hér, nl. Utanverðunessvatn. Það liggur suður frá þessum bæ, útvestur á nesinu, það eina á þeim helmingi vestan bergin. Það er heillangt, en miklu mjórra og allgrunnt, einkum að sunnanverðu. Kom það tveimur efnamönnum, sem nýlega voru í Nesi, til, eftir kaupmanns nokkurs, er þar fór um, fortölum, að grafa skurð austur fyrir sunnan völlinn og út með að austan og leiða vatnið þar burt, því þar fyrir norðan hallar öllu til sjóar, og meintu, að slægjuland gæti orðið úr þeim þerraða vatnsbotni. Mikið fjaraði vatnið við þetta niður, en óvinnanlegur klapparþröskuldur mætti við skurðgröftinn, svo hætt var verkinu. Varð að þessu stór hagur samt í tilliti túnsins, hvert vatnságangurinn við vorleysingar og sunnanveður stórum skemmdi, en nú er því óhætt.“ (*Sýslu- og sóknalýsingar* II, bls. 113).



Mynd 7. Garðlag 1728-17. Horft er til vesturs og sést Nesvatnið til vinstri við garðinn.

### **Utanverðunes-1728-17**

**Hlutverk:** Náttthagi, óþekkt

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Suður af bænum í Utanverðunesi er langur melhryggur sem liggur meðfram Nesvatni að austan. Við suðurenda hryggjarins er garðlag sem afmarkar hólfi á litlum tanga við vatnið.


#### **Lýsing**

Garðlagið afmarkar svæði, tanga, sem er um 90x110m að stærð. Garðurinn er 90m langur frá vestri til austurs og er þar á þurru, sunnan undir hryggnum. Hann er rétt rúmlega 60m frá norðri til suðurs og liggur þar yfir mýri. Sá hluti garðsins er ógreinilegri og nokkuð sokkinn í mýrina. Garðurinn virðist gamall og er að hluta kominn í mjög stórar þúfur. Hann er grasi, mosa og lyngi gróinn. Garðurinn er 30-70cm hár og er á köflum mjög hruninn og er þar allt að 3m á breidd. Torfið í vegggleðslur hefur verið stungið á staðnum og má sjá þrjá niðurgrefti þar sem torf hefur verið tekið. Hlutverk er óþekkt en höfundur *Byggðasögu Skagafjarðar* getur sér þess til að þarna hafi verið náttthagi og er það ekki ólíklegt miðað við staðsetningu og gerð.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Við austanvert Nesvatn virðist hafa verið eins konar náttthagi á tanga við vatnið. Þar sem melarnir enda austan vatnsins eru glöggar minjar um fornan garð sem liggur frá vatninu sunnan í melunum rúmlega 100 m vegalengd og virðist þar

sem garðurinn hafi þverbeygt ( $65^{\circ}44'440/19^{\circ}30'738$ ) til suðurs yfir smábýfða hrísmýri suður í austasta vatnsvikið.“ (bls. 175).



Mynd 8. Garðlag, hugsanlega nátthagi [1728-17] við Nesvatn og norðan hans vörður eða grjóthrúgur [1728-18 og 19].

### Utanverðunes-1728-18

**Hlutverk:** Óþekkt,  
kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

#### Staðhættir

Suður af bænum í Utanverðunesi er langur melhryggur sem liggur meðfram Nesvatni að austan. Syðst á hryggnum er lág grjóthgrúga sem virðist vera manngerð. Hún er um 35m norður af garðlagi [1728-17].



Mynd 9. Grjóthrúga [1728-18] syðst á melhrygg. Í baksýn sést í tangann sem afmarkaður er af garðlagi [1728-17].

### Lýsing

Ekki virðist vera um eiginlega hleðslu að ræða, heldur frekar grjót sem er hrúgað saman við stærri stein. Hlutverk er óljóst en hugsanlega hefur þetta verið kennimark, lítið varða, t.d. hlaðin af smala sem sat yfir fé. Önnur nokkuð umfangsmeiri hrúga [1728-19] er tæpum 20m norðaustar.

### Utanverðunes-1728-19

**Hlutverk:** Óþekkt, kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga, steinalögn

### Staðhættir

Suður af bænum í Utanverðunesi er langur melhryggur sem liggur meðfram Nesvatni að austan. Syðst á hryggnum er lág grjóthgrúga eða steinalögn sem virðist vera manngerð. Hún er um 50m norður af garðlagi [1728-17] og 20m norðaustur af grjóthrúgu [1728-18].



*Mynd 10. Grjóthrúga [1728-19] sem er syðst á melhrygg austan Nesvatns. Horft er eftir hryggnum til norðurs.*

### Lýsing

Hrúgan er efst á lítt grónum mel en gras, lyng og mosi vex utan með henni. Hér eru nokkrir steinar, þokkalega stórir, saman í hrúgu, en til hliðar eru nokkrir steinar sem gæti hafa verið raðað upp. Hlutverk er óljóst en hugsanlega hefur þetta verið kennimark, t.d. gert af smala sem sat yfir fé.

### Utanverðunes-1728-20

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

### Staðhættir

Á melhrygg, rétt vestan við merkin milli Keflavíkur og Utanverðunes um 1,3km suðaustur af bæ er smá grjóthrúga.



### Lýsing

Parna hefur nokkrum steinum verið hrúgað saman og virðist það vera mannaverk. Hlutverk er óljóst en gata er austan við hrúguna og hrúgan hugsanlega leifar smá vörðu. Óvíst er þó hvort hún hafi nokkurn tímann verið hlaðin. Hæð er 20cm.

### Utanverðunes-1728-21

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### Staðhættir

Á klettaborg um 160m vestur af suðurenda Nesvatns er varða.

### Lýsing

Varðan er heilleg og þokkalega hlaðin. Hún er um metri á hæð. Götur liggja bæði austan og vestan við vörðuna og líklegast hefur hún verið kennimark á leiðinni milli Utanverðunes og Hellulands.



*Mynd 12. Varða [1728-21]. Horft er til suðausturs.*

### Utanverðunes-1728-22

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### Staðhættir

Á mosa og lyngi gróinni klettaborg um 110m vestur af suðurenda Nesvatns er varða.

### Lýsing

Varðan er heilleg og þokkalega hlaðin. Hún er 90cm á hæð. Neðst í vörðunni eru nokkrir stórir steinar. Götur liggja austan við vörðuna og líklegast hefur hún verið kennimark á leiðinni milli Utanverðunes og Hellulands.



*Mynd 13. Varða [1728-22]. Horft er til norðausturs og er Nesvatn í baksýn.*



Mynd 14. Forvaðaklettur er Huldufólksbústaður. Horft er til suðurs.

### **Utanverðunes-1728-23**

**Sérheiti:** Forvaðaklettur

**Hlutverk:** Huldufólksbústaður

**Tegund:** Heimild/klettur

### **Staðhættir og lýsing**

Niður við Héraðsvötn, um 230m norður af merkjum við Helluland er Forvaðaklettur. Sú sögn fylgir klettinum að hann sé huldufólksbústaður og er hann skráður hér sem slíkur. Engin mannvirki fundust á eða umhverfis klettinn.

### **Aðrar upplýsingar**

Í Örnefnaskrá segir um Forvaðaklett: „Nokkru sunnar fast við Vötnin er Forvaðaklettur. Það er þverhnipt bjarg og tilkomumikið. Það kvað vera almæli, að huldufólk búi í klettinum, og hafa ýmsir séð þar ljós loga glatt, en ekki er getið um, hvers konar ljós það séu.“ (Utanverðunes-Örnefnaskrá, bls. 1). Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Niður við Vötn er lítið flatlendisnes sem heitir Litlanes. Sunnan þess er Forvaðaklettur og falla Vötnin upp að honum. Um hann eru huldufólkssagnir.“ (bls. 176).



Mynd 15. Tóftir [1728-24 og 25].

### Utanverðunes-1728-24

**Hlutverk:** Rétt, stekkur

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir

Niður við Héraðsvötn, um 415m norður af merkjum Utanverðuness og Hellulands eru tvær tóftir með innan við tíu metra millibili. Tóftirnar eru í svonefndum Króarhvammi sem norður og upp af Litlanesi.

### Lýsing

Vestari tóftin er hlaðin upp við hvambrekkuna sem gegnir hlutverki norðausturveggjar. Hún snýr norðvestur-suðaustur og er 2,5x7m að utanmáli. Veggir eru algrónir grasi, 30-40cm háir og tæpur metri á breidd. Samkvæmt heimildum var stekkjiað í hvamminum og er þá hugsanlegt að ærnar hafi verið hafðar í annarri krónni (tóftinni) en lömbin í hinni þar sem ekki er um að ræða hefðbundnar tvískiptar stekkjartóftir.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Niður við Vötn er lítið flatlendisnes sem heitir Litlanes. [...] Hvammurinn upp af nesinu heitir Króarhvammur og dregur nafn af tveimur 7 m löngum réttum sem eru þar undir barði með fárra metra millibili (65°44'193/19°32'298). Var stekkjiað þar á seinni árum fráfærna í Utanverðunesi.“ (bls. 176).



Mynd 16. Tóft [1728-25]. Horft er til suðvesturs.

### **Utanverðunes-1728-25**

**Hlutverk:** Rétt, stekkur

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Niður við Héraðsvötn, um 415m norður af merkjum Utanverðuness og Hellulands eru tvær tóftir með innan við tíu metra millibili. Tóftirnar eru í svonefndum Króarhvammi sem norður og upp af Litlanesi.

#### **Lýsing**

Austari tóftin liggur einnig undir brekkubarðinu. Hún snýr norðvestur-suðaustur og er 4,5x6,5m að utanmáli. Veggir eru algrónir grasi, 30-120cm háir og um 120cm breiðir. Samkvæmt heimildum var stekkjiað í hvamminum og er þá hugsanlegt að ærnar hafi verið hafðar í annarri krónni (tóftinni) en lömbin í hinni þar sem ekki er um að ræða hefðbundnar tvískiptar stekkjartóftir.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Niður við Vötn er lítið flatlendisnes sem heitir Litlanes. [...] Hvammurinn upp af nesinu heitir Króarhvammur og dregur nafn af tveimur 7 m löngum réttum sem eru þar undir barði með fárra metra millibili (65°44′193/19°32′298). Var stekkjiað þar á seinni árum fráfærna í Utanverðunesi.“ (bls. 176).





Mynd 17. Stekkjartóft [1728-26] undir Stekkjarborg. Horft er til VNV.

### **Utanverðunes-1728-26**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta. Tóftin er í hættu vegna ágangs búfjár.

#### **Staðhættir**

Stekkarborg heitir klettaborg sem liggur vestan með veginum sem liggur fram Hegranesið. Sunnan undir henni er stekkjartóft.

#### **Lýsing**

Tóftin liggur í boga sunnan undir bláenda klettaborgarinnar og gegnir kletturinn hlutverki norðurveggjar stekkarins. Hún er tvískipt, réttin að austan en lambakróin að vestan. Veggir eru um 50cm háir að utan en mun lægri og ógreinilegri að innan. Þeir eru tæpur metri á breidd. Veggir eru grjóthlaðnir og sér í hleðslur sem eru þó að mestu grasi og mosa grónar. Blómgróður vex í tóftinni sem gæti verið nokkuð gömul.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Stekkarborg rís upp vestan við veginn fram Hegranesið, u.þ.b. 100 m löng klapparborg. Sunnan undir henni er forn stekkur (65°44'628-19°32'470) í hálfhring meðfram suðurenda borgarinnar er nýtir klettavegin sem aðra hlið stekkarins.“ (bls. 176).



Mynd 18. Garður [1728-27] girðir af Tjarnarnesið og nánasta umhverfi. Horft er til norðvesturs eftir efri hluta garðsins.

### **Utanverðunes-1728-27**

**Hlutverk:** Varnargarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Hætta.** Sá hluti garðsins sem liggur meðfram Héraðsvötnum er í hættu vegna landbrots.

### **Staðhættir**

Niður við Héraðsvötn, neðan við íbúðarhúsið Móberg, er Tjarnarnes og er það afgirt með torf- og grjóthlöðnum görðum.

### **Lýsing**

Torfhlaðinn garður liggur meðfram Héraðsvötnum og upp brekkurnar austan við nesið en á klettunum ofan þess er hann hlaðinn úr grjóti. Torfhlaðni hlutinn er mest um 60cm hár og metri á breidd. Um 50cm djúpur skurður er meðfram honum að hluta. Garðurinn er víðast vel greinilegur en er á köflum óljósari og sums staðar alveg horfinn. Hann er lyngi og grasi gróinn. Grjóthlaðni hlutinn er 20-70cm hár og um metri á breidd. Sá hluti er um 215m að lengd en garðurinn er um 780m í heildina.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Um hálfum km utan við Forvaðaklett, niður frá Klaufarborginni, er 300-400 metra langt undirlendisnes sem heitir Tjarnarnes, af lítilli tjörn sem þar er og fleiri tjarnarstæðum uppþornuðum. Á Tjarnarnesi ætlaði Jónas læknir Kristjánsson

að koma upp æðarvarpi árið 1923 að sögn örnefnaskrár Hellulands. Lét hann girða nesið og sjást þar enn glögg merki. Torfgarður var hlaðinn á bökkum Vatnanna en grjótgarður að austan, ofan klappanna sem rísa upp af nesinu en skurðir og garðar liggja niður að norðan og á ská suðaustur, niður að Vötnunum. Er þetta nokkurra hektara svæði innan garða og greinilega ærið mörg dagsverk sem lögð hafa verið í mannvirkin. Ekki skilaði þessi tilraun þeim árangri sem vonast var til en þó mun þar hafa haldist smávarp um tíma.“ (bls. 176).

### **Utanverðunes-1728-28**

**Hlutverk:** Netalögn

**Tegund:** Heimild

#### **Staðsetning**

Samkvæmt heimildum var silungsveiði stunduð framan við Ósklettinn við Vesturósinn. En á honum er austurendi eldri brúarinnar yfir Vötnin.

#### **Lýsing**

Net voru lögð framan við klettinn en samkvæmt *Byggðasögu Skagafjarðar* (V. bindi, bls. 174) eru þær lagnir ónýtar eftir að nýja brúin kom en byggingu hennar fylgdi aukinn sandburður svo þarna er nú þurrt land á fjöru.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Silungsveiði hefur löngum verið mikilsvert búslág í Nesi. Netalagnir voru hafðar við stóra steina í fjöruborðinu framan við Ósklettinn. Þær lagnir eru nú ónýtar orðnar eftir að nýja brúin kom. Þar er nú orði svo fullt af sandburði að á fjöru er þar þurrt land. Netalagnir hafa einnig verið stundaðar af Litlanesi norðan við Forvaðaklett.“ (bls. 174).

### **Utanverðunes-1728-29**

**Hlutverk:** Netalögn

**Tegund:** Heimild

#### **Staðsetning og lýsing**

Samkvæmt heimildum var silungsveiði stunduð frá Litlanesi sem er við Héraðsvötnin um 300m norður af merkjum Utanverðuness og Hellulands. Minjar sjást ekki á nesinu en hnitpunktur var settur á ysta odda nessins.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Silungsveiði hefur löngum verið mikilsvert búslág í Nesi. Netalagnir voru hafðar við stóra steina í fjöruborðinu framan við Ósklettinn. Þær lagnir eru nú ónýtar orðnar eftir að nýja brúin kom. Þar er nú orði svo fullt af sandburði að á fjöru er þar þurrt land. Netalagnir hafa einnig verið stundaðar af Litlanesi norðan við Forvaðaklett.“ (bls. 174).

## Utanverðunes-1728-30

**Hlutverk:** Byrgi

**Tegund:** Hús

### Staðhættir

Um 50m norður af eldri brúnni yfir vesturós Héraðsvatna er enn uppistandandi torfkofi, endurbyggt ferjumannsskýli Hróbjarts Jónssonar frá Hamri sem hafði umsjón með dragferjunni síðustu árin.

### Lýsing

Kofinn er hlaðinn úr grjóti í streng en torf var efst á



*Mynd 19. Ferjumannsskýli Hróbjarts í mars 2022. Skýlið stendur þokkalega en það þyfir að setja nýtt torf efst á vegg og á þak.*

veggjum. Grindin er úr rekaviði sem fenginn var frá Reykjum á Reykjaströnd. Grindin er vel smíðuð og stendur þokkalega en torf er að mestu horfið af þaki og efst á veggjum. Dyr snúa mót vestri og gluggi var einnig á framhlið. Grjóthleðslur eru þokkalegar inni í húsinu en ástand er lakara að utan.

### Aðrar upplýsingar

Í Örnefnaskrá er getið um kofa ferjumanna við ósinn: „Ósaklett nefna sumir klettinn, er brúin yfir Ósinn liggur af. Hún var byggð árið 1925. Ósahvammur er grashvammur sunnan við klettinn. Um 50 metrum norður frá klettinum var svifferja á Ósnum um 30 ára bil, áður en brúin var byggð, og höfðu ferjumenn þar kofa, er þeir nefndu Byrgi og kölluðu stundum Byrgishvamm. Fjöruna austan við Ósinn nefndi Jón heitinn Ósmann Furðustrandir.“ (Utanverðunes-Örnefnaskrá, bls. 4). Gert var við kofann árið 1996. Notast var við það sem eftir stóð af undirstöðum og hálfum veggjum og farið eftir ljósmyndum við viðgerðina. Verkið var unnið af Kára Þorsteinssyni trésmið og Helga Sigurðssyni hleðslumanni. Verkið var unnið í sjálfboðavinnu af vinum og velunnurum Byggðasafns Skagfirðinga að undirlagi Sigríðar Sigurðardóttur þáverandi safnstjóra (munnl. heimild: Sigríður Sigurðardóttir, 19.01.2023).

## Utanverðunes-1728-31

**Sérheiti:** Miðdegisborg

**Hlutverk:** Huldufólksbústaður

**Tegund:** Klettur

### Staðhættir og lýsing

Ekki tókst að staðsetja Miðdegisborgina með óyggjandi hætti á vettvangi en þarna eru fleiri borgir sem nafnið getur átt við.

### **Aðrar upplýsingar**

Í Örnefnaskrá segir: „Norðan við Kiðuklauf er Miðdegisborg, gamalt eyktarmark frá Nesi. Borgin er eins og bær í laginu, og það er trú manna, að huldumenn eigi það bústað. Þykir borgin vera fögur og vel til þessa valin, enda eru til sagnir um „íbúa borgarinnar“, þó að ekki séu tilgreindar hér.“ (Utanverðunes-Örnefnaskrá, bls. 4).

### **Utanverðunes-1728-32**

**Sérheiti:** Gvendarbrunnur/Brunnklettur

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Heimild, steinn

#### **Staðhættir**

Um 80m norðan við gatnamót Sauðárkróksbrautar og vegar að efnisnámu sem er norðan við Sauðárkróksbraut er jarðfastur steinn með um 20cm djúpri holu þar sem vatn safnast fyrir. Holan er í örnefnaskrá sögð verða Gvendarbrunnur en steinninn er kallaður Brunnklettur í *Byggðasögu Skagafjarðar* (V. bindi, bls. 175).

### **Aðrar upplýsingar**

Í Örnefnaskrá segir: „Þá vil ég geta um enn eitt örnefni, sem hvorugur heimildarmanna minna getur um. Fast við gamla veginn að norðan kippkorn austur frá Ósnum eru lágar, kollóttar klappir. Í kolli einnar þeirrar er pottmynduð hola, á að gizka 25 sentimetrar í þvermál og 15-20 sentimetra djúp, og heitir hola þessi Gvendarbrunnur, kenndur við Guðmund góða eins og aðrir Gvendarbrunnar, sem sá „góði maður“ vígði. Mælt er, að aldrei þrjóti vatn í holunni. Þegar ég hef átt leið hjá klöppinni, hef ég veitt þessu athygli, og hefur „brunnur“ þessi aldrei verið alveg þurr, en oftast hálfur eða meira af vatni.“ (Utanverðunes-Örnefnaskrá, bls. 7). Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er eftirfarandi myndatexti: „Brunnklettur (65°44'902/19°32'700). Uppi á hæðinni austur frá styttu Ósmanns, skammt utan við þjóðveginn er þessi klöpp eða jarðfasti steinn með sérkennilegri holu í. Hann heitir Brunnklettur og safnast jafnan vatn í holuna í rigningum. Holan er frá 28 til 40 sm víð að ofan en mjókkar niður. Dýpt hennar í steininn er nálægt 20 sm.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 175).

### **Utanverðunes-1728-33 [1803-243]**

**Hlutverk:** Ferja

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Líklegt er að ferjan hafi verið á svipuðum stað og dragferjan [1728-34] sem síðar var sett á ósinn og var hnit tekið þar. Gera má ráð fyrir skekkju.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Líklegt er að ferjað hafi verið við Vesturósinn eða nálægt honum frá fyrstu tíð en elsta heimild um lögskipaða ferju á þessum stað er frá 1740. Þá var önnur skipuð frá Ási. Ennfremur var ákveðið að bændur Rípurhrepps skyldu leggja 20 álnir verðs til ferjanna en fá þess í stað frían flutning fyrir sig og sína. Árið 1875 var þessi tilskipun áréttuð og endurnýjuð vegna glundroða sem lengi hafði verið á ferjumálunum. Þá tók Magnús Árnason bóndi í Utanverðunesi að sér ferjustarfið en fljótlega fór Jón sonur hans að sinna ferjunni, fyrst sem unglingur til aðstoðar en síðan alfarið og gegndi til dauðadags 1914.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 177).



*Mynd 20. Til vinstri er Botna eldri og er myndin tekin um 1903. Botna yngri er til hægri og myndin tekin 1925 og sést í brúna yfir Vesturósinn sem er í smíðum. Myndirnar eru teknar við vesturósinn. Birt með leyfi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.*

## **Utanverðunes-1728-34 [1803-244]**

**Hlutverk:** Dragferja

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Samkvæmt heimild var dragferjan bundin í jarðfast bjarg utan við ferjumannsbyrgið.

Nákvæmari staðsetning er ekki gefin en punktur var tekinn af loftmynd eftir lýsingu Hjalta Pálssonar sem hafði komið á staðinn með staðkunnugum (munnl. heimild 07.10.16).

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Mikil bylting varð í ferjusiglingum við Ósinn þegar sýslunefnd lét smíða þar svonefnda dragferju. Var hún tekin í notkun árið 1892. Eftir það var hægt að ferja nokkra hesta með klyfjum í einni ferð í stað þess að sundreka þá eins og jafnan varð að gera áður. Dragferja var ný uppfinning á Íslandi, gerð með þeim hætti að vír var strengdur milli landa, festur í jarðfast bjarg utan við ferjumannsbyrgið að austan en bundinn í stórt skipsandker sem grafið var ofann í sandinn á tanganum vestan megin. Vírnum var brugðið um láréttan vinduás með sveif á endanum og var þeim útbúnaði komið fyrir í stafni ferjunnar. Þegar sveifinni var snúið vatt vírinn upp á sig öðru megin en ofan af hinum megin

svo að ferjan dróst að landi. Horfði hún jafnan á ská upp í strauminn.“ Ferjan var síðast notuð haustið 1925 en þá var brúin tekin í notkun (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 17-18).

### Utanverðunes-1728-35

[1803-245]

**Sérheiti:** Emmanuel, Byrgið

**Hlutverk:** Byrgi

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Fjöruna austan við vestari Héraðsvatnaós kallaði Jón Ósmann Furðustrandir og upp af þeim hvar hvammur sem kallaður var

Byrgishvammur. Þar var ferjumannaskýli Jóns

Ósmanns. Þetta skýli er nú

horfið og landslag mjög

breytt vegna jarðvegsnáms sem þarna hefur verið. Byrgið var staðsett samkvæmt lýsingum úr heimildum og má gera ráð fyrir skekkju. Skýlið var um 90m norður af eldri brúnni yfir Vesturósinn.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Ósaklett nefna sumir klettinn, er brúin yfir Ósinn liggur af. Hún var byggð árið 1925. Ósahvammur er grashvammur sunnan við klettinn. Um 50 metrum norður frá klettinum var svifferja á Ósnum um 30 ára bil, áður en brúin var byggð, og höfðu ferjumenn þar kofa, er þeir nefndu Byrgi og kölluðu stundum Byrgishvamm. Fjöruna austan við Ósinn nefndi Jón heitinn Ósmann Furðustrandir.“ (*Utanverðunes-Örnefnaskrá*, bls. 4).

### Utanverðunes-1728-36 [1803-246]

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Götur

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar liggja á köflum á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

#### Staðhættir

Götur liggja meðfram sjávarbakkanum norðan við Furðustrandir og út að Naustavík.



*Mynd 21. Myndin er tekin við byrgi [1728-35] Jóns Ósmann á Furðuströndum og er Jón á myndinni. Birt með leyfi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.*

## Lýsing

Götur eru vel greinilegar og götur virðast almennt sjást nokkuð vel nyrst á Hegranesi. Næst sjónum er gata sem liggur nokkurn veginn norður/suður og er næstum 1,4km á lengd. Tvær götur liggja samsíða syðri helmingi götunnar og fylgja þær með í þessari skráningu.



Mynd 22. Yfirlitsmynd af minjum í Naustavík.

### Utanverðunes-1728-37 [1803-247]

**Sérheiti:** Naustavík

**Hlutverk:** Óþekkt, íshús?

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Suðvestan við bæjartóftirnar er gróinn hryggur sem liggur norður/suður. Á honum eru tóftir sem eru að líkindum allar eldri en bæjartóftirnar. Nyrsta tóftin liggur austur undir norðurenda hryggjarins.

#### Lýsing

Tóftin er um 5x5m að utanmáli og byggð upp við brekku. Veggir eru grasi og mosa grónir en grjóthleðslur sjást að vestan. Veggir eru 30-60cm háir og um 130cm á breidd. Dyr hafa snúið til austurs. Hlutverk er óvíst en miðað við útlit gæti tóftin mögulega hafa verið íshús án þess að nokkuð verði

fullyrt um slíkt en einnig gæti þetta hafa verið sjóbúð. Suðvestan við tóftina er niðurgrafið svæði um 20cm djúpt og 3,5x7m að utanmáli. Þar gæti hafa verið tekið torf í tóftina.

#### Aðrar upplýsingar

Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Á löngum og grónum hrygg vestan við bæjartóftirnar má greina margar fornar húsatóftir.“ (bls. 185). Þar segir einnig frá sjóbúðum í eigu Hellulands og Hróarsdals: „Leó Jónasson frá Hróarsdal, f. 1904, bóndi á Svanavatni reri úr Nautvík um og eftir 1920, bæði með línu og færi. Á þeim tíma áttu Helluland og Hróarsdalur þar sjóbúðir en Guðmundur Ólafsson í Ási átti þar einnig skemmu austan megin við víkina. Annars reru Ásmenn frekast úr Garðskróknum. Jónas í Hróarsdal átti 12 stokka línu sem hékk þar í búðinni og synir hans notuðu. Róið var haust og vor, a.m.k. mánaðartíma á



haustin og eftir veðri og vindum á vorin. Aflinn var að mestu til heimanota því að víða var margt í heimili. Mikið var hert. Sjómenn sváfu þá oftast í búðunum.“ (bls. 184).

#### **Utanverðunes-1728-38 [1803-248]**

**Sérheiti:** Naustavík

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru innan við 20m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

#### **Staðhættir**

Suðvestan við bæjartóftirnar er gróinn hryggur sem liggur norður/suður. Á honum eru tóftir sem eru að líkindum allar eldri en bæjartóftirnar. Rétt tæpa 50m suðvestan við bæjartóftirnar [1728-43] er tóft eða tvær samliggjandi tóftir.

#### **Lýsing**

Óvíst er hvort um er að ræða eina aflanga tóft eða tvær minni samliggjandi tóftir en hér eru þær skráðar sem ein. Utanmál er 6x16m og liggur tóftin norður/suður. Annað hólfíð er um 70cm hærra en hitt og er það ógreinilegra og veggir þess þýfðir. Tóftin er gróin grasi, mosa og lyngi og virðist fremur gömul. Veggir eru 10-30cm háir og um 120cm há breidd. Engar dyr eru greinanlegar.

#### **Utanverðunes-1728-39 [1803-249]**

**Sérheiti:** Naustavík

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru rétt rúmlega 20m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

#### **Staðhættir**

Suðvestan við bæjartóftirnar er gróinn hryggur sem liggur norður/suður. Á honum eru tóftir og eru að líkindum allar eldri en bæjartóftirnar. Um 8m suður af tóft [1728-38] er tóft.

#### **Lýsing**

Tóftin snýr austur/vestur og er 6x10m að utanmáli. Veggir eru algrónir grasi og mosa og þýfðir. Þeir eru um 20cm háir og metri á breidd. Dyr hafa snúið til austurs. Austan við er niðurgröftur sem virðist mögulega yngri en tóftin.

#### **Utanverðunes-1728-40 [1803-250]**

**Sérheiti:** Naustavík

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru 20m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

### **Staðhættir**

Suðvestan við bæjartóftirnar er gróinn hryggur sem liggur norður/suður. Á honum eru tóftir og eru að líkindum allar eldri en bæjartóftirnar. Beint austur af tóft [1728-39] er niðurgröftur.

### **Lýsing**

Niðurgröfturinn er 50-200cm að utanmáli og snýr austur/vestur. Hann er grasi gróinn og 20-50cm djúpur. Hlutverk er óvíst.

### **Utanverðunes-1728-41 [1803-251]**

**Sérheiti:** Naustavík

**Hlutverk:** Sjóbúð, híbýli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

### **Staðhættir**

Á sjávarbakknum rétt tæpa 20m vestur af bæjartóftinni er tóft sem líklega er af sjóbúð en mögulega lítill bær.

### **Lýsing**

Tóftin er 10-11m að utanmáli og skiptist í fjögur hólf. Dyr eru greinanlegar á nyrsta hólfinu og snúa þær til austurs. Sunnan við eru þrjú hólf sem innangengt virðist á milli og mögulega hafa dyr verið á suðausturhorni tóftarinnar en þar er veggurinn svolítið rofinn. Veggir eru grasi grónir og hvergi sér í grjót. Þeir eru 10-50cm háir og um 1,5m á breidd. Mögulega er þetta tóft sjóbúðar frá Hellulandi en ekki er getið um það í byggðasögunni hvar hún stóð en sjóbúðin frá Hróarsdal varð hluti af bæ Jósteins Jónassonar frá Hróarsdal og sambyliskonu hans Guðrúnar Sigurðardóttur sem byggður var 1914.

### **Aðrar upplýsingar**

Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Leó Jónasson frá Hróarsdal, f. 1904, bóndi á Svanvatni reri úr Nautvík um og eftir 1920, bæði með línu og færi. Á þeim tíma áttu Helluland og Hróarsdalur þar sjóbúðir en Guðmundur Ólafsson í Ási átti þar einni skemmu austan megin við víkina. Annars reru Ásmenn frekast úr Garðskróknum. Jónas í Hróarsdal átti 12 stokka línu sem hékk þar í búðinni og synir hans notuðu. Róið var haust og vor, a.m.k. mánaðartíma á haustin og eftir veðri og vindum á vorin. Aflinn var að mestu til heimanota því að víða var margt í heimili. Mikið var hert. Sjómenn sváfu þá oftast í búðunum.“ (bls. 184).

## **Utanverðunes-1728-42 [1803-252]**

**Sérheiti:** Naustavík

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð

**Tegund:** Hleðsla, þúst

**Hættumat:** **Mikil hættu.** Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir og er meiri hluti þeirra þegar horfinn í sjó.

### **Staðhættir**

Á sjávarbakknum beint norðan við tóft [1728-41] er hleðsla eða þúst, líklega leifar tóftar sem er að mestu farin í sjó.

### **Lýsing**

Hleðslan snýr austur/vestur og er um 6,5m löng. Hún er um 30cm há og grasi gróin. Þetta virðist vera suðurveggur mannvirkis sem er að mestu leyti farið í sjó. Í heimildum er getið um sjóbúðir frá Hróarsdal og Hellulandi sem voru í Naustavík um 1920 og er mögulegt að þetta sé sjóbúðin frá Hellulandi en sjóbúðin frá Hróarsdal varð hluti af bæ Josteins Jónassonar frá Hróarsdals og sambýliskonu hans Guðrúnar Sigurðardóttur.

### **Aðrar upplýsingar**

Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Leó Jónasson frá Hróarsdal, f. 1904, bóndi á Svanvatni reri úr Nautvík um og eftir 1920, bæði með línu og færi. Á þeim tíma áttu Helluland og Hróarsdalur þar sjóbúðir en Guðmundur Ólafsson í Ási átti þar einni skemmu austan megin við víkina. Annars reru Ásmenn frekast úr Garðskróknum. Jónas í Hróarsdal átti 12 stokka línu sem hékk þar í búðinni og synir hans notuðu. Róið var haust og vor, a.m.k. mánaðartíma á haustin og eftir veðri og vindum á vorin. Aflinn var að mestu til heimanota því að víða var margt í heimili. Mikið var hert. Sjómenn sváfu þá oftast í búðunum.“ (bls. 184).



Mynd 23. Myndin er tekin framan við bæinn [1728-43] í Naustavík. Til vinstri á myndinni eru Jósteinn Jónasson og Guðmunda Sigurðardóttir ábúendur. Birt með leyfi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

### **Utanverðunes-1728-43 [1803-253]**

**Sérheiti:** Naustavík

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar ná fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum við vestanverða Naustavík, vestan lækjarins sem rennur til sjávar í vikinni.

**Lýsing**

Tóftin er aflöng og snýr norður/suður og áfastur að sunnan er matjurtagarður. Tóftin er 10x20m (10x30m með matjurtagarðinum). Nyrst var fjárhús svo skemma, eldhús og baðstofa. Innra skipulag er fremur óljóst en nyrst er hólf og á því dyr til vesturs, hefur það verið fjárhúsið eða a.m.k. hluti af fjárhúsinu. En veggur þar sunnan við gæti verið garði. Veggir eru grasi grónir en sér í grjót. Þeir eru 20-100cm háir og mest um 1,5m á breidd.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Naustavík (65°46'007/19°32'810) er í landi Utanverðunes. Óvíst er hvort þar hefur nokkurn tímann verið venjuleg bújörð en sjóbúðir voru þar og útræði frá Utanverðunesi. Húsmennskuábúð var í Naustavík í rúmlega tvo áratugi á fyrri hluta 20. aldar og reyndar vísbending um ábúð um eða fyrir 1680.“ (bls. 183). Þar segir enn fremur: „Jósteinn Jónasson frá Hróarsdal byggði bæ í Naustavík árið 1914 og settist þar að ári síðar. Hann var þá búinn að vera vinnumaður í mörg ár hjá Guðjóni og Guðrúnu í Vatnskoti ásamt Guðmundu Sigurðardóttur sem gerðist sambýliskona hans í Naustavík. Sjóbúðirnar voru vestan við lækinn. Jósteinn byggði við sjóbúð föður síns, Jónasar í Hróarsdal. Hún var notuð fyrir eldhús en svo byggði hann litla baðstofu við og var gengið í gegnum sjóbúðina inn í baðstofuna. Kjallarahola hefur verið þar undir. Norðan við baðstofuna var skemma með þilstafni sem notuð var fyrir geymslu og Jósteinn hafði fengið frá Sigurði Ólafssyni á Hellulandi. Hún var með þilstafni, þónokkurt herbergi. Hana fékk hann til geymslu. Fjárhús byggði Jósteinn norðan við Hellulandsskemmuna, hafði þar aldrei nema 10-20 kindur og enga kú, fékk alltaf mjólk í Nesi. Öll voru þessi hús á sama hólnum og kartöflugarður sunnan við bæinn, 8x8 m. Á löngum og grónum hrygg vestan við bæjartóftirnar má greina margar fornar húsatóftir.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V.*, bls. 184-185).

### **Utanverðunes-1728-44 [1803-254]**

**Sérheiti:** Naustavík

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** **Hætta.** Minjarnar eru hluti af tóft [1728-43] sem nær fram á sjávarbakka.

#### **Staðhættir**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Jósteinn Jónasson frá Hróarsdal byggði bæ í Naustavík árið 1914 og settir þar að ári síðar. Hann var þá búinn að vera vinnumaður í mörg ár hjá Guðjóni og Guðrúnu í Vatnskoti ásamt Guðmundur Sigurðardóttur sem gerðist sambýliskona hans í Naustavík. Sjóbúðirnar voru vestan við lækinn. Jósteinn byggði við sjóbúð föður síns, Jónasar í Hróarsdal.“ (bls. 184).

#### **Lýsing**

Sjóbúð Jónasar er nú hluti af bæjartóftinni [1728-43]. Hnit var tekið nokkurn veginn fyrir miðri tóft og gera má ráð fyrir skekkju að 5m. Sjóbúðinni var breytt í eldhús og byggð við hana baðstofa og skemma.

### **Utanverðunes-1728-45 [1803-255]**

**Sérheiti:** Naustavík

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** **Mikil hættu.** Minjarnar eru fram á sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.

#### **Staðhættir**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Fjánhús byggði Jósteinn norðan við Hellulandskemmuna, hafði þar aldrei nema 10-20 kindur og enga kú, fékk alltaf mjólk í Nesi. Öll voru þessi hús á sama hólnum og kartöflugarður sunnan við bæinn, 8x8 m. Á löngum og grónum hrygg vestan við bæjartóftirnar má greina margar fornar húsatóftir.“ (bls. 185).

#### **Lýsing**

Fjánhúsið var norðan við bæinn og hér er notuð sama lýsing og á bæjartóftinni í heild. Tóftin er aflöng og snýr norður/suður og áfast að sunnan er matjurtagarður. Hún er 10x20m (10x30m með matjurtagarðinum). Nyrst var fjánhús svo skemma, eldhús og baðstofa. Innra skipulag er fremur óljóst en nyrst er hólf og á því dyr til vesturs, hefur það verið fjánhúsið eða a.m.k. hluti þess. En veggur þar sunnan við gæti verið garði. Veggir eru grasi grónir en sér í grjót. Þeir eru 20-100cm háir og mest um 1,5m á breidd.

### **Utanverðunes-1728-46 [1803-256]**

**Sérheiti:** Naustavík

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru 17m frá sjávarbakka sem brýtur af

#### **Staðhættir og lýsing**

Sunnan við bæjartóftina [1728-43] er matjurtagarður 7,5x8,5m að innanmáli. Grónir veggir eru utan með honum 20-40cm háir og um 50cm á breidd.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Öll voru þessi hús á sama hólnum og kartöflugarður sunnan við bæinn, 8x8 m. Á löngum og grónum hrygg vestan við bæjartóftirnar má greina margar fornar húsatóftir.“ (bls. 185).

### **Utanverðunes-1728-47 [1803-257]**

**Sérheiti:** Naustavík

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur

#### **Staðhættir og lýsing**

Sunnan við bæjartóftina er skurður sem liggur suðvestur/norðaustur og nær að læknum sem rennur til sjávar í Naustavík. Skurðurinn er 20-60cm djúpur og um 80cm breiður, grasi gróinn. Hann er grynstur næst læknum.

### **Utanverðunes-1728-48 [1803-258]**

**Sérheiti:** Naustavík

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Að sögn Leós var bátanaust uppi á bakkanum sunnan við víkina, rétt austan við lækinn, beint austur af bæjarhólnum. Þar er ein tóft (65°46'020/19°32'765) sem virðist af kofa eða sjóbúð en tæplega nausti. Stærð ca. 5x5 m. Dyr snúa móti vestri. Hugsanlega eru tóftir naustanna horfnar ofan fyrir bakkann. Jafnan voru á þessum tíma 2 og 3 bátar í nausti á veturna.“ (bls. 184).

#### **Lýsing**

Engar nauststóftir fundust austan við lækinn en tóftin sem getið er í *Byggðasögu Skagafjarðar* sem mögulega er búðartóft eða skemma fannst [1728-49].

## Utanverðunes-1728-49 [1803-259]

**Sérheiti:** Naustavík

**Hlutverk:** Sjóbúð, skemma

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hættu. Minjarnar eru um 2m frá sjávarbakka þar sem að landbrot er töluvert.

### Staðhættir

Um 35m austan við bæjartóftina [1728-43] austan lækjar er tóft á sjávarbakkanum.

### Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur og er rúmlega 4x6m að utanmáli. Dyr hafa snúið til vesturs. Veggir eru grjóthlaðnir, mest 2 steinaraðir sem sjást vel en að öðru leyti er tóftin grasi gróin. Veggir eru 20-30cm háir og mest um 1,5m á breidd. Miðað við útlit tóftarinnar er frekar líklegt að þetta sé sjóbúðartóft. Þetta gæti verið sjóbúð frá Hellulandi eða skemma Guðmundar Ólafssonar í Ási sem var austan við lækinn.

### Aðrar upplýsingar

Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Að sögn Leós var bátanaust uppi á bakkanum sunnan við víkina, rétt austan við lækinn, beint austur af bæjarhólnum. Þar er ein tóft (65°46'020/19°32'765) sem virðist af kofa eða sjóbúð en tæplega nausti. Stærð ca. 5x5 m. Dyr snúa móti vestri. Hugsanlega eru tóftir naustanna horfnar ofan fyrir bakkann. Jafnan voru á þessum tíma 2 og 3 bátar í nausti á veturna.“ (bls. 184). Þar segir einnig: „Leó Jónasson frá Hróarsdal, f. 1904, bóndi á Svanvatni reri úr Nautvík um og eftir 1920, bæði með línu og færi. Á þeim tíma áttu Helluland og Hróarsdalur þar sjóbúðir en Guðmundur Ólafsson í Ási átti þar einnig skemmu austan megin við víkina. Annars reru Ásmenn frekast úr Garðskróknum. Jónas í Hróarsdal átti 12 stokka línu sem hékk þar í búðinni og synir hans notuðu. Róið var haust og vor, a.m.k. mánaðartíma á haustin og eftir veðri og vindum á vorin. Aflinn var að mestu til heimanota því að víða var margt í heimili. Mikið var hert. Sjómenn sváfu þá oftast í búðunum.“ (bls. 184).

Mynd 24. Naustavík. Horft til suðvesturs.  
Bæjartóftirnar [1728-43] sjást við  
sjávarbakkann upp af enda vikurinnar.

### **Utanverðunes-1728-50 [1803-260]**

**Hlutverk:** Lending

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Útræði var úr Naustavík og hefur verið um aldir. Í heimildum er ekki getið nákvæmlega um

staðsetninguna en hnit var tekið nokkurn veginn fyrir miðri víkinni.



### **Utanverðunes-1728-51 [1803-261]**

**Hlutverk:** Sauðahús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Sjórinna hefur þegar brotið af minjunum að vestan.

#### **Staðhættir**

Fremst á sjávarbakka austast í Naustavík, um 95m norðaustur af bæjartóftinni [1728-43] er fjárhústóft.

#### **Lýsing**

Tóftin er 6x15m að utanmáli og snýr norður/suður. Sjórinna hefur skemmt stóran hluta af tóftinni að vestan og þar með hálfan garðann. Tóftin er grasi gróin en sér í grjót bæði í veggjum og garða. Veggir eru 20-40cm háir og mest um 1,5m á breidd. E.t.v. hefur verið heytóft eða hlaða til norðurs en þar eru eitt eða tvö hólf en nákvæm lögun er ekki greinileg vegna landbrotsins.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Sauðahús var austan við víkina (65°46'046/19°32'702) og eru aurmál þess nú að hálfu fallin ofan fyrir sjávarbakkann. Jónas Kristjánsson læknir á Sauðárkróki átti nokkra tugi sauða og byggði hér yfir þá. Þau voru komin nokkru áður en Josteinn settist þar að. Þá hafði Magnús í Nesi séð um hirðinguna en síðar Josteinn.“ (bls. 185).



### **Utanverðunes-1728-52 [1803-262]**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hætta. Sjórinn hefur þegar brotið af minjunum að vestan.

#### **Staðhættir**

Norðaustan og austan við sauðhúsatóft [1728-51] er garðlag sem liggur frá sjávarbakkanum í suðurátt. Garðlagið virðist eldra en fjárhústóftin.

#### **Lýsing**

Garðlagið er um 45m langt og liggur nokkurn veginn norður/suður en smá bogi er á því til austurs. Það er mikið hrunið, 20cm hátt og um 2m á breidd, að mestu lyngi gróið og alveg orðið þýft. Það virðist vera töluvert eldra en bæjartóftin og sauðhúsin Naustavík. Garðlagið nær fram á sjávarbakka sem brýtur af.

### **Utanverðunes-1728-53 [1803-263]**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft, náttúrulegt

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

#### **Staðhættir**

Á sjávarbakkanum norður af Naustavík rúmlega 200m suðvestur frá Hegranesvita er mögulega tóft.

#### **Lýsing**

Tóftin er frekar óljós og er mögulega náttúrulegt fyrirbæri. Hún er um 2,5x2,5m að utanmáli og hafa dyr snúið til norðurs. Veggir eru 10-20cm háir og er austurveggur nánast horfinn. Þeir eru grónir grasi, mosa og lyngi og sér ekki í grjót.

### **Utanverðunes-1728-54 [1803-264]**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgroftur

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

#### **Staðhættir**

Nyrst og austast á Hegranesi um 260m ANA af Hegranesvita er smá nes og á því að minnsta kosti 12 niðurgreftir.

#### **Lýsing**

Tólf holur voru mældar á svæði sem er um 11x18m að ummáli. Ummál þeirra er mismikið en stærstu holurnar eru um 1x1m. Holurnar eru á bilinu 5-50cm djúpar og grasi og lyngi grónar. Heimildamaður gat þess að þarna hefði verið selaveiði og holurnar mögulega tengdar því.

### **Utanverðunes-1728-55 [1803-265]**

**Hlutverk:** Óþekkt, selveiði

**Tegund:** Stallur, náttúrulegt

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru fram á brún þar sem landbrots gætir.

#### **Staðhættir**

Á sjávarbakkanum austanmegin á Hegranesi tæplega 870m norður af Þjóðveginum er niðurgröftur.

#### **Lýsing**

Niðurgröfturinn er um 1,5x1m og er sjórinn að byrja að naga í hann að austan. Hann er um 20-40cm djúpur. Rekaviður er í honum og gæti hafa verið timburgrind. Töluvert er einnig af reka umhverfis og því gæti honum hafa skolað þarna upp. Samkvæmt heimildamanni voru á þessum slóðum selalátur og lágu veiðimenn í holunni og skutu selinn (munnl. heimild: Heiðbjört Pálsdóttir 20.12.16).

### **Utanverðunes-1728-56 [1803-266]**

**Hlutverk:** Óþekkt, selveiði

**Tegund:** Hleðsla, náttúrulegt

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru við sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

#### **Staðhættir**

Á sjávarbakkanum austanmegin á Hegranesi tæplega 870m norður af Þjóðveginum er niðurgröftur [1728-55] og á bakkanum tæpum 20m austar er upphækkun sem er slétt að ofan og gæti verið mannvirki en gæti jafnframt líka verið náttúruleg myndun.

#### **Lýsing**

Stallurinn er um 4x6,5m að utanmáli og 20cm hár. Hann er grasi, mosa og lyngi gróinn. Hlutverk er óvíst en sé þetta mannvirki gæti það verið tengt selveiðinni sem þarna fór fram.

### **Utanverðunes-1728-57 [1803-267]**

**Hlutverk:** Óþekkt, rétt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Á austanverðu Hegranesi í landi Utanverðuness, rúmlega 25m frá sjávarbakkanum og 480m norður af Þjóðveginum er tóft.

#### **Lýsing**

Tóftin er sunnan undir litlum hól sem er 4x4m í þvermál. Tóftin sjálf er 1,5x4m að utanmáli. Veggir eru 20-30cm háir og um metri á breidd. Hún er í þýfðum móa og er sjálf þýfð, og að mestu mosa og lyngi gróin. Veggir tóftarinnar ná ekki að hólnum og því myndast bil við báða

enda þar sem gætu hafa verið dyr eða hlið. Hlutverk er óvíst en líklegast virðist að þarna hafi verið einhvers konar aðhald fyrir skepnur.

### Utanverðunes-samantekt

Utanverðunes á land að Keflavík og sjó að austan, Hellulandi að sunnan og Héraðsvötnum og sjó að vestan. Bærinn og heimatúnið er við norðurenda Nesvatns, sunnan Sauðárkróksbrautar. Gamli bærinn og fjósið [1728-1] eru horfin en þau stóðu austan við núverandi íbúðarhús og að hluta til undir yngri viðbyggingu. Eins eru útihúsin, fjárhús og hesthús [1728-5, 6 og 7], sem merkt eru á túnakorti 1918 horfin. Kirkja eða bænhús [1728-3] var í Utanverðunesi og var þjónað frá Sjárvarborg. Þar var einnig kirkjugarður [1728-4] í frumkristni og var hann suðvestan við núverandi íbúðarhús á mörkum túnsins og garðsins sem er umhverfis húsið. Garðurinn sem er horfinn af yfirborði fannst við rannsókn með jarðsjármælingartækjum árið 2017. Tekinn var könnunarskurður til að staðfesta fundinn og var komið niður á hleðslugrjót sem talið er vera úr kirkju og fótenda grafar með líkkistu og tilheyrandi beinum. Austan og norðaustan við bæ þar sem nú eru tún var áður blautur flói og í honum voru áveitugarðar [1728-10, 11 og 12] og mógrafir [1728-15] sem sjást ekki lengur í sléttu túni að undanskildum hluta áveitugarðs [1728-9], norðan við túnin. Norðaustan við túnið var þvottastaður [1728-14] þar sem ullin var þvegin og voru þar lengi hlóðir sem nú eru horfnar. Á klettaborgunum austan bæjar er matjurtagarður [1728-13] í brekku og snýr hann mót suðri. Sunnan bæjar er skurður [1728-16] sem líklega er sá sami eða á svipuðum stað og skurður [1728-47] sem gerður var þegar menn hugðust ræsa fram Nesvatnið og gera þar tún.

Suður með Nesvatninu austanverðu er garðlag [1728-17] sem girðir af lítið nes við vatnið. Hlutverk er ekki víst en hugsanlega er þetta nátthagi. Fast norðan við garðlagið eru tvær grjóthrúgur [1728-18 og 19] sem virðast manngerðar og gætu verið leifar af smalavörðum. Austar er varða [1728-20] og liggur hún við gamlar götur. Tvær vörður [1728-21 og 22] eru vestur af suðurenda vatnsins og liggja við gamlar götur sem liggja suður með vatninu að vestan.

Vestur við Héraðsvötnin, syðst og og vestast í landi Utanverðurness, er Forvaðaklettur [1728-23] og er hann talinn huldufólksbústaður. Norðan hans voru netalagnir [1728-29] en ekki sáust ummerki um þær við skráningu. Norðar eru tvær litlar réttir eða stekkir [1728-24 og 25] og enn norðar er Tjarnarnes, afgirt með torf- og grjóthlöðnum gördum [1728-27]. Garðurinn var hlaðinn sem varnargarður en Jónas Kristjánsson læknir hugðist koma þarna upp æðarvarpi árið 1923, en án árangurs. Þetta hafa verið nokkuð umfangsmiklar framkvæmdir en svæðið sem garðurinn afmarkar er mest 160m breitt frá vestri til austurs og mest 380m langt frá norðri til suðurs. Norðar og fast vestan Hegranesvegjar er stekkjartóft [1728-26] sunnan undir Stekkjarborg, sem er 1,2km suðvestur af bæ.

Við ós Héraðsvatna var áður ferjustaður [1728-33] og síðar dragferja [1728-34] og þar stendur enn ferjuskýli Hróbjarts Jónassonar [1728-30] en byrgi Jóns Ósmann Emanúel [1728-35] er horfið. Þarna voru líka silungalagnir [1728-28] sem hurfu við brúargerð. Þetta svæði sem Jón Ósmann nefndi Furðurstrandir er mjög breytt þar sem þarna hefur farið fram mikið efnisnám.

Nyrsti hluti Hegraness er í landi Utanverðuness. Þar eru nokkrar minjar og eru þær umfangsmestu í Naustavík sem er norðarlega á vestanverðu nesinu. Frá Furðuströndum og að Naustavík eru djúpar götur [1728-36]. Úr Naustavík var útræði og sjást enn leifar gamalla sjóbúða eða tófta tengdum sjósókn, bæði við strandlínuna [1728-41, 42, 49] en einnig eru tóftir aðeins sunnar [1728-37, 38, 39 og 40]. Þarna var líka húsmannsbýli í tvo áratugi í byrjun 20. aldar og sjást enn bæjar- og útihúsatóftir og þar var matjurtagarður [1728-44, 45 og 46]. Sunnan bæjar er skurður [1728-47]. Eitt gamallegt garðlag er við utanverða Naustavík en hlutverk þess er óljóst [1728-52] og innan þess á sjávarbakkanum er sauðahúsatóft á leið í sjó [1728-51]. Í víkinni er landbrot og hluti minjanna er þegar horfinn. Norðan við Naustavík er smá tóft [1728-53] og önnur lítil tóft [1728-57] er austanvert á nesinu. Á tveimur litlum nesjum norðan og austanvert á nesinu eru niðurgreftir og stallar [1728-54, 55 og 56] sem samkvæmt heimildamanni gætu verið ummerki eftir selveiðar.

Nokkur fjöldi leiða lá í gegnum Utanverðunes enda var ferjustaður þar við Vesturós Héraðsvatna. Nyrðri hluti Bakkavegar [1728-729], sem lá frá ferjustaðnum á Ási og að ferjustað í Utanverðunesi, liggur í boga frá Keflavík, annars vegar um tún í Utanverðunesi og hins vegar norðan túna. Önnur leið [1728-737] lá vestanvert á nesinu og norður að ferjustaðnum. Frá Utanverðunesi lágu götur að Naustavík [1728-732], mögulega á svipuðum slóðum og núverandi vegslóðar. Síðan lá gata [1728-733] á milli Keflavíkur og Utanverðuness, um melana sem eru suðaustan bæjar.

## Helluland og Ásgrímsstaðir

### Söguágrip

Ásgrímsstaðir koma fyrst fyrir í Sturlungu þegar segir frá atburði er gerðist við Miklavatn á aðfangadag árið 1238 en þá bjó á Ásgrímsstöðum maður að nafni Guðmundur „guðiþekkur“ Gunnarsson.<sup>1</sup> Hellulands er fyrst getið 1388 þegar Helluland og Ásgrímsstaðir eru seldir í skiptum fyrir Skíðastaði í Laxárdal. Kemur þá fram að jarðirnar eigi land, engjar og ítök vestan Héraðsvatna. Er þess einnig getið að Björn hafi reiknað bænhússkuld upp í jörðina og er það elsta heimild um kirkju á Hellulandi, en syngja skyldi 12 messur á sumarið og ljúka hálfra mörk. Skyldi kaupandi jarðarinnar leggja til bænhússins „hundrað í viði á Bjarna vegna“.<sup>15</sup> Helluland kemst í eigu Hólastóls einhvern tímann á milli 1550 og 1569 og var jörðin með eyðibýlinu Ásgrímsstöðum seld á uppboði stólsjarða árið 1802.<sup>16</sup>

Jarðardýrleiki var að fornu 40 hundruð og landskuld 2 hundruð álnir árið 17013 en hafði áður verið eitt hundruð.<sup>17</sup> Þess er getið að reiðing þurfi að kaupa en torfrista og stunga séu bjargleg. Mór er til en notast ekki. Hrísl til eldiviðar og kolgjörða er „nokkuð lítið“. Selveiðivon er nokkur en ekki er getið um silungsveiði.<sup>18</sup> Í *Jarðabókinni* 1713 er getið um fornþýlin Ásgrímsstaði og Lýsukot. Um Ásgrímsstaði segir „Ásgrímsstaðir, fornt eyðiból. Sést hér til girðinga og tóftaleifa. Byggð var hér fyrir 40 árum um eins árs tíma. Ekki muna menn landskuldarhæð né kúgilda fjölda. Ekki má hér aftur byggja, því túnstæði er uppblásið í holt og hrjóstur.“<sup>19</sup> Eignarhald Ásgrímsstaða og Hellulands aðskildist árið 1439 og árið 1528 eignaðist Jón Arason Hólabiskup Ásgrímsstaði og lendir jörðin þá í jarðabraski Jóns biskups, en árið 1550 er jörðin aftur komin í eigu Hólastaðar. Árið 1569 voru báðar jarðir komnar í eigu Hólastóls og síðan verið sömu eigendur að báðum jörðum.<sup>20</sup> Ásgrímsstaðir virðast löngum hafa verið í auðn á seinni öldum og engar heimildir eru um búsetu á 18. öld og ekki fyrr en 1858 þegar Hellulandsbóndi endurbyggir jörðina. Eru svo taldir þar níu húsráðendur til ársins 1927 en oft lá jörðin í eyði á því tímabili.<sup>21</sup> Munnmæli eru um að kirkja hafi verið á Ásgrímsstöðum í nokkur ár eftir að hún lagðist niður á Ferjuhamri og áttu að hafa verið til skjöl um slíkt en ekki er nú kunnugt um þau.<sup>22</sup>

---

<sup>15</sup> Íslenskt fornbréfasafn III, 425

<sup>16</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 162.

<sup>17</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 61.

<sup>18</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 61.

<sup>19</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 61.

<sup>20</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 158.

<sup>21</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 158.

<sup>22</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 158-159.

Um Lýsukot segir í *Jarðabókinni* 1713 „Lijsekot er hér og nefnt, en engar sjást hér girðingar eða tóftaleifar.“<sup>23</sup> Samkvæmt V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* (bls. 168-169) er Grænagerði yngra nafn á Lýsukoti en býlið er tæpan kílómetra í suður frá Hellulandi og er nefnt að tilfærsla virðist verða á nöfnum á seinni öldum en þá er farið að nefna Lýsukot í Hellulandi Grænagerði en Lýsukotsnafnið flyst á Brúnklukkustaði í landi Kárastaða. Borkjarnarannsókn og könnunarskurður voru gerð á Grænagerði 2017 og leiddu í ljós að þar hefur verið búseta frá því stuttu eftir landnám og fram yfir árið 1000. Eftir það virðist svæðið hafa verið nýtt fyrir dýr (Kathryn Catlin o.fl., 2018). Auk Ásgrímsstaða og Grænagerðis er getið um Kotið og Háagerði í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* (bls. 169). Kotið er um 1,5km norður frá Hellulandi og þar var stekkjartóft en nafngiftin benti til mögulegrar búsetu og reyndist svo vera. Uppgröftur hefur farið fram á Kotinu síðan 2022 og undir stekknunum var komið niður á búpeningshús og undir því skálatóft og öskuhaug frá elstu tíð (Kathryn Catlin o.fl., 2023). Háagerði er grasivaxin klapparhæð nyrst í túninu á Hellulandi og liggur túngarðurinn þar um. Nokkar minjar eru á hólnum og er álitnið að hér hafi verið búseta en svæðið hefur ekki verið rannsakað.<sup>24</sup>

---

<sup>23</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 61.

<sup>24</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 169.



Mynd 25. Yfirlitsmynd sem sýnir minjar á bæjarstæði Hellulands og í nágrenni þess.



*Mynd 26. Horft til norðausturs heim að bæ á Hellulandi. Bærinn stóð framan við íbúðarhúsið sem er lengst til hægri og það sér enn í vesturenda bæjarhólsins sem er fyrir miðri mynd.*

## **Helluland-1728-58**

**Sérheiti:** Helluland

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Gamli torfbærinn á Hellulandi stóð framan við eldra íbúðarhúsið á Hellulandi (byggt 1908-1910 og er nú aldursfriðar skv. lögum) þar sem nú eru heimreiðarnar að bæjunum.

### **Lýsing**

Bærinn er horfinn en var staðsettur eftir lýsingu í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* (bls. 165) og með því að leggja túnakort Hellulands eftir Guðmund Sveinsson frá 1918 yfir loftmynd. Flutt var úr gamla bænum árið 1910 og hann rifinn í framhaldi af því (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 168).

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Torfbærinn á Hellulandi var framan við steinhúsið, frambærinn með timburlangpili fram á hlaðið, fjórir gluggar, tveir og tveir hvorum megin bæjardyra.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 165). Árið 2016 var gerð borkjarnarannsókn á



Hellulandi og gáfu niðurstöður til kynna að bæjarstæðið hafi staðið norðar en það er í dag (John Steinberg o.fl., 2017).

### **Helluland-1728-59**

**Sérheiti:** Helluland

**Hlutverk:** Bæjarhóll

**Tegund:** Hóll, heimild

#### **Staðhættir**

Gamli torfbærinn á Hellulandi stóð framan við eldra íbúðarhúsið á Hellulandi (byggt 1908-1910 og er nú aldursfriðar skv. lögum) þar sem nú eru heimreiðarnar að bæjunum.

#### **Lýsing**

Bærinn er horfinn og þarna eru nú heimreiðar og grasbalar en vestan við gamla íbúðarhúsið og heimreiðina er enn vesturendi gamla bæjarhólsins og er hann tæplega 50m langur frá norðri til suðurs og 20m breiður frá vestri og að heimreiðinni.

### **Helluland-1728-60**

**Hlutverk:** Bænhús, kirkjugarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Bænhús var nefnt á Hellulandi 1388 þegar Björn Brynjólfsson seldi jörðina Gissuri Þorbjarnarsyni. (...) Ekki er vitað hvar bænhúsið stóð en örnefnið Bænhúshólar er þar sem fjárhúsin eru og aðeins ofan við þau. Þar var orðið tún fyrir 1940, hluti af gamla túninu, og sást ekkert sem minnti á bænhús. Þegar grafið var fyrir fjárhúsunum komu engin bein.“ (bls. 164).

#### **Lýsing**

Eins og segir í byggðasögunni hér að framan er ekki vitað hvar kirkja eða bænhús stóðu og engin ummerki um slíkt hafa fundist. Gera má ráð fyrir að grafið hafi verið við kirkju í Hellulandi eins og víðar var í Hegranesi og er kirkjugarður þá væntanlega umhverfis kirkjuna/bænhúsið.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í riti Sigríðar Sigurðardóttur *Miðaldakirkjur 1000-1300* (bls. 32) segir: „Helluland í Hegranesi er í Sjávarborgarmáldaga 1399 og tekið fram að Borgarprestur taki hálfra mörk fyrir þjónustu þar. Ellefu árum fyrr, 1388, var Helluland selt og kom þá fram að þar var bænhús, þar sem syngja átti 12 messur yfir sumartímann. Björn ríki Brynjólfsson, sem þá seldi ætlaði að leggja timbur að andvirði eins hundraðs til bænhússins. Skammt frá byggingum í Hellulandi er örnefnið Bænhúshólar.“

### **Helluland-1728-61**

**Sérheiti:** Öskuhóll

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Öskuhóll var vestan við heimreiðina að syðra íbúðarhúsinu, vestan gamla íbúðarhússins.

#### **Lýsing**

Hóllinn er horfinn að hluta til undir veg og búið að slétta úr öllu þarna en þegar grafið var fyrir símanum heim að gamla íbúðarhúsinu þá var grafið niður í öskuhauginn (munnl. heimild, Ólafur Jónsson, 22.12.2923).

### **Helluland-1728-62**

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Árið 2016 var gerð borkjarnarannsókn á Hellulandi og gáfu niðurstöður til kynna að bæjarstæðið hafi staðið norðar en það er í dag, norðan við útihúsin (John Steinberg o.fl., 2017).

#### **Lýsing**

Grafinn var 1x1m könnunarskurður norður af svínahúsinu, sunnan við vegslóða þar sem ummerki um öskuhaug fundust í borkjörnum. Í skurðinum fannst mikið magn móösku, kola, viðarleifa og dýrabeina. Öskuhaugurinn er frá elstu tíð en niðurstöður rannsókna gefa til kynna að Helluland hafi verið byggt fljótlega eftir landnám (John Steinberg o.fl., 2017).

### **Helluland-1728-63**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Gamli torfbærinn á Hellulandi stóð framan við eldra íbúðarhúsið á Hellulandi (byggt 1908-1910 og er nú aldursfriðar skv. lögum) þar sem nú eru heimreiðarnar að bæjunum. Á túnakorti frá 1918 eru merktir tveir matjurtagarðar og er annar þeirra beint suður af gamla bænum. Það er líklega sá garður sem fjallað er um í „Aðrar upplýsingar“ hér að neðan.

#### **Lýsing**

Garðurinn er horfinn og þarna eru nú heimreiðar og smá grasblettur á milli þeirra.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Árið 1903 útbjuggu Sigurður Ólafsson og Ragnheiður Konráðsdóttir k.h. trjagarð á Hellulandi, 144 ferfaðma að stærð. Þar hófu þau ræktun á ýmsum trjátegundum upp af fræi. Sumarið 1904 uxu upp í þeim tilraunum greni, fura, birki, síberískt

barrtré, elri og hlynur en mistekist hafði með hegg og eini og svissneska furur sem ekki spruttu upp. Þessi garður eyðilagðist eftir að flutt var úr gamla bænum 1910 og hann rifinn.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 168).

#### **Helluland-1728-64**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Gamli torfbærinn á Hellulandi stóð framan við eldra íbúðarhúsið á Hellulandi (byggt 1908-1910 og er nú aldursfriðar skv. lögum) þar sem nú eru heimreiðarnar að bæjunum. Á túnakorti frá 1918 eru merktir tveir matjurtagarðar og var annar þeirra í brekkunni, ca. 40m vestur af bænum. Hann er nú horfinn undir tún.

#### **Lýsing**

Garðurinn er horfinn og þarna eru nú heimreiðar og smá grasblettur á milli þeirra.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er vitnað í skýrslu Friðriks Klemenssonar búfræðinema á Hólum frá 1904: „Sáðgarðar: Garður 6 ára gamall 80 ferfaðmar að stærð. Torfgirðing að norðan en á tvo vegu vírnet en skipslunning á einn veg. Halli mót suðvestri. Áburður er gömul mykja 20 hestar. Hið ræktaða er. A. Trjáplöntur: Ribs, greni, fura lævirkjatré [lerki], reyniviður, sólber, gulvíðir og síberískt baunatré. B. Matjurtir: Jarðepli, gulrófur, rhababer, spínat, salat, gulrætur, grænkál, blómkál, rauðlaukur, fræmæður og næpnaafbrigði. Uppskeyra af jarðeplum 4 tunnur af 36 ferföðmum. Gulrófnafræinu var sáð í vermireit 2. maí. Kom upp 4. sm.m Uppskeyra 4 tunnur úr 19 ferföðmum. Vermireiturinn sem var 24x36 þumlungar var hafður á fjóspaki sem hallaðist mót suðvestri. Þakið var skorið af þessum parti og sett hrís á viðina og garðmold látin þar ofan á og gluggi yfir. Strompur var hafður í gegnum moldina til að fá heita loftið út undir gluggann.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 164).

#### **Helluland-1728-378**

**Sérheiti:** Lindarhús

**Hlutverk:** Kælrigeymsla

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* (bls. 160) er talað um Lindarhúsið en þar var mjólkið kæld. Aldur hússins kemur ekki fram en það var staðsett samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá og það er að líkindum á túnakorti frá 1918. Gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju á punkti. Húsið er horfið undir heimreiðina og tún.

**Helluland-1728-379****Hlutverk:** Heimreið**Tegund:** Heimild**Staðhættir og lýsing**

Gamla heimreiðin er sýnd á túnakorti frá 1918 og lá hún framan eða vestan við gamla bæinn. Frá bænum lá hún bæði til suðurs, þar sem nú eru tún og til norðvesturs, nokkurn veginn þar sem heimreiðin frá Hegranesvegi er í dag. Ekkert sér eftir af gömlu heimreiðinni en hún var staðsett eftir hnitsettu túnakorti og má gera ráð fyrir einhverri skekkju.

**Helluland-1728-65****Hlutverk:** Smiðja**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Gamli torfbærinn á Hellulandi stóð framan við eldra íbúðarhúsið á Hellulandi (byggt 1908-1910 og er nú aldursfriðað skv. lögum) þar sem nú eru heimreiðarnar að bæjunum. Á túnakorti frá 1918 er merkt smiðja um 20m vestur af bænum.

**Lýsing**

Smiðjan er horfin og þarna er nú sléttuð tún en smiðjan líklega staðið vestast á bæjarhólnum en þarna er smá brún sem afmarkar vesturmörk bæjarhólsins.

**Helluland-1728-66****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 má sjá útihús á svipuðum slóðum og syðra íbúðarhúsið á Hellulandi.

**Lýsing**

Húsið er horfið og þarna eru nú byggingar og garður í kringum þær.

**Helluland-1728-67****Sérheiti:** Berghús**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Heimild**Staðhættir og lýsing**

Á túnakorti frá 1918 eru merkt útihús efst í túni. Á loftmynd frá 1956 (LI217-LI2-3957) sem eru með öllu horfin í dag. Þetta eru að líkindum hús þau sem kölluð eru Berghús í örnefnaskrá.

## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Húsadalur, dalur, er liggur suðaustur frá fjárhúsunum, sem heita Berghús, efst á túninu.“ (Helluland-Örnefnaskrá, bls. 3).



Mynd 27. Mótóft [1728-68]. Horji er til norðvesturs, neim að bæ.

### Helluland-1728-68

**Sérheiti:** Mókofi

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Í suðvesturhorni gamla túnsins á Hellulandi, 130m suðvestur frá gamla íbúðarhúsinu er lítil tóft.

#### Lýsing

Tóftin er 4x6m að utanmáli og snýr norður-suður. Veggir eru algrónir grasi en sér í eitt og eitt grjót. Þeir eru 40cm háir og 80cm breiðir. Dyr hafa verið til vesturs.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Rósmunds Ingvarssonar (bls. 15) segir: „Örnefni í túninu sunnan Bænhúshóla eru fá. Þó ber að nefna Öskuhóllinn rétt vestan við veginn suður að syðri bænum, og Mókofaholtið og

Mókofamýri vestur við Hegransveg. Á holtinu stóðu veggir af kofanum fram um 1960, en gömlu mógrafirnar voru þar rétt norðan við. Nú eru þær orðnar að túni.“

### Helluland-1728-69

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir og lýsing

Búið er að slétta yfir mógrafirnar sem voru í túninu vestan bæjar og sér ekkert eftir af þeim. Mógrafirnar sjást ekki á loftmynd frá 1956.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Rósmunds Ingvarssonar (bls. 15) segir: „Örnefni í túninu sunnan Bænhúshóla eru fá. Þó ber að nefna Öskuhóllinn rétt vestan við veginn suður að syðri bænum, og Mókofaholtið og Mókofamýri vestur við Hegransveg. Á holtinu stóðu veggir af kofanum fram um 1960, en gömlu mógrafirnar voru þar rétt norðan við. Nú eru þær orðnar að túni.“



*Mynd 28. Loftmynd frá 1956 í eigu Landmælinga Íslands. Rétt ofan við miðja mynd sést tjörnin sem myndaðist þegar Húsalækurinn var stíflaður. Þarna var skepnum brynt og ullin þvegin..*

## **Helluland-1728-70**

**Hlutverk:** Stífla

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Hætta vegna ágangs hesta

### **Staðhættir**

Í lækjargilinu austur af bæ, 120m NNA frá eldra íbúðarhúsinu eru leifar stíflu.

### **Lýsing**

Þarna er landslag nokkuð breytt, einkum vegna hrossabeitar en enn sér móta fyrir útlínum tjarnarinnar og garðlagsbrots fyrir norðurenda tjarnarstæðisins en lækurinn hefur brotið sér leið þar í gegn.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Rósmunds Ingvarssonar (bls. 15) segir: „Austan við gamla fjárhúsgrunninn liggur Húsadalurinn, til suðausturs og eftir honum kemur lækur úr Húsadalstjörn. Hér áður var

hlaðinn stíflugarður rétt fyrir ofan gömlu fjárhúsin, svo þar myndaðist dágóð tjörn. Efst á garðinum var tréstokkur, sem vatnið rann í þegar komið var nógu hátt í tjörnina.“ Heimildamaður sagði að upphaflega hefði garðurinn verið hlaðinn til að brynna skepnum en þarna var ullin líka þvegin (munnl. heimild, Ólafur Jónsson, 22.12.2023).

#### **Helluland-1728-71**

**Hlutverk:** Þvottastaður

**Tegund:** Heimild, grjót

**Hættumat:** Hætta vegna rasks af völdum hestabeitar

#### **Staðhættir og lýsing**

Í lækjargilinu austur af bæ, 120m norðaustur frá eldra íbúðarhúsinu, eru leifar stíflu og 60m suðaustar eru nokkur grjót sem eru leifar þvottahlóðanna. Hlóðirnar eru að mestu horfnar en þarna eru enn steinar sem teknir voru úr garðinum og krakkar notuðu til að stífla lækinn (munnl. heimild, Ólafur Jónsson, 22.12.2023).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Rósmunds Ingvarssonar (bls. 15) segir: „Austan við gamla fjárhúsgrunninn liggur Húsadalurinn, til suðausturs og eftir honum kemur lækur úr Húsadalstjörn. Hér áður var hlaðinn stíflugarður rétt fyrir ofan gömlu fjárhúsin, svo þar myndaðist dágóð tjörn. Efst á garðinum var tréstokkur, sem vatnið rann í þegar komið var nógu hátt í tjörnina. Einnig voru þar hlóðir við austurenda garðsins og þarna var ullin þvegin á hverju vori. Austan lækjarins er klöpp með grónum brekkum móti vestri og suðri og þar var ullin þurrkuð. Klöppin heitir Ullarklöpp.“

#### **Helluland-1728-72**

**Sérheiti:** Ullarklöpp

**Hlutverk:** Þvottastaður (þurrkun)

**Tegund:** Klöpp

#### **Staðhættir og lýsing**

Ullarklöppin var staðsett eftir lýsingu í örnefnaskrá og ábendingum heimildamanns, hún er 125m norðaustur af eldra íbúðarhúsinu á Hellulandi og snýr mót suðri og suðvestri. Hún er bara örfáa metra austur af staðnum þar sem ullin var þvegin.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Rósmunds Ingvarssonar (bls. 15) segir: „Austan við gamla fjárhúsgrunninn liggur Húsadalurinn, til suðausturs og eftir honum kemur lækur úr Húsadalstjörn. Hér áður var hlaðinn stíflugarður rétt fyrir ofan gömlu fjárhúsin, svo þar myndaðist dágóð tjörn. Efst á garðinum var tréstokkur, sem vatnið rann í þegar komið var nógu hátt í tjörnina. Einnig voru þar hlóðir við austurenda garðsins og þarna var ullin þvegin á hverju vori. Austan lækjarins er

klöpp með grónum brekkum móti vestri og suðri og þar var ullin þurrkuð. Klöppin heitir Ullarklöpp.“



Mynd 29. Sá hluti túngarðsins [1728-73] sem er norðan við túnið og sést í Háagerði efst á mynd. Horft er til norðvesturs.

### **Helluland-1728-73**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hætta vegna rasks. Garðurinn hefur látið á sjá vegna ágangs hesta.

### **Staðhættir**

Greinilegir túngarðar eru á tveimur, jafnvel þremur stöðum umhverfis bæjarstæðið á Hellulandi. Einn garðurinn er 45m suðaustur af eldra íbúðarhúsinu. Annar garður er 190-260m norður af húsinu og óljósari garður er 230m norðvestan við íbúðarhúsin, vestur af fjárhústóft [1728-79]

### **Lýsing**

Garðhlutinn sem er suðaustan við bæinn er 67m á lengd og liggur í smávegis boga frá vestri til norðausturs. Hann er grasi og mosa

gróinn, mest 120cm á hæð og 2m á breidd. Vestasti hlutinn er illgreinanlegur, sokkinn eða sléttaður, en restin af garðinum er vel greinileg. Grjót er sýnilegt. Sá hluti garðsins sem er norðan við túnið er 190m langur. Mest 60cm á hæð og 130cm á breidd. Hann er gróinn grasi og mosa en grjót er sýnilegt. Töluvert rof er í gróðurþekjunni á köflum. Á um 60m kafla vestan við túnið er ógreinilegra garðlag sem er líklega hluti af túngarðinum. Algróið grasi og frekar ógreinilegt.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi (bls. 169) segir: „Vallargarður var utan um Hellulandstúnið. Enn standa skýrir hlutar af honum fyrir ofan bæinn og einnig fyrir norðan og yfir Háagerðið. Það kunna að vera handaverk vinnumanna Markúsar Guðmundssonar sem bjó á Hellulandi á seinni hluta 18. aldar, til 1799. Árið 1784 fékk Markús 20 ríkisdala verðlaun úr konungssjóði fyrir að hafa byggt 120 faðma túngarð og sama ár 4 rd. til viðbótar fyrri „vatnsveiting af mýrum“. Fimm árum síðar, eða 1789, hlaut Markús aftur verðlaun úr konungssjóði, 35 ríkisdali



og 80 skildinga fyrri 200 faðma torfgarð og 50 faðma steingarð sem hann hafði hlaðið um tún sitt. Á fyrsta hluta 20. aldar á tímum Sigurðar Ólafssonar, var garðinum enn haldið við og girt ofan á hann en ekki náði hann þó umhverfis allt túnið.“ Í heimild frá 1904 segir: „Fyrir austurhluta túnsins er 200 faðma löng gaddavrisgirðing á gömlum torfgarði og er vírinn ýmist sléttur vír eða gaddavír. Strengirnir eru 2-3 eftir hæð torfgarðsins...” (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 164).



Mynd 30. Tóft [1728-74]. Horft er til norðvesturs.

#### **Helluland-1728-74**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 220m NNA af eldra íbúðarhúsinu á Hellulandi er lítil tóft á svonefndu Háagerði. Tóftin er 14m norðaustur af túngarðinum [1728-73].

**Lýsing**

Tóftin er nánast hringlaga, um 5m í þvermál. Veggir eru lágir, mest 30cm háir og hlaupnir í þúfur. Þeir

eru grónir grasi, mosa og blómgróðri en svolítið rof er í þúfunum. Dyr hafa hugsanlega verið til suðurs.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Háagerði er grasivaxin klapparhæð um 300 m norður af bænum. Vallargarður Hellulands liggur yfir gerðið eða dragið norðanundir gerðinu, upp í sundið fyrir ofan og sveigir síðan til suðausturs upp á klapparholtin. Á hæðinni norður undir garðinum er kofatóft, ekki mjög gömul (65°43'311/19°31'148), en vestar, uppi á háhólnum, kunna að vera nokkrar tóftarleifar, mjög óljósar. Ekki er hægt að segja hvort hér hefur nokkru sinni verið mannabústaður þó svo sé álitíð.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 169).



Mynd 31. Tóft [1728-75] á Háagerði. Horft er til norðausturs.

### **Helluland-1728-75**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Háagerði heitir klapparhóll rúma 200m norður af bæ og um hann liggur túngarðurinn. Á hólnum, sunnan við garðinn eru tóftir.

### **Lýsing**

Ein tóftanna er alveg upp við túngarðinn. Hún er um 5x5 m að utanmáli, mögulega opin til norðurs. Veggir eru 10-40m háir og fremur ógreinilegir.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Háagerði er grasivaxin klapparhæð um 300 m norður af bænum. Vallargarður Hellulands liggur yfir gerðið eða dragið norðanundir gerðinu, upp í sundið fyrir ofan og sveigir síðan til suðausturs upp á klapparholtin. Á hæðinni norður undir garðinum er kofatóft, ekki mjög gömul (65°43'311/19°31'148), en vestar, uppi á háhólnum, kunna að vera nokkrar tóftarleifar, mjög óljósar. Ekki er hægt að segja hvort hér hefur nokkru sinni verið mannabústaður þó svo sé álitid.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 169).



Mynd 32. Tóft [1728-76] á Háagerði. Horft er til ANA.

## **Helluland-1728-76**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Háagerði heitir klapparhóll rúma 200m norður af bæ og um hann liggur túngarðurinn. Á hólnum, sunnan við garðinn, eru tóftir.

### **Lýsing**

Ein tóft er 6m sunnan við túngarðinn. Veggir eru óljósir en tóftin virðist ca. 5x8m að utanmáli og snýr austur-vestur. Engar dyr eru greinanlegar.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Háagerði er grasivaxin klapparhæð um 300 m norður af bænum. Vallargarður Hellulands liggur yfir gerðið eða dragið norðanundir gerðinu, upp í sundið fyrir ofan og sveigir síðan til suðausturs upp á klapparholtin. Á hæðinni norður undir garðinum er kofatóft, ekki mjög gömul (65°43'311/19°31'148), en vestar, uppi á háhólnum, kunna að vera nokkrar tóftarleifar, mjög óljósar. Ekki er hægt að segja hvort hér hefur nokkru sinni verið mannabústaður þó svo sé álitid.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 169).

**Helluland-1728-77****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Niðurgröftur**Staðhættir og lýsing**

Háagerði heitir klapparhóll rúma 200m norður af bæ og um hann liggur túngarðurinn. Á hólnum, sunnan við garðinn, eru ógreinileg veggjalög, líklega tóftaleifar. Sunnan við tóftirnar er lítill ferhyrndur niðurgröftur, hvers hlutverk og aldur eru óljós.

**Helluland-1728-78****Hlutverk:** Óþekkt, matjurtagarður**Tegund:** Niðurgröftur**Staðhættir og lýsing**

Háagerði heitir klapparhóll rúma 200m norður af bæ og um hann liggur túngarðurinn. Sunnan við garðinn er greinileg afmörkun í hólinn, um 30cm djúpur niðurgröftur, 14x15m að utanmáli. Hugsanlega eru þetta leifar matjurtagarðs.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Háagerði er grasivaxin klapparhæð um 300 m norður af bænum. Vallargarður Hellulands liggur yfir gerðið eða dragið norðanundir gerðinu, upp í sundið fyrir ofan og sveigir síðan til suðausturs upp á klapparholtin. Á hæðinni norður undir garðinum er kofatóft, ekki mjög gömul (65°43'311/19°31'148), en vestar, uppi á háhólnum, kunna að vera nokkrar tóftarleifar, mjög óljósar. Ekki er hægt að segja hvort hér hefur nokkru sinni verið mannabústaður þó svo sé álitid.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 169).



Mynd 33. Lambhústóftin [1728-79] á Hornhúsgerði. Horft er til ASA. Hesthúsin á Hellulandi sjást til hægri.

### **Helluland-1728-79**

**Sérheiti:** Lambhús

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Í norðausturhorni gamla túnsins er hóll og á honum fjárhústóft. Tóftin er 260m norðvestur frá eldra íbúðarhúsinu á Hellulandi.

### **Lýsing**

Mikill gróður var á tóftinni þegar skráning fór fram. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er 7x14m að utanmáli. Hluti veggja er greinilega grjóthlaðinn en ekki sást í hleðslur fyrir grasi. Þeir eru 30-50cm háir og rúmlega metri á breidd. Húsin eru með garða og tveimur króm og hafa dyr snúið til vesturs. Að sunnan er heytóft og þar er líka lítill rabarbaragarður.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Í túninu yzt er Háagerði, og norðvestast í því er Hornhúsgerði.“ (Helluland-Örnefnaskrá, bls. 1). Um þessi hús segir í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar (bls. 14: „Suðvestan Háagerðis er dálítill hóll með tóftarbrotum og þar var Lambhús áður fyrr og dregur

lækurinn og melurinn sem vegurinn liggur eftir og Hamraborg er byggð á, sjálfsagt nafn af því. Annars heitir hóllinn Hornhúshóll og túnin bæðið norðan og sunnan við Hornhúsmýrar.“

### **Helluland-1728-80**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Dæld

#### **Staðhættir**

Á túnakort frá 1918 er merkt útihús nyrst í gamla túninu á Hellulandi, 240m NNV frá eldra íbúðarhúsinu.

#### **Lýsing**

Húsið er horfið en þarna er smávegis hóll og í hann um 20cm djúp dæld, líklega þar sem húsin hafa staðið.



*Mynd 34. Hugsanlega leifar túngarðs [1728-81]. Horft er til NNV.*

### **Helluland-1728-81**

**Hlutverk:** Óþekkt, túngarður?

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Í túnjaðri, austur undir lítilli klettaborg, 200m norðvestur frá eldra íbúðarhúsinu í Hellulandi er tóft og austan við hana virðist vera garðlag sem liggur suður yfir klöpp.

#### **Lýsing**

Þarna var mikill gróður þegar skráning fór fram en þarna virðist vera garðlag sem liggur frá norðri til suðurs, algróið grasi og 20-40cm hátt. Garðlagið er 60m langt og norðurendinn fer undir rúllustæðu og sést ekki hinum megin hennar. Ef þetta er í raun garður þá er hugsanlegt að þetta sé hluti af túngarðinum.

**Helluland-1728-82****Hlutverk:** Óþekkt, rétt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Í túnjaðri, austur undir lítilli klettaborg, 200m norðvestur frá eldra íbúðarhúsinu í Hellulandi er tóft.

**Lýsing**

Tóftin liggur austur undir kletti sem gegnir hlutverki vesturveggjar. Tóftin er hugsanlega tvískipt, með litlu hólfi til norðurs en það er óvíst þar sem kindagötur liggja eftir tóftinni endilangri og spilla fyrir túlkun veggja. Girt er eftir austurvegg tóftar. Veggir eru lágir, 10-30cm, og innan við metri á breidd. Þetta virðist helst vera einhvers konar rétt eða kvíar.

**Helluland-1728-83****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Garðlag**Staðhættir**

Vestan Hegranesvegjar, 360m norðvestur frá eldra íbúðarhúsinu á Hellulandi er garðlag eða hluti garðlags.

**Lýsing**

Garðlagið er 13m langt og liggur nokkurn veginn austur-vestur. Það er grjóthlaðið en gróið og að hluta komið í þúfur en þó sést í hleðslur neðst í veggnum. Garðlagið er nokkuð umfangsmikið, tæplega tveir metrar á breidd og 20-60cm hátt. Vesturendi þess liggur fram á brekkubrún og það hefur mögulega legið niður brekkuna en þar er þó ekki greinanlegt framhald. Hlutverk er óljóst og staðsetningin virðist sérkennileg og engar aðrar minjar eru nálægt.

**Helluland-1728-84****Sérheiti:** Myllugarðurinn**Hlutverk:** Áveita**Tegund:** Garðlag**Staðhættir**

Girt uppistöðulón var fast sunnan við heimreiðina að Hellulandi og austan klappar sem liggur í krikanum á milli heimreiðar og Hegranesvegjar.

**Lýsing**

Austurendi svonefnds Myllugarðs hvarf þegar gerður var skurður með skurðgröfu suður túnið. Austur af fyrrnefndri klöpp er enn garðlag sem liggur norður-suður og kannski til suðvesturs

með klöppinni. Garðlagið er 40m langt frá heimreiðinni og til suðurs og svo virðist hann halda áfram til suðvesturs á 26m löngum kafla. Garðurinn er grasi gróinn, mest 3m á breidd.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Áður en Sigurður Ólafsson bóndi réðst í að byggja húsið hugðist hann koma sér upp vatnsknúinni sögunarmyllu. Í því skyni tók hann lækinn sem kom ofan Húsadalinn og rann norðan við bæinn og leiddi hann heim á tún í stökk, gerði uppistöðu neðan við bæinn, ofan við litla klöpp sunnan við Lúsaborgina. Lengi síðan sást þar mannhæðarhár uppistöðugarður, kallaður Myllugarðurinn, til minningar um hugsjón Sigurðar bónda sem aldrei komst í framkvæmd af einhverjum ástæðum.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 165).

#### **Helluland-1728-85**

**Hlutverk:** Beðasléttur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Á loftmynd af Hellulandi frá 1956 (LI217-LI2-3957) sjást beðasléttur á tveimur stöðum, sem nú hefur verið sléttað yfir. Nyrðri sléttur voru 120m NNV af eldra íbúðarhúsinu á Hellulandi þar sem nú er suðurendi túns og sjást beðasléttur ekki lengur.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er vitnað í skýrslu Friðriks Klemenssonar búfræðinema á Hólum frá 1904: „Nokkuð af efri hluta túnsins eru hólar en hitt mest þýfi nema sléttur gerðar af mannahöndum. Af sléttum þeim sem gerðar hafa verið eru 140 ferðfarmar gömul slétta sem farin er að þýfast upp aftur.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 164).

#### **Helluland-1728-86**

**Hlutverk:** Beðasléttur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Á loftmynd af Hellulandi frá 1956 (LI217-LI2-3957) sjást beðasléttur á tveimur stöðum, sem nú hefur verið sléttað yfir. Syðri sléttur voru 40m suðvestur af eldra íbúðarhúsinu á Hellulandi, beint suðvestur af gamla bæjarhólnum. Þarna er nú slétt tún og sléttur horfnar.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er vitnað í skýrslu Friðriks Klemenssonar búfræðinema á Hólum frá 1904: „Nokkuð af efri hluta túnsins eru hólar en hitt mest þýfi nema sléttur gerðar af mannahöndum. Af sléttum þeim sem gerðar hafa verið eru 140 ferðfarmar gömul slétta sem farin er að þýfast upp aftur.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 164).



### **Helluland-1728-87**

**Sérheiti:** Brúin

**Hlutverk:** Brú

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í Örnefnaskrá Hellulands eftir Rósmund Ingvarsson (bls. 15) segir: „Hér áður fyrr lá reiðleið fam Nesið að vestan í gegnum túnið á Hellunlandi fyrir neðan Öskuhólinn, á ská suður og vestur fyrir neðan Miðmundaborg, yfir mýrina, sem var illa blaut, og þar var gerð leið úr grjóti, torfi og grashnausum og nefndist Brúin. Hún er nú komin undir akveginn. Leiðin lá yfir Brúna á ská suðvestur á melinn og þar eftir klapparindum, melum og móum suður að landamerkjum.“

#### **Lýsing**

Ekkert sér eftir af þessari reiðleið í túninu og Brúin er horfin undir veginn.

### **Helluland-1728-88**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Sunnan við túngarðinn var þar samt smárétt, gömul.“ (bls. 168).

#### **Lýsing**

Þessi rétt fannst ekki við skráningu haustið 2022.

### **Helluland-1728-89**

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Neysluvatn var forðum fengið úr brunni niðri í túninu.“ (bls. 165).

#### **Lýsing**

Ummerki um brunninn fundust ekki við skráningu haustið 2023.

### **Helluland-1728-90**

**Hlutverk:** Vatnsleiðsla

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Neysluvatn var forðum fengið úr brunni niðri í túninu. En fljótlega eftir bygginguna, eða um 1912, fór Sigurður bóndi að huga að vatnsleiðslu. Hann

letitaði út og upp að klöppum sunnan og ofan við núverandi vatnsból frá Hamraborg. Þar er dý efst í mýrinni en hann vildi ekki grafa þar, heldur fór hann upp í melinn og gróf þar þangað til komið var niður á móhellu. Síðan eyddi hann ómældum tíma í að brjóta gat á móhelluna og þegar hann loks komst niður úr henni stóð þar vatnsbunan upp úr hellunni. Þessi leiðsla var notuð fram til 1963 þegar jarðskjálftinn varð, þá stífluðust rörin. Þó var áður búið að skipta í mýrinni. Eftir þetta var lögð ný leiðsla frá þessum stað sem enn er notuð“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 165).

### Lýsing

Ummerki um gömlu vatnsleiðsluna fundust ekki við skráningu haustið 2023.

### Helluland-1728-91

**Hlutverk:** Vindmylla

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir og lýsing

Ekkert sér eftir af vindmyllunni á Héraðsvatnabökkunum, í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar (bls. 13) segir að myllan muni hafa verið í notkun 1913 en líklega ekki mjög lengi.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Árið 1913 smíðaði Sigurður Ólafsson vindmyllu með aðstoð Ólafs sonar síns og setti upp suður og niðri á bökkunum við Héraðsvötn til að dæla upp vatni í áveitur á bakkana. Myllan stóð á undirstöðum úr rekaviði og var vatninu ausið upp með snigli sem var 6 fet á lengd og 22 þumlungar í þvermál. Hann var í opnum tréstokk sem Sigurður smíðaði úr rekaviði og var annar endinn ofan í Vötnunum en hinn uppi á bakkanum. Síðan var vatnsrás upp á bakkann sem veitti vatninu upp á engið. Í frásögn um mylluna var þess getið að í hæfilegum vindi snerist myllan 150 snúninga á mínútu og dældi þannig um 3.000-4.000 tunnum vatns á sólarhring. Þessi aðferð til vatnsveitinga er talin hafa verið fyrsta tilraun til slíks á Íslandi og gafst vonum framan en búnaðurinn dugði ekki til lengdar og ákváðu þeir feðgar að fá ný hjól og lengri vatnsskrúfu.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 165).

### Helluland-1728-92

**Hlutverk:** Vindmylla

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Nokkru fyrr en þetta var hafði Sigurður Ólafsson smíðað vindmyllu heima á Hellulandi til að mala í korn. Myllusteinarnir voru úr gneis, sérstaklega pantaðir frá Noregi, um metri að þvermáli. Myllan var eins og hollensku myllurnar, með fjóra spaða og voru sett segl á vængina ef vindurinn var ekki nægilega mikill.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 166).

### Lýsing

Ekkert sér eftir af vindmyllunni og segir Þórunn Ólafsdóttir að vindmyllunar muni vera hinar sömu því ekki var önnur vindmylla á Hellulandi en sú sem dældi vatni upp á engjarnar (Örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar, bls. 19).

### Helluland-1728-93

**Hlutverk:** Varp

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Hellubæjarhólmi er nyrstur hólmannna í Héraðsvötnum fyrir Hellulandi og nær upp undir merki við Utanverðunes. Þangað flutti Ólafur Sigurðsson bóndi fullt af hellugrjóti og bjó til skýli fyrir æðarvarpið og var hvert úr þremur hellum. Tvær hellur stóðu upp á rönd en ein sett ofan á (munnl. heimild, Ólafur Jónsson, 22.12.2023). Eitthvað sést eftir af þessum hellum nyrst í hólmanum en of mikið vatn var í Vötnunum þegar skráning fór fram til þess að hægt væri að fara í hólmann.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Ólafur Sigurðsson kom upp talsverðu æðarvarpi í hólum Héraðsvatna sem eru nokkrir fyrir landi Hellulands. Það gaf 5-6 kíló af dúni þegar mest var. Síðari árin hefur það minnkað verulega, komið niður í 1-2 kg. Áður var varpið mest í Hellubæjarhólma sem nefndur var svo vegna þess að hellur voru fluttar nokkur ár út í hólmann á ísi á veturna og reistar upp til að mynda skjól fyrri hreiður. Eftir að varpið flæddi þar einu sinni á fyrri hluta aldarinnar, hvarf það að mestu úr Hellubæjarhólma og fluttist í hólmana Víði, Langhólma og Kraka. En það eru örðugleikar með þessa varphólma því að í flóðum vill stundum flæða upp á þá.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 166).

### Helluland-1728-94

**Sérheiti:** Hellulandsmógrafir

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur

#### Staðhættir

Í mýrarsundi, 270m NNA af eldra íbúðarhúsinu í Hellulandi eru mógrafir.

### Lýsing

Mógröfin er vel greinileg, 80m löng frá norðri til suðurs og 7-15m breið.

#### Aðrar upplýsingar

Um mógrafirnar segir í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar (bls. 14): „Smáborgirnar ná heim að Hellulandsmógröfum, sem eru í norðaustur frá bænum.“

## Helluland-1728-95

**Hlutverk:** Mógrafir

**Hættumat:** Heimild

### Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar (bls. 14) er getið um mógrafir sunnan og austan við íbúðarhúsið á Hamraborg, sem er norðan Hellulands. Þessar mógrafir sjást ekki í dag og eru ekki greinanlegar á loftmynd frá 1956 en þá er búið að ræsa fram flóann sem þær voru í.



*Mynd 35. Háavarða [1728-96] á Háuklöpp.  
Horft er til austurs.*

uppi á henni.“ (bls. 167-8).

## Helluland-1728-96

**Sérheiti:** Háavarða

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

### Staðhættir

Á kletti, 340m austur frá eldra íbúðarhúsinu á Hellulandi, austan við svonefndan Húsadal sem liggur til suðausturs frá Hellulandi, er varða.

### Lýsing

Varðan er reisuleg, 170cm há og 70x70cm að grunnmáli. Á nokkrum stöðum sést í steypu á milli steina. Í vörðunni er járnteinn með reipi.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar*, V. bindi, segir: „Háaklöpp er austurundan bænum, ber við loft og hlaðin varða



*Mynd 36. Varða [1728-97]. Horft er til norðvesturs, heim að bæ á Hellulandi.*

### **Helluland-1728-97**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Á suðurbrún Húsadals, sem liggur til suðausturs frá Hellulandi, er varða.

#### **Lýsing**

Varðan 60cm há og 75x100cm að grunnmáli. Hún er ekkert sérlega vel hlaðin en stendur ágætlega.



*Mynd 37. Varða [1728-98]. Horft er til norðurs.*

### **Helluland-1728-98**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Suður af suðausturenda Húsadals, sem liggur til suðausturs frá Hellulandi, er varða.

#### **Lýsing**

Varðan er 75x80cm að grunnmáli og rúmlega metri að hæð. Hún er þökkalega hlaðin úr hellugrjóti og eru skófir á steinum og varðan virðist nokkuð gamalleg.



*Mynd 38. Varða [1728-99]. Horf er til ASA.*

### **Helluland-1728-99**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Á kletti, 590m austur frá eldra íbúðarhúsinu á Hellulandi, norður af austurenda Húsadals sem liggur til suðausturs frá Hellulandi, er varða.

#### **Lýsing**

Varðan er stæðileg og ljómandi vel hlaðin. Hún er 120cm há og 1x1,5m að grunnmáli.



*Mynd 39. Varða [1728-100]. Horf er til norðvesturs.*

### **Helluland-1728-100**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Um 100m austur af hornmerkjum við Garð og Vatnskot er varða.

#### **Lýsing**

Varðan er 60cm há og 60x70cm að grunnmáli.



Mynd 40. Varða [1728-101]. Horft er til norðvesturs.

### Helluland-1728-101

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### Staðhættir

Á klöpp, um 550m ANA frá íbúðarhúsinu í Hellulandi, við gamlar götur, er varða.

#### Lýsing

Varðan er er 70cm há og er þríhyrningslaga í grunninn og hver hlið einn metri á lengd. Hún er hlaðin úr nokkuð stóru grjóti einkum neðst. Varðan er norðan við gamlar

götur.

### Helluland-1728-102



Mynd 41. Varða [1728-102]. Horft er til vesturs.

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða


#### Staðhættir

Við merkin milli Hellulands og Garðs, 900m ANA af Hellulandi, er varða.

#### Lýsing

Varðan er 50cm há og 50x50cm að grunnmáli. Svolítið af grjóti liggur í kringum hana sem hugsanlega er hrun úr hleðslunni. Varðan er norðan við gamlar götur.

### Helluland-1728-103



*Mynd 42. Varða [1728-103] og grjóthrúga [1728-104].  
Horft er til suðvesturs.*

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Um 130m vestur af merkjum milli Hellulands og Garðs, sunnan við göturnar sem lágu milli Hellulands og Keflavíkur er varða og við hlið hennar smá grjóthrúga, líklega leifar annarrar vörðu.

**Lýsing**

Varðan er 60cm há, 50x50cm að grunnmáli og hálfhrunin.

### Helluland-1728-104

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga


**Staðhættir**

Um 130m vestur af merkjum milli Hellulands og Garðs, sunnan við göturnar sem lágu milli Hellulands og Keflavíkur er varða og við hlið hennar smá grjóthrúga, líklega leifar annarrar vörðu.

**Lýsing**

Ekki er um eiginlega vörðu að ræða heldur smá grjóthrúgu sem hugsanlega eru leifar hruninnar vörðu.





**Helluland-1728-105**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Um 220m vestur af merkjum milli Hellulands og Garðs, norðan við göturnar sem lágu milli Hellulands og Keflavíkur, er varða.

**Lýsing**

Varðan er um 140cm há, vel hlaðin og er hleðslan hringlaga.

*Mynd 43. Varða [1728-105]. Horft er til norðurs.*



*Mynd 44. Stekkjartóft [1728-106]. Horft er til vesturs.*

### **Helluland-1728-106**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Í mólendi á milli tveggja klapparborga, tæplega 900m norðaustur af bæ er tvískipt tóft, líklega stekkjartóft.

#### **Lýsing**

Tóftin snýr austur-vestur og er 6m frá norðri til suðurs og 10m löng. Hún er tvískipt, líklega stekkjartóft og hefur lambakróin verið til austurs en réttin til vesturs. Op er á milli króar og réttar og hlið hefur verið á réttinni mót vestri. Veggir eru 50cm háir og metri á breidd. Þeir eru algrónir grasi, mosa og blómgróðri.



*Mynd 45. Varða [1728-107]. Horft er til austurs.*

#### **Helluland-1728-107**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Í mólendi á milli tveggja klapparborga, tæplega 900m norðaustur af bæ er tvískipt tóft, líklega stekkjartóft [1728-106] og 45m austur og aðeins norður af henni er varða sem er fast suður af götunum sem liggja í Keflavík.

#### **Lýsing**

Varðan 60x60cm að grunnmáli og 60cm há.



*Mynd 46. Varða [1728-108]. Horft er til suðvesturs.*

#### **Helluland-1728-108**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Á hálfgrónum melum, 560m norðaustur af bæ er varða.

#### **Lýsing**

Hún er 1,5x1,5m að grunnmáli og og 130cm há. Hún er blanda af grjóthrúgu og hlaðinni vörðu.



### **Helluland-1728-109**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Í suðausturausturhorni Hellulands, 1,7km suðaustur af bæ og við leiðina sem lá frá Hellulandi og að Ási og Ríp er lítil varða.

#### **Lýsing**

Varðan sem samanstendur af nokkrum grjótum en ekki eiginlegri hleðslu er um 50x60cm að grunnmáli og 40cm há.

*Mynd 47. Varða [1728-109]. Horft er til norðvesturs.*



*Mynd 48. Varða [1728-110]. Horf er til vesturs.*

### **Helluland-1728-110**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Í suðausturausturhorni Hellulands, 1,3km suðaustur af bæ og austan við leiðina sem lá frá Hellulandi og að Ási og Ríp er lítil varða. Varðan er hlaðin á klöpp sem er að hluta gróin mosa.

#### **Lýsing**

Varðan er 50cm há og 60x75cm að grunnmáli.

### **Helluland-1728-111**

**Hlutverk:** Kennimark


**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Á merkjum milli Hellulands og Vatnskots, 130m austur af norðurenda Húsadalstjarnar er varða.

#### **Lýsing**

Varðan er 40cm há og samanstendur af fjórum steinum auk tveggja sem liggja við hlið hennar. Hún er hrunin og er 40x80cm að grunnmáli.



Mynd 49. Minjar á Grænagerði/Lýsukoti.

### Helluland-1728-112

**Sérheiti:** Grænagerði, Lýsukot

**Hlutverk:** Híbýli, skáli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Augljós merki voru um einhverskonar jarðrækt í tóftinni.

### Staðhættir

Tæplega kílómetra SSA frá Hellulandi og um miðja vega milli bæjarstæðis Hellulands og merkja við Kárastaði eru tóftir sem kallaðar eru Grænagerði. Minjarnar eru umluktar klapparborgum á alla vegu en suður og vestur af tóftunum er 40-80m breiður flói og hefur skurður verið grafinn eftir honum endilöngum.

## Lýsing

Þrjár tóftir eru á Grænagerði. Lengst til austurs er aflöng tóft, 6x20m, og snýr hún norður-suður. Hún virðist tvískipt. Veggir eru stórpýfðir, 30-60cm háir og allt að 2m á breidd. Þeir eru algrónir grasi, mosa og lyngi. Tóftin er mjög gömul að sjá og það passar við niðurstöður rannsókna sem gerðar voru á Grænagerði.

## Rannsóknir á Grænagerði

Borkjarnarannsókn og könnunarskurður voru gerð á Grænagerði og leiddu í ljós að þar hefur verið búseta frá því stuttu eftir landnám og fram yfir árið 1000. Eftir það virðist svæðið hafa verið nýtt fyrir dýr (Kathryn Catlin ofl., 2017).

## Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Grænagerði, eldra nafn Lýsukot (65°43'306/19°30'758) er talið með fornbylum, í svonefndum Hádegishólum, tæpan kílómetra í suður frá Hellulandi. Jarðabókin 1713 nefnir staðinn: „Lijsekot er hér og nefnt en öngvar sjást hér girðingar eður tóftaleifar.“ Svo virðist sem á seinni öldum hafi orðið tilfærsla á nöfnum, farið að nefna Lýsukot í landi Hellulands Grænagerði en Lýsukotsnafnið flutt til yfir á Brúnklukkustaði í landi Kárastaða. Bæjarstæðið er að mestu umlukt af löngum klapparborgum en langt flóasund fyrir neðan, um 50-80 m breitt. Síðan rís klapparveggur og yfir hann ber vesturfjöllin og raunar hluta af Miklavatninu. Grasivaxin laut gengur inn í brekkuvanga næstu klapparhæðar en sunnan við lautina gengur fram gróinn klapparhóll þar sem eru rústir á þremur stöðum. Hér kallast nú Grænagerði (...) Erfitt er að glöggva sig á bæjarhólnum, en svo virðist sem tóftarsvæðið sé langhús á 21 metra löngum bæjarhól og 5 m breiðum. Veggjaskil verða illa greind. Trúlega hefur einhvern tíma verið sett hey í tóftirnar. U.þ.b. 10 metra í norðvestur og lægra, uppi á grónum klapparhóli, er mjög fornleg og útflött rúst, frekar hringlaga, en þó ferköntuð (65°42'660/19°30'726). Önnur rúst er á litlum og aflöngum hól skammt niðri í mýrinni, en þó uppi undir brekkuhallinu. Þar er veggjalagið glöggvast. Hún er eitt hús, u.þ.b. 8 m löng og 5,5 á breidd (65°42'656/19°30'710). Túnið verður varla greint lengur sem slíkt, því lyng hefur mjög sótt á. Þó má sjá grænni lit á bæjarhólnum. Hafi hér verið vallargarður, er hann horfinn. Þó virðist mega sjá leifar hans norðan við þar sem sést fyrir grjóthleðslu í götunni.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 168-169). Í örnefnaskrá segir: „Grænagerði. Eyðibýli fyrir sunnan Hellulandstún í svonefndum Hádegishólum, sem eru klettahæðir, og ber sól í hádegisstað yfir þær heima frá Hellulandi að sjá. Á eyðibýlinu er mjög lítið og fornt túnstæði og rústir óglöggvar.“ (Helluland-Örnefnaskrá, bls. 2).

## Helluland-1728-113

**Sérheiti:** Grænagerði, Lýsukot

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Tæplega kílómetra SSA frá Hellulandi og um miðja vegu milli bæjarstæðis Hellulands og merkja við Kárastaði eru tóftir sem kallaðar eru Grænagerði. Ummerki um öskuhaug fundust í borkjörnum sunnan við tóft [1728-114].

### **Niðurstöður borkjarnarannsóknna og könnunarskurðar á Grænagerði**

Grafinn var 1x1m skurður þar sem borkjarnar sýndu fram á ösku. Í haugnum fundust aðallega kol og töluvert mikið af dýrabeinum, eitthvað af eldbrunnum steinum, nokkuð af járngrípum, s.s. naglar, og hvítir steinar. Einnig fundust fræ úr höfrum og byggi og bendir mikið magn byggs til þess að landbúnaður hafi verið stundaður á Grænagerði um stuttan tíma á 11. öld (Kathryn Catlin o.fl., 2018).

### **Helluland-1728-114**

**Sérheiti:** Grænagerði, Lýsukot

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Tæplega kílómetra SSA frá Hellulandi og um miðja vegu milli bæjarstæðis Hellulands og merkja við Kárastaði eru tóftir sem kallaðar eru Grænagerði. Um 7m norðvestur af tóft [1728-112] er önnur minni tóft.

### **Lýsing**

Tóftin er 5x5m að utanmáli og mjög gömul að sjá. Veggir eru um 80cm breiðir, nánast útflattir en 20cm djúp dæld er ofan í tóftina. Tóftin er algróni, grasi, mosa og lyngi.

### **Helluland-1728-115**

**Sérheiti:** Grænagerði, Lýsukot

**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta, þarna hafði trjám verið plantað

### **Staðhættir**

Tæplega kílómetra SSA frá Hellulandi og um miðja vegu milli bæjarstæðis Hellulands og merkja við Kárastaði eru tóftir sem kallaðar eru Grænagerði. Um 35m VSV af tóft [1728-112] er önnur tóft, nokkuð greinilegri en hinar tóftirnar.

### **Lýsing**

Tóftin er 5x7m að utanmáli og snýr norður-suður. Hugsanlega tvískipt og þá með litlu hólfi til suðurs en það er þó óvíst. Veggir eru svolítið rofnir, 30-40cm háir og 80cm breiðir.



**Helluland-1728-116****Hlutverk:** Vatnsból**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Vatnsbólið hefur líklega verið um 40-50 metrum austsuðaustan við bæjarhólinn. Þar spratt upp lítil lind undan klöpp þegar staðurinn var skoðaður 1997. Þessa vatnsbólís fundust engin merki við endurkomu á staðinn 18. september 2004. Landkostir eru naumir og leifar mannvirkja virðast margra aldar gamlar.“ (bls. 169).

**Lýsing**

Vatnsbólið fannst ekki við vettvangsskráningu 2018.

**Helluland-1728-117****Hlutverk:** Óþekkt, túngarður**Tegund:** Garðlag**Staðhættir**

Tæplega 50m norðvestur frá tóftum á Grænagerði er garðlag sem liggur frá norðaustri til suðvesturs og svo vesturs.

**Lýsing**

Garðlagið er alls um 70m langt, það er rofið á tveimur stöðum.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi, segir: Hafi hér verið vallargarður, er hann horfinn. Þó virðist mega sjá leifar hans norðan við þar sem sést fyrir grjóthleðslu í götunni.“ (bls. 168-169).



Mynd 50. Yfirlitsmynd af Kotinu áður en uppgröftur hófst. Stekkjartóftin er á hólnum fyrir miðri mynd. Horft til suðurs.  
Ljósmynd: Kathryn Catlin.

## Helluland-1728-118

**Sérheiti:** Kotið

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Syðst á hólrana, tæplega 1,4km norður frá Hellulandi var tóft sem helst líktist stökkjartóft. Að austan og vestan eru langar klettaborgir en að sunnan framræstar mýrar. Á tóftinni og umhverfis hana er þýft mólendi en norðan hennar eru flagmóar.

### Lýsing

Tóftin snéri NNW-SSA og var 5x14m að utanmáli. Hún virtist tvískipt en meintur milliveggur var þó hruninn. Minna hólfr var til suðurs en stærra til norðurs og á því dyr við norðausturhorn tóftar. Veggir voru 20-40cm háir og 130cm á breidd. Tóftin stóð á smá hólbungu sem benti til að hún væri byggð á eldri minjum sem síðar reyndist raunin.

### Uppgröftur á Kotinu

Þegar þessi skýrsla er skrifuð hefur staðið yfir uppgröftur á Kotinu í tvö sumur, 2022 og 2023 og stefnt að þriðja uppgriftarsumrinu 2024. Í lok uppgriftar sumarið 2023 var orðið ljóst að undir stökkjartóftinni voru tveir fasar útihúss frá 14. öld og var húsið með þaki og timburhurð. Þar undir voru tvær sambyggðar byggingar, önnur með heyi og er talið að sú tóft og jafnvel báðar tóftirnar séu heytóftir. Þar undir er bygging, líklega íveruhús frá miðri 10. öld sem var

um 6x3m að utanmáli. Undir því var svo skáli frá seinni hluta níundu aldar og fram á fyrri hluta þeirrar tíundu. Skálatóftin er 3,5x10m að utanmáli (skv. tölvupósti frá Kathryn Catlin, 26.10.2023). Undanfari rannsóknarinnar á Kotinu var doktorsverkefni Kathryn Catlin þar sem hún rannsakaði möguleg smábýli í Hegranesi og var Kotið eitt af hennar viðfangsefnum. Niðurstöður borkjarnarannsóknna árið 2022 benda til þess að býlið hafi verið um 316m<sup>2</sup> að stærð (Kathryn Catlin o.fl., 2022).



Mynd 51. Stekkjartóftin [1728-118]eins og hún var mæld upp í maímánuði 2017. Loftmyndin sem er undir er yngri og sýnir uppgraftarsvæðið á Kotinu. Tóftin er nú horfin.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „(65°43'915/19°31'372). Í 1.400 metra fjarlægð norður frá Hellulandi, um það bil 100 metra suðaustur frá norðurenda Lönguborgar, eru tóftarbrot sem nefnd er Kotið, syðst á hólrana sem gengur fram í mýrarsund það er liggur austan Lönguborgar. Þar er ein allstór tóft, virðist eitt langhús og hliðarkofi að austan. Garður sýnist hafa verið meðfram tóftinni að austan sem beygir niður sunnan við og verður síðan ógreinanlegur. Ólafur á Hellulandi vissi ekki hvort þarna hefði einhvern tíma verið mannabústaður eða bara beitarhús. En hér kann rústum að hafa verið spillt með því að gera þar heystæði, eins og stundum tíðkaðist. Umhverfi tóftanna er komið í stórvaxnar lyng- og mosapúfur, gróðursvæðið varla mera en ein

dagslátta. Hæpið er að telja þetta mannabústað, líklegast bæjarhús.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 169).



Mynd 52. Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæðinu á Kotinu sumarið 2022. Þarna er búið að fjarlægja stekkjartóftina. Ljósmynd:FLASH.

## **Helluland-1728-119**

**Sérheiti:** Kotið

**Hlutverk:** Öskuhaugur, jarðhús

**Tegund:** Heimild, mannvistarleifar

### **Staðhættir og lýsing**

Í hallanum austur af tóftinni sem stóð á Kotinu og jarðlægum minjum undir henni var öskuhaugurinn sem staðsettur var með borkjarnatöku og síðan uppgreftri (Kathryn Catlin o.fl., 2022).

### **Aðrar upplýsingar**

Við uppgröft í öskuhaugnum kom í ljós jarðhús frá síðari hluta 9. aldar en það er órannsakað þegar þessi skýrsla er rituð. Flestir þeirra gripa sem fundist hafa á Kotinu eru úr öskuhaugnum og má þar m.a. nefna perlur, beinþrjón, járngripi og unnin bein (Kathryn Catlin o.fl., 2022).

## **Helluland-1728-120**

**Sérheiti:** Kotið

**Hlutverk:** Útihús, skáli

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Syðst á hólrana, tæplega 1,4km norður frá Hellulandi var tóft sem helst líktist stekkjartóft [1728-118]. Að austan og vestan eru langar klettaborgir en að sunnan framræstar mýrar. Á tóftinni og umhverfis hana er þýft mólendi en norðan hennar eru flagmóar.

### **Uppgröftur á Kotinu**

Þegar þessi skýrsla er skrifuð hefur staðið yfir uppgröftur á Kotinu í tvö sumur, 2022 og 2023, og stefnt að þriðja uppgraftarsumrinu 2024. Í lok uppgraftar sumarið 2023 var ljóst að undir stekkjartóftinni voru tveir fasar útihúss frá 14. öld og var húsið með þaki og timburhurð. Þar undir voru tvær sambyggðar byggingar, önnur með heyi og er talið að sú tóft og jafnvel báðar tóftirnar séu heytóftir. Þar undir er bygging, líklega íveruhús frá miðri 10. öld sem var um 6x3m að utanmáli. Undir því var svo skáli frá seinni hluta níundu aldar og fram á fyrri hluta þeirrar tíundu. Skálatóftin er 3,5x10m að utanmáli (skv. tölvupósti frá Kathryn Catlin, 26.10.2023). Undanfari rannsóknarinnar á Kotinu var doktorsverkefni Kathryn Catlin þar sem hún rannsakaði möguleg smábýli í Hegrnesi og var Kotið eitt af hennar viðfangsefnum. Niðurstöður borkjarnarannsóknna árið 2022 benda til þess að býlið hafi verið um 316m<sup>2</sup> að stærð (Kathryn Catlin o.fl., 2022).

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „(65°43'915/19°31'372). Í 1.400 metra fjarlægð norður frá Hellulandi, um það bil 100 metra suðaustur frá norðurenda Lönguborgar, eru tóftarbrot sem nefnd eru Kotið, syðst á hólrana sem gengur fram í mýrarsund það er liggur austan Lönguborgar. Þar er ein allstór tóft, virðist eitt langhús og hliðarkofi að austan. Garður sýnist hafa verið meðfram tóftinni að austan sem beygir niður sunnan við og verður síðan ógreinanlegur. Ólafur á Hellulandi vissi ekki hvort þarna hefði einhvern tíma verið mannabústaður eða bara beitarhús. En hér kann rústum að hafa verið spillt með því að gera þar heystæði, eins og stundum tíðkaðist. Umhverfi tóftanna er komið í stórvaxnar lyng- og mosapúfur, gróðursvæðið varla mera en ein dagsláttu. Hæpið er að telja þetta mannabústað, líklegast bæjarhús.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 169).

## **Helluland-1728-121**

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Skurður er á merkjum Hellulands og Utanverðuness næst Vötnunum og langleiðina upp að gamla veginum yfir Hegranes þar sem áður var landamerkjagarður og búið er að gera tún að merkjaskurðinum beggja vegna Hegranesvegar.

### Lýsing

Merkjagarður fannst ekki við skráningu og er hann að líkindum horfinn vegna seinni tíma framkvæmda.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Forn landamerkjagarður er á milli Hellulands og Utanverðuness vestan frá Héraðsvötnum og austur í svonefnda Kiðuklauf, sem er skarð í Ásana fyrir sunnan og vestan Nesvatnið og sýsluvegurinn liggur nú um.“ (Helluland-Örnefnaskrá, bls. 3).



*Mynd 53. Grjótstekkur [1728-122] í landi Fagralands. Horft er til suðurs.*

### Helluland-1728-122

**Sérheiti:** Grjótstekkur

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Sunnan undir klöpp, 80m austur af íbúðarhúsinu á Fagralandi og 15m vestur af Hegranesvegi er grjóthlaðin stekkjartóft, Grjótstekkur.

### **Lýsing**

Stekkjartóftin er 5x13m að utanmáli og snýr austur-vestur. Króin er til austurs og réttin til vesturs, upp undir klettinum sem er nýttur sem veggur. Veggir eru 20-50cm háir og um 80cm breiðir. Hleðslur sjást vel en veggir lambakróar eru að mestu grónir grasi og mosa. Á klöppinni ofan við stekkin er smá hleðsla og tengist hún líklega stekknunum. Torfgarðlagið sem getið er í örnefnaskrá sést ekki lengur.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Talsvert langt norður frá Hellulandi, vestan við þjóðveginn er klöpp sem heitir Grjótstekkur, neðan við utanverða Lönguborg. Þar er glöggur grjóthlaðinn stekkur sunnan undir borginni sem talin er huldufólksbær.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 168). Um Grjótstekk segir í örnefnaskrá: „Grjótstekkur er klettaborg norður og austur frá Draugslág, er fornt stekkjarbrot úr grjóti við borgina og lítil girðing forn úr torfi suður frá stekknunum.“ (Helluland-Örnefnaskrá, bls. 3).

### **Helluland-1728-123**

**Hlutverk:** Engjavegur

**Tegund:** Leið

### **Staðhættir og lýsing**

Samkvæmt heimildamanni lá engjavegurinn út túnin frá bæ, austan við Lambhúsin og niður á engin norðan við Lambhúslækinn. Þessi vegur var seinna farinn á dráttarvélum og þá óðst hann allur upp og þarna urðu djúp spor sem sjást vel norðan við Lambhúslækinn, vestan Hegranesvegur, en ekkert sést austan vegarins þar sem nú eru slétt tún (munnl. heimild, Ólafur Jónsson 22.12.2023). Vegslóði sést þarna og er um 230m langur frá austri til vesturs.

### **Helluland-1728-124**

**Sérheiti:** Hellulandsvöð

**Hlutverk:** Vað

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Ekki tókst að staðsetja vaðið með viðunandi nákvæmni.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar (bls. 19) segir: „Hellulandsvöðin voru tvö. Annað þeirra þar sem Vetrarleiðin var, en hitt af enginu, um norðurenda Kríuhólma, og upp á Skóga þar sem gert hafi verið vik, sem líklega sést ennþá.“

## Helluland-1728-125

**Sérheiti:** Hellulandsvöð

**Hlutverk:** Vað


**Tegund:** Heimild

### Staðhættir og lýsing

Hnitpunktar voru staðsettir samkvæmt lýsingum heimildamanns og staðsetningu í örnefnaskrá og má gera ráð fyrir einhverri skekkju. Heimildamaður gat þess að á vorin var stundum farið með stóð yfir vöðin til þess að hreinsa þau af sandi sem myndaðist yfir vetrartímamann (munnl. heimild, Ólafur Jónsson, 22.12.2023).

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar (bls. 19) segir: „Hellulandsvöðin voru tvö. Annað þeirra þar sem Vetrarleiðin var, en hitt af enginu, um norðurenda Kríuhólma, og upp á Skóga þar sem gerðt hafi verið vik, sem líklega sést ennþá.“



*Mynd 54. Áveitugarður [1728-126], horft er til suðvesturs.*

## Helluland-1728-126

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Garðlag

### Staðhættir

Engi voru á Héraðsvatnabökkunum, vestan bæjar. Þar eru ummerki eftir áveitur, bæði skurðir og garðar.

### Lýsing

Um 170m SSA frá merkjum við Utanverðunes er garðlag sem liggur til norðausturs frá Héraðsvatnabökkum og upp undir smá klett. Garðlagið er tæplega 60m lang og mest um 1,5m á breidd. Það er um 30cm hátt og gróið.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Engjavegur erfiður og þarf talsvert viðhald til þess engið gefi af sér nefnda hestatölu.

Þarf árlega endurbót á flóðgörðum og viðhald á áveituvél.“ (bls. 164). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar (bls. 13) er skráð eftir Þórunni Ólafsdóttur: „Engið meðfram Vötnunum skiptist í eftirfarandi hólf afmörkuð af áveitugörðum. Yst er Bleikshöfði, þá Péturshólf, Lambhúshólmur, Stekkjarhólf, Kúadrög og Ásgrímsstaðaengi.“





*Mynd 55. Áveitugarður [1728-127]. Horft er til vesturs.*

## **Helluland-1728-127**

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Garðlag

### **Staðhættir**

Engi voru á Héraðsvatnabökkunum, vestan bæjar. Þar eru ummerki eftir áveitur, bæði skurðir og garðar.

### **Lýsing**

Um 380m SSA frá merkjum við Utanverðunes er garðlag sem liggur til austurs frá Héraðsvatnabökkum og upp undir brekkurnar sem eru þar austur af. Garðlagið er 85m langt en ekki nema 20cm hátt og tæpur metri á breidd. Það var að hluta undir vatni þegar skráning fór fram.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Engjavegur erfiður og þarf talsvert viðhald

til þess engið gefi af sér nefnda hestatölu. Þarf árlega endurbót á flóðgörðum og viðhald á áveituvél.“ (bls. 164). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar (bls. 13) er skráð eftir Þórunni Ólafsdóttur: „Engið meðfram Vötnunum skiptist í eftirfarandi hólf afmörkuð af áveitugörðum. Yst er Bleikshöfði, þá Péturshólf, Lambhúshólmur, Stekkjarhólf, Kúadrög og Ásgrímsstaðaengi.“



Mynd 56. Áveitugarður [1728-128]. Horft er til norðvesturs.

### Helluland-1728-128

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Garðlag

#### Staðhættir

Engi voru á Héraðsvatna-  
bökkunum, vestan bæjar.  
Þar eru ummerki eftir  
áveitur, bæði skurðir og  
garðar.

#### Lýsing

Um 640m SSA frá merkjum  
við Utanverðunes er  
garðlag sem liggur í vinkil.  
Það er 145m langt og 20-

40cm hátt. Það nær ekki alveg niður að Vatnabakkanum.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Engjavegur erfiður og þarf talsvert viðhald til þess engið gefi af sér nefnda hestatölu. Þarf árlega endurbót á flóðgöörðum og viðhald á áveituvél.“ (bls. 164). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar (bls. 13) er skráð eftir Þórunni Ólafsdóttur: „Engið meðfram Vötnunum skiptist í eftirfarandi hól afmörkuð af áveitugörðum. Yst er Bleikshöfði, þá Péturshólf, Lambhúshólmur, Stekkjarhólf, Kúadrög og Ásgrímsstaðaengi.“



Mynd 57. Áveitugarður [1728-129] er ofan við skurðuppgröftinn sem er fyrir miðri mynd og liggur garðurinn í átt að Héraðsvötnum. Horft er til vesturs.

### Helluland-1728-129

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Garðlag

#### Staðhættir

Engi voru á Héraðsvatna-  
bökkunum, vestan bæjar.  
Þar eru ummerki eftir  
áveitur, bæði skurðir og  
garðar.

#### Lýsing

Um 1,1km suður af  
merkjum er fremur óljóst  
garðlag sem liggur nánast  
að Vatnabökkunum og er

160m langt. Það liggur í stefnuna austur-vestur. Garðlagið er rétt um 30-50cm breitt og 10-20cm hátt.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Engjavegur erfiður og þarf talsvert viðhald til þess engið gefi af sér nefnda hestatölu. Þarf árlega endurbót á flóðgörðum og viðhald á áveituvél.“ (bls. 164). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar (bls. 13) er skráð eftir Þórunni Ólafsdóttur: „Engið meðfram Vötnunum skiptist í eftirfarandi hól afmörkuð af áveitugörðum. Yst er Bleikshöfði, þá Péturshólf, Lambhúshólmur, Stekkjarhólf, Kúadrög og Ásgrímsstaðaengi.“



Mynd 58. Áveitur og minjar vestan Hegranesvegar í landi Hellulands.

### Helluland-1728-130

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Niðurgröftur

#### Staðhættir

Engi voru á Héraðsvatnabökkunum, vestan bæjar. Þar eru ummerki eftir áveitur, bæði skurðir og garðar.

#### Lýsing

Um 1,1km suður af merkjum er fremur óljóst garðlag sem liggur nánast að Vatnabökkunum og er 160m langt. Um 25m norðan við áveitugarðinn er skurður sem liggur norðvestur-suðaustur og er 150m langur.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Engjavegur erfiður og þarf talsvert viðhald til þess engið gefi af sér nefnda hestatölu. Þarf árlega endurbót á flóðgörðum og viðhald á áveituvél.“ (bls. 164).

### Helluland-1728-131

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Niðurgröftur

#### Staðhættir

Engi voru á Héraðsvatnabökkunum, vestan bæjar. Þar eru ummerki eftir áveitur, bæði skurðir og garðar.

#### Lýsing

Um 1,1km suður af merkjum er fremur óljóst garðlag sem liggur nánast að Vatnabökkunum og er 160m langt. Samsíða garðinum, 25m sunnar, er skurður. Hann er 70m langur og liggur austur-vestur.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Engjavegur erfiður og þarf talsvert viðhald til þess engið gefi af sér nefnda hestatölu. Þarf árlega endurbót á flóðgörðum og viðhald á áveituvél.“ (bls. 164).



Mynd 59. Stekkjartóft [1728-132] undir Stekkjarbrík. Horft er til norðvesturs.

## **Helluland-1728-132**

**Sérheiti:** Stekkur

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Um 510m norðvestur af eldra íbúðarhúsinu á Hellulandi er stekkjartóft vestan undir kletti. Vestan tóftarinnar er skurður og vestan hans eru engin.

### **Lýsing**

Tóftin er grjóthlaðin og er, eins og áður sagði, upp undir kletti sem er nýttur sem austurveggur. Innanmál tóftarinnar er 4,5x8m. Veggir eru 20-50cm háir og 80cm breiðir. Vegggleðslur eru töluvert hrundar og eru mest þrjár grjótraðir uppistandandi. Hlið hefur líklega verið við norðvesturhorn tóftar. Eins og sjá má að neðan er þetta kallað stekkur í byggðasögunni og örnefni benda til þess sama en enga greinilega kró var að sjá sem er óvenjulegt á stekkjum.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Annar grjóthlaðinn stekkur var beint fyrir neðan bæinn, niður við engið, undir Stekkjarbrík og veitir klettaveggurinn skjól frá norðri og austri. Stekkurinn er u.þ.b. 10 m á lengd að innan máli en 5-6 á breidd (65°43'306/19°31'647).“ (bls.

168). Þetta er líklega sami stekkur og nefndur er í Örnefnaskrá: „Stekkjarkíll er blástararkíldrag fyrir neðan túnið (gamla túnið) og dregur nafn af Stekk, er við hann stendur að austanverðu.“ (Helluland-Örnefnaskrá, bls. 1).



Mynd 60. Miðmundargarður [1728-133]. Horft er til vesturs.

### **Helluland-1728-133**

**Sérheiti:** Miðmundargarður

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Engi voru á Héraðsvatnabökkunum, vestan bæjar. Þar eru ummerki eftir áveitur, bæði skurðir og garðar. Miðmundargarður heitir áveitugarður sem er 425m vestur af eldra íbúðarhúsinu í Hellulandi.

### **Lýsing**

Garðurinn liggur austur-vestur og nær ekki alveg út að Héraðsvötnum. Hann er vel greinilegur nema austurendinn sem er svolítið orðinn sokkinn í mýrina. Hæð er um 30-40cm.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Engjavegur erfiður og þarf talsvert viðhald til þess engið gefi af sér nefnda hestatölu. Þarf árlega endurbót á flóðgörðum og viðhald á áveituvél.“ (bls. 164). Í Örnefnaskrá segir: „Miðmundargarður er flóðgarður á enginu niður undan svonefndu Miðmundagili.“ (Helluland-Örnefnaskrá, bls. 1). Í Örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar (bls. 13) er skráð eftir Þórunni Ólafsdóttur: „Engið meðfram Vötnunum skiptist í eftirfarandi hól afmörkuð af áveitugörðum. Yst er Bleikshöfði, þá Péturshólf, Lambhúshólmur, Stekkjarhólf, Kúadrög og Ásgrímsstaðaengi.“

### **Helluland-1728-134**

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Niðurgroftur

#### **Staðhættir**

Engi voru á Héraðsvatnabökkunum, vestan bæjar. Þar eru ummerki eftir áveitur, bæði skurðir og garðar. Um 620m suðaustur frá bæ virðist vera áveituskurður en hann er samfallinn og sést ekki mjög greinilega.

### **Lýsing**

Skurðurinn liggur norðaustur-suðvestur og nær að Héraðsvatnabakkanum. Hann er 110m langur og var mældur upp af loftmynd þar sem lítið sást á vettvangi.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Engjavegur erfiður og þarf talsvert viðhald til þess engið gefi af sér nefnda hestatölu. Þarf árlega endurbót á flóðgörðum og viðhald á áveituvél.“ (bls. 164). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar (bls. 13) er skráð eftir Þórunni Ólafsdóttur: „Engið meðfram Vötnunum skiptist í eftirfarandi hólf afmörkuð af áveitugörðum. Yst er Bleikshöfði, þá Péturshólf, Lambhúshólmur, Stekkjarhólf, Kúadrög og Ásgrímsstaðaengi.“

### **Helluland-1728-135**

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Niðurgröftur

### **Staðhættir**

Engi voru á Héraðsvatnabökkunum, vestan bæjar. Þar eru ummerki eftir áveitur, bæði skurðir og garðar. Um 230m NNV frá Ásgrímsstöðum er lítill skurður á Héraðsvatnabakkanum, hugsanlega áveituskurður.

### **Lýsing**

Skurðurinn er 30m langur og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er tæpur metri á breidd og sést aðeins sem grunnur niðurgröftur, mest 30cm djúpur en minna til vesturs, nær Vatnabökkunum.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Engjavegur erfiður og þarf talsvert viðhald til þess engið gefi af sér nefnda hestatölu. Þarf árlega endurbót á flóðgörðum og viðhald á áveituvél.“ (bls. 164). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar (bls. 13) er skráð eftir Þórunni Ólafsdóttur: „Engið meðfram Vötnunum skiptist í eftirfarandi hólf afmörkuð af áveitugörðum. Yst er Bleikshöfði, þá Péturshólf, Lambhúshólmur, Stekkjarhólf, Kúadrög og Ásgrímsstaðaengi.“



Mynd 61. Tóft [1728-136]. Horft er til vesturs.

### Helluland-1728-136

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Á melunum austur og upp af Héraðsvötum, vestan Hegranesvegar og 610m suðvestur frá Hellulandi er tóft.

#### Lýsing

Algróin smátóft sem að minnir helst á hey- eða mótóft. Veggir eru óljósir og komnir í þúfur. Þeir eru 20cm háir og 70cm breiðir.



Mynd 62. Glugginn (steinninn) á Ljúflingshól [1728-137], horft er til norðurs. Ljósmynd: Hjalti Pálsson, birt með leyfi.

### Helluland-1728-137

**Sérheiti:** Ljúflingshóll

**Hlutverk:** Huldufólksbústaður

**Tegund:** Hóll, heimild

#### Staðhættir og lýsing

Ljúflingshóll er fast austan og suðaustan við eldra íbúðarhúsið á Hellulandi, nokkuð umfangsmikill hóll sem liggur norður-suður. Á honum syðst er steinn sem kallaður er Gluggi.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Nágrannakona mín býr hér í Ljúflingshólnum“, segir Þórunn Ólafsdóttir. Það er hóllinn hér í lautinni rétt ofan við húsið. Hann er aflangur og einn lítill steinn sem kemur upp úr honum syðst. Hann heitir Gluggi. Það er glugginn á Ljúflingshólnum. En ég veit ekkert hvað hún heitir, konan, en þetta er ljúflingur, sagði Hafsteinn miðill. Álfar sem eru í mannsmynd búa í klettum, en ljúflingar búa í hólum.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 167).

### Helluland-1728-138

**Sérheiti:** Langaborg

**Hlutverk:** Huldufólksbústaður

**Tegund:** Klettaborg, heimild



### **Staðhættir og lýsing**

Langaborg liggur meðfram Hegranesvegi að austan. Hún er um 670m að lengd og 80-100m breið. Eitt íbúðarhús sem stendur norðarlega á Lönguborg.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi, segir: „Langaborg heitir norður frá bænum, austan við þjóðveg, og nær alveg suður að túni. Hún a.m.k. 500-600 metra löng. Þar er kaupstaður huldufólksins, sagði Hafsteinn miðill.“ (bls. 167).

### **Helluland-1728-139**

**Sérheiti:** Miðmundarborg

**Hlutverk:** Huldufólksbústaður

**Tegund:** Klettur, heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Miðmundarborg er fast suður af túnum á Hellulandi og fast austan Hegranesvegar.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Miðmundarborg er sunnan við túnið, suður og niður frá bænum, skammt austan vegarins. Þar er stórbýli huldufólks. Þar sá Hafsteinn oft ljós veturinn 1918 og stundum gamlan karl sem var að vappa á hlaðinu framan við bæ með þremur burstum og skemmu til hliðar. „Hann var allt öðruvísi en aðrir menn, sem ég hafði séð, þessi gamli maður, svona lítill og kubbslegur, en þó svo góðlegur og glettinn í augunum. Og af hverju talaði Ólafur aldrei við hann, þegar hann var suður við túngirðinguna og sá gamli stóð þarna rétt hjá honum, á hlaðinu hjá sér. Eins og hann Ólafur var þó alúðlegur og góður við alla og vildi alltaf vera að bjóða fólki inn og veita því góðgjörðir.““ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 167).

### **Helluland-1728-140**

**Sérheiti:** Huldufólkskirkjan

**Hlutverk:** Huldufólksbústaður

**Tegund:** Klettur, heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Huldufólkskirkjan er 20m löng klettabrick sem liggur norður-suður og er 420m vestur af Hellulandi. Fast austan við engin.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi, segir: „Huldufólkskirkjan (65°43'110/19°31'635), rúmlega 20 metra löng klettabrick niður við engi. (...) Huldufólkskirkjan er ofan í Bríkum, einn sérstakur klettur.“ (bls. 167).

### **Helluland-1728-141**

**Sérheiti:** Lambhúsaborg

**Hlutverk:** Huldufólksbústaður

**Tegund:** Klettur, heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Lambhúsborgin er fast austan við engin, rúmlega 100m norður af vesturenda Lambhúslækjar og 270m vestur af íbúðarhúsinu á Hamraborg.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Lambhúsborg (65°43'405/19°31'670). Sumarið 1925 fór Ragnheiður húsfreyja eitt sinn sem oftast niður að Héraðsvötnum að vitja um silunganet. Með henni var fjögurra ára drengur sem Helgi hét. Gengu þau sem leið lá niður fyrir Bríkurnar, um svonefnda Lambhúsgrund. Norðan við hana heitir Lambhúsborg, 5-6 mannhæða há, burstmyndaður standklettur sem springur fram úr brekkunum. Þegar þau koma á miðja grundina segir Helgi. „Hvaða bær er þetta. Er þetta Veðramót?“ en þar hafði drengurinn verið sumarið áður. „Þetta er enginn bær, það er bara klettur“, segir Ragnheiður. „Jú víst er þetta bær. Sérðu ekki krakkana þarna uppi í glugganum, þeir eru að hlæja og benda. Má ég ekki fara og finna þau?“ „Jú, þú mátt fara. Sérðu dyrnar?“ „Já, þær eru þarna“ og hleypur að klettinum og ýtið með báðum höndum þar sem hann sá dyrnar. Svo segir hálfvandráðalega. „Það er fast. – Það er lokað. Getur þú ekki opnað?,“ segir hann við Ragnheiði. „Ég sé engar dyr.“ Jú þær eru hérna“, staðhæfir hann. „Við skulum fara að vitja um og þegar við komum til baka skaltu fá að leika þér við krakkana“, svarar Ragnheiður. Það er stutt leið frá Lambhúsgrund ofan á Vatnabakkana og leið því lítt meir en hálfur tími þangað til þau komu aftur að klettinum. Ragnheiður talaði ekkert um bæinn og ætlaði að vita hvað Helgi sæi nú en hann minntist ekki einu orði á bæinn og krakkana.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 167).

### **Helluland-1728-142**

**Sérheiti:** Háaklöpp

**Hlutverk:** Huldufólksbústaður

**Tegund:** Klettur, heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Háaklöpp er norður af vesturenda Húsadals, 300m austur af Hellulandi.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Háaklöpp er austur undan bænum, ber við loft og hlaðin varða uppi á henni. Þar sá Þórunn húsfreyja oft ljós á kvöldin þegar hún krakki. Við aðra klöpp vestan við Húsadalinn sat Þórunn tímum saman og hlusta á Strokksljóðið, þegar hún var lítil. Mamma hennar sagði að það hefði verið eins og hana vantaði aldrei leikfélaga. Hún dundaði þarna uppfrá tímum saman. Þórunn segist samt ekki hafa gert sér grein fyrir hvort

hún hafi séð nokkuð. En í minningunni finnst henni hún aldrei hafa verið ein.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 167-8).

## Ásgrímsstaðir



*Mynd 63. Bæjartóftin [1728-143] á Ásgrímsstöðum. Horft er til norðvesturs.*

### **Helluland-1728-143**

**Sérheiti:** Ásgrímsstaðir

**Hlutverk:** Híbýli, bæjarhóll

**Tegund:** Tóft, hóll

### **Staðhættir**

Ásgrímsstaðir liggja á austurbakka Héraðsvatna, rúmlega kílómetra suðvestur frá Hellulandi. Bæjarhóllinn, þ.e. síðasta bæjarstæðið, liggur vestur undir lágum klettum, efst og austast í túni. Bæjarhóllinn er grasi gróinn, 18x27m að utanmáli og á honum er bæjartóftin auk fjárhústóftar.

### **Lýsing**

Bærinn sjálfur hefur ekki verið ýkja stór, um 10x14m að utanmáli. Það sem eftir er af bænum er grjóthlaðinn kjallari til suðvestur og hefur mögulega verið timburhús á honum. Norðan

kjallarans hefur að líkindum verið eitt hús og annað til austurs. Veggir eru 10-25cm háir og grasi grónir en þó sér í hleðslur í veggjum. Kjallaraveggirnir eru um metri á breidd og hann er um 120cm djúpur. Mest sést í sjö raðir af grjóti.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Hér sjást glöggar tóftir af litlum bæjarhúsum neðan undir klettaveggjum. Virðist hafa verið lítið timburhús í suðvesturhorni bæjarins með grjóthlöðnum kjallara undir.“ (bls. 159). Árið 2016 var gerð borkjarnarannsókn á vegum SCASS verkefnisins og benda niðurstöður hennar til þess að bæjarhóllinn hafi verið á sama stað frá upphafi, en mannvist fannst undir gjóskulagi frá 950 (Bolender o.fl., 2017, bls. 38).

#### **Helluland-1728-745**

**Sérheiti:** Ásgrímsstaðir

**Hlutverk:** Kirkja

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Til eru munnmæli sem geta þess að skjöl hafi verið til sem gátu kirkju á Ásgrímsstöðum eins og sést hér að neðan. Aðrar heimildir um kirkju á Ásgrímsstöðum eru ekki þekktar og því óvíst hvort þetta sé rétt.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* (bls. 158-159) segir frá munnmælum um kirkju á Ásgrímsstöðum: „Jón Norðmann frá Hróarsdal skráði um 1925 eftir föður sínum, Jónasi Jónssyni í Hróarsdal, sem hafði eftir Pétri á Sjávarborg, syni séra Sigurðar Arnþórssonar á Mælifelli, að til hefðu verið forn skjöl um Ásgrímsstaði í eigu Sjávarborgarmanna, PétursPéturssonar, síðar prófests á Víðivöllum, og eftir hann Sigurðar á Mælifelli tengdasonar hans. Þar kom fram að Ásgrímsstaðir hefðu til forna átt land allt vestan Héraðsvatna upp til Miklavatns, sunnan frá Ferjuhamarsteigi norður að Víkinni, sem er afrennsli Miklavatns. Í þessum skjölum væri þess einnig getið að kirkja hefði verið á Ásgrímsstöðum nokkur ár, eftir að hún lagðist niður á Ferjuhamri. Ekki er nú kunnugt um þessi skjöl.“



Mynd 64. Fjánhúsin [1728-145] og mögulega hesthús á bæjarstæði Ásgrímsstaða. Briemshús, fallið, er lengst til vinstri á mynd. Horft er til norðvesturs.

## **Helluland-1728-145**

**Hlutverk:** Fjánhús, hesthús?

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**


Upp undir klettum nyrst á bæjarhólnum er fjárhústóft.

### **Lýsing**

Tóftin er 8x18m að utanmáli og snýr norður-suður. Veggir eru 8x18m að utanmáli, 20-60cm háir og um 130cm breiðir. Garði hefur verið í húsunum og dyr á vesturlangvegg. Tóftin er gróin grasi og mosa en sér í grjóthleðslur í veggjum. Norðan við er lítil tóft sem snýr þvert á fjárhústóftina og hafa dyr snúið til vesturs. Veggir hennar eru 20-40cm háir. Höfundur *Byggðasögu Skagafjarðar* telur að þetta gæti hafa verið hesthúskofi (V. bindi, bls. 159).

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi, segir: „Norður af bænum, austan til, eru veggir af allstóru fjárhúsi, sem snýr norður og suður og þversum fyrri norðurenda þess er kofatóft, kannski hesthúskofi.“ (bls. 159).



Mynd 65. Yfirlitsmynd af minjum á Ásgrímsstöðum.

### **Helluland-1728-146**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í smá halla beint vestur undir bæjarhólnum [1728-143] er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er um 7x7m að utanmáli og með dyr mót vestri. Veggir eru jarðsokknir, 10-40cm háir, um 1,2m breiðir og algrónir grasi. Tóftin virðist eldri en byggingarnar á bæjarhólnum.



*Mynd 66. Briemshús var flutt að Ásgrímsstöðum og stóð til að gera það upp en húsið skemmdist í vondu veðri áður en viðgerðir hófust. Húsið var staðsett á eldri minjum. Horft er til suðausturs.*

### **Helluland-1728-147**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Suður af bæjarhólnum eru leifar Briemshúss, timburhúss sem flutt var í Ásgrímsstaði um 1984 og stóð til að gera upp. Húsið er að miklu leyti hrunið. Húsið stendur á smá hól og framan, eða vestan, við húsið er hleðsla og augljóst að Briemshús hefur verið reist á eldri minjum.

### Lýsing

Leifar Briemshússins standa á eldri minjum og eru bæði hóll og gróin hleðsla framan eða vestan við húsið til vitnis um það. Hleðslan er um 8m löng og 70-80cm há og að mestu gróin grasi.

### Helluland-1728-148

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

### Staðhættir

Efst í túni, 30m suður af bæjarhólnum og 15m suður af leifum Briemshúss eru hugsanlega leifar byggingar.

### Lýsing

Þarna er óljós tóft sem er nánast horfin en 20cm háar veggjaleifar sjást þarna og virðast afmarka um 8x9m svæði. Miðað við staðsetningu er líklegast að þarna hafi staðið útihús.



*Mynd 67. Þúst [1728-149] efst í túni á Hellulandi. Horft er til suðvesturs.*

### Helluland-1728-149

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

### Staðhættir

Efst í túni, 30m suður af bæjarhólnum og 15m suður af leifum Briemshúss eru hugsanlega leifar byggingar [1728-147] og sjö metrum austan hennar er þúst eða smá hóll.

### Lýsing

Þústin er aflöng, 3x5m að utanmáli og snýr hún norður-suður. Hún er efst í brekku, 40cm há að ofan en 100cm að neðan. Þústin er grasi gróin og þegar skráning fór fram var hún nauðbeitt af hestum og því vel greinileg. Hún sker sig nokkuð úr umhverfi og er gras á henni grænna en í túninu almennt. Hlutverk er óljóst.





Mynd 68. Möguleg kvíatóft [1728-150] ofan bæjar á Ásgrímsstöðum. Horft er til vesturs.

### Helluland-1728-150

**Hlutverk:** Kvíar?

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Tæplega 40m suðaustur af bæjartóftinni, upp undir kletti, er tóft sem í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* (bls. 159) er sögð vera kvíatóft.

**Lýsing**

Tóftin er tvískipt, 7x7m að utanmáli. Til vesturs er aflangt hólfl sem snýr dyrum mót austri. Til austurs

er minna hólfl með dyrum mót suðri. Norðan við minna hólfið er grjóthrúga. Veggir eru 10-40cm háir og eins metra breiðir. Tóftin er vel gróin, grasi, mosa og lyngi en sér í einstaka grjót í veggjum.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi, segir: „Ofan við túnið, upp undir klettahaus sem heitir Gægir, eru mjaltakvíar við slóðina niður að bæjarstæðinu.“ (bls. 159).



Mynd 69. Stök tóft [1728-151] á Ásgrímsstöðum, hugsanlega smiðja. Horft er til vesturs.

### Helluland-1728-151

**Hlutverk:** Óþekkt, smiðja

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Efst í túni, tíu metra suðastur af bæjartóftinni [1728-143] er lítil tóft.

**Lýsing**

Tóftin er 3,5x6m að utanmáli og er þýfð og algróin grasi, mosa og lyngi. Inngangur er óljós en hefur hugsanlega verið á vesturvegg. Veggir eru 20-60cm háir og rúmlega metri að breidd. Hlutverk er ekki víst en

hugsanlega hefur þarna verið smiðja. Í kanti tóftarinnar virðist vera hverfissteyn. Hugsanlega hefur verið annað hús áfast að norðvestan eða önnur tóft þar en þar eru smá þústir í túninu sem gætu verið tóftaleifar



Mynd 70. Brunnurinn [1728-152] og fallið brunnhús úr timbri. Horft er til vesturs.

80cm að utanmáli.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi, segir: „Í lægð örfáum metrum norðan við þessa húsabyrpingu er brunnurinn og minjar um brunnhús umhverfis.“ (bls. 159).

#### Helluland-1728-152

**Hlutverk:** Brunnur, brunnhús

**Tegund:** Niðurgröftur

#### Staðhættir

Um fjóra metra beint norður af bæjarhólnum er brunnur og leifar brunnhúss.

#### Lýsing

Brunnurinn hefur verið grjóthlaðinn og sér í þrjár raðir af grjóti. Brunnhúsið hefur verið úr timbri og liggur hluti þess þarna enn. Það hefur verið á að giska



Mynd 71. Slétt flöt umlukt lágu garðlagi, líklega matjurtagarður [1728-153]. Horft er til norðvesturs.

#### Helluland-1728-153

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

#### Staðhættir

Norðarlega í túninu á Ásgrímsstöðum er garðlag, líklega matjurtagarður.

#### Lýsing

Matjurtagarðurinn er um 8x8m að stærð. Garðlög eru meðfram honum að norðan og sunnan og lág brún til vesturs. Vegghleðslur eru 10-40cm háar og um 60cm á breidd. Þær eru grasi grónar.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Út og niður frá bænum eru tvennar kofarústir neðst í túni með svo sem 50-60 metra millibili, en nokkru ofar, og þó út og niður frá bænum, eru tóftir af 20 kindu fjárhúsi með heytóft ofan við. Þar utan við er kartöflugarður 50 fermetrar.“ (bls. 159).

## Helluland-1728-154

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir

Um 40m norðvestur af bæjarhólnum [1728-143] og rétt um 7m suðaustur af matjurtagarði [1728-153] er fjárhústóft.

### Lýsing

Tóftin er 7x9m að utanmáli og snýr austur-vestur. Hlaða eða heytóft hefur verið til austurs en til vesturs fjánhús, líklega með garða og tveimur króm. Dyr hafa snúið mót vestri og hugsanlega verið timburpil á húsinu. Veggir eru grasi og mosa grónir, um 50cm háir og metri á breidd.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Út og niður frá bænum eru tvennar kofarústir neðst í túni með svo sem 50-60 metra millibili, en nokkru ofar, og þó út og niður frá bænum, eru tóftir af 20 kinda fjárhúsi með heytóft ofan við. Þar utan við er kartöflugarður 50 fermetrar.“ (bls. 159).



*Mynd 72. Tóft [1728-155] í túni á Ásgrímsstöðum. Horft er til vesturs.*

## Helluland-1728-155

**Hlutverk:** Óþekkt, útihús

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir

Rétt tæpa 60m vestur af bæjarhólnum, neðarlega í túni, er tóft.

### Lýsing

Tóftin er algróin grasi og veggir að nokkru komnir í þúfur. Tóftin er 6x9m að utanmáli og snýr norður-suður en dyr hafa snúið mót vestri. Veggir eru 10-50cm háir og 100-150cm á breidd.

Sunnan við tóftina er lítið hólf með 10-20cm háum veggjum. Smá hóll er undir tóftinni sem bendir til þess að byggt sé á eldri minjum.



Mynd 73. Garðlag [1728-156], horft er til austurs í átt að bæjarhólnum.

#### Helluland-1728-156

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Rétt tæpa 60m vestur af bæjarhólnum, neðarlega í túni, er tóft og beint suður af henni er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið liggur í vinkel. Norður-suður veggur er 10m langur og austur-vestur veggur er um 12m. Óljós brún er til vesturs. Hleðslan er um 20-30cm há,

70cm breið og grasi gróin. Hún afmarkar svæði sem er um 10x12m. Hlutverk er óljóst.



Mynd 74. Tóft [1728-157], hugsanlega smiðja. Horft er til vesturs.

#### Helluland-1728-157

**Hlutverk:** Óþekkt, smiðja

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Nyrst og vestast í túninu á Ásgrímsstöðum, um 80m norðvestur frá bæjarhólnum er tvískipt tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norður-suður og er 6x9m að utanmáli. Tvennar dyr hafa verið á tóftinni og snúa báðar mót vestri. Veggir eru um 50cm

háir og um tveir metrar á breidd en það er eins og þeir hafi hrunið inn í tóftina. Veggir eru algrónir grasi, mosa og lyngi. Tóftin stendur á smá hól og er líklega byggð á eldri minjum.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi, segir: „Á litlum hól út og upp frá fyrrgreindri tóft er bygging frá því eftir 1104, kann að hafa verið smiðja.“ (bls. 159).

## **Helluland-1728-158**

**Hlutverk:** Óþekkt, skáli, útihús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta vegna vatnsrofs

### **Staðhættir**

Í smá halla, neðst í túninu á Ásgrímsstöðum, rétt um 90m vestur af bæjarhólnum er skálatóft. Stuttu vestan við tóftina hafa Héraðsvötnin flætt upp að túnfætinum og ljóst að í miklum vatnavöxtum gætu þau náð upp á túnið og jafnvel yfir tóftina.

### **Lýsing**

Tóftin snýr nokkurn veginn norður-suður og er 8x24m að utanmáli. Veggir eru allt að 50cm háir og mesta breidd er 1,3m. Austurlangveggur, skammveggir að norðan og sunnan eru greinanlegir en vesturlangveggur ógreinilegri og sést syðsti hluti hans ekki. Tóftin er hugsanlega tvískipt. Hún fellur vel að umhverfi sínu sem er þýft og eru veggir komnir í þúfur. Á þeim vex gras, mosi og lyng auk blómgróðurs.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi, segir: „Hinn 25. maí 2010 var á vegum Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga gerð könnun með kjarnabor á fornum tóftum Ásgrímsstaða. Neðst í túni, niður við flatlendið, er óljós tóft af löngu húsi sem kann að hafa verið söguldarskáli. Vestari hluti tóftarinnar er óskýr og í mjög rökum jarðvegi. Greinileg merki eru um að flætt hafi yfir gólf skálans. Þar undir gjóskulaginu frá 1104 var 5-8cm þykkt sandlag. Undir því var um 6cm þykkt móöskulag með koladreif.“ (bls. 159). Borkjarnar voru teknir á Ásgrímsstöðum árið 2016 í tegnslum við SCASS rannsóknina. Engin gólfög fundust en móaska var neðan við 1104 gjóskuna. Grafinn var skurður sem sýndi sömu niðurstöður og er því líklegt að þarna hafi fremur verið útihús en híbýli (Bolender o.fl., 2017, bls. 38).



### **Helluland-1728-159**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata, traðir

#### **Staðhættir**

Það liggja tvennar götur eða traðir frá bæjarhólnum og niður túnið.

#### **Lýsing**

Nyrðri gatan liggur til vesturs frá bæjarhólnum og er um 40m löng og vel greinileg þar sem hún liggur í gegnum þýft túnið í átt að minjum nr. [1728-155 og 156].

*Mynd 75. Gata [1728-159] liggur í gegnum túnið frá bæjarhólnum og til vesturs. Horft er til vesturs.*

### **Helluland-1728-160**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata, traðir

#### **Staðhættir**

Það liggja tvennar götur eða traðir frá bæjarhólnum og niður túnið.

#### **Lýsing**

Syðri gatan liggur til suðvesturs frá bæjarhólnum en nær þó ekki alveg upp að hólnum. Þessi gata er mjórri og ekki jafn umfangsmikil og gata [1728-159]. Hún er um 50m löng og liggur niður túnið í átt að tóft [1728-161].



Mynd 76. Tóft [1728-161]. Horft er til vesturs.

### Helluland-1728-161

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Nyrst og vestast í túninu á Ásgrímsstöðum, um 80m suðvestur frá bæjarhólnum [1728-143] er aflöng tóft.

**Lýsing**

Tóftin sem er mjög gömul snýr austur-vestur og er 5x22m að utanmáli. Veggir eru komnir í þúfur og fellur tóftin vel að umhverfi sínu. Þeir eru 20-60cm háir,

tveir metrar á breidd og algrónir grasi, mosa og lyngi. Tóftin virðist að minnsta kosti þrískipt en vesturhelmingurinn er óljósari en restin af tóftinni og erfitt að greina útlínur.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi, segir: „Ein fornleg húsatóft er suður og niður frá bænum, kannski gamalt hesthús.“ (bls. 159).



Mynd 77. Tóft [1728-162]. Horft er til norðvesturs.

### Helluland-1728-162

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Sunnarlega í túni, um 85m suðvestur af bæjartóftinni [1728-143] er aflöng og gömul tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norður-suður og er 6x19m að utanmáli. Hún skiptist í þrjú hólf og er hólfíð fyrir miðju

stærst. Engar dyr eru greinanlegar. Veggir eru allt að 50cm háir og um 130cm breiðir. Veggir eru komnir í þúfur og er tóftin samlöguð umhverfi sínu sem er stórþýfður mói. Tóftin er algrónin grasi, mosa og lyngi.



*Mynd 78. Tóft [1728-163]. Horft er til vesturs.*

### **Helluland-1728-163**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Syðst í túni, 8m norður af túngarðinum [1728-164] og 115m austur af bæjarhólnum [1728-143] er tóft.

#### **Lýsing**

Tóftin snýr norður-suður og er 8x18m að utanmáli. Hún er tví-eða þrískipt og eru tvennar dyr á henni sem snúa báðar mót

vestri. Veggir eru komnir í þúfur og fellur tóftin að umhverfi sínu en er þó vel greinanleg. Veggir eru 10-70cm háir og mest 1,5m á breidd. Þeir eru algrónir grasi, mosa og smávegis lyngi. Suðurendi tóftar er hugsanlega byggður á eldri minjum.





*Mynd 79. Túngarðar [1728-164] eru með túninu að norðan og sunnan og er myndin af syðri garðinum. Garðlögin eru bæði útfloött, rofin og hlaupin í þúfur. Horft er til vesturs.*

## **Helluland-1728-164**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

### **Staðhættir**

Ásgrímsstaðir liggja á austurbakka Héraðsvatna, rúmlega kílómetra suðvestur frá Hellulandi. Túngarður er með túninu að norðan og sunnan.

### **Lýsing**

Garðurinn virðist mjög gamall og er alveg fallinn og kominn í þúfur. Hann er mest rúmlega 3m á breidd og 20-40cm á hæð. Hann afmarkar túnið að norðan og sunnan og bæði garðlögin eru 70m löng og er garðurinn því alls 140m að lengd.



### Helluland-1728-165

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

#### Staðhættir

Götur liggja frá túninu á Ásgrímsstöðum um smá dalverpi að Ásgrímsstaðamógröfum.

#### Lýsing

Göturnar liggja frá túninu á Ásgrímsstöðum til suðausturs og eru um 290m að lengd. Þær eru misgreinilegar en sjást vel í dalverpinu. Þær liggja að og enda við leiðina sem lá á milli Hellulands og Kárastaða. Ein varða [1728-174] var skráð við göturnar.

*Mynd 80. Gata [1728-165] liggur um lítinn dal frá Ásgrímsstaðamógröfum og heim að bæ. Horft er til norðvesturs.*



### Helluland-1728-166

**Sérheiti:** Ásgrímsstaðamógrafir

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur

#### Staðhættir

Um 350m suðaustur af bæjartóftum á Ásgrímsstöðum [1728-143] og 35-100m vestur af Hegransvegi eru mýrarsund á milli kletta og þar eru mógrafir á fjórum stöðum.

#### Lýsing

Stærsta mógröfin er syðst. Hún er um 1600m<sup>2</sup> að stærð. Hún er aflöng og er 150m frá norðri til suðurs og 3-25m frá austri til vesturs. Dýpstu grafirnar eru 50cm djúpar og er vatn í sumum þeirra.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hellulands segir: „Ásgrímsstaðamógrafir eru fornar og nýjar mógrafir á sundunum fyrir sunnan og austan bæinn.“ (Örnefnaskrá Hellulands, bls. 2).

### **Helluland-1728-167**

**Sérheiti:** Ásgrímsstaðamógrafir

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur

#### **Staðhættir**

Um 350m suðaustur af bæjartóftum á Ásgrímsstöðum [1728-143] og 35-100m vestur af Hegranesvegi eru mýrarsund á milli kletta og þar eru mógrafir á fjórum stöðum.

#### **Lýsing**

Fyrir miðið er mógröf sem liggur norður undir klapparás. Grafirnar eru grynri og óljósari en hinar grafirnar [1728-166 og 168], að jafnaði 10-30cm djúpar en mest 60cm á afmörkuðu svæði. Mógrafirnar eru um 460m<sup>2</sup> að flatarmáli.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hellulands segir: „Ásgrímsstaðamógrafir eru fornar og nýjar mógrafir á sundunum fyrir sunnan og austan bæinn.“ (Örnefnaskrá Hellulands, bls. 2).

### **Helluland-1728-168**

**Sérheiti:** Ásgrímsstaðamógrafir

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur

#### **Staðhættir**

Um 350m suðaustur af bæjartóftum á Ásgrímsstöðum [1728-143] og 35-100m vestur af Hegranesvegi eru mýrarsund á milli kletta og þar eru mógrafir á fjórum stöðum.

#### **Lýsing**

Mógrafir liggja norðaustur undir klapparás, austur af Hegranesvegir. Þær eru um 250m<sup>2</sup> að flatarmáli og allt að 60cm djúpar.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hellulands segir: „Ásgrímsstaðamógrafir eru fornar og nýjar mógrafir á sundunum fyrir sunnan og austan bæinn.“ (Örnefnaskrá Hellulands, bls. 2).



Mynd 82. Ásgrímsstaðamógrafir [1728-169]. Horft er til austurs og sést í Hegranesveg ofarlega á mynd.

### Helluland-1728-169

**Sérheiti:** Ásgrímsstaðamógrafir

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur

#### Staðhættir

Um 350m suðaustur af bæjartóftum á Ásgrímsstöðum og 35-100m vestur af Hegranesvegi eru mýrarsund á milli kletta og þar eru mógrafir á fjórum stöðum.

#### Lýsing

Nyrstar eru þrjár litar mógrafir sem liggja í hnapp og eru skráðar undir einu númeri. Þær eru 10-70cm djúpar og eru alls 60m<sup>2</sup> að flatarmáli.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hellulands segir: „Ásgrímsstaðamógrafir eru fornar og nýjar mógrafir á sundunum fyrir sunnan og austan bæinn.“ (Örnefnaskrá Hellulands, bls. 2).



Mynd 83. Mótófti [1728-170]. Horft er til norðvesturs.

### Helluland-1728-170

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Um 350m suðaustur af bæjartóftum á Ásgrímsstöðum [1728-143] og 35-100m vestur af Hegranesvegi eru mýrarsund á milli kletta og þar eru mógrafir á fjórum stöðum. Á klöppunum upp af mógröfunum eru mótóftir. Austasta tóftin er í vesturjaðri klappar, 60m suður

af mógröf [1728-167].

#### Lýsing

Tóftin virðist tvískipt eða tvær mótóftir hlið við hlið. Veggir eru nokkuð rofnir og hleðslur hrundar. Tóftin er gróin lyngi og mosa en sér í grjót neðst í veggheðslu. Veggir eru lágir eða 10-30cm og mest um 50cm á breidd.



*Mynd 84. Mótóft [1728-171]. Horft er til suðurs.*

### **Helluland-1728-171**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 350m suðaustur af bæjartóftum á Ásgrímsstöðum [1728-143] og 35-100m vestur af Hegranesvegi eru mýrarsund á milli kletta og þar eru mógrafir á fjórum stöðum. Vestur af mógröf [1728-166] nokkurn veginn fyrir miðju mógrafar er gamallæg mótóft.

**Lýsing**

Tóftin er 2x6m að utanmáli og snýr norður-suður. Vegghleðslur eru fallnar, þær eru 30-50cm háar og algrónar lyngi.



*Mynd 85. Mótóft [1728-172]. Horft er til norðurs.*

### **Helluland-1728-172**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 350m suðaustur af bæjartóftum á Ásgrímsstöðum [1728-143] og 35-100m vestur af Hegranesvegi eru mýrarsund á milli kletta og þar eru mógrafir á fjórum stöðum. Tæplega 20m vestur af norðurenda mógrafar [1728-166] er mótóft.

**Lýsing**

Tóftin er 3x4m að utanmáli og snýr norður-suður. Tóftin er um 10-30cm há og algróin lyngi.



### **Helluland-1728-173**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 350m suðaustur af bæjartóftum á Ásgrímsstöðum [1728-143] og 35-100m vestur af Hegranesvegi eru mýrarsund á milli kletta og þar eru mógrafir á fjórum stöðum. Rúmlega 20m vestur og aðeins norður af norðurenda mógrafar [1728-166] er lítil mótóft.

*Mynd 86. Mótóft [1728-173]. Horft er til suðurs.*

### **Lýsing**

Tóftin er 2x2,5m að utanmáli og snýr norður-suður. Vegghleðslur hafa einhvern tímann rofnað en síðar gróið upp. Tóftin er lyngi gróin en sér í grjót neðst í hleðslum. Hún er um 20cm há.



*Mynd 87. Varða [1728-174]. Horft er til norðvesturs.*

### **Helluland-1728-174**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

### **Staðhættir**

Á milli Ásgrímsstaða og Ásgrímsstaðamógrafa er smá dalur í gegnum klappirnar og eftir honum götur [1728-165]. Norður af þessum dal, mitt á milli túnsins og mógrafanna er varða.

### **Lýsing**

Varðan er 70cm há og 1x1m að grunnmáli. Efsti hlutinn er hruninn og sér ofan í vörðuna sem er fyllt að innan með litlu grjóti.



*Mynd 88. Grjóthrúga, líklega varða [1728-175]. Horft er til norðvesturs.*

### **Helluland-1728-175**

**Hlutverk:** Óþekkt, kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

### **Staðhættir**

Á milli Ásgrímsstaða og Ásgrímsstaðamógrafa er smá dalur í gegnum klappirnar og eftir honum liggja götur [1728-165]. Norður af þessum dal, mitt á milli túnsins og mógrafanna er varða [1728-174] og 22m NNA af henni er hrúga af grjóti sem búið er að safna saman.

### **Lýsing**

Hugsanlega er þetta hrunin varða en einnig er mögulegt að þarna hafi verið búið að safna grjóti í vörðu sem aldrei var hlaðin.





*Mynd 89. Lítil varða [1728-176]. Horft er til norðvesturs.*

### **Helluland-1728-176**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

### **Staðhættir**

Á milli Ásgrímsstaða og Ásgrímsstaðamógrafa er smá dalur í gegnum klappirnar og eftir honum liggja götur [1728-165]. Um 50 suður af þessum dal og 260m suðaustur af bæjartóftinni á Ásgrímsstöðum [1728-143] er smá varða.

### **Lýsing**

Varðan er hlaðin úr nokkrum steinum og er rétt um 20-30cm að hæð. Hún stendur á lágrí klöpp.



*Mynd 90. Varða [1728-177]. Horft er til norðvesturs.*

**Helluland-1728-177**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Á klöpp um 220m ANA af bæjarstæðinu á Ásgrímsstöðum og 100m austur af Hegranesvegi er varða.

**Lýsing**

Varðan er 70x70cm að grunnmáli og um 80cm há og þokkalega hlaðin.



### **Helluland-1728-178**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Á klöpp um 610m suðaustur af bæjarstæðinu á Ásgrímsstöðum og tæplega 200m vestur af Hegranesvegi er grjóthrúga.

#### **Lýsing**

Aðeins eru nokkrir steinar í hrúgunni sem er um 40x50cm að grunnmáli og 20cm há. Hugsanlega hrunin hleðsla en líklega kennimark tengt götum sem liggja austur.

*Mynd 91. Grjóthrúga [1728-178]. Horft er til NNA.*



### **Helluland-1728-179**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Á klöpp um 720m suðaustur af bæjarstæðinu á Ásgrímsstöðum og tæplega 150m vestur af Hegranesvegi er grjóthrúga.

#### **Lýsing**

Hrúgan er hugsanlega leifar af hruninni vörðu sem hefur verið fremur lítil og er hrúgan 30cm há.

*Mynd 92. Grjóthrúga, hugsanlega hrunin varða [1728-179]. Horft er til NNA.*



*Mynd 93. Möguleg tóft [1728-180] á milli tveggja klappa ofarlega á mynd.*

### **Helluland-1728-180**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft, náttúrulegt

### **Staðhættir**

Á milli klappa í suðausturhorni Hellulands, 40m norður af merkjum við Kárastaði eru þúfur og þústir, hugsanlega tóftarleifar. Tóftin er í jaðri mýrar.

### **Lýsing**

Meintir veggir eru algrónir, 10-60cm háir og hlaupnir í þúfur. Grjót er í miðri

tóftinni og er miðja hennar dýpri en umhverfi tóftarinnar. Tóftin sker sig úr umhverfinu sem er þó þýft en hugsanlega er þetta náttúrulegt fyrirbæri. Tóftin er um 3x7m að utanmáli.

## Helluland-samantekt

Helluland er á vestanverðu Hegranesi á milli Utanverðuness að norðan og Kárastaða að sunnan. Að austan á jörðin land að Keflavík, Garði og Vatnskoti og Héraðsvötnum að vestan. Hún er landmest jarða á Hegranesi og þar voru jafnframt skráðar flestar minjar. Hjáleigan Ásgrímsstaðir eru skráð hér með Hellulandi. Í seinni tíð hefur fjölda minni og stærri lóða verið skipt út úr Hellulandslandi og búið er að byggja fjölda nýrra íbúðarhúsa.

Gamli torfbærinn [1728-58] stóð vestan við eldra íbúðarhúsið á Hellulandi sem byggt var á árunum 1908-10. Torfbærinn [1728-58] er horfinn og allar þær byggingar [1728-60 og 65] sem stóðu á bæjarhólnum [1728-59] auk Öskuhólsins [1728-60] en fremsti hluti hólanna er enn til staðar vestan og neðan við heimreiðina að yngra íbúðarhúsinu á Hellulandi. Annar öskuhaugur fannst við rannsóknir SCASS, nokkuð norðar en núverandi bæjarstæði, og er það talið benda til þess að bærinn hafi upphaflega staðið norðan en síðan færst þangað sem það er núna. Matjurtagarðar sem voru á bæjarstæðinu eru líka horfnir [1728-63 og 64]. Bænhús eða kirkja [1728-60] var á Hellulandi og er örnefnið Bænhúshólar til þar sem fjárhúsin standa í dag en ekki er vitað hvar kirkjan og mögulega kirkjugarður voru. Gamla heimreiðin [1728-379] lá vestan við bæinn, þar sem nú er tún og síðan á svipuðum slóðum og núverandi heimreið og þaðan til suðurs frá bænum þar sem nú eru tún. Lindarhúsin [1728-378], þar sem mjólkinn var kæld, voru utan við bæinn og eru horfin. Öll útihús sem merktar eru á túnakort frá 1918 eru horfnar [1728-67, 66 og 80] að einni fjárhústóft [1728-79] undanskilinni, Lambhúsum, sem var í norðvesturhorni gamla túnsins, þar sem kallast Hornhúsgerði. Austan við íbúðarhúsið er Ljúflingshóll [1728-137] og er hann huldufólksbústaður. Túngarðurinn [1728-73] sést enn suðaustan við gamla íbúðarhúsið og yfir Háagerði sem var nyrst í túninu og norðan við útmörk túnsins 1918, sem bendir til að túnið hafi verið stærra en það var í byrjun 20. aldar. Garðlag virðist síðan vera með túninu á hluta að vesta, hugsanlega líka leifar túngarðs [1728-81]. Á Háagerði eru tvær tóftir [1728-75 og 76], niðurgröftur [1728-77] og hugsanlega leifar matjurtagarðs [1728-78]. Munnmæli eru um búsetu á Háagerði en það hefur ekki verið rannsakað. Utan við túngarðinn er lítil tóft [1728-74] með óþekktu hlutverki en hugsanlega er þetta mótóft. Hún er rétt um 60m frá Hellulandsmógröfum sem eru norðaustur af Háagerði. Vestan við túnið er lítil tóft [1728-82], hugsanlega rétt, upp við smá klettaborg og sunnan heimreiðar eru leifar af Myllugarðinum [1728-84] en þar var áður uppistöðulón þar sem Sigurður Ólafsson bóndi hugðist koma upp sögunarmyllu sem þó komst aldrei í gagnið. Vatninu veitti hann úr læknum sem er norðan bæjar. Sunnar í túnjaðrinum er mótóft [1728-68] en mógrafirnar eru horfnar undir túnasléttun. Beðasléttur [1728-85 og 86] voru einnig á að minnsta kosti tveimur stöðum í túninu og sjást þær á loftmyndum frá 1956 en eru nú komnar undir tún. Í gilinu norðaustur af bæ eru óljósar leifar garðlags [1728-70] sem stíflaði Húsalækinn og myndaði smá tjörn sem upphaflega var hugsuð til að brynna skepnum en var

líka notuð til að þvo ull sem síðan var þurrkuð á Ullarklöpp [1728-72] sem er þar austan við. Suðvestan við Ullarklöppina eru steinar sem eru leifar af hlöðnum hlöðum [1728-71] þar sem ullin var þvegin, en grjótið notuðu börnin á Hellulandi síðar til að gera stíflur.

Nú verður lýst minjum vestan Hegranesvegar. Norðvestur af túninu er stakt garðlag [1728-83] með óþekkt hlutverk. Norðan þess er engjavegurinn [1728-123] norðan Lambhúslækjar og lá hann heiman frá bæ, norður fyrir Hornhúsgerðið og niður á engin. Á engjunum eru áveituskurðir [1728-130, 131, 134, 135] og fjöldi áveitugarða [1728-126, 127, 128, 129, 133] og var engjunum skipt upp með þessum görðum og bar hvert svæði ákveðið nafn. Á engjunum var líka mylla [1728-91], smíðuð 1913, sem notuð var til að dæla vatni upp í áveitur og var að líkindum fyrsta sinna tegundar á Íslandi. Hún var notuð eitthvað fram á þriðja áratug 20. aldar. Áveitumannvirkin á engjunum bera elju og hugviti þeirra Hellulandsbænda í lok 19. aldar og byrjun þeirra 20. vitni. Skurðgröftur með vinnuvélum hefur breytt ásýnd engjanna nokkuð en garðarnir sjást enn og einhverjir skurðir. Hólmar eru í Héraðsvötnum sem tilheyra Hellulandi. Í þessum hólum var æðarvarp og sjást enn minjar um skjól [1728-93] sem byggt var fyrir æðarfuglinn úr hellugrjóti og ber hólminn nafn af því og er nefndur Hellubæjarhólmi. Neðan vegar en ofan við íbúðarhúsið á Fagralandi (sem er eitt fjölgmargra íbúðarhúsa í landi Hellulands) er stekkjartóft sem nefnist Grjótstekkur [1728-122] og liggur hann sunnan undir samnefndri klettaborg. Annar stekkur [1728-132] er vestur undir svonefndri Stekkjarbrík, niður við engin, 500m norðvestur af Hellulandi, sá er nefndur Stekkur í örnefnaskrá. Huldufólkskirkja [1728-132] er einnig fast austan við engin í hávestur frá bænum og nokkru norðar er Lambhúsborgin [1728-141] sem einnig er talin huldufólksbústaður. Á melunum vestan engjanna og um 600m suðvestur frá bæ er stök tóft [1728-140] með óþekktu hlutverki. Nú er komið suður að Ásgrímsstöðum en túnið þar liggur beint austur og upp af engjunum og er jaðar túnsins fremur blautur. Fjöldi minja er innan túns á Ásgrímsstöðum og eru elstu minjarnar frá því um og eftir landnám en yngstu minjarnar eru frá því að búið var á Ásgrímsstöðum í byrjun 20. aldar. Bæjartóft [1728-143] frá síðasta búsetuskeiði er efst og austast í túni en skálatóft [1728-158] neðst og vestast í túninu, í jaðri mýrarinnar. Áföst bæjartóftinni að norðan eru fjárhús og mögulega hesthúskofi [1728-145] og eldri tóft [1728-146] er vestan í bæjarstæðinu. Suðaustan við bæinn er stök tóft [1728-151], kannski smiðja, og suðaustan hennar önnur stök tóft sem gæti verið kvíar [1728-150]. Leifar hrunins íbúðarhúss, Briemshúss, standa á minjum [1728-147] en húsið var flutt að Ásgrímsstöðum og til stóð að gera það þar upp en húsið hrundi áður en til þess kom. Sunnan Briemshúss er aflöng gróin þúst með óljósu hlutverki [1728-149]. Í túninu, sem er mjög þýft, eru tvennar götur [1728-159 og 160] og einn [1728-153] eða jafnvel tveir matjurtagarðar [1728-156]. Forn túngarður [1728-164] er bæði að norðan og sunnan en orðinn mjög útflattur og ógreinilegur. Tóftirnar í túninu eru flestar útihúsatóftir bæði gamlar [1728-161, 162] og yngri tóftir sem gjarnan standa á smá hólum og eru líklega byggðar á eldri minjum [1728-154, 155, 157, 148,

147]. Brunnur [1728-152] er í túninu norðan yngsta bæjarins. Slitrótt búseta var á Ásgrímsstöðum á seinni öldum og fór jörðin endanlega í eyði 1927. Suðaustur af Ásgrímsstöðum eru Ásgrímsstaðamógrafir [1728-166, 167, 168 og 169] og við þær mótóftir [1728-170, 171, 172 og 173] og liggur gata [1728-165] á milli mógrafarsvæðisins og bæjar og við hana vörður [1728-174, 175 og 176]. Sunnar eru tvær vörður [1728-178 og 179] við gömlu göturnar til Kárastaða og þar virðist einnig vera tóft [1728-180], rétt norðan við Kárastaðamerkin en vestan vegar. Merkjagarður er á milli Ásgrímsstaða og Kárastaða [1728-264].

Þá hefst lýsing á minjum austan vegar og er byrjað syðst. Syðst og austast í landi Hellulands eru tvær vörður [1728-109 og 110] við gamlar götur. Um það bil miðja vegu á milli merkja milli Kárastaða og Hellulands er Grænagerði. Á Grænagerði eru þrjár tóftir [1728-112, 114 og 115] og norður af þeim garðlag [1728-117]. Þarna er smá túnstæði afmarkað af klettaborgum á þrjá vegu en mýri að suðvestan. Þarna er að finna minjar frá elstu tíð og var grafið í öskuhaug [1728-113] í tengslum við FLASH verkefnið og fyrirhugaður er frekari uppgröftur á staðnum. Austast í landi í Hellulands er fjöldi varða [1728-96, 97, 98, 99, 100, 101, 102, 103, 104, 105, 108, 107 og 111] og marka þær annars vegar göturnar sem lágu til suðausturs frá bæ og í átt að Ríp og hins vegar til norðausturs í átt að Keflavík og Garði. Um 870m norðaustur af bæ er svo tóft [1728-106] sem líklega er stekkjartóft. Um 1,4km norður af Hellulandi er Kotið. Þar var stekkjartóft [1728-118] en munnmæli fylgdu staðnum um að þar hefði verið búið. Árin 2022-23 hefur farið fram fornleifauppgröftur á Kotinu og undir stekkjartóftinni reyndust vera útihús frá miðöldum og undir honum landnámsskáli [1728-120] sem ekki er að fullu grafinn þegar þetta er ritað í lok árs 2023. Öskuhóllinn [1728-119] var vestan bæjar. Vísbendingar eru um jarðhýsi í nágrenni skálans en uppgreftri á því er ólokið.

Fjöldi huldufólksbústaða er í landi Hellulands og hefur huldufólkskirkjan þegar verið nefnd og Ljúflingshóllinn austan við íbúðarhúsið. Einnig voru huldufólksbústaðir í Lönguborg [1728-138], aflagri klettaborg norðan bæjar, í Miðmundarborg [1728-139] SSV af bæ og Háuborg [1728-142] austur af bæ.

Helluland var vel tengt við næstu bæi og fjöldi leiða liggur um land jarðarinnar. Vestan bæjar lá leiðin [1728-737] að ferjustaðnum við Vesturósinn og lá hún um hlað í Hellulandi og síðan suður að Kárastöðum. Leið [1728-738] liggur til norðausturs frá Hellulandi og að Keflavík. Leið [1728-739] liggur einnig til austurs og að Garði. Leið [1728-740] liggur yfir nesið til suðausturs og að Vatnskoti. Leið [1728-741] liggur til suðausturs frá bæ og klofnar þar og liggur norðurhlutinn að Ási en syðri leiðin [1728-742] að kirkjustaðnum á Ríp.

## Kárastaðir

### Söguágrip

Kárastaðir og Ferjuhamar voru upphaflega tvær jarðir en nú tilheyrir Ferjuhamar Kárastaðalandi og verður fjallað um þær saman. Kárastaða og Ferjuhamars er fyrst getið í stofnskrá Reynistaðaklausturs frá árinu 1295.<sup>25</sup> Stofnskráin var staðfest árið 1315 af páverandi biskupi Auðunni rauða sem tók við af Jörundi og eru báðar jarðirnar þar nefndar.<sup>26</sup> Í reikningum Reynistaðaklausturs frá 1446 eru jarðirnar báðar taldar með eignum klaustursins en Ferjuhamar er þá í eyði.<sup>27</sup> Árið 1525 virðist Ferjuhamar aftur vera kominn í byggð.<sup>28</sup> Í *Jarðabók* frá 1713 segir að Ferjuhamar sé „forn eyðiból í landinu“ og bendir það til þess að jörðin hafi þá verið í eyði um nokkurn tíma.<sup>29</sup>

Kirkja var á Ferjuhamri og sjást minjar hennar og kirkjugarðs enn. Ritaðar heimildir geta kirkjunnar ekki en samkvæmt munnmælum á þarna að hafa verið fyrsta sóknarkirkjan í Hegranesi og lagst af í Svartadauða.<sup>30</sup> Ferjustaður var á Ferjuhamri til forna og síðar á Kárastöðum eftir að byggð lagðist af. Lögferja var á Kárastöðum frá 1874 en lagðist af laust fyrir aldamótin 1897 eða 1898.<sup>31</sup> Ferjuhamar fór í eyði árið 1784 í kjölfar Skaftárelda og var eftir það nytjuð frá Kárastöðum og síðar lögð undir þá.<sup>32</sup>

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* eru fornbýli talin; Kárastaðasel, Lýsukot/Brúnklukkustaðir, Káragerði og Hvammkot. Á Kárastaðaseli eru umfangsmiklar minjar, bæði sels og líklega fornbýlis girt með túngarði. Á Lýsukoti/Brúnklukkustöðum eru beitarhús og eldri tóftir en ekki túngarður. Káragerði er horfið en á Hvammkoti er bæði túngarður og tóftir innan hans.<sup>33</sup> Kárastaðasels er getið í getið í *Jarðabókinni* 1713 en þar segir einfaldlega selstaða í heimalandi.<sup>34</sup> Ferjuhamar er sem fyrr segir nefnt sem fornt eyðiból í *Jarðabókinni* 1713 og þar undir segir „Girðing er hjer, sem fjárhús á stendur, sem líkast er að muni hafa verið þrælsgerði.“<sup>35</sup> Ekki er vitað um hvaða fjárhús og girðingar er átt við en mögulegt er að það séu þær tóftir sem voru innan túngarðs á Ferjuhamri en hurfu við túnasléttun og fjallað er um í kaflanum um fornleifar.

<sup>25</sup> Íslenskt Fornbréfasafn II, 301-302.

<sup>26</sup> Íslenskt Fornbréfasafn II, 398.

<sup>27</sup> Íslenskt Fornbréfasafn IV, 702.

<sup>28</sup> Íslenskt Fornbréfasafn IX, 321.

<sup>29</sup> *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 61.

<sup>30</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, 154.

<sup>31</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, 148.

<sup>32</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, 155.

<sup>33</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, 151-2.

<sup>34</sup> *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 61.

<sup>35</sup> *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 61.



Kárastaðir voru metnir á 24 hundruð til forna. Torfrista og stunga eru sögð „bjargleg“, reiðingsrista engin, engjar engar en „hent er úr úthögum“, móskurður „hefur ei brúkast“, rifhrís bjarglegt og selveiðivon var í Héraðsvötnum.<sup>36</sup>

## Fornleifaskráning



*Mynd 94. Gamli bærinn [1728-181] á Kárastöðum stóð þar sem íbúðarhúsið er í dag og var fjós [1728-183] hægra megin við húsið. Horft til norðausturs.*

### **Kárastaðir-1728-181**

**Sérheiti:** Kárastaðir

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Gamli bærinn stóð á sama stað og núverandi íbúðarhús. Áfast bænum að norðan var fjósið.

### **Lýsing**

Búið er að rífa gamla bæinn sem stóð á sama stað og núverandi íbúðarhús en náði heldur lengra bæði til norðurs og suðurs. Bærinn var að stórum hluta rifinn þegar nýtt íbúðarhús var byggt árið 1926 (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 147).

---

<sup>36</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 61.

## Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Íbúðarhúsið stendur ofan í grunni gamla torfbæjarins. Norðurbærinn var rifinn áður en hafist var handa að byggja nýja húsið en baðstofan gamla, sem var syðst bæjarhúsa, látin standa áfram og bjó fólkið þar meðan byggt var. Var með naumindum hægt að smeygja sér milli baðstofunnar og nýja hússins er það var risið. Gamla fjósið var austan við torfbæinn og innangengt í það“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 147). Jón Normann lýsir húsaskipan á Kárastöðum svo í handriti að ævisögu sinni: „[...] þar var aðeins eitt bæjarþil, en torfstafn baðstofunnar sneri fram á hlaðið og var þar lítill 6 rúðu gluggi, sem myndaði þar holu í gegnum stafninn. Næst sunnan við bæjardyr var geymslukofi með litlu þili fram á hlað. Sunnan við hann var baðstofan. Göngin lágu úr bæjardyrnum inn fyrir þennan kofa og svo í vinkel suður í baðstofuna. Norðan bæjardyra var hlóða-eldhús og var lengi eldaður þar allur matur og brauð bakað. Fram á varpanum stóð svo gamall smiðjukofi. [...]. Minnir það [eldhúsið] að nokkru á langeldaskálann í fornöld. Ég man, að ég kom í baðstofuna en þótti hún bæði lág og lítil. Þó var hún hólfuð í 3 lítil hólfa. Í fremsta hólfinu var torfgólf og var allhá pallskör frá því upp á gólf miðhólfsins sem í var trégólf eins og í vestasta (innsta) hólfinu. Sinn 2. rúðu glugginn var á suðurhlið hvors inna fremri hólfa og voru þeir neðst á þekjunni. Hvert hólf var ein rúmlengd, en ekkert rúm var í fremsta hólfi og þar svaf enginn. Tvö rúm voru í hvoru hinna hólfanna, sitt undir hvorri hlið, og mjór gangur á milli. Veggir náðu lítið eitt upp fyrir rúmin og þá tók við sperrureist skarsúð og voru skammbitar efst í ræfrinu. Einföld þil voru á milli hólfanna. [...]. Ekki var eldhúsið þiljað eða „fínt“ innan veggja, en þó fannst mér það einkar vistlegt og kunnir þar vel við mig. Op eða strompur var upp úr þekju þess, hlaðinn úr torfi. Kom þar inn birta, því ekki voru aðrir gluggar. Það var jafnframt reyk háfur. Sæti voru ekki önnur en kistur og kassar og svo litli stóllinn.“ (HSk. 1342, 4to.).



Mynd 95. Yfirlitsmynd af minum á bæjarstæði Kárastaða og nágrenni. Fornbýlið Hvammkot er í hægra horni myndar.

### Kárastaðir-1728-182

**Hlutverk:** Útihús, fjárhús

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 er merkt útihús um 40m norður frá íbúðarhúsinu um það bil þar sem fjárhúsin eru í dag.

#### Lýsing

Ekkert sér eftir af húsunum sem eru að líkindum horfin undir fjárhúsin og heimreiðina.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kárastaða segir: „Húsalækur rétt norður frá fjárhúsunum á túninu. Húsabru er á læknum. Gullaklöpp norðan við lækinn og Húsabru.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 4).

### Kárastaðir-1728-183

**Hlutverk:** Fjós

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Gamli bærinn stóð á sama stað og núverandi íbúðarhús og austan við það var gamla fjósið en annað fjós var síðar byggt norðan við gamla bæinn og voru það torfhús (munnl. heimild, Lilja Ólafsdóttir, 18.12.2023).

**Lýsing**

Eldra fjósið var austan við gamla bæinn þar sem bílastæðið er núna og sér ekkert eftir af því.

**Kárastaðir-1728-184**

**Hlutverk:** Fjós

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Gamli bærinn stóð á sama stað og núverandi íbúðarhús og austan við það var gamla fjósið en annað fjós var síðar byggt norðan við gamla bæinn og voru það torfhús (munnl. heimild, Lilja Ólafsdóttir, 18.12.2023).

**Lýsing**

Fjósið norðan við bærinn var þar sem fjósið er enn í dag en þarna standa nú yngri hús og sér ekkert eftir af hinum (munnl. heimild, Lilja Ólafsdóttir, 18.12.2023).

**Kárastaðir-1728-185**

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Neðst í túninu og vestur af bænum eru óljósar minjar á mörkum túns og óræktar. Þarna sáust lítil ummerki fyrir gróðri þegar skráning fór fram í júlí 2018.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kárastaða segir: „„Tóftarbrot“ beint niður frá bænum neðst í túninu. Þar hafa verið tvö hesthús og heytóft og voru notuð fram um 1900.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 1).

**Kárastaðir-1728-186**

**Sérheiti:** Káragerði

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Langrófa heitir hólrani sem er 120m SSA frá íbúðarhúsinu á Kárastöðum.

## Lýsing

Samkvæmt örnefnaskrá voru húsatóftir syðst á Langrófu en þar átti að hafa verið býli nefnt Káragerði og síðar fjárhús. Engar tóftir fundust syðst á hólrananum en tóft er norðarlega á honum en virðist hvorki líkleg til að vera af bæ né fjárhúsum.

## Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Langrófa heitir hólrani sem gengur suður frá Kárastaðabæ. Syðst á honum voru „húsatóftir eftir bæ og síðar fjárhús.“ Þær voru nefndar Káragerði. Sigurður Ólafsson fræðimaður á Kárastöðum segir í örnefnaskrá að þar hafi verið í húsmennsku í tvö ár, (líklega eftir 1890, fremur en 1880-1882) Stefán Hannesson og Hólmfríður Árnadóttir sem víða hokruðu í Skagafirði, lengst í Pottagerði 1882-1886. Ekki hefur tekist að sannreyna þetta í sóknarmanntali. Þarna er nú einungis sjáanleg ein stök kofatóft (65°40'102/19°30'525) sem hvorki virðist af bæ né fjárhúsum svo að líklega eru horfnar tóftirnar sem getið er í örnefnaskránni.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 152). Í örnefnaskrá er þetta kallað Langihóll, þar segir: „Langihóll suður og niður frá bænum, í boga, syðst á honum eru fornar húsarústir, líklega fornt býlisstæði, því aðstaðan sem skepnuhús er slæm, snarbrött brekka að vestan, fast að tóftunum.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 1).



*Mynd 96. Tóft [1728-187] austarlega á Löngurófu. Horft er til suðurs.*

### **Kárastaðir-1728-187**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Langrófa heitir hólrani sem er 120m SSA frá íbúðarhúsinu á Kárastaðum. Norðarlega á honum austanverðum er tóft.

### **Lýsing**

Tóftin er 4x4,5m að utanmáli og hafa dyr snúið mót austri. Hún er algróin grasi og hefur mögulega verið aðeins niðurgráfin. Veggir eru 20-30cm háir og tæplega metri á breidd.



*Mynd 97. Grjóthlaðin tóft [1728-188] á klettaborg suður af bæ. Horft er til suðurs.*

### **Kárastaðir-1728-188**

**Hlutverk:** Kofi

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Um 330m suðaustur frá íbúðarhúsinu á Kárastöðum og 40-65m vestur af veginum um Hegranes er klettaborg og ofan á henni kofatóft.

#### **Lýsing**

Tóftin sem er grjóthlaðin, snýr norðvestur-suðaustur og er 2x2m að utanmáli og hafa dyr snúið mót norðvestri. Veggir eru 20-50cm háir og um 40cm breiðir. Þeir standa þokkalega vel.



Mynd 98. Gullaklöpp er norður af bæ. Þar var leikstaður barna [1728-189] og undir klöppinni er tóft [1728-192]. Horft er til norðurs.

### **Kárastaðir-1728-189**

**Sérheiti:** Gullaklöpp

**Hlutverk:** Leikstaður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Undir Gullaklöpp sem er um 100m norður af íbúðarhúsinu á Kárastöðum var leikstaður barna.

#### **Lýsing**

Engin ummerki fundust eftir leik barnanna en stundum finnast lágar hleðslur þar sem gerð hafa verið gullabú. Þarna hefur verið gott skjól og líklega afbragðs leiksvæði, skammt frá bæ.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kárastaða segir: „Gullaklöpp norðan við lækinn og Húsabruna. Kvíalaut vestan við Gullaklöppina. Þar voru kvíar áður utan túns, en börn léku sér að leikföngum undir klöppinni.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 4).

### **Kárastaðir-1728-190**

**Sérheiti:** Húsabruni

**Hlutverk:** Brú

**Tegund:** Heimild



### **Staðhættir**

Húsabrá var á læknum norðan bæjar. Hún er nú horfin og lækjarfarvegurinn eitthvað breyttur en brúin var staðsett með hjálp heimildamanns (Lilja Ólafsdóttir, 17.07.2018).

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kárastaða segir: „Húsalækur rétt norður frá fjárhúsunum á túninu. Húsabrá er á læknum.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 4).

### **Kárastaðir-1728-191**

**Hlutverk:** Kvíar

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Kvíalaut hét sunnan undir Gullaklöpp, rúmlega 100m NNV af íbúðarhúsinu á Kárastöðum. Þar er nú trjálundur en ekki fundust ummerki um kvíatóft.

### **Lýsing**

Í örnefnaskrá Kárastaða (bls. 4) segir að Kvíarnar hafi verið utan túns. Þar er nú trjálundur með smá rjóðri en ekki fundust ummerki um tóftir í lundinum og viðist kvíatóftin vera horfin. Norðan með Kvíalaut er grjóthlaðinn garður [1728-198] og skammt vestar er grjóthlaðin rétt [1728-197].

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Norður frá Kárastaðabæ er Gullaklöpp, suðurendi á langri klettaborg. Vestan við hana er Kvíalautin, stór og víðáttumikil. Þar er nú skógarreitir umverfis lautina. Þar voru kvíar en sjást ekki greinilega lengur. Einhver veggjarmynd er þó vestast í lautinni (65°41'080/19°30'820). Spurning hvort það eru minjar um kvíarnar.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 151). Í örnefnaskrá Kárastaða segir: „Gullaklöpp norðan við lækinn og Húsabrána. Kvíalaut vestan við Gullaklöppina. Þar voru kvíar áður utan túns, en börn léku sér að leikföngum undir klöppinni.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 4).



*Mynd 99. Tóft [1728-192] suðaustur undir Gullaklöpp. Horft er til vesturs.*

### **Kárastaðir-1728-192**

**Hlutverk:** Óþekkt, kvíar?

**Tegund:** Hleðsla, tóft

#### **Staðhættir**

Um 100m norður af íbúðarhúsinu á Kárastöðum er Gullaklettur, og sunnan undir honum er smá hleðsla eða tóft.

#### **Lýsing**

Hleðslan/tóftin afmarkar smá hól uppi við klettinn. Veggir eru grasi grónir en sér í grjóti. Þeir eru 10-30cm háir og um 80cm breiðir. Hlutverk er óþekkt en þetta virkar eins og lítil rétt en virðist ekki vera nógu stórt til að vera kvíar en kvíalautin er þarna vestan við og þar fundust ekki kvíar.

### **Kárastaðir-1728-193**

**Hlutverk:** Vatnsból

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Bæjarlækurinn rennur norðan eða utan við bæinn en áður lá hann einnig austan við útihúsin og þar var brunnur og brunnhús sem nú eru horfin. Heimildamaður taldi að þau hefðu horfið

upp úr miðri 20. öldinni, kannski um 1957-8 þegar lögð var vatnsleiðsla frá Hvammkoti og heim að bæ. Úr brunninum var tekið bæði vatn í bæinn og fjósið.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi, segir: „Vatnsból var í bæjarlæknum sem rann niður utan við bæinn.“ (bls. 147).

#### **Kárastaðir-1728-194**

**Sérheiti:** Langabrá

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Heimild, hryggur

#### **Staðhættir**

Í túni, rúmlega 110m norður og norðaustur frá íbúðarhúsinu á Kárastöðum, eru afar óljósar leifar upphlaðins vegar sem kallaðist Langabrá.

#### **Lýsing**

Langabrá var upphlaðinn vegur yfir mýri eða flóa sem nú hefur verið ræstur fram og þarna er að hluta tún. Vegurinn er að mestu horfinn en það sér móta fyrir honum þegar túnið er nýslegið. Vegurinn lá frá Gullakletti í vestri og náði að Hvammkoti í austri en austasti hlutinn er farinn undir veg. Heildarlengd er um 110m.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í Örnefnaskrá Kárastaða segir: „Langabrá, vegur yfir mýrarflóann frá Gullaklöpp að Hvammkoti, um 200 metra löng. Gamall sýsluvegur.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 5).

#### **Kárastaðir-1728-195**

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Norður og austur af bæjarstæðinu á Kárastöðum var áður blautur flói og í honum var bæði rist torf og stunginn mór. Þarna hafa nú verið ræktuð tún og mógrafirnar eru horfnar en heimildamaður sagði að það sæjust dokkir í túninu þegar það væri nýslegið, þar sem mógrafirnar voru. Mógrafirnar sjást á loftmynd frá 1956 og voru teiknaðar upp af henni (munnl. heimild, Lilja Ólafsdóttir, 18.12.2023; LI217-LI2-3960). Nyrðri grafirnar voru 135m norðaustur af bæ, vestan Hegranesvegar.

#### **Kárastaðir-1728-196**

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Heimild

## Staðhættir og lýsing

Norður og austur af bæjarstæðinu á Kárastöðum var áður blautur flói og í honum var bæði rist torf og stunginn mór. Þarna hafa nú verið ræktuð tún og mógrafirnar eru horfnar en heimildamaður sagði að það sæjust dokkir í túninu þegar það væri nýslegið, þar sem mógrafirnar voru. Mógrafirnar sjást á loftmynd frá 1956 og voru teiknaðar upp af henni (Munnl. heimild, Lilja Ólafsdóttir, 18.12.2023; LI217-LI2-3960). Syðri grafirnar voru 85m austur af bæ, vestan Hegranesvegar. Þær voru mun umfangsminni en nyrðri grafirnar.



*Mynd 100. Grjóthlaðin rétt [1728-197] norðan við garðlag [1728-198]. Horft er til norðurs.*

## Kárastaðir-1728-197

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir

Um 150m norðvestur af íbúðarhúsinu á Kárastöðum er grjóthlaðin rétt. Vestan við réttina er vegslóði en austar er Kvíalaut.

### Lýsing

Réttin er grjóthlaðin og snýr norður-suður. Hún er 7x15m að utanmáli og hefur hlið verið við suðvesturhorn og snúið til vesturs. Veggir eru á köflum heillegir og eru 40-150cm háir en um 80cm á breidd. Gróið er yfir hluta vegghleðslna en víðast sjást þær greinilega.



Mynd 101. Grjóthlaðinn garður [1728-198] norðvestan við bæ á Kárastöðum. Horft er til austurs.

### **Kárastaðir-1728-198**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hætta vegna trjáræktar

### **Staðhættir**

Um 145m NNA af íbúðarhúsinu á Kárastöðum, norðan Kvíalautar, er austurendi garðlags sem liggur vestur að Héraðsvötnum.

### **Lýsing**

Garðurinn er grjóthlaðinn, mest um 120cm á hæð og rúmlega hálfur metri að breidd að ofan en 70-80cm í grunninn. Hann er ljómandi vel hlaðinn og er á köflum heillegur. Garðurinn, sem liggur nokkurn veginn vestur-austur, er um 230m langur. Austasti hlutinn liggur í útjaðri skógræktarreits og þar stafar hleðslunni mikil hætta af trjágróðri.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Grjótgarður liggur út og niður frá Kárastaðabæ neðan frá Vötnum upp að klöppunum norðan við bæinn. Hann var hlaðinn á árunum kringum 1920 af þeim bræðrum Einari og Sigurði Ólafssyni. Sagt var að þeir hafi notað naut til að draga grjót að garðinum.“ (bls. 148).



*Mynd 102. Steinalögn og grjóthrúga [1728-199], hugsanlega kuml? Horft er til vesturs í átt að Héraðsvötnum.*

### **Kárastaðir-1728-199**

**Hlutverk:** Óþekkt, gröf

**Tegund:** Steinalögn, grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Í aflíðandi brekku um 20m austur (upp af) Héraðsvötnum og tæpa 360m norðvestur frá íbúðarhúsinu á Kárastöðum er steinalögn og við hana grjóthrúga.

#### **Lýsing**

Steinalögnin er mynduð úr stórum steinum sem raðað er í hring og er grjót innan hennar. Hún er 30cm há og um 1x1m að utanmáli. Norðan við eru mögulega tvær smá hleðslur. Ekki er hægt að fullyrða um hlutverk minjanna en útlit gæti bent til þess að þetta sé heiðin gröf.



*Mynd 103. Þúst [1728-200] austan Hegranesvegar, horft er til vesturs.*

### **Kárastaðir-1728-200**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Á klettahæð, austan vegarins um Hegranes, 310m suðaustur af Kárastöðum er þúst, hugsanlega leifar mannvirkis.

**Lýsing**

Þústin er um 20cm há og er dæld fyrir miðju, hugsanlega veggjabrún. Á hluta er

grjót meðfram útbrún sem gætu verið leifar af vegghleðslu. Hún er grasi gróin.



*Mynd 104. Mógrafir [1728-201]. Horft er til suðurs og er Móklöpp ofarlega á myndinni. Undir henni er gamall kerruvegur [1728-202]. Horft er til suðurs.*

### **Kárastaðir-1728-201**

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir**

Um 460m suðvestur frá íbúðarhúsinu á Kárastöðum og um 30m austan (ofan) vegar eru nokkuð umfangsmiklar mógrafir og fjöldi mótófta í sundi á milli klettaborga.

**Lýsing**

Mógrafirnar eru um 40x60m að flatarmáli og mest um 130cm djúpar.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kárastaða segir: „Móklöpp aflöng klöpp suðaustur frá Kringlóttuklöpp. Móholt suðvestur frá Móklöpp. Súruklöpp á Móholti, er dregur nafn af mógröfum, sem þar eru, en í klöppinni vaxa að norðanverðu.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 2).

**Kárastaðir-1728-202**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Staðhættir**

Á milli Móklappar og mógrafanna [1728-201] er sneiðingur upp á klöppina og var hann samkvæmt heimildamanni kerruvegur upp á Móklöppina, þar sem mórinn var þurrkaður.

**Lýsing**

Sneiðingurinn er vel greinilegur og liggur hann frá norðaustri til suðvesturs og upp á klöppina. Hann er um 50m langur og mest tæpir tveir metrar á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Þaðan var mórinn fluttur heim að Kárastöðum með hestakerru og man Lilja Ólafsdóttir eftir því að hafa teymt hestana heim með móinn (munnl. heimild, Lilja Ólafsdóttir, 18.12.2023).



### Kárastaðir-1728-203



*Mynd 105. Mótóft [1728-203] neðst á mynd og ofan hennar eru mógrafir [1728-201]. Horft er til NNA.*

gróin mosa, ljónslöpp og blóðbergi og virðist geta verið nokkuð gömul.

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 460m suðvestur frá íbúðarhúsinu á Kárastöðum og um 30m austan (ofan) vegar eru nokkuð umfangsmiklar mógrafir [1728-201]. Í brekku suður og upp af þeim er mótóft.

**Lýsing**

Tóftin er rúmlega 3x3m að utanmáli og 10-20cm há. Hún er



*Mynd 106. Mótóft [1728-204]. Horft er til suðurs og sjást mógrafir [1728-201] í baksýn og fjarst er Móklöppin.*

Tóftin/þústin er rúmlega 2,5x3m að utanmáli og 10-30cm há. Hún er grasi gróin og er um 10cm djúp dæld fyrir miðju. Þarna hefur að líkindum verið settur saman mór.

### Kárastaðir-1728-204

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft, þúst

**Staðhættir**

Um 460m suðvestur frá íbúðarhúsinu á Kárastöðum og um 30m austan (ofan) vegar eru nokkuð umfangsmiklar mógrafir [1728-201] og 15m norður af norðvesturenda þeirra, undir klöpp er tóft eða eða þúst.

**Lýsing**



*Mynd 107. Mótóft [1728-205] neðst á mynd. Horft er til norðurs.*

### **Kárastaðir-1728-205**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Niðurgröftur, tóft

**Staðhættir**

Um 460m suðvestur frá íbúðarhúsinu á Kárastöðum og um 30m austan (ofan) vegar eru nokkuð umfangsmiklar mógrafir og við norðvesturhorn þeirra, fast upp við girðingu, er niðurgröftur eða niðurgrafin tóft með þýfðri útbrún.

### **Lýsing**

Tóftin er um 4m í þvermál og í hana er dæld sem er 30-40cm djúp og veggir um metri á breidd. Hún er grasi gróin. Þetta var ekki dæmigerð mótóft að sjá en miðað við staðsetningu við enda mógrafar er þó líklegast að þarna hafi verið geymdur og þurrkaður mór.



*Mynd 108. Mótóft [1728-206], horft er til vesturs.*

### **Kárastaðir-1728-206**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 460m suðvestur frá íbúðarhúsinu á Kárastöðum og um 30m austan (ofan) vegar eru nokkuð umfangsmiklar mógrafir og við norðvesturhorn þeirra, vestan girðingar, er mótóft.

### **Lýsing**

Tóftin er um 3,5m í þvermál og um 20cm há og veggir um 60cm breiðir. Hún er grasi gróin og var mikill gróður á tóftinni og umhverfis hana þegar skráð var. Þarna hefur að líkindum verið settur saman og geymdur mór.

### **Kárastaðir-1728-207**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft, þúst

#### **Staðhættir**

Um 460m suðvestur frá íbúðarhúsinu á Kárastöðum og um 30m austan (ofan) vegar eru nokkuð umfangsmiklar mógrafir. Undir suðurenda Móholts, 25m norðvestur af mógröfunum er mótóft.

#### **Lýsing**

Tóftin er 2x2,5m að utanmáli, grasi gróin og um 20-30cm há. Engin veggjalög eru greinileg svo kannski væri réttara að tala um þúst en þarna hefur efalítið verið settur saman mór.



*Mynd 109. Varða [1728-208]. Horft er til norðvesturs í átt til bæjar.*

### **Kárastaðir-1728-208**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Á klettaborg, tæpa 100m austur af mógröfum [1728-201], er lítil varða.

#### **Lýsing**

Varðan er hlaðin úr nokkrum stórum steinum og er um 60cm há.



Mynd 110. Lítil varða [1728-209]. Horft er til norðurs.

einhvern tímann verið upphlaðinn varða sem nú er hruninn eða hvort þarna hafi bara verið sett saman svolítið af grjóti.

### Kárastaðir-1728-209

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

#### Staðhættir

Á klettaborg, tæpa 90m suðaustur af mógröfum [1728-201] er lítil varða sem er þó vart meira en smá grjóthrúga.

#### Lýsing

Grjóthrúgan er um 20cm há.

Óvíst er hvort þetta hafi



Mynd 111. Lítil mógröf [1728-210] í mýrarsundi norðvestur af Torfdal í landi Hróarsdals. Horft er til austurs.

### Kárastaðir-1728-210

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgröftur

#### Staðhættir

Mógröf er sunnan undir klettaborg í sundi norðvestur af Torfdal í Hróarsdalslandi, rétt um 70m norður af merkjum milli Kárastaða og Hróarsdals.

#### Lýsing

Aðeins ein mógröf fannst á þessu svæði við

vettvangsskráningu en mun umfangsmeiri mógrafir eru í sjálfum Torfdal sem er í landi Hróarsdals. Mógröfin er 1,5x4m að utanmáli og 20-40cm djúp. Vel getur verið að þarna séu eða hafi verið umfangsmeiri mógrafir, en þær sást ekki á yfirborði og eru ekki greinanlegar á loftmyndum.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kárastaða segir: „Grænidalur suður og austur frá túninu; suður frá honum Háasund. Þar var byrjað að taka mó um 1900 (o. í Hásundi).“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 5).



*Mynd 112. Lítil varða [1728-211], hugsanlega smalavarða. Horft er til norðausturs*

engin eiginleg hleðsla. Á svæðinu umhverfis vörðuna en fjöldi annarra smárra varða og óvíst hvort þær hafi haft eitthvað tiltekið hlutverk en hugsanlega er þetta verk smala sem hefur setið yfir fé.

#### **Kárastaðir-1728-211**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Á klöppum sem eru austur af bæ og austan Hegranesvegur, um 530m ASA af Kárastöðum er lítil varða.

#### **Lýsing**

Varðan er 50x50cm að grunnmáli og um 50cm há. Nokkur grjót sett saman en



*Mynd 113. Lítil varða, [1728-212], hugsanlega smalavarða. Horft er til norðurs.*

líklegt að þarna hafi verið lítil varða sem nú er hrunin. Á svæðinu umhverfis vörðuna en fjöldi annarra smárra varða og óvíst hvort þær hafi haft eitthvað tiltekið hlutverk en hugsanlega er þetta verk smala sem hefur setið yfir fé.

#### **Kárastaðir-1728-212**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Á klöppum sem eru austur af bæ og austan Hegranesvegur, um 520m austur af Kárastöðum, er grjóthrúga, líklega hrunin varða.

#### **Lýsing**

Hrúgan telur á bilinu 15-20 steina og virðist



*Mynd 114. Varða [1728-213], hugsanlega smalarvarða. Horft er til VNV.*

Þær hafi haft eitthvað tiltekið hlutverk en hugsanlega er þetta verk smala sem hefur setið yfir fé.

#### **Kárastaðir-1728-213**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Á klöpp, um 510m í há-austur frá Kárastöðum, er varða.

#### **Lýsing**

Varðan er 50cm há og um 80x80cm að grunnmáli. Hún er að hluta hrunin. Á svæðinu umhverfis vörðuna en fjöldi annarra smárra varða og óvíst hvort



*Mynd 115. Varða [1728-214], hugsanlega smalarvarða. Horft er til VNV.*

vörðu. Umhverfið er að mestu gróuðrsnautt en það vext gras og blómgróður umhverfis grjótið í hrúgunni.

#### **Kárastaðir-1728-214**

**Hlutverk:** Kennimark?

**Tegund:** Grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Á klöpp, um 380m austur frá Kárastöðum er hrúga af grjóti, hugsanlega leifar hruninnar vörðu.

#### **Lýsing**

Hrúgan er um 20-30cm há og aflöng og virðist örugglega manngerð. Hugsanlega eru þetta leifar hruninnar



#### **Kárastaðir-1728-215**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Á klettabrún, rúma 380m ASA af Kárastöðum er lág varða.

#### **Lýsing**

Varðan er um 40cm há, ekkert sérstaklega vel hlaðin og hugsanlega aðeins hrunið úr henni. Hún hefur

líklega verið kennimark fyrir þá sem ferðuðust [1728-731] um dalinn sem er neðan klettsins sem varðan stendur á.

#### **Kárastaðir-1728-216**

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur

#### **Staðhættir**

Nokkurn veginn miðja vegu á milli Brunnklukkutjarnar og Kárastaða er mýrarsund og í því mógrafir (ca. 500m NNA frá Kárastöðum).

#### **Lýsing**

Mógrafarsvæðið er um 220m<sup>2</sup> að flatarmáli og er sunnan við miðju Mógrafarsunds. Það var mælt upp af loftmynd.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kárastaða segir: „Mógrafarsund er sundflói með fornum mógröfum frá miðri 19. öld, uppi á hæðunum suður frá Brúnklukkutjörn.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 7).

#### **Kárastaðir-1728-217**

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur

#### **Staðhættir**

Brúnklukkutjörn er tæpan kílómetra NNA frá Kárastöðum. Mógrafir eru meðfram suðvesturbakkanum og við suðausturenda tjarnarinnar og eru þær skráðar hér sem ein heild.

#### **Lýsing**

Mógrafirnar eru níu í heild og eru nokkuð misstórar og misgreinilegar. Þær eru á bilinu 20-70cm djúpar. Átta grafir eru meðfram suðvesturbakka tjarnarinnar á um 170m löngu svæði en ein mógröf er um 50m suður af suðaustur enda tjarnarinnar. Hugsanlega hefur mór líka verið tekinn við suðausturenda tjarnarinnar.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Vestur frá norðvesturenda tjarnarinnar [Brúnklukkutjarnar] og á suðvesturbakka hennar eru allvíða merki eftir mógrafir og í vatnsborðinu sjást birkilurkar standa út úr bakkanum.“ (bls. 148).



Mynd 117. Tóftir á Lýsukoti/Brúnklukkustöðum [1728-218]. Horft er til suðvesturs.

### **Kárastaðir-1728-218**

**Sérheiti:** Lýsukot/Brúnklukkustaðir

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Vestur undir norðvesturhorni Urriðabergs, um 450m norður af miðri Brúnklukkutjörn, eru fjórar tóftir. Þarna var hugsanlega einhvern tímann smábýli nefnt Lýsukot eða Brúnklukkustaðir. Tóftirnar standa á hól vestur undir Urriðabergi og vestan minjanna er mýrarflói.

#### **Lýsing**

Stærsta tóftin, sem jafnframt virðist yngst, er tvískipt, aflöng og liggur norðaustur-suðvestur. Dyr hafa snúið mót suðvestri. Tóftin er 5x11m að utanmáli. Veggir eru nokkuð hrundir, 20-40cm háir og um metri á breidd. Tóftin er algróin grasi og sker sig þannig úr umhverfinu sem annars er grasi, mosa og lyngi gróið og virðist hún yngri en aðrar minjar á hólnum. Tóftin stendur einnig nokkuð hærra en hinar tóftirnar á hólnum og er hugsanlega byggð á eldri minjum. Líklegt er að þetta séu beitarhús sem getið er í heimildum. Í örnefnaskrá segir að túnið sé girt en ekki fannst neinn túngarður við vettvangsskráningu.



## Aðrar upplýsingar



Mynd 118. Minjar á Brúnklukkustöðum eða Lýsukoti.

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Lýsukot/Brúnklukkustaðir? (65°41'800/19°30'305) var að líkindum smábýli sunnan undir norðvesturdalsmynni Leirdals, á hól vestast í hæðum, upp af mýrarsundi því er gengur norður frá Brúnklukkutjörn. eru þaðan um 360 metrar suður að tjörninni en um 1450 m loftlína í suðvestur að Kárastöðum. Þjóðsögur telja að þarna hafi Lýsa búið, fjölkunnug kerling. Síðar munu hafa verið beitarhús á Lýsukoti frá Kárastöðum. Hér eru þrjár tóftir sjáanlegar uppi á litlum hól sem rís bratt upp af mýrinni fyrir neðan. Aðaltóftin er tvískipt, um 11 m löng og 5,5 á breidd, líklega af beitarhúsum sem mælt er að þar hafi verið eftir að Lýsa bjó þar. Í lægð við hliðina er fornleg tóft 7x4 m og þriðja tóftin fáum metrum sunnar og ofar, um 5,5 m. Garðlag er hvergi sjáanlegt umhverfis. Vatn er ekki að hafa nema í mýrinni fyrir neðan. Í eyðibýlaskrá Ferðabókar Olavíusar er getið Brúnklukkustaða. Það er að öllum líkindum sami staður og menn nefna nú Lýsukot. E.t.v. hefur hér orðið tilfærsla á örnefnum því að nafnið Lýsukot virðist einnig hafa verið notað á þeim stað sem nú kallast Grænagerði í landi Hellulands, sbr. Jarðabókina 1709 í Hellulandslýsingu þar sem Lijsekot er talið í landi Hellulands. Grænagerði er tæplega upprunalegt nafn heldur farið að kalla svo eftir að staðurinn fer í eyði og græn tóftarbrot skera sig frá graslendinu í kring.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 152). Um kotið segir í örnefnaskrá Kárastaða: „Lýsukot er eyðibýli með mjög litlu túni, girtu, afar fornt, á norðvestanverðu Urriðabergi, sunnan Leirdals neðst, þar eru nokkrar bæjarrústir með landnámsgerð.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 8).

### **Kárastaðir-1728-219**

**Sérheiti:** Lýsukot/Brúnklukkustaðir?

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Vestur undir norðvesturhorni Urriðabergs, um 450m norður af miðri Brúnklukkutjörn, eru fjórar tóftir. Þarna var hugsanlega einhvern tímann smábýli nefnt Lýsukot eða Brúnklukkustaðir. Tóftirnar standa á hólum vestur undir Urriðabergi og vestan minjanna er mýrarflói.

#### **Lýsing**

Beint norður af suðurenda tóftar [1728-218] er önnur minni tóft, sem jafnframt virðist eldri. Hún er snýr norðaustur-suðvestur og er 3x4,5m að utanmáli. Engar dyr eru greinanlegar. Veggir eru komnir í þúfur og er tóftin gróin grasi, mosa og blómgróðri. Veggir eru 20-30cm háir og tæpur metri á breidd. Tóftin liggur lægra en meint beitarhúsatóft [1728-218] en hærra en næsta tóft sem er fast norðan við [1728-220]. Þessi tóft virðist eldri en beitarhúsatóftin og tilheyrir hugsanlega kotinu sem þarna á að hafa verið.

### **Kárastaðir-1728-220**

**Sérheiti:** Lýsukot/Brúnklukkustaðir?

**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur?

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Vestur undir norðvesturhorni Urriðabergs, um 450m norður af miðri Brúnklukkutjörn, eru fjórar tóftir. Þarna var hugsanlega einhvern tímann smábýli nefnt Lýsukot eða Brúnklukkustaðir. Tóftirnar standa á hólum vestur undir Urriðabergi og vestan minjanna er mýrarflói.

#### **Lýsing**

Norðan við tóft [1728-219] er hugsanlega tvískipt tóft. Hún snýr norðaustur-suðvestur og er 3,5x7m að utanmáli. Veggir eru algrónir grasi, mosa og blómgróðri og að hluta komnir í þúfur. Nokkuð hefur hrunið úr þeim og eru þeir um 1,5m á breidd og 30-50cm háir. Tóftin liggur lægra en tóftirnar sem eru sunnan hennar. Dyr eða hlið hefur hugsanlega verið á norðvesturhorni tóftarinnar þar sem nú er rof. Hlutverk er óljóst en tóftin minnir kannski helst á stekkjartóft. Þessi tóft virðist eldri en beitarhúsatóftin [1728-218] og tilheyrir hugsanlega kotinu sem þarna á að hafa verið.

### **Kárastaðir-1728-221**

**Sérheiti:** Lýsukot/Brúnklukkustaðir?

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Vestur undir norðvesturhorni Urriðabergs, um 450m norður af miðri Brúnklukkutjörn, eru fjórar tóftir. Þarna var hugsanlega einhvern tímann smábýli nefnt Lýsukot eða Brúnklukkustaðir. Tóftirnar standa á hóli vestur undir Urriðabergi og vestan minjanna er mýrarflói.

#### **Lýsing**

Austust tóftanna þriggja [1728-218-220] er lítil tóft, 3,5x5m að utanmáli og snýr hún NNV-SSA. Dyr hafa hugsanlega snúið til norðurs. Tóftin er algróin grasi, mosa og lyngi og er gamalleg að sjá. Veggir eru 20-50cm háir að utan en innveggir lítt greinanlegir. Veggjabreidd er um metri. Þessi tóft virðist eldri en beitarhúsatóftin [1728-218] og tilheyrir hugsanlega kotinu sem þarna á að hafa verið.

### **Kárastaðir-1728-222**

**Sérheiti:** Landamerkjavarða

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá Kárastaða segir: „Háabrekka, grasi gróin brekka nokkuð suður frá Háasundi. Landamerkjavörðusund, suðvestur frá Háubrekku, Landamerkjavarða rétt austan við hreppsveginn, Neðrivarða þar fyrir utan og neðan og milli þeirra Neðrivörðusund.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 2).

#### **Lýsing**

Engin varða var skráð á merkjum Kárastaða og Hróardals en þar var aftur á móti skráður landamerkjagarður.

### **Kárastaðir-223**

**Sérheiti:** Neðrivarða

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá Kárastaða segir: „Háabrekka, grasi gróin brekka nokkuð suður frá Háasundi. Landamerkjavörðusund, suðvestur frá Háubrekku, Landamerkjavarða rétt austan við

hreppsveginn, Neðrivarða þar fyrir utan og neðan og milli þeirra Neðrivörðusund.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, 2).

### Lýsing

Engin varða var skráð á merkjum Kárastaða og Hróardals en þar var aftur á móti skráður landamerkjagardur.

### Kárastaðir-1728-225

**Hlutverk:** Híbýli?

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Í Örnefnaskrá Kárastaða segir: „Þórðarbolli er grasi vaxin brekkulaut, er liggur syðst í dal þeim, er næstur er austan Gerðisdals eða Messudals. Skammt norður og austur frá Þórðarbolla er húsatóft, og á einsetukarl að hafa haldizt þar við, er Þórður hét, og heyjað í áðurnefndum bolla.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 5).

### Lýsing

Þessi tóft fannst ekki þrátt fyrir ítarlega leit við vettvangsskráningu sumarið 2017.



Mynd 119. Ólavarða [1728-226]. Horft er til norðvesturs.

### Kárastaðir-1728-226

**Sérheiti:** Ólavarða

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

### Staðhættir

Klappir eru norður af Ferjuhamarsflóa og sunnarlega á einni slíkri er varða sem kallast Ólavarða. Hún er um 280m NNV af norðvesturenda Brúnklukkutjarnar.

### Lýsing

Ólavarða er ljómandi vel hlaðin og er um 150cm há og ca. 80x90cm að grunnmáli. Hún er ferhyrnd en mjókkar í toppinn.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kárastaða segir: „Ólavarða er ferstrend varða á hári klöpp norðan við Ferjuhamarsflóa ofanverðan, byggð um 1910 af Ólafi Áka vinnumanni í Ási, er hann stóð þarna yfir sauðfé að vetri til.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 7).

### **Kárastaðir-1728-227**

**Sérheiti:** Digruvarða

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá er getið um Digurvörðu austur af Digruvörðuflóa sem er á Urriðabergi.

#### **Lýsing**

Engin varða eða vörðubrot var skráð þarna við vettvangsskráningu og óvíst hvort varðan sé horfin eða hvort skráningaraðili hafi ekki fundið hana. Gamli sýsluvegurinn liggur austan við bergin þar sem varðan á að vera og hugsanlega hefur hún verið kennimark á þeirri leið.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kárastaða segir: „Urriðaberg liggur frá Seldal að sunnan og út að Leirdal, sem er að norðan, vestur undir Brúnklukktjörn og austur að Urriðavatni. Uppi á því miðju er mýrarflói, nefndur Digruvörðufló, og Digruvarða, gamalt vörðubrot austan við flóann.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 7).



*Mynd 120. Jónsvarða [1728-228]. Horft er til NNV.*

### **Kárastaðir-1728-228**

**Sérheiti:** Jónsvarða

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Nyrst á bergjunum norður af Jónsvörðudal í námunda við hornmerki Hellulands, Kárastaða og Svanavatns er Jónsvarða.

#### **Lýsing**

Jónsvarða stendur nyrst á bergjunum suður af Jónsvörðudal. Hún stendur vel, er 80x140cm að grunnmáli og 120cm há.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kárastaða segir: „Jónsvörðuhæðir eða Hæðir/ í daglegu tali, norður frá Leirdal, um 100 metrar á hæð (sjá herforingjakort Skagafjarðarsýslu), efst á þeim er forn grjóttvarða, er heitir Jónsvarða. Stór steinn norðanvert við hana er á landamerkjum Hellulands og Kárastaða, nafnlaus, en vörðunnar er getið í landamerkjaskránum.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 8).



Mynd 121. Varða [1728-229]. Horft til norðausturs.

### Kárastaðir-1728-229

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Við merkjagirðingu milli Kárastaða og Áss er varða.

**Lýsing**

Varðan er 60cm há og annaðhvort hlaðin í kringum girðingastaur eða girðingastaur stungið á milli steina. Óvíst er um aldur og

ekki gott að segja hvort þarna hafi verið varða áður en núverandi girðing kom til.



Mynd 122. Varða [1728-230]. Horft er til suðvesturs.

### Kárastaðir-1728-230

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Um 3m vestur af merkjagirðingu milli Kárastaða og Áss er lítil varða.

**Lýsing**

Varðan er fremur lítilfjörleg, hlaðin úr nokkrum steinum og er ca. 30cm há.

### Kárastaðir-1728-231

**Sérheiti:** Syðstigarður

**Hlutverk:** Netalögn

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Kárastaða segir: „Syðstigarður er netalögn í Héraðsvötn fyrir norðan Brúarhylsklöpp. Sandur, næsta netalögn norður frá Syðstagarði. (...) Lækjarós, netalögn út og niður undan bænum.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 3).

## Lýsing

Brúarhylsklöpp er 680m suður af bæ á Kárastöðum. Þarna sást ekki garður við skráningu sumarið 2018 en punktur var tekinn á klöppinni af loftmynd sem tekin er þegar vatnsstaða er lægri. Gera má ráð fyrir einhverri skekkju.

## Kárastaðir-1728-232

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

### Staðhættir

Engjadalur liggur norður-suður, sunnan við túnin á Kárastöðum og í átt til Héraðsvatna. Eftir þessum dal lágu götur sem voru farnar þegar farið var á engjar vestan Vatna.

## Lýsing

Göturnar voru að mestu mældar af loftmynd að þeim hluta sem liggur að Héraðsvötnum undanskildum en hann var mældur á vettvangi. Þær eru alls um 370m langar og hafa fyrrum verið leið heim að gamla túninu en eru væntanlega horfnar vegna túnasléttunar.

## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kárastaða segir: „Grænibali norður frá Grænubrekku. Eftir honum rennur uppsprettulind. Sandbakkar eru sandgígar niður frá Grænabala; Engjadalur og Engjamelur eru norður frá Grænabala. Var vegur eftir honum á engjar fengnar vestan Vatna.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 3).



*Mynd 123. Ferjustæði [1728-233] var í Draugadæld. Horft er til suðvesturs.*

## Kárastaðir-1728-233

**Hlutverk:** Ferjustaður

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir og lýsing

Ferjustaður var í Draugadæld sunnan við svonefndan Lækjarós í landi Kárastaða sem er um 280m vestur frá bænum og 20m suður af grjóttgarði [1728-198]. Þarna er gróin smá lægð í landinu og þar voru þrír árabátar þegar vettvangsskráning fór fram, tveir

gamlir trébátar og einn yngri sem líklega er enn í notkun.

## Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Eftir að býlið Ferjuhamar lagðist í eyði var löngum ferjað frá Kárastöðum og eitthvað frá Grænhóli úti á móti Kárastöðum vestan megin. Sýslunefnd skipaði

svo fyrir árið 1874 að ferjan á Kárastöðum skyldi verða lögferja. Ferjustaðurinn var í 280 m fjarlægð út og niður frá bænum, við svonefndan Lækjarós, um 30m sunnan við grjótgarðinn sem liggur þar upp frá Vötnunum. Þar var ferjað meðan lögferja var, yfir í svonefnt Ferjuskarð í bakkanum vestan megin. (...) Ekki gekk ferjuhald þó alltaf greiðlega. Vorm Finnbogason bóndi á Kárastöðum 1877-1880 taldi sér ekki fært af ýmsum ástæðum að halda úti lögferju og mun ferjuhald þar nást hafa fallið niður um tíma. Var ferjan orðin ærið léleg er hann tók þar við ábúð 1877 og taldi hann sig ekki ráða við endurbætur hennar. Urðu um það nokkrar bréfaskriftir á árunum 1878-1879 milli sýslumanns og Ólafs Sigurðssonar í Ási, umboðsmanns jarðarinnar. Eftir þetta var bætt úr en Kárastaðaferja var lögð niður laust fyrir aldamótin, 1897 eða 1898.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 148). Í örnefnaskrá Kárastaða (bls. 3) segir: „Draugadæld rétt sunnan við Lækjarós. Þar var ferjað, meðan lögferja var, vestur yfir Héraðsvötn í svonefnt Ferjuskarð í vestari vatnabakkana.“

### Kárastaðir-1728-234



*Mynd 124. Lækjarós [1728-234] netalögn. Horft er til vesturs.*

**Sérheiti:** Syðstigarður

**Hlutverk:** Netalögn

**Tegund:** Steinalögn

**Staðhættir**

Lækjarós heitir við Héraðsvötnin um 270m vestur af bænum á Kárastöðum. Þar var netalögn.

**Lýsing**

Þar er einföld grjótröð í vatnsborðinu, alveg við bakkann. Níu steinar voru sjáanlegir.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kárastaða segir: „Syðstigarður er netalögn í Héraðsvötn fyrir norðan Brúarhylsklöpp. Sandur, næsta netalögn norður frá Syðstagarði. (...) Lækjarós, netalögn út og niður undan bænum.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 3).

### Kárastaðir-1728-235

**Sérheiti:** Kárastaðavöð

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Kárastaðavöð var talað um vestur og norður frá Kárastöðum. Þar renna Vötnin í kvíslum, breytileg oft frá ári til árs og hætta á sandbleytu undir



þurrum sandi og í grunnu vatni. Sum haust urðu Vötnin svo lítil að þau voru riðin í einu lagi undan Kárastöðum og kallað Kárastaðavað.“ (bls. 148).

### **Lýsing**

Kárastaðavað var ekki á neinum einum stað heldur var riðið þar sem hentaði hverju sinni af bakkanum, vestan og norðvestan bæjar.

### **Kárastaðir-1728-236**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Í svonefndum Grænubrekum, 70m norður af merkjum Kárastaða og Hróarsdals og 30m upp (austur) af Vötnunum er stekkjartóft, byggð suðaustur undir smá kletti.

### **Lýsing**

Tóftin snýr nokkurn veginn norður-suður og er 5x9m að utanmáli. Króin er norðar en réttin þar sunnan við og hefur hlið verið á henni sem snýr mót suðaustri. Veggir eru algrónir og að hluta komnir í þúfur. Þeir eru svolítið hrundir en vel greinilegir og 30-60cm háir og mest 1,5m á breidd.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Skammt upp frá Vötnunum, út og upp frá svokölluðu Merkjasíki sem fellur í Vötnin á landamerkjum Hróarsdals og Kárastaða, er lítill fráfernastekkur (65°40'608/19°30'580) frá Kárastöðum, uppi í svonefndum Grænubrekum. Er stekkjartóftin suðaustanundir litlu klettatagli. Að sögn Sigurðar Ólafssonar var fráferum hætt um eða upp úr 1922.“ (bls. 150). Um tóftina segir í örnefnaskrá: „Merkjasíki eða Síki vestur við Héraðsvötn, hornmerki milli Kárastaða og Hróarsdals þar. Grænubrekur, grasbrekkur norðaustur frá Merkjasíki. Í þeim eru fornar stekkjartóftir.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 2-3).



*Mynd 125. Garðlag [1728-237]. Horft er til VSV.*

### **Kárastaðir-1728-237**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Upp af bökkum Héraðsvatna, um 230m NNV frá merkjum milli Kárastaða og Hróarsdals er garðlag.

#### **Lýsing**

Frá Vatnabökkum liggur greinilegt garðlag á um 10m kafla. Síðan hverfur það en mögulegt framhald er í boga um 13m austar og er garðlagið 30m í heild. Sá hluti sem er vel greinilegur er algróinn grasi, mosa og blómgróðri. Hann er 30-60cm hár og rétt um metri á breidd. Austari hlutinn er mun ógreinilegri en hann virðist liggja í smá boga og endar síðan skyndilega um 40m frá Vatnabakkanum. Hlutverk er óþekkt.



*Mynd 126. Tóft [1728-238]. Horft er til norðvesturs.*

### **Kárastaðir-1728-238**

**Hlutverk:** Óþekkt, náttúrulegt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Upp af bökkum Héraðsvatna, um 230m NNV frá merkjum milli Kárastaða og Hróarsdals, er garðlag [1728-238] og norðan við vesturenda þess, við Vatnabakkann, er hugsanlega tóft.

#### **Lýsing**

Óvíst er hvort þarna sé tóft eða náttúrulegt fyrirbæri en það snýr norðvestur-suðaustur og er um 4x6m að utanmáli. Meintir veggir eru 20-40cm háir og um 130cm á breidd, algrónir grasi, mosa og lyngi. Hlutverk er óþekkt.



*Mynd 127. Steinalögn [1728-239]. Horft er til NNV.*

klettaborginni. Hún er einföld og er tveimur þokkalega stórum steinum og nokkrum minni raðað í hring. Hlutverk er óljóst en hleðslan er ekki nógu há til að vera varða og líklegast að hún tengist hleðslu [1728-240] sem er 35m til SSA.

### **Kárastaðir-1728-239**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinalögn

#### **Staðhættir**

Á afgangri klettaborg sem liggur NNV-SSA, 100m norðvestur af merkjum við Hróarsdal og tæpa 160m norðaustur frá Vatnabökkum, eru steinalögn og grjóthlaðið skjól [1728-240].

#### **Lýsing**

Steinalögnin er nyrst á



*Mynd 128. Byrgi [1728-240]. Horft er til suðurs.*

### **Kárastaðir-1728-240**

**Hlutverk:** Byrgi

**Tegund:** Hleðsla

#### **Staðhættir**

Á afgangri klettaborg sem liggur NNV-SSA, 100m norðvestur af merkjum við Hróarsdal og tæpa 160m norðaustur frá Vatnabökkum eru steinalögn og grjóthlaðið skjól.

#### **Lýsing**

Grjóthlaðið skjól er syðst á klettaborginni, 35m SSA af fyrrskráðri steinalögn [1728-239]. Hlaðið er á og við stórt náttúrulegt grjót og er hleðslan í heild 130cm löng, 50-60cm há og um 50cm á breidd.



Mynd 129. Hugsanlegur bæjarhóll á Hvammkoti. Horft er til VSV og eru Kárastaðir í baksýn.

### **Kárastaðir-1728-241**

**Sérheiti:** Hvammkot

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Hvammkot heitir fornþýli, 190m norðvestur af Kárastöðum, austan Hegranesvegar. Túnið er í brekku og er um 90x65m að stærð. Vestast er aflöng tóft, að líkindum bæjartóftin.

#### **Lýsing**

Tóftin liggur norður-suður og er 7-12m frá austri til vesturs og 20m frá norðri til suðurs. Tóftin er greinileg, gróin grasi, mosa og blómgróðri. Veggir eru 20-50cm háir og um 120cm breiðir. Þarna eru hugsanlega tvö byggingaskeið og má þá ímynda sér að neðst sé híbýlatóftin en yngri útihús ofan á. Sunnan við eru einhver óljós veggjalög sem tengst geta bæjartóftinni.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Hvammkot (65°41'102/19°30'525) er eyðibýli í 55m hæð austan við heimatúnið, uppi í brekkunni, rétt austan við Hegranesveginn. Húsatóftir eru samstæðar, um 20 m langar og 6-7 m breiðar uppi á allháum, grónum klapparhól er rís upp af flatlendinu. Reyndar virðist fleiri tóftir ógreinilegar vera sunnan við áður nefnt tóftasvæði. Öflugur túngarður og greinilegur hefur kringt um tóftirnar sem eru neðst í gerðinu. Klappir standa sums staðar upp úr hólum á túninu en þúfnalautir á milli. Enginn garður sést að vestan

Því að ýta hefur skafið þann hluta garðsins upp í veginn fyrir neðan. Engar heimildir eru um búsetu í Hvammkoti en á árunum 1870-1880 var hesthús á kotinu og þegar Gísli Gunnarsson bjó á Kárastöðum 1863-1865 voru hafðar hér nokkrar geitur sem mjólkaðar voru á sumrum.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 152).

### **Kárastaðir-1728-242**

**Hlutverk:** Hesthús, útihús

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Hvammkot heitir fornbýli, 190m norðvestur af Kárastöðum, hinum megin Hegranesvegar. Túnið er í brekku og er um 90x65m að stærð. Vestast er aflöng tóft, að líkindum bæjartóftin, og ofan á henni mögulega yngri tóftir.

#### **Lýsing**

Tóftin liggur norður-suður og er 7-12m frá austri til vesturs og 20m frá norðri til suðurs. Tóftin er greinileg, gróin grasi, mosa og blómgróðri. Veggir eru 20-50cm háir og um 120cm breiðir. Þarna eru hugsanlega tvö byggingaskeið og má þá ímynda sér að neðst sé híbýlatóftin en yngri útihús ofan á. Sunnan við eru einhver óljós veggjalög sem tengst geta bæjartóftinni.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Engar heimildir eru um búsetu í Hvammkoti en á árunum 1870-1880 var hesthús á kotinu og þegar Gísli Gunnarsson bjó á Kárastöðum 1863-1865 voru hafðar hér nokkrar geitur sem mjólkaðar voru á sumrum.“ (bls. 152).



Mynd 130. Gamallegur túngarður [1728-243] á Hvammkoti. Horft er til norðvesturs.

### **Kárastaðir-1728-243**

**Sérheiti:** Hvammkot

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Hvammkot heitir fornbýli, 190m norðvestur af Kárastöðum, hinum megin Hegranesvegar. Túnið er í brekku og er um 90x65m að stærð og er umlukið túngarði nema að suðvestan og vestan.

#### **Lýsing**

Túngarðurinn er 150m að lengd og er allt að 3m að breidd. Hann er umfangsmikill en bæði rofinn og útflattur og að mestu gróinn grasi, mosa og blómgróðri. Hann er hæstur efst í túninu og er þar 70cm hár.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Hvammkot (65°41'102/19°30'525) er eyðibýli í 55m hæð austan við heimatúnið, uppi í brekkunni, rétt austan við Hegranesveginn. Húsatóftir eru samstæðar, um 20 m langar og 6-7 m breiðar uppi á allháum, grónum klapparhól er rís upp af flatlendinu. Reyndar virðist fleiri tóftir ógreinilegar vera sunnan við áður nefnt tóftasvæði. Öflugur túngarður og greinilegur hefur kringt um tóftirnar sem eru neðst í gerðinu. Klappir standa sums staðar upp úr hólum á túninu en þúfnalautir á milli. Enginn garður sést að vestan

Því að ýta hefur skafið þann hluta garðsins upp í veginn fyrir neðan. Engar heimildir eru um búsetu í Hvammkoti en á árunum 1870-1880 var hesthús á kotinu og þegar Gísli Gunnarsson bjó á Kárastöðum 1863-1865 voru hafðar hér nokkrar geitur sem mjólkaðar voru á sumrum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, bls. 152).



Mynd 131. Tóft [1728-244] á Hvammkoti. Horft er til suðvesturs.

### **Kárastaðir-1728-244**

**Sérheiti:** Hvammkot

**Hlutverk:** Óþekkt, útihús

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Hvammkot heitir fornbýli, 190m norðvestur af Kárastöðum, hinum megin Hegransvegar. Túnið er í brekku og er um 90x65m að stærð og er umlukið túngarði nema að suðvestan og vestan. Ofarlega í túninu, um 20m austur af híbýlatóftinni, er önnur tóft minni. Hugsanlega útihús eða lítil rétt.

#### **Lýsing**

Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er 4x8m að utanmáli. Dyr hafa verið á henni til suðvesturs. Veggir eru grónir grasi, mosa og blómgróðri. Þeir eru 10-30cm háir og um meter á breidd.





Mynd 132. Hugsanleg tóft [1728-245] upp við túngarðinn [1728-243] á Hvammkoti. Horft er til suðvesturs. Ljósmynd: Kathryn Catlin.

### **Kárastaðir-1728-245**

**Sérheiti:** Hvammkot

**Hlutverk:** Óþekkt, útihús, rétt

**Tegund:** Tóft, náttúrulegt

### **Staðhættir**

Hvammkot heitir fornbýli, 190m norðvestur af Kárastöðum, hinum megin Hegranesvegar. Túnið er í brekku og er um 90x65m að stærð og er umlukið túngarði nema að suðvestan og vestan. Austast í túninu er mögulega tóft en hún er mjög óljós en nokkuð slétt svæði er þarna innan um rofar og stórar þúfur.

### **Lýsing**

Meint tóft er 7x13m að utanmáli og snýr hún norðaustur-suðvestur. Veggir eru hlaupnir í þúfur og er 30-70cm háir og 2m á breidd. Hugsanlega hafa verið dyr til norðvesturs.



Mynd 133. Hugsanlega niðurgráfin tóft [1728-246] á Hvammkoti. Horft er til suðvesturs.

### **Kárastaðir-1728-246**

**Sérheiti:** Hvammkot

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur, tóft

### **Staðhættir**

Hvammkot heitir fornbýli, 190m norðvestur af Kárastöðum, hinum megin Hegransvegur. Túnið er í brekku og er um 90x65m að stærð og er umlukið túngarði nema að suðvestan og vestan. Syðst í túninu er niðurgröftur.

### **Lýsing**

Niðurgröfturinn er 40-50cm djúpur og þarna er slétt svæði sem sker sig nokkuð úr umhverfi sem annars er stórbýft.

# Ferjuhamar og nágrenni

**Kárastaðir-1728-247**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Staðhættir**

Gata liggur frá aðalleiðinni milli Hellulands og Kárastaða til vesturs og að túni á Ferjuhamri. Hún sést ágætlega og var mæld upp af loftmynd en rofnar á einum stað þar sem búið er að slétta tún. Gatan hefur verið 280m löng.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kárastaða sem Jón Normann skráði segir: „Vegur hefur legið austan að túninu eftir svonefndum Rjúpnadal þar fyrir austan. Ennþá sést fyrir veginum.“ (bls. 1).



*Mynd 134. Steinalögn/grjóthrúga [1728-248], hugsanlegt kuml, á Ferjuhamri. Horft er til austurs.*

**Kárastaðir-1728-248**

**Hlutverk:** Kennimark,  
kuml, túnahreinsun

**Tegund:** Grjóthrúga

**Staðhættir**

Á gróinni brekkubrún um 250m ANA af bæjarstæði Ferjuhamars og 180-210m vestur frá veginum um Hegrans eru þrjár steinalagnir eða grjóthrúgur sem liggja í röð eftir

brekkunni frá austri til vesturs með 16-20m millibili.

**Lýsing**

Vestasta steinalögnin er um 80x100cm að utanmáli og 20cm há. Þarna eru 1-2 lög af grjóti sem ekki er gróið yfir en umhverfis er gras og blómgróður. Það er erfitt að fullyrða um hlutverk en útlit og umbúnaður bendir til að þetta gæti verið heiðin gröf, en um slíkt er ekki hægt að fullyrða nema með frekari rannsókn. Einnig er mögulegt að hrúgurnar tengist túnahreinsun.



Mynd 135. Steinalögn eða grjóthrúga [1728-249], hugsanlegt kuml, á Ferjuhamri. Horft er til austurs.

#### Kárastaðir-1728-249

**Hlutverk:** Kennimark, kuml, túnahreinsun

**Tegund:** Grjóthrúga

#### Staðhættir

Í gróinni brekku um 250m ANA af bæjarstæði Ferjuhamars og 180-210m vestur frá veginum um Hegranes eru þrjár steinalagnir eða grjóthrúgur sem liggja í röð eftir brekkunni frá austri til vesturs með 16-

20m millibili.

#### Lýsing

Um 20m VSV frá steinalögn [1728-248] er aflöng grjóthrúga, 1x1,4m að utanmáli. Hún liggur austur-vestur og er 30-40cm há. Það er erfitt að fullyrða um hlutverk en útlit og umbúnaður bendir til að þetta gæti verið heiðin gröf, en um slíkt er ekki hægt að fullyrða nema með frekari rannsókn. Einnig er mögulegt að hrúgurnar tengist túnahreinsun.



Mynd 136. Steinalögn eða grjóthrúga [1728-250], hugsanleg kuml, á Ferjuhamri. Horft er til norðvesturs.

#### Kárastaðir-1728-250

**Hlutverk:** Kennimark, kuml, túnahreinsun

**Tegund:** Grjóthrúga

### **Staðhættir**

Í gróinni brekku um 250m ANA af bæjarstæði Ferjuhamars og 180-210m vestur frá veginum um Hegranes eru þrjár steinalagnir eða grjóthrúgur sem liggja í röð eftir brekkunni frá austri til vesturs með 16-20m millibili.

### **Lýsing**

Austust er grjóthrúga sem er 80x80cm að utanmáli og um 20cm há. Hún er um 16m austur frá grjóthrúgu [1728-249]. Það er erfitt að fullyrða um hlutverk en útlit og umbúnaður bendir til að þetta gæti verið heiðin gröf, en um slíkt er ekki hægt að fullyrða nema með frekari rannsókn. Einnig er mögulegt að hrúgurnar tengist túnahreinsun.



*Mynd 137. Varða [1728-251]. Horft er til suðurs.*

### **Kárastaðir-1728-251**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

### **Staðhættir**

Á hálfgrónum klapparmel um 870m NNV af bænum á Kárastöðum og tæplega 180m vestur af veginum um Hegranes er varða.

### **Lýsing**

Varðan stendur ágætlega en þó farin að halla aðeins til austurs. Hún er 60cm að hæð og sést vel úr fjarska og víðsýnt er frá vörðustæðinu til allra átta.



*Mynd 138. Grjóthrúga [1728-252] og önnur svipuð hrúga er ofar og til vinstri [1728-253]. Horft er til norðurs (NNA).*

### **Kárastaðir-1728-252**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Á hálfgrónum klapparmel um 1,15 km NNV af bænum á Kárastöðum og 170m vestur af veginum um Hegranes eru tvær grjóthrúgur með um 5m millibili.

#### **Lýsing**

Hrúgurnar eru manngerðar en

ekki er um eiginlega hleðslu að ræða svo ekki er hægt að kalla þetta vörðu. Þetta gæti hugsanlega verið verk smala sem hefur setið þarna yfir fé. Syðri hrúgan er um 30cm há og er með hellugrjóti sem er þarna í umhverfinu.

### **Kárastaðir-1728-253**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Á hálfgrónum klapparmel um 1,15 km NNV af bænum á Kárastöðum og 170m vestur af veginum um Hegranes eru tvær grjóthrúgur með um 5m millibili.

#### **Lýsing**

Hrúgurnar eru manngerðar en ekki er um eiginlega hleðslu að ræða svo ekki er hægt að kalla þetta vörðu. Þetta gæti hugsanlega verið verk smala sem hefur setið þarna yfir fé. Nyrðri hrúgan er um 50cm há og er með hellugrjóti sem er þarna í umhverfinu. Grjótið í nyrðri hrúgunni er mun stærra en í þeirri syðri.



*Mynd 139. Bærinn á Ferjuhamri var til hægri á mynd. Horft er til norðvesturs.*

### **Kárastaðir-1728-254**

**Sérheiti:** Ferjuhamar

**Hlutverk:** Híbýli, bæjarhóll

**Tegund:** Heimild, hóll

### **Staðhættir**

Bæjarstæði eyðibýlisins Ferjuhamars, sem nú tilheyrir Kárastöðum, er um 60m austur (upp) af bökkum Héraðsvatna og rúmlega 700m norðvestur af bæjarstæði Kárastaða.

### **Lýsing**

Búið er að rífa öll bæjarhús og slétta yfir bæjarstæðið og aðeins sést núna móta fyrir lágum hól en annars er þarna að mestu slétt tún.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Umhverfis Ferjuhamarsbæ hefur verið talsvert graslendi og lyngmóar sem allt var gert að túni laust fyrir 1970. Einungis sést móta fyrir tóftum bæjarins á hólbungu í túninu en kirkjugarður er óhreyfður skammt frá. Landinu hallar öllu niður að Héraðsvötnum og út og niður frá bæjarstæðinu gengur klettahöfði fram í Vötnin. Það er Ferjuhamarinn sem eyðibýlið dregur nafn af. Hið efra eru melar og klapparásar með grassundum á milli. Engar byggingar standa á Ferjuhamri, enda fór jörðin í eyði í

Móðuharðindunum 1784. (...) Sigurður Ólafsson á Kárastöðum lét bylta Ferjuhamarstúni til ræktunar sumarið 1952-1953. Þá var jafnað yfir tóftir bæjarins en kirkjugarðurinn látinn óhreyfður. Skömmu fyrir 1970 var tún þarna aukið. Enn markar þó fyrir bæjartóftunum á lágri hólbrún, um 20 metra norðvestur frá kirkjugarðinum. Kom mikið grjót upp úr flaginu og minjar um öskuhaug.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 154). Um Ferjuhamar segir í -örnefnaskrá Kárastaða: „Miklar húsarústir eru um allt túnið, enda talið, að fylgt hafi landspilda vestan Vatna til Miklavatns í Grænhólslandi, og var nefnt Ferjuhamarsteigur.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 6). Í örnefnaskrá Kárastaða sem Jón Normann skráði segir: „Tún hefur verið stórt á Ferjuhamri, og sést túngarðurinn vel.“ (bls. 1).



*Mynd 140. Kirkjugarðurinn á Ferjuhamri. Horft er til SSA. Í garðinum er kirkjutóft [1728-255] og sést móta fyrir henni á myndinni, í miðjum garðinum.*

### **Kárastaðir-1728-255**

**Hlutverk:** Kirkja

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Bæjarstæði Ferjuhamars er um 730m norðvestur frá Kárastöðum. Sunnan við bæjarstæðið er kirkjugarður og að líkindum kirkjutóft fyrir miðju hans.



## Lýsing

Mjög mikill gróður var bæði í kirkjugarðinum og á meintri kirkjutóft þegar skráning fór fram og getur það haft áhrif á uppmælingu minjanna. Kirkjutóftin var mæld 5x6m að utanmáli og snýr hún nokkurn veginn austur-vestur, þó ekki alveg. Veggir eru 20-40cm háir og breidd 80-110cm. Tóftin er að mestu opin til vesturs.

## Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Kirkja var á Ferjuhamri í kaþólskum sið en hvorki er vitað um upphaf hennar né endalok. Ekki hefur verið gerð fornleifarannsókn á kirkjugarðinum til að fá nánari aldursgreiningu og lítið að byggja á munnmælum sem telja að á Ferjuhamri hafi verið fyrsta sóknarkirkja í Hegranesi en lagst af í Svartadauða.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 154). Þá segir einnig: „Í miðjum garði er húsarúst (65°41'374/19°31'270), væntanlega af kirkjunni. Hún snýr frá austri til vesturs, mjög lítil að mestu opin vestur úr. Húsið sýnist hafa verið nálægt 3x4 m að innanmáli. Tóftabreidd um 5,5 m, lengd svipuð. Suðausturhorn garðsins er úr grjóti en annars staðar virðist hann hafa verið torfhláðinn og er mikið sokkin.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 155). Í riti Sigríðar Sigurðardóttur *Kirkjur á miðöldum, 1000-1300* (bls. 31) segir: „Kirkja hefur líklega verið á Ferjuhamri í Hegranesi til forna. Í sóknarlýsingu Rípursóknar á 19. öld sagði séra Jón Reykjálín að Ferjuhamar hefði „verið landnámsjörð og skipum lagt fram í Vötnin undir hamrinum. Kirkja hefir þar staðið og mörg hús, sem enn sér glögg merki til.“ Enn má vel sjá þústir þar sem kirkjugarðurinn er talinn vera á svæði sem er 17,5x23 m að stærð og fremur kantað en hringlaga. Ferjuhamar er í landi Kárastaða.“

## Kárastaðir-1728-256



Mynd 141. Minjar á bæjarstæði og í nágrenni Ferjuhamars.

ferningsslaga en þó með mjúkum hornum. Lengd hans frá norðri til suðurs er 23 metrar en breiddin frá austri til vesturs er 17,5 metrar. Í miðjum garði er húsarúst ( $65^{\circ}41'374/19^{\circ}31'270$ ), væntanlega af kirkjunni. Hún snýr frá austri til vesturs, mjög lítil að mestu opin vestur úr. Húsið sýnist hafa verið nálægt 3x4 m að innanmáli. Tóftabreidd um 5,5 m, lengd svipuð. Suðausturhorn garðsins er úr grjóti en annars staðar virðist hann hafa verið torfhlaðinn og er mikið sokkin.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 155).

## Kárastaðir-1728-257

**Hlutverk:** Öskuhóll

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Bæjarstæði eyðibýlisins Ferjuhamars, sem nú tilheyrir Kárastöðum, er um 60m austur (upp) af bökkum Héraðsvatna og rúmlega 700m norðvestur af bæjarstæði Kárastaða.

**Hlutverk:** Kirkjugarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Bæjarstæði Ferjuhamars er um 730m norðvestur frá Kárastöðum. Sunnan við bæjarstæðið er kirkjugarður og að líkindum kirkjutóft fyrir miðju hans.

**Lýsing**

Kirkjugarðsveggurinn er ekki alveg hringlaga, hann er 23m frá norðri til suðurs og 17,5m frá austri til vestur. Veggurinn er 30-50cm hár og um 80cm á breidd. Mikill gróður var þegar skráning fór fram og því sást lítið í garðinn en í *Byggðasögu Skagafjarðar*, V. bindi, segir að suðausturhorn sé úr grjóti en hann virðist að öðru leyti úr torfi (bls. 155).

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Kirkjugarðurinn er nokkuð

## Lýsing

Í *Byggðasögu Skagafjarðar*, V. bindi, er þess getið að þegar túnið var aukið um 1970 hafi mikið grjót komið upp úr flaginu og minjar um öskuhaug (bls. 154). Öskuhaugurinn hefur verið í námunda við bæinn en nákvæm staðsetning er óþekkt.

## Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Sigurður Ólafsson á Kárastöðum lét bylta Ferjuhamarstúni til ræktunar sumarið 1952-1953. Þá var jafnað yfir tóftir bæjarins en kirkjugarðurinn látinn óhreyfður. Skömmu fyrir 1970 var tún þarna aukið. Enn markar þó fyrir bæjartóftunum á lágrí hólbrún, um 20 metra norðvestur frá kirkjugarðinum. Kom mikið grjót upp úr flaginu og minjar um öskuhaug.“ (bls. 154).



*Mynd 142. Leifar af túngarði [1728-258] Ferjuhamars eru upp undir klettinum og er girt eftir garðinum. Horft er til austurs.*

## Kárastaðir-1728-258

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

## Staðhættir

Jón Normann (1898-1976) frá Hróarsdal getur þess í örnefnaskrá sinni fyrir Kárastaði að tún á Ferjuhamri hafi verið stórt og sást þá túngarðurinn enn vel (bls. 1).

## Lýsing

Búið er að rífa öll bæjarhús og slétta yfir bæjarstæðið og meiri hluta túngarðsins líka. Ekki er ólíklegt að túngarðurinn hafi horfið við túnasléttun um miðja 20. öld eins og bæjarhúsin en hann sést glögglega á loftmynd frá 1956 (LI217-LI2-3960). Hann er þá sunnan við túnið og liggur þaðan til norðausturs, svo til norðurs og að lokum norðvesturs og endar við hamar þann sem sumir meina að hann sé hinn eiginlegi Ferjuhamar. Garðurinn var teiknaður upp af loftmynd og má gera ráð fyrir einhverri skekkju. Túnið hefur verið tæplega 500m langt frá norðri til suðurs og mest 200m breitt frá austri til vesturs. Á loftmynd má sjá um 200m langt garðlag, vestur undir kletti, 200m norðvestur af kirkjugarðinum á Ferjuhamri, í túnjaðrinum. Girt er eftir garðinum sem er mest um 50cm hár og 1-1,5m breiður og hefur að minnsta kosti verið að hluta hlaðinn úr grjóti.

## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kárastaða sem Jón Normann skráði segir: „Tún hefur verið stórt á Ferjuhamri, og sést túngarðurinn vel.“ (bls. 1).



*Mynd 143. Grjóthrúga [1728-377]. Horft er til suðvesturs í átt að bæjarstæði Ferjuhamars og má sjá Ferjuhamarinn lengst til hægri á mynd, við Héraðsvötnin.*

## Kárastaðir-1728-377

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

**Staðhættir**

Um 200m norðaustur af bæjarstæðinu á Ferjuhamri er hrúga af hellugrjóti fremst á brún, beint austur og upp af túngarðinu.

**Lýsing**

Grjóthrúgan er 40cm há og í henni töluvert af grjóti. Líklegast er að þetta sé varða, kennimark af einhverju tagi, en hefur líklega aldrei verið hlaðin heldur bara raðað saman.



Mynd 144. Varðan á Ferjuhamri [1728-259] sem endurhlaðin ar af Sigurði Ólafssyni bónda á Kárastöðum.

### **Kárastaðir-1728-259**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Ferjuhamar (þ.e. kletturinn sjálfur) er við Héraðsvötnin, um 130m norðvestur af bæjarstæði Ferjuhamars (býlisins) og um 920m norðvestur af bæjarstæði Kárastaða. Norðarlega á Ferjuhamri er stæðileg varða.

#### **Lýsing**

Varðan er ljómandi vel hlaðin og heilleg, um 100-120cm há og 80-90cm að grunnmáli. Eins og getið er hér að neðan var varðan endurhlaðin af Sigurði Ólafssyni bónda á Kárastöðum en hann var búsetur þar á árunum 1922-1976 (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 153).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í myndatexta í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi, segir: „Horft af Ferjuhamri við vörðuna sem endurhlaðin var af Sigurði Ólafssyni á Kárastöðum. Lengra út frá, í um 250 metra fjarlægð, upp af grunnri vík, rís hamar sem sumir hafa viljað telja hinn rétta Ferjuhamar.“ (bls. 156).



*Mynd 145. Kuml [1728-260] fannst á Ferjuhamri um 1836. Ekki er vitað nákvæmlega hvar það var. Horft er til NNV.*

### **Kárastaðir-1728-260**

**Hlutverk:** Leiði

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá Jóns Normann (bls. 1) segir að uppblásið kuml hafi fundist á við Ferjuhamar um 1836. Ferjuhamar er um 150m norðvestur frá bæjarstæði samnefnds býlis.

#### **Lýsing**

Ekki er vitað nákvæmlega hvar kuml þetta var en punktur var tekinn á uppblásnu og gróðurlausu svæði ofan við sjálfan hamarinn. Gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kárastaða eftir Jón Normann segir: „Þar var lengi ferjustaður við hamarinn, sem er við Héraðsvötnin út og niður frá bænum og samnefndur bænum. Á þessum höfða hafði maður verið dysjaður áður, og blésu bein hans upp á síðustu öld (um 1836).“ (bls. 1).



Mynd 146. Gvendarbrunnur, lind [1728-261], kemur upp við Héraðsvatnabakkann þar sem hvönnin er. Horft er til suðurs.

### **Kárastaðir-1728-261**

#### **Sérheiti:**

Gvendarbrunnur

**Hlutverk:** Vatnsból

**Tegund:** Lind

#### **Staðhættir**

Á austurbakka Héraðsvatna, 70m vestur (niður) af bæjarstæðinu á Ferjuhamri er vatnslind, nefnd Gvendarbrunnur, kennd við Guðmundur Arason biskup.

### **Lýsing**

Lindin kemur upp við bakka Héraðsvatna. Það sást ekki glögglega í lindina þegar skráning fór fram þar sem töluvert af hvönn vex nú í kringum hana. Það var ekki eins mikill gróður þegar ritari *Byggðasögu Skagafjarðar* var þarna á ferð og á bls. 155 í V. bindi byggðasögunnar er ljósmynd sem sýnir lindina mun betur.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Vatnsból er lind sem kemur upp í bakka Vatnanna, 80 m út og niður frá bæjarstæðinu og kallast þar Gvendarbrunnur, kenndur við Guðmund biskup góða sem prestur var á Ríp 1189-1190.“ (bls. 154). Í myndatexta sömu bókar segir: „Gvendarbrunnur (65°41'388/19°31'390) í austurbakka Héraðsvatna, út og niður undan bæjarstæði Ferjuhamars. Vatnssytra liðast úr brunnum út í Vötnin.“ (bls. 155). Um brunnum segir í örnefnaskrá: „Guðmundur Arason góði hefir vígt þar uppsprettulind neðst í túninu, er heitir enn Gvöndarbrunnur. Vatnið í honum er kolsýruauðugt, og síður í honum öðru hvoru; er 6 gráðu heitir á Celsius-mæli.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 5). Í örnefnaskrá Jóns Normann fyrir Kárastaði segir um brunnum: „Neðan við túnið er hinn einkennilegi Gvendarbrunnur niður við Héraðsvötnin. Hann kemur fram úr sandbrekku þar. Í honum er ágætt vatn, og sumir hafa trú á því til lækninga, og ýmsum hefur gefizt það vel. Guðmundur góði á að hafa vígt brunnum, er hann vígði kirkjuna að Ferjuhamri, að því er forn munnmæli segja.“ (bls. 2).

### **Kárastaðir-1728-262**

**Hlutverk:** Ferjustaður

**Tegund:** Heimild



### **Staðhættir og lýsing**

Ferjustæði mun hafa verið við Ferjuhamar sem er um 130m norðvestur af bæjarstæði samnefnds býlis, nú í landi Kárastaða. Þarna eru engin mannvirki önnur en varðan sem stendur á hamrinum.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Ætla má að hér hafi mjög snemma verið ferjustaður á Héraðsvötnum, þegar á þjóðveldisöld, og klettahöfðinn sem gengur fram í Vötnin neðan við bæjarstæðið því nefndur Ferjuhamar. Bærinn síðan dregið nafn af honum. Þó eru áhöld um hvar sé hinn eiginlegi Ferjuhamar.“ (bls. 155).

### **Kárastaðir-1728-263**

**Hlutverk:** Híbýli?

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Um 280m norður af bæjarstæði Ferjuhamars er hamar sem einhverjir hafa talið vera hinn eiginlega Ferjuhamar. Í mounum suðvestur af honum voru að sögn Lilju Ólafsdóttur á Kárastöðum leifar býlis, m.a. túngarður (*Byggðasaga Skagafjarðar V.* bindi, bls. 155).

### **Lýsing**

Samkvæmt Lilju Ólafsdóttur á Kárastöðum var landið herfað í kringum 1970 og við þar hurfu þær minjar sem þarna voru (*Byggðasaga Skagafjarðar V.* bindi, bls. 155). Engar minjar fundust við vettvangsskráningu en munnleg heimild um túngarð og ösku með dýrabeinum benda eindregið til þess að þarna hafi verið á einhverjum tíma verið býli. Býlið var hnitsett út frá lýsingum heimildamanns. Líklegt verður að teljast að vallargarðurinn sem þarna er nefndur sé túngarðurinn á Ferjuhamri [1728-258] en hann lá einmitt þarna ofan við.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Um það bil 250 metrum norðan, nokkrum metrum upp af Vatnabakkanum, rís annar hamar (65°41'580/19°31'270), um 20 metra hár, sem nokkrir hafa talið vera Ferjuhamarinn. Að sögn Lilju Ólafsdóttur á Kárastöðum voru þar mannvistarleifar í mounum suður og upp frá hamrinum. Þeir voru herfaðir um 1970, og átti að gera þar tún en landið var svo grýtt að hætt var við ræktunina og greri flagið upp aftur. Þarna voru skýr brot af vallargarði með grjóti efst í mounum og á einum stað kom í ljós aska með dýrabeinum. Ekki verða nú fundnar með vissu neinar tóftaleifar en þó eru líkindi til þeirra á tveimur eða þremur stöðum. Garðbrotin og öskuhaugurinn eru sterk vísbending um búsetu á þessum stað.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V.* bindi, bls. 155).

## **Kárastaðir-1728-264**

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Garðlag

### **Staðhættir**

Garður er á merkjum milli Kárastaða (fyrrum Ferjuhamars) og Hellulands, næst Héraðsvötnum.

### **Lýsing**

Garðurinn liggur nokkurn veginn austur-vestur og er 170m á lengd. Girt er eftir honum og liggur girðingin áfram til austurs en garðurinn virðist enda við smá klettabelti. Sá endi sem er næst klettabeltinu er grjóthlaðinn en annars hefur garðurinn verið úr torfi. Hann er töluvert hruninn, rofinn og kominn í þúfur. Veggjabreidd er mest 2,5m á breidd og 60cm þar sem hann er hæstur.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Síðan er lýst landamerkjum hins væntanlega býlis: Eru landamerki að utan milli Hellulands og Ferjuhamars garður sem tilsest að norðan og upp frá honum til austurs steinar sem upp voru reistir þar til 2 tjarnir koma, önnur norðar sem liggur öll í Hellulands landi en önnur sunnar, öll í Ferjuhamarslandi út að ysta hólma í henni. Þaðan sjónhending austur á hæstu brún í stein stóran sem stendur fyrir norðan vörðu á hæstu hæðinni.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 156). Í örnefnaskrá Kárastaða er minnst á garðinn: „Ferjuhamarsgilsmóar eða „Móar“/ milli Ferjuhamarsgils og landamerkjagarðs forns á milli Kárastaða og Hellulands vestan við hreppaveginna frá Ferjuhamarsgili ofanverðu.“ (Örnefnaskrá-Kárastaða, bls. 7).

## **Kárastaðasel og nágrenni**

### **Kárastaðir-1728-265**

**Hlutverk:** Kuml, leiði, beinafundur

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Samkvæmt heimildum fannst höfuðkúpa í Selmóum sem eru suðvestur frá Kárastaðaseli. Fundurinn bendir til þess að þarna hafi verið a.m.k. ein heiðin gröf en fundarstaður er óþekktur og engar vísbendingar fundust um staðsetningu við vettvangsskráningu.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Suðvestur frá seltúninu heita Selmóar. Um 1820 fann Keflavíkur-Sigga hauskúpu í Selmóunum, fór með heim og svaf á henni eina nótt. Dreymdi hana þá mann, vel búinn í fornum klæðum er sagði: „Illa gerðir þú að taka beinin mín. Ég var drepinn með svikum. Nafn mitt er Ljótur blátönn.“ Því næst hvarf hann burt. Daginn eftir var kúpan skoðuð og fannst þá far eftir höggvopn aftan á hnakkabeininu. Lét Sigga síðan

hauskúpuna aftur á sama stað en enginn veit hvar það var. Jón Benediktsson í Hróarsdal skoðaði hausinn og sagði Jónasi syni sínum sem sagði Jóni Norðmann.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 151-2).

### **Kárastaðir-1728-266**

**Sérheiti:** Siggubarða/ Siggulágarvarða

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Syðst á klettabergi, upp af austurenda Stekkjardals, stóð samkvæmt heimildum varða sem nefnd var Siggubarða eða Siggulágarvarða. Þetta er um 150m suðvestur frá Kárastaðaseli og um 70m beint norður af stekkjartóft [1728-267].

### **Lýsing**

Varðan, eða leifar hennar, fundust ekki við vettvangsskráningu og er staðsetning því fengin úr *Byggðasögu Skagafjarðar*. Gera má ráð fyrir allt að 10m skekkju. Mun varðan vera hrunin.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Uppi á berginu í rúmlega 100m hæð, syðst á brún Stekkjardals, stóð Siggubarða (65°41'194/19°29'490) við austurenda Stekkjardals. Hún hefur verið að mestu úr smágrjóti og er nú hrunin en að sögn var hún kennd við Sigríði Sigurðardóttur frá Keflavík, Keflavíkur-Siggu (f. 1777), sem var „ráðlítill [og] flakkaði“ að sögn Jóns Espólín. Á manntalsþingi vorið 1813 spurðist sýslumaður fyrir um málefni Siggu, að hún fengi ekki að flakka. Því var til svarað að hún yrði þá vitlaus. Sigga varð úti í Húnaþingi 1826. Djúpur og sérkennilegur lautarbolli er suðvestanundir klöppinni sem Siggubarðan stóð á. Hann heitir Siggulág af því að þar átti Sigga að hafa hitt kærasta sinn og hlaðið vörðuna meðan hún beið hans.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 151). Um vörðuna segir í örnefnaskrá: „Siggulágarvarða eða Siggubarða, gömul grjótvarða suðvestan við Seltúnið uppi á berginu, rétt norðan við austurenda Stekkjardals.“ (bls. 8).



Mynd 147. Stekkur [1728-267] í Stekkjardal, hugsanlega frá Kárastaðaseli. Horft er til suðurs og ofan á stekkinn.

### **Kárastaðir-1728-267**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í Stekkjardal, 200m suðvestur af Kárastaðaseli, er lítil stekkjartóft.

#### **Lýsing**


Tóftin er tvískipt, kró til suðurs og örlítið stærri rétt til norðurs. Hlið er á austurvegg. Tóftin er vel greinileg, algróin grasi, mosa og lyngi og virðist nokkuð gömul. Hún er hlaðin suðurundir lyngi gróinni brekku. Veggir eru 30-50cm háir og rétt rúmur metri á breidd. Stekkurinn er fremur lítill aðeins 4x6m að utanmáli og hefur ekki tekið margar kindur. Í *Byggðasögu Skagafjarðar* (V. bindi, bls. 150) er þess getið að þetta sé líklega fráfernastekkur frá því búið var á Kárastaðaseli. Það er líkleg tilgáta þar sem kindagötur liggja frá stekknunum, niður í Stekkjardalinn og áfram í átt að selinu.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Stekkjardalur er í suðvestur frá Kárastaðaseli. Þar er fallegur lítill stekkur (65°41'192/19°29'528) norðaustan í dalnum í djúpum og grónum lautarbotni, næstu laut neðan við Siggulágina. Dyr snúa til austurs. Hann er 1,5x3 m og hefur

vart tekið nema 10-12 kindur, síðan lítill lambakrúbba áföst. Líklega er þetta fráfernastekkur frá Kárastaðaseli þegar þar var búið.“ (bls. 150).

### Kárastaðasel



Mynd 148. Yfirlitsmynd af minjum á Kárastaðaseli.

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Kárastaðasel er í u.þ.b. 1150 m beinni loftlínu austurnorðaustur frá Kárastöðum, suðaustur frá mynna Seldalsins sem liggur suðaustur frá Brúklukkutjörn. Það er austast í landi Kárastaða, stutt vestan við landamerkjagirðinguna. Þaðan sést yfir hæðir austur til Urriðavatns og suður til Hólmavatns. Talið er að búið hafi verið tímabundið í Kárastaðaseli, e.t.v. á 17. eða 18. öld en engar skjalfestar heimildir eru um búsetu þar þótt flest bendi til að svo hafi verið. Slitur af mjög fornlegum túngarði gefa þó vísbendingu um miklu eldri mannvist en aldursgreining hefur ekki verið gerð. Í örnefnalýsingu frá 1935 er talað hér um 6 dagsláttu tún með garði í kring. Þetta virðast nokkrar ýkjur en mörk túnsins eru óglögg og túngarður ekki sjáanlegur nema á parti að norðan og norðvestan. Annars staðar virðist hann algjörlega sokkinn og horfinn í lymbýfi sem þrengir sér upp að húsahólunum. Hér eru fjórir eða fimm litlir hólar með húsarústum á í því sem næst beinni línu, hallandi frá norðvestri til suðausturs. eru fáir metrar á milli.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 151).

Þessi frásögn í byggðasögunni lýsir staðhættum á Kárastaðaseli vel. Minjarnar eru á hóluröð sem er nokkurn veginn í beinni línu frá norðvesturhorni túnsins til SSA. Þar utan með og út að

túngarði er þýft tún og eru þúfurnar lyngi- og mosagrónar og bendir allt til þess að elstu minjar á selinu séu mjög gamlar, hugsanlega allt frá elstu tíð. Hólarnir benda til þess að byggt hafi verið aftur og aftur á sama stað og virðast flestar þeirra tófta sem skráðar voru vera yngri en túngarðurinn en þó eru undantekningar á því. Heimildir eru að mestu þögular um byggð á Kárastaðaseli en miðað við umfang minja og túngarðs er ljóst að þarna hefur verið búskapur þótt óljóst sé hversu lengi. Líklegt verður að teljast að þarna hafi síðast verið selstaða og virðist nafngiftin Kárastaðasel benda til þess en ekki eru heimildir um hvenær síðast var haft þarna í seli. Í jarðabók frá 1713 segir að selstaða sé í heimalandi og er freistandi að túlka það sem svo að hún sé þá í notkun (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, bls. 60).



*Mynd 149. Túngarðurinn [1728-268] á Kárastaðaseli. Horf er til VSV.*

### **Kárastaðir-1728-268**

**Sérheiti:** Kárastaðasel

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Túngarður umlykur minjar á Kárastaðaseli að vestan, norðan og norðaustan.

### **Lýsing**

Túngarðurinn er greinilegur að vestan, norðan og norðaustan en sést ekki að austan, sunnan og suðvestan og virðist þar vera horfinn í lyngþýfi. Garðurinn er um 50cm hár og um 2m á breidd en hann er töluvert hruninn. Hann er algróinn grasi, mosa og lyngi og mjög gamall. Þó um helmingur garðsins sé horfinn má vel ímynda hvar hann hefur legið og hefur þá afmarkað tún sem er um 55x80m að flatarmáli.

### **Kárastaðir-1728-269**

**Sérheiti:** Kárastaðasel

**Hlutverk:** Stekkur?

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Túngarður umlykur minjar á Kárastaðaseli og efst í túninu að norðvestan er tóft, byggð upp við garðinn.

### **Lýsing**

Tóftin er vel greinileg og algróin grasi, mosa og lyngi. Hún er 5x11m að utanmáli og snýr næstum austur-vestur. Tóftin er tvískipt og lítur út eins og stekkur, með lambakró til austur en rétt til vestur. Á krónni hefur verið hlið til suðurs og annað á réttinni sem snéri mót vestri. Tóftin er byggð upp við túngarðinn sem er þá norðurveggur tóftarinnar. Veggir eru 10-40cm háir, 120cm á breidd og garðurinn er í heild 120m langur.

### **Kárastaðir-1728-270**

**Sérheiti:** Kárastaðasel

**Hlutverk:** Rétt?

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Túngarður [1728-268] umlykur minjar á Kárastaðaseli og efst í túninu að norðvestan er tóft [1728-269], byggð upp við garðinn. Beint vestur af tóftinni virðist vera lág vegghleðsla sem myndar lítið hólf upp við túngarðinn, hugsanlega lítil rétt.

### **Lýsing**

Vegghleðslan er byggð upp við túngarðinn og myndar þannig lítið hólf sem er 2,5x5m að utanmáli. Hlið eða dyr hafa snúið til norðurs. Veggurinn er 20-30cm hár og algróinn lyngi og mosa og fellur vel að umhverfinu. Hann er rétt um metri á breidd. Hleðslan sem virðist manngerð fellur vel að umhverfi sínu og mögulega er þetta náttúrulegt fyrirbæri.

### **Kárastaðir-1728-271**

**Sérheiti:** Kárastaðasel

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst, tóft

#### **Staðhættir**

Ofarlega í túni á Kárastaðaseli, um 6m SSA af tóft [1728-269] er þúst eða fremur óljós tóft.

#### **Lýsing**

Þústin/tóftin er 3x4m að utanmáli og snýr NNV-SSA. Hún er um 30-40cm há og algróin grasi og mosa. Hlutverk er óljóst en þústin virðist vera leifar lítillar tóftar en útbrúnir eru lítt greinanlegar.

### **Kárastaðir-1728-272**

**Sérheiti:** Kárastaðasel

**Hlutverk:** Óþekkt, útihús

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Ofarlega í túni á Kárastaðaseli, 14m suður af efsta (nyrsta) hluta túngarðsins [1728-268] er tóft.

#### **Lýsing**

Tóftin er 4x8m að utanmáli og snýr NNV-SSA. Hún er að líkindum tvískipt og hafa dyr snúið til suðausturs. Veggir eru þýfðir og algrónir grasi, mosa og lyngi. Þeir eru 10-30cm háir og um 120cm á breidd. Hlutverk er óljóst en tóftin minnir helst á einhvers konar gripahús. Á milli tóftarinnar og þústar/tóftar [1728-271] er 2ja metra breitt slétt svæði og hugsanlegt að þessar tvær tóftir hafi einhver tengsl.

### **Kárastaðir-1728-273**

**Sérheiti:** Kárastaðasel

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Ofarlega í túni á Kárastaðaseli, 14m suður af efsta (nyrsta) hluta túngarðsins [1728-268] er tóft [1728-272] og önnur minni tóft rétt um 3m austan hennar.

#### **Lýsing**

Tóftin snýr ASA-VSV og er 4x5,5m að utanmáli. Dyr hafa snúið til vesturs. Veggir eru 30-50cm háir og rétt um metri á breidd. Tóftin er algróin grasi, mosa og lyngi og virðist tilheyra eldri fasa minja á selinu.



#### **Kárastaðir-1728-274**

**Sérheiti:** Kárastaðasel

**Hlutverk:** Sel, híbýli

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Um það bil fyrir miðju túni er líklega sel- eða híbýlatóft á lágum hól.

#### **Lýsing**

Tóftin er um 9x9m að utanmáli og tví- eða þrískipt. Hún er algróin grasi, mosa og lyngi og snýr norðvestur-suðaustur. Tvennar dyr eru á tóftinni og snúa báðar til suðausturs. Veggir eru 20-50cm háir og mest 1,5m á breidd. Tóftin stendur á smá hól og er líklega byggð á eldri minjum.

#### **Kárastaðir-1728-275**

**Sérheiti:** Kárastaðasel

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Um það bil fyrir miðju túni er líklega sel- eða híbýlatóft [1728-274] á lágum hól og 3m suðaustur af henni er önnur tóft, minni.

#### **Lýsing**

Tóftin er 3x4m að utanmáli og algróin grasi og mosa. Veggir eru 10-30cm háir og 70cm breiðir. Dyr sjást ekki á tóftinni.

#### **Kárastaðir-1728-276**

**Sérheiti:** Kárastaðasel

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Um það bil fyrir miðju túni er líklega sel- eða híbýlatóft [1728-274] á lágum hól og 4m austur af henni er önnur tóft, minni.

#### **Lýsing**

Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og hafa dyr snúið til suðvesturs. Hún er 3x3,5m að utanmáli, veggir eru 30-50cm háir og um metri á breidd. Hún er algróin grasi og mosa og er norðurveggur nokkuð hruninn.

#### **Kárastaðir-1728-277**

**Sérheiti:** Kárastaðasel

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur, tóft

**Staðhættir**

Um það bil fyrir miðju túni er líklega sel- eða híbýlatóft [1728-274] á lágum hól og 4m austur af henni er önnur tóft, minni [1728-276]. Fast norðan við tóftina er niðurgröftur.

**Lýsing**

Niðurgröfturinn er 3x1,5m að ummáli, 40-70cm djúpur og algróinn grasi, mosa og lyngi og er grafinn í brekkuna. Það virðast ekki vera veggir utan með honum og hlutverk er óljóst en hugsanlega hefur verið stungið eitthvert efni þarna í nærliggjandi byggingar.

**Kárastaðir-1728-278**

**Sérheiti:** Kárastaðasel

**Hlutverk:** Rétt?

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um það bil fyrir miðju túni er líklega sel- eða híbýlatóft [1728-274] á lágum hól og 8m vestur af henni er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norður-suður og er 5x8m að utanmáli. Veggir eru 30-50cm háir og um 1,3m á breidd. Tóftin hefur samlagast umhverfi sínu og eru veggir þýfðir en slétt svæði á milli þeirra. Hlutverk er óvíst en hugsanlega hefur verið þarna lítil rétt.

**Kárastaðir-1728-279**

**Sérheiti:** Kárastaðasel

**Hlutverk:** Óþekkt, fjárhús

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um það bil fyrir miðju túni er líklega sel- eða híbýlatóft [1728-274] á lágum hól og 3m norðvestur af henni er minni tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norður-suður og er 4x4,5m að utanmáli. Veggir eru þýfðir, algrónir, 30-50cm háir og tæpur metri á breidd. Dyr hafa verið á suðurvegg. Hugsanlega er lítið hólf áfast að norðan.

**Kárastaðir-1728-280**

**Sérheiti:** Kárastaðasel

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Um það bil fyrir miðju túni er líklega sel- eða híbýlatóft [1728-274] á lágum hól og rétt rúmlega 10m suður af henni er minni tóft sem stendur á smá hólbungu.

### **Lýsing**

Tóftin er algróin og veggir fremur ógreinilegir en það mótar fyrir inn- og útbrúnum nema syðst. Veggir eru mest um 20cm háir og 1,5m á breidd. Tóftin stendur aðeins hærra en umhverfið og er líklegt að þarna hafi verið byggt oft á sama stað. Tóftin er 4x6m að utanmáli en hóllinn sem hún stendur á er 7x13m.

### **Kárastaðir-1728-281**

**Sérheiti:** Kárastaðasel

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla, tóft

### **Staðhættir**

Um það bil fyrir miðju túni, er líklega sel- eða híbýlatóft [1728-274] á lágum hól og rétt rúmlega 10m suður af henni er minni tóft [1728-280] sem stendur á smá hólbungu. Á milli þessara tveggja tófta er slétt svæði og veggjalag austan við það.

### **Lýsing**

Innan túns er töluvert þýfi og þarna gæti verið tóft eða leifar tóftar sem hefur samlagast umhverfi sínu að hluta. Slétta svæðið er hugsanlega gólf í tóft og veggurinn þá hluti austurveggjar. Hann er rúmlega 2m á lengd, um 1m á breidd og 20-30cm hár.



*Mynd 150. Varða [1728-281]. Horft er til austurs.*

Beingarðs og Áss 2. Óvíst er um aldur vörðunnar.

### **Kárastaðir-1728-380**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

### **Staðhættir**

Á kletti, tæplega 50m norðaustur og upp af Kárastaðaseli er varða.

### **Lýsing**

Varðan er 70cm há og þokkalega hlaðin, við hlið hennar er grjóthrúga sem er líklega yngri. Þarna er girt og því mögulegt að þetta séu hornmerki milli Kárastaða,



Mynd 151. Varða [1728-281]. Horft er til norðvesturs.

### **Kárastaðir-1728-331**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Á klöpp, 340m norðaustur frá Kárastöðum og 80m norðaustur frá Hvammkoti er varða.

#### **Lýsing**

Varðan er 40cm há og 75x75cm að grunnmáli. Hún er ágætlega hlaðin uppi á smá kletti.

### **Kárastaðir-samantekt**

Jarðirnar Kárastaðir og Ferjuhamar eru á vestanverðu Hegranesi milli Hellulands og Ásgrímsstaða að norðan og Hróarsdals að sunnan. Ferjuhamar var fyrrum sjálfstæð jörð en fór í eyði á 18. öld og var þá fyrst nytjuð frá Kárastöðum en síðar lögð undir þá. Á Kárastöðum er fjölbreytt búsetulandslag. Gamli bærinn [1728-181] stóð þar sem íbúðarhúsið stendur í dag og á túnakorti frá 1918 sést að í byrjun 20. aldar voru öll útihúsin í námunda við hann. Gamla fjósið [1728-183] var austan við bæ en yngra fjós [1728-184] síðar byggt norðan bæjar og þar norðan við voru fjárhúsin [1728-182]. Þarna eru enn útihús á sömu stöðum og gömlu húsin horfin. Fram undir 1900 voru hesthús [1728-185] vestur af bænum og þar sjást óljósar tóftir í túnjaðri og eins er tóft [1728-187] sunnan bæjar á svonefndri Löngurófu. Heimildir eru um lítið húsmannsbýli á Löngurófu nefnt Káragerði [1728-186] og síðar fjárhús en þarna er nú aðeins ein lítil tóft sem er líkast til hvorki fjárhús né híbýli og minjar býlisins eru horfnar. Á kletti suður af túnnum á Kárastöðum er grjóthlaðin kofatóft [1728-187], hugsanlega smalakofi og hefur verið ágætt útsýni af klettinum yfir nærliggjandi umhverfi. Í flóanum austan bæjar þar sem nú eru tún voru áður mógrafir [1728-195 og 196]. Austan við bæinn var brunnur og brunnhús [1728-193] sem eru horfin. Norðan bæjar var Langabrá [1728-194] yfir fyrrnefndan flóa og er hún horfin vegna túnasléttunar. Norðan við bæ er Gullaklöpp [1728-189] og þar var leikstaður barnanna á Kárastöðum og þar upp undir klettinum er grjóthlaðinn garður eða tóft [1728-192] sem virðist vera lítil rétt. Sunnan við Gullaklöpp var Húsabráin [1728-190] yfir bæjarlækinn, nú horfin. Sunnan og vestan við Gullaklöpp var Kvíalaut [1728-191]. Þar fannst enginn kvíatóft við skráningu en þar er nú trjálundur og gætu kvíarnar verið horfnar í skóg.

Hvammkot heitir fornbyli austan Kárastaða og liggur það fast austur af Hegranesvegi. Túngarður [1728-243] umlykur nokkrar tóftir [1728-241, 244, 245 og 246] sem liggja neðst í

brekku. Þarna hefur vísast verið búið fyrrum, en á 19. öld höfðu bændur á Kárastöðum þarna geitur og kindur [1728-242].

Norðan við trjálundinn í Kvíalaut er veglegur grjóthlaðinn garður [1728-198] sem liggur til vesturs að Héraðsvötnum. Þessi garður var hlaðinn árið 1920 og er alls 230m á lengd. Norðan við garðinn, þar sem er hlið á honum, er grjóthlaðin rétt [1728-197]. Um 200m norðvestur af réttinni, 20m austur af Vatnabakkanum er steinalögn og grjóthrúga [1728-199]. Suður af vesturenda garðlagsins, við Héraðsvötnin, var netalögn kölluð Lækjarós [1728-234] og þar var einnig ferjustæðið [1728-234] á Kárastöðum en þar var lögferja eftir að ferja var lögð niður á Ferjuhamri. Á bakkanum þarna heita Kárastaðavöð [1728-235]. Önnur netalögn á að vera sunnar með bökkunum en hún fannst ekki við skráningu.

Um 640m suður af bæ, á Vatnabakkanum er garðlag og líklega tóft við það [1728-237 og 238]. Hlutverk er óljóst. Þar sunnar, nær merkjum við Hróarsdal, er stekkjartóft [1728-236] og á klöpp, austur og upp af henni er hlaðið byrgi [1728-240] og norðan við það steinalögn [1728-239]. Garðlag er á merkjum Kárastaða og Hróarsdals [1728-376].

Fjöldi mógrafa er í landi Kárastaða. Ein lítil mógröf [1728-210] er norðan við Torfdal sem teygir sig frá Hólmavatni, þar í landi Hróarsdals, til norðvesturs að merkjum við Kárastaði. Nær bæ, tæpa 500m suðaustur frá bæjarstæðinu eru umfangsmiklar mógrafir [1728-201], norðan við svonefnda Móklöpp. Mór var þurrkaður á Móklöpp og upp á hana liggur sneiðingur [1728-202], gamall kerruvegur sem farinn var þegar mórinn var sóttur. Fimm mótóftir [1728-203, 204, 205, 206 og 207] eru sunnan og norðvestan við mógrafirnar. Ein varða er sunnan mógrafanna [1728-209]. Smá hleðsla eða þúst [1728-200] er á klöpp rúmlega 300m suðaustur af bæ en hlutverk hennar er óljóst og engar minjar aðrar sjáanlegar. Vörður eru víða í Kárastaðalandi, nokkrar nafnkunnar eins og Ólafsvarða og Siggulágarvarða en aðrar fundust ekki við skráningu eins og Digravarða. Sumar vörðurnar liggja við gamlar reiðleiðir en aðrar hafa óljósara hlutverk og eru einhverjar þeirra kannski smilavörður. Á klettaborgum um 370-500m austur af bæ er fjöldi varða. Hluti þeirra er við gömlu kirkjuleiðina að Ríp en hinar fjær og er hugsanlega hluti þeirra smilavörður [1728-208, 211, 212, 213, 214 og 215].

Kárastaðasel er í um 1,150m beinni loftlínu ANA frá Kárastöðum, suðaustur frá mynna Seldals. Talið er að tímabundin búseta hafi verið á Kárastaðaseli á 17. eða 18. öld en gamall túngarður [1728-268] sem umlykur tún að vestan, norðan og að hluta að austan bendir til mun eldri búsetu og voru að minnsta kosti 12 minjar [1728-269-273 og 274-281] skráðar við garðinn og innan hans. Einhverjar þeirra tilheyra væntanlega selinu en aðrar eru líklega eldri. Seltóftin [1728-274] er líklega sunnarlega fyrir miðju túni. Norðaustur og upp af selinu er ein varða [1728-380] og Siguvarða eða Siggulágarvarða [1728-266] er suðvestan við selið. Í Stekkjardal sem er suðvestur af Kárastaðaseli er lítil, gamalleg stekkjartóft [1728-267]. Kuml [1728-267] fannst einnig í námunda við Kárastaðasel.

Brúnklukkutjörn er nokkuð stór tjörn sem liggur norðaustur-suðvestur, tæpa 900m norðaustur frá bæ. Sunnan hennar eru mógrafir, fjöldi smárra grafa á vatnabakkanum og virðast kannski fremur gamlar [1728-217]. Önnur mógröf [1728-216] er í Mógrafarsundi, á bergjunum suður af tjörninni. Um 400m norður af Brúnklukkutjörn er Lýsukot eða Brúnklukkustaðir sem hugsanlega var lítið smábýli en enginn garður er umhverfis það. Þarna eru fjórar tóftir og er ein þeirra af yngri beitarhúsum [1728-218] en hinar virðast eldri [1728-219, 220 og 221]. Ólavarða er suðvestur af Brúnklukkustöðum [1728-226]. Nokkrar vörður eru á merkjum eða í námunda við merki, m.a. Jónsvarða [1728-228] og fleiri sem ekki bera nöfn [1728-229 og 230]

Norðurhluti núverandi Kárastaðalands tilheyrði Ferjuhamri. Bæjarstæðið var upp af Héraðsvötnum, 630m norðvestur frá Kárastöðum. Túnið var feiknastórt en túngarðurinn [1728-258] sem er að mestu horfinn, sést á loftmynd frá 1956. Túnið hefur verið 500m langt frá norðri til suðurs og mesta breidd er 200m frá austri til vesturs. Núverandi tún er aðeins um helmingur af gamla túninu. Bærinn [1728-254] var sunnarlega í túni og sést lítið eftir annað en óljós útbrún bæjarhóls en sunnan hans er vel greinilegur hringlaga kirkjugarður [1728-256], líklega frá elstu tíð, og í honum virðist vera kirkjutóft [1728-255]. Öskuhóllinn var suðvestur af bæ [1728-257]. Ferjað var frá Ferjuhamri og var ferjustæðið [1728-262] norðvestur af bænum við svonefndan Ferjuhamar. Á hamrinum er vegleg varða [1728-259] og þar fannst um árið 1836 uppblásið kuml [1728-260]. Annar hamar er við Vötnin, 260m norður af hinum, og hefur af sumum verið talinn hinn eiginlegi Ferjuhamar. Norðurendi gamla túnsins endaði við nyrðri hamarinn. Í mounum nyrst í gamla túninu voru tóftir sem hurfu þegar herfað var þarna á 7. áratug 20. aldar og var talið að þar hefði verið sérstakt býli [1728-263]. Gamla leiðin [1728-248] frá túninu og upp á aðalveginn milli Hellulands og Kárastaða lá frá túninu til austurs og upp í átt að Hegransvegi. Þessi gata sést enn á köflum. Fast norðan götunnar eru þrjár stakar grjóthrúgur [1728-248, 249 og 250]. Hlutverk þeirra er óljóst og gæti verið um að ræða túnahreinsun eða einhvers konar kennimerki. Hugsanlega eru þetta grafir úr heiðnum sið, en ekki er hægt að fullyrða um slíkt nema með frekari rannsókn. Norðaustur af Ferjuhamri eru tvær vörður á klöppum [1728-251 og 258] og 530m norðaustur af bæjarstæðinu eru tvær grjóthrúgur úr hellugrjóti [1728-252 og 253], líklega kennimörk en gamlar götur liggja þar austan við.

Gamli sýsluvegurinn [1728-730] lá á milli ferjustaðar á Kárastöðum að ferjustað í Ási og var ein af þremur aðalleiðum um nesið. Leið [1728-737] sem lá frá Keldudal að ferjustað við Vesturósinn liggur um Kárastaðaland og þriðja leiðin [1728-731] var kirkjuleið og lá til suðausturs að Hendilkotsvatni og þaðan inn á veg [1728-730] áfram til norðausturs að Ríp.

## Hróarsdalur

### Söguágrip

Hróarsdalur var ein þeirra jarða sem gefin var Reynistaðaklaustri við stofnun þess, en áður hafði jörðin verið komin í eigu Hólastóls.<sup>37</sup>

Jarðardýrleiki var að fornu 20 hundruð og landskuld 60 álnir árið 1713 en hafði áður verið eitt hundruð.<sup>38</sup> Í *Jarðabókinni* 1713 segir að torf og reiðingsristu þurfi að kaupa og stunga sé mjög lök. Torf og mór til eldiviðar voru engin en elt var taði undan kvikfénaði. Silungsveiði var í kílum vestur á engjum sem þóttu yfirmáta votlendur. Þar er einnig getið um fjárhús á girðingu nokkurri sem áföst var túninu<sup>39</sup> en líklegast er að þetta hafi verið á svonefndu Gerði þar sem fjárhúsin stóðu síðast.

Gamlar sagnir úr Hegrnesi herma að Hávarður hegri hafi numið land í Hegrnesi og fyrst búið á Hegrastöðum, fornbýli í landi Áss, en síðar á Ási. Með honum áttu að hafa komið bræðurnir Hendill, sem settist að á Hendilskoti í landi Hamars, og Hróar sem settist að í Hróarsdal. Hróar þessi átti að hafa rekið féð sitt að Hróarsseli í landi Skíðastaða í Laxárdal og til þess að auðvelda ferðalagið þangað með féð lét hann ryðja Hróarsgötur sem síðan urðu aðalvegur um Skörðin þar til bílvegur var lagður um Heiðardalinn.<sup>40</sup> Hróarsleiði, eða Hróarsdys, er á klöppunum austan við bæ í Hróarsdal og til er frásögn af því að bræður frá Hróarsdal hafi grafið í leiðið og fundið þar mannabein, m.a. hauskúpu.<sup>41</sup>

Þegar gamli torfbærinn var rifinn og grafið fyrir veggjum að nýju íbúðarhúsi var komið niður á göng sem lágu undir bænum og stefndu fram úr Hólnum sem bærinn stendur á. Voru göngin byggð úr torfi og grjóti og reft yfir með viðum og var frágangur góður.<sup>42</sup>

---

<sup>37</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 138.

<sup>38</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 59; Jarðatal Johnson, 277.

<sup>39</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 60.

<sup>40</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 138.


<sup>41</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 138.

<sup>42</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 141.

## Fornleifaskráning



Mynd 152. Bærinn í Hróarsdal um eða eftir 1930. Lengst til hægri er Stofan, þá bæjardyrnar, smiðja, skemma og eldiviðarkofi. Mynd: Héraðsskjalasafn Skagfirðinga/birt með leyfi.



Mynd 153. Teikning og uppdráttur af gamla bænum í Hróarsdal um 1900-1910 eftir Hróbjart Jónasson. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga/birt með leyfi. HSK 971 4to.

## Hróarsdalur-1728-282



**Sérheiti:** Hróarsdalur

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Dældir, heimild

### **Staðhættir**


Gamli torfbærinn í Hróarsdal stóð þar sem íbúðarhúsið stendur nú en náði bæði norður og eilítið suður fyrir íbúðarhúsið sem reist var árið 1950. Bæjarstæðið er á stórum hól og er gott útsýni þaðan til suðurs og suðvesturs.

### **Lýsing**

Bærinn var að mestu rifinn um miðja 20. öldina en í garðinum sunnan við íbúðarhúsið er L-laga dæld, einu sjáanlegu leifar bæjarins, en þar var kjallari bæjar sem reistur var við torfbæinn 1935. Dældin er 4m frá norðri til suðurs og tæpir 5m frá vestri til austurs. Fjós og fjóshlaða voru áföst bænum að norðan. Aftast í skýrslunni er að finna ítarlega lýsingu á húsaskipan í Hróarsdal eftir Jón Normann.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Gamli torfbærinn var þar sem íbúðarhúsið stendur nú, náði þó lítið eitt lengra norður. Árið 1935 var byggt bárujárnsklætt timburhús áfast norðan við gömlu stofuna sem stóð syðst húsa í gamla bænum. Eftir það var torfbaðstofan rifin. Fyrir sunnan var blómagarður. Í húsinu var loft yfir mið- og austurparti en ekki miðjunni. Haldnar voru leiksýningar á vesturloftinu en áhorfendur sátu á austurloftinu og horfðu yfir miðjuna.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 140). Niðurstöður rannsókna á vegum SCASS verkefnisins sem gerðar voru í Hróarsdal árið 2015 benda til þess að búseta hafi verið á núverandi bæjarstæði frá upphafi og að jörðin hafi byggst á tímabilinu frá landnámi og fram undir miðja 10. öld. Niðurstöður benda jafnframt til þess að jörðin hafi verið stærst fyrir árið 1104 en eftir það hafi umsvif farið minnkandi (Douglas Bolender o.fl., 2015). Bærinn snéri burstum til vesturs og þar voru, talið frá hægri, stofa með kjallara og lofti yfir, þar næst bæjardyr, svo smiðja og skemma. Aftan við stofuna var kompa og síðan búr en baðstofan var austast. Aftan við smiðjuna var eldhúsið og úr því rangali í fjós og fjóshlöðu. Aftan við skemmuna var rétt.



Mynd 154. Yfirlitsmynd af minjum í kringum bæjarstæðið í Hróarsdal.

### Hróarsdalur-1728-283

**Hlutverk:** Jarðgöng

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir og lýsing

Samkvæmt Kristborgu Þórsdóttur fundust göng árið 1948 þegar grafið var fyrir grunnri íbúðarhússins. Ummerki eftir göngin sjást ekki í sléttum garðinum framan við húsið í dag en punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns og má gera ráð fyrir einhverri smá skekkju. Göngin munu hafa fundist við suðvesturhorn íbúðarhússins.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Þegar bærinn var rifinn og grafið fyrir veggjum að nýju húsi var komið niður á neðanjarðargöng sem lágu undir bænum og stefndu fram úr hólum sem

bærinn stendur á. Höfðu gögnin verið vel uppbyggð úr grjóti og torfi, reft upp með sterklegum viðum og vel frá öllu gengið. Enginn vissi til þessara ganga og töldu menn þau ærið gömul.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 141).



*Mynd 155. Varpinn, öskuhóllinn [1728-284] í Hróarsdal, er dökkgrænn ofarlega fyrir miðri mynd. Bærinn stóð þar sem íbúðarhúsið er í dag. Neðst fyrir miðri mynd er skurður [1728-297]. Horf er til norðausturs.*

## **Hróarsdalur-1728-284**

**Sérheiti:** Varpi

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Hóll, brekka

### **Staðhættir og lýsing**

Varpi heitir grasi gróin brekka suður og suðvestur af garðinum umhverfis íbúðarhúsið í Hróarsdal. Brekkan snýr mót suðvestri. Þarna er öskuhóll gamla bæjarins.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 13) segir: „Sunnan við *Gullbringu* er **Varpi** (98), framhald á brekkunni. Fram af *Varpanum* var ösku og sorpi hent og nafnið sennilega leitt af sögninni ‘að varpa’.“



Mynd 156. Fiskasteinninn [1728-285] stóð áður rétt sunnan við bæjardyrnar en hefur nú verið færður að innganginum í íbúðarhúsið.

#### **Hróarsdalur-1728-285**

**Sérheiti:** Fiskasteinn

**Hlutverk:** Fiskasteinn

**Tegund:** Steinn

#### **Staðhættir og lýsing**

Rétt sunnan við bæjardyr torfbæjarins í Hróarsdal var steinn sem nefndur var Fiskasteinn en hann var notaður til að berja á fisk. Steinninn hefur verið færður að útitröppunum við íbúðarhúsið en stóð áður um

4-5m norðaustur frá norðausturhorni íbúðarhússins samkvæmt Kristborgu Þórsdóttur (11.08.2017).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Rétt sunnan við bæjardyrnar stóð steinn sem hafður var til að berja á fisk og var kallaður Fiskasteinn. Komin var dálítið dæld ofan í hann eftir langa notkun. Jóhann á Syðstu-Grund, bróðir Lilju Jónsdóttur húsfreyju, kom eitt sinn í Hróarsdal og tók þá upp steininn og lét hann trumba niður og gerði þannig vart við sig í stað þess að berja þrjú högg. Steinninn er nú við hliðið að gangstígnum austan við íbúðarhúsið.“ (bls. 140).

#### **Hróarsdalur-1728-286**

**Hlutverk:** Fjós

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Fjosið var norðan við gamla torfbæinn og var innangengt á milli. Sambyggt við það var síðan brunnhús með fjósbrunni.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Einnig var fjósbrunnur, sambyggður við fjosið og brunnhús þar yfir. Hann var beint inn úr dyrum. Var innangengt úr hlóðældhúsinu í fjosið, byggður langur rangali og reft yfir.“ (bls. 140).

#### **Hróarsdalur-1728-287**

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Fjósbrunnur og brunnhús voru sambyggð fjósinu. Þessar byggingar eru horfnar en brunnurinn var nokkurn veginn þar sem nú er malarborinn göngustígur sem liggur til norðvesturs frá íbúðarhúsinu og út í garð. Gera má ráð fyrir nokkurri skekkju á staðsetningu brunnsins.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Einnig var fjósbrunnur, sambyggður við fjósið og brunnhús þar yfir. Hann var beint inn úr dyrum. Var innangengt úr hlóðældhúsinu í fjósið, byggður langur rangali og reft yfir.“ (bls. 140). Samkvæmt Kristborgu Þórsdóttur var fjósbrunnur notaður til að kæla mjólk eftir að fjósið var rífið (munnl. heimild, 11.08.2017).

#### **Hróarsdalur-1728-288**

**Sérheiti:** Tröð

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Þegar túnakort frá 1918 er lagt yfir loftmynd sést að heimreiðin lá áður til norðausturs frá gamla bænum. Hún er horfin en þarna eru nú horn skógræktarreits, núverandi heimreið og síðan tún þar til komið er að Hegranesvegi. Gamla tröðin heim að bænum hefur að líkindum legið á svipuðum slóðum. Hún var staðsett eftir loftmynd frá 1956 (LI217-LI2-3960) og lá hún þannig fram yfir 1975.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá S segir: „Kvíalaut og Kvíar rétt austan við túnið norðan við Tröð heim að bænum. Þar stóðu og áður fyrr skemmur.“ (Hróarsdalur-Örnefnaskrá, bls. 5). Síðast var fært frá í Hróarsdal árið 1903 (Hsk. 1343, 4to.).

#### **Hróarsdalur-1728-289**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er sýndur matjurtagarður vestan við gamla torfbæinn sem heimildamenn könnuðust ekki við (Kristborg Þórsdóttir, 2017 og Þorvaldur Sigurðsson, 2023). Aftur á móti var garður sunnan við gamla bæinn og hugsanlegt að garðurinn sé vitlaust merktur á túnakorti. Garðurinn var staðsettur með því að leggja túnakort yfir hnitsetta loftmynd með fyrirvara um að hugsanlega sé hann rangmerktur.

#### **Hróarsdalur-1728-290**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Sunnan við gamla bæinn var blómgarður, þar sem nú er trjáreit, og þar var einnig matjurtagarður í hallanum sem ekki sést lengur. Garðurinn var staðsettur eftir lýsingu heimildamanns (Kristborg Þórsdóttir, munnl. heimild, 17.08.2017),

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Gamli torfbærinn var þar sem íbúðarhúsið stendur nú, náði þó lítið eitt lengra norður. Árið 1935 var byggt bárujárnsklætt timburhús áfast norðan við gömlu stofuna sem stóð syðst húsa í gamla bænum. Eftir það var torfbaðstofan rifin. Fyrir sunnan var blómagarður. Í húsinu var loft yfir mið- og austurparti en ekki miðjunni. Haldnar voru leiksýningar á vesturloftinu en áhorfendur sátu á austurloftinu og horfðu yfir miðjuna.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 140).

### **Hróarsdalur-1728-291**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag, hryggur

### **Staðhættir**

Um 150m suðaustur af íbúðarhúsinu í Hróarsdal, beint vestur af Hegranesvegi, er garðlag eða hryggur í túninu.

### **Lýsing**

Garðlagið er 22m langt, 2ja metra breitt og liggur norðaustur-suðvestur. Það er í túnenda og algróið grasi. Líklega er þetta hluti eldri túngarðs sem nefndur er í örnefnaskrá því garðurinn er nokkru sunnar en suðurendi túnsins þegar túnakort frá 1918 er lagt yfir loftmynd.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V*. bindi segir: „Túngarður var umhverfis gamla túnið, torfhláðinn austan megin frá tröðinni úteftir og yfir dalinn til vesturs. Sunnan til var hann úr grjóti og niður að sunnan. Sjást merki hans neðan við veginn sunnan við Hróarsdal. Túnið var lítið og bara innan garðsins.“ (bls. 140). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir um túngarðinn: „Umhverfis túnið var forn garður, stærri en túnið var fram yfir 1931.“ (Hróarsdalur-Örnefnaskrá, bls. 2).

### **Hróarsdalur-1728-292**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Getið er um túngarð í heimildum og er suðurendi túngarðs um 150m suðaustur af íbúðarhúsinu í Hróarsdal. Líklega er það eldri túngarður sem getið er um í örnefnaskrá frekar en yngsti túngarðurinn sem getið er í *Byggðasögu Skagafjarðar*. Á loftmynd frá 1975 sést túngarður, líklega þessi yngsti, meðfram norðurhlið túnsins, vestan Hegranesvegjar, og nær

hann norður að fjárhúsunum (byggð 1962) sem eru austan við íbúðarhúsið upp undir vegi. Syðst, tekur hann beygju til suðvesturs og í áttina að kílnum sem er neðan við túnin. Líklega er hluti þessa garðs skráður nr. [1728-308].

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Túngarður var umhverfis gamla túnið, torfhlaðinn austan megin frá tröðinni úteftir og yfir dalinn til vesturs. Sunnan til var hann úr grjóti og niður að sunnan. Sjást merki hans neðan við veginn sunnan við Hróarsdal. Túnið var lítið og bara innan garðsins.“ (bls. 140). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir um túngarðinn: „Umhverfis túnið var forn garður, stærri en túnið var fram yfir 1931.“ (Hróarsdalur-Örnefnaskrá, bls. 2).

#### **Hróarsdalur-1728-293**

**Hlutverk:** Túngarður?

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 10) segir: „**Húsborgarkinn** (58) er ofan og sunnan við *Hesthúshvamm*. Vestan við hana heitir **Tátubrekka** (59). Í henni sjást enn leifar vallargarðs og þar stóð tíkin Táta og varði túnið fyrir skepnum.“

#### **Lýsing**

Höfundur þessarar skýrslu yfirsást þessi garður við vettvangsskráningu í Hróarsdal en samkvæmt lýsingu Kristborgar Þórsdóttur er þarna fremur mjótt garðlag sem óvíst er hvort sé í raun hluti gamla túngarðsins eða hleðsla undan girðingu sem notuð var til að verja matjurtagarða sem þarna voru. Kristborg segir garðinn líklega vera af torfi og grjóti og hafa legið frá Húsborgarkinn, yfir Tátubrekku og eitthvað áleiðis til suðurs.

#### **Hróarsdalur-1728-295**

**Sérheiti:** Litlasklökk

**Hlutverk:** Huldufólksbústaður

**Tegund:** Heimild, klökk

#### **Staðhættir**

Litla-Klökk er í brekkunni sunnan við íbúðarhúsið, það mun vera huldufólksbústaður.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Í Litlasklökk var talið vera huldufólk og nokkrar sagnir um það. Eitt ár í föstubyrrjun, líklega 1887, heyrði heimilisfólkið sungið fyrir sunnan bæinn. Kom söngurinn frá klökkinni og heyrðist inn í baðstofu því að suðurgluggi var á henni. Voru sungin erindi úr Passúsálmum Hallgríms Péturssonar. Hlé varð á söngnum sem svaraði því að lesið væri eða ræða flutt en svo byrjaði söngurinn aftur. Endurtók þetta sig á hverjum degi alla föstuna en aldrei næstur ár þar á eftir.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 143).

### **Hróarsdalur-1728-296**

**Hlutverk:** Þvottastaður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Tæplega 150m suðaustur af íbúðarhúsinu í Hróarsdal var lind sem nú er horfin undir Hegranesveg. Lindin var áður vestan við eldri veg en þegar veginum var hliðrað til um 1990 þá lenti nýja vegstæðið yfir lindinni.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Þvottur var þveginn í lind suður með vegi.“ (bls. 140).

### **Hróarsdalur-1728-297**

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Suður við vallargarðinn, skammt upp frá kílnum, var hesthús og slétta þar út frá heim að bæ, nefnd Hesthúsballi.“ (Hróarsdalur-Örnefnaskrá, bls. 2).

#### **Lýsing**

Heimildamenn kannast ekki við þetta hesthús og að þeirra viti er Hesthúsballinn norðvestan bæjar. Þó er vel hugsanlegt að hesthús hafi verið sunnan bæjar en tilvist þess fallin úr gleymsku. Suðurendi túngarðsins var um 120m suðaustur frá íbúðarhúsinu og hesthúsið mögulega verið rétt norðan hans. Það er ekki merkt á túnakorti frá 1918 og því óvíst um aldur þessarar byggingar en hún sést ekki á loftmynd frá 1956.

### **Hróarsdalur-1728-297**

**Hlutverk:** Fráveita

**Tegund:** Niðurgroftur

#### **Staðhættir**

Í mýri eða mjög deiglendu stykki suðvestan við bæjarhólinn, um 50m suðvestur af íbúðarhúsinu er handgrafinn skurður.

#### **Lýsing**

Skurðurinn er tæplega 20m langur og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er siginn saman og er aðeins um 20-40cm breiður og 10-20cm djúpur. Hann hefur mögulega náð aðeins lengra til vesturs en þar er girðing og mikill gróður og ekki hægt að greina framhald.



### Hróarsdalur-1728-299

**Hlutverk:** Íshús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Samkvæmt Kristborgu Þórsdóttur var íshús í Hróarsdal, um 80m norður og aðeins til norðvesturs frá íbúðarhúsinu (munnl. heimild, 11.08.2017). Þarna er nú trjáreit og íshústóftin sést ekki lengur.

### Hróarsdalur-1728-300

**Sérheiti:** Húsabrá

**Hlutverk:** Brú

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Samkvæmt Kristborgu Þórsdóttur var Húsabrá á læknum þar sem brúin er í dag og engjavegurinn var á sama stað og núverandi vegslóð niður á engin (munnl. heimild, 11.08.2017).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Gerði heitir hluti af túninu, þar sem fjárhúsin stóðu, og var mýrardrag á milli þess og heimatúnsins. Yfir mýrardragið lá brú, nefnd Húsabrá.“ (Hróarsdalur-Örnefnaskrá, bls. 2).



*Mynd 157. Engjavegurinn [1728-301] lá heiman frá bæ og niður á engin. Í baksýn sést í íbúðarhúsið í Hegranesi. Horft er til austurs.*

núverandi vegslóð niður á engin (munnl. heimild, júlí 2018). Hnit voru tekin samkvæmt lýsingu heimildamanns.

### Hróarsdalur-1728-301

**Sérheiti:** Engjavegur

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Heimild, vegur

#### **Staðhættir**

Samkvæmt

Kristborgu

Þórsdóttur var

Húsabrá á læknum

þar sem brúin er í

dag og engjavegurinn

var á sama stað og

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 10) segir: „Gata liggur frá bænum yfir *Húsabrá*, niður á engin og kallast **Engjavegur** (47). Þegar talað er um *Engjaveg* er þó aðallega átt við þann hluta sem liggur neðan við *Húsabrá*.“

### **Hróarsdalur-1728-302**

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Heimild, niðurgroftur með hleðslu

#### **Staðhættir**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Brunnur var uppi í Kvíalautinni. Hann vildi þó þorna á sumrin.“ (bls. 140).

#### **Lýsing**

Brunnurinn er grjóthlaðinn en búið er að byrgja hann með bárujárnsplötu. Brunnurinn var staðsettur af loftmynd en hann var ekki skoðaður á vettvangi. Heimildamaður vissi ekki til þess að brunnhús hafi verið við brunninn en það var að minnsta kosti ekki í hans tíð (Þorvaldur Sigurðsson, munnl. heimild, 12.12.2023).

### **Hróarsdalur-1728-303**

**Sérheiti:** Minkabrunnur

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Brunnur var uppi í Kvíalautinni. Hann vildi þó þorna á sumrin.“ (bls. 140). Þar var einnig annar brunnur sem var nokkurn veginn þar sem spennistöð er í dag.

#### **Lýsing**

Heimildamaður taldi að brunnurinn hefði verið hlaðinn úr torfi og eftir að hætt var að nota hann var hent í hann rusli og síðar fyllt upp með mól. Nafngiftin minkabrunnur skýrist af því að faðir Þorvaldar (Sigurður Björgvin Jónasson) henti eitt sinn í hann minkahræi (Þorvaldur Sigurðsson, munnl. heimild, 12.12.2023).

### **Aðrar upplýsingar**

Vatnsleiðsla var lögð úr brunninum og heim að bæ en ekki reyndist vera nægjanlegt vatn í brunninum (Þorvaldur Sigurðsson, munnl. heimild, 12.12.2023).

### **Hróarsdalur-1728-304**

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Heimild

## Staðhættir

Í handriti að ævisögu eftir Jón Normann Jónasson er sagt frá brunni: „Brunnur þessi [aðalvatnsbólíð] var við jaðarinn á mýri sem lá á milli svonefnds Gerðis og heimatúnsins. Eftir miðri þessari mýri rann lítil[l] lækur sem nefnist Húsabráarlækur.“ (HSk. 1343, 4to).

## Lýsing

Þessi brunnur sést ekki í dag og lýsing er ekki nógu ítarleg til að staðsetja hann með viðunandi nákvæmni.

## Aðrar upplýsingar

Í handriti að ævisögu eftir Jón Normann Jónasson er sagt frá brunninum: „Brunnurinn var rúmlega mannhæð að dýpt og var reft að nokkru og þakið yfir hann nema ferkantað op í miðju. [...]. Grjóti var hlaðið innan í brunninn og voru víða holur á milli steinanna.“ (HSk. 1343, 4to.)



Mynd 158. Til hægri sést grænn blettur þar sem fjárhúsin [1728-305] stóðu. Horft er til suðausturs.

## Hróarsdalur-1728-305

Sérheiti: Gerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

## Staðhættir

Húsborg heitir

klettaborg

norðvestur af

bænum í Hróarsdal,

undir henni voru

útihúsin, bæði

fjárhús og hesthús.

Fjárhús stóðu á

svonefndu Gerði, um 90m VNV frá íbúðarhúsinu, vestan Lækjarins. Þarna eru fjárhústóftir en á þeim mikill gróður og sina.

## Lýsing

Búið er að jafna húsin að mestu við jörðu en hægt er að greina útlínur. Mikill gróður var þarna þegar skráning fór fram. Tóftin er um 12x15m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur, veggjaleifar náðu mest 30cm hæð.

## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Gerði heitir hluti af túninu, þar sem fjárhúsin stóðu, og var mýrardrag á milli þess og heimatúnsins.“ (Hróarsdalur-Örnefnaskrá, bls. 2). Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur segir: „Eins og fyrr sagði voru útihúsin forðum neðan við *Húsborgina*. Fjárhúsin stóðu þá neðan við suðausturenda hennar þar sem hún fer lækandi.

Þar heitir **Gerði** (51) og náði niður að *Læknum*. Norðan við *Gerði* voru hesthús og nokkur örnefni í kringum þau bera því vitni. **Hesthúsklöpp** (52) er ofan við gamla hesthússtæðið. Hvammurinn sunnan við klöppina heitir **Hesthúshvammur** (53) og **Hesthúsbali** (54) (S.Ó. 1934:2) er framan við hesthússtæðið.“ (Kristborg Þórsdóttir, bls. 10). Fjárhúsin sjást á ljósmynd í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar*, bls. 140 og eru þar lengst til vinstri. Þarna er líka örnefnið Lambhúshóll en mun það eiga við sömu húsin sem notuð voru fyrir líflömb eftir að fjárhúsin á túninu norðan við bæinn voru tekin í notkun (Kristborg Þórsdóttir, bls. 10)

### **Hróarsdalur-1728-306**

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í *Jarðabók* 1709 segir: „Fjárhús stendur hér á girðingu nokkri áfast við völlinn, og segja menn að hér hafi aldrei byggð verið.“ (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, bls. 60).

#### **Lýsing**

Ekki er vitað hvaða fjárhúss og girðingar er vísað til í jarðabókinni en vel má vera að það hafi einmitt verið á Gerðinu sem áður er skráð og það dregið nafn af því. Ekkert verður þó fullyrt um það.

### **Hróarsdalur-1728-307**

**Hlutverk:** Gerði

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í *Jarðabók* 1709 segir: „Fjárhús stendur hér á girðingu nokkri áfast við völlinn, og segja menn að hér hafi aldrei byggð verið.“ (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, bls. 60).

#### **Lýsing**

Ekki er vitað hvaða fjárhúss og girðingar er vísað til í jarðabókinni en vel má vera að það hafi einmitt verið á Gerðinu sem áður er skráð og það dregið nafn af því. Ekkert verður þó fullyrt um það.



Mynd 159. Garðlag [1728-308] er í brekkunni vestan við fjárhústóftina [1728-305]. Horft er til suðvesturs og sér á engin í baksýn.

## Hróarsdalur-1728-308

### Hlutverk:

Túngarður?

**Tegund:** Garðlag

### Staðhættir

Húsborg heitir klettaborg norðvestur af bænum í Hróarsdal, undir henni voru útihúsin, bæði fjárhús og hesthús. Fjárhús stóðu á svonefndu Gerði, um 90m VNV

frá íbúðarhúsinu, vestan Lækjarins. Þarna eru fjárhústóftir og suðvestur af þeim var matjurtagarður.

### Lýsing

Gras og njóli vex þarna núna og mikill gróður þegar skráning fór fram en þarna virðist vera 20m langt frekar óljóst garðlag sem passar við útmörk túnsins eins og það er á túnakorti frá 1918.

## Hróarsdalur-1728-309

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Dæld

### Staðhættir

Vestast í túni, 85m norðvestur frá íbúðarhúsinu í Hróarsdal er augljós 20-30cm djúp dæld og þar munu hesthúsin hafa staðið samkvæmt heimildamanni (Kristborg Þórsdóttir, munnl. heimild, 12.01.2024).

### Lýsing

Dældin var um 5x6m að utanmáli og sný rnorðvestur-suðaustur.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir um hesthúsið: „Suður við vallargarðinn, skammt upp frá kílnum, var hesthús og slétta þar út frá heim að bæ, nefnd Hesthúsbali.“ (Hróarsdalur-Örnefnaskrá, 2). Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur segir: „Eins og fyrr sagði voru útihúsin forðum neðan við *Húsborgina*. Fjárhúsin stóðu þá neðan við suðausturenda hennar þar sem hún fer lækkandi. Þar heitir **Gerði** (51) og náði niður að *Læknum*. Norðan við *Gerði* voru hesthús og nokkur örnefni í kringum þau bera því vitni. **Hesthúsklöpp** (52) er ofan við gamla

hesthússtæðið. Hvammurinn sunnan við klöppina heitir **Hesthúshvammur** (53) og **Hesthúsbali** (54) (S.Ó. 1934:2) er framan við hesthússtæðið.“ Hesthúsin sjást á mynd í *Byggðasögu Skagafjarðar* (V. bindi, bls. 140).

#### **Hróarsdalur-1728-310**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Dæld

##### **Staðhættir**

Í túni, 90m norðvestur frá íbúðarhúsinu í Hróarsdal og tæpa 30m austur af hesthússtæðinu, er dæld sem gæti bent til þess að þar hafi staðið byggingar.

##### **Lýsing**

Dældirnar eru ekki mjög greinilegar í óslegnu túni en mögulegt er að þarna hafi staðið einhverjar byggingar. Hesthúsin sjást á mynd í *Byggðasögu Skagafjarðar* (V. bindi, bls. 140) og hús hægra megin við þau sem passa mögulega við þessa staðsetningu.

#### **Hróarsdalur-1728-311**

**Hlutverk:** Óþekkt, reykkofi

**Tegund:** Tóft

##### **Staðhættir**

Tæplega 20m norður af hesthússtæðinu, vestan túns og 120m norðvestur frá íbúðarhúsinu í Hróarsdal er lítil kofatóft.

##### **Lýsing**

Mikið og hátt gras var á tóftinni þegar skráning fór fram en útlínur voru þó þokkalega skýrar. Tóftin er um 4,5x4,5m að utanmáli og hafa dyr að líkindum snúið til suðausturs. Veggir eru 30-80cm háir og innan við metri á breidd. Grjót er í veggjum en þeir að mestu grasi grónir. Norðan við tóftina er áberandi grænna gras en annars er umhverfis sem bendir til að mannvistarleifar geti leynst í jörðu. Óvíst er þó hvort þar hafi verið önnur bygging eða hvort þetta tengist tóftinni. Samkvæmt Kristborgu Þórsdóttur (munnl. heimild, 11.08.2017) var kofinn síðast notaður sem reykkofi en eldra hlutverk er óþekkt.

#### **Hróarsdalur-1728-312**

**Sérheiti:** Bíldshóll

**Hlutverk:** Álagablettur

**Tegund:** Heimild

##### **Staðhættir og lýsing**

Um 80m vestur af bæ í Hróarsdal er smá hóll sem nefnist Bíldshóll og mun vera álagablettur.

### Aðrar upplýsingar

Í Örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 10) segir: „Neðan við *Lambhúshól*, þar sem *Efri-Kinn* og *Gerðisbrekka* mætast, gengur lítil klöpp út úr hólum sem heitir **Bíldshóll** (57). Þau álög fylgja *Bíldshólum* að hey hrekst þar aldrei, ekki frekar en á *Seftjarnarbakka/Álagabakka*.“



*Mynd 160. Hluti af túngarðinum [1728-303], líklega þeim eldri, norður af bæ. Horft er til austurs.*

**Hróarsdalur-1728-313**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 185m NNV af íbúðarhúsinu í Hróarsdal, við túnhorn, er garðlag. Garðlagið liggur frá túnhorninu til vesturs og upp undir smá klettaborg.

**Lýsing**

Garðurinn er 14m langur og liggur austur-vestur. Það var mikið og hátt gras á honum þegar skráning fór fram en garðurinn sást þó nokkuð greinilega. Hann er 50cm hár og rúmlega metri að breidd. Einna líklegast er að þetta sé hluti gamla túngarðsins sem áður er skráður [1728-291].

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Túngarður var umhverfis gamla túnið, torfhlaðinn austan megin frá tröðinni úteftir og yfir dalinn til vesturs. Sunnan til var hann úr grjóti og niður að sunnan. Sjást merki hans neðan við veginn sunnan við Hróarsdal. Túnið var lítið og bara innan garðsins.“ (bls. 140). Í Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir um túngarðinn: „Umhverfis túnið var forn garður, stærri en túnið var fram yfir 1931.“ (Hróarsdalur-Örnefnaskrá, bls. 2).



Mynd 161. Grænt gras sem sker sig úr umhverfi er þar sem fjárhúsin stóðu áður [1728-314]. Horft er til suðurs.

### Hróarsdalur-1728-314

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Um 140m í hásuður af íbúðarhúsinu í Hróarsdal, nú í túni, stóðu fjárhús sem samkvæmt Kristborgu Þórsdóttur voru í notkun til að minnsta kosti 1962 (munnl. heimild, 11.08.2017).

#### Lýsing

Þessi hús sjást á loftmynd frá 1956 en eru horfin 1975. Húsin voru staðsett eftir eldri loftmyndinni og gera má ráð fyrir smá skekkju. Húsin snéru ANA-VSV og var heytóft austan við þau samkvæmt Þorvaldi Sigurðssyni (munnl. heimild, 12.12.2023). Þegar skráning fór fram var túnið óslegið en grasið nokkuð grænna þar sem húsin stóðu og þar vex njóli.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 19) segir: „Nokkru sunnar er **Gömluhúsablettur** (89). Hann er neðan og norðan við Hreiðrakilöpp og dregur nafn sitt af fjárhúsunum sem stóðu sunnan við blettinn og voru kölluð gömlu-fjárhús til aðgreiningar frá þeim sem voru byggð árið 1962.“ (Ö-Hróarsdalur, 12).

### Hróarsdalur-1728-315

**Hlutverk:** Kvíar

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Brunnur var uppi í Kvíalautinni. Hann vildi þó þorna á sumrin.“ (bls. 140).

#### Lýsing

Enga kvíatóft er að finna í Kvíalaut sem er um 100m norðaustur frá bæjarstæðinu í Hróarsdal. Kvíunum mun hafa verið raskað vegna vegagerðar. Punktur var tekinn eftir ábendingu heimildamanns og má gera ráð fyrir skekkju (Kristborg Þórsdóttir, munnl. heimild, 11.08.2017). Tóftin sést á loftmynd frá 1956 og snéri hún norðaustur-suðvestur.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Kvíarnar í Hróarsdal voru norðaustur frá bænum. Þar heitir Kvíalaut í skógræktinni en kvíarnar eru horfnar, lentu í jarðraski austan við veginn



þegar honum var ýtt upp.“ (bls. 145). Í Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Kvíalaut og Kvíar rétt austan við túnið norðan við Tröð heim að bænum. Þar stóðu og áður fyrir skemmur.“ (Hróarsdalur-Örnefnaskrá, bls. 5).

### **Hróarsdalur-1728-316**

**Sérheiti:** Ullarhvammur

**Hlutverk:** Þvottastaður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Ullarhvammur heitir lítill grashvammur, norður af engjaveginum, 160m vestur frá Hróarsdal. Þar mun ullin hafa verið þvegin og þerruð en engin ummerki um það sáust í hvamminum.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Ullarhvammur, graslaut rétt vestan við túngarðinn. Þar er ullin þvegin og breidd til þerris.“ (Hróarsdalur-Örnefnaskrá, 4).



*Mynd 162. Matjurtagarðar [1728-317 og 318]. Horft er til suðvesturs.*

### **Hróarsdalur-1728-317**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Suður af Hraunhól, 150m norðvestur af íbúðarhúsinu í Hróarsdal, er smá garðlag, minjar matjurtagarðs, í brekku mót suðri.

#### **Lýsing**

Garðlagið er 10-30cm hátt og mest 60cm breitt.

Það afmarkar svæði sem er um 4,5x7m að stærð. Þarna var lítill kartöflugarður og eru fleiri þarna í brekkunni (munnl. heimild, Kristborg Þórsdóttir, 12.01.2024). Þeir eru ekki fornleifar samkvæmt lögum.

### **Hróarsdalur-1728-318**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Suður af Hraunhól, 150m norðvestur af íbúðarhúsinu í Hróarsdal er lítill matjurtagarður [1728-317], í brekku mót suðri. Annað garðlag, nokkuð minna er um 5m sunnar.

### Lýsing

Garðlagið er 10-30cm hátt og mest 50cm breitt. Það er lyngi gróið en innbrúnir eru rofnar. Þarna var lítill kartöflugarður samkvæmt heilmildamanni (munnl. heimild, Kristborg Þórsdóttir, 12.01.2024).



Mynd 163. Herforingjavarðan [1728-319]. Horft er heim að bæ til suðausturs.

### Hróarsdalur-1728-319

**Sérheiti:** Herforingjavarða

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Hraunhóll heitir nokkuð veglegur hóll, 160m norðvestur frá Hróarsdal. Efst á honum er varða sem nefnist Herforingjavarða.

**Lýsing**

Varðan stendur þokkalega, 60-

70cm há og 80x110cm að grunnmáli.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 11) segir: „Ofan við *Húsborgina* eða ofan á henni sunnan til er **Hraunhóll** (64). Hann er nokkuð hár og sést vel frá bænum. Uppi á honum er **Herforingjavarða** (65) (P.S.). Nafngift vörðunnar kemur til af því að hún var notuð sem mælingarpunktur þegar danski sjóherinn var að kortleggja landið með þríhyrningamælingum.“ Innan við 10m frá vörðunni er landmælingamerki.



*Mynd 164. Varða [1728-320]. Horft er til suðausturs og er bærinn í Hróarsdal aðeins til vinstri á mynd.*

### **Hróarsdalur-1728-320**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Hraunhóll heitir nokkuð veglegur hóll, 160m norðvestur frá Hróarsdal. Efst á honum er varða sem nefnist Herforingjavarða [1728-319]. Á klettabrún, 25m norðaustur af Herforingjavörðu er önnur varða.

#### **Lýsing**

Varðan er heilleg, ágætlega hlaðin og 50-70cm há.



*Mynd 165. Upphlaðinn vegur í brekku [1728-321]. Horft er til suðausturs.*

### **Hróarsdalur-1728-321**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata, hleðsla

**Hættumat:** Hætta vegna trjáræktar

#### **Staðhættir**

Gömul leið lá um Kárastaðaskarð og er hún skráð í kaflanum um leiðir í Hegranesi. Suðaustan við skarðið liggur leiðin skáhallt upp brekku og virðist hún hlaðin þar á kafla.

#### **Lýsing**

Gatan er á þessum kafla um metri á breidd og er hleðslan mest um 70cm há en algróin.



Mynd 166. Horft yfir Stekkjarhvamm til suðvesturs.

### Hróarsdalur-1728-322

**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir


Stekkjjarhvammur er grasi gróinn hvammur sem snýr mót suðri, tæplega 550m norðvestur af bæ. Í honum eru tveir smá stallar og eru tóftir á þeim báðum og neðst í brekkunni eru leifar matjurtagarðs.

#### Lýsing

Efst í hvamminum, á efri stallinum er tóft sem er að líkindum 5x11m að utanmáli. Hún er jarðsokkin og aðeins eitt hólf er vel greinanlegt en suðvestan við það er slétt svæði afmarkað lágum þúfum og er það hugsanlega annað hólf. Veggir eru 10-30cm háir og rétt um metri á breidd og er tóftin gróin grasi og blómgróðri. Umhverfi tóftarinnar er þýft en norðvestan við hana eru grasi gróin slétt svæði og þar hefur hugsanlega verið stungið torf. Hlið hefur hugsanlega verið á norðvesturhorni greinilegra hólfins, en þar eru veggir lægri. Garðlag virðist vera vestan við tóftina, nokkuð þýft og liggur það norður-suður en við suðurendann virðist vera bogi á því til austurs. Það er grjóthlaðið en að mestu gróið og um 10-30cm á hæð, það er alls um 18m langt. Hlutverk garðlagsins er óljóst en annað svipað garðlag er vestan við neðri tóftina. Garðlög finnast stundum við stekki og eru þá oftast til þess að auðvelda innrekstur, óvíst er hvort þetta garðlag er til þess.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Háaborg heitir há og mikil klettaborg útvestur frá Hróarsdal. Suður og niður undan henni er Stekkjarklöpp. Sunnan í henni í grösugri brekku og góðu skjóli, er stekkurinn frá Hróarsdal. Þar eru tóftir á tveimur stöðum með stuttu millibili. Sú efri er á stöðunni (65°40'350/19°30'240).“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 145). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Stekkjjarhvammur, stór grashvammur út með Stokknum að austan. Þar eru gamlar stekkjartóftir.“ (Hróarsdalur-Örnefnaskrá, bls. 5). Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 11): „**Stekkjjarhvammur** (71) er norðan við *Bolaklöpp*, ofan við *Stokk*. Þar var eitt sinn stekkur og leifar hans sjást enn, síðar voru þar kartöflugarðar. J.N.J. segir frá því að hann og bræður hans hafi fundið brot af fornu sverði í görðunum en ekki getað geymt, því það var svo illa farið af ryði (1925:2).“



Mynd 167. Yfirlitsmynd af minjum í Stekkjarhvammi.

### Hróarsdalur-1728-323

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Stekkjjarhvammur er grasi gróinn hvammur sem snýr mót suðri, tæplega 550m norðvestur af bæ. Í honum eru tveir smá stallar og eru tóftir á þeim báðum og neðst í brekkunni eru leifar matjurtagarðs.

#### Lýsing

Á neðri stallinum er stekkjartóft en króin er lítt greinanleg. Norðvestan við tóftina eru smá þúfur sem gætu verið leifar króarinnar en sennilegra virðist að hún hafi verið norðaustan við tóftina en þar eru veggjalög fremur óljóst. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er 4-6x7m að

utanmáli. Veggir eru 20-40cm háir og um 80cm breiðir. Tóftin er algróin en veggir hafa þó líklega verið grjóthlaðnir, að minnsta kosti að hluta, því það er greinilega grjót undir grassverði. Vestan við tóftina er 10m langt garðlag sem liggur norður-suður. Það er gróið, aðeins þýft og sér í grjót. Hlutverk garðlagsins er óljóst en annað svipað garðlag er vestan við efri tóftina. Garðlög finnast stundum við stekki og eru þá oftast til þess að auðvelda innrekstur, óvíst er hvort þetta garðlag er til þess.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Háaborg heitir há og mikil klettaborg útvestur frá Hróarsdal. Suður og niður undan henni er Stekkjarklöpp. Sunnan í henni í grösugri brekku og góðu skjóli, er stekkurinn frá Hróarsdal. Þar eru tóftir á tveimur stöðum með stuttu millibili. Sú efri er á stöðunni (65°40'350/19°30'240).“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 145).

#### **Hróarsdalur-1728-324**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Hleðsla

#### **Staðhættir**

Stekkjarkvammur er grasi gróinn kvammur sem snýr mót suðri, tæplega 550m norðvestur af bæ. Í honum eru tveir smá stallar og eru tóftir á þeim báðum og neðst í brekkunni eru leifar matjurtagarðs.

#### **Lýsing**

Matjurtagarðurinn er afmarkaður með gróinni hleðslu að ofan sem skráð var á vettvangi en á loftmynd virðist einnig vera hleðsla að neðan og var hún teiknuð upp af myndinni. Efri hleðslan er fremur óljós og lág, mest um 30m há og hálfur metri á breidd. Saman afmarka hleðslurnar svæði sem er 7x10m og snýr mót suðri.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V*. bindi segir: „Þar sér einnig merki um kartöflugarð neðst í brekkunni sem gerður var um eða laust fyrir 1920 af Hróarsdalsbræðrum. Þá fundu þeir brot af fornu sverði „en svo var ryðgað að eigi voru tiltök að geyma það.““ (bls. 145).

#### **Hróarsdalur-1728-325**

**Hlutverk:** Lausafundur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Stekkjarkvammur er grasi gróinn kvammur sem snýr mót suðri, tæplega 550m norðvestur af bæ. Í honum eru tveir smá stallar og eru tóftir á þeim báðum og neðst í brekkunni eru leifar matjurtagarðs. Í matjurtagarðinum fannst brot af sverði laust fyrir 1920.

## Lýsing

Hnit voru tekin í kartöflugarðinum en ekki er nákvæmlega vitað var meint sverð fannst. Gera má ráð fyrir skekkju.

## Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Þar sér einnig merki um kartöflugarð neðst í brekkunni sem gerður var um eða laust fyrir 1920 af Hróarsdalsbræðrum. Þá fundu þeir brot af fornu sverði „en svo var ryðgað að eigi voru tiltök að geyma það.““ (bls. 145).



*Mynd 168. Varða [1728-326]. Horft er til norðvesturs.*

og 90-100cm há.

### Hróarsdalur-1728-326

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### Staðhættir

Syðst á svonefndri Háuborg, sem er klettaborg norðaustur af Stekkjarhvammi, 580m norðvestur af bæ er varða.

#### Lýsing

Varðan er stæðileg og ljómandi vel hlaðin. Hún er um 80x80cm að grunnmáli



*Mynd 169. Varða [1728-327]. Horft er til ASA.*

### Hróarsdalur-1728-327

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### Staðhættir

Austast á svonefndri Háuborg, sem er klettaborg norðaustur af Stekkjarhvammi, 580m norðvestur af bæ er lítil varða.

#### Lýsing

Varðan er 50cm há og 50x60cm í grunninn. Hún er ágætlega hlaðin en nokkur grjót hafa hrunið úr henni.



*Mynd 170. Vörðuleifar [1728-328]. Horft er til norðvesturs.*

### **Hróarsdalur-1728-328**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Nyrst og vestast á Stekkjarklöpp, sem er norður af Stekkjarhvammi, 670m norðvestur af bæ í Hróarsdal, er grjóthrúga, líklega leifar hruninnar vörðu.

#### **Lýsing**

Grjóthrúgan er 30cm há og

virðist neðsti hlutinn vera leifar hlaðinnar vörðu, en umhverfis liggur grjót. Vörðuleifarnar eru annars á grýttri klöpp sem er að hluta mosavaxin.

### **Hróarsdalur-1728-329**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Á Löngudýsklöpp sem er 840m NNV af bæ og 140m suður af merkjum við Kárastaði er varða.

#### **Lýsing**

Varðan var ekki skráð við vettvangsskráningu 2017 og er hér staðsett eftir skráningu Kristborgar Þórsdóttur sem skráði leiðir í Hegranesi.





Mynd 171. Sneiðingurinn er að hverfa í skóg. Horft er niður hann til NNV.

### Hróarsdalur-1728-330

**Sérheiti:** Sneiðingur, Kirkjugötur

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Vegur

**Hættumat:** Mikil hætta vegna trjáræktar

#### Staðhættir

Rétt um 60m austur af íbúðarhúsinu í Hróarsdal, beint austan vegar hefst vegur sem kallaður var Sneiðingur eða Kirkjugötur.

#### Lýsing

Vegurinn liggur að stórum hluta innan skógræktar, fyrst til suðurs og suðausturs en beygir síðan til austurs. Neðst og næst bæ er vegurinn mjór og þar er mikill gróður og hann óglöggur en þegar ofar dregur breiðkar vegurinn og er yfir metri þar sem hann er breiðastur. Vegurinn liggur á kafla í gegnum trjágöng. Hann virðist upphlaðinn á kafla en mögulegar hleðslur sáust ekki vegna

gróðurs. Sá hluti vegarins sem er næst bænum er um 170m að lengd. Þessi vegur liggur síðan áfram í gegnum land Keldudals og Hamars að Ríp en um hann var farið þegar farið var til kirkju.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 15) segir: „Innan *Skógargirðingar* er **Sneiðingur** (119), gamall vegur upp úr dalnum og fram á nesið. Hann sést orðið illa, mjög skógi vaxinn og því illfær. Hann heitir einnig **Kirkjugötur** (119a) því eftir honum var gengið til kirkju í Ríp. **Högg** (120) er þar sem *Sneiðingurinn* beygir til austurs. Þar voru áður kartöflugarðar og síðar var þar reistur lítill torfkofi fyrir leik barna og heitir það Högghúsið. Nafnið á sennilega við litla klöpp sem er milli Högghússins og Sneiðingsins þar sem hann beygir.“ Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Sneiðingur, vegur upp úr dalnum fram á nesið.“ (Hróarsdalur-Örnefnaskrá, bls. 5).



### **Hróarsdalur-1728-332**

**Sérheiti:** Högghúsið

**Hlutverk:** Leikstaður barna

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Sunnarlega á klettaborg þeirri sem er austan bæjar og austan vegar er lítil tóft í smá lægð á milli tveggja klappa. Hún er um 220m suðaustur af bæ og 80m austur af

*Mynd 172. Högghúsið [1728-332], leikstaður barna. Horft er til austurs.*

Hegransvegi.

#### **Lýsing**

Tóftin er gróin grasi, mosa og blómgróðri en það sér í grjót í vegghleðslum sem standa þokkalega. Hún liggur nokkurn veginn austur-vestur og hafa dyr snúið til vesturs. Utanmál er um 1,5x2m, hæð veggja 10-70cm og eru þeir hærra að innan en utan. Veggbreidd er mest 60cm.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 15) segir: „Innan *Skógargirðingar* er **Sneiðingur** (119), gamall vegur upp úr dalnum og fram á nesið. Hann sést orðið illa, mjög skógi vaxinn og því illfær. Hann heitir einnig **Kirkjugötur** (119a) því eftir honum var gengið til kirkju í Ríp. **Högg** (120) er þar sem *Sneiðingurinn* beygir til austurs. Þar voru áður kartöflugarðar og síðar var þar reistur lítill torfkofi fyrir leik barna og heitir það Högghúsið. Nafnið á sennilega við litla klöpp sem er milli Högghússins og Sneiðingsins þar sem hann beygir.“



Mynd 173. Dagmálavörður [1728-333 og 334]. Horft er til norðvesturs.

### Hróarsdalur-1728-333

**Sérheiti:** Dagmálavarða

**Hlutverk:** Eyktarmark

**Tegund:** Varða

#### Staðhættir

Dagmálavörður standa fram á klettabrún 130m ASA frá bæ. Rétt um 1,5m eru á milli varðanna sem báðar eru heillegar og standa vel.

#### Lýsing

Nyrðri varðan er 60-70cm há og er ágætlega hlaðin úr

punnum steinhellum. Hún er 50x70cm að grunnmáli.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 15) er getið um vörður: „**Dagmálavörður** (121) heita tvær vörður sem, eins og nafnið gefur til kynna, ákvarða dagmál. Þær standa hátt innan *Skógargirðingar*, suðaustan við bæinn, norðan við *Höggið*. Þær bera við himin ef séðar frá bænum.”

### Hróarsdalur-1728-334

**Sérheiti:** Dagmálavarða

**Hlutverk:** Eyktarmark

**Tegund:** Varða

#### Staðhættir

Dagmálavörður standa fram á klettabrún 130m ASA frá bæ. Rétt um 1,5m eru á milli varðanna sem báðar eru heillegar og standa vel.

#### Lýsing

Syðri varðan er 50-60cm há og er ágætlega hlaðin en steinarnir í henni eru flestir nokkuð stærri en í nyrðri vörðunni. Hún er 40x80cm að grunnmáli.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 15) er getið um vörður: „**Dagmálavörður** (121) heita tvær vörður sem, eins og nafnið gefur til kynna, ákvarða dagmál. Þær standa hátt innan *Skógargirðingar*, suðaustan við bæinn, norðan við *Höggið*. Þær bera við himin ef séðar frá bænum.”



Mynd 174. Hróarsleiði eða Hróarsdys [1728-335]. Horft er til suðurs.

### Hróarsdalur-1728-335

**Sérheiti:** Hróarsleiði, Hróarsdys

**Hlutverk:** Dys

**Tegund:** Grjóthrúga

**Hættumat:** Engin hætta en umhverfis er töluverður trjágróður og hætt við að minjarnar hverfi í skóg í framtíðinni.

### Staðhættir

Á klöppunum austan

við bæ, 150m austur af íbúðarhúsinu í Hróarsdal og austan vegar er Hróarsleiði, vegleg grjóthrúga.

### Lýsing

Grjóthrúgan er um 2,5m frá austri til vesturs og 1,5m frá norðri til suðurs og um 70cm há. Hún er ógróin en umhverfis er lágvaxinn mosagróður en fjær trjágróður.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir í myndatexta: „Hróarsleiði (65°40′148/19°29′465) uppi á klöppunum austan við bæi í Hróarsdal. Það er skammt frá gamalli alfaraleið, upphlaðin grjóthrúga nokkuð ferköntuð, snýr frá austri til vesturs, 2,5-3 m á lengd og 1,5 á breidd og u.þ.b. 60-80sm á hæð. Sagt er að Hróar landnámsmaður hafi lagt svo fyrir að hann skyldi heygður á dalbrúninni ofan og austan við bæ sinni þar sem er víðsýni fagurt yfir Vestur-Eylendið og inn til héraðsins. Hér sést til bæja á Langholti og vesturfjalla.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 138). Einnig segir frá því er grafið var í hauginn: „Þegar þeir bræður, Sigurður og Jónas (f. 1840), synir Jóns Benediktssonar í Hróarsdal, voru á yngri árum fóru þeir eitt sinn og grófu í Hróarsleiði. Fundu þeir þar mannabein nokkur, m.a. hauskúpu af stórvöxnum manni. Sagði Jónas síðar svo frá að hann hefði ekki getað spannað hana með báðum höndum frá ennisbrún aftur á hnakkabein og var hann þó handstór maður. Jaxlar voru heilir og ógallaðir og hauskúpan öll hin traustasta. Þeir bræður laut hauskúpuna aftur í dysina og bjuggu um vandlega.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 138). Í sýslu- og sóknalýsingum frá 1940 segir um Hróarsleiði: „Á klöppinni fyrir ofan bæinn er aflöng grjóthrúga, A og V, sem nefnist Hróarsleiði; en mér sýnist þar til engin líkindi að gröf mætti þar gjöra, og hrúgan líka nýlegri en hún væri frá forntíð.“ (*Sýslu- og sóknalýsingar* II, 118). Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 15) segir: „Ofan og norðan við vörðurnar [Dagmálavörður] er svo hið fræga **Hróarsleiði** (122). Það er í raun grjóthrúga í gróðurlítilli dæld og liggur til vesturs og austurs.“

Samhliða *Hróarsleiði* er talað um **Hróarsdys** (122a). Ef Hróar landnámsmaður hvílir þar þykir líklegt að hann hafi verið heiðinn og því heygður að þeim sið.“



*Mynd 175. Varða [1728-336]. Horft er til SSA.*

#### **Hróarsdalur-1728-336**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Austarlega á mosagróinni klöpp, um 30m ASA af Hróarsleiði [1728-335] og 180m austur af bæ er lítil varða.

#### **Lýsing**

Varðan stendur ágætlega, hún er 50cm há og grunnmál

hennar er 40x70cm.

#### **Hróarsdalur-1728-338**

**Sérheiti:** Jónsstekkur

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Jónsstekkjardalur heitir langur og frekar mjór dalur sem liggur norður-suður um það bil miðja vegu á milli Hegranesvegur og suðurenda Hól mavatns.

#### **Lýsing**

Í örnefnaskrá Jóns Normann (bls. 3) er þess getið að þar eigi að vera stekkjartóft en hún fannst ekki við vettvangsskráningu 2018. Aðeins er getið um stekk í einni af þremur örnefnaskráum og segir Kristborg Þórsdóttir í sinni skrá að ekkert sé vitað um tilkomu nafnsins þannig að ekki virðist sem aðrir en Jón Norðmann hafi heyrt getið um nefndan Jónsstekk.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Alllangt norðaustur frá bænum er langt sund milli klappa vestan við svonefndan Sjónarhól. Það heitir Jónsstekkjardalur. „Þar eru gamlar stekkjartóftir“, segir í örnefnaskrá en ekki kom Byggðasöguritari auga á þær.“ (bls. 145). Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 18) segir: „Sunnan við hólinn er **Jónsstekkjardalur** (170), ekkert er vitað um uppruna eða tilkomu nafnsins, en þetta er langur og mjór dalur eða sund og í honum er mikil bleyta. Nyrst í dalnum myndast oft tjarnir.“



Mynd 176. Varða á Sjónarhól [1728-339]. Horft er til NNA í átt að Hólmavatni.

#### Hróarsdalur-1728-339

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Sjónarhóll heitir klettaborg sem er 165m austur af Hólmavatnsósi og suður af Torfdal, rúma 500m norðaustur af bæ. Varða er á austurbrún Sjónarhóls.

#### **Lýsing**

Varðan er sæmilega

hlaðin og stendur ágætlega. Hún er 60cm há og 50x70cm að grunnmáli.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 16) er eftirfarandi lýsing: „Vestan við göturnar, yst á *Lækjardalsberginu*, er stór og mikill hraunhóll sem nefnist **Sjónarhóll** (143), af honum sést víða.“



Mynd 177. Smá varða [1728-340] á klettaborg. Horft er til norðausturs.

#### Hróarsdalur-1728-340

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Efst á klettaborg um 270m suðvestur af Hólmavatnsósi og 380m norðaustur af bænum í Hróarsdal er lítil varða.

#### **Lýsing**

Varðan er ekki upphlaðin heldur lítil

hrúga af grjóti, aðeins hol að innan, um 30cm há og 50-80cm að grunnmáli.



*Mynd 178. Varða [1728-341]. Horft er til norðurs og sést Hólmavatn til hægri.*

lítil varða 20-30cm há og 60x60cm að grunnmáli.

### **Hróarsdalur-1728-341**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Um 180-200m suðvestur af Hólmavatnsósi og um 460m norðaustur af bæ er tveir litlir melkollar og á hvorum þeirra er lítil varða.

#### **Lýsing**

Á nyrðri melkollinum er



*Mynd 179. Varða [1728-343], horft er til norðurs.*

lítil varða 30cm há og 70x80cm að grunnmáli.

### **Hróarsdalur-1728-342**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Um 180-200m suðvestur af Hólmavatnsósi og um 460m norðaustur af bæ er tveir litlir melkollar og á hvorum þeirra er lítil varða.

#### **Lýsing**

Á syðri melkollinum er

### **Hróarsdalur-1728-343**

**Sérheiti:** Silungagötur

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

### Staðhættir

Götur liggja til suðvesturs frá Hólmavatni og var hægt að rekja þær nærri óslitið að svonefndum Sundum sem eru um 200m austan við bæ og jafnframt austan vegar.

### Lýsing

Hluti Silungagatna var mældur upp við vettvangsskráningu en hluti teiknaður upp af loftmynd eftir á. Alls eru göturnar um 500m að lengd en greinilegastar í skarðinu á milli Sjónarhóls og Lækjarbergssnúddu og þar suður af.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 16) segir: „Norðan við *Lækjardalssnúddu*, ofan við *Kúaborg*, liggja **Silungagötur** (142) (Þ.S.) í litlu skarði. Eftir þeim var gengið frá vatninu með veiðina og þaðan er nafnið komið“.



### Hróarsdalur-1728-344

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

### Staðhættir

Við suðvesturhorn Hólmavatns gengur lítið nef út í vatnið og kallast það Kúaborgarnef. Vestan á nefinu er grjótröð.

### Lýsing

Grjótröðin liggur norður-suður og er tæpir 5m á lengd, 80cm breið og 10-15cm há. Hún er að mestu gróin nema nyrst. Hlutverk er óljóst og gæti verið um náttúrulegt fyrirbæri að ræða en

*Mynd 180. Hleðsla á litlu nesi sem nær út í Hólmavatn, við suðausturenda Torfdals. Horft er til norðurs.*

hugsanlega tengist þetta veiði í vatninu

en Silungagötur enda ekki langt frá grjótröðinni.





Mynd 181. Mógrafir [1728-345], neðst í Torfdal. Horft er til suðurs.

**Hróarsdalur-1728-345**

**Sérheiti:** Mógrafir

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir**

Torfdalur liggur til norðvesturs frá suðurenda Hólmavatns og nær hann yfir í land Kárastaða.

Umfangsmikið


mógrafasvæði er

neðst í dalnum næst vatninu og sjást mógrafirnar greinilega þótt búið sé að ræsa fram með skurðum.

**Lýsing**

Mógrafasvæðið er nú þurr og grasi vaxið, um hátt í 3000 m<sup>2</sup> að flatarmáli og dýpt er mest um 70cm. Þarna var enn verið að taka mó árið 1934 samkvæmt örnefnaskrá (bls. 5).

**Aðrar upplýsingar** Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar (bls. 5) segir: „Torfdalur, dalur til norðvesturs frá suðurenda Hólmavatns. Þar er mór tekinn árlega, og torf var oft rist þar áður fyrr.“ Ítarlegri lýsing er í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 16-17) en þar segir: „Vestan við göturnar [Silungagötur], yst á *Lækjardalsberginu*, er stór og mikill hraunhóll sem nefnist **Sjónarhóll** (143), af honum sést víða. Vestan við hann er svo **Móskarð** (144) (þ.S.). Það nær niður í **Torfdal** (145), sem liggur í norðvestur frá vatninu. Miklar mógrafir eru í dalnum eftir mótekju og í honum var torf einnig rist. Neðarlega í dalnum, þar sem grafirnar eru sem mestar, heitir einfaldlega **Mógrafir** (146). *Torfdalur* var gríðarlega blautlendur en er nú sundurgrafinn skurðum til framræsingar. *Móskarð* er tengt mótökunni en þó er svo bratt upp í það að ekki þykir mér líklegt að mórinn hafi verið borinn þar upp. Líklega þykir mér að nafnið sé tengt því að skarðið er ofan við mógrafirnar.“



Mynd 182. Yfirlitsmynd af minjum í Torfdal.

**Hróarsdalur-1728-346**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Tvær mótóftir voru skráðar við mógrafir [1728-345]. Önnur er á suðvesturbrún mógrafanna, um það bil fyrir miðju mógrafarsvæðinu.

**Lýsing**

Mótóftin liggur norðvestur-suðaustur og er 2x3m að utanmáli. Algróin og um 70cm há.

**Hróarsdalur-1728-347****Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Þúst**Staðhættir**

Tvær mótóftir voru skráðar við mógrafir [1728-345]. Önnur er á mógrafarbrúninni norðvestan við mógrafirnar.

**Lýsing**

Mótóftin liggur ANA-VSV og er 2x3m að utanmáli. Algróin og 40-60cm há að utan, um 5cm djúp dæld er í þústina.

**Hróarsdalur-1728-348****Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Tvær mótóftir eru fast vestan við Rauðuklöpp en hún er í um það bil miðjum Torfdal og liggur norðvestur-suðaustur.

**Lýsing**

Syðri tóftin er um 2x3m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er algróin grasi og er um 20 cm há. Dæld er ofan í tóftina og eru innbrúnir um 10cm háar.

**Hróarsdalur-1728-349****Hlutverk:** Mótóft, mógröf**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Tvær mótóftir eru fast vestan við Rauðuklöpp.

**Lýsing**

Nyrðri tóftin er um 1x3m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er algróin grasi og dæld í hana sem er um 5-10cm en tóftin er um 20cm há að utan. Heimildamaður telur hugsanlegt að þetta getið verið mógröf sem fyllt hefu rverið upp í (munnl. heimild, Kristborg Þórsdóttir, 12.01.2024).

**Hróarsdalur-1728-350****Hlutverk:** Mó- eða torfgrafir**Tegund:** Niðurgroftur**Staðhættir**

Torfdalur liggur til norðvesturs frá suðurenda Hólmavatns og nær hann yfir í land Kárastaða. Umfangsmikið mógrafarsvæði er neðst í dalnum næst vatninu og sjást mógrafirnar greinilega

þótt búið sé að ræsa fram með skurðum. Ofar á dalnum, á milli Rauðuklappar og Skjónuborgar eru heldur grynnri grafir sem gætu líka verið torfrista.

### Lýsing

Svæðið þar er um 500m<sup>2</sup> en útlínur voru fremur ógreinilegar og hefur það að líkindum verið stærra sbr. loftmynd frá 1956 (L1217-L12-3959). Lítil mógröf er tæpa 20m norðvestan við torf-/mógrafirnar. Grafirnar eru um 30cm djúpar.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar (bls. 5) segir: „Torfdalur, dalur til norðvesturs frá suðurenda Hólmavatns þar er mór tekinn árlega, og torf var oft rist þar áður fyrr.“ Ítarlegri lýsing er í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 16-17) en þar segir: „Vestan við göturnar [Silungagötur], yst á *Lækjardalsberginu*, er stór og mikill hraunhóll sem nefnist **Sjónarhóll** (143), af honum sést víða. Vestan við hann er svo **Móskarð** (144) (þ.S.). Það nær niður í **Torfdal** (145)<sup>43</sup>, sem liggur í norðvestur frá vatninu. Miklar mógrafir eru í dalnum eftir mótekju og í honum var torf einnig rist.“

### Hróarsdalur-1728-351

**Sérheiti:** Torfdalsgötur

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Kristborg Þórsdóttir nefnir Torfdalsgötur í örnefnaskrá sinni (bls. 17) en getur þess að óvíst er hvar þær hafi legið. Götur sjást á kafla undir Torfdalsbergi og eins liggja götur að Torfdalnum sem einnig gætu borið þetta nafn. Meðal annars lágur götur vestan við Torfdalsbergið þar sem nú er komið tún sem kallast Ungverjaland og hafa göturnar horfið við túnasléttun.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 17) segir: „**Torfdalsgötur** (147) eru í *Torfdalnum*. Ekki er alveg ljóst hvar þær hafa legið en sennilega þó neðan við **Torfdalsberg** (148), sem er sunnan við dalinn. Þar er og hefur verið einna þurrast.“

---

<sup>43</sup> Huldufólksfrásögn tengd *Torfdal* er að finna í I.bindi *Sögu*, misserisriti, bls 273-4. Gefið út í Winnepeg 1925.



*Mynd 183. Mótóft [1728-352] efst í Torfdal. Horft er út Torfdalinn til suðausturs.*

### **Hróarsdalur-1728-352**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Tóft er fast vestan við torf- eða mógrafir [1728-350]. Um er að ræða mótóft en hún er öllu umfangsmeiri en fyrr skráðar mótóftir [1728-348 og 349].

**Lýsing**

Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er 6x15m að utanmáli. Veggir eru grónir grasi og mosa og nokkuð þýfðir. Þeir eru 20-40cm háir og mest tæplega metri á breidd.

### **Aðrar upplýsingar**

Í Örnefnaskrá Hróarsdals eftir Jón Normann (bls. 2) segir í neðanmálgrein: „Sunnan við Skjómaborg er kringlótt rúst, sem er leif af gamalli byggingu. Þessi rúst er kringlótt og stór um sig. Sennilega er það gamalt móbyrgi, því margt er þar í sundinu (?) af gömlum mógröfum. J.N.J.“



*Mynd 184. Gildra á Gildruhól [1728-353]. Horft er til suðurs.*

### **Hróarsdalur-1728-353**

**Hlutverk:** Gildra

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Austan við norðurenda Jónsstekkjardals og sunnan við túnið Austurríki er lítil klettaborg sem nefnist Gildruhóll. Syðst á Gildruhól er tófugildra.

**Lýsing**

Gildran er hlaðin úr grjóti og er að einhverju leyti hrunin. Hún er 100x110cm að grunnmáli, 40-50cm há og hol að innan.

## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 18) segir: „Sunnan við *Austurríki* er **Gildruhóll** (169). Hann dregur nafn sitt af grjóthlaðinni tófugildru á honum sunnanverðum. Gildran, og þar með nafnið, er að öllum líkindum nokkuð gömul en hún stendur samt enn.“



*Mynd 185. Varða [1728-354]. Horft er til SSV.*

### **Hróarsdalur-1728-354**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Lágar klettaborgir eru austur af Hegranesvegi norðan við svonefnda Syðri-Dýjalág og sunnan við tún það sem nefnist Ungverjaland. Á einni borginni stendur varða. Hún er 85m austur af Hegranesvegi og tæplega

560m norður af bæ.

#### **Lýsing**

Varðan er þokkalega heilleg, 60cm há og 70x80cm að grunnmáli. Umhverfi vörðunnar er að hluta grasi og mosa gróið en að hluta ber klöpp.



*Mynd 186. Lítill varða [1728-355]. Horft er til SSV.*

### **Hróarsdalur-1728-355**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Lítill varða stendur á klöpp, 375m norður af bæ og rúmlega 40m austur af Hegranesvegi.

#### **Lýsing**

Varðan er heilleg, 50cm há og 60x80cm að grunnmáli.



Mynd 187. Ytrilautarvarða [1728-356]. Horft er til SSV og sést glitta í þakið á íbúðarhúsinu í Hróarsdal vinstra megin við vörðu.

#### Hróarsdalur-1728-356

**Sérheiti:** Ytrilautarvarða

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Varða stendur á klöpp, 280m NNA af bæ og 80m austur af Hegransesvegi.

**Lýsing**

Varðan er ágætlega hlaðin og stendur vel. Hún er 70-80cm há og 70x70cm að grunnmáli.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 18-19) segir: „Nokkru sunnan við *Fjárgötuklappir* er **Ytrilaut** (174), stór og breið laut. Skógræktin er búin að teygja sig frá *Skógargirðingu* þar sem hún hófst og út í *Ytrilaut*. Ofan við lautina er **Ytrilautarvarða** (175) sem stendur hátt.”



Mynd 188. Varða [1728-743]. Horft er til SSV.

#### Hróarsdalur-1728-743

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Varða stendur á klöpp, 315m norður af Hróarsdal. Austur og upp af Hegransesvegi.

**Lýsing**

Varðan er lítil en ágætlega hlaðin og stendur vel. Hún er 60x60cm að grunnmáli og 50cm há.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 18-19) segir: „Nokkru sunnan við *Fjárgötuklappir* er **Ytrilaut** (174), stór og breið laut. Skógræktin er búin að teygja sig frá *Skógargirðingu* þar sem hún hófst og út í *Ytrilaut*. Ofan við lautina er **Ytrilautarvarða** (175) sem stendur hátt.”



*Mynd 189. Steinalögn [1728-357]. Horft er til suðurs.*

### **Hróarsdalur-1728-357**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinalögn

#### **Staðhættir**

Efst á gróinni klöpp, tæplega 240m norðaustur af bæ og 130m austur af Hegranesvegi er steinalögn eða náttúrulegt fyrirbæri.

#### **Lýsing**

Parna virðist sem steinum sé raðað saman en þó er ekkert

eiginlegt form á þessu nema að minnst er af steinum fyrir miðju. Umhverfis steinana vex mosi. Hlutverk er óljóst og hugsanlega er þetta náttúrulegt fyrirbæri.



*Mynd 190. Varða [1728-358]. Horft er til suðvesturs, heim að bæ í Hróarsdal.*

### **Hróarsdalur-1728-358**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Varða stendur á klettabrún 175m norðaustur af bæ og rúmlega 80m austur af Hegranesvegi.

#### **Lýsing**

Varðan er lítil, aðeins nokkrir steinar hlaðnir ofan á hvern annan. Hún er 60x60cm að grunnmáli og 40-50cm há.





*Mynd 191. Stíflan [1728-359], horft er til ANA.*

### **Hróarsdalur-1728-359**

**Sérheiti:** Stíflan

**Hlutverk:** áveita

**Tegund:** Garðlag,  
heimild

#### **Staðhættir**

Tæplega 800m  
norðvestur af bæ liggur  
garðlag á grónum bakka,  
frá Stokknum og upp  
undir brekkur.

#### **Lýsing**

Garðlagið er 12m langt  
og liggur frá VSV-NNA.

Það er algróið og þýft, 20-30cm hátt og um 50cm breitt. Tréstaup er við þann enda sem liggur fram á bakkann.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 9): „Norðan við *Gamlagarð* er **Stíflan** (39) (alltaf með ákv.gr.). Leifar hennar sjást enn í skurði sem grafinn var í *Stokkinn*. Hún er mun yngri en *Gamligarður*. Tilgangurinn með flóðgarðinum og *Stíflunni* var að geta stjórnað að einhverju leyti áveitu vatns á engið.“



Mynd 192. Yfirlistmynd af áveituminjum og öðrum minjum á engjum vestan Hróarsdals.

### Hróarsdalur-1728-360

**Sérheiti:** Bleytuskurður

**Hlutverk:** Afrennsli

**Tegund:** Skurðendi, heimild

#### Staðhættir

Bleytuskurður er líklega um 260m SSA af merkjum milli Kárastaða og Hróarsdals.

#### Lýsing

Í dag sést bara vik í Héraðsvatnabakkann en á eldri loftmyndum sést að þarna var stærri skurður sem náði yfir í Stokkinn og var hann teiknaður upp af loftmyndinni (L1217-L12-3960).

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar (bls. 4) segir: „Bleytuskurður, afrennslið úr engjunum fram í Héraðsvötnin, oft sandeðja eða bleyta í honum.“ Um Bleytuskurð segir Kristborg Þórsdóttir (bls. 9):

„Vestan við *Stifluna* er lítill skurður sem ég held að hljóti að vera sá skurður sem S.Ó. nefnir **Bleytuskurð** (40) (1934:4). Hann er þá afrennslið úr engjunum fram í Héraðsvötnin.“

### Hróarsdalur-1728-361

**Sérheiti:** Gamligarður

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Garðlag

#### Staðhættir

Um 660m norðvestur af bæ er áveitugarður sem liggur þvert yfir Hólminn, nefndur Gamli garður.

#### Lýsing

Í örnefnaskrá segir að garðurinn hafi legið þvert yfir Hólminn og upp í brekkur en við vettvangsskráningu sást ekki sá hluti sem lá upp í brekkurnar, eða upp undir Stekkjarklöppina

öllu heldur, en hún er austur af Gamlagarði, austan Stokksins. Garðlagið sem mælt var á vettvangi er 44m á lengd og innan við metri á breidd. Það liggur frá suðvestri til norðausturs.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 9): „Yfir þveran *Hólminn*, frá Héraðsvötnum og upp í brekkur, er **Gamligarður** (37), forn uppistöðuflóðgarður sem enn sést. Litlu norðan við hann er **Pollaengi** (38) (Þ.S.). Það er lítill sléttur skiki neðan við Gamlagarðshvamm.“

#### **Hróarsdalur-1728-362**

**Sérheiti:** Seftjörn

**Hlutverk:** Álagablettur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Seftjörn er álagablettur í landi Hróarsdals, tjörnin er nú uppþornuð. Hún er austur af Héraðsvatnabakkanum, um 450m VNV af íbúðarhúsinu í Hróarsdal.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir í myndatexta: „Annar álagablettur er á þessu svæði í óslægjunni, norðaustur frá Álagabakka. Það var Seftjörnin (65°40′210-19°30′270), nú þornuð, en á myndinni sést handgrafinn skurður sem lá úr tjörninni austur í Stokkinn.“ (bls. 139).

#### **Hróarsdalur-1728-363**

**Sérheiti:** Seftjarnargarður

**Hlutverk:** Varnargarður, netalögn

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Hætta, garðurinn liggur út í Héraðsvötnin sem geta verið nokkuð straumþung

#### **Staðhættir**

Við Héraðsvatnabakkann, um 515m VNV af íbúðarhúsinu í Hróarsdal er hlaðinn garður sem nefnist Seftjarnargarður.

#### **Lýsing**

Þegar skráning fór fram var garðurinn að mestu undir vatni, nema allra næst vatnsbakkann. Hann er um 1-1,5m á breidd þar sem sást í hann og á að giska 5-8m að lengd. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti sem varnargarður en einnig var á honum netalögn.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 8-9) segir: „Á *Seftjarnarbakka*, norðan við *Neðri-Seftjarnarskurð*, er svo síðasti varnar- og lagnargarðurinn. Hann heitir auðvitað **Seftjarnargarður** (33) og lögnin **Seftjarnarlögn** (34).“

### Hróarsdalur-1728-364

**Sérheiti:** Álagabakki, Seftjarnarbakki

**Hlutverk:** Álagablettur

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir og lýsing

Héraðsvatnabakkinn beint austur af bæ heitir Álaga- eða Seftjarnarbakki. Það var álagablettur og voru bakkarnir slegnir. Þeir eru véltækir, bæði þurrir og sléttir.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur segir: „**Seftjarnarmór** (31) (S.Ó. 1934:4) er þúfnastykki norðan við *Seftjörn* og vestan við hann er **Seftjarnarbakki** (32). Samkvæmt S.Ó. (1934:4) heitir *Seftjarnarbakki* **Álagabakki** (32a). Þar eiga þau álög að vera á að hey þar hrekst aldrei. Sama hversu mikil óþurrkatíð er, kemur þurrkur svo hægt er að hirða heyið þegar þar er slegið.“



*Mynd 193. Netalögn [1728-365]. Horft er til suðurs.*

### Hróarsdalur-1728-365

**Hlutverk:** Netalögn

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Hætta, garðurinn liggur út í Héraðsvötnin sem geta verið nokkuð straumþung

#### Staðhættir

Um það bil fyrir miðjum Álaga- eða Seftjarnarbakka er grjóthleðsla sem liggur út í Vötnin, líklega netalögn. Hleðslan er 450m vestur af

íbúðarhúsinu í Hróarsdal.

#### Lýsing

Grjóthleðsla liggur um 1,5-2m út í Vötnin, gerð úr nokkuð stóru grjóti. Járnstöng stendur upp úr bakkanum við hliðina á hleðslunni og líklegast að þarna hafi verið netalögn. Hún virðist ekki ýkja gömul og óvíst hvort þetta séu fornleifar.



Mynd 194. Netalögn [1728-366]. Horft er til VNV.

### Hróarsdalur-1728-366

**Sérheiti:** Trúarlögn

**Hlutverk:** Varnargarður, netalögn

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Hætta, garðurinn liggur út í Héraðsvötnin sem geta verið nokkuð straumþung

#### **Staðhættir**

Trúarlögn er grjóthlaðinn varnargarður við Vatnabakkann, um 430m

VSV af bæ í Hróarsdal.

#### **Lýsing**

Meirihluti garðsins var undir vatni þegar skráning fór fram en það sást í töluvert grjót í vatninu en aðeins tveir steinar, næst bakkanum stóðu uppúr.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 7) segir: „Samkvæmt E.P. nær það sennilega frá *Miðskurði* til **Trúarlagnar** (8), en það er annar varnar- og lagnargarður. Ekki er ljóst hvernig það nafn er til komið en þó má leiða líkum að því að það tengist trú manna á góða veiði þar.“

### Hróarsdalur-1728-367

**Sérheiti:** Urriðaausa

**Hlutverk:** Netalögn

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Urriðaausa, sem var netalögn, mun hafa verið við Vatnabakkann, um það bil fyrir miðjum syðri helmingi Miðengis. Engin mannvirki fundust við Urriðaausu og hún var því staðsett eftir örnefnaskráningu Kristborgar Þórsdóttur (sjá Örnefnasjá Landmælinga Íslands).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 7) segir: „Fyrir um það bil miðjum syðri helmingi *Miðengis* er svo enn önnur netalögn, þó ekki garður, sem heitir **Urriðaausa** (10), hún átti jú að ausa upp urriðunum. Ekki fer sögum af veiðinni en lögnin er ekki notuð lengur.“



Mynd 195. Netalögn [1728-368]. Horft er til VNV.

### Hróarsdalur-1728-368

**Sérheiti:** Gamligrjótgarður, Gamlagarðslögn

**Hlutverk:** Varnargarður, netalögn

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Hætta, garðurinn liggur út í Héraðsvötnin sem geta verið nokkuð straumpung

### Staðhættir

Varnargarður, kallaður Gamligrjótgarður, er við

Vatnabakkann um 440m suðvestur frá íbúðarhúsinu í Hróarsdal.

### Lýsing

Gamligrjótgarður stóð, að minnsta kosti að hluta, upp úr vatni þegar skráning fór fram. Sá hluti garðsins sem sást var 3m á lengd og er hlaðinn í spíss, þ.e. garðurinn mjókkar út frá bakkanum. Garðurinn er hlaðinn úr nokkuð stóru grjóti og var mest um 60cm hár.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 7) segir: „**Gamligrjótgarður** (11) (S.Ó. 1934:4), eða **Gamligarður** (11a), eins og hann er kallaður í dag til styttingar, er enn einn varnargarðurinn sem staðsettur er norðan við *Gapa*. Á honum er netalögn sem nefnist **Gamlagarðslögn** (12).“

### Hróarsdalur-1728-369

**Sérheiti:** Gamliskurður

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Gamliskurður sem nú er horfinn var handgrafinn og var samkvæmt heimildamanni á svipuðum slóðum og vélgrafni skurðurinn Gapi er í dag (munnl. heimild, Þorvaldur Sigurðsson, 13.12.2023).



Mynd 196. Merkjarður eða Merkjalögn [1728-370] var á kafi þegar skráning fór fram. Horft er til norðvesturs.

### Hróarsdalur-1728-370

**Sérheiti:** Merkjarður,  
Merkjalögn

**Hlutverk:** Varnargarður,  
netalögn

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Hætta, garðurinn  
liggur út í Héraðsvötnin sem  
geta verið nokkuð  
straumþung

### Staðhættir

Merkjarður og Merkjalögn  
eru eins og nafnið gefur til

kynna við landamerki Hróarsdals og Keldudals, um 520m SSV af íbúðarhúsinu í Hróarsdal.

### Lýsing

Merkjarður var á kafi þegar skráning fór fram og sáust aðeins örfá grjót við vatnabakkann. Garðurinn sést á loftmyndum frá 1956 og 1985 (L1217-LI2-3960, LMI-Kort-J11-J-1959\_1985)

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 7) segir: „Fyrstan er að nefna **Merkjaskurð** (1), skurðinn sem skilur milli Hróarsdalslands og Keldudalslands. Norðan við hann er **Merkjabakki** (2). Frá honum liggur svo **Merkjarður** (3) út í Héraðsvötnin. Á honum er netalögn sem kölluð er **Merkjalögn** (4).“

### Hróarsdalur-1728-371

**Sérheiti:** Efri-Seftjarnarskurður, Kúrt

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Niðurgrofur

### Staðhættir og lýsing

Efri-Seftjarnarskurður liggur frá stóra skurðinum sem liggur austan með eylandinu í landi Hróarsdals. Skurðurinn er tæplega 70m langur og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er grafinn 1951 og er því ekki fornleifar samkvæmt lögum en hann er hér skráður með öðrum handgröfnum skurðum á enginu.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 8) segir: „Nokkru norðan við *Styrbjörn* er lítill skurður sem heitir **Neðri-Seftjarnarskurður** (29) (p.S.). Hann liggur vestur í Héraðsvötn úr *Seftjörn*. Austan við *Seftjörn* er **Efri-Seftjarnarskurður** (30) (p.S.) sem liggur austur í *Stokk*. E.þ. þekkir skurðinn einnig undir nafninu **Kúrt** (30a). Kurt Zier er þýskur prófessor í íslenskum fræðum við

háskóla í Þýskalandi. Hann dvaldi í Hróarsdal sumarlangt árið 1951, þá ungur maður, til að læra íslensku. Gróf hann þá téðan skurð, með skóflu eina að vopni. Það lá því beinast við að skurðurinn yrði nefndur eftir honum.“

### **Hróarsdalur-1728-372**

**Sérheiti:** Neðri-Seftjarnarskurður

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Niðurgröftur

#### **Staðhættir og lýsing**

Samkvæmt heimildamanni er Neðri-Seftjarnarskurður handgrafinn en óvíst er hvenær (munnl. heimild, Þorvaldur Sigurðsson, 12.12.2023). Líklega hefur hann ekki verið endurgrafinn með gröfu og er skurðurinn nánast samfallinn. Hann er alls um 60m langur og liggur í smá vinkel frá Héraðsvatnabakkanum, fyrst til NNA en síðan til norðausturs að Seftjörninni eða réttara sagt Seftjarnarstæðinu þar sem tjörnin er nú þurr.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 8) segir: „Nokkru norðan við *Styrbjörn* er lítill skurður sem heitir **Neðri-Seftjarnarskurður** (29) (Þ.S.). Hann liggur vestur í Héraðsvötn úr *Seftjörn*.“

### **Hróarsdalur-1728-373**

**Sérheiti:** Engjabrú, Engjabrúarræsi

**Hlutverk:** Brú

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Keyrt var eftir Engjaveginum niður á engin og var þar farið yfir brú sem kallaðist Engjabrú sem var um 225m vestur (og aðeins til suðurs) frá bænum í Hróarsdal. Þarna er nú ræsi en heimildamaður taldi að þarna hefði áður verið eldri trébrú en óvíst er hve gömul hún var. Þarna var og er mögulega enn stór steinn við ræsið og lá brúin af honum og yfir á hinn bakkann (munnl. heimild, Þorvaldur Sigurðsson, 12.12.2023).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 8) segir: „Norðan við *Grænur* er **Engjatangi** (20), þurr blettur sem oft var heyjaður. Norðan við *Engjatanga* er **Brúarskurður** (21), sem nafn sitt dregur af **Engjabrú** (22) litlu austar.“

### **Hróarsdalur-1728-374**

**Sérheiti:** Miðskurður

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Niðurgröftur



### **Staðhættir og lýsing**

Miðskurður liggur milli Merkjabakka og Miðengisbakka og er um 130m langur. Hann liggur í stefnuna suðvestur-norðaustur. Samkvæmt heimildamanni var Miðskurður upphaflega handgrafinn en óvíst hvenær (munnl. heimild, Þorvaldur Sigurðsson, 12.12.2023). Ekkert vatn var í skurðinum þegar skráning fór fram.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 7) segir: „Norðan við *Merkjabakka* er **Miðskurður** (6) og norðan við hann tekur **Miðengi** (7) við.“

### **Hróarsdalur-1728-375**

**Sérheiti:** Merkjaskurður

**Hlutverk:** Framræsla, landamerki

**Tegund:** Niðurgröftur, heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Merkjaskurður heitir skurðurinn á merkjum Hróarsdals og Keldudals. Hann var upphaflega handgrafinn að sögn heimildamanns (munnl. heimild, Þorvaldur Sigurðsson, 12.12.2023) en nú er þarna veglegur vélgrafinn skurður. Ekki er vitað nákvæmlega hvenær skurðurinn var grafinn en það mun hafa verið á árunum 1915-1931, þegar Sigurlaug Sigurjóna Sigurðardóttir og ráðsmaður hennar Benedikt Dagbjartur Halldórsson bjuggu í Keldudal (munnl. heimild, Þorvaldur Sigurðsson, 12.12.2023 og *Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 136).

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 7) segir: „Fyrstan er að nefna **Merkjaskurð** (1), skurðinn sem skilur milli Hróarsdalslands og Keldudalslands. Norðan við hann er **Merkjabakki** (2). Frá honum liggur svo **Merkjagarður** (3) út í Héraðsvötnin.“



Mynd 197. Girt hefur verið eftir gamla landamerkjagarðinum milli Hróarsdals og Kárastaða en hann sést þó enn á köflum. Horft er til ANA.

### **Hróarsdalur-1728-376**

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Hætta vegna trjáræktar en tré vaxa meðfram garðinum smá kafla austan og vestan Hegranesvegar.

#### **Staðhættir**

Á merkjum Kárastaða og Hróarsdals er landamerkjagarður og sést hann greinilega á köflum bæði austan og vestan Hegranesvegar.

#### **Lýsing**

Girt hefur verið eftir garðinum og hann á köflum horfinn og í staðinn er þar yngri hleðsla undir girðingunni. Garðurinn er þó greinilegur á köflum. Hann er mest 40cm hár og 100cm breiður.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 17) segir um landamerkjagarðinn: „Norðvestan við *Skjónaborg* eru svo **Landamerkjamóar** (157) (J.N.J. 1925:2). Landamerkjamóar er sennilega svæðið á milli Skjónaborgar og malarvegarins. Í honum var forn landamerkjagarður. L.B.Ó. telur merkjagirðingu standa á landamerkjagarðinum, norðan við Ytri-Dýjalág. Ef grannt er skoðað má sjá eitthvað undir merkjagirðingunni sem gæti hafa verið forn garður en hann er þá mikið sokkinn nú. Nokkru austar er **Sturlulág** (158) (J.N.J. 1925:2), vestan í *Hólmabergi*.“

### **Hróarsdalur-1728-377**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í landamerkjaskrá sem birt er í örnefnaskrá Hróarsdals eftir Kristborgu Þórsdóttur (bls. 5) segir: „Þaðan austur í vörðu, sem stendur á klöpp austan við veginn út nesið að vestan [...].“

#### **Lýsing**

Þessi varða fannst ekki við skráningu.

### **Hróarsdalur-1728-378**

**Hlutverk:** Ferja

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Jón Normann Jónasson getur um ferju í Hróarsdal og segir að húað hafi verið í hana af vesturbakkanum (HSk. 1343, 4to.). Ekki er vitað hvaðan ferjað var í Hróarsdal en þar var ekki lögferja.

### **Hróarsdalur-Samantekt**

Hróarsdalur er ekki stór jörð, rétt undir meðaljörð í Hegranesi en þar er að finna fjölbreytt búsetulandslag. Flestar minjarnar eru landbúnaðarminjar frá 18.-20. öld en þar finnast einnig eldri minjar s.s. leifar af fornum landamerkjagarði [1728-376] á milli Kárastaða og Hróardals og Hróarsleiði [1728-335] á klöppunum austan við bæ. Um Hróarsleiði fylgir sú sögn að þar sé landsnámsmaðurinn Hróar heygður en meint leiði er vegleg grjóthrúga og frá því er fallett útsýni bæði til suðurs og vesturs. Til er frásögn er segir frá því að tveir ungir menn, þeir Sigurður og Jónas Jónssynir, hafi grafið í dysina og fundið þar mannabein og hausnúpu af stórvöxnum manni (*Byggðasaga Skagafjarðar*, V. bindi, bls. 138).

Niðurstöður fornleifarannsókna í Hróarsdal benda til að jörðin hafi að líkindum byggst snemma eða einhvern tímann á tímabilinu frá landnámi og fram um 950 og virðist bæjarstæðið hafa verið á sama stað þá og nú (Douglas Bolender o.fl., 2015). Núverandi íbúðarhús er reist þar sem gamli bærinn [1728-282] stóð en hann náði þó bæði norður og aðeins suður fyrir húsið. Norðan við bæinn var fjósið [1728-286] og við það fjósbrunnur [1728-287] sem búið er að fylla upp í. Þegar grafið var fyrir grunni íbúðarhússins fundust göng [1728-283] sem lágu frá bænum og þaðan út hólinn sem bærinn stendur á. Á bæjarhólnum sjálfum sjást litlar minjar en smá dæld er sunnan við íbúðarhúsið þar sem var kjallari yngri bæjar sem reistur var 1935.

Öskunni var kastað fram af brekkunni sunnan við bæ og er þar kallað Varpinn [1728-284]. Fiskasteinn [1728-285] var norðaustur en stendur núna upp við íbúðarhúsið.

Flest útihúsanna voru undir Húsborginni, klettaborg vestur af bænum. Þar voru meðal annars fjárhús og hesthús, matjurtagarðar og reykkofi. Búið er að rífa þessi hús en þarna mótar enn fyrir tóftum fjárhúsa [1728-305] og reykkofans [1728-311] auk tveggja matjurtagarða [1728- 317 og 318] sem eru í brekkunum ofan við. Dæld er í túni þar sem hesthúsin [1728-309] stóðu, og smá dældir þar sem útihús [1728-310] sem merkt er á túnakorti frá 1918 stóð. Íshús [1728-299] var aðeins austar þar sem nú er trjáreitur og fannst engin tóft þar. Fjöldi matjurtagarða [1728-289 og 290 auk áður nefndra garða í námunda við Húsaborgina] var í Hróarsdal en óvíst hvort þeir teljist allir til fornleifa. Leifar fjögurra matjurtagarða fundust við skráningu en hinir eru annaðhvort horfnir eða fundust ekki vegna trjáræktar. Á milli útihúsanna og bæjar var Húsabruin [1728-300] og frá henni lá Engjavegur [1728-301] til suðvesturs og niður á engin, þar var Engjabrú [1728-373] yfir á engin en þarna eru nú komin ræsi og gömlu brýrnar horfnar. Aðalvatnsbólið [1728-304] var í mýri á mörkum Gerðisins og túnsins en þess sér ekki stað lengur. Einnig var fjárhús [1728-314] nokkuð norður af bænum og hugsanlega hesthús [1728-297] við syðsta enda túnsins en þessi hús eru bæði horfin í sléttuð tún. Heimildir eru um tvö skeið af túngörðum [1728-392, 313] og virðist túnið eins og það var snemma á 20. öld hafa verið minna en áður fyrr. Eitt túngarðsbrot er í túninu sunnan bæjar [1728-291], annað í túni norðvestan við bæinn [1728-313] og mögulega það þriðja [1728-308] á Gerðinu. Líklega er líka túngarður vestan við fjárhúsin á Gerðinu en hann fannst ekki við vettvangsskráningu 2017. Tveir upphlaðnir vegir voru skráðir, annars vegar Sneiðingurinn [1728-330] austur af bæ á leið til kirkju á Ríp og síðan annar sneiðingur [1728-321] um 400m NNV af bæ á leið til Kárastaða og áfram til norðurs.

Kvíar [1728-315] voru í Kvíalaut norðvestur af bæ en hurfu við vegagerð. Þar voru einnig tveir hlaðnir brunnar [1728-302 og 303] en aðeins annar þeirra er enn til staðar. Stekkjartóftir og matjurtagarður [1728-322, 323 og 324] eru í Stekkjarhvammi um hálfan kílómetra norðvestur af bæ, þar fannst sverð þegar verið var að gera matjurtagarð [1728-325].

Suðvestur og vestur af bæjarstæðinu eru engjarnar og ná þær vestur að Héraðsvötnum. Þar er fjöldi minja, svo sem áveitugarðar [1728-361] og stífla [1728-359] auk garða [1728-363, 365, 366, 368, 367, 370] sem upphaflega voru byggðir sem varnargarðar en síðan nýttir sem lagnagarðar til silungsveiða. Á engjunum er einnig fjöldi handgrafinna áveituskurða [1728-360, 371, 372, 369, 374] en engin voru slegin og var hluti bakkanna véltækur. Handgrafinn skurður var einnig á merkjum milli Hróarsdals og Keldudals [1728-375]. Flestar minjarnar hafa nöfn og má segja að Hróarsdalsjörðin sé rík af örnefnum, bæði eldri og yngri nöfnum sem hafa varðveist og eru ítarlega skráð og kortlögð (sjá örnefnasjá Landmælinga).

Umfangsmiklar mógafir og mögulega torfgrafir, eru á tveimur stöðum í Torfdal sem liggur til norðvesturs upp frá Hólmavatni [1728-345 og 350]. Við þær eru einnig nokkrar mótóftir [1728-347, 347, 348, 349, 352]. Dalurinn hefur verið ræstur fram með skurðum en mógafirnar sjást þó enn. Þó megin silungsveiðin hafi verið í Héraðsvötnum bendir örnefnið Silungagötur [1728-343] til þess að einnig hafi verið veitt í Hólmavatni og þar fundust hleðslur [1728-344] sem hugsanlega tengjast þeirri veiði. Sunnan við Torfdalinn er Gildruhóll og á honum leifar grjóthlaðinnar tófugildru [1728-353].

Fjöldi varða [1728-320, 326, 327, 328, 329, 354, 355, 358 og 356, ] var skráður í landi Hróarsdals og bera nokkrar þeirra nafn, s.s. Herforingjavarða [1728-319] norðvestur af bæ og tvær Dagmálavörður [1728-333 og 334] suðaustur af bænum. Sumar varðanna eru við gamlar götur en aðrar með óljósara hlutverk. Sumar eru vel hlaðnar og heillegar en aðrar lítið meira en smá hrúgur af grjóti. Ein steinalögn fannst [1728-357] á klöpp 240m norðaustur af bæ. Nálægt Dagmálavörðum er Höggið og er þar lítil kofatóft [1728-332], leikstaður barnanna í Hróarsdal. Austur undir svonefndu Lágbergi er svolítil grjóthlaðin kofatóft eða byrgi [1728-337].

Heimildir eru um að ferjað hafi verið frá Hróarsdal en þaðan var ekki lögferja og ekki er vitað hvaðan ferjan sigldi [1728-378]. Frá Hróarsdal var messuleið að Ríp [1728-330], og um land Hróarsdals liggja líka götur [1728-737] sem lágu frá Keflavík og norður að Vestariós Héraðsvatna.

Þrjú álagablettir voru skráðir, Bíldshóll [1728-312], vestan bæjar, Seftjörn [1728-362] og Álaga- eða Seftjarnarbakki [1728-364], niður á engjum. Heima við bæ er Litlasklökk [1728-395], sögð huldufólksbústaður.

## Húsaskipan í Hróarsdal

Jón Normann lýsir húsaskipan í Hróarsdal ítarlega í handritinu *Ævisaga mín, til 1904* sem varðveitt er á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga (HSk. 1342, 4to.) og er hér uppritað af Kristborgu Þórsdóttur.

„Baðstofan var skipt í 2 hól og 2 stafgólf í hvoru hólfi en einfalt þil á milli hólfanna. Baðstofan var því öll um 12 álnir á lengd og tæpar sex álnir á breidd innan þilja. Þrír gluggar voru á vesturhlið hennar og ekki annað glugga. Það voru allt 6 rúðu gluggar og vel manngengir, ef eldur hefði komið upp og lokað útgöngudyrum. Dyr voru á þilinu milli hólfanna og voru þær venjulega nefndar húsdyr. Hólfið sunnan við þær var víst upprunalega nefnt suðurhús, en í mínu minni var það ætíð nefnt „fyrir innan“. Á því voru 2 gluggar. Norðurhólf baðstofunnar nefndist ætíð í mínu minni „fyrir framan“. Á því var einn gluggi nokkru breiðari en hinir en jafnhár þeim. Austurhlið baðstofunnar, sem gluggarnir voru á, var úr timbri á milli torfstafnanna á baðstofunni og frá þakbrún og niður fyrir glugga. Var sú hið klædd þykkum þakpappa á milli glugganna og fyrir aftan, en fyrir neðan þá var hlaðinn þykkur torfveggur upp að gluggum og myndaðist þannig allmikið skot inn þar sem gluggarnir voru. Var það jafnan nefnt glugghús. Í glugghúsið settist oft mikill snjór í vetrarhríðum, svo að dimmt varð inni þótt um dag væri. Varð þá að fara út og sópa ofan af glugganum. Að innan var baðstofan þiljuð í hól og gólf. Í suðurstafni syðra hólfins var innbyggður bókaskápur opinn þó. Var hann fyrir ofan bita, en fyrir miðjum stafni undir honum stóð stór dragkista (kommóða) með 4um skúffum, sem foreldrar mínir geymdu ýmislegt í, er við krakkarnir máttum ekki skemma. Ofan á dragkistunni stóð forkunnarfagur kassi með glerhurð á hliðinni. Hafði faðir minn smíðað hann handa móður minni og geymdi hún þar saumavél sína og annað til hannyrða. Við hlið hans stóð annar lægri kassi, gljáskyggður (pólaraður) og gulur. Í honum geymdi faðir minn læknislyf sín og ýms áhöld er að lækningum lutu, því hann fór mikið með lækningar, sem síðar mun sagt verða. Neðan við bita í suðurstafni í suðausturhorni baðstofunnar var innbyggður annar skápur mjór en hár, þar geymdi faðir minn bækur í efri hillum en smádót í þeim neðri. Uppi yfir þeim skáp var allbreið hilla er faðir minn geymdi á bækur en þó mest blöð. [...]. Undir vesturhlið voru 2 rúm foreldra minna [...]. Rúm öll í baðstofunni voru fyrst, er ég man eftir, lokrekkjurúm að fornum sið en ekki voru þó hurðir fyrir þeim. Undir austurhlið við syðri glugga var stórt borð með renndum fótum er faðir minn hafði smíðað. [...]. Við nyrðri gluggann í suðurhúsinu var hafður vefstóll síðari hluta vetrar fyrst er ég man til. Seinna var sett þar lausarúm meðfram millipilinu og sneri annar gaflinn að glugganum en hinn að húsdyrnum. [...]. Uppi yfir þessu rúmi hékk stór mynd af föður mínum, sem Jón Hróbjartsson kennari á Ísafirði, og frændi minn, teiknaði eftir ljósmynd árið 1901, en frumljósmyndin var tekin 1890, eða þar um bil. Í horninu við suðurstafn baðstofunnar vestan dragkistunnar hékk gömul Borgundarhólmsklukka með tveim strengjum er lóð hengu í, var annað til að knýja slagverk hennar en hitt knúði gangverkið. Yfir fótagöflum á rúmum foreldra minna voru 2 hillur hver upp af annari og geymdu þau þar

mjólkurkönnur og pela krakkanna um nætur og svo ýmislegt dót og bækur, sem þau lásu í, er þau voru háttuð. Við fremri enda borðsins var stóll upp við austurvegginn milli glugganna. Hann var fjaðrastóll og bakið og fæturnir í rókókóstíl. Nefndum við krakkarnir hann „mömmustól“. Framan við borðið var annar stóll, íslenskt smíði, og var í rauninni dýrgripur þótt eigi vissi ég það fyrr en of seint. [...]. Þennan stól nefndum við krakkarnir „pabbastól“ [...].

Í frambaðstofunni var, fyrst þegar ég man eftir, stór sívalur ofn. Hann var við millipilið rétt austan við húsdýrnar. Þegar eldavélin kom var hún sett niður þar sem ofninn var áður [...]. Bak við ofninn var reykþípa upp úr baðstofuþekjunni og síðar var reykþípan frá eldavélinni á sama stað. Var það daglega nefnt „rörið“. Hornið austan við ofninn fram að glugga var ýmist nefnt eldiviðarskot eða bara rústarskot. Í því var geymdur eldiviður dagsins og þar var moldargólf. Við norðurgafli baðstofunnar voru 2 lokrekkjurúm er náðu þvert yfir hana. Uppi yfir þeim voru 2 háurúm. Yfir þeim var skápur innbyggður í stafninn. Undir austurvegg í horninu við eystra rúmið var dálítið borð er náði að glugganum, en við borðendann undir glugganum var gamall íslenskur tréstóll. [...]. Á vesturhlið baðstofunnar rétt við fótagafl vestra rúmsins voru svo baðstofudýrnar. Í þeim var vönduð hurð úr heilum borðum. Féll hún í fellsum, er henni var lokað. Þykkir trénegldir okar voru á henni að innanverðu, og gekk hún inn, þegar opnað var. Á henni var klinka að innan en snerill að framan til að opna klinkuna. Þröskuldur var undir henni en ekki var hún neitt niðurgráfin og því engar tröppur upp frá dyrunum. Sunnan við baðstofudyr undir vesturhlið voru kistlar og koffort. Þar var og bekkur til að láta vatnsfötur standa á eftir að eldavélin kom. Í horninu vestan við húsdýrnar var svo sett upp borð fyrir skilvindu árið 1912, þegar hún kom. Áður var haft þar lausarúm stundum, ef þess þurfti. [...]. Frá baðstofudyrnum lágu bein og nokkuð löng göng fram til bæjardyra, er sneru móti vestri að Héraðsvötnum. Næst fyrir vestan baðstofuna var búið og sneri út og suður eins og hún. Efst á suðurstafni þess var timburpil og á því fjögurra rúðu gluggi. Bekkur var fyrir stafninum þvert yfir og framan við hann kringlótt borð undir vesturhlið. Þar fyrir framan var stórt sýrukerald og framan við það, nær dyrum, voru svo 1-2 skyrtunnur. Undir austurhlið var búrborðið og við enda þess inn af dyrunum var búrkiestan, sem matur var geymdur í. Yfir búrborðinu voru hillur fyrir matarílát, skálar og diska, o.fl. því. Frá búrduyrnum var svo gangur gegn um torfvegg fram í göngin. Nefndist hann Búrgangur. Skellihurð var í göngum rétt framan við Búrganginn. Vestan við búið var stórt hús, er sneri austur og vestur, með háu risi. Það var hólfað í tvennt með þili og nefndist eystra (innra) hólfið „Kompa“. Úr henni var þvergangur fram í göngin, er nefndist Kompugangur og var hann beint á móti eldhúsdýrunum, er voru að norðanverðu. Rétt innan við þessar tvær dyr var fremri skellihurð í göngunum og framan við hana nefndust göngin bæjardyr allt til útidyra. Vestra (fremra) hólf framhússins var þiljuð stofa og vissi stafnpil hennar fram á hlaðið móti vestri. Á henni voru 2 stórir sexrúðu gluggar. Í stafngólfinu var hleri og var kjallari undir gólfinu og laus stigi niður í hann. Þar var geymdur garðamatur og kjöt og sláturtunnur, því þar fraus ekki. Loft var uppi yfir stofunni og allstór

sexrúðugluggi á vesturstafni þess. Loftið náði austur yfir miðja kompuna og myndaði þar loftskör en þar fyrir austan var opið upp úr Kompunni upp í ris. Í Kompunni voru 3 stórar kistur, ein við stofupilið að vestan og því undir loftskörinni. Í henni voru geymd grjón (bankabygg). Hún hét grjónakista. Önnur kista var við suðurvegg Kompunnar. Uppi yfir þeirri kistu var dálítið gat á þakinu með skjáglugga í til að fá birtu í Kompuna. Á lokið þessarar kistu, sem nefndist Langakista, stóð oftast laus stigi er náði upp á loftskörina og var hafður til að fara eftir upp á loftið. Við austurvegg Kompunnar stóð stór kista með kúptu loki. Hún nefndist Kúptakista. Í henni geymdi faðir minn ýmislegt, t.d. geymdi hann þar, ef hann átti, vín og einnig peninga sína o.fl. Kista þessi var mesti forláta gripur og hafði Benedikt langafi minni keypt hana úr biskupsstólsbúinu á Hólum þegar upp[b]oðið var þar árið 1801. Fyrir henni var forn íslensk skrá og á framhlið hennar voru málaðar rósir og ártal sem þá var orðið ólæsilegt. Kistan er enn til í eigu Sæunnar systur minnar. Uppi á loftinu á miðju gólfi var stór mjölkvörn, sem malað var í til grauta og brauðgerðar. Kvörnin var síðar færð niður í Kompuna. Þar var kista með fiðri í nálægt vesturgafli og orf og hrífur var þar geymt á veturnum o.fl. Inn í austurvegg kompunnar, uppi yfir Kúptukistunni, var rekinn stór hæll. Á honum héngu vefstólsgrindur, þegar vefstóllinn var ekki í notkun.

Í stofunni var stórt skatthol, sem faðir minn notaði oft fyrir skrifborð, ef hann þurfti að skrifa að sumrinu, þegar ekki var of kalt í stofunni. Þar var og klæðaskápur og ýmislegt fleira. Vefstóllinn var líka hafður þar seinni hluta vetrar, ef góð var tíð. Seinna var og sett lausarúm í suðausturhorn stofunnar, fyrir gesti og svaf ég þar seinustu árin sem ég var heima. Þau hús sem ég hef nú talið voru öll sunnan við göngin.

Norðan við göngin var stórt langhús er sneri austur og vestur og vissi þilstafn þess fram á hlaðið. Það var hólfað í sundur með grjótvegg og dyr á milli. Vestra hólfið var járnsmiðja og var aflinn austur við grjótvegginn (sem ekki náði nema upp að risi og var þilveggur efst á milli). Steðji var á miðju gólfi og bekkur með skrúfstykki undir glugga á vesturgafli, en rennibekkur var undir norðurhlið. (Hefilbekkinn hafði faðir minn aftast í stofunni).

Austan við grjótvegginn var eldhúsið og voru tvenn hlóð austanundir veggnum en hár hlóðasteinn framan við þau. Í eldhúsinu var allur matur eldaður þar til eldavélin kom. Var þar oft kalt á veturnum og mikill reykur og furða að fólk varð ekki heilsulaust að vera þar við eldamennsku eða brauðbakstur mestan hluta dags.

Austur af eldhúsinu var opin tóft sem kölluð var „Kofinn“ og voru dyr í hana úr eldhúsinu og aðrar úr henni inn í ranghala, sem gerður var úr henni út í fjós og hlöðu. Tóft þessi var norðan við baðstofustafninn og var látið árlega hey í hana handa kúnum. Hlífði það mjög baðstofunni í norðanhríðum á vetrin. Geil var svo grafin á haustin frá dyrum úr eldhúsi út í fjósranghalann og var við það innangengt í fjós og hlöðu. [...]. Þar sem ranghalinn endaði tók við þvergangur og voru hlöðudyrnar austur úr honum, en hinn endinn beygði í vinkil nokkru vestar inn í fjósið. Vestur úr vinklinum var skot til að geyma í moð og nefndist Moðskot. [...].



Fjósið var með tveim básaröðum og flór eftir því miðju. Norður úr fjósinu voru svo dyr fyrir kýrnar og lá þar gangur í vinkil, svo útidyr fjóssins voru móti vestri, en austur úr þeim gangi var lítið hús og í því var djúpur brunnur, er nefndist Fjósbrunnur. Var þar tekið gott vatn handa kúnum. Það var mikill kostur að hafa innangengt í hey og vatn handa kúnum og þurfa ekki að bera það langar leiðir í vetrarhríðum.

Ég hef lýst bænum allgreinilega, svo að seinni tíma menn fái nokkra hugmynd um bændabýli hér um aldamótin 1900, en víða voru þá bæir minni en í Hróarsdal.“

## Egg og Rein

### Söguágrip

Egg er orðin Hólastólseign 1388 og kemur fyrst fyrir í ráðsmannsreikningum staðarins og var landskuld fjögur hundruð, níu kúgildi, 6 kúr og 18 ær.<sup>44</sup> Hún var seld með öðrum stólsjörðum árið 1802.<sup>45</sup>

Jarðamat Eggjar var að fornu 50 hundruð og í *Jarðabókinni* 1713 er landskuld tvö hundruð síðastliðin sjö ár en þar áður tvö hundruð og 60 álnir.<sup>46</sup> Áður en hjáleigan Rein var lögð undir Egg var matið 40 hundruð.<sup>47</sup> Í *Jarðabókinni* 1713 er torfrista og stunga sögð góð og reiðingsrista næg til heimilisbrúkunar en torfskurður sé enginn og ekki heldur silungsveiði. Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* er þess hins vegar getið að veiði hafi jafnan verið nýtt í Héraðsvötnum að einhverju leyti. Engjar eru sagðar votlendar og torvelt að sækja þær enda yfir þrjár kvíslir af Héraðsvötnum að fara.<sup>48</sup>

Í *Jarðabókinni* 1713 er getið um tvö býli í landi Eggjar. Rein, sem að fornu var sjálfstæð jörð, og Minni-Egg. Um þá síðarnefndu segir „Minni Egg heitir eyðikot hér í landinu. Hést sést til girðinga og tóftaleifa, og er túnstæði komið í holt.“ Einnig er getið um „Selstöðu í heimalandi, hefur ei brúkast um langan tíma“.<sup>49</sup> Á Eggjarseli var haft í seli fram undir aldamótin 1900. Búið var á selinu frá 1875-1876 og síðan öðru hvoru á árabílinu 1896-1907.<sup>50</sup> Land Eggjarsels tilheyrir í dag Eyhildarholti og er því ekki skráð hér. Samkvæmt *Byggðasögu Skagafjarðar* er selið á Borgareyju ekki það sama og sagt er frá í *Jarðabókinni* þar sem að Egg fékk ekki ítök þar fyrr en á 19. öld. Ekki er vitað hvar eldra selið var.<sup>51</sup>

Í könnunarskurði sem tekinn var í öskuhól á Minni-Egg árið 2017 fundust ummeki um skamma búsetu sem líklega hófst á 10. öld og stóð fram á þá 11. (Kathryn Catlin o.fl., 2018, bls. 86). Eftir 1104 virðist búsetu vera lokið á Minni-Egg og eru eftir það eingöngu hafðar skepnur þar og benda niðurstöður rannsókna með kjarnabor til þess að þarna hafi verið endurbyggt að minnsta kosti nokkrum sinnum frá því um 1300 og til loka 18. aldar.<sup>52</sup>

Rein kemur fyrst fyrir í ráðsmannsreikningum Hólastóls frá 1388<sup>53</sup>. Jarðarinnar er næst getið í *Jarðabók* 1709, þá sem eyðikoti í landi Eggjar, og er svo lýst: „Reyner heitir hér annað kot, sem áður hefur verið; ekki nú byggt í manna minni. Sést til girðinga og tóftaleifa. Ekki þykjast menn minnast að þessi eyðiból hafi byggð verið, mega og ei aftur byggjast, því jörðin

<sup>44</sup> Íslenskt fornbréfasafn III, 408.

<sup>45</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 123.

<sup>46</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 58.

<sup>47</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 125.

<sup>48</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 58; Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 126.

<sup>49</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 58.

<sup>50</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 119.

<sup>51</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 127.

<sup>52</sup> Kathryn Catlin o.fl. 2017.

<sup>53</sup> Íslenskt fornbréfasafn III, 408.

er uppblásin í holt og hrjóstur.<sup>54</sup> Rein hefur því líklega farið í eyði í lok 14. aldar eða byrjun þeirrar 15. og er ekki byggð aftur fyrr en í lok 18. aldar og var þá hjáleiga frá Egg.<sup>55</sup> Í manntali 1816 eru sex skráðir þar til heimilis.<sup>56</sup> Í jarðatali 1847 er Egg með hjáleigunni metin á 50 hundruð og af því var hjáleigan metin á 10 hundruð.<sup>57</sup> Síðustu ábúendur á Rein fluttu þaðan 1931 og síðan hefur jörðin verið í eyði en nýttuð frá Egg.<sup>58</sup>

## Fornleifaskráning



*Mynd 198. Gamla bæjarstæðið á Egg var um það bil fyrir miðri mynd. Þarna sést aðeins smá dæld eftir kjallarann en aðar minjar eru horfnar af yfirborði.*

### **Egg-1728-381**

**Sérheiti:** Egg

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Hleðsla, dæld

**Hættumat:** Hætta vegna rasks

<sup>54</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 59.

<sup>55</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, bls. 99; J. Johnsen, 277.

<sup>56</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl. Sótt af [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðað 20.02.17.

<sup>57</sup> J. Johnsen, 277.

<sup>58</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 100.

### **Staðhættir**

Rétt um 10m norðvestur af núverandi íbúðarhúsi á Egg sér móta fyrir húsgrunni íbúðarhúss sem reist var árið 1900.

### **Lýsing**

Þegar skráning fór fram árið 2016 uxu arfi og njóli á gamla bæjarstæðinu en nýlega var búið að gera gróðurhús austan við það. Húsið var rífið 1933 en það sér móta fyrir húsgrunninum á kafla og er hann um 20cm hár og 60cm breiður og er hann að mestu gróinn. Smá hola er enn þar sem kjallarinn undir húsinu var. Þetta hús mun hafa staðið á sama eða svipuðum stað og torfbærinn áður.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Jón Guðmundsson byggði timburhús á jörð sinni skömmu fyrir aldamótin 1900 (65°39'056/19°28'397). Var það 12 álna langt og 10 ¼ alin á breidd með skúr fyrir útidyrum að norðan. Virðingarmenn mátu húsið hinn 8. nóvember 1904 á kr. 1500. Kjallari, þriggja álna hár, var undir hálfu húsinu og geymsluloft ásamt þiljuðu herbergi í suðurenda risins. Í húsinu var þá bæði maskína (eldavél og einn ofn). Timburhúsið stóð litlu norðar og vestar en núverandi íbúðarhús, innan við 10 metrum norðvestan við húshornið. Húsið var kalt, hafði einungis verið einangrað með mómold og hefilspónum. Í hörkum fraus alls staðar nema í kjallaranum sem var góð matvælageymsla. Enn er hola (65°39'056/19°28'397) í jörðina, þar sem hann var. Vatn þurfti allt að bera í bæinn úr brunni eða lindinni austan við Ranann. Pálína húsfreyja hafði lítinn matjurtagarð sunnan við bæinn og nokkur blóm til skrauts. Aðalinngangur var að sunnan en á norðurstafni var gerð skúrbygging til að fá forstofu þar sem hægt var að afklæðast og hengja upp útiföt, vatnsfötur og annað þvílíkt. Húsið var rífið 1933, um sama leyti og verið var að byggja, því að mikið af viðum þess voru notaðir í steypa húsið.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 125-126).



Mynd 199. Mynd tekin af Egg um 1933. Þarna sést timburhúsið [1728-381] og nær er öskuhóllinn [1728-383] og fjósið og útihús [1728-382] hægra megin við timburhúsið. Úti á túni sést í tvö útihús. Ljósmynd: Minjasafnið á Akureyri/Arthug Gook.

### **Egg-1728-382**

**Hlutverk:** Útihús, fjós

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á ljósmynd frá 1933 eru 2-3 sambyggð torfhús vestan við timburhúsið sem reist var á Egg árið 1900.

#### **Lýsing**

Á ljósmyndinni virðast húsin vera þrjú þegar talið er frá timburhúsinu og til vesturs. Beint vestur af timburhúsinu er lágreist bygging og síðan koma tvær stærri byggingar og mun sú vestasta hafa verið fjós (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 125). Þarna var síðar reist steinsteypt fjós (um 1949 skv. *Byggðasögu Skagafjarðar V*, bls. 123) og stendur hluti þess enn en búið er að rífa þurrheyshlöðu sem var við húsið, að tveimur súrheysgryfjum undanskildum. Þessi hús eru skráð hér sem ein heild þar sem líklegt er að þau hafi öll verið hluti af sömu húsapýrpingunni. Þessi hús eru horfin og þarna stóðu í seinni tíð aðrar byggingar.

## Aðrar upplýsingar

Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* (bls. 125) er ljósmynd sem tekin er af bæjarstæði og nærliggjandi túnum á Egg í mars 1933. Á þessari mynd sést nokkur fjöldi bygginga og má þar nefna tvö fjárhús (Austur- og Vesturhús) út á túni, timburhús sem byggt var árið 1900 og vestan þess 2-3 torfbyggingar og var sú vestasta þeirra fjós.



Mynd 200. Yfirlitsmynd af minjum á bæjarstæði Eggjar.

### Egg-1728-383

**Hlutverk:** Öskuhóll

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir og lýsing

Norðan við timburhúsið sem stóð á Egg 1900-1933 var umfangsmikill öskuhaugur sem ekkert sér eftir af í dag en heimildir geta þess að honum hafi verið dreift í flög. Hóllinn var hnitsettur af loftmynd út frá ljósmyndinni og gera má ráð fyrir einhverri skekkju.

### Aðrar upplýsingar

Á mynd í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* (bls. 125) sést stærðarinnar hóll norðan við timburhúsið sem stóð á Egg 1900-1933. Í meðfylgjandi myndatexta segir að þetta sé forn öskuhaugur. „Sigurður bóndi gerði í hann súrheysgryfju en síðar var honum öllum ekið burtu í flög.“ Á myndinni

virðist þegar búið að aka efni úr norðvesturhluta hólins.

### Egg-1728-384

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* (bls. 125-126) er þess getið að matjurtagarður hafi verið sunnan við gamla íbúðarhúsið á Egg.

### Lýsing

Þessi garður er nú horfinn og þarna eru nú vegur og grasbali og til suðausturs er núverandi íbúðarhús. Garðurinn er ekki merktur á túnakort en þar segir að matjurtagarðar hafi verið 3540 flatarstíkur. Gera má ráð fyrir einhverri skekkju á staðsetningu.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Pálína húsfreyja hafði lítinn matjurtagarð sunnan við bæinn og nokkur blóm til skrauts.“ (bls. 125-126).

### Egg-1728-385

**Sérheiti:** Hornhús

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Hóll

### Staðhættir

Um 113m NNA af íbúðarhúsinu á Egg og 30m norður af vélaskemmu er afgangur hóll í túninu og þar munu hafa staðið hesthús.

### Lýsing

Húsin sem nefnd voru Hornhús eru horfin en þarna er enn afgangur hóll um 5x13m að utanmáli og snýr hann austur-vestur. Á hólnum eru smá dældir, mest um 40cm djúpar og gætu þær verið ummerki um hesthúsin sem þarna stóðu.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Vatnsmálin komust loks í gott lag þegar borað var á Rananum árið 1995, um 30-40 m norðan við vélageymsluna, á svæði sem kallað var Hornhús. Þar hafði verið gamalt hesthús í túnjaðrinum.“ (bls. 126).

### Egg-1728-386

**Hlutverk:** Útihús


**Tegund:** Dæld, heimild

### Staðhættir

Í bláhorni túns, um 10m suðaustur af íbúðarhúsinu í Egg er smá dæld og á túnakorti frá 1918 er þar merkt búpeningshús.

### Lýsing

Húsið er horfið en ógreinileg dæld er í túninu, u.þ.b. þar sem húsið stóð og gætu verið leifar þess. Dældin er 4x7,5m að utanmáli.



Mynd 201. Bæjarstæðið á Egg árið 1982. Þarna sjást enn tóftir Vesturhúsa [1728-387] og a.m.k. hluti Austurhúsa (næðst á mynd)[1728-388]. LMI-Kort-G30-G-8122.

### Egg-1728-387

**Sérheiti:** Vesturhús

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Hleðsla

#### Staðhættir

Í túnjaðri, norður undir Húsaborg, um 110m SSV af íbúðarhúsinu á Egg stóðu fjánhús sem nefnd voru Vesturhús.

#### Lýsing

Húsin eru að mestu horfin og þegar skráning fór fram í september 2016 var nýlega búið að fylla upp í dældir með mold og slétta yfir. Enn er þó eftir hluti af vesturvegg húsanna sem er mest um 70cm hár og 18m langur og snýr NV-SA. Húsin hafa snúið NA-SV. Húsin voru í notkun til 1973. Á loftmynd frá 1982 sjást tóftir þeirra en árið 1985 er búið að rífa þau. Á

loftmynd frá 2017 sést að túnjaðarinn nær nú yfir hluta hússtæðisins.

#### Aðrar upplýsingar

Í myndatexta í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Lengst til hægri, í jaðri myndar, sér á Húsaborg og stafna Vesturhúsanna, nýlega byggðra.“ (bls. 125). Þarna segir að húsin séu nýbyggð en myndin er tekin 1933. Húsin eru á túnakorti frá 1918 og því líklegt að nýlega hafi verið gert við eldri hús eða byggt á eldra hússtæði. Húsin stóðu í túnjaðri gamla túnsins. Þessi hús voru enn í notkun í byrjun 7. áratugarins (munnl. heimild, Sigurbjörg Valtýsdóttir, 19.12.2023).

### Egg-1728-388

**Sérheiti:** Austurhús

**Hlutverk:** Fjánhús, hesthús

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Í túni, um 95m suður af íbúðarhúsinu á Egg og tæpa 40m austur af fjánhússtæði svonefndra Vesturhúsa [Egg-1728-] stóðu önnur fjánhús, kölluð Austurhús. Það munu hafa verið tvöföld samstæðufjánhús og stóðu við suðurmörk gamla túnsins.



## Lýsing

Ekkert sér eftir af þessum húsum sem nú eru í sléttu túni. Á loftmyndum frá 1982 og 1985 sést þarna bygging en óvíst er hvert ástand húsanna var á þeim tíma (LMI-Kort-J11-J-1886).

## Aðrar upplýsingar

Í myndatexta í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Vestan við timburhúsið (hægra megin) sér á þök torfhúsa. Hið vestara mun vera fjósið. Yfir þau ber Austurhúsin, tvöföld samstæðufjórðing.“ (bls. 125). Húsin sjást á túnakorti frá 1918. Samkvæmt heimildamanni stóðu húsin uppi og voru notuð sem hesthús snemma á 7. áratugnum (munnl. heimild, Sigurbjörg Valtýsdóttir, 19.12.2023).



*Mynd 202. Raðir af grjóti, hugsanlega hleðsluleifar [1728-389].  
Horft er til suðurs.*

## Egg-1728-389

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Hætta vegna rasks. Hleðslurnar eru í hólfi þar sem er umgangur dýra.

## Staðhættir

Beint suður af núverandi fjósi eru einfaldar grjótraðir sem virðast vera leifar veggja.

## Lýsing

Þarna virðast vera greinilegar leifar byggingar en aðeins er um vegghluta að ræða og því erfitt að átta sig á stærð og útliti en þarna eru grjótraðir á tveimur stöðum með um 5m millibili en þær eru skráðar hér sem ein heild. Óvíst er hvort þessar minjar teljist til fornleifa.



Mynd 203. Brunnur [1728-390]. Horft er til NNV.

### **Egg-1728-390**

**Hlutverk:** Lind

**Tegund:** Brunnur

#### **Staðhættir og lýsing**

Um 120m suðaustur af bæ, í túnjaðri er brunnur og hefur verið settur járnhólkur í hann en ekki sást hvort hann væri hlaðinn. Í seinni tíð var sett upp dælustöð, 65m norðar og var vatninu þannig dælt upp að bæ en áður þurfti að bera vatnið.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Svo voru brunnar áður fyrri, einn skammt fyrir utan og annað niðri á túni, mjög djúpur.“ (bls. 126). Einnig: „Vatn þurfti allt að bera í bæinn úr brunni eða lindinni austan við Ranann.“ (bls 125-126).

### **Egg-1728-391**

**Hlutverk:** Vatnsból

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Ekki er vitað hvar tveir eldri brunnarnir voru sem nefndir eru í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* (bls. 126).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Svo voru brunnar áður fyrri, einn skammt fyrir utan og annað niðri á túni, mjög djúpur.“ (bls. 126). Einnig: „Vatn þurfti allt að bera í bæinn úr brunni eða lindinni austan við Ranann.“ (bls. 125-126).

### **Egg-1728-392**

**Hlutverk:** Vatnsból

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Ekki er vitað hvar tveir eldri brunnarnir voru sem nefndir eru í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* (bls. 126).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Svo voru brunnar áður fyrri, einn skammt fyrir utan og annað niðri á túni, mjög djúpur.“ (bls. 126). Einnig: „Vatn þurfti allt að bera í bæinn úr brunni eða lindinni austan við Ranann.“ (bls. 125-126).



Mynd 204. Garðlag [1728-393]. Þarna var að líkindum matjurtagarður.  
Horft er til vesturs.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Hóllinn vestur undan fjósinu heitir Halldóruhóll og er bratt vestur af honum. Ofan við hann var fyrrum kartöflugarður og rabarbari.“ (bls. 126). Þarna ræktuðu Kvenfélagskonur kartöflur og seldu til fjáröflunar (munnl. heimild, Sigurbjörg Valtýsdóttir, 19.12.2023).

### Egg-1728-393

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

#### Staðhættir

Tæplega 50m vestur af fjósinu er garðlag sem liggur austur-vestur. Hugsanlega leifar kartöflu- og rabarbaragarðs sem nefndur er í *Byggðasögu Skagfirðinga*.

#### Lýsing

Garðlagið er 17m langt, 40cm hátt og mest um metri á breidd. Það er grasi og mosa gróið.



Mynd 205. Garðlag [1728-394] upp undir klöpp, mögulega matjurtagarður.  
Horft er til norðausturs.

### Egg-1728-394

**Hlutverk:** Óþekkt, matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

#### Staðhættir

Rétt rúmlega 60m austur af íbúðarhúsinu á Egg, er lág hleðsla austur undir klöpp.

#### Lýsing

Hleðslan afmarkar smá hólf upp við klöppina sem er þá vesturveggur. Hún er 10-30cm há og mest um metri á breidd,

algróin grasi. Hlutverk er óvíst en þarna gæti hafa verið lítil rétt. Í henni vex ljósatvítönn og njóli. Hlutverk er óvíst en hugsanlega er þetta annaðhvort matjurtagarður eða lítil rétt.

### Egg-1728-395

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Í túnjaðri, um 100m suðvestur af íbúðarhúsinu á Egg eru leifar túngarðsins.

**Lýsing**

Garðurinn er rétt tæplega 60m langur og liggur NV-SA. Hann er á milli tveggja túna, þar sem áður var jaðar gamla túnsins. Hann er algróinn grasi og mikill gróður var þegar skráning fór fram í september 2016. Garðurinn er 30-80cm hár og mest um 1,5m á breidd.

**Egg-1728-396**

**Hlutverk:** Kvíar

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Engin augljós kvíatóft fannst fast sunnan við túnið og gæti hún hafa horfið við túnasléttun. Ein tóft er við suðurenda túnsins [1728-397] en hún virðist með of mörgum hólfum til þess að geta verið kvíatóft.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Tvö sumur passaði ég kvíaær. Man ekki eftir þeim nema þessi tvö ár. Hef þá líklega verið 8-10 ára gömul. Þá voru ærnar mjólkaðar í rétt suður undir Húsaborginni. Elísabet á Rein kom þá alltaf og mjólkaði ærnar með annarri konu. Ekki þurfti ég mikið að sitja yfir þeim, ekki nema í byrjun. Aðstæður voru þannig að þær gátu ekki rásað til fjalla eða dala. Þær voru mjólkaðar í kvíum fast sunnan við túnið.“ (bls. 126).



*Mynd 206. Horft er til norðurs yfir tóft [1728-397].*

skiptast í fjögur hólf og virðast dyr á tveimur nyrstu, sem snúa mót vestri, en þær eru báðar óljósar. Hugsanlega er grjóthlaðinn garði í tóftinni sem bendir til að þarna hafi kannski verið fjárhús. Veggir eru grasi grónir og mikill gróður var þegar skráning fór fram en vel fannst fyrir grjóti í veggjum sem eru um 40cm háir og metri á breidd.

#### **Egg-1728-397**

**Hlutverk:** Óþekkt, fjárhús

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Vegur liggur til suðurs frá bænum og í átt að Minni-Egg. Neðan (austan) við þennan veg, tæpa 160m SSA af íbúðarhúsinu á Egg er aflöng tóft.

**Lýsing**

Tóftin liggur norður-suður og er 6x20m að utanmáli. Hún virðist



*Mynd 207. Garðlag [1728-398]. Horft er til suðurs.*

tengist að líkindum tóft [1728-397]. Það er 8m langt og liggur í smá sveig frá norðri til SSA. Það er grasi og mosa gróið, 30-60cm hátt og 1,2m á breidd.

#### **Egg-1728-398**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Vegur liggur til suðurs frá bænum og í átt að Minni-Egg. Neðan (austan) við þennan veg, tæpa 160m SSA af íbúðarhúsinu á Egg er aflöng tóft og 20m suður af henni er smá veggstubbur.

**Lýsing**

Hlutverk er óvíst en garðlagið



*Mynd 208. Þúst [1728-399] neðst á mynd og í baksýn sést í bæjar- og útihús á Egg.*

**Egg-1728-399**

**Hlutverk:** Óþekkt, gröfð

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Nyrst á svonefndri Húsaborg, sem er klettaborg suður af bænum á Egg er aflöng lág þúst og virðist grjóti vera raðað meðfram útbrún.

**Lýsing**

Þústin er rúmlega 1x3m að utanmáli, um 30cm há og liggur norður-suður. Hún er grasi og mosa gróinn og virðist grjót vera

raðað meðfram útbrún hennar. Mögulega er þetta náttúrulegt fyrirbæri en útlit bendir til þess að þetta sé hugsanlega gröf úr heiðni. Slíkt er þó ekki hægt að fullyrða um nema með frekari rannsókn. Umhverfi þústarinnar er gróið en þarna var geymt timbur, bárujárn og fleira þegar skráning fór fram 2016.



Mynd 209. Yfirlitsmynd yfir mögulegan bæjarhól á Egg [1728-400] neðarlega fyrir miðri mynd. Vinstra megin við appelsínugula tréð er svo möguleg tóft [1728-401]. Ytri túngarðurinn [1728-403] sést ójóst til hægri frá trjáþyrpingunni.

### **Egg-1728-400**

**Sérheiti:** Minni-Egg

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Hóll

**Hættumat:** Hætta vegna trjáræktar. Umhverfis minjarnar er trjálundur og hafa ber í huga að rætur geta skemmt minjar.

### **Staðhættir**


Hjáleigan Minni-Egg var suður undir Húsaborg, rúma 500m suður af bæjarstæði Eggjar.

### **Lýsing**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi (bls. 8) segir að talið sé að bærinn sjálfur hafi staðið fast undir suðurenda Húsaborgarinnar. Þar er grasi gróinn aflangur hóll, 6x12m að utanmáli og um hálfur metri á hæð. Hann snýr austur-vestur. Ekki var hægt að greina veggjaskil þegar skráning fór fram í september 2016.

## Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Tvær hjáleigur fylgdu Egg, (...) Hin var Minni-Egg (65°38'756/19°28'280), sunnan undir suðurenda Húsaborgar. Engar heimildir eru um hvenær búseta lagðist af á Minni-Egg. Býlið var á skjólsælum stað suðaustanundir suðurenda Húsaborgar. Sérstætt er að hér er ekkert rennandi vatn en líklega rúmlega 200 metrar niður í Héraðsvötn. (...) Í túnblettinum er húsahóll þótt veggjaskil séu þar illgreinanleg. Álitið er að þar hafi bærinn staðið, fast undir suðurenda Húsaborgarinnar (65°38'756/19°28'280).“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 128). Í örnefnaskrá er býlið nefnt Litla-Egg og um það segir: „Litla-Egg er eyðibýli suður í svonefndum Eggjarborgum, sem eru klettaborgir suður frá túninu. Er það afarfornt býlistæði, tún lítið, en girt með torfi.“ (Egg-Örnefnaskrá, bls. 1). Uppgröftur árið 2017 staðfesti tímabundna búsetu á Minni-Egg frá 10-11. öld (Kathryn Catlin o.fl., 2017).



Mynd 210. Yfirlitsmynd yfir minjar á Minni-Egg.

### Egg-1728-401

**Sérheiti:** Minni-Egg?

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft, niðurgröftur

**Hættumat:** Hætta vegna trjáræktar. Umhverfis minjarnar er trjálundur og hafa ber í huga að rætur geta skemmt minjar.



### **Staðhættir**

Hjáleigan Minni-Egg var suður undir Húsaborg, rúma 500m suður af bæjarstæði Eggjar. Tæplega 10m norðaustan meints bæjarhóls [1728-400] er tóft.

### **Lýsing**

Tóftin er lítt greinanleg vegna mikils gróðurs en þarna er dæld og umhverfis hana lágir veggir, 20-30cm háir að innan og rétt um metri á breidd. Tóftin er algróin grasi og tré vaxa á suðurenda. Óvíst er hvort þessar minjar séu frá þeim tíma er býli var á Minni-Egg en hugsanlegt er að þær séu mun yngri.



*Mynd 211. Túnið á Minni-Egg. Horft er til suðausturs. Þarna sést ytri túngarðurinn til vinstri [1728-403] og aðeins ofan við miðju myndar er tóft [1728-402]. Innri túngarðurinn [1728-405] er óljós á myndinni.*

### **Egg-1728-402**

**Sérheiti:** Minni-Egg

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Rúmlega 70m suðaustur frá meintum bæjarhól á Minni-Egg er annar hól og á honum tóft en hlutverk hennar óþekkt.

### Lýsing

Þegar skráning fór fram í september 2016 var gras hátt sem gerði túlkun á útliti tóftar erfiða. Hún snýr nokkurn veginn norður-suður og virðist a.m.k. tvískipt. Hún er að líkindum 5x15m að utanmáli en suðurendi er óljós.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Í ca 100 m suð-suðaustur frá áðurnefndum stað er annar húsahóll þar sem landið er komið í lyng- og flagmóa umhverfis. Þar virðist vera langhús og kann að vera bæjartóft. Veggja skil eru ekki auðgreind en hann er um 5 m breiður og a.m.k. 14 m langur og þó e.t.v. nokkrir metrar til viðbótar (65°38'718/19°28'210), hæð 32 m.y.s.“ (bls. 128).

### Egg-1728-403

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

### Staðhættir

Tveir túngarðar eru um túnið á Minni-Egg.

### Lýsing

Ytri garðurinn er útflattur og orðinn þýfður, mest 3m á breidd. Hann er ágætlega greinilegur á 180m kafla en afar ógreinilegur vestan við túnið á 50m kafla. Garðurinn er gróinn og mest 40cm hár.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Í lægðinni sem verður sunnan við Húsaborgina, niður að Vötnunum, er forn stekkur (65°38'728/19°28'345), um það bil miðja vegu milli Vatnanna og túnsins á Minni-Egg. (..) Túngarður virðist hafa legið um stekkin fyrrnefnda, og suður fyrir hann. Sveigt síðan upp í lyngmóana, upp sunnan við húshólinn síðarnefnda og til norðurs austan við hann í stefnu á Lönguborg norðan við Minni-Eggjartúnið.“ (bls. 128).

### Egg-1728-404

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

### Staðhættir

Tveir túngarðar eru um túnið á Minni-Egg.

### Lýsing

Innri garðurinn er 150m á lengd og hefur afmarkað tún sem hefur verið um 70x90m að stærð. Garðurinn sést sæmilega vel en á honum var mikið gras þegar skráning fór fram og hann er að mestu hlaupinn í þúfur. Hann er um 2m á breidd og mest 60cm hár.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Í lægðinni sem verður sunnan við Húsaborgina, niður að Vötnunum, er forn stekkur (65°38'728/19°28'345), um það bil miðja vegu milli Vatnanna og túnsins á Minni-Egg. (..) Túngarður virðist hafa legið um stekkin fyrrnefnda, og suður fyrir hann. Sveigt síðan upp í lyngmóana, upp sunnan við húshólinn síðarnefnda og til norðurs austan við hann í stefnu á Lönguborg norðan við Minni-Eggjartúnið.“ (bls. 128).



Mynd 212. Stekkjartóft [1728-405]. Horft er til norðvesturs.

#### Egg-1728-405

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Sunnan undir svonefndri Húsaborg í vesturjaðri túnsins á Minni-Egg er stekkjartóft.

#### Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og hefur lambakróin verið að norðan og hugsanlega hlið á henni til norðausturs.

Króin stendur um 40cm hærra en réttin. Hugsanlega hefur verið innangengt til suðurs yfir í réttina og einnig er hlið á henni til suðurs. Veggir eru 30-50cm háir og metri á breidd, grasi grónir.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Í lægðinni sem verður sunnan við Húsaborgina, niður að Vötnunum, er forn stekkur (65°38'728/19°28'345), um það bil miðja vegu milli Vatnanna og túnsins á Minni-Egg. (..) Túngarður virðist hafa legið um stekkin fyrrnefnda, og suður fyrir hann. Sveigt síðan upp í lyngmóana, upp sunnan við húshólinn síðarnefnda og til norðurs austan við hann í stefnu á Lönguborg norðan við Minni-Eggjartúnið.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 128). Hugsanlega er verið að lýsa stekknem sem er sunnan við Húsaborgina í þessari frásögn, önnur rétt fannst ekki á þessum slóðum: „Tvö sumur passaði ég kvíaær. Man ekki eftir þeim nema þessi tvö ár. Hef þá líklega verið 8-10 ára gömul. Þá voru ærnar mjólkaðar í rétt suður undir Húsaborginni. Elísabet á Rein kom þá alltaf og mjólkaði ærnar með annarri konu. Ekki þurfti ég mikið að sitja yfir þeim, ekki nema í byrjun. Aðstæður voru þannig að þær gátu ekki rásað til fjalla eða dala. Þær voru mjólkaðar í kvíum fast sunnan við túnið.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 126).

#### Egg-1728-406

**Hlutverk:** Torftaka?

**Tegund:** Niðurgröftur

## Staðhættir

Sunnan undir svonefndri Húsaborg í vesturjaðri túnsins á Minni-Egg er stekkjartóft [1728-405] og suður af henni slétt, örlítið niðurgrafið svæði þar sem hugsanlega hefur verið stungið torf. Svæðið er um 30x35m að utanmáli og aðeins nokkurra sentimetra djúpt.



Mynd 213. Varða [1728-407]. Horft er til austurs.

### Egg-1728-407

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

### Staðhættir

Norðarlega á svonefndri Lönguborg, 590m SSA frá Egg og 130m austur af Minni-Egg er stæðileg varða.

### Lýsing

Varðan er vel hlaðin og heilleg. Hún er 160m há og er að hluta hlaðin á klöpp sem er 50cm há.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar*, V. bindi, segir í myndatexta: „Varða á Lönguborg á brúninni austan við Minni-Egg, ber í Axlarhagahnjúk.“ (bls. 123).



Mynd 214. Varða [1728-408]. Horft er til suðurs.

### Egg-1728-408

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

### Staðhættir

Norðarlega á svonefndri Lönguborg, 590m SSA frá Egg og 130m austur af Minni-Egg er stæðileg varða og önnur varða er 210m sunnar á borginni.

### Lýsing

Varðan er 80cm há og vel greinileg.



Mynd 215. Varða [1728-409]. Horft er til vesturs.

### **Egg-1728-409**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Nyrst á langri klapparborg, um 730m NNV af bæ er smá varða.

#### **Lýsing**

Hleðslan er 60cm há en virðist ekki endilega vera mjög gömul.



Mynd 216. Steinalögn [1728-410]. Horft er til vesturs.

### **Egg-1728-410**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinalögn

#### **Staðhættir**

Nyrst á langri klapparborg, um 730m NNV af bæ er smá varða [1728-409] og 40m norðvestur af henni er steinalögn.

#### **Lýsing**

Um er að ræða einfalda steinalögn sem er mest 20cm há. Hlutverk er óljóst en þetta virðist þó vera manngert.

### **Egg-1728-411**

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Hætta vegna túnasléttunar

#### **Staðhættir**

Á Héraðsvatnabökkunum norðvestur af bæ á Egg voru skráðir nokkrir áveituskurðir og garðar. Búið er að breyta bökkunum í tún, alveg norður undir merki. Hluti minjanna sést þó enn en þeir eru flestir orðnir fremur óljósir.

#### **Lýsing**

Nyrst er áveitugarður alls 290m langur og liggja báðir endar hans að Vatnabakkanum. Hann er að hluta kominn undir tún en er samt greinanlegur, hann er mest 30cm hár og metri á breidd.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Á bökkunum niður við Vötn sjást minjar um handgrafna áveituskurði til að ná vatni upp á bakkana.“ (bls. 126).



Mynd 217. Yfirlitsmynd af áveitukerfi í landi Eggjar.

### Egg-1728-412

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat:** Hætta vegna túnasléttunar

#### Staðhættir

Á Héraðsvatnabökkunum norðvestur af bæ á Egg voru skráðir nokkrir áveituskurðir og garðar. Búið er að breyta bökkunum í tún, alveg norður undir merki en hluti skurðanna sést þó enn en þeir eru flestir orðnir fremur óljósir.

#### Lýsing

Annar áveituskurðurinn að norðan liggur til norðausturs frá Héraðsvatnabakkanum og eru það tveir skurðir. Fyrst er 165m langur skurður og síðan annar sem liggur út frá honum til suðausturs og er hann 150m langur. Skurðirnir eru að mestu samfallnir eða hafa fyllst upp af sandi.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Á bökkunum niður við Vötn sjást minjar um handgrafna áveituskurði til að ná vatni upp á bakkana.“ (bls. 126).

### Egg-1728-413

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Garðlag, niðurgröftur

**Hættumat:** Hætta vegna túnasléttunar

#### Staðhættir

Á Héraðsvatnabökkunum norðvestur af bæ á Egg voru skráðir nokkrir áveituskurðir og garðar. Búið er að breyta bökkunum í tún, alveg norður undir merki en hluti skurðanna sést þó enn þótt flestir séu þeir orðnir fremur óljósir.

#### Lýsing

Þriðja áveitan að norðan liggur frá Héraðsvatnabakkanum og upp undir klettaborg sem er þar austan við. Næst Vatnabökkunum virðist þetta vera skurður en uppi við klettaborgina er um 100cm breitt gróið garðlag. Lengd er alls 170m. Vik er í bakkann, við skurðendann.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Á bökkunum niður við Vötn sjást minjar um handgrafna áveituskurði til að ná vatni upp á bakkana.“ (bls. 126).

**Egg-1728-414**

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat:** Hætta vegna túnasléttunar

**Staðhættir**

Á Héraðsvatnabökkunum norðvestur af bæ á Egg voru skráðir nokkrir áveituskurðir og garðar. Búið er að breyta bökkunum í tún, alveg norður undir merki en hluti skurðanna sést þó enn en þeir eru flestir orðnir fremur óljósir.

**Lýsing**

Fjórdi skurðurinn að norðan er rétt tæplega 100m langur og afar ógreinilegur í túninu. Hann liggur til norðausturs frá Vatnabakkanum og austan við hann er yngri vélgrafinn skurður í beinu framhaldi.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Á bökkunum niður við Vötn sjást minjar um handgrafna áveituskurði til að ná vatni upp á bakkana.“ (bls. 126).

**Egg-1728-415**

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat:** Hætta vegna túnasléttunar

**Staðhættir**

Á Héraðsvatnabökkunum norðvestur af bæ á Egg voru skráðir nokkrir áveituskurðir og garðar. Búið er að breyta bökkunum í tún, alveg norður undir merki en hluti skurðanna sést þó enn en þeir eru flestir orðnir fremur óljósir.

**Lýsing**

Tveir skurðir eru í túni, í vestur frá bænum á Egg. Nyrðri skurðurinn er afar ógreinilegur, 50m langur og liggur til norðausturs frá Vatnabakkanum. Vik er í bakkann, við skurðendann.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Á bökkunum niður við Vötn sjást minjar um handgrafna áveituskurði til að ná vatni upp á bakkana.“ (bls. 126).

**Egg-1728-416****Hlutverk:** Áveita**Tegund:** Garðlag, niðurgröftur**Hættumat:** Hætta vegna túnasléttunar**Staðhættir**

Á Héraðsvatnabökkunum norðvestur af bæ á Egg voru skráðir nokkrir áveituskurðir og garðar. Búið er að breyta bökkunum í tún, alveg norður undir merki en hluti skurðanna sést þó enn en þeir eru flestir orðnir fremur óljósir.

**Lýsing**

Tveir skurðir eru í túni, í vestur frá bænum á Egg. Syðri skurðurinn er 65m langur og liggur hann til norðvesturs frá Vatnabakkanum. Vik er í bakkann, við skurðendann.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Á bökkunum niður við Vötn sjást minjar um handgrafna áveituskurði til að ná vatni upp á bakkana.“ (bls. 126).



*Mynd 218. Heygarður [1728-417] liggur á árbakkanum. Horft er til austurs.*

**Egg-1728-417****Hlutverk:** Heygarður



**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Við Héraðsvatnabakkann, 1,5km suðaustur af bæ, er heygarður. Tóftin liggur 8m vestur af Vatnabakkanum.

**Lýsing**

Tóftin snýr norður-suður og er vel greinileg. Hún er gróin grasi, mosa og lyngi, 4x11m að utanmáli og virðist opin til suðurs. Veggir eru 20-30cm háir og 50cm breiðir.

**Aðrar upplýsingar**

Engi voru upp af Vatnabökkunum suðaustur af bæ, sunnan við Rein. Þar er ein greinileg heytóft en einnig fjórar þústir þar sem hey hefur að líkindum verið sett saman. Hluta af þessu svæði hefur nú verið breytt í tún og er ein þústin horfin.

**Egg-1728-418**

**Hlutverk:** Heytóft

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Við Héraðsvatnabakkann, 1,5km suðaustur af bæ, er heygarður [1728-417] og 190m NNV af honum er þúst sem nú er horfin í tún.

**Lýsing**

Þústin sem skráð var áður en þarna var gert tún var 4x6m að utanmáli og 20-30cm há.

**Aðrar upplýsingar**

Engi voru upp af Vatnabökkunum suðaustur af bæ, sunnan við Rein. Þar er ein greinileg heytóft en einnig fjórar þústir þar sem hey hefur að líkindum verið sett saman. Hluta af þessu svæði hefur nú verið breytt í tún og er ein þústin horfin.

**Egg-1728-419**

**Hlutverk:** Heystæði

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Við Héraðsvatnabakkann, 1,5km suðaustur af bæ, er heygarður [1728-417] og 220m norðvestur af honum er heystæði.

**Lýsing**

Heystæðið er 8m breitt frá austri til vesturs og 12m frá norðri til suðurs. Þar eru engin veggjalög greinileg. Heystæðið er gróið og um 30cm hátt.

**Aðrar upplýsingar**

Engi voru upp af Vatnabökkunum suðaustur af bæ, sunnan við Rein. Þar er ein greinileg heytóft en einnig fjórar þústir þar sem hey hefur að líkindum verið sett saman. Hluta af þessu svæði hefur nú verið breytt í tún og er ein þústin horfin.

**Egg-1728-420**

**Hlutverk:** Heystæði

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Við Héraðsvatnabakkann, 1,5km suðaustur af bæ, er heystæði [1728-417] og 160m vestur af því er annað heystæði.

**Lýsing**

Heystæðið er 6m breitt frá norðri til suðurs og 8m frá austri til vesturs og 30cm hátt. Smá dæld er fyrir miðju þess.

**Aðrar upplýsingar**

Engi voru upp af Vatnabökkunum suðaustur af bæ, sunnan við Rein. Þar er ein greinileg heytóft en einnig fjórar þústir þar sem hey hefur að líkindum verið sett saman. Hluta af þessu svæði hefur nú verið breytt í tún og er ein þústin horfin.

**Egg-1728-421**

**Hlutverk:** Heystæði

**Tegund:** Þúst

Hættumat: eftir að skráning fór fram á vettvangi var gert nýtt tún og lenti heystæðið í jaðri þess

**Staðhættir**

Við Héraðsvatnabakkann, 1,5km suðaustur af bæ, er heystæði [1728-417]. Annað heystæði er 100m vestur af hinu og liggur á vesturbakka skurðar, en nýlegt tún er þar austan við.

**Lýsing**

Heystæðið er 11x12m breitt og 20cm hátt. Það er nú að hluta til skemmt vegna túngerðar.

**Aðrar upplýsingar**

Engi voru upp af Vatnabökkunum suðaustur af bæ, sunnan við Rein. Þar er ein greinileg heytóft en einnig fjórar þústir þar sem hey hefur að líkindum verið sett saman. Hluta af þessu svæði hefur nú verið breytt í tún og er ein þústin horfin.

**Egg-1728-422**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Hrossatangi heitir lítill tangi sem liggur norður-suður út í Héraðsvötnin, 1,7km SSA frá Egg. Norðaustur af tanganum er stekkjartóft og virðst vera garðlag austan með henni sem nær suður að tanganum.

**Lýsing**

Tóftin snýr austur-vestur og er lambakróin til austurs og liggur upp að fyrrnefndum garði. Réttin er til vesturs. Hlið hafa verið á báðum og snúa til suðurs. Tóftin er grasi og mosa gróin. Veggir eru að hluta hrundir, þeir eru 30-60cm háir og mest 140cm breiðir.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Stekkjarrúst (65°38'236/19°27'660) allstór er á grundinni út og austur frá Syðri-Hrossatanga, rétt austan við veginn.“ (bls. 126).

**Egg-1728-423**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag, niðurgröftur

**Staðhættir**

Hrossatangi heitir lítill tangi sem liggur norður-suður út í Héraðsvötnin, 1,7km SSA frá Egg. Norðaustur af tanganum er stekkjartóft og virðst vera garðlag austan með henni sem nær suður að tanganum.

**Lýsing**

Garðlagið er alls 56m langt og liggur nokkurn veginn norður-suður. Það er algróið grasi og mosa og er mest 60cm hátt og 2m á breidd þar sem það er breiðast. Hlutverk er óljóst en kannski hefur það verið til að auðvelda innrekstur í stekkin en þó virðist það full veglegt til þess.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Stekkjarrúst (65°38'236/19°27'660) allstór er á grundinni út og austur frá Syðri-Hrossatanga, rétt austan við veginn.“ (bls. 126).



*Mynd 219. Horft er til vesturs að Hrossatanga en þaðan var ferjað [1728-424].*

### **Egg-1728-424**

**Hlutverk:** Ferja

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Hrossatangi heitir lítill tangi sem liggur norður-suður út í Héraðsvötnin, 1,7km SSA frá Egg. Frá Hrossatanga var ferjað yfir Héraðsvötnin en enginn mannvirki eru þarna sjáanleg.

### **Aðrar upplýsingar**

Í Örnefnaskrá segir: „Hrossatangi, þar sem eylandið og nesið mætast á móti Ytri-Húsabakka. Þar var ferjað áður yfir Héraðsvötnin, og dregur það nafn af ferðamannahrossum.“ (Egg-Örnefnaskrá, bls. 1).



Mynd 220. Grjóthrúga [1728-425]. Horft er til norðvesturs.

af mannavöldum en óvíst hvert hlutverkið er. Þetta virðist ekki vera hrunin varða. Mesta hæð er 20cm. Óvíst er hvort um fornleifar er að ræða.

#### **Egg-1728-425**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Um 300m norðaustur af bæ á Egg er klapparholt, sunnan heimreiðar og er það umlukið túnum. Á holtinu eru tvær grjóthrúgur með 20m millibili.

#### **Lýsing**

Nyrðri hrúgan er 1x1,5m að utanmáli og 20cm há. Hrúgan virðist vera þarna



Mynd 221. Grjóthrúga [1728-426]. Horft er til norðvesturs.

af mannavöldum en óvíst hvert hlutverkið er. Þetta virðist ekki vera hrunin varða. Mesta hæð er 20cm. Óvíst er hvort um fornleifar er að ræða.

#### **Egg-1728-426**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Um 300m norðaustur af bæ á Egg er klapparholt, sunnan heimreiðar og er það umlukið túnum. Á holtinu eru tvær grjóthrúgur með 20m millibili.

#### **Lýsing**

Syðri hrúgan er með heldur stærra grjóti en sú nyrðri en inn á milli er

#### **Egg-1728-427**

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í *Jarðabókinni* 1713 er getið um: „Selstöðu í heimalandi, hefur ei brúkast um langan tíma.“ (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 58). Ekki er vitað hvar þetta sel var en að líkindum er það ekki hið sama og Eggjarsel því Egg fékk ekki ítök í Borgareyju fyrr en á 19. öld (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 119).



*Mynd 222. Bæjarhóllinn [1728-428] á Rein ofarlega fyrir miðri mynd. Horft er til suðausturs.*

### **Egg-1728-428**

**Sérheiti:** Rein

**Hlutverk:** Híbýli, bæjarhóll

**Tegund:** Hóll

### **Staðhættir**

Gamli bærinn stóð norðvestan við svonefnda Reinarklöpp, syðst og austast í túninu.

### **Lýsing**

Búið er að rífa bæinn og slétta þarna tún og sést ekkert eftir af bæjartóftinni. Gróðurbreytingar sjást á loftmynd þar sem gamli bærinn stóð og var hann hnitsettur eftir myndinni. Gera má ráð fyrir allt að 30m skekkju.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* (V. bindi, bls. 97-98) segir: „Túna og bæjarstæði er vestan í lágum móaási sem liggur á milli Stekkjarborgar að norðan og Reinarklappar að sunnan. Standa víða klappir upp úr mólendi ássins sem rís í suðurenda upp í svonefnda Reinarklöpp. Bærinn stóð norðan og lítið eitt vestan undir klöppinni.“ Á bls. 99 er lýsing á gamla torfbænum eftir Jónínu Sigurðardóttur frá Egg: „Hann sneri stöfnum til vesturs, frekar lítill en ekki venjulegur burstabær. Það voru bara bæjardyr og skáli sunnan við sem voru með timburstafni og gluggum

móti vestri. Svo var búr og geymsla en austast svokallað Hús. Þar var eldavélin inni og soðinn maturinn og þar var rúmið hjónanna af því að þarna var hlýtt. Í Húsinu var timburgólf og þrep niður úr þessu Húsi fram í göngin. Þetta var ekki óþokkalegur bær og ekki svo lítið pláss en skrítið að það voru engir suðurgluggar á bænum.“. Túnið var sléttað með jarðýtu upp úr 1950 og var heyjað fram yfir 1970 (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 99-100).



Mynd 223. Yfirlitsmynd af minjum í túninu á Rein.

#### Egg-1728-429

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Norðan við Reinarklöpp og sunnan við gamla bæjarstæðið [1728-428] á Rein er eru tvær vegghleðslur úr grjóti.

**Lýsing**

Hleðslurnar eru tvær og liggja báðar austur-vestur og eru 10m langar og líklega hluti af sama mannvirki. Þær eru grónar en sér í grjót, mest þrjár raðir sem eru 10-70cm háar og um 50cm á breidd. Hlutverk er óþekkt en líklegt að þær tengist bænum eða bæjarhólnum.

#### Egg-1728-430

**Hlutverk:** Fjós

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Á túnakorti er merkt útihús beint norður af bænum og annað útihús er tæpa 40m suðvestan við hann.

**Lýsing**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V*. bindi (bls. 98) segir að fjóskofi hafi verið skammt vestan bæjarins. Minjar á bæjarstæðinu eru horfnar og að líkindum fjósið þar með. Líklega verður að teljast að fjósið sé það hús sem er merkt norðan við bæinn á túnakorti þótt það stangist á við lýsinguna í byggðasögunni. Fjósið var hnitsett eftir túnakorti og má gera ráð fyrir allt að 30m skekkju.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V*. bindi segir: „Fjánhúsin voru yst og austast í túninu en fjóskofi skammt vestan bæjarins.“ (bls. 98). Á bls. 99 í sömu bók er lýsing Jónínu Sigurðardóttur frá

Egg: „Fjánhúsin voru útfrá, yst og austast í túninu. Fjósið var held ég skammt neðan við bæinn og hesthús var líka á túninu.“



*Mynd 224. Aðalfjánhúsin [1728-431] voru nyrst í túni. Horft er til norðausturs.*

### **Egg-1728-431**

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Nyrst í túninu á Rein eru tvennar útihúsatóftir og eru um 15m á milli þeirra. Nyrðri tóftin stóð utan við gamla túnið en syðri tóftin [1728-432] var alveg nyrst í því.

#### **Lýsing**

Nyrðri tóftin er fjárhústóft, 10x13m að utanmáli, dyr hafa snúið til vesturs og hlaða eða heytóft verið austan við húsin, mögulega tvískipt. Til norðurs eru fjánhús með garða og tveimur króm en stök kró er þar sunnan við. Garðinn er grjóthlaðinn og grjóthleðslur sjást greinilega neðst í veggjum en torfið sem hefur verið þar ofan við er horfið. Veggir eru 30-50cm háir og m 120cm breiðir.



### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi (bls. 99-100) segir: „Fjánhúsin voru yst og austast í túninu en fjóskofi skammt vestan bæjarins.“ (...) „Aðalfjánhúsin (65°38'870/19°27'618) voru yst og austast í túninu. Tvöföld hús með fjórum króm og hafa tekið um 80 kindur.“ Aðeins önnur húsin eru merkt á túnakorti frá 1918 sem bendir til að önnur húsin hafi annaðhvort verið fallin úr notkun eða ekki verið búið að byggja þau. Árið 2016 voru teknir borkjarnar og könnunarskurðir í túnið á Rein og var sú rannsókn hluti af stærri rannsókn sem nefnist Skagafjörður Church and Settlement Survey (SCASS). Í áfangaskýrslu sem kom út í marsmánuði 2017 eru birtar niðurstöður frá Rein. Niðurstöður úr borkjarnarannsókn sýndu að byggingin er reist eftir 1766 (Bolender o.fl. 2017, bls. 18) og er hún því frá seinna búsetuskeiði á Rein.



*Mynd 225. Útihústóft [1728-432]. Horft er til norðvesturs heim að bæ á Egg.*

### Egg-1728-432

**Hlutverk:** Fjánhús, hesthús, óþekkt

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir

Nyrst í túninu á Rein eru tvennar útihúsatóftir og eru um 15m á milli þeirra. Nyrðri tóftin [1728-431] stóð utan við gamla túnið en syðri tóftin var alveg nyrst í því.

## Lýsing

Syðri tóftin er ógreinilegri en sú nyrðri [1728-431] og erfitt var að átta sig á veggjaskipan. Húsin virðast hafa verið tví- eða þrískipt, með dyr til vesturs og mögulega hefur verið hlaða eða heytóft austan við. Veggir eru 10-20cm háir og um metri á breidd. Tóftin er grasi gróin en sést í grjót í vegghleðslum á nokkrum stöðum. Hlutverk er óþekkt en heimildir eru um bæði fjárhús og hesthús í túninu.

## Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi (bls. 99-100) segir: „Fjárhúsin voru yst og austast í túninu en fjóskofi skammt vestan bæjarins.“ (...) „Aðalfjárhúsin (65°38'870/19°27'618) voru yst og austast í túninu. Tvöföld hús með fjórum króm og hafa tekið um 80 kindur.“ Í sömu bók er lýsing á húsum á Rein eftir Jónínu Sigurðardóttur frá Egg: „Fjárhúsin voru útfrá, yst og austast í túninu. Fjósið var held ég skammt neðan við bæinn og hesthús var líka á túninu.“ (bls. 99). Aðeins eitt útihús er merkt í norðurhluta túnsins á túnakorti frá 1918 sem bendir til að önnur húsin hafi annaðhvort verið fallin úr notkun eða ekki verið búið að byggja þau þegar túnið var mælt. Hlutverk er því óljóst en hugsanlega er þarna komið hesthúsið sem Jónína nefnir í lýsingu sinni. Það gæti einnig hafa verið sunnar í túninu, [sjá 1728-434]. Það er jafnframt hugsanlegt að hesthústóftin sé horfin af yfirborði. Árið 2016 voru teknir borkjarnar og könnunarskurðir í túnið á Rein og var sú rannsókn hluti af stærri rannsókn sem nefnist Skagafjörður Church and Settlement Survey (SCASS). Í áfangaskýrslu sem kom út í marsmánuði 2017 eru birtar niðurstöður frá Rein. Niðurstöður úr borkjarnarannsókn sýndu að byggingin er reist eftir 1766 (Bolender o.fl. 2017, bls. 18) og er hún því frá seinna búsetuskeiði á Rein.

## Egg-1728-433

**Sérheiti:** Rein

**Hlutverk:** Bæjarhóll, híbýli

**Tegund:** Hóll

## Staðhættir

Vestan við túnið á Rein er mýri og hallar túninu ofan að henni. Þarna í hallanum, rúmlega 60m vestur af Reinarborg er hóll.

## Lýsing

Hóllinn er 17x20m að þvermáli og er um 1m hár til norðurs og suðurs en eilítið hærri til austurs. Hann er sléttur að ofan og engar byggingaleifar greinanlegar en útlit hans bendir til að þarna hafi staðið byggingar.

## Aðrar upplýsingar

Árið 2016 voru teknir borkjarnar og könnunarskurðir í túnið á Rein og var sú rannsókn hluti af stærri rannsókn sem nefnist Skagafjörður Church and Settlement Survey (SCASS). Í áfangaskýrslu sem kom út í marsmánuði 2017 eru birtar niðurstöður frá Rein (Bolender o.fl.

2017, bls. 19-20). Hóllinn reyndist vera bæjarhóll frá eldra búsetuskeiði á Rein og greinileg búseta var þarna frá því eftir 950 og fram yfir 1300. Greinileg uppsöfnun mannvistarleifa er eftir árið 1300 (Bolender o.fl. 2017, bls. 16).

#### **Egg-1728-434**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hóll

#### **Staðhættir**

Á hól í túninu á Rein, um 30m vestur af Reinarborg er þúst með grjóti og út frá henni virðist vera vegghleðsla.

#### **Lýsing**

Þústin er grasi gróin og á henni grjót sem líklega er úr útihúsi [1728-435] sem stóð á þessum stað þegar túnið var mælt árið 1918. Þarna hafa þó verið byggingar frá því fyrir 1104 og fundust bæði torf og mannvistarleifar í borkjörnum sem voru teknir sumarið 2016 (Bolender o.fl. 2017.)

#### **Aðrar upplýsingar**

Árið 2016 voru teknir borkjarnar og könnunarskurðir í túnið á Rein og var sú rannsókn hluti af stærri rannsókn sem nefnist Skagafjörður Church and Settlement Survey (SCASS). Í áfangaskýrslu sem kom út í marsmánuði 2017 eru birtar niðurstöður frá Rein. Á hólnum og umhverfis hann fundust mannvistarleifar og torf frá eldra búsetuskeiði á Rein eða frá því eftir árið 950 og fram yfir 1300 (Bolender o.fl. 2017, bls. 19-20).

#### **Egg-1728-435**

**Hlutverk:** Útihús, hesthús

**Tegund:** Hleðsla, þúst, grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Á hól í túninu á Rein, um 30m vestur af Reinarborg er þúst með grjóti og út frá henni virðist vera vegghleðsla.

#### **Lýsing**

Þústin er grasi gróin og á henni grjót. Hún er 40-50cm há og 4x5m að utanmáli. Vegghleðsla, úr grjóti, virðist liggja til suðvesturs frá hrúgunni og er hún um 6m löng og 20-30cm há. Hlutverk er óljóst en við rannsókn árið 2016 fannst torf og aðrar mannvistarleifar frá því um árið 1000 (950-1000) og fram yfir 1300 (Bolender o.fl., bls. 19).

#### **Aðrar upplýsingar**

Á túnakorti af Rein frá 1918 er merkt útihús á þessum stað og verður að teljast líklegt að grjótið og hleðslan séu leifar af því. Mannvistarleifar og torf komu í ljós við rannsókn árið 2016 og ljóst að þarna hafa verið mannvirki á báðum byggingarskeiðum á Rein. Hlutverk er óþekkt að öðru

leyti en að þarna stóð útihús en í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi er lýsing á húsum á Rein eftir Jónínu Sigurðardóttur frá Egg: „Fjárhúsin voru útfrá, yst og austast í túninu. Fjósið var held ég skammt neðan við bæinn og hesthús var líka á túninu.“ (bls. 99). Mögulega hefur staðið þarna hesthús en það gæti einnig hafa staðið í norðausturhorni túnsins, þar sem tóft [sjá 1728-432] er. Eins er möguleiki á að hesthústóftin sé horfin af yfirborði.

### **Egg-1728-436**

**Hlutverk:** Óþekkt, girðing

**Tegund:** Hleðsla

### **Staðhættir**

Norðvestan við túnið á Rein, rétt um 180m norðvestur frá Reinarborg er þýfður hóll og á honum hleðsla.

### **Lýsing**

Hleðslan liggur nálega norður-suður og er um 10m löng og virðist beygja til vesturs við suðurendann. Hún er 20-30cm há og 60cm breið. Engar aðrar hleðslur eru sjáanlegar á hólnum og hlutverk er óvíst. Hugsanlega hefur verið hlaðið þarna undir girðingu, en hleðslan endar við útmörk túnsins eins það var eftir miðja 20. öld.



*Mynd 226. Túngarðurinn á Rein. Horft er til suðvesturs.*

**Egg-1728-437****Hlutverk:** Túngarður**Tegund:** Garðlag**Staðhættir**

Túngarður er ennþá meðfram suðurjaðri gamla túnsins á Rein. Hann liggur frá Reinarklöpp til suðvesturs og nær að mýrinni sem er vestan gamla túnsins.

**Lýsing**

Garðurinn liggur frá norðaustri til suðvesturs og er í heild 85m langur. Hann er vel greinilegur, 20-60cm háir og mest um 2m á breidd. Garðurinn er grasi og mosa gróinn en sér í grjóti í hleðslum á nokkrum stöðum. Hann er nokkuð mikið hruninn og rofinn á að minnsta kosti tveimur stöðum.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Voldugur túngarður liggur suðvestur frá Reinarklöpp vestur og niður að mýrinni. Víðar sést hann ekki.“ (bls. 99). Árið 2016 voru teknir borkjarnar og könnunarskurðir í túnið á Rein og var sú rannsókn hluti af stærri rannsókn sem nefnist Skagafjörður Church and Settlement Survey (SCASS). Í áfangaskýrslu sem kom út í marsmánuði 2017 eru birtar niðurstöður frá Rein (Bolender o.fl. 2017). Í skýrslunni (bls. 18) kemur fram að gjóska úr Heklu frá 1104 hafi verið áberandi í torfi þar sem túngarðurinn er greinilegur, meðfram suður jaðri túnsins. En einnig fannst torf í jörðu meðfram norðurbrún gamla túnsins. Torfið var ekki samskonar og í garðinum sem er sunnan túns og því mögulega um eldri garð að ræða.

**Egg-1728-438****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Rétt utan við túnjaðarinn á Rein, austan undir norðurenda Reinarborgar, er tóft.

**Lýsing**

Umhverfi tóftarinnar er þýft en hún er samt vel greinileg, algróin grasi og mosa. Veggir eru svolítið hrundir, 30-40cm háir og 120cm breiðir. Tóftin snýr austur-vestur, er 5x6m að utanmáli og dyr hafa verið til austurs.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Lítill kofatóft er í þúfunum norðaustur af klöppinni (65°38'808/19°27'442), fornleg mjög.“ (bls. 99).



Mynd 227. Tóft/niðurgröftur [1728-439]. Horft er til norðausturs.

**Egg-1728-439**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft, niðurgröftur

**Staðhættir**

Um 15m NNA af Reinarborg er niðurgröftur eða tóft.

**Lýsing**

Niðurgröfturinn er rúmlega 2,5m í þvermál og um 50cm djúpur. Utan um hann virðast vera allt að 1,5m þykkir veggir sem eru mest 20cm háir. Niðurgröfturinn/tóftin liggur austur

undir smá bakka, sem er vesturveggur tóftarinnar.



Mynd 228. Garðlag [1728-440]. Horft er til norðausturs.

**Egg-1728-440**

**Hlutverk:** Óþekkt, matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Um 25m beint norður af Reinarborg og norðaustur af gamla bæjarstæðinu er garðlag sem liggur upp undir lágum bakka eða brekku.

**Lýsing**

Garðlagið liggur austan undir brekku og er 4,5x5m að innanmáli og brekkan nýtt

sem afmörkun til vesturs. Garðlagið er 20-60cm hátt, hærra að utan en innan og um 50cm breitt. Það er algróið grasi. Hlutverk er óvíst en mögulega hefur verið þarna matjurtagarður.



Mynd 229. Matjurtagarður [1728-441]. Horft er til suðurs.

### **Egg-1728-441**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

### **Staðhættir**

Tæplega 15m suðaustur af Reinarborg, beint suðaustur af túngarðinum er ferhyrnt garðlag sem hefur verið utan um matjurtagarð.

### **Lýsing**

Garðlagið er um 10x11m að utanmáli, það er algróið grasi en sér í nokkur grjót í utanverðri hleðslunni. Veggir eru nokkuð stæðilegir, 30-60cm háir og um metri þar sem þeir eru breiðastir.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Sunnan undir klöppinni er ferkantaður matjurtagarður (65°38′785/19°27′444), u.þ.b. 7x8m að innanmáli.“ (bls. 99). Á túnakorti Reinar frá 1918 segir að matjurtagarðar séu 234 flatarstikur.

**Egg-1728-442****Hlutverk:** Kvíar**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Sunnan við túngarðinn [1728-437] og 45m suðvestur af Reinarborg er aflöng tóft, líklega kvíar.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er 3x8m að utanmáli. Hlið hefur verið á suðausturhorni. Veggir eru algrónir grasi og mosa og mikill gróður var umhverfis tóftina þegar skráð var. Veggir eru 30-50cm háir og tæpur metri á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Kvíar, um 7 metra langar, (65°38'770/19°27'490) eru í mónum suðvestur frá klöppinni, skammt sunnan við garðinn.“ (bls. 99). Árið 2016 voru teknir borkjarnar og könnunarskurðir í túnið á Rein og var sú rannsókn hluti af stærri rannsókn sem nefnist Skagafjörður Church and Settlement Survey (SCASS). Í áfangaskýrslu sem kom út í marsmánuði 2017 eru birtar niðurstöður frá Rein (Bolender o.fl. 2017). Niðurstöður borkjarnarannsókna eru þær að tóftin er frá því eftir 1766 (bls. 18) og er því að líkindum frá seinna byggingarskeiði á Rein.

**Egg-1728-443****Hlutverk:** Óþekkt, rétt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Sunnan við túngarðinn [1728-437] og 55m suðvestur af Reinarborg er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr NNV-SSA og hefur líklega verið um 4x5,5m að utanmáli en vesturveggur er nánast horfinn og því ekki hægt að fullyrða um stærð eða útlit tóftar. Veggir eru 20-30cm háir og tæpur metri á breidd. Tóftin er grasi gróin, þýfð að innan og þar liggur grjót sem gæti verið úr hleðslum. Við suðausturhorn tóftar og vestan við hana er klöpp.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi (bls. 99) segir: „Kvíar, um 7 metra langar, (65°38'770/19°27'490) eru í mónum suðvestur frá klöppinni, skammt sunnan við garðinn. Fáeinum metrum vestar, uppi á grónum klapparhóli, er ferköntuð tóft (65°38'767/19°27'506).“



Mynd 230. Lengst til vinstri á myndinni er þúfnakragi og umhverfis hann nokkrir steinar. Þarna er mögulegt að vatnsbólið [1728-444] hafi verið áður en mýrin var framræst. Horft er til norðvesturs.

### **Egg-1728-444**

**Hlutverk:** Vatnsból

**Tegund:** Þurr uppspretta?

**Hættumat:** Brunnurinn er í jaðri skurðar

### **Staðhættir**

Vestan við túnið var mýri, nefnd Reinarsund

(Örnefnaskrá Reinar, bls. 1) sem hefur nýlega verið framræst.

### **Lýsing**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Uppspretta er vestur í mýrarjaðrinum, neðan við túnið. Þar var vatnsbólið (65°38'774/19°27'583).“ (bls. 99). Mýrin hefur nýlega verið framræst og þarna var þurrt land þegar skráning fór fram sumarið 2016. Uppspretta fannst ekki við skráningu en á austurbakka austasta skurðarins var smá þýft svæði með nokkuð af steinum og þar gæti uppsprettan hafa verið.





*Mynd 231. Stekkjartóft [1728-445] sunnan undir Stekkjarborg. Horft er til suðurs.*

### **Egg-1728-445**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Á um metersháum grasi grónum hól, sunnan undir Stekkjarborg og um 210m norður af túninu á Rein, er tóft, líklega stekkjartóft.

### **Lýsing**

Tóftin er grasi gróin og veggir fremur ógreinilegir en tóftin virðist tvískipt. Veggir eru 130cm háir og um metri á breidd. Tóftin virðist líklega vera stekkjartóft og hefur þá réttin verið til suðurs en króin til norðurs. Hlið hefur verið á réttinni til austurs og mögulega á krónni til norðurs.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Reinarstekkurinn (65°38'984/19°27'618) er undir suðurenda Stekkjarborgar, um 400 m norðan við bæjarstæði Reinar. Lítið mannvirki á litlum tóftahóli.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V, bls. 100).



*Mynd 232. Reinaborg séð úr SSV. Klettaborgin var talin huldufólksbústaður [1728-446] og var venjan að kveikja á kertum á borginni á gamlárskvöld ef veður leyfði.*

**Egg-1728-446**

**Sérheiti:** Reinaborg

**Hlutverk:** Huldufólksbústaður

**Tegund:** Heimild, klettur

**Staðhættir**

Reinaborg er klettaborg í suðausturhorni túnsins á Rein.

**Lýsing**

Borgin er 9x11m að ummáli og er að hluta gróin. Samkvæmt heimildum var borgin talin huldufólksbústaður eins og lýst er í örnefnaskrá Reinar (bls. 1) þar sem segir: „Reinaborg er klettaborg rétt fyrir sunnan og austan bæinn; var talið áður, að huldufólk byggi í henni, og var það siðvenja þá að kveikja á kertum og setja þau út í borgina á gamlárskvöld, ef kyrrt var veður.“

**Egg-1728-447**

**Sérheiti:** Móholt

**Hlutverk:** Mótekja

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Samkvæmt heimildum voru mógrafir í norðaustur af bænum á Rein en þar fundust engar mógrafir við skráningu. Hugsanlegt er að þær hafi horfið þegar grafnir voru þarna skurðir og landið þurrkað upp.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Móholt heitir í norðaustur frá bænum á Rein. Norðan í því voru grafir og mótekja Eggjar og Reinar.“ (bls. 100).

### **Egg-1728-448**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Nyrst á Stekkjarborg er smá hleðsla.

#### **Lýsing**

Hleðslan er fremur grjóthrúga en varða en greinilega manngerð. Hún er um 50cm há. Í heimildum er getið um gamalt vörðubrot norðan til á Stekkjarborg og er líklegt að þetta sé hún.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „(...) Úr vörðubroti gömlu norðan til á Stekkjarborginni beint austur í 2 steina neðan og norðan til á Stóruborginni.“ (bls. 99).



*Mynd 233. Hleðsla [1728-448] nyrst á Stekkjarborg. Horft er til VSV og sjást bæjarhúsin á Egg í baksýn.*

### **Egg-1728-449**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Um það bil fyrir miðja Stekkjarborg, austan megin er smá hrúga af grjóti.

#### **Lýsing**

Grjóthrúgan sem virðist vera manngerð er mögulega hrunin varða. Hún er mest um 40cm há.



*Mynd 234. Grjóthrúga [1728-449] á miðri Stekkjarborg. Horft er til vesturs og sjást bæjarhúsin á Egg í baksýn.*



*Mynd 235. Mótóft [1728-450]. Horft er til norðausturs.*

grennd áður en mýrin var ræst fram.

### **Egg-1728-450**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Þúst

### **Staðhættir**

Nyrst á klapparholti, 240m norðaustur af Rein, er þúst sem líklega er mótóft.

### **Lýsing**

Þústin er 30cm há, 1,5x2m að utanmáli og sker sig nokkuð úr umhverfinu. Líklegt er að þústin sé mótóft en mógrafir voru þarna í

## **Egg-samantekt**

Egg og Rein eru syðstu jarðir á Hegrnesi að Eyhildarholti undanskildu, en það á bláendann á nesinu. Rein var hjáleiga frá Egg og túnið í Rein er 600m suðaustur frá bæjarstæðinu á Egg. Rein var í byggð til 1931. Gamli bærinn á Egg [1728-381] var norðan við núverandi íbúðarhús og sér ekkert af honum nema smá dæld þar sem kjallarinn var. Fjósið var við bæinn [1728-382] en önnur útihús voru bæði norðan og sunnan við og ekkert sér eftir af þeim nema smá dældir þar sem húsin stóðu [1728-385, 386, 387 og 388]. Á bæjarstæðinu, sunnan við núverandi fjós, eru hleðslur og steinar í röð [1728-389] með stuttu millibili og virðast vera byggingaleifar. Norðvestan við fjósið eru leifar matjurtagarðs [1728-393] og annar er í brekku austur undan bænum [1728-394]. Suðvestan bæjar eru leifar túngarðs [1728-395] og nyrst á Húsaborginni sem er suður af bæ er þúst [1728-399] sem virðist manngerð. Tóft [1728-397] og garðbrot [1728-398] eru suðaustur af bænum en hlutverk þeirra er ekki þekkt. Getið er um tvo brunna í heimildum sem ekki er vitað hvar voru en einn brunnur [1728-390] er suðaustan við bæ og var notaður þar til borað var eftir vatni, en aðgengi að vatni var ekki gott á Egg eins og víða í Hegrnesi.

Á Vatnabökkunum, vestur og norðvestur af bæ, voru engin og þar eru enn ummerki eftir fjölda handgrafinna áveituskurða og garðlaga [1728-411-416]. Þetta svæði er í dag allt véltækt og slegið. Norður af bænum er klettaborg og nyrst á henni varða [1728-409] og steinalögn [1728-410] með óþekktu hlutverki. Lítil klettaborg er í túnunum norðvestur af bæ og þar eru tvær grjóthrúgur [1728-425 og 426], líklega mannaverk en hlutverk er óþekkt.

Hjáleigan Minni-Egg var sunnan við Húsaborgina sem er suður af bæ á Egg. Þar var til forna bæjarstæði og þar er lítill bæjarhóll [1728-400] og skammt frá honum tóft [1728-401].

Niðurstöður borkjarnarannsókna benda til að búseta hafi aðeins verið um stuttan tíma á Minni-Egg á 10. – og 11. öld (Kathryn Catlin o.fl., 2018). Tveir túngarðar [1728-403 og 404] eru um túnið og á milli þeirra er tóft [1728-402]. Í norðvesturhorni túnsins er stekkjartóft [1728-405]. Vestan við túnið er smá niðurgrafið svæði og er hugsanlegt að þar hafi verið tekið torf [1728-406]. Austur af Minni-Egg eru tvær stæðilegar vörður [1728-407 og 408] sem hafa staðið sem kennimerki við leiðina suður að ferjustaðnum [1728-424] á Hrossatanga, til móts við Ytri-Húsabakka. Norður af tanganum er stekkjartóft [1728-422] og við hana garðlag eða skurður [1728-423]. Það var einnig heyjað upp af austurbakka Héraðsvatna og þar eru nokkur heystæði [1728-417-421] til vitnis um engjaheyskapinn.

Túnið á Rein liggur í brekku mót vestri og í og við það eru tóftir útihúsa, kvía, og matjurtagarða auk smá þústa og kofatófta. Sléttað hefur verið úr sjálfri bæjartóftinni [1728-428] sem var efst og syðst í túni en hleðslur eru syðst á hólnum [1728-429]. Meðfram túninu að sunnan eru leifar túngarðsins [1728-437] sem að öðru leyti hefur verið sléttað yfir. Neðst í túni, beint niður eða vestur af bæjarstæðinu er eldri bæjarhóll [1728-433] og benda niðurstöður SCASS rannsóknarinnar til þess að hann hafi verið komin í byggð eftir 950 og þarna hafi verið búið fram yfir 1300. Í suðausturhorni túnsins er smá klettur, Reinarborg, sem sagður er vera huldufólksbústaður [1728-446]. Brunnurinn á Rein var í mýrinni vestan við túnið [1728-444]. Fast sunnan við túngarðinn eru tvær tóftir [1728-443 og 442] og er sú síðarnefnda líklega kvíar. Suður af Reinarborg er matjurtagarður [1728-441] og norður af borginni eru tóftir og garðlög [1728-438, 439 og 440]. Tvær fjárhústóftir [1728-431 og 432] eru nyrst í túni og er nyrðri tóftin af aðalfjárhúsunum frá síðasta búsetuskeiði á Rein. Vestur af Reinarborg er hóll og á honum stóðu útihús [1728-435] sem merkt eru á túnakort frá 1918 en eingöngu sjást smá þústir og grjót. Þau eru byggð á eldri minjum [1728-434]. Fast norðvestur af túninu er hleðsla [1728-436], hugsanlega undan girðingu.

Norður af túninu á Rein er stekkjartóft [1728-445], sunnan undir svonefndri Stekkjarborg og austur af henni, handan mýrarsunds, er mótóft [1728-450]. Þarna er heimild um mótekju [1728-447] en ummerki um mógrafir hafa líklega horfði við framræslu. Nyrst á stekkjARBorginni er smá varða [1728-448] og sunnar grjóthleðsla [1728-445].

Á Borgareyju sem tilheyrir Eyhildarholti er selstaða frá Egg sem heitir Eggjarsel og verður fjallað um hana með Eyhildarholti. Búið var á selinu á árabílinu 1875-1907 en eyjan var eftir það nytjuð frá Egg þar til hún komst undir Eyhildarholt.

Ferjustaður var á Hrossanestanga í landi Eggjar og lá leið [1728-735] frá honum og norður og norðaustur að Hendilkotsvatni í gegnum land Eggjar. Miðvegur [1728-728] liggur í gegnum land Eggjar, en hann lá frá Eyhildarholti og að minnsta kosti norður að Vatnskoti, en það var ein af aðalleiðum um Hegranesið og lá eftir því miðju eins og nafnið gefur til kynna. Þriðja leiðin í Eggjarlandi var Bakkavegur [1728-729] en hann lá frá Eyhildarholti og að ferjustað á Ási og áfram að Utanverðunesi. Hann er ein af aðalleiðum um Hegranesið.

## Keta

### Söguágrip

Keta var í eigu Reynistaðaklausturs og er fyrst getið í reikningi klaustursins frá 1446.<sup>59</sup> Jörðin var í ríkiseigu til 1915.<sup>60</sup> Jörðin var að fornu metin á 20 hundruð og tíundaðist presti og fátækum segir í *Jarðabókinni* 1713. Landskuld hafði þá verið 60 álnir s.l. sex ár en áður hafði jörðin verið í eyði í tvö ár. Torfrista og stunga eru sögð svo lök að heytorf þurfi að fá af næstu bæjum. Reiðing þurfti að kaupa og móskurður brúkaðist ekki en hafði verið þar áður. Vatnsból er þó sagt gott.<sup>61</sup>

Í V. bindi *Byggðasögðu Skagafjarðar* (bls. 95) er birt frásögn fyrrum bónda sem fæddist í Ketu árið 1923 og ólst þar upp. Þar segir hann meðal annars frá því að í Ketu sjáist enginn gamall túngarður eða fornar minjar. Hann getur þess að jörðin sé landlítill, túnið þýft og að heimreiðin hafi upphaflega legið þar í gegn. Lítið eða ekkert var heyjað austur á mýrunum austan bæjar en engjaheyskapur var sóttur í Húsabakkaflóa og var heyið flutt heim á sleða á veturna. Hlunnindi sagði hann nánast engin af veiði en mótak var ágætt í sundinu sunnan við Bæjarásinn, en þar voru að vísu 3-4 stungur ofan á móinn.

---

<sup>59</sup> Íslenskt fornbréfasafn IV, 701-2.

<sup>60</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bls. 93.

<sup>61</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, IX. bindni, bls. 67.

## Fornleifaskráning



Mynd 236. Gamli bærinn [1728-451] á Ketu stóð hægra megin við hvíta íbúðarhúsið á myndinni. Öskuhaugurinn [1728-453] var vestan við bæ og sjást útlínur bæjarhólsins [1728-452] hægra megin heimreiðar.

### **Keta-1728-451**

**Sérheiti:** Keta

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Gamli bærinn stóð vestan og norðvestan við eldra íbúðarhúsið á Ketu (1937) þar sem nú er bílastæði og heimreið. Fjós og fjóshlaða voru áföst gamla bænum að austan. Þau stóðu beint norður af eldra íbúðarhúsinu (1937) þar sem nú er hlað.

### **Aðrar upplýsingar**

Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Gamli torfbærinn stóð rétt framan við eldra íbúðarhúsið, sem byggt var 1937. Má þar enn sjá hlaðvarpann vestan við heimveginn að bænum.“ (bls. 94-95).



### Keta-1728-452

**Sérheiti:** Keta

**Hlutverk:** Bæjarhóll

**Tegund:** Hóll (hólbrún)

### Staðhættir og lýsing

Gamli bærinn [1728-451] stóð vestan og norðvestan við eldra íbúðarhúsið á Ketu (1937) þar sem nú er bílastæði og heimreið og sést enn vesturendi hólsins í túni.

### Aðrar upplýsingar

Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Gamli torfbærinn stóð rétt framan við eldra íbúðarhúsið, sem byggt var 1937. Má þar enn sjá hlaðvarpann vestan við heimveginn að bænum.“ (bls. 94-95).



Mynd 237. Yfirlitsmynd af minjum á bæjarstæði Ketu. Ríp

### Keta-1728-453

**Sérheiti:** Keta

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Heimild, hóll

### **Staðhættir og lýsing**

Vestan við gamla íbúðarhúsið (1937) og heimreiðina á Ketu er gróinn hóll í túnjaðrinum, leifar gamla öskuhólsins. Tekinn var könnunarskurður í hólinn árið 2016. Í skurðinum voru þykk öskulög fyrir árið 1104 en lítil ummerki fundust um mannvist fyrir árið 1000 (Douglas Bolender o.fl., 2017). Hóllinn er um 7x20m að umfangi. Síðari tíma framkvæmdir eins og túnasléttun hafa raskað hólnum.

### **Aðrar upplýsingar**

Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Gamli torfbærinn stóð rétt framan við eldra íbúðarhúsið, sem byggt var 1937. Má þar enn sjá hlaðvarpann vestan við heimveginn að bænum.“ (bls. 94-95).

### **Keta-1728-454**

**Hlutverk:** Vatnsból

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Samkvæmt heimild var vatnsból í mýrinni norðvestur af bænum en búið er að ræsa þá mýri fram og gera að túnum að stórum hluta. Ekki var hægt að staðsetja vatnsbólið með viðunandi nákvæmni.

### **Aðrar upplýsingar**

Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Vatnsból jarðarinnar var fyrrum í mýri norðvestur frá bænum. Þar var uppsprettulind með góðu vatni og þar var mjólkin kæld fyrrum. Nær var brunnur í jaðri gamla túnsins, norðvestur frá gamla bænum.“ (bls. 95).



*Mynd 238. Steypt er utan um brunninn [1728-455] sem áður var girtur af með trévirki. Horft er til suðvesturs.*

### **Keta-1728-455**

**Hlutverk:** Lind

**Tegund:** Brunnur, steinsteypa

### **Staðhættir**

Rétt um 180m norðvestur af yngra íbúðarhúsinu á Ketu, í framræstu landi rétt norðan túna, er brunnur.

### **Lýsing**

Í dag er steypt utan um brunninn og er hann 2x2m að utanmáli og yfir metri á hæð. Áður var brunnurinn girtur af mér trévirki að sögn heimildamanns (munnl. heimild: Símon Traustason, 27.09.2016).

### **Aðrar upplýsingar**

Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Vatnsból jarðarinnar var fyrrum í mýri norðvestur frá bænum. Þar var uppsprettulind með góðu vatni og þar var mjólkín kæld fyrrum. Nær var brunnur í jaðri gamla túnsins, norðvestur frá gamla bænum. Lindin spilltist síðar þegar um 1300 lítrar af bensíni láku úr tanki heima við bæ og menguðu vatnið um langt skeið. Á tímabili var vatn fyrir gripina tekið úr dokk, sem heitir Tjarnarstæði, út á milli bæjanna Ketu og Hamars.“ (bls. 95).



Mynd 239. Sunnan við yngra íbúðarhúsið í Ketu er slétt tún en þar stóð áður Pálskofi sem var hesthús [1728-456].

### **Keta-1728-456**

**Sérheiti:** Pálskofi

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er merkt útihús syðst í túni. Húsið stóð í brekkunni sunnan við yngra íbúðarhúsið í Ketu.

### **Lýsing**

Búið er að rífa húsið og ekkert sér af því á yfirborði.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Rétt sunnan við bæinn er Bæjarhóll. Sunnan í honum er Pálskofabrekka.“ (Keta-Örnefnaskrá (2), bls. 1). Símon Traustason á Ketu svarar spurningum um örnefni: „Hvaðan dregur Pálskofabrekka nafn sitt? –Hún dregur nafn sitt af torfkofa sem notaður var sem hesthús og var í eigu Páls Björnssonar í Beingarði á fyrri hluta 20. aldar.“ (Keta, spurningar og svör, bls. 1).

**Keta-1728-457**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Á túnakorti frá 1918 er merktur matjurtagarður sunnan við gamla bæinn [1728-451]. Þarna er nú heimreið og garður og ekkert sér eftir af garðinum.

**Keta-1728-458**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 eru tvenn búpeningshús merkt við norðausturjaðar gamla túnsins og lá heimreiðin á milli þeirra. Austara húsið var um 80-90m norðaustur frá gamla bænum [1728-451].

**Lýsing**

Bæði húsin eru horfin en þarna er nú jaðar túns þess sem er norðan við bæjarstæðið í Ketu.

**Keta-1728-459**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 eru tvenn búpeningshús merkt við norðausturjaðar gamla túnsins og lá heimreiðin á milli þeirra. Austara húsið var um 90-100m NNA frá gamla bænum [1728-451].

**Lýsing**

Bæði húsin eru horfin en þarna er nú jaðar túns þess sem er norðan við bæjarstæðið í Ketu.

**Keta-1728-460**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 sést að heimreiðin lá annars vegar til norðausturs frá bænum og hins vegar til suðurs og er þar að minnsta kosti að hluta á sama stað og vegurinn sem liggur að minkahúsunum.

**Lýsing**

Gamla heimreiðin er að hluta komin í tún og liggur líklega að hluta undir vegi.



Mynd 240. Stekkjartóft [1728-461] undir Stekkjarklöpp. Horft til norðausturs.

### **Keta-1728-461**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Suður undir Stekkjarklöpp, um 410m ASA frá íbúðarhúsinu á Ketu, er stekkjartóft.

### **Lýsing**

Tóftin er hlaðin upp við klöpp sem er jafnframt norðausturveggur stekkjarsins. Grjóthrúga, hugsanlega hrunin vegghleðsla, er ofan á fyrrnefndri klöpp. Tóftin er 3x7,5m að utanmáli, veggir eru 20-30cm háir og tæpur metri á breidd. Þeir eru grjóthlaðnir en algrónir grasi og var erfitt að greina nákvæma lögun tóftar vegna mikils gróðurs. Lambakróin er til norðausturs og liggur nokkuð hærra en réttin.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Stekkurinn (65°39'297/19°26'862) er sunnan í Stekkjarklöppinni, aflangur og gamallegur og veggjatóftir óskýrar. Klöpp hefur verið notuð á eina hlið til að minnka veggjahleðslu.“ (bls. 96). Í örnefnaskrá segir: „Klöppin á merkjunum heitir Háaklöpp (rangt hjá M.J.) og ber vel yfir. Austur af henni er klapparholt, ekki mjög stór, sem heitir Stekkjarholt.“ (Örnefnaskrá Ketu (2), bls. 1). Í svörum Símonar Traustasonar á Ketu

við spurningum um örnefni í Ketulandi kemur fram að syðst á Stekkjarholti móti fyrir stekk (Keta. Spurningar og svör, bls. 1).

**Keta-1728-462**

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Samkvæmt heimildum var ágætt mótak í sundinu sunnan við Bæjarásinn sem er í túninu suður af bænum. Þarna er nú búið að ræsa fram land og breyta í tún og engar minjar sáust eftir mógrafirnar.

**Aðrar upplýsingar**

Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Mótak var ágætt í sundinu sunnan við Bæjarásinn, sem er í túninu suður frá bænum. Þarna var að vísu 3-4 stungur ofan á móinn, en hann var ágætur, einar 6-7 stungur niður. Þarna var búið að taka mikinn mó.“ (bls. 95).



*Mynd 241. Grjóthrúgur [1728-463], sunnanvert á klöpp. Horft er til norðausturs.*

**Keta-1728-463**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Grjóthrúga, steinalögn

**Staðhættir**

Sunnarlega á grónu holti, um 680m suðaustur frá yngra íbúðarhúsinu á Ketu, eru tvær samliggjandi grjóthrúgur eða steinalagnir.

**Lýsing**

Töluvert grjót er í hrúgunum en þær eru aflangar og ekki nema um 30cm háar þar sem þær eru hæstar. Nyrðri hrúgan er 2x4m að utanmáli en syðri hrúgan er 2,5x3,5m að utanmáli. Þær snúa báðar norðvestur-suðaustur. Hlutverk er óljóst en hrúgurnar virðast manngerðar.



*Mynd 242. Hleðsla [1728-464] nær aðeins út í Héraðsvötnin. Horft er til norðausturs.*

**Keta-1728-464**

**Hlutverk:** Óþekkt, netalögn

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Hætta vegna landbrots en minjarnar liggja út í Héraðsvötnin

**Staðhættir**

Við bakka Héraðsvatna, um 970m suðaustur frá bænum á Ketu er lág hleðsla út í vatnið, hugsanlega netalögn.



**Lýsing**

Hleðslan er um 8m á lengd og 130cm breið og liggur austur-vestur út í Héraðsvötnin. Mesta hæð er um 20-30cm

**Keta-1728-744**

**Hlutverk:** Óþekkt, áveita

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Á loftmynd frá 1956 [LI27-LI2-3961] sést garðlag á engjunum um 460m ASA af bæ.

**Lýsing**

Garðlagið er í nokkrum hlykkjum og liggur frá vestri til austurs og er alls um 545m á lengd. Það er í dag horfið undir tún. Líklegt verður að teljast að þetta sé áveitugarður en ekki er hægt að fullyrða það.

**Keta-1728-465**

**Sérheiti:** Þvottaklöpp

**Hlutverk:** Þurrkstaður

**Tegund:** Klöpp, heimild

**Staðhættir og lýsing**

Þvottaköpp heitir klettur í norðvesturhorni Ketulands, 130m ASA frá Hendilkotsvatni. Þar var þvotturinn þurrkaður eftir að hafa verið þveginn í Hendilkotsvatni.

**Aðrar upplýsingar**

Í Örnefnaskrá segir: „Þvottaklöpp er klettur utan og vestan við túnið, rétt við Hendilskotsvatn. Þvottur hefur verið breiddur á klöppina, þegar hann var skolaður í vatninu, og þá kom nafnið.“ (Keta-Örnefnaskrá (1), bls. 1).



*Mynd 243. Varða [1728-466] á Þvottaklöpp. Horft er til norðvesturs í átt að Hendilkotsvatni og sjást tún og útihús í Keldudal í baksýn.*

### **Keta-1728-466**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

### **Staðhættir og lýsing**

Þvottaklöpp heitir klettur í norðvesturhorni Ketulands, 130m ASA frá Hendilkotsvatni. Nyrst á klöppinni er 30cm há varða.

### **Keta-samantekt**

Keta er landminnsta jörðin í Hegranesi og liggur á milli Eggjar að vestan og suðvestan og Hamars að norðan. Ketuland nær frá Héraðsvötnum og upp að Hegranesvegi auk smá spildu norðvestan vegarins að Hendilkotsvatni. Það voru fáar minjar skráðar í landi Ketu sem skýrist líklega að mestu af stærð jarðarinnar og því að búið er að rækta mest allt land sem ræktanlegt er. Allar minjar eru horfnar af bæjarstæðinu en gamli bærinn [1728-451] stóð vestan og norðvestan við eldra íbúðarhúsið og vestan hans var öskuhaugurinn [1728-453]. Enn sér móta fyrir vesturbrún bæjarhólsins [1728-452]. Tvenn útihús voru norðaustan við bæ [1728-458 og 459], bæði horfin, og hesthús [1728-456] var í hallanum sunnan við yngra íbúðarhúsið og er

það einnig horfið. Heimreiðin lá annars vegar suður frá bænum á svipuðum stað og vegurinn að minkahúsunum og hins vegar til norðausturs og er horfin í tún. Brunnur [1728-455] er um 150m norðvestur af bæjarstæðinu og annar [1728-454] var í mýrinni norðvestur af bænum en hann er nú horfinn.

Stekkjartóft [1728-461] er suður undir Stekkjarholti um 400m austur af bænum. Af Héraðsvatnabakkanum liggur hleðsla [1728-464] út í Vötnin, hugsanlega netalögn, en aðrar minjar fundust ekki á Vatnabökkunum en þar hefur mest allt land verið ræst fram. Sunnarlega á Stórholti, sem er rúma 670m suðaustur frá bæ, eru tvær grjóthrúgur [1728-463] en hlutverk þeirra er óljóst. Engin voru austan bæjar og niður að Héraðsvötnum en þau eru nú að mestu leyti komin undir tún. Á loftmynd frá 1956 sést það sem virðist vera garðlag sem hlykkjast frá austri til vesturs og gæti verði áveitugarður [1728-744]. Aðrir áveitugarðar eða skurðir sjást ekki á myndinni en þar sést landamerkjagarður milli Ketu og Hamars sem nú er horfinn [1728-490].

Vestan Hegranesvegur er þvottaklöppin og á henni var ullin þurrkuð [1728-463] en efst á klöppinni er einnig lítil varða [1728-464].

Tvær leiðir lágu í gegnum land Ketu, annars vegar kirkjuvegur að Ríp [1728-734] og hins vegar Bakkavegur [1728-729], ein af aðalleiðum um Hegranesið, og lá meðfram Héraðsvatnabökkum.

## Hamar

### Söguágrip

Hamar var hluti af stofnfé Reynistaðaklausturs árið 1295 og var eign klaustursins og konungs í meira en 600 ár og var ekki seld úr opinberri eigu fyrr en 1908.<sup>62</sup>

Að fornu var var jarðardýrleiki metin 20 hundruð og skyldi tíundast fátækum og presti. Landskuld hafði síðustu tólf árin verið 60 álnir en þar áður hundruð álnir.<sup>63</sup> Í *Jarðabókinni* 1713 segir að torfrista og stunga sé góð og mikil en reiðing þurfi að kaupa og mótak sé ekkert. Silungsveiðivon er í Hólmavatni en ekki er getið um veiði í Héraðsvötnum.<sup>64</sup> Í jarðamati 1849 er getið um selkópaveiði í Héraðsvötnum og segir að fjórir hólmar í Vötnunum séu slegnir en meðal þeirra var Landhólminn, aðalengi Hamars, en engin voru annars fyrst og fremst á flatlendinu austur af bæ.<sup>65</sup>

Getið er um fornbylið Hendilskot í *Jarðabókinni* 1713. Þar segir: „Hendilskot heitir hér fjárhússtæði. Þar eru sýnilegar byggingaleifar. Ekki hefur hér í manna minni byggt verið, meinast þrælsgerði, hér má og ekki byggð setja vegna landþrengsla og engjaleysis.“<sup>66</sup> Neðanmáls í Jarðatali Johnsen frá 1847 segir hann að prestur telji undir Hamri grashúsfólk (4 manns) en nefnir hann ekkert býli fyrir fólkið.<sup>67</sup> Niðurstöður rannsókna á Hendilskoti sýndu ummerki um mannvist um miðja 10. öld en varanleg búseta virðist hefjast seint á 10. öld eða snemma á þeirri 11. (Kathryn Catlin o.fl., 2018).

---

<sup>62</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V, 86.

<sup>63</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 66; Jarðatal Johnsen, 277.


<sup>64</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 66-67.

<sup>65</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V, 87.

<sup>66</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 67.

<sup>67</sup> Jarðatal Johnsen, 277.

## Fornleifaskráning



Mynd 244. Uppdráttur Hróbjarts Jónassonar af gamla torfbænum á Hamri [1728-467], sem rifinn var upp úr 1930.

### Hamar-1728-467

**Sérheiti:** Hamar

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild


### Staðhættir og lýsing

Torfbærinn á Hamri hefur staðið um aldir á núverandi bæjarstæði, á sama stað og íbúðarhúsið en náði bæði norður og vestur fyrir það.

### Aðrar upplýsingar

Árið 2014 var gerð neyðarrannsókn norðan við íbúðarhúsið þar sem til stóð að byggja bílskúr. Þar var fyrst komið niður á gólflog og veggj síðasta torfbæjarins en á norður- og norðvesturhluta svæðisins var komið niður á leifar eldri byggingarskeiða. Í skýrslu um rannsóknina segir „Ljóst er að bærinn hefur verið endurbyggður og honum haldið við um langt skeið á sama stað líkt og algengt var um torfbæi. Vegna rasks og seinni tíma framkvæmda voru skilin þó ekki allstaðar skýr á milli byggingarskeiða og þar sem rannsóknarsvæðið var mun umfangsminna en bæjarleifarnar fékkst ekki heildarmynd af bænum.“ (Guðmundur St. Sigurðarson, 2014, bls. 13). Undir gamla torfbænum fundust síðan minjar sem túlkaðar voru sem skáli með langeld, sem tímasettur var til tímabilsins eftir 1000 en fyrir 1100 (Guðmundur St. Sigurðarson, 2014, bls. 23). Fyrir frekari upplýsingar um rannsóknina er bent á skýrslu Guðmundar St. Sigurðarsonar frá 2014.

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Þegar Hróbjartur Jónasson fluttist í Hamar með fjölskyldu sinni vorið 1929 var þar fyrir torfbær, lélegur orðinn. Hann gekk fáeina metra suður og vestur fyrir núverandi íbúðarhús.“ (bls. 87). Þar segir einnig: „Bærinn á Hamri var gamall torfbær. Dyrnar sneru í austur út á bæjarhlaðið og framan við það allstór rófna eða matjurtagarður. Öskuhaugurinn var þar neðan við. (...) Þá ætla ég að rifja upp húsaskipan í gamla bænum. Eitt þil með fjögurra rúðu glugga vissi út á hlaðið. Það var skálinn sem var notaður sem geymsla. Í honum var moldargólf með einstökum hellum á stangli til að leggja eitthvað frá sér á. Inn í skálann var gengið til vinstri handar [af ganginum] en til hægri var gengið inn í mókompuna. Þar var eldiviðurinn geymdur, mór og sauðatað. Inn af mókompunni var hlóðældhús, allstór með eldstó (hlóðum) og allvíður strompur uppyfir þeim. Í rjáfriinu var reykt kjöt og silungur úr Vötnunum þegar vel veiddist. Allir veggir voru torfveggir um meters þykkir og moldargólf. Inn af hlóðældhúsinu var búið. Það var gluggalaust. Innar í ganginum til vinstri var eldhúsið. Í rjáfri þess var smágluggabora með tveimur rúðum, að mig minnir. Eldavélin var fyrir þeirra tíma eldsneyti, mó og sauðatað. Reykrörið frá henni var pott- eða járnör sem gekk upp í gegnum þekjuna og klætt með blikki í kringum það. Við austurvegginn var borð eða bekkur og rekki fyrir diska og hilla fyrir bollapör. Moldargólf sem einhverri lélegri sementsblöndu virtist einhvern tíma hafa verið klínt yfir. Úr eldhúsinu var innangengt í fjósið sem var sunnan undir bænum. Baðstofa sem var þrjú stafgólf, var svo inn af eldhúsinu. Hún var klædd í loftið með skarsúð en veggirnir með borðvið. Tveir þverbitar voru milli veggjanna. Ekki var lofthæðin meiri en það að meðalmaður þurfti að beygja sig við að ganga undir bitana. Gólfið í tveimur innri stafgólfunum var klætt með borðvið en það fremsta var moldargólf. Rúmbálkar voru meðfram veggjunum og gluggar með fjórum litlum rúðum. Annar á suðri en hinn á vesturhlið baðstofunnar.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar V.* bindi, bls. 88).



Mynd 245. Yfirlistmynd af minjum á bæjarstæði Hamars.

### **Hamar-1728-468**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Matjurtagarður mun hafa verið austan við bæjardyrnar og ofan við öskuhauginn. Þarna er nú hlaðið framan við íbúðarhúsið og garðurinn löngu horfinn. Garðurinn var staðsettur samkvæmt lýsingu í heimildum og má gera ráð fyrir allt að 10-15m skekkju. Þessi garður er ekki á túnakorti frá 1918 og því hugsanlega tilkominn eftir þann tíma.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Bærinn á Hamri var gamall torfbær. Dyrnar sneru í austur út á bæjarhlaðið og framan við það allstór rófna eða matjurtagarður. Öskuhaugurinn var þar neðan við.“ (bls. 88).



*Mynd 246. Búið er að ýta öskuhólnum [1728-469] út en hann stóð þarna á brekkubrúninni. Horft er til norðausturs.*

### **Hamar-1728-469**

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Öskuhaugurinn var norðaustan við gamla bæinn, um 15m frá norðvesturhorni núverandi íbúðarhúss, á mörkum heimreiðar og vesturjaðars túns.



### Lýsing

Að sögn heimildamanns var þarna svolíttill hóll sem búið er að ýta út og þarna er nú bara sléttur vegkantur og tún. Hóllinn mun hafa verið sléttaður á 7. eða 8. áratugnum (munnl. heimild, Sævar Einarsson, 31.07.2017). Öskuhaugurinn var staðsettur eftir ábendingu heimildamanns. Sú staðsetning passar við niðurstöður SCASS rannsóknarinnar frá 2017 (John Steinberg o.fl., 2017).

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Ofan við bæinn voru allmiklir hólar sumt af þeim gamlir öskuhaugar. (...) Bærinn á Hamri var gamall torfbær. Dyrnar sneru í austur út á bæjarhlaðið og framan við það allstór rófna eða matjurtagarður. Öskuhaugurinn var þar neðan við.“ (bls. 88).

### Hamar-1728-470

**Hlutverk:** Brunnur, brunnhús

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir og lýsing

Hlaðinn brunnur var þar sem nú er vegur framan (austan) við íbúðarhúsið. Hann var staðsettur eftir ábendingu heimildamanns sem mundi eftir brunnum sem notaður var fram yfir 1970 (munnl. heimild, Sævar Einarsson, 31.07.2017).

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Á hlaðinu, lítið eitt til hægri frá bæjardyrnum, var brunnurinn aðalvatnsból heimilisins. Brunnurinn var hringlaga, hlaðinn haganlega úr grjóti og mjókkaði aðeins niður, en var það víður að maður komst þar fyrir þegar brunnurinn var hreinsaður sem var gert á hverju vori. Ofan að vatninu voru 1-2 mannhæðir og því var slegið yfir hann kassa með loki og komið fyrir vindu til að hala vatnið upp í blikkfötu sem var látin síga niður á mjóum kaðli. Þessi brunnur var notaður öll fyrstu árin okkar á þennan hátt en fyrstu árin eftir að steinhúsið var byggt var vatninu dælt upp í kjallarann“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 88).

### Hamar-1728-471

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir og lýsing

Á túnakorti frá 1918 má sjá að heimreiðin lá fyrrum upp túnið, til suðvesturs frá bænum. Þarna er nú slétt tún og heimreiðin horfin. Hún var mæld og staðsett af túnakorti og má gera ráð fyrir einhverri skekkju.

**Hamar-1728-472****Hlutverk:** Stífla**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Í mýrinni neðan við bæinn var hlaðinn u.þ.b. metershár torfgarður þvert yfir til að gera uppistöðulón þegar snjóa leysti og hélst það fram eftir vorinu. Það var vinsælt af öndum sem við höfðum fyrstu árin. Þar spratt þróttmikið stargresi sem var slegið á eftir túninu.“ (bls. 89).

**Lýsing**

Þessi garður fannst ekki við skráningu og hefur hann líklega horfið við túnasléttun.

**Hamar-1728-473****Hlutverk:** Kartöflugeymsla, reykkofi**Tegund:** Dæld**Staðhættir**

Í túni, um 30m suðvestur af íbúðarhúsinu á Hamri, er dæld þar sem áður var kartöflugeymsla og síðar reykkofi.

**Lýsing**

Dældin er rétt um 3 metrar að þvermáli og 10-20cm djúp. Samkvæmt heimildamanni var þarna kartöflugeymsla úr torfi og síðar reykkofi (munnl. heimild, Sævar Einarsson, 31.07.2017).

**Hamar-1728-474****Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í túni, um 30m suðvestur af íbúðarhúsinu á Hamri, er dæld þar sem áður var kartöflugeymsla og síðar reykkofi. En þarna var líka matjurtagarður að sögn heimildamanns (munnl. heimild, Sævar Einarsson, 31.07.2017).

**Lýsing**

Matjurtagarðurinn er horfinn.

**Hamar-1728-475****Hlutverk:** Fjánhús, óþekkt**Staðhættir og lýsing**

Á túnakorti frá 1918 eru tvenn útihús merkt í suðvesturhorni gamla túnsins. Þarna er nú slétt tún og sáust engin ummerki um þessar byggingar á yfirborði við vettvangsskráningu. Annað

Þessara húsa er líklega það sem lýst er hér að neðan en óvíst hvort. Á loftmynd frá 1956 sjást hús í túninu og eru það líklega nyrðri húsin sem merkt eru á túnakortinu.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Af peningshúsum vorið 1929 má fyrst nefna fjárhúsin. Þau stóðu sunnan og ofan við bæinn. Þetta voru þrjú samstæð hús með garða og tveimur króm hvert og hafa líklega rúmað 40-45 kindum hvert, eða 120-140 fjár í allt. Dyrnar sneru í austur undan hallanum en bak við þau var heytóftin.“ (bls. 89).

#### **Hamar-1728-476**

**Hlutverk:** Fjárhús, óþekkt

#### **Staðhættir og lýsing**

Á túnakorti frá 1918 eru tvenn útihús merkt í suðvesturhorni gamla túnsins. Þarna er nú slétt tún og sáust engin ummerki um þessar byggingar á yfirborði við vettvangsskráningu. Annað þessara húsa er líklega það sem lýst er hér að neðan en óvíst hvort.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Af peningshúsum vorið 1929 má fyrst nefna fjárhúsin. Þau stóðu sunnan og ofan við bæinn. Þetta voru þrjú samstæð hús með garða og tveimur króm hvert og hafa líklega rúmað 40-45 kindum hvert, eða 120-140 fjár í allt. Dyrnar sneru í austur undan hallanum en bak við þau var heytóftin.“ (bls. 89).

#### **Hamar-1728-477**

**Sérheiti:** Hornhús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Hornhús voru fjárhús sem stóðu rúmlega 10m suður af bröggunum og suðaustan við olútank sem þar er (munnl. heimild, Sævar Einarsson, 31.07.2017), 60m norðvestur frá íbúðarhúsinu. Þarna er núna grasbali og vegslóði en húsin eru horfin og mundi heimildamaður ekki eftir þeim.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Þá var svokallað Hornhús á klöpp sunnan og vestan við Hamarinn. Það mun hafa rúmað 25-30 fjár og hafði Helgi afi það fyrir sínar kindur á meðan hann var á Hamri.“ (bls. 89).

#### **Hamar-1728-478**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Á loftmynd frá 1956 sjást útihús, 130m suðaustur frá íbúðarhúsinu, þar sem nú eru fjárhús og malarplan norður af þeim. Þessi hús virðast vera úr torfi en eru ekki merkt á túnakorti frá 1918 og því líklega byggð eftir þann tíma. Þessi hús eru löngu horfin.

#### **Hamar-1728-479**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Hamarinn heitir klettaborg um 120m norður af bænum á Hamri. Suður undir honum var matjurtagarður. Garðurinn er horfinn og man heimildamaður ekki eftir honum en þarna var komið tún þegar hann fór að muna eftir sér (munnl. heimild, Sævar Einarsson, 31.07.2017). Þarna er garðlag sem skráð er nr. [1728-481] en það virðist fremur vera túngarður en matjurtagarður. Ekki var unnt að staðsetja matjurtagarðinn með viðunandi nákvæmni.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Sunnan undir Hamrinum var svo kartöflugarðurinn í dágóðu skjóli fyrir hafgolunni sem oft var stíf á hlýjum sólardögum. En hann var orðinn gamall og arfasæll og þurfti mikla umhirðu framan af sumri. Hann var notaður fyrstu árin, en fljótlega var farið að brjóta land upp á Hendilkoti.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 89).

#### **Hamar-1728-480**

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er merkt útihús um 140m NNA af gamla bænum og mun það hafa verið hesthús. Þetta er austan við Hamarinn sem bærinn er talinn draga nafn sitt af

#### **Lýsing**

Heimildamaður mundi eftir húsunum en þá var þakið þegar hrúnið. Húsin voru rifin um 1970 og þarna er nú slétt tún og ekki sáust ummerki um byggingar á yfirborði (munnl. heimild, Sævar Einarsson, 31.07.2017). Húsin sjást á loftmynd frá 1956 [LI127-LI2-3961].

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Neðan við Hamarinn var svo hesthúsið sem rúmaði 10-20 hross og var reyndar eina byggingin á bænum sem gat talist sæmileg sem slík, húsið nýlega byggt úr torfi og grjóti.“ (bls. 88).



*Mynd 247. Garðlag [1728-481] í brekku sést fyrir miðri myndinni. Hugsanlega leifar túngarðs. Horft er til suðausturs.*

### **Hamar-1728-481**

**Hlutverk:** Óþekkt, túngarður?

**Tegund:** Garðlag

### **Staðhættir**

Hamarinn heitir klettur um 120m norður af bænum á Hamri. Norðaustan undir honum er garðlag.

### **Lýsing**

Garðlagið er 15m langt og liggur í mjúkum boga frá túninu og að klettinum. Þegar túnakort frá 1918 er lagt yfir loftmynd sést að garðurinn er í beinu framhaldi af norðurjaðri túnsins og hugsanlegt að þetta sé hluti gamla túngarðsins. Garðurinn er 30-40cm hár og breidd tæplega metri. Hann er algróinn grasi og mikill gróður var á minjunum þegar vettvangsskráning fór fram.

### **Aðrar upplýsingar**

Á túnakorti frá 1918 segir að túnið sé 3 teigar og er það að stórum hluta tún enn þann dag. Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Gamla túnið var að mestu leyti girt með fornum vallargarði.“ (bls. 89).



*Mynd 248. Þúst með steinlögðum kanti [1728-482]. Horft er til norðurs.*

### **Hamar-1728-482**

**Hlutverk:** Óþekkt, kuml

**Tegund:** Þúst, steinalögn

#### **Staðhættir**

Á grónu holti um 340m austur af íbúðarhúsinu á Hamri er aflöng þúst sem virðist manngerð.

#### **Lýsing**

Þústin liggur norður-suður og er grjóti raðað með útbrún hennar. Hún er 2,5m löng, 50-60cm á breidd og um 20-30cm há. Þústin er vaxin mosa og blómgróðri en umhverfis er að mestu grasi gróið. Hlutverk er óljóst en útlit minjanna bendir til þess að þetta geti verið kuml úr heiðni

### **Hamar-1728-483**

**Sérheiti:** Torfholt

**Hlutverk:** Þurrkvölldur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Torfholt er aflangt holt sem liggur norður-suður um 350m austur af bænum á Hamri. Heimildir geta þess að torf hafi verið þurrkað á holtinu en engin ummerki eru um mannvirki af neinu tagi.

## Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Niður frá Höfðanum var Torfholtið, rétt vestan og ofan við kílana. Þangað var flutt torf til þurrkunar allt torf sem rist var árlega til heimilisnota.“ (bls. 89). Í örnefnaskrá segir: „Torfholt heitir lágt holt næst mýrunum og Torfholtskíll fram með því. Þarna var oft þurrkað torf. Einkum þótti gott að rista neðan kílsins ef svo féll, að ristubítt varð áður en klaki fór úr kílnum sem er grannur. Þá var hægt að flytja úr flaginu (á hestum) ef klakinn hélt.“ (Hamar-Örnefnaskrá (2), bls. 2).



*Mynd 249. Ummerki, afmörkuð með gulum ferningi, eftir torfristu [1728-484] sjást á loftmynd frá 1985 en þarna eru nú komin tún.*

### Hamar-1728-484

**Hlutverk:** Torfrista

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Torf var rist í mýrunum austan bæjar en þetta svæði er nú allt orðið að túnum, allt austur að Rípurkvísl og Landhólma. Á loftmynd frá 1985 sést torfrista á nokkrum stöðum en öll ummerki eru horfin vegna túnræktar (LMI-Kort-J11-1960). Torfristan var staðsett með því að hnitsetja loftmyndina. Gera má ráð fyrir allt að 10m skekkju.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Milli kílanna var mjög góð torfrista þar sem víða mátti rista 2-3 torfur niður.“ (bls. 89). Í örnefnaskrá segir: „Torfholt heitir lágt holt næst mýrunum og Torfholtskíll fram með því. Þarna var oft þurrkað torf. Einkum þótti gott að rista neðan kílsins ef svo féll, að ristubítt varð áður en klaki fór úr kílnum sem er grannur. Þá var hægt að flytja úr flaginu (á hestum) ef klakinn hélt.“ (Hamar-Örnefnaskrá (2), bls. 2).

### Hamar-1728-485

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Mótekja var í mýrarsundi sem var neðan gamla túnsins og náði út undir Rípurmerki. Þetta sund er nú allt orðið að túnum og engin ummerki sjást um mógrafirnar. Mórinn var þurrkaður á Mólholti sem er um 350m norðaustur frá bænum á Hamri.

### Lýsing

Mótóftir fundust ekki á Mólholti en á loftmynd frá 1954 [LI127-LI2-3961] sést mannvirki sem gæti verið mótóft nyrst á Mólholti. Tóftin var staðsett með því að hnitsetja loftmynd frá 1956. Gera má ráð fyrir allt að 10m skekkju. Hún er nú horfin vegna túnasléttunar.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Mógrafir jarðarinnar voru í mýrarsundi neðan við túnið, út undir Rípurmerkjum. Þar hét Mólholt neðan við sunnið þangað sem mórinn var borin upp til þurrkunar. Mótekja var góð, einar 6-7 stungur og þetta eldsneyti notað fram yfir stríð, áreiðanlega fram til 1949. Reyndar var tekinn mór fram um miðjan sjötta áratuginn til að reykja við kjöt. Þá var tekið niður hjá Höfðanum og mokað ofan af með dráttarvél.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 90).

### Hamar-1728-486

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Mótekja var í mýrarsundi sem var neðan gamla túnsins og náði út undir Rípurmerki. Þetta sund er nú allt orðið að túnum og engin ummerki sjást um mógrafirnar. Þær voru staðsettar með því að hnitsetja loftmynd frá 1956 (LI127-LI2-3961). Gera má ráð fyrir allt að 10m skekkju.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Mógrafir jarðarinnar voru í mýrarsundi neðan við túnið, út undir Rípurmerkjum. Þar hét Mólholt neðan við sunnið þangað sem mórinn var borin upp til þurrkunar. Mótekja var góð, einar 6-7 stungur og þetta eldsneyti notað fram yfir stríð, áreiðanlega fram til 1949. Reyndar var tekinn mór fram um miðjan sjötta áratuginn til að reykja við kjöt. Þá var tekið niður hjá Höfðanum og mokað ofan af með dráttarvél.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 90).

### Hamar-1728-487

**Sérheiti:** Hamarsstekkur

**Hlutverk:** Stekkur

**Lýsing:** Heimild

### Staðhættir

Samkvæmt heimildum var stekkjartóft við Rípurkvísl (Héraðsvötnin), í svonefndum Stekkjarmó, syðst og austast í landi Hamars.

### Lýsing

Tóftin er horfin vegna landbrots Vatnanna og Stekkjarmór er nú orðinn að túni.



### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Stekkjarmór hét suður og niður við Vötn. Þar var stekkjartóft sem nú er horfin af landbroti Vatnanna.“ (bls. 90). Í örnefnaskrá segir: „Stekkjarmór heitir einn hluti af engi á Hamri. Þegar ég man fyrst voru þústir nokkrar á bakka Héraðsvatna, kallaður Stekkur og sagðar leifar af Hamarsstekk. Þær eru nú löngu horfnar í Vötnin, sem naga bakka sína ætíð eitthvað.“ (Hamar-Örnefnaskrá (2), bls. 1).



*Mynd 250. Áveitugarður [1728-488], horft er til norðvesturs.*

### Hamar-1728-488

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Hætta vegna landbrots

### Staðhættir

Syðst og austast í landi Hamars, á bakka Rípurkvíslar (Héraðsvatna) og um 50m norðaustur af merkjum Hamars og Rípur, eru leifar áveitugarðs.

### Lýsing

Garðlagið er í tveimur hlutum, syðri hlutinn er 8m langur og er sunnan vegslóða sem liggur að og meðfram Rípurkvísl, en norðan slóðans er garðbútur, rúmlega metri að lengd. Vegghæð er um 40cm og breidd um 80cm og er garðlagið algróið grasi. Það er ekki ólíklegt að garðurinn hafi náð lengra til norðurs þar sem nú hefur verið sléttað tún. Í örnefnaskrá segir að þarna hafi einnig verið áveituskurður en hann sést ekki lengur. Garðlagið er metið í hættu vegna mögulegs landbrots af völdum Rípurkvíslar. Samkvæmt heimildamanni var vatninu veitt þarna inn á mýrina en annað garðlag [1728-489] er utar með kvíslinni (munnl. heimild, Sævar Einarsson, 31.07.2017).

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Sandvikapollur er rétt við Stekkjarmó, nú að mestu horfinn vegna framburðar áveituskurðar sem í hann lá.“ (Hamar-Örnefnaskrá (2), bls. 2).



*Mynd 251. Áveitugarður [1728-489], horft er til suðausturs.*

#### **Hamar-1728-489**

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Á svonefndum Landhólma (Hamarshólma), austasta hluta Hamarslands er áveitugarður. Vesturendi garðsins er um 1,5km ANA af bænum á Hamri.

**Lýsing**

Garðurinn liggur nokkurn veginn austur-vestur frá

Rípurkvísl og er 250m langur. Hann er algróinn grasi og er vegghæð 30-50cm og um 80cm á breidd og er hann nokkuð hruninn á köflum. Garðurinn er vel greinilegur eins og sést á meðfylgjandi mynd.

#### **Hamar-1728-490**

**Hlutverk:** Landamerkjagarður

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Á loftmynd af Ketu og Hamri frá 1956 (LI217-LI2-3961) sést garður á milli Ketu og Hamars, og er það líklega gamall landamerkjagarður. Garðurinn er nú horfinn og þarna eru skurðir á merkjum í dag. Garðurinn á myndinni er um 545m langur og liggur vestur-austur og endar um 130m austur af Héraðsvatnabakkanum.



*Mynd 252. Stekkjartóft [1728-491], suður undir klettahæð. Horft er til SSV.*

### **Hamar-1728-491**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Í aflíðandi brekku suður undir klettahæð, í norðvesturhorni Hamarslands og um 660m norðvestur af bænum á Hamri, er stekkjartóft.

#### **Lýsing**

Tóftin liggur norður-suður og er 4,5x7,5m að utanmáli. Mikill og hár gróður var á og umhverfis tóftina þegar skráning fór fram í ágústlok 2017 og erfitt að greina innviði tóftarinnar en það var allavega eitt greinanlegt hólf. Veggir eru 20-30cm háir og um metri á breidd.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Stekkur er einnig sunnan í klettahæð, rúmlega 200 metrum norðan við Hendilkotið (65°39'894/19°27'650).“ (bls. 90).



Mynd 253. Hleðslur [1728-492] efst á klettahæð. Horfi er til suðurs.

**Hamar-1728-492**

**Hlutverk:** Óþekkt


**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Í aflíðandi brekku suður undir klettahæð, í norðvesturhorni Hamarslands og um 660m norðvestur af bænum á Hamri er stekkjartóft [1728-491]. Uppi á klettahæðinni um 10m NNA af stekkjartóftinni eru tvær smá hleðslur.

### Lýsing

Hleðslurnar eru einfaldar og mest tvær raðir á hæð, þær eru báðar um 4m á lengd en ná ekki alveg saman en grasþúfa er á milli þeirra. Nyrðri hleðslan liggur norður-suður en sú syðri norðaustur-suðvestur. Mesta hæð er um 30cm. Hlutverk og aldur eru óljós en hugsanlega er þetta grunnur smalakofa eða eitthvað slíkt.



Mynd 254. Yfirlitsmynd af minjum á Hendilkoti.

**Hamar-1728-493****Sérheiti:** Hendilkot**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðsla**Staðhættir**

Á norðurbakka Hendilkotsvatns, við landamerkin við Keldudal, er hleðsla.

**Lýsing**

Hleðslan er ferhyrnd, um 30cm há og algróin grasi. Hún er um 3x4,5m að utanmáli og snýr nálega norður-suður. Hlutverk og aldur er óvíst.

**Hamar-1728-494****Sérheiti:** Hendilkot**Hlutverk:** Óþekkt, híbýli**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Hendilkot er norðaustan við Hendilkotsvatn og þar eru tvær tóftir í túnjaðri. Austari tóftin er yngri og af rétt [1728-496] en vestari tóftin er eldri og hefur að líkindum tilheyrt býlinu, hugsanlega híbýlatóft.

**Lýsing**

Tóftin er tvískipt og snýr NNV-SSA. Hún er 7x12m að utanmáli, veggir eru 10-80cm háir og mest 2m á breidd. Veggir eru algrónir grasi og var töluverð sina á tóftinni þegar vettvangsskráning fór fram sem flækti fyrir túlkun á útliti tóftar. Tvennar dyr virðast vera á tóftinni og hafa að líkindum báðar snúið mót vestri. Niðurstöður úr borkjarnarannsókn Kathryn Catlin sýndu ummerki um mannvist um miðja 10. öld en varanleg búseta virðist hefjast seint á 10. öld eða snemma á þeirri 11.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Hendilkot (65°39'777/19°27'650). (...) Hendilkot er eina fornþýlið í landi Hamars. Reyndar eiga bæði Keta og Egg land að vatninu syðst. Austur af vatninu norðanverðu rís upp 20-30 hár hóll eða höfði. Standa klappir upp úr honum á stangli að vestan. Uppi á höfðanum vestan í eru tóftaminjar Hendilskots, um 200 m suðaustur af Þóreyjarborg. Þar má sjá eina 12m langa tóft (65°39'777/19°27'650), tvískipta, 6-7,5 m á breidd. Fjórum metrum austan við hana hefur verið gerð ferhyrnd rétt (65°39'778/19°27'637). Hún var notuð til innrekstrar fram á fjórða áratug 20. aldar. 25 metra í austur er enn tvískipt tóft (65°39'738/19°27'600), um 10 m löng og 4-6 m breið. Í túninu norðan og austan við eru ójöfnum sem virðast dylja tóftaleifar.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 90). Enn segir af Hendilkoti í sömu heimild: „Landnáma getur um Hávarð hegra landnámsmann í Hegrnesi sem reisti fyrst bæ sinn á Hegrastöðum norðan í svonefndum Ásás og nánar getur í Áslýsingu.

Með Hávarði hegra áttu að hafa komið bræður tveir, Hendill og Hróar, og gaf Hávarður þeim staðfestur úr landnámi sínu. Byggði Hróar í Hróarsdal, sem nánar greinir í Hróarsdalslýsingu, en Hendill byggði sér bæ austan við vatn eitt í sunnanverðu Hegranesi og nefndi Hendilkot en vatnið heitir síðan Hendilkotsvatn.“ (bls. 90).

#### **Hamar-1728-495**

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Hendilkot er norðaustan við Hendilkotsvatn og þar eru tvær tóftir í túnjaðri [1728-494 og 496]. Niðurstöður borkjarnarannsóknna á Hendilkoti benda til þess að öskuhaugurinn hafi verið norðan við tóftina á Hendilkoti þar sem nú er slétt tún (Kathryn Catlin o.fl., bls. 25).

#### **Hamar-1728-496**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Hendilkot er norðaustan við Hendilkotsvatn og þar eru tvær tóftir í túnjaðri. Austari tóftin er yngri og af rétt sem notuð var í notkun fram undir miðja 20. öld.

#### **Lýsing**

Réttin er 7x9,5m að utanmáli og hefur hlið verið syðst á austurvegg. Veggir eru grjóthlaðnir en grasi grónir. Þeir eru þokkalega stæðilegir, 30-100cm háir, lægstir að austan. Veggbreidd er um einn metri.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Fjórum metrum austan við hana hefur verið gerð ferhyrnd rétt (65°39'778/19°27'637). Hún var notuð til innrekstrar fram á fjórða áratug 20. aldar.“ (bls. 90).

#### **Hamar-1728-497**

**Sérheiti:** Hendilkot

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er getið um 10m langa tóft 25 austur af réttinni [1728-496]. Þarna er nú slétt tún og virðist tóftin hafa verið sléttuð eftir að byggðasagan var rituð. Ekkert sást af tóftinni við vettvangsskráningu í ágústlok 2017. Þúst sést á loftmynd frá 1956 (LMI-Kort-N26-

5238) og er hún 16m norðaustur af réttinni og er hugsanlega tóft sú sem getið er um í byggðasögunni og nefnd er hér að neðan.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Hendilkot (65°39'777/19°27'650). (...) 25 metra í austur er enn tvískipt tóft (65°39'738/19°27'600), um 10 m löng og 4-6 m breið. Í túninu norðan og austan við eru ójöfnur sem virðast dylja tóftaleifar.“ (bls. 90).

#### **Hamar-1728-498**

**Sérheiti:** Hendilkot

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Hendilkot (65°39'777/19°27'650). (...) Í túninu norðan og austan við eru ójöfnur sem virðast dylja tóftaleifar.“ (bls. 90).

#### **Lýsing**

Ekki sáust neinar ójöfnur við vettvangsskráningu í ágústlok 2017 og hafa að líkindum horfið við uppvinnslu túnsins eftir að byggðasagan var rituð.

#### **Hamar-1728-499**

**Sérheiti:** Hendilkot

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Túnið [Á Hendilskoti] er girt með torfgarði og um 4-5 dagsláttur að stærð.“ (Hamar-Örnefnaskrá (1), bls. 1).

#### **Lýsing**

Túngarðurinn á Hendilkoti sést ekki lengur og hefur að líkindum horfið við túnasléttun.

#### **Hamar-1728-500**

**Sérheiti:** Vörðuklöpp

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Austan við Hendilskot er Vörðuklöpp, og utan og vestan við klöppina er Mjóasund.“ (Hamar-Örnefnaskrá (1), bls. 2).

#### **Lýsing**

Ekki fannst varða á þessu svæði við vettvangsskráningu.

## Hamar-Samantekt

Hamar liggur á milli Rípur að norðan og Ketu að sunnan. Jörðin á land frá Hendilskotsvatni að vestan til Héraðsvatna í austri. Bæjarstæðið er austan við Hegranesveg. Bærinn á Hamri hefur staðið á sama eða svipuðum stað frá upphafi. Rannsókn var gerð á bæjarstæðinu, norðan við núverandi íbúðarhús, árið 2014 og var grafið niður á síðasta skeið torfbæjarins og undir honum kom í ljós skáli með langeldi, frá 11. öld (nánar má lesa um þá rannsókn hér <https://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarskyrslur151-199/bsk-2014-152.pdf>).

Búið er að slétta yfir allar minjar á og umhverfis bæinn [1728-467] og eru þar með talin útihús [1728-475, 476, 477, 478 og 480], matjurtagarðar [1728-473, 479], gamla heimreiðin [1728-471], brunnur [1728-470] og öskuhólinn [1728-468] sem var norðaustan við bæ. Það eina sem fannst við skráningu var smá garðbrot 150m norður af íbúðarhúsinu sem mögulega eru leifar túngarðsins [1728-481] og dæld þar sem stóð reykkofti og kartöflugeymsla [1728-473].

Mógrafir [1728-486] og líklega að minnsta kosti ein mótóft [1728-485] voru norðan bæjar þar sem nú eru komin tún og það er búið að taka svo að segja allt land austan bæjar og að Héraðsvötnum undir ræktun, að undanskildum nokkrum klettaborgum. Þar voru áður engin og á eyju austur við Vötnin er einn áveitugarður [1728-489] og hluti annars [1728-488] syðst og austast í landi Hamars. Torfrista [1728-484] var á engjunum og sjást ummerki hennar á loftmynd en hún er nú horfin vegna jarðræktar. Þar er líka Torfholt [1728-483], 420m austur af bæ, en þar var torfið sem rist var í mýrunum neðan við þurrkað en engin mannvirki fundust á holtinu. Vestan við Torfholt, 330m austur af bæ, er aflöng þúst [1728-482] sem í útliti minnir helst á heiðna gröf en um hlutverk er ekki hægt að fullyrða nema með frekari rannsókn.

Vestan bæjar, og vestan Hegranesvegar, eru leifar Hendilkots í túnjaðri. Minjarnar eru 50m frá norðausturhorni Hendilkotsvatns. Á bæjarstæði Hendilkots er ein yngri tóft af rétt [1728-496] og vestan við hana eldri minjar, hugsanlega bæjartóft [1728-494] Hendilkots. Við rannsóknir SCASS á Hendilkoti fannst öskuhaugur [1728-495] í sléttu túninu beint norður af minjum á Hendilkoti. Á loftmynd frá 1956 sést hóll [1728-497] í túni norðvestur af fyrrnefndri rétt, hugsanlega einhver þeirra minja sem getið er í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar*. Aðrar minjar fundust ekki við skráningu og er líklegt að þær hafi horfið við uppvinnslu túnsins eftir að byggðasagan var rituð. Vestur við merkin milli Hamars og Keldudals, við norðurenda Hendilskots, er hleðsla [1728-493] en hlutverk hennar er óþekkt. Um 190m norður af Hendilkoti er stekkjartóft [1728-491] suður undir klettaborg og ofan hennar eru tvær samsíða hleðslur [1728-492], hugsanlega tengdar smalamennsku á svæðinu. Á loftmynd frá 1956 má sjá landamerkjagarð [1728-490] milli Ketu og Hamars sem nú er horfinn og í staðinn komnir landamerkjaskurðir. Þrjár leiðir lágu í gegnum land Hamars, annars vegar kirkjuvegur



að Ríp [1728-734] og hins vegar Bakkavegur [1728-729], ein af aðalleiðum um Hegranesið, og lá meðfram Héraðsvatnabökkum. Messuleið [1728-330] frá Hróarsdal lá í gegnum land Ketu, norðan við Hendilkotsvatn og áfram í átt að Ríp.

## Ríp

### Söguágrip

Ríp kemur fyrst fyrir í Sturlungu en þann 14. janúar 1255 er Þorbjörn Þórólfsson frá Ríp veginn í skála bæjarins í Geldingaholti.<sup>68</sup> Í fornbréfasafni kemur Ríp fyrst fyrir í Auðunarmáldögum frá 1318 en þar segir frá Rípurkirkju og er það jafnframt elsta heimild um hana.<sup>69</sup>

Ríp er kirkjustaður og er þess getið í *Jarðabók* 1713 að hún hafi verið beneficium (kirkjulén) síðan í tíð Guðbrands biskups Þorlákssonar (1571-1627) Hólabiskups en áður hafði hún verið stólsjörð og tíundaðist þá fyrir 40 hundruð.<sup>70</sup> Prestsetur var á Ríp til 1904 en jörðin var ekki seld úr ríkiseigu fyrr en 1952.<sup>71</sup> Þingstaður var líka á Ríp á fyrri tímum og stóð þinghúsið eitthvað fram yfir 1950 en þá var fyrir löngu hætt að nota það sem þinghús.<sup>72</sup>

Í *Jarðabókinni* 1713 segir að torfrista og stunga séu næg og reiðingsrista sé bjargleg fyrir heimili en mótak og hrísrif ekkert. Engjatak átti jörðin í eyju fyrir utan Eyhildarholtsland sem nefnd er Rípureyja og er geysistór og skiptist milli Rípur og Eyhildarholts.<sup>73</sup>

Árið 1957 var Ríp skipt í þrjá hluta, Ríp I-III. Ríp III er ysti hlutinn, Ríp I er miðhlutinn og Ríp II er syðsti hlutinn. Ríp I og Ríp II eru í eigu sömu eigenda.<sup>74</sup>

---

<sup>68</sup> Sturlunga saga I, 514.

<sup>69</sup> Íslenskt fornbréfasafn II, 467.

<sup>70</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 65.

<sup>71</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 78.

<sup>72</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 77.

<sup>73</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 65; Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 82.

<sup>74</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 78.

## Fornleifaskráning



Mynd 255. Bærinn [1728-501] stóð norðvestan við núverandi kirkjugarð. Horft er til suðurs.

### Ríp-1728-501

**Sérheiti:** Ríp

**Hlutverk:** Híbýli, fjós

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Torfbærinn stóð norðvestan við núverandi kirkjugarð þar sem vegurinn að kirkjunni og kirkjugarði er í dag.

### Lýsing

Flutt var úr bænum upp úr miðri 20. öld en þá voru tvenn íbúðarhús reist nokkuð sunnan við gamla bæjarstæðið þar sem áður voru útihús. Áfast bænum að norðan var fjós. Ekkert sér eftir af bænum.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Gamli bærinn stóð norðvestur frá kirkjugarðinum, þar sem nú liggur vegurinn heim að íbúðarhúsunum. Milli kirkjugarðs og bæjar var þinghúsið. Bærinn var tvö samstæð langhús er sneru timburstöfnum til suðurs en langþil að vestan úr timbri ofan á hálfvegg úr torfi upp að gluggum. Grjóthlaðinn kjallari var undir hluta. Á fyrri hluta 20. aldar bjuggu oftast tvær fjölskyldur í bænum. Á árunum 1918-1931 var Gísli Jakobsson í vestari parti bæjarins með sína fjölskyldu en Þórarinn og Ólöf bjuggu í austurálmunni. Milli risanna var sund

sem vildi leka. Syðst að vestan var stofa þar sem sváfu hjónin Gísli og Sigurlaug. Næst norðan við kom eldhús með tveimur gluggum. Fjórði og ysti glugginn var á litlu herbergi yst í lengjunni. Í austurhlutanum var styðst lítið herbergi, þá stór stofa en eldhúsið nyrst. Timburlangþil var einnig að austan, þykkt gaffhlað úr torfi að norðan. Loft var yfir báðum álmunum. Þar var geymsla og svefnherbergi vestan megin en austurloftinu var skipt í tvennt. Innar var svefnherbergi. Hitt var geymsla og reykloft og gengið upp á það úr eldhúsinu. Þar var kvörn og kornmatur geymdur.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 79). Bærinn var rifinn um 1962 og var honum ýtt fram af brekkunni til austurs (munnl. heimild, Birgir Þórðarson, 17.12.2023).



Mynd 256. Minjar í og við tún á Ríp.

### Ríp-1728-502

**Sérheiti:** Rípurkirkja

**Hlutverk:** Kirkja

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir og lýsing

Ekki er annað kirkjustæði þekkt í Ríp en þar sem að kirkjan stendur í dag. Sú kirkja var byggð 1924 en kirkju í Ríp er fyrst getið í Auðunarmáldaga 1318.

### Aðrar upplýsingar

Í riti Sigríðar Sigurðardóttur um *Miðaldakirkjur 1000-1300* segir um kirkju í Ríp (bls. 31): „Kirkju er fyrst getið í Ríp í Hegranesi í máldaga frá 1318. Þá var þar prestskylda annað hvort misseri og tekinn ljóstollur og legkaup. Þar var graftarkirkja með prestskyldu á 15. öld. Á milli 1528 og 1534 voru Ásgrímsstaðir færðir úr Sjávarborgarprestakalli í Rípurprestakall og það hefur

vafalaust gilt um fleiri Hegranesbæi. Kirkjan var í al- og sóknarkirkjutali Guðbrands biskups 1569 og prestsetur. Hélt það fram á 19. öld. Núverandi kirkja á Ríp er reist 1924.“

### **Ríp-1728-294**

**Sérheiti:** Rípurkirkjugarður

**Hlutverk:** Kirkjugarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Ekki er annað kirkjustæði þekkt í Ríp en þar sem að kirkjan stendur í dag. Sú kirkja var byggð 1924 en kirkju í Ríp er fyrst getið í Auðunarmáldaga 1318. Kirkjugarður mun hafa verið í kringum kirkjunnar á Ríp en óvíst er um umfang hans og nákvæma staðsetningar.

### **Ríp-1728-503**

**Sérheiti:** Þinghús

**Hlutverk:** Þinghús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Þinghúsið gamla stóð á milli kirkjugarðs og bæjar. Nokkurn veginn þar sem nú er vegurinn framan við kirkjugarðinn.

#### **Lýsing**

Samkvæmt V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* stóð húsið fram yfir 1950 og hafði þá nokkurt skeið verið notað sem skemma (bls. 79) en á túnakorti frá 1918 er það merkt sem skemma. Húsið var hlaðið úr torfi og var ein burst með timburpili með standandi klæðningu. Þil snéri mót vestri og var hurð norðanvert á þilinu og einn gluggi sunnan við dyrnar.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir. „Milli kirkjugarðs og bæjar var Þinghúsið.“ (bls. 79).

### **Ríp-1728-504**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 má sjá að heimreiðin lá til suðvesturs frá gamla bænum þar sem nú eru tún og núverandi heimreiðar.

#### **Lýsing**

Á mynd í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* (bls. 79) sem tekin er um 1948 er heimreiðin að líkindum komin nokkurn veginn á þann stað sem hún er í dag. Árið 1947 var mýrarsundið sem var vestan bæjar (nú tún) ræst fram en það var áður forblautt og illfært og segir að torfbrúin (heimreiðin) yfir það hafi þurft sífellda lagfæringu.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir í myndatexta: „Mýrarsundið vestan við bæinn var áður forblautt og illfært og torfbrúin yfir hana þurfti sífella lagfæringu.“ (bls. 79).

### **Ríp-1728-505**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er sýndur matjurtagarður vestan við bæinn, þar sem heimreiðin er í dag og smá graseyja.

#### **Lýsing**

Garðurinn sést ekki lengur en á túnakortinu segir að hann sé 640 flatarstíkur. Garðurinn var staðsettur með því að leggja túnakort yfir loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 10-15m skekkju.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi er jarðamat frá 1916 og þar segir að matjurtagarðar séu 220 ferfaðmar og gefi af sér 4 tonn (bls. 79).

### **Ríp-1728-506**

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Öskuhóllinn var norðaustan við núverandi kirkjugarð.

#### **Lýsing**

Öskuhóllinn sjálfur er horfinn, búið að ýta honum út en í tengslum við SCASS verkefnið var sumarið 2016 tekinn könnunarskurður norðaustan við kirkjugarðinn og í honum fundust öskulög frá því fyrir og eftir 1766 (J. Steinberg o.fl., 2017).

### **Aðrar upplýsingar**

Meðal þess sem fannst í skurðinum var heil beinagrind af hundi. Þarna fundust ekki byggingar (J. Steinberg o.fl., 2017).

### **Ríp-1728-507**

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í tengslum við SCASS verkefnið var sumarið 2016 tekinn könnunarskurður norðvestan við kirkjugarðinn, í halla vestur af heimreiðinni. Niðurstöður benda til þess að þarna hafi verið

öskuhaugur, hugsanlega frá elstu tíð og fram yfir 1104 en líklegt er að yngri lögum hafi verið rutt burtu í seinni tíð (J. Steinberg o.fl., 2017).

### **Ríp-1728-508**

**Hlutverk:** Reykhús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Reykhús var vestan við núverandi heimreið þar sem hún liggur til suðurs í átt að íbúðarhúsunum. Þar er nú slétt tún.

#### **Lýsing**

Á mynd í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* (bls. 79) sem tekin er um 1948 sést reykhús sem var neðan undir brekku vestur af bæjarhúsunum. Búið er að rífa húsið og þarna er nú slétt tún. Húsin voru staðsett eftir myndinni og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.



*Mynd 257. Leifar fjárhúsa [1728-509] ofan Kvíaklappar. Horft er til NNA.*

### **Ríp-1728-509**

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Hleðsla, steinsteypa

#### **Staðhættir**

Á klöpp um 125m norður af kirkjunni er smá grjóthleðsla og leifar steinsteypts gólfs úr fjárhúsi sem þar stóð.

#### **Lýsing**

Tvær einfaldar grjótraðir að sunnan og austan marka hluta af útbrún húsanna og

norðan við hleðsluna er steinsteypt gólf. Í heild er þetta um 13x16m að utanmáli og hafa húsin að líkindum snúið norður-suður. Samkvæmt heimildamanni tóku húsin 120 kindur og voru 20 kindur í hverri kró. Við húsin var upphaflega heytóft en eftir síðari heimsstyrjöld var keyptur braggi og var honum komið fyrir á tóftarveggjunum (munnl. heimild, Pétur Þórarinsson, 17.12.2023).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Gamla túnið á Ríp skiptist um kirkjugarðinn í Úttún og Suðurtún. Norðast á Úttúni heitir Plóglétta, utan og vestan við Kvíaklappir, yztu klappirnar í ásnum. Nær hún þvert yfir ásinn, þar sem hann er lægstur. Uppi á Kvíaklöppum, eða –klöpp, eins og oftast var

sagt, þótt þær væru tvær, standa gömul fjárhús með braggahlöðu.“ (Ríp-Örnefnaskrá (1), bls. 2).

#### **Ríp-1728-510**

**Hlutverk:** Kvíar

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á klöpp um 125m norður af kirkjunni er smá grjóthleðsla og leifar steinsteypis gólfs úr fjárhúsi sem þar stóð. Þarna heitir Kvíaklöpp og bendir nafnið til þess að þarna hafi áður verið kvíar en engin tóft fannst við vettvangsskráningu.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Rípur (2) (bls. 1) segir: „Kvíaklöpp eru klappir austur úr túninu fyrir austan fjárhúsin, sem eru fyrr utan og austan bæinn.“ Í örnefnaskrá (bls. 4). „Uppi á Kvíaklöppum, eða klöpp eins og oftast var sagt, þótt þær væru tvær, standa gömul fjárhús með braggahlöðu.“

#### **Ríp-1728-511**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 eru merkt búpeningshús rétt rúmlega 200m norður af kirkjunni. Þarna er nú slétt tún.

#### **Lýsing**

Búið er að rífa húsin og engin ummerki sáust um þau á vettvangi í ágústbyrjun 2017 en þess ber að geta að mikil gróður var þegar skráning fór fram og þessi hluti túnsins var ósleginn. Húsin voru staðsett með því að leggja túnakort yfir hnitsetta loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 10m skekkju. Heimildamaður kannaðist ekki við hús á þessum stað (munnl. heimild, Pétur Þórarinnsson, 17.12.2023).

#### **Ríp-1728-512**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 eru merkt búpeningshús rúmlega 30m SSV af kirkjunni þar sem nyrðra íbúðarhúsið er.

#### **Lýsing**

Þarna voru m.a. hesthús, hrútakofi og fjós um tíma segir í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* (bls. 79) en búið er að rífa öll húsin og þarna er nú íbúðarhús og garður. Heimildamaður mundi



eftir þessum húsum sem voru í notkun í hans minni en viðkomandi er fæddur 1933 (munnl. heimild, Pétur Þórarinsson, 17.12.2023).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í myndatexta á bls. 79 í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* (bls. 79) segir: „Hægra megin við kirkju mótar fyrir húsabyrpingu, þar sem íbúðarhúsin standa núna. Þar var m.a. hesthús og hrútakofi og um tíma fjós.“

#### **Ríp-1728-513**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 eru merkt búpeningshús um 260m suður af kirkjunni þar sem nú er slétt tún.

#### **Lýsing**

Búið er að rífa húsin og slétta túnið og sáust engin ummerki við skráningu í ágúst 2017. Húsin voru staðsett með því að leggja túnakort yfir loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju. Þarna sést ferhyrnd húsatóft á loftmynd frá 1954 (L1217-L12-3960).

#### **Ríp-1728-514**

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 eru merkt búpeningshús um 350m suður af kirkjunni. Þar er nú slétt tún.

#### **Lýsing**

Búið er að rífa húsin og slétta túnið og sáust engin ummerki við skráningu í ágúst 2017 en tóftir þeirra sjást á loftmynd frá 1954. Húsin snéru norðvestur-suðaustur (L1217-L12-3960). Þessi hús voru tóftir þegar heimildamaður sem fæddur er 1933 man eftir sér (munnl. heimild, Pétur Þórarinsson, 17.12.2023).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í Örnefnaskrá segir: „Sunnan við Orgelklappir, eða Orgelklöpp, eins og líka var sagt, slitnaður aftur, og heitir þar Stórakinn. Er þá komið suður af Húsklöppum. Þær eru háar, en stöllóttar og allmikið grónar. (...) Húsklappir fá nafn sitt af því að þar stóðu peningshús fyrrum, í búskapartíð Þórarins [bjó á Ríp 1918-1980]. Utan til voru fjárhús yfir um 150 fjár, og hesthús stóð beint fyrir ofan Bláberjastallinn, tók 12-15 hross.“ (Ríp-Örnefnaskrá (1), bls. 2-3).



*Mynd 258. Tóft [1728-515] á klöppunum suður af bæ. Horft er til norðurs.*

### **Ríp-1728-515**

**Hlutverk:** Hesthús?

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Norðan undir klöpp, um 360m SSA af kirkjunni, er tóft.

### **Lýsing**

Tóftin er algróin grasi en einnig vex arfi á og umhverfis hana. Veggir eru greinanlegir að austan og vestan og afar ógreinilegur veggur að sunnan en tóftin er opin til norðurs. Hugsanlega hafa verið dyr þar. Veggir eru um 30cm og tæpur metri á breidd. Tóftin er 4,5x10m að utanmáli og snýr norður-suður. Hugsanlegt er að þetta sé hesthústóft sem getið er í örnefnaskrá.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við Orgelklappir, eða Orgelklöpp, eins og líka var sagt, slitnaður aftur, og heitir þar Stórakinn. Er þá komið suður af Húsklöppum. Þær eru háar, en stöllóttar og allmikið grónar. (...) Húsklappir fá nafn sitt af því að þar stóðu peningshús fyrrum, í búskapartíð Þórarins [bjó á Ríp 1918-1980]. Utan til voru fjárhús yfir um 150 fjár, og hesthús stóð beint fyrir ofan Bláberjastallinn, tók 12-15 hross.“ (Ríp-Örnefnaskrá (1), bls. 2-3).

### **Ríp-1728-516**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Sunnan undir svonefndum Húsklöppum, sem eru syðst í klapparröðinni sem gamla túnið á Ríp og bæjarhús eru á, er lítil garðlag.

#### **Lýsing**

Garðlagið er rétt um 5m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Það er grasi gróið, 40cm breitt og 30-40cm hátt. Óvíst er um aldur og hlutverk garðlagsins.

### **Ríp-1728-517**

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Brunnurinn var aðeins suðvestan við Kvíaklöppina og man heimildamaður vel eftir honum en hann var nýttur til að kæla mjólk eftir að hætt var að nota hann sem brunn. Þarna er nú vegslóði sem liggur niður af brekkunni til suðausturs og brunnurinn er horfinn (munnl. heimild, Birgir Þórðarson, 17.12.2023). Brunnurinn var staðsettur miðað við lýsingu og gera má ráð fyrir allt að 10-15m skekkju.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Meginalli var það á Ríp hversu erfitt var með neysluvatn. Aðalvatnsbólið var í djúpum brunni í brekkunni norðaustur frá gamla bænum. Þar var brunnhús og vinda. Þangað var oftast sótt drykkjarvatn en var svo hart að það nýttist ekki til þvotta. Ólöf Guðmundsdóttir húsfreyja kvaðst oft hafa þurft að fara með þvott á aðra bæi eða láta sækja þangað vatn.“ (bls. 81). Í örnefnaskrá segir. „Sunnan við hana [Kvíaklöpp] lækkaði landið. Hét þar Brunnsletta eftir djúpum vatnsbrunni, er þar var, með brunnhúsi, sveif og fötu. Vatn í brunni þessum var óhæft til þvotta, vegna þess hve hart það var.“ (Ríp-Örnefnaskrá (1), bls. 2).

### **Ríp-1728-518**

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Brunnur var í hallanum vestan við gamla bæinn. Þar er nú slétt tún og ekki hægt að staðsetja brunnin með viðunandi nákvæmni.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Annar brunnur var í hallanum vestan við bæinn, skammt sunnan við Reykhúsið. Hann var grunnur og hlaðinn kringum. Þangað var kúnum hleypt út til að drekka þegar fært veður var.“ (bls. 81).



*Mynd 259. Kirkjulindin [1728-519].*

#### Ríp-1728-519

**Sérheiti:** Kirkjulind

**Hlutverk:** Vatnsból

**Tegund:** Lind, hleðsla

#### Staðhættir

Kirkjulindarklöpp og Kirkjulind eru 50m austan við syðra íbúðarhúsið á Ríp 2.

#### Lýsing

Kirkjulindin sjálf seytlar undan klöppinni og myndar poll en

umhverfis hann hefur verið grjóthleðsla sem nú er úr lagi gengin.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Kirkjulindarklöpp er austan við syðra íbúðarhúsið. Undan henni seytlar vatn, Kirkjulindin (65°40′196/19°26′268). Þar er pollur undir klöppinni, hefur fyrrum verið grjóthlaðin þró en er nú af sér gengin. Kirkjulind var umráðasvæði huldufólksins. Þar var gott vatn en lítið. Þangað var stundum sótt vatn til þvotta og alltaf þegar börn voru skírð. Þá var til siðs að biðja huldufólkið um leyfi til að taka vatnið.“ (bls. 81-82). Í örnefnaskrá segir: „Suður af Öskuhól voru Kirkjuklappir, háar og þverhníptar, en miklir skápar í þær. Þá slitnar milli klappanna, og heitir þar Kirkjuhvammur. Suður af honum er Kirkjulind. Hún er eina vatnsbólið, sem hægt er að nota vatn úr til þvotta.“ (Ríp-Örnefnaskrá (1), bls. 2).



*Mynd 260. Leikklöpp [1728-520] til vinstri en Kirkjulindarklöpp til hægri. Horft er til norðvesturs heim að bæ og sést í kirkjuna ofan við klöppina til hægri.*

### **Ríp-1728-520**

**Sérheiti:** Leikklöpp

**Hlutverk:** Leikstaður

**Tegund:** Klettur, heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Kirkjulindarklöpp og Kirkjulind [1728-519] eru 50m austan við syðra íbúðarhúsið á Ríp 2. Ofan við lindina er lítil klöpp nefnd Leikklöpp. Engar minjar fundust við klöppina en gera má ráð fyrir að þarna hafi verið leikstaður barna.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Upp af Kirkjulind er lítil klöpp, Leikklöpp.“ (Ríp-Örnefnaskrá (1), bls. 2).

### **Ríp-1728-521**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Um 630m NNV af Rípurkirkju er klapparás sem nefnist Stekkjarborg og sunnan undir honum er tóft.

### **Lýsing**

Þegar skráning fór fram í ágúst 2017 var mikill gróður á og umhverfis tóftina en þar óx bæði arfi, gras og elfting. Tóftin er 3,5x6-10m að utanmáli, veggir 30cm háir og um metri á breidd. Ekki var hægt að greina með vissu nema eitt hólf en hugsanlega er annað minna að norðan, líklega lambrakróin.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Stekkarborg heitir klapparás um 600 metra norðnorðaustur frá gamla bæjarstæðinu. Sunnan undir ásnum eru tóftaleifar sem líklega eru af stekk (65°40'564-19°26'954).“ (bls. 82-83).



*Mynd 261. Hleðsla [1728-522] á Stekkjarborg. Horft er til suðurs, heim að bæ á Ríp.*

### **Ríp-1728-522**

**Hlutverk:** Óþekkt, kennimark

**Tegund:** Hleðsla

#### **Staðhættir**

Um 630m NNV af Rípurkirkju er klapparás sem nefnist Stekkjarborg og um það bil fyrir henni miðri, rúmlega 100m norður af stekkjartóft [1728-521] er grjóthleðsla.

#### **Lýsing**

Hleðslan er um 30cm há og ógróin en blómgróður og gras í kring. Hugsanlega er þetta hrunin varða.

### **Ríp-1728-523**

**Hlutverk:** Kvíar

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Kvátóft fannst ekki á Kvíaás, sem er um 460m norðvestur frá kirkjunni í Ríp.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Rúmlega 200 metrum sunnar byrjar annar klapparás, um 200 m langur, sem heitir Kvíaás. Þar hafa verið mjaltakvíar á tímum fráfernanna, í ríflega 200 m fjarlægð vestur frá bænum. (...) Engar minjar sjást lengur um

kvíarnar en væntanlega hafa þær verið syðst á Kvíaásnum nálægt stöðu (65°40'564/19°26'954).“ (bls. 83).



Mynd 262. Rétt [14728-524]. Horft er til SSA.

### **Ríp-1728-524**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Syðst á klapparholti, um 440m í há-norður frá Rípurkirkju er grjóthlaðin rétt.

### **Lýsing**

Réttin er 7,5x11m að utanmáli og snýr norður-suður. Hlið hefur verið syðst á vesturvegg. Neðsti hluti veggja hefur verið grjóthlaðinn í streng og líklega hefur verið torf efst. Hleðslan stendur þokkalega en er þó nokkuð úr lagi gengin. Veggir eru 30-90cm háir og er neðst um metri á breidd.



*Mynd 263. Mótóft [1728-525]. Horft er til suðausturs.*

#### **Ríp-1728-525**

**Hlutverk:** Óþekkt, mótóft?

**Tegund:** Þúst

#### **Staðhættir**

Syðst á holti sem liggur norður-suður á milli tveggja túna, 290m norðvestur af Rípurkirkju, er þúst.

#### **Lýsing**

Þústin er ferhyrnd að lögun, um 2,5x2,5m að utanmáli. Hún er 10-15cm há. Hlutverk er óþekkt en þústin virðist manngerð, hugsanlega leifar mótóftar.

#### **Ríp-1728-526**

**Hlutverk:** Torfrista

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Torfært mýrarsund var áður vestur af bæ og túni á Ríp. Sundið var síðar ræst fram og þar eru nú tún. Í þessu sundi var bæði torfrista og mótaka en ummerki þess sjást ekki lengur vegna túnasléttunar.



### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir í myndatexta: „Mýrarsundið vestan við bæinn var áður forblautt og illfært og torfbrúin yfir hana þurfti sífellda lagfæringu. Þar var aðal torfristan.“ (bls. 79).

### **Ríp-1728-527**

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Torfært mýrarsund var áður vestur af bæ og túni á Ríp. Sundið var síðar ræst fram og þar eru nú tún. Í þessu sundi var bæði torfrista og mótaka en ummerki þess sjást ekki lengur vegna túnasléttunar.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Ytri- og Syðri-Móklöpp eru örnefni í landinu vestur og suður frá bænum. Loðdýraskálinn, síðar fjárhús, stendur á Ytri-Móklöpp. Þótt áðurnefndar jarðalýsingar frá 1713 og 1849 geri lítið úr mótækju var hún samt til og meira að segja heldur góð. Hún var fyrrum í sundinu sunnan og ofan við Ytri-Móklöppina en þangað var mórinn fluttur til þurrkunar. En á síðustu árum móvinnslu var farið að taka úr sundinu fyrir austan og nokkru sunnar. Þarna mátti taka 7-8 tonn af mó.“ (bls. 81).

### **Ríp-1728-528**

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Suður af bæjarstæðinu á Ríp, suður undir Hamarsmerkjum er nú slétt tún. Á loftmynd frá 1985 sjást útlínur þess sem líkast til er mógröf. Þetta sést ekki á yngri myndum og ekki í túninu sjálfu. Mógröfin var staðsett og teiknuð upp af loftmyndinni.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Ytri- og Syðri-Móklöpp eru örnefni í landinu vestur og suður frá bænum. Loðdýraskálinn, síðar fjárhús, stendur á Ytri-Móklöpp. Þótt áðurnefndar jarðalýsingar frá 1713 og 1849 geri lítið úr mótækju var hún samt til og meira að segja heldur góð. Hún var fyrrum í sundinu sunnan og ofan við Ytri-Móklöppina en þangað var mórinn fluttur til þurrkunar. En á síðustu árum móvinnslu var farið að taka úr sundinu fyrir austan og nokkru sunnar. Þarna mátti taka 7-8 tonn af mó.“ (bls. 81).

### Ríp-1728-529

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

### Staðhættir og lýsing

Um 20m norður af merkjum milli Rípur og Hamars og 620m suðvestur frá kirkjunni í Ríp er ferhyrnd aflöng þúst sem liggur í stefnuna norður-suður. Þústin er um 50x150cm að utanmáli.



*Mynd 264. Mótóft [1728-530] til vinstri. Horft er til SSA.*

### Ríp-1728-530

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Hætta vegna rasks

### Staðhættir

Mýrarsund voru vestur af túnum og bæjarhúsum á Ríp. Mótekja var í sundum umhverfis Ytri-Móklöpp og syðst á klöppinni, um 60m suður af útihúsum (áður minkahúsum) er þúst, líklega leifar mótóftar.

### Lýsing

Þústin er um 3,5m í þvermál og 10-30cm há og algróin grasi. Þústin er í hestahólfi og henni gæti því stafað hætta af ágangi/traðki hrossa.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Ytri- og Syðri-Móklöpp eru örnefni í landinu vestur og suður frá bænum. Loðdýraskálinn, síðar fjárhús, stendur á Ytri-Móklöpp. Þótt áðurnefndar jarðalýsingar frá 1713 og 1849 geri lítið úr mótekju var hún samt til og meira að segja heldur góð. Hún var fyrrum í sundinu sunnan og ofan við Ytri-Móklöppina en þangað var mórinn fluttur til þurrkunar. En á síðustu árum móvinnslu var farið að taka úr sundinu fyrir austan og nokkru sunnar. Þarna mátti taka 7-8 tonn af mó.“ (bls. 81).



Mynd 265. Mótóft [1728-531]. Horft er til suðausturs.

### **Ríp-1728-531**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta vegna rasks

### **Staðhættir**

Mýrarsund voru vestur af túnum og bæjarhúsum á Ríp. Mótekja var í sundum umhverfis Ytri-Móklöpp og syðst á klöppinni, um 100m SSV af útihúsum (áður minkahúsum), er mótóft.

### **Lýsing**

Mótóftin er heillegri og umfangsmeiri en þúst [1728-530]. Hún er 3,5x5m að þvermáli og veggir 30-60cm breiðir og 10-30cm háir. Tóftin er gróin grasi og blómgróðri.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Ytri- og Syðri-Móklöpp eru örnefni í landinu vestur og suður frá bænum. Loðdýraskálinn, síðar fjárhús, stendur á Ytri-Móklöpp. Þótt áðurnefndar jarðalýsingar frá 1713 og 1849 geri lítið úr mótekju var hún samt til og meira að segja heldur góð. Hún var fyrrum í sundinu sunnan og ofan við Ytri-Móklöppina en þangað var mórinn fluttur til þurrkunar. En á síðustu árum móvinnslu var farið að taka úr sundinu fyrir austan og nokkru sunnar. Þarna mátti taka 7-8 tonn af mó.“ (bls. 81).

### **Ríp-1728-532**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft, heimild

#### **Staðhættir**

Austur af minkahúsunum, rúmlega 200m suðvestur frá kirkjunni í Ríp, var eða er stekkur að sögn heimildamanns (munnl. heimild, Pétur Þórarinnsson, 17.12.2023). Þessi tóft fannst ekki við skráningu en vel má vera að hún sé þarna enn.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Ytri- og Syðri-Móklöpp eru örnefni í landinu vestur og suður frá bænum. Loðdýraskálinn, síðar fjárhús, stendur á Ytri-Móklöpp.“ (bls. 81).

### **Ríp-1728-533**

**Hlutverk:** Leið, brú

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Þegar verið var að vinna upp túnið sem er 200m SSV af kirkjunni í Ríp komu upp hellur sem lagðar höfðu verið í beina röð og taldi heimildamaður að þar hafi verið gerður hlaðinn vegur yfir flóann sem þá var þarna. Þarna var farið með fé yfir í Rípureyju þegar hún var nýtt til beitar (munnl. heimild, Birgir Þórðarson, 17.12.2023). Vera má að þetta sé torfbrúin sem nefnd er hér að neðan.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir í myndatexta: „Mýrarsundið vestan við bæinn var áður forblautt og illfært og torfbrúin yfir hana þurfti sífellda lagfæringu. Þar var aðal torfristan.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 79).

### **Ríp-1728-534**

**Sérheiti:** Miðhúsaþæðir

**Hlutverk:** Óþekkt


**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Þar vestur af er Lönguborg (svo) og suður af henni Miðhúsaþæðir. Um það nafn er sömu sögu að segja og Töðuásinn. E.t.v. hafa verið þarna fjallhús eða beitarhús frá Ríp, þótt ekki verði þess vart nú.“ (Ríp-Örnefnaskrá (1), bls. 4).

#### **Lýsing**

Engar húsatóftir fundust á Miðhúsaþæðum og ekki er vitað til þess að hús hafi verið þar þó nafnið bendi til þess.



Mynd 266. Hleðsla [1728-535]. Horft er til norðurs.

### Ríp-1728-535

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Hleðsla

#### Staðhættir

Miðhúsahæðir heita hæðir austur af Hólmavatni og eftir þeim lágu götur, Miðvegur [1728-728], sem enn sjást á köflum. Um 30m austan við Miðveg og tæplega 1,2km VNV af Rípurkirkju er grjóthleðsla sem að líkindum hefur verið kennimark við veginn (varða).

#### Lýsing

Um er að ræða nokkur stór grjót sem hafa verið sett saman á klettabrún en ekki eiginlega hlaðna vörðu. Hleðslan er mest um 50cm há.



Mynd 267. Grjóthrúga [1728-536]. Horft er til suðvesturs.

### Ríp-1728-536

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

#### Staðhættir

Syðst á holti eða hæð, um 215m ofan (vestan) vegar og um 130m norðvestur af bragga sem tilheyrir Ríp 2, er grjóthrúga.

#### Lýsing

Grjóthrúgan er þarna augljóslega af mannavöldum en

hlutverk og aldur eru óviss. Hrúgan er 1x3m að utanmáli og liggur austur-vestur, mest 30cm há.

### Ríp-1728-549

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### Staðhættir og lýsing

Vestan vegar, 815m SSV frá Rípurkirkju, er varða. Þessi varða var ekki skráð við vettvangsskráningu í ágúst 2017 en hún var skráð af Kristborgu Þórsdóttur (2008) í tengslum við meistaraverkefni hennar og er staðsetning fengin úr hennar gögnum. Varðan er ekki við neinar leiðir.



Mynd 268. Syðri-Heygarður [1728-537]. Horft er til NNA.

### **Ríp-1728-537**

**Sérheiti:** Syðri-Heygarður

**Hlutverk:** Heygarður

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Rípurmýrar                      heitir  
víðáttumikið                  landflæmi  
austan við bæjarstæðið á Ríp  
og nær það austur að  
Héraðsvötnum. Þetta land  
hefur nú að stórum hluta  
verið ræst fram og er að hluta

komið undir tún. Þarna var heyjað um aldir og um 540m ASA af Rípurkirkju er heystæði.

### **Lýsing**

Heystæðið er nokkuð umfangsmikið, 11x12m að utanmáli og um 30cm hátt. Það er algróið, bæði grösum og blómgróðri.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Við Neðri-Kíl voru tveir heygarðar, Ytri-Heygarður og Syðri-Heygarður, í stefnu beint niður undan bænum. Þangað var flutt hey úr Rípurmýrum, þegar þær voru slegnar. Nú hafa mýrarnar verið ræstar fram og hólarnir horfnir og Sandósinn þurr.“ (Ríp-Örnefnaskrá (1), bls. 5). Einnig er getið um heygarð á sama stað í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar: „Við þann kíl er stór heygarður, byggður í tíð Jóns prests Reykjalíns [bjó 1839-1857 á Ríp], er lét heyja í mýrunum.“ (Ríp-Örnefnaskrá (2), bls. 2-3). Um heyskap á engjunum segir í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi: „Heyskapur á Rípurmýrum og Rípureyju var miklum erfiðleikum bundinn. Úr mýrunum varð að færa heyið á rinda til þurrkunar, setja síðan saman í heygarða og flytja heim á sleðum eftir því að ófært var um mýrarnar með heybandslest. Svipað var að segja um Rípureyjuna. Þar þurfti víða að færa á þurrkvöll og sjaldan var svo lítið í Vötnunum að hægt væri að fara yfir þau með baggahesta. Engjaheyskap var hætt upp úr 1960. Þá var búið að rækta tún á landinu sunnan við heimveg, allt að Hamarsmerkjum.“ (bls. 82).

### Ríp-1728-538

**Sérheiti:** Ytri-Heygarður

**Hlutverk:** Heygarður

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Rípurmýrar heitir víðáttumikið landflæmi austan við bæjarstæðið á Ríp og nær það austur að Héraðsvötnum. Þetta land hefur nú að stórum hluta verið ræst fram og er að hluta komið undir tún. Þarna var heyjað um aldir og um 540m ASA af Rípurkirkju er heystæði [1728-537] og annað um 150m norðaustar.

#### Lýsing

Heygarðurinn var skráður af loftmynd. Hann er nokkuð umfangsmikill, gróinn og um 13m að þvermáli.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Við Neðri-Kíl voru tveir heygarðar, Ytri-Heygarður og Syðri-Heygarður, í stefnu beint niður undan bænum. Þangað var flutt hey úr Rípurmýrum, þegar þær voru slegnar. Nú hafa mýrarnar verið ræstar fram og hólarnir horfnir og Sandósinn þurr.“ (Ríp-Örnefnaskrá (1), bls. 5). Einnig er getið um heygarð á sama stað í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar: „Við þann kíl er stór heygarður, byggður í tíð Jóns prests Reykjálíns [þjó 1839-1857 á Ríp], er lét heyja í mýrunum.“ (Ríp-Örnefnaskrá (2), bls. 2-3).



*Mynd 269. Heygarður [1728-539] á engjunum. Horft er til suðvesturs.*

### Ríp-1728-539

**Hlutverk:** Heygarður

**Tegund:** Þúst

#### Staðhættir

Rípurmýrar heitir víðáttumikið landflæmi austan við bæjarstæðið á Ríp og nær það austur að Héraðsvötnum. Þetta land hefur nú að stórum hluta verið ræst fram og er að hluta komið undir tún. Þarna var

heyjað um aldir og um 1,2km norðaustur frá Rípurkirkju og rétt rúmlega 40m suður af merkjum er þúst eða smá hóll sem hugsanlega er heygarður.

#### Lýsing

Meintur heygarður er 5,5x8m að utanmáli og snýr NNA-SSV. Hann er um 50cm hár og algróinn grasi og blómgróðri. Mögulega er um náttúrulegt fyrirbæri að ræða.

**Ekki var farið í Rípureyju en þar eru heimildir um eftirfarandi minjar og voru sumar þeirrar skráðar af loftmynd.**

#### **Ríp-1728-540**

**Hlutverk:** Matjurtagarðar

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir og lýsing**

Matjurtagarður sést á Héraðsvatnabakkanum mót landamerkjum Ketu og Hamars. Garðurinn er um 15x40m að utanmáli og liggur samsíða bakkanum frá norðaustri til suðvesturs. Þarna voru samkvæmt heimildamanni settar niður kartöflur í sandbakkana sem þarna eru (munnl. heimild, Pétur Þórarinsson, 17.12.2023).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá er sagt frá örnefnum í Rípureyju: „Kofabakki var líka annað nafn: Kálgarðsbakki. Þar voru allstórir kartöflugarðar, og voru hlaðnir háir skjólveggir til varnar gegn norðanáttinni.“ (Ríp-Örnefnaskrá (1), bls. 6).

#### **Ríp-1728-541**

**Hlutverk:** Heytóft

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir og lýsing**

Á loftmynd sjást tvennar tóftir sem líklega eru báðar heytóftir og mundi heimildamaður eftir heytóftum þarna við Kálgarðsbakka sem voru hærri og þurrari en aðrir hlutar eyjunnar. Pétur Þórarinsson sem fæddur er 1933 tók þátt í að heyja eyjuna og notaðist þá við hesta og hestasláttuvélar en þar sem vélinni var ekki komið við var slegið með orfi og ljá (munnl. heimild, Pétur Þórarinsson, 17.12.2023).

#### **Aðrar upplýsingar**

Rípureyja var slegin frá 1. ágúst og fram að göngum. Þegar gott var veður þá var jafnvel legið í tjöldum en annars kom fólk að morgni og fór heim að kvöldi. Um hádegisbil kom einhver ríðandi frá Ríp með hádegismat. Ef mikið var í Vötnunum þá var heyið sett saman við bakkana og geymt þar til ís var kominn á Vötnin en þá var heyið sótt á sleðum. Í tíð heimildamanns var þó ekki notast við heytóftirnar sem þarna eru (munnl. heimild, Pétur Þórarinsson, 17.12.2023).

#### **Ríp-1728-542**

**Hlutverk:** Heytóft

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir og lýsing**



Á loftmynd sjást tvennar tóftir sem líklega eru báðar heytóftir og mundi heimildamaður eftir heytóftum þarna við Kálgarðsbakka sem voru hærri og þurrari en aðrir hlutar eyjunnar. Pétur Þórarinsson sem fæddur er 1933 tók þátt í að heyja eyjuna og notaðist þá við hesta og hestasláttuvélar en þar sem vélinni var ekki komið við var slegið með orfi og ljá (munnl. heimild, Pétur Þórarinsson, 17.12.2023).

#### **Aðrar upplýsingar**

Rípureyja var slegin frá 1. ágúst og fram að göngum. Þegar gott var veður þá var jafnvel legið í tjöldum en annars kom fólk að morgni og fór heim að kvöldi. Um hádegisbil kom einhver riðandi frá Ríp með hádegismat. Ef mikið var í Vötnunum þá var heyið sett saman við bakkana og geymt þar til ís var kominn á Vötnin en þá var heyið sótt á sleðum. Í tíð heimildamanns var þó ekki notast við heytóftirnar sem þarna eru (munnl. heimild, Pétur Þórarinsson, 17.12.2023).

#### **Ríp-1728-543**

**Hlutverk:** Vað

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Þegar farið var í Rípureyju var riðið frá merkjum milli Hamars og Ketu til austurs yfir á Kálgarðsbakkann.

#### **Ríp-1728-544**

**Sérheiti:** Gapi

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá er sagt frá örnefnum í Rípureyju: „Suður við landamerkin að vestan heitir fyrst Stórahólf. Það nær út að Gapa, stórum Skurði, sem lá út og austur í Gapatjörn. Hún er vaxin fergini, og var slegin áður, eins og öll eyjan, að heita mátti.“ (Ríp-Örnefnaskrá (1), bls. 5).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í Rípureyju voru handgrafnir áveituskurðir sem virkuðu þannig að vatni var hleypt á þá á vorin en lokað fyrir á haustin. Þessir skurðir eru nú flestir fallnir saman og hafa fyllst af sandi (munnl. heimild, Þórarinn Pétursson og Birgir Þórðarson, 17.12.2023).

#### **Ríp-1728-545**

**Sérheiti:** Kofabakki

**Hlutverk:** Kofi

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá er sagt frá örnefnum í Rípureyju: „Utan við Gapa er Litlahólf, og síðan er Kofabakki (ath. rangt hjá Margeiri). Hann er þurr og hár sandbakki, gróinn elfting og hrossanál. Þar eru kofarústir, og hefur sjálfsgagt verið engjakofi áður, þótt hann væri hruninn, er Þórarinn og Ólöf mundu eftir.“ (Ríp-Örnefnaskrá (1), bls. 5-6).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í Rípureyju voru handgrafnir áveituskurðir sem virkuðu þannig að vatni var á hleypt þá á vorin en lokað fyrir á haustin. Þessir skurðir eru nú flestir fallnir saman og hafa fyllst af sandi (munnl. heimild, Þórarinn Pétursson og Birgir Þórðarson, 17.12.2023).

#### **Ríp-1728-546**

**Sérheiti:** Tjarnarskurður

**Hlutverk:** Skurður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá er sagt frá örnefnum í Rípureyju: „Norður úr henni [Tjörninni] lá skurður, frekar mjór, en djúpur og vatnsmikill. Hann var oft brúaður, en líka var riðið fyrir munna hans, ef lágt var í Vötnunum. Vað var hvergi á þessum skurði sem hét Tjarnarskurður.“ (Ríp-Örnefnaskrá (1), bls. 6).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í Rípureyju voru handgrafnir áveituskurðir sem virkuðu þannig að vatni var hleypt á þá á vorin en lokað fyrir á haustin. Þessir skurðir eru nú flestir fallnir saman og hafa fyllst af sandi (munnl. heimild, Þórarinn Pétursson og Birgir Þórðarson, 17.12.2023).

#### **Ríp-1728-547**

**Sérheiti:** Markúsarskurður

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá er sagt frá örnefnum í Rípureyju: „Utan við Kofabakka er Norðurbakki. Hann er nokkuð hár og nær út að Markúsarskurði, sem er handgrafinn áveituskurður úr Vötnunum og inn á eyjuna.“ (Örnefnaskrá Rípur (1), bls. 6).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í Rípureyju voru handgrafnir áveituskurðir sem virkuðu þannig að vatni var hleypt á þá á vorin en lokað fyrir á haustin. Þessir skurðir eru nú flestir fallnir saman og hafa fyllst af sandi (munnl. heimild, Þórarinn Pétursson og Birgir Þórðarson, 17.12.2023).

## Ríp-1728-548

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Þegar farið var í Rípureyju var farið til suðurs frá bænum yfir í Hamarsland og þar suður að merkjum en Ríp átti spildu með merkjunum á milli Ketu og Hamars og niður að Héraðsvatnabökkum. Var því farið niður að Vötnunum norðan við merkin og síðan á vaði yfir á Rípureyju (munnl. heimild, Þórarinn Pétursson og Birgir Þórðarson, 17.12.2023).

### Ríp-Samantekt

Ríp er kirkjuförð austanvert á Hegranesi og liggur á milli Hamars að sunnan og Beingarðs að norðan. Jörðin á land vestur frá Hólmatvatni að Héraðsvötnum í austri og á bæði nyrsta hluta Engjaeyjar í Eyhildarholti sem kallast Rípureyja og syðsta hluta Hríseyjar sem liggur undan Rípurmýrum. Ekki er vitað til þess að kirkja hafi staðið annars staðar en á núverandi kirkjustæði [1728-502]. Umhverfis kirkjuna er kirkjugarður sem nýlega hefur verið stækkaður. Gamli bærin [1728-501] sem er horfinn var norður af kirkjunni og áfast við hann fjósið. Þessum byggingum var rutt upp úr 1960. Öskuhaugurinn [1728-506] var austan við bæinn og var öskunni hent fram af hólnum. Eldri öskuhaugur [1728-507] fannst svo vestan við bæinn við rannsókn SCASS. Sunnan við bæinn stóð Þinghúsið [1728-503] í Ríp og stóð það eitthvað fram yfir 1950 en var síðast notað sem útiskemma. Hlaðinn brunnur var norðan við bæinn [1728-517] en hann er horfinn og annar var í hallinu vestan bæjar sem einnig er horfinn [1728-518]. Sunnan og austan bæjar er Kirkjulindin [1728-519] við Kirkjulindarklöpp og þar var einnig leikstaður barna við svonefnda Leikklöpp [1728-520]. Gamla túnið í Ríp var aflangt og lá frá norðri til suðurs. Á túnakorti frá 1918 eru tvö útihús [1728-509 og 511] merkt norðan við bæ og þrenn sunnan bæjar [1728-512, 513 og 514]. Fjárhúsin sem notuð voru á 20. öld voru norðan við bæinn og sér þar enn í steipt gólf [1728-509] en húsin að öðru leyti horfin. Hesthús, hrútakofi og fjós [1728-512] voru á núverandi bæjarstæði þar sem annað íbúðarhúsið stendur og síðan voru fjárhús [1728-514] og hesthús [1728-515] sunnar í túninu en hætt var að nota þau snemma á 20. öld. Vestan við túnið voru blautir flóar og þar var mó- og torftekja [1728-527 og 528]. Þarna eru nú sléttuð tún en tvær mótóftir [1728-530 og 531] eru sunnanvert á Ytri-Móklöpp og önnur norðan við heimreiðina [1728-525]. Birgir Þórðarson bóndi á Ríp nefnir að þegar hann var að vinna þarna tún hafi hann komið niður á hleðslur sem hann taldi vera upphlaðinn veg [1728-533] yfir flóann. Heimildamaður getur þess að stekkur [1728-523] hafi verið austur undan Ytri-Móklöpp en hann fannst ekki við skráningu. Lítil þúst [1728-529], líklega manngerð, er suður við merkin á milli Rípur og Hamars en hlutverk hennar óljóst. Þarna

við merkin voru mógrafir [1728-529] sem sjást á gömlum loftmyndum en eru komnar í tún. Norðan við gamla túnið en utan þess er tóft grjóthlaðinnar réttar [1728-524] og þar norðvestar er lítil stekkjartóft [1728-521]. Norðan stekkjarsins er svo grjóthrúga [1728-522], líklega leifar vörðu. Tvenn kvíaörnefni [1728-510 og 523] eru í Rípurlandi en engin kvíatóft fannst við skráningu og ekki eru heimildir um slíka.

Engjar voru austan við bæinn að Héraðsvötnum. Þar voru skráð þrenn heystæði [1728-537, 538 og 539]. Vað [1728-543] var á austurbakka Hegraness um það bil þar sem landamerki Hamars og Ketu eru og yfir á Rípureyju og lá engjavegurinn [1728-548] um land Hamars og síðan til austurs norðan með merkjunum. Á eyjunni voru engi og var hún heyjuð og einnig var fé haft þar á beit, að minnsta kosti á 20. öldinni. Í eyjunni eru minjar um kartöflugarða [1728-540], heytóftir [1728-541 og 542] og áveituskurði sem flestir eru orðnir fullir af sandi og óljósir [1728-546 og 547]. Á fyrri hluta 20. aldar var bæði slegið með hestasláttuvél og orfi og ljá þar sem ekki var hægt að beita vélinni. Sláttur hófst 1. ágúst og stóð fram að göngum. Ef of mikið vatn var í Vötnunum til að flytja heyið heim var þar sett upp á svonefndum Kálgarðsbakka og geymt til veturs og var þá flutt heim á sleðum. Einnig var heyjað frá Ríp á þeim hluta Hríseyjar sem tilheyrir jörðinni.

Vestan Hegranesvegur fundust engar minjar aðrar en vörður [1728-535 og 549] og stór grjóthrúga [1728-536] en þar lágu líka götur frá norðri til suðurs sem kölluðust Miðvegur [1728-728] og eru skráðar í kaflanum um leiðir.

Ríp er kirkjujörð og þangað liggja messuleiðir úr öllum áttum. Messuleið var frá Hróarsdal [1728-330] og Kárastöðum og Hellulandi og tengist flestar þessara leiða þegar nær dregur Ríp. Leið [1728-742] liggur í átt til Hellulands og leið [1728-734] á milli Áss og Eggjar. Bakkavegur [1728-729], ein af aðalleiðum um héraðið, liggur meðfram Héraðsvatnabökkum. Miðvegur [1728-728], ein þriggja aðalleiða um nesið liggur líka í gegnum Rípurland, vestanvert.

## Beingarður

### Söguágrip

Beingarðs er fyrst getið ráðsmannsreikngum Hólastaðar frá 1388 um byggingar á jörðum staðarins og voru tekjur af Beingarði þá 2,5 merkur í vaðmálum hálf hvort og kúgildi 4,5 kýr og 11,5 ær.<sup>75</sup> Beingarður var seldur með öðrum stólsjörðum 1802 og var jörðin þá í eyði.

Beingarður er talin með Ási í *Jarðabókinni* 1713 og um hann segir „Eyðikot, hefur í auðn legið næstu 9 ár“ og var eigandinn Hólastóll. Þess er getið að aftur megi jörðina byggja fáist til þess leiguliði.<sup>76</sup> Jörðin virðist hafa verið í eyði meira og minna á 18. öld.<sup>77</sup> Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi (bls. 74) segir að Beingarður hafi tilheyrt Rípi til forna með einum eða öðrum hætti og voru þá engin ákveðin landamerki á milli jarðanna en þau voru ekki staðfest fyrir en 1841 þegar Rípurprestur og Sigurður Pétursson í Ási gerðu með sér samkomulag um merkin.<sup>78</sup>

Landskuld á meðan jörðin var byggð var 40 álnir og jarðardýrleiki sex hundruð. Af hlunnindum er sagt að torfrista og stunga séu bjargleg, reiðingsrista sé engin og ekki viti menn um mótak.<sup>79</sup> Jörðin var seld 1802 með öðrum eignum Hólastóls og var þá einnig í eyði.<sup>80</sup> Beingarður átti engjapart austur í Héraðsvötnum sem var samfastur Rípurlandareign.<sup>81</sup>

---

<sup>75</sup> Íslenskt fornbréfasafn III; 408, 413.

<sup>76</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 65.

<sup>77</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 74.

<sup>78</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 74.

<sup>79</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 65.

<sup>80</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 72.

<sup>81</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 73.

## Fornleifaskráning



*Mynd 270. Bærinn [1728-550] stóð á þessum slóðum. Til vinstri er yngra íbúðarhúsið og eldra íbúðarhúsið er fyrir miðri mynd. Horft er til austurs.*

### **Beingarður-1728-550**

**Sérheiti:** Beingarður

**Hlutverk:** Híbyli, fjós

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Gamli bærinn var að líkindum á milli eldra og núverandi íbúðarhúss í Beingarði en nákvæm staðsetning er ekki þekkt. Fjósið var norðan við bæinn, nokkurn veginn þar sem norðurendi núverandi íbúðarhúss er (munnl. heimild, Stefanía Birna Jónsdóttir, 20.09.2018).

### **Lýsing**

Sunnan við núverandi íbúðarhús eru smá þústir og ójöfnur sem gætu verið leifar gamla bæjarins en erfitt að fullyrða um það. Bærinn var staðsettur miðað við lýsingu heimildamanns en gera má ráð fyrir að einhverri skekkju.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Torfbærinn var á sama hólnum og núverandi íbúðarhús og ekki vitað um annað bæjarstæði eldra. Baðstofan var byggð 1906.“ (bls. 74). Árið 2017 voru teknir 200 borkjarnar á vegum SCASS verkefnisins og var niðurstaðan sú að bærinn og tilheyrandi útihús hefðu verið á núverandi bæjarstæði frá upphafi byggðar í Beingarði.

Beingarður var líklega fyrst byggð á seinni hluta 10. aldar og er frekar lítil jörð í samanburði við aðrar jarðir á Hegranesi. Bæjarstæðið teygir sig suður og austur fyrir eldra íbúðarhúsið og komu byggingarleifar í ljós í könnunarskurði sem tekinn var við suðausturhorn hússins (J. Steinberg o.fl., 2017).



*Mynd 271. Horft er til VSV heim að bæ í Beingarði. Öskuhóllinn [1728-551] var framan og vinstra megin við hvíta íbúðarhúsið og gamli bærinn [1728-550] þar á bakvið.*

### **Beingarður-1728-551**

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Öskuhaugur

**Hættumat:** Hætta vegna rofs, minjarnar eru horfnar af yfirborði en það sér í móösku og fleira á bæjarstæðinu en þar var afgirt hólfi fyrir hesta

#### **Staðhættir**

Við vettvangsrannsókn á vegum SCASS verkefnisins í Beingarði árið 2017 fannst mest af ösku austan og suðvestan við eldra íbúðarhúsið í Beingarði. Svæðið er gróðurlaus og sáust aska og bein á yfirborði (J. Steinberg o.fl., 2017). Þarna er nokkuð af grjóti á víð og dreif sem gæti verið úr eldri byggingum. Þegar fornleifaskráning fór fram var þarna afgirt hestahólf og má segja að minjar í efstu jarðlögum geti verið í hættu vegna rofs af völdum búfjár.

#### **Aðrar upplýsingar**

Töluvert af gripum fundust í könnunarskurðinum á Beingarði og má m.a. nefna; nagla, brýni, hluta úr kambi, ýmsa skrautsteina, leður, hluta úr beinprjónum, m.a. með útskornum haus af

dýri. Gripirnir eru skráðir með mynd í Menningarsögulega gagnasafnið SARP (J. Steinberg o.fl., 2017).



Mynd 272. Yfirlitsmynd af minjum í og við tún á Beingarði.

### **Beingarður-1728-552**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 má sjá matjurtagarð sunnan við bæinn í Beingarði.

#### **Lýsing**

Bærinn var á svipuðum stað og íbúðarhúsin í Beingarði eru nú og miðað við túnakortið þá hefur matjurtagarðurinn verið syðst á bæjarhólnum eða í brekkunni sunnan við bæinn. Ekkert sést til garðlaga þarna en brekkan snýr mót suðri og þarna hefur verði kjörinn staður fyrir matjurtagarð.

### **Beingarður-1728-553**

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Heimild



### **Staðhættir og lýsing**

Samkvæmt heimildamanni var brunnur við norðurenda skurðar sem er um 125m austur frá yngra íbúðarhúsinu í Beingarði (munnl. heimild, Stefanía Birna Jónsdóttir, 20.09.2018). Brunnurinn sést ekki lengur og þarna er nú túnjaðar og uppmokstur úr vélgröfnum skurði.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Vatn var sótt í brunn sem var í túninu skammt austur frá bænum.“ (bls. 74).

### **Beingarður-1728-554**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Á túnakorti af Beingarði frá 1918 er merkt búpeningshús um 30m norður af gamla bænum þar sem nú er bílastæði yngra íbúðarhússins.

### **Lýsing**

Á loftmynd frá 1954 eru þarna nokkuð stór útihús sem nú eru horfin (L1217-L12-3960). Húsið var staðsett út frá túnakorti og samkvæmt loftmyndinni en gera má ráð fyrir einhverri skekkju.

### **Aðrar upplýsingar**

Við borkjarnansókn SCASS í Beingarði árið 2017 fundust á þessum slóðum bæði torf og aska og hefur hugsanlega verið mannvirki þarna frá því fyrir 1104 (John Steinberg o.fl., 2017).

### **Beingarður-1728-555**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Á túnakorti af Beingarði frá 1918 er merkt búpeningshús um 130m norðaustur frá gamla bænum, nokkurn veginn þar sem núverandi fjárhús eru.

### **Lýsing**

Núverandi fjárhús eru byggð 1958 (*Byggðasaga Skagafjarðar V*, bls. 72) og standa að líkindum á sama eða mjög svipuðum stað og eldri húsin sem voru staðsett eftir túnakorti sem lagt var yfir loftmynd. Gera má ráð fyrir einhverri skekkju á hnitum. Þessi hús sjást á loftmynd frá 1956 (L1217-L12-3960).

### **Beingarður-1728-556**

**Hlutverk:** Rétt, hesthús og lambhús

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Í afgirtu hólfi 110m NNA af íbúðarhúsinu í Beingarði eru tveir steiptir hliðarstólpar og vestan við þá en norðan girðingar var áður hesthús og lambhús með áfastri hestarétt sem nú eru horfin. Stólparnir eru á sínum stað en nú fallnir. Heimildamaður man eftir þessum húsum uppistandandi og tóftir þeirra sjást á loftmynd frá 1985 (munnl. heimild, Stefanía Birna Jónsdóttir, 20.09.2018; LMI-Kort-J11-J-1959).

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Ábúandi kannast ekki við kvíar en í Beingarði var hestarétt sem var notuð síðast þegar fráfærur voru stundaðar.“ (bls. 75).



*Mynd 273. Hænsnakofi [1728-557] stóð þar sem grjóthrúgan er í dag. Í baksýn sést í bæinn í Beingarði. Horft er til suðurs.*

### Beingarður-1728-557

**Hlutverk:** Óþekkt, hænsnakofi

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Í afgirtu hólfi, 100m NNA frá íbúðarhúsinu, er stærðarinnar grjóthrúga. Þar stóðu áður fyrr torfhús.

### Lýsing

Húsið sem búið er að rífa var síðast notað sem hænsnakofi en

heimildamaður vissi ekki hvert upprunalegt hlutverk var (munnl. heimild, Stefanía Birna Jónsdóttir, 20.09.2018). Þarna sést lítið hús á loftmynd frá 1956 og þau sjást enn 1985 en einhver óljósari ummerki eru á mynd frá 1996 (L1217-L12-3960; LMI-Kort-J11-J-1959; LMI-Kort-M01-M-0096).

### Beingarður-1728-558

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 liggur hemreiðin til norðurs frá bænum. Hún er horfin en var staðsett með því að leggja túnakortið yfir hnitsetta loftmynd. Gera má ráð fyrir skekkju.



Mynd 274. Fjánhústóft [1728-559]. Horft er til austurs.

### Beingarður-1728-559

**Hlutverk:** Fjánhús, útihús

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 135m austur og örlítið norður frá yngra íbúðarhúsinu í Beingarði er fjánhústóft. Tóftin er rétt um 15m suðaustur frá núverandi fjárhúsum.

**Lýsing**

Tóftin er 11x13m að utanmáli og snýr norður-suður.

Dyr hafa snúið til vesturs. Til norðurs eru fjárhús með grjóthlöðnum garða og steyptri plötu. Inn af garðanum eru dyr og hafa legið inn í heytóft sem var þvert á húsin að austan. Sunnan við fjárhúsin er stök kró og er aðeins neðsti hluti veggja hennar eftir. Í fjárhúsunum voru veggir nokkuð stæðilegir þegar skráning fór fram. Neðstu hlutar eru hlaðnir úr grjóti í streng en ofar eru nokkrar gerðir af hnausum. Við tóftardyrnar eru hornhnausar en annars staðar klömbruhnaus og kannski kvíahnaus. Veggurinn á milli fjárhúsa og heytóftar er heillegastur og er hann um 170cm hár en aðrir veggir eru lægri. Breidd veggja er mest um 1,5m. Tóftin er gróin bæði grasi og blómgróðri en vegghleðslur sjást víða vel. Heimildamaður man eftir fjárhúsunum uppistandandi og með hurð en syðri húsin voru fallin. Þau hús voru notuð fyrir naut (munnl. heimild, Stefanía Birna Jónsdóttir, 20.09.2018). Á loftmyndum sést að húsin voru enn uppistandandi árið 1986 en 1996 var þakið fallið (LMI-Kort-J11-J-1959; LMI-Kort-M01-M-0096).

### Beingarður-1728-560

**Hlutverk:** Óþekkt, útihús

**Tegund:** Dæld

**Staðhættir**

Um 135m austur og örlítið norður frá yngra íbúðarhúsinu í Beingarði er fjánhústóft og við suðausturhorn hennar er aflöng dæld.

**Lýsing**

Dældin er 4,5x14m að utanmáli og snýr norður-suður. Hún er grasi gróin og um 20cm djúp en aðeins reglulegri og dýpri til suðurs. Óvíst er um aldur og hlutverk en þarna virðist hafa staðið eitthvað mannvirki.



*Mynd 275. Tóft [1728-561], líklega stekkjartóft. Horft er til austurs.*

### **Beingarður-1728-561**

**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Um 230m NNV af íbúðarhúsinu í Beingarði, tæplega 30m austan vegar um Hegranes, á milli tveggja klettaborga er tóft.

#### **Lýsing**

Tóftin er um 6x6m að utanmáli og hafa verið tvennar dyr eða hlið á henni sem snéru til austurs. Hún er að líkindum tvískipt en mikill gróður var á tóftinni þegar skráning fór fram og því svolítið erfitt að greina útlínur nákvæmlega. Veggir eru 20-40cm háir og um 80cm breiðir. Þeir eru algrónir grasi en það sést í grjót í hleðslum á nokkrum stöðum. Hlutverk er óvíst en líklega er þetta stekkjartóft.



Mynd 276. Höfði, huldufólksbústaður [1728-562], og suður undir honum leikstaður barna [1728-563]. Horft er til norðurs.

### **Beingarður-1728-562**

**Sérheiti:** Höfði

**Hlutverk:** Huldufólksbústaður

**Tegund:** Klettur, heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Tæplega 90m norðvestur frá íbúðarhúsinu á Beingarði er klettaborg sem heitir Höfði og mun samkvæmt heimildum vera huldufólksbústaður.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Skammt norðvestur frá bænum, austan þjóðveggar, er klettaborg, sem heitir Höfði og er huldufólksklöpp, suðurendinn á Bæjarásnum svonefnda.“ (bls. 73).

### **Beingarður-1728-563**

**Hlutverk:** Leikstaður barna

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Tæplega 90m norðvestur frá íbúðarhúsinu á Beingarði er klettaborg sem heitir Höfði og mun samkvæmt heimildum vera huldufólksbústaður. Sunnan undir honum var leikstaður barna.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Sunnan í klöppinni [suðurendinn á Bæjarásnum] er smámunni og þar voru barnaleikföng geymd.“ (bls. 73).

### **Beingarður-1728-564**

**Hlutverk:** Óþekkt, áveita, girðing

**Tegund:** Garðlag

### **Staðhættir og lýsing**

Engin eru austan bæjar og ná austur að kvísl úr Héraðsvötnum. Aðeins eitt garðlag fannst þar við skráningu en það er ekki við kvíslina sem rennur með Beingarðslandi og því óvíst hvert hlutverk þess er.

### **Lýsing**

Garðlagið er gróið, tæplega 500m langt og liggur nokkurn veginn vestur-austur en austurhluti hallar eilítið til suðausturs. Mesta hæð er 40cm. Hlutverk er óvíst en hugsanlega er þetta undan girðingu eða mögulega áveitugarður.

### **Beingarður-1728-565**

**Hlutverk:** Landamerkjagarður

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Á merkjum Beingarðs og Rípur er stærðarinnar steinn (Grettistak) sem kallast Beinir. Steinninn stendur á klöpp og liggur merkjagirðingin fast norðan við hann. Heimildir geta þess að merkjagarður hafi legið frá honum til austurs en þessi garður er horfinn.

### **Lýsing**

Til austurs frá Beini eru um 100m að skurðenda og eru skurðir að mestu á merkjum Rípur og Beingarðs í dag. Garðurinn gæti því verið horfinn að mestu vegna skurðgraftar. Ekkert garðlag var á þessum hundrað metrum frá steininum og að skurðinum.

### **Aðrar upplýsingar**

Í Örnefnaskrá segir: „Beinir er stór, grár steinn, „Grettistak“, á ásunum fyrir sunnan og vestan bæinn. Er hann á landamerkjum Beingarðs og Rípur, og dregur bærinn nafn af honum, því frá honum liggur forn landamerkjagarður austur yfir sundin ofan að eylendinu.“ (Örnefnaskrá Beingarðs, bls. 1).



*Mynd 277. Beinir. Horft er til austurs og sést bærin á Beingarði vinstra megin við steininn en hægra megin er Rípurland.*

### **Beingarður-1728-566**

**Sérheiti:** Beinir

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Steinn

### **Staðhættir og lýsing**

Á merkjum Beingarðs og Rípur er stærðarinnar steinn (Grettistak) sem kallast Beinir. Steinninn stendur á klöpp og liggur merkjagirðingin fast norðan við hann.

Heimildir geta þess að

merkjagarður [1728-565] hafi legið frá honum til austurs en þessi garður er horfinn.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir í myndatexta: „Beinir (65°48'820/19°28'100), landamerkjasteinn á milli Rípur og Beingarðs. Hann er nokkurra tonna grettistak, stendur á langri klapparbrún og ber við vesturfjöllin heima frá Beingarði séð. Sumir telja að nafn bæjarins sé af steininum dregið.“ (bls. 74). Í örnefnaskrá segir: „Beinir er stór, grár steinn, „Grettistak“, á ásunum fyrir sunnan og vestan bæinn. Er hann á landamerkjum Beingarðs og Rípur, og dregur bærin nafn af honum, því frá honum liggur forn landamerkjagarður austur yfir sundin ofan að eylandinu.“ (Beingarður-Örnefnaskrá, bls. 1).



Mynd 278. Stekkjartóftin [1728-567] undir Einbúa er fyrir miðri mynd. Horft er til norðausturs.

## **Beingarður-1728-567**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Í grasi gróinni brekku sunnan undir hól er stekkjartóft. Tóftin er 400m norðvestur af íbúðarhúsinu í Beingarði og 260m vestur af veginum um Hegranes. Hóllinn sem tóftirnar eru við er í miðju þriggja hóla sem einu nafni kallast Einbúar.

### **Lýsing**

Stekkjartóftin liggur norður-suður og er 4x10m að utanmáli. Lambakró til norðurs en rétt til suðurs. Hlið hafa verið á báðum hólfum og snúið mót vestri. Veggir eru 20-40cm háir og um 90cm breiðir. Þeir eru algrónir grasi, mosa og blómgróðri. Um 5m austur af tóftinni var smá þúst um 20cm há og um metri í þvermál, hugsanlega smá veggjabrot.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Nokkru vestan við veginn eru þrjár aflangir hólar norðan til í landinu, hlið við hlið með sundum á milli og snúa haus til suðurs. Heita þeir Einbúar. Sunnan undir miðhólnum er lítil tóftaleif, líklega af stekk (65°40'975/19°27'966).“ (bls. 75).





*Mynd 279. Lítil varða [1728-568] á klettaborg. Horft er til suðurs.*

kringum vörðuna.

### **Beingarður-1728-568**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Tæplega 90m austur af suðurenda Urriðatjarnar er klettaborg og syðst á henni er lág varða.

#### **Lýsing**

Varðan er rétt um 20cm há en 70x80cm að grunnmáli. Hún hefur að líkindum verið aðeins hærrí en nokkrir lausir steinar liggja í



*Mynd 280. Tóft [1728-569]. Horft er til suðurs.*

utanmáli og algróin grasi, mosa og lyngi. Veggir eru 10-30cm háir og um metri á breidd. Þeir eru að hluta komnir í þúfur. Hlutverk er óljóst.

### **Beingarður-1728-569**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Tæplega 90m austur af suðurenda Urriðatjarnar er klettaborg og syðst á henni er lág varða [1728-568]. Suður undir klettaborginni, 30m suðaustur af vörðunni er tóft.

#### **Lýsing**

Tóftin er um 6x7m að



Mynd 281. Varða [1728-570]. Horft er til norðurs.

### Beingarður-1728-570

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Miðvegur [1728-728] lá langsum eftir Hegranesi frá Eyhildarholti að Vatnskoti og í landi Beingarðs liggur hann í stefnuna norður-suður frá merkjum við Vatnskot að merkjum við Ríp. Varða er 30m austan við Miðveg, ca.

660m VNV af íbúðarhúsinu í Beingarði.

#### Lýsing

Varðan er 60cm há og þökkalega stæðileg. Hún stendur á hæðarbrún og sést vel frá Miðvegi.



Mynd 282. Smá varða eða grjóthrúga [1728-571]. Horft er til suðurs.

### Beingarður-1728-571

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

**Staðhættir**

Miðvegur [1728-728] lá langsum eftir Hegranesi frá Eyhildarholti að Vatnskoti og í landi Beingarðs liggur hún í stefnuna norður-suður frá merkjum við Vatnskot að merkjum við Ríp. Varða [1728-570] er 30m austan við Miðveg, ca. 660m VNV af

íbúðarhúsinu í Beingarði og 120m sunnan við hana er grjóthrúga.

#### Lýsing

Hrúgan er um 40m austur af Miðvegi og hefur efalítið verið til þess að varða veginn en óvíst hvort hún hafi einhvern tímann verið upphlaðin. Um er að ræða nokkur grjót sem liggja í hrúgu efst á klöpp og sést hún ágætlega að.

## Beingarður-Samantekt

Beingarður er fremur lítil jörð og liggur á milli Áss að norðan en Rípur að sunnan. Flestar minjanna í Beingarði eru í námunda við bæinn en einnig eru nokkrar tóftir vestan Hegranesvegur. Niðurstöður fornleifarannsókna í Beingarði sýna að jörðin hafi líklega byggst á seinni hluta 10. aldar og er þegar í upphafi frekar lítil í samanburði við aðrar jarðir í Hegranesi. Elsta bæjarstæðið teygir sig suður og austur fyrir eldra íbúðarhúsið í Beingarði og þar er öskuhóllinn [1728-551] (J. Steinberg o.fl., 2017). Síðasti torfbærinn [1728-550] var á núverandi bæjarhól og fjósið norðan hans, við norðausturhorn yngra íbúðarhússins. Matjurtagarður [1728-552] var sunnan við bæinn en hann sést ekki lengur. Austan við bæinn, sunnan við núverandi útihús, er fjárhústóft [1728-559] og mögulega leifar annarrar þar sunnan við [1728-560]. Norðan við núverandi íbúðarhús voru útihús [1728-554] og tvenn norðar í túninu [1728-556 og 557] og útihús [1728-555] voru fast austan við núverandi fjárhús. Brunnur [1728-553] var í túnjaðrinum austur af bæ en hann sést ekki lengur. Höfði heitir klettaborg norðvestur af bæ og var hann huldufólksbústaður [1728-562] en suður undir Höfðanum var leikstaður barna [1728-563]. Á engjunum austan við bæ var aðeins skráð eitt garðlag [1728-564] en hlutverk þess er ekki ljóst. Austan Hegranesvegur, 230m NNA af íbúðarhúsinu, er lítil tóft [1728-561], líklega stekkjartóft, í kverkinni á milli tveggja klettaborga. Austan vegar eru þrjár hólar sem heita Einbúar og sunnan undir miðhólnum er lítil stekkjartóft [1728-567], tæplega 400m norðvestur af bæ. Alfaraleið lá frá norðri til suðurs í gegnum Beingarðsland og á klettabrún, meðfram götunni eru tvær vörður [1728-570] en önnur vart meira en bara grjóthrúga [1728-571]. Þriðja varðan [1728-568] er austan við suðurenda Urriðavatns og stendur hún syðst á klettaborg og í brekkunni suður undan borginni er lítil tóft [1728-569]. Beinir heitir stórt Grettistak [1728-566] á merkjum Beingarðs og Rípur og er heimild um merkjagarð að honum en hann sést ekki lengur.

Um Beingarð liggja þrjár leiðir, Bakkavegur [1728-729] eftir Héraðsvatnabökkum, leiðin á milli Áss og Eggjar [1728-734] og leiðin milli Hellulands og Rípur [1728-742] liggur að hluta í gegnum Beingarðsland.

## Ás

### Söguágrip

Ási hefur verið skipt í tvær lögbýlisjarðir, Ás I og Ás II, og skiptist land í aðalatriðum þannig að Ás 1 á norðurhluta jarðarinnar en Ás II suðurhlutann.<sup>82</sup> Ás var eitt af höfuðbólum Ásbirninga á 12. og 13. öld og kemur alloft fyrir í Sturlungasögu, fyrst árið 1173.<sup>83</sup> Ás var talin landnámsjörð en hvergi er beinlínis getið um landnám Hegranness í Landnámu. En í ættarsögum Hródælinga eru sagnir um að Hávarður hegri hafi fyrst reist byggð sína á Hegrastöðum en síðar flutt bæinn á núverandi bæjarstæði þegar hann fékk að kynnast norðanáttinni.<sup>84</sup>

Í máldaga Ólafs Rögnvaldssonar biskups frá 1461 kemur fram að alkirkja sé í Ási og þar skuli sitja prestur.<sup>85</sup> Um kirkjuna segir í *Jarðabók* frá 1713. „Hálfkirkja hefur hér að fornu verið og stendur húsið enn með girðingum í kring, en hafa þó ekki verið tíðir veittar í manna minni.“

Vatnskot var hjáleiga frá Ási og var jarðardýrleiki, með hjáleigunni sem talin var var fjórðungur jarðarinnar, 60 hundruð. Í Jarðatali Johnsens 1847 er Ás metin á 50 hundruð og Vatnskot á 10 hundruð.<sup>86</sup> Af hlunnindum er torfrista og stunga sögð lök og sendin, reiðingsrista engin og hrísrif varla teljandi og auk þess sé silungsveiðivon lítil í Ásvatni. Rekavon var sögð góð og átti jörðin allan reka austur frá Garðssandi og allt til Lónsóss.

Í *Jarðabókinni* 1713 er þess getið að Ás hafi átt selstöðu vestur á Fannstöðum fyrir vestan Skálahnjúk.<sup>87</sup> Auk Vatnskots og Beingarðs getur *Jarðabókin* 1713 um eyðibýlin Túnfót með girðingu sem stekkurinn stendur á, Hafurstaði eða Næfurstaði með girðingu og tóftaleifum, Hegrastaði með lítilli girðingu og Gunnlaugsgerði sem er sagt fjárhússtæði ekki með girðingu. Er þess getið að menn sjái ekki líkindi til þess að búið hafi verið á þessum stöðum.<sup>88</sup> Hegrastaðir og Gunnlaugsgerði eru horfin en minjar eru á Næfurstöðum, Túnfæti og Minni-Ási sem ekki er getið um í *Jarðabókinni*. Allir þessir staðar að Gunnlaugsgerði undanskildu hafa verið rannsakaðir í tengslum við FLASH verkefnið og fundust ummerki um búsetu á þeim öllum fyrir árið 1000.<sup>89</sup>

<sup>82</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 47.

<sup>83</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 57; Sturlunga saga I, 125.

<sup>84</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 48.

<sup>85</sup> Fornbréfasafn Íslands DI V, 360.


<sup>86</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 64; Jarðatal Johnsen, 276-277.

<sup>87</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 64.

<sup>88</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 65.

<sup>89</sup> Kathryn Catlin o.fl., 2018.

## Fornleifaskráning



Mynd 283. Minjar á og við bæjarstæði Áss.

### Ás-1728-572

**Sérheiti:** Ás

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Gamla bæjarstæðið í Ási er rúmlega 70m neðan eða suðaustan við íbúðarhúsið í Ási 1. Um staðsetningu torfbæjarins segir í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Nítjándu aldar torfbærinn í Ási stóð rétt vestan við grunn ytra hússins, en norðan við skemmur tvær. Þær stóðu áfram eftir að torfbærinn var rifinn, langt fram á 20. öld.“ (bls. 53).

### Lýsing

Búið er að rífa torfbæinn og þarna er nú malarplan og grasflöt sunnan við steipt fjárhús. Ekkert sér eftir af torfbænum en hann var staðsettur eftir lýsingu í *Byggðasögu Skagafjarðar* og hnitsettu túnakorti. Gera má ráð fyrir allt að 15m skekkju.



Mynd 284. Grunnur eldra íbúðarhússins [1728-573] í Ási byggt á árunum 1862-1865. Horft er til norðausturs.

### Ás-1728-573

**Sérheiti:** Ás

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Hleðsla, húsgrunnur, steinsteypa

### Staðhættir

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Árið 2010 sjást aðeins eftir grunnar húsanna gömlu í Ási. Enn stendur þó steypdur skorsteinn af eldra og ytra húsinu, sem tilheyrði Ási II, byggður upp með norðurgaflinum að utan til að tengja í hann eldavel sem notuð var á eftir hæð hússins. Inni í húsinu var hins vegar múrþípa hlaðin úr dönskum múrsteini.“ (bls. 54).

### Lýsing

Enn sést grunnur eldra íbúðarhússins í Ási og var hann grjóthlaðinn og enn standa tvær raðir af grjóti. Nyrst á grunninum er uppstandandi steypdur skorsteinn. Grunnurinn er um 7x12m að utanmáli.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Árið 1862 hóf Ólafur Sigurðsson undirbúning að byggingu á timburhúsi og lauk því að mestu 1865.“ (bls. 53).



Mynd 285. Grunnur yngra timburhússins [1728-574] í Ási sem síðar var flutt og stendur nú á lóð Byggðasafns Skagfirðinga í Glaumbæ. Horft er til suðvesturs.

### **Ás-1728-574**

**Sérheiti:** Ás

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Húsgrunnur, steinsteypa, hleðsla

### **Staðhættir**

Tveir húsgrunnar eru enn á gamla bæjarstæðinu í Ási en önnur ummerki um byggingar eru horfnar eða að mestu horfnar.

### **Lýsing**

Vestari grunnurinn er af húsi sem reist var í kringum 1884-1885 og stendur nú í Glaumbæ á Langholti og hýsir kaffihús og sýningar Byggðasafns Skagfirðinga. Húsgrunnurinn er 7x12m að utanmáli. Kjallarinn er allt að 130cm djúpur og er gróinn en steypa og grjóthleðslur eru sýnilegar. Mikið af ljósatvítönn vex í húsgrunninum.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Árið 1884 byrjaði Ólafur smíði annars timburhúss (...) Steinhlaðinn kjallari var undir öllu húsinu. Veggirnir múraðir að innan. Múrsteinar voru milli þilja. Grind hússins var öll töppuð saman. Þiljur felldar saman í nótt, heildar fjalir frá gólfi

til lofta voru ónegldar.“ (bls. 54). Þetta hús var síðar gefið Byggðasafni Skagfirðinga og flutt í Glaumbæ sunnudaginn 3. mars 1991 þar sem það var sett á steinhlaðinn kjallara og lauk viðgerðum 1994. Þá vildi ekki betur til en svo að það kviknaði í húsinu og urðu þó nokkrar skemmdir. Viðgerð var þá hafin á ný og var húsið opnað almenningi 1. júní 1995 (*Byggðasaga Skagafjarðar V.* bindi, bls. 54). Áshúsið hýsir nú kaffihús og sýningar safnsins.

#### **Ás-1728-575**

**Hlutverk:** Kirkja

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Ekkert sér eftir af kirkju og kirkjugarði sem stóðu samkvæmt heimildum norðvestan við torfbæinn en þarna er nú aðeins gróin flöt og engin ummerki að sjá.

#### **Lýsing**

Leitað var að kirkjugarði og/eða kirkju í tengslum við SCASS verkefnið en hvorugt fannst við leit á svæðinu (munnl. heimild, Guðný Zoëga fornleifafræðingur, desember 2023). Minjarnar eru staðsettar eftir lýsingum fyrrum ábúanda og rituðum heimildum og má gera ráð fyrir allt að 15m skekkju.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Kirkjan stóð norðvestan við torfbæinn og sá enn til leifa hennar og grafreitsins 1974, eftir því sem talið er í örnefnaskrá. Nú eru þau ummerki torfundin.“ (bls. 52). Í örnefnaskrá segir: „Bænhús var áður eða hálfkirkja í Ási og á að hafa staðið fyrir austan íbúðarhúsin, sem nú eru, og hefir heitið Bænhúsvöllur túnskiki þar umhverfis. Þar sést fyrir kirkjugarði, en ekki leiðum.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 1). Í riti Sigríðrar Sigurðardóttur *Miðaldakirkjur 1000-1300* (bls. 32) segir: „Í Ási í Hegranesi var graftrækirkja með prestskyldu á 15. öld. Stóð kirkjuhúsið uppi með girðingum samkvæmt Jarðabók 1713 en tíðar ekki veittar í manna minni. Síðast var grafið í garðinn 1823. Árið 1938, þegar þar stóðu skemmur, sást enn votta fyrir hinglaga garðleif eins og enn var norðan við gamla torfbæinn 1974“.

#### **Ás-1728-576**

**Hlutverk:** Kirkjugarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Ekkert sér eftir af kirkju og kirkjugarði sem stóðu samkvæmt heimildum norðvestan við torfbæinn en þarna er nú aðeins gróin flöt og engin ummerki að sjá.



### **Lýsing**

Leitað var að kirkjugarði og/eða kirkju í tengslum við SCASS verkefnið en hvorugt fannst við leit á svæðinu (munnl. heimild. Guðný Zoëga fornleifafræðingur, desember 2023). Minjarnar eru staðsettar eftir lýsingum fyrrum ábúanda og rituðum heimildum og má gera ráð fyrir allt að 15m skekkju.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Kirkjan stóð norðvestan við torfbæinn og sá enn til leifa hennar og grafreitsins 1974, eftir því sem talið er í örnefnaskrá. Nú eru þau ummerki torfundin.“ (bls. 52). Í örnefnaskrá segir: „Bænhús var áður eða hálfkirkja í Ási og á að hafa staðið fyrir austan íbúðarhúsin, sem nú eru, og hefir heitið Bænhúsvöllur túnskiki þar umhverfis. Þar sést fyrir kirkjugarði, en ekki leiðum.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 1).

### **Ás-1728-577**

**Hlutverk:** Skemmur

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Samkvæmt lýsingu Valgarðs Einarssonar í Ási frá 1997 voru á fyrri hluta 20. aldar tvær geymsluskemmur norður frá eldra íbúðarhúsinu. Eftir skiptingu jarðarinnar 1938 var þriðja skemman flutt þangað norður fyrir hinar tvær. Hún var notuð sem smiðja Einar Guðmundssonar. Innan við físiselginn í smiðjunni var svolítið pláss og þar var grafin niður þró til að geyma í kartöflur. Þá komu upp mannabein sem segja til um kirkjugarðinn. Rétt vestan við þá skemmu mótaði fyrir hringlaga torfgarði, vísast minjar kirkjugarðsins.“ (bls. 52).

### **Lýsing**

Skemmurnar eru allar horfnar og sér ekkert á yfirborði en þær voru staðsettar með því að leggja túnakort frá 1918 yfir hnitsetta loftmynd. Gera má ráð fyrir allt að 15m skekkju.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Í ytri skemmuni (miðskemmuni eftir að þeirri þriðju var bætt norðan við) var loft og þar var vefstóllinn geymdur milli þess sem hann var í notkun.“ (bls. 53).

### **Ás-1728-578**

**Hlutverk:** Silfurpeningar

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Jón Sigurjónsson notaði annað skemmustæðið fyrir haugstæði eftir að þakið var af henni og vor eitt um 1950, eftir að krakkar hans höfuð mokað

upp úr skemmubotninum og flutt á tún, fundust þar nokkrir gamlir silfurpeningar þegar verið var að raka af. Höfðu þeir borist með mykjunni á túnið og áreiðanlega komið upp úr skemmubotninum.“ (bls. 53).

#### **Ás-1728-579**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er merktur matjurtagarður austan og norðaustan við eldra timburhúsið [1728-573]. Þarna er nú sléttað gróið svæði og engin ummerki sáust um garðinn.

#### **Lýsing**

Matjurtagarðurinn var staðsettur með því að leggja túnakort frá 1918 yfir hnitsetta loftmynd. Gera má ráð fyrir einhverri skekkju.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Í ytri skemmuni (miðskemmuni eftir að þeirri þriðju var bætt norðan við) var loft og þar var vefstóllinn geymdur milli þess sem hann var í notkun.“ (bls. 53).

#### **Ás-1728-580**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Gata

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 sést að heimreiðin lá annars vegar í austurátt frá bæjarstæðinu og hins vegar til suðvesturs. Þarna er gata sem liggur eftir grasi gróinni brekku í átt að hlöðunni í Ási 2.

#### **Lýsing**

Það sést enn slóð til vesturs frá bæjarstæðinu og í átt að hlöðunni. Hún er um 170m á lengd og endar þar sem malarplan tekur við, norðan hlöðunnar. Á loftmynd sést einnig óljós slóð til austurs frá bæjarstæðinu í átt að túnunum sem eru austan bæjarins, hún er greinilega á um 80m löngum kafla.



*Mynd 286. Gamla heimreiðin í Ási [1728-581]. Horft er til suðvesturs.*

löngum kafla.

### **Ás-1728-581**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 sést að heimreiðin lá annars vegar í austurátt frá bæjarstæðinu og hins vegar til suðvesturs. Þarna er gata sem liggur eftir grasi gróinni brekku í átt að hlöðunni í Ási 2 [1728-580]. Sunnan hennar er önnur gata sem virðist að hluta rudd og óvíst hversu gömul hún er.

#### **Lýsing**

Það sést enn slóð til vesturs frá bæjarstæðinu og í átt að hlöðunni. Hún er um 170m á lengd og endar þar sem malarplan tekur við, norðan hlöðunnar. Á loftmynd sést einnig óljós slóð til austurs frá bæjarstæðinu í átt að túnunum sem eru austan bæjarins, hún er greinilega á um 80m



*Mynd 287. Túngarður [1728-582]. Horft er til suðurs.*

### **Ás-1728-582**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag, hryggur

#### **Staðhættir**

Í brekkunni ofan og vestan við gamla bæjarstæðið í Ási er gróinn hryggur, líklega leifar garðs og í framhaldi af hryggnum er garðlag.

#### **Lýsing**

Hryggurinn er mest um 60cm hár og allt að 3m á breidd. Hann er grasi gróinn og ekki mjög greinilegur. Hlutverk er óvíst en spurning hvort þetta séu leifar gamals túngarðs en þetta er nokkuð sunnan við útmörk túnsins eins og það var árið 1918. Við vesturenda hryggjarins er mjög greinilegt garðlag um 16m langt og er það hugsanlega framhald af hryggnum. Garðurinn er 70cm hár og nokkuð hruninn og óreglulegur að lögun. Hann er mest um 2m á breidd. Það sér í grjót í hleðslu en garðurinn annars gróinn grasi.

### **Ás-1728-583**

**Hlutverk:** Óþekkt, útihús?

**Tegund:** Dæld

#### **Staðhættir**

Í hallandi túni, upp við túngarð [1728-582], 85m norðaustur frá íbúðarhúsinu í Ási 2 er dæld.

#### **Lýsing**

Dældin er 5x11m að utanmáli og liggur norður-suður. Hún er um 10-20cm djúp og þessleg að þarna gæti hafa staðið bygging af einhverju tagi. Það er þó óvíst.



*Mynd 288. Byggingaleifar liggja þar sem útihús [1728-584] stóðu áður skv. túnakorti en óvíst er hvort byggingaleifarnar séu úr þeim húsum eða einhverjum öðrum. Horft er til norðvesturs.*

#### **Ás-1728-584**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er merkt útihús sunnan við yngra timburhúsið í Ási.

#### **Lýsing**

Búið er að rífa húsið en þarna eru niðurgrafnar rásir 20-60cm djúpar og ofan við er steinsteypa úr byggingu. Óvíst er hvort þetta tilheyrir byggingunni sem merkt er á túnakorti eða seinni tíma byggingu.

#### **Ás-1728-585**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 eru í heildina merkt níu útihús. Eitt þeirra [1728-584] er á gamla bæjarstæðinu en hin eru vestar í túninu og flest þeirra nálægt hvert öðru eins og sést á mynd nr. 283.

#### **Lýsing**

Óvíst er um hlutverk þessara húsa annað en að þau eru skráð sem peningshús. Þessi hús eru öll horfin og fundust engin skýr ummerki um þau á vettvangi. Þau eru staðsett með því að leggja túnakortið frá 1918 yfir hnitsetta loftmynd og má því gera ráð fyrir allt að 20m skekkju. Eitt húsanna lendir þar sem nú stendur íbúðarhúsið í Ási 1. Sé staðsetning rétt má gera ráð fyrir að lítil ummerki finnist í jörðu.

#### **Ás-1728-586**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 eru í heildina merkt níu útihús. Eitt þeirra [1728-584] er á gamla bæjarstæðinu en hin eru vestar í túninu og flest þeirra nálægt hvert öðru eins og sést á mynd nr. 283.

### **Lýsing**

Óvíst er um hlutverk þessara húsa annað en að þau eru skráð sem peningshús. Þessi hús eru öll horfin og fundust engin skýr ummerki um þau á vettvangi. Þau eru staðsett með því að leggja túnakortið frá 1918 yfir hnitsetta loftmynd og má því gera ráð fyrir allt að 20m skekkju. Eitt húsanna lendir um 30m norður af íbúðarhúsinu í Ási 1 og þar er nú slétt tún. Minjar geta leynst í jörðu þótt ekkert sjáist á yfirborði.

### **Ás-1728-587**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 eru í heildina merkt níu útihús. Eitt þeirra [1728-584] er á gamla bæjarstæðinu en hin eru vestar í túninu og flest þeirra nálægt hvert öðru eins og sést á mynd nr. 283.

### **Lýsing**

Óvíst er um hlutverk þessara húsa annað en að þau eru skráð sem peningshús. Þessi hús eru öll horfin og fundust engin skýr ummerki um þau á vettvangi. Þau eru staðsett með því að leggja túnakortið frá 1918 yfir hnitsetta loftmynd og má því gera ráð fyrir allt að 20m skekkju. Eitt húsanna lendir þar sem nú er íbúðarhúsið í Ási 2. Sé staðsetning rétt má gera ráð fyrir að lítil ummerki finnist í jörðu.

### **Ás-1728-588**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 eru í heildina merkt níu útihús. Eitt þeirra er á bæjarstæðinu [1728-584] en hin eru vestar í túninu og flest þeirra nálægt hvert öðru eins og sést á mynd nr. 283.

### **Lýsing**

Óvíst er um hlutverk þessara húsa annað en að þau eru skráð sem peningshús. Þessi hús eru öll horfin og fundust engin skýr ummerki um þau á vettvangi. Þau eru staðsett með því að leggja túnakortið frá 1918 yfir hnitsetta loftmynd og má því gera ráð fyrir allt að 20m skekkju. Eitt húsanna lendir í túni, rúmlega 100m suðaustur frá íbúðarhúsinu í Ási 2. Þarna er nú slétt tún en minjar geta leynst í jörðu þótt ekkert sjáist á yfirborði.

**Ás-1728-589****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 eru í heildina merkt níu útihús. Eitt þeirra [1728-584] er á gamla bæjarstæðinu en hin eru vestar í túninu og flest þeirra nálægt hvert öðru eins og sést á mynd nr. 283.

**Lýsing**

Óvíst er um hlutverk þessara húsa annað en að þau eru skráð sem peningshús. Þessi hús eru öll horfin og fundust engin skýr ummerki um þau á vettvangi. Þau eru staðsett með því að leggja túnakortið frá 1918 yfir hnitsetta loftmynd og má því gera ráð fyrir allt að 20m skekkju. Eitt húsanna lendir um 30m norður af íbúðarhúsinu í Ási 2, rétt neðan heimreiðar. Minjar geta enn leynst í jörðu þótt þær sjáist ekki á yfirborði.

**Ás-1728-590****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 eru í heildina merkt níu útihús. Eitt þeirra [1728-584] er á gamla bæjarstæðinu en hin eru vestar í túninu og flest þeirra nálægt hvert öðru eins og sést á mynd nr. 283

**Lýsing**

Óvíst er um hlutverk þessara húsa annað en að þau eru skráð sem peningshús. Þessi hús eru öll horfin og fundust engin skýr ummerki um þau á vettvangi. Þau eru staðsett með því að leggja túnakortið frá 1918 yfir hnitsetta loftmynd og má því gera ráð fyrir allt að 20m skekkju. Eitt húsanna lendir um 50m norðaustur af íbúðarhúsinu í Ási 2, rétt neðan heimreiðar. Minjar geta enn leynst í jörðu þótt þær sjáist ekki á yfirborði.

**Ás-1728-591****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 eru í heildina merkt níu útihús. Eitt þeirra [1728-584] er á gamla bæjarstæðinu en hin eru vestar í túninu og flest þeirra nálægt hvert öðru eins og sést á mynd nr. 283.

### **Lýsing**

Óvíst er um hlutverk þessara húsa annað en að þau eru skráð sem peningshús. Þessi hús eru öll horfin og fundust engin skýr ummerki um þau á vettvangi. Þau eru staðsett með því að leggja túnakortið frá 1918 yfir hnitsetta loftmynd og má því gera ráð fyrir allt að 20m skekkju. Eitt húsanna lendir rúmlega 80m norðaustur af íbúðarhúsinu í Ási 2, líklega rétt norðan við heimreiðina að Ási 1. Minjar geta enn leynst í jörðu þótt þær sjáist ekki á yfirborði.

### **Ás-1728-592**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 eru í heildina merkt níu útihús. Eitt þeirra [1728-584] er á gamla bæjarstæðinu en hin eru vestar í túninu og flest þeirra nálægt hvert öðru eins og sést á mynd nr. 283.

### **Lýsing**

Óvíst er um hlutverk þessara húsa annað en að þau eru skráð sem peningshús. Þessi hús eru öll horfin og fundust engin skýr ummerki um þau á vettvangi. Þau eru staðsett með því að leggja túnakortið frá 1918 yfir hnitsetta loftmynd og má því gera ráð fyrir allt að 20m skekkju. Eitt húsanna lendir um 60m NNA af íbúðarhúsinu í Ási 2, rétt norðan heimreiðar. Minjar geta enn leynst í jörðu þótt þær sjáist ekki á yfirborði.

### **Ás-1728-593**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 eru í heildina merkt níu útihús. Eitt þeirra [1728-584] er á gamla bæjarstæðinu en hin eru vestar í túninu og flest þeirra nálægt hvert öðru eins og sést á mynd nr. 283.

### **Lýsing**

Óvíst er um hlutverk þessara húsa annað en að þau eru skráð sem peningshús. Þessi hús eru öll horfin og fundust engin skýr ummerki um þau á vettvangi. Þau eru staðsett með því að leggja túnakortið frá 1918 yfir hnitsetta loftmynd og má því gera ráð fyrir allt að 20m skekkju. Eitt húsanna lendir rétt tæpa 100m norður af íbúðarhúsinu í Ási 2, um það bil þar sem eru útihús í dag. Óvíst er hvort minjar leynist í jörðu.



## Ás-1728-594

**Hlutverk:** Mylla

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Ólafur Sigurðsson í Ási kom sér upp vindmyllu til mölunar á korni. Hún var uppi í brekkunni ofan og vestan við húsin (65°41'780/19°26'440). Þar stóð lengi á túngarðinum forna svokallaður Myllustaur með járntindi upp úr. Rétt neðan við hann var olútankur sem fauk fyrir áratugum, lenti á sturnum og braut hann. Myllan er stundum nefnd í dagbók Ólafs í Ási: 28. nóvember 1864 „gjört við mylluna.“ 24. maí 1866 „gjört við mylluna. Hróbjartur Jónasson segir að hestmylla hafi verið í Ási hjá Ólafi Sigurðssyni, knúin með þeim hætti að hestur var látinn ganga kringum mylluna hring eftir hring og snúa þannig mölunarsteinunum. „Þar voru stærstu kvarnarsteinar sem ég hef séð. hestur, Mölunar-Rauður var teymdur í stóran hring í kringum hestamyllu þessa. Þetta var allt merkilegur útbúnaður og vel til vandað. Ég skoðaði þetta vorið 1908.“ Kristján Ingi Sveinsson segir að 12 menn hafi þurft til að bera mylluna upp á hól þar sem vindurinn naut sín betur. Hún var starfrækt fram um 1925. Ekki er Byggðasöguritari ljóst hvort hér er um eina og sömu mylluna að ræða, en líklegt er það. Einnig var handknúin kornkvörn í kjallaranum á nýrra húsinu.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 55).

### **Lýsing**

Ummerki um mylluna og túngarðinn eru horfin og ekki hægt að staðsetja hana með viðunandi nákvæmni.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Þar stóð lengi á túngarðinum forna svokallaður Myllustaur með járntindi upp úr. Rétt neðan við hann var olútankur sem fauk fyrir áratugum, lenti á sturnum og braut hann.“ (bls. 55).



Mynd 289. Grjóthlaðinn túngarður [1728-595] sem liggur að norðurenda Ásvatns. Horft er til norðurs.

### Ás-1728-595

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

#### Staðhættir

Getið er um túngarð í *Byggðasögu Skagafjarðar* og má gera ráð fyrir að túnið hafi verið að einhverju eða öllu leyti girt með túngarði þar til girðingar komu til sögunnar. Hluti túngarðsins stendur enn og liggur hann frá norðurenda Ásvatnsins til norðvesturs.

#### Lýsing

Garðurinn er 216m langur. Hleðslan er að miklu leyti hrunin, hún er mest um 70cm há og mest um 2m á breidd. Næst vatninu er um 4m langur bútur af garðinum þar sem hleðslan stendur þokkalega vel. Efst uppi er garðurinn mjög hruninn og þar liggur grjótið úr hleðslunni á víð og dreif.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Á búskaparárum Ólafs Sigurðssonar [uppúr miðri 19. öld] var ennþá innan túngarðs stórgrýttur óræktarmór, margar dagsláttur að stærð. Lét hann sprengja grjótið með púðri og hlaða úr því túngarð, síðan stinga niður þúfurnar með skóflu og páli, herfa og jafna. (...) Minjar um túngarð Ólafs sjást enn, um 200 metra langur grjótgarður við vesturmörk gamla túnsins neðan frá Ásvatni beina leið upp undir brekkuna neðan við útihúsin í Ási II.“ (bls. 52).

### Ás-1728-596

**Hlutverk:** Vatnsból

**Tegund:** Brunnur

#### Staðhættir

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Enginn lækur er heima við í Ási. Hefur því löngum verið notast við brunna og er svo enn. Dæluhús aðalbrunnisins er um 30m utan og neðan við stæði eldra hússins og um 50m suður og niður frá fjósi Magnúsar. Áður var leidd vatnslögn og handdælt heim í kjallara húsanna.“ (bls. 56).

#### Lýsing

Brunnur með dæluhúsi er 120m suðaustur frá íbúðarhúsinu í Ási 1, austur af gamla bæjarstæðinu. Þarna hefur verið vatnsból bæjarins um áraraðir og er enn.



*Mynd 290. Grjóthlaðin rétt [1728-597] í jaðri gamla túnsins. Horft er til suðvesturs í átt að íbúðarhúsinu á Ási 1.*

### **Ás-1728-597**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Rúmlega 220m norðaustur af íbúðarhúsinu í Ási 1, fast austan við vegslóða sem liggur norður á sinn, er grjóthlaðin rétt.

### **Lýsing**

Réttin er 6x9m að innanmáli og snýr nokkurn veginn austur-vestur en hallar þó aðeins til norðvesturs. Hún er grjóthlaðin og sér í hleðslur en annars eru veggir grónir. Þeir eru 30-70cm háir og 1,5m á breidd og er suðurveggur hvað umfangsmestur.



### Ás-1728-598

**Sérheiti:** Syðri-Stekkur,  
Ásstekkur

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Á flata, undir brekkurótum, austur af Ásnum er tvískipt grjóthlaðin stekkjartóft. Hún er á vesturbakka Hundapolls og er tæplega 860m norðaustur af íbúðarhúsinu í Ási 1.

*Mynd 291. Syðri-Stekkur eða Ásstekkur [1728-598]. Horft er til norðausturs.*

#### **Lýsing**

Tóftin er tvískipt og 13x14m að utanmáli. Réttin er til austurs en króin, öllu minni, til vesturs. Veggir eru grjóthlaðnir, 20-70cm háir og 80cm breiðir. Þeir eru hærrí að vestan en heilt yfir nokkuð hrundir. Það sér í grjóthleðslur en veggir annars að hluta grónir grasi, mosa og lyngi. Dyr eru á báðum hólum og snúa til norðurs.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Stekkjartóftir eru allmargar í Áslandi. Tvær eru undir brekkurótum norður með Ásnum, á að giska 200 metrar á milli þeirra. Þar kallast Ytri- og Syðri-Stekkur. Syðri-Stekkur (65°42'215/19°25'925) er hlaðinn af grjóti 7x13 metrar á stærð að utanmáli í einu lagi en torfhlaðin lambakró til vesturs í átt að brekkunni. Dyr snúa til norðurs, líkist frekur rétt en venjulegum stekk. Hann er við svonefndan Hundapoll sem er langur kíll, vaxinn stargresi að hluta.“ (bls. 57-58). Í örnefnaskrá er stekkurinn kallaður Ásstekkur: „Ásstekkur er stekkjartóft, sem stundum er enn notaður sem fjárrétt og er vestan við Hundapoll.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 3).



*Mynd 292. Líklega áveitutengt mannvirki [1728-599]. Horft er til VSV.*

### **Ás-1728-599**

**Hlutverk:** Óþekkt, áveita

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Á milli Syðri- og Ytri-Stekkjjar er kill og beggja vegna við hann torfhlaðinn garður, hugsanlega einhvers konar stífla tengd áveitu, og norður frá hleðslunni er garðlag.

#### **Lýsing**

Brúin er tæplega 20m löng í heildina og liggur norðaustur-suðvestur. Norðan við austurendann er smá niðurgröftur þar sem torfið hefur verið stungið í hleðsluna. Hæð er svona 20-40cm og breiddin um metri. Norður frá austurendanum er 60m langt garðlag sem liggur norður-suður og tengist hleðslunni að líkindum. Hugsanlega er þetta garðurinn sem nefndur er í heimildinni hér

að neðan.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Ólafur Sigurðsson byrjaði að búa 1854 og hélt áfram jarðabótum föður síns, túnasléttun og engjabótum í stórum stíl með stíflugörðum og vatnsveituskurðum úr Héraðsvötnum. Guðmundur sonur hans gerði snidduhlaðinn flóðgarð norðan til á Bæjarnesinu og stíflaði til að fá upp vatn á nesið. Hann taldi að ef næðist bæði voflóð og vetarflóð, þá byrgðist þarna ekki grassprettu. Þessi garður þurfti mikið viðhald en var notaður til áveitu fram um 1970.“ (bls. 52).



#### Ás-1728-600

**Sérheiti:** Ytri-Stekkur

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Á flata undir brekkurótum, austur af Ásnum, er stekkjartóft. Tóftin er rétt tæpan 1,1km norðaustur af íbúðarhúsinu í Ási 1 og 310m NNV af Syðri-Stekk [1728-598].

#### Lýsing

Tóftin snýr nokkurn veginn

norður-suður en hallar örlítið til norðvesturs. Hún er 8x15m að utanmáli. Réttin er til norðurs og er heldur stærri en króin. Veggir eru algrónir grasi og mosa og veggir að verða nokkuð þýfðir. Þeir eru 20-40cm háir og um metri á breidd. Stekkurinn hefur að líkindum verið torfhlaðinn.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Stekkjartóftir eru allmargar í Áslandi. Tvær eru undir brekkurótum norður með Ásnum, á að giska 200 metrar á milli þeirra. Þar kallast Ytri- og Syðri-Stekkur. (...) Ytri-Stekkur er norðar með brekkunum (65°42'370/19°26'132), heldur stærri um sig, tvíhólfa og hlaðinn eingöngu af torfi og hnausum.“ (bls. 57-58).



#### Ás-1728-601

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Tóft er 1,4km norður af íbúðarhúsinu í Ási 1, austur undir nyrðri hluta Ássins.

#### Lýsing

Tóftin er algróin grasi, hún er tvískipt og líklega stekkjartóft en er ógreinilegri en Ytri- og Syðri-stekkir, hugsanlega eldri. Hún snýr norðaustur-suðvestur og er

*Mynd 294. Stekkjartóft [1728-601]. Horft er til norðausturs.*

5x22m að utanmáli. Króin er til suðvesturs og er mikið minni en réttin sem er til norðausturs

en innangengt er á milli. Dyr hafa verið á réttinni við austurhorn tóftar. Veggir eru 10-30cm háir og mest 2 metrar á breidd.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Stekkjartóftir eru allmargar í Áslandi. Tvær eru undir brekkurótum norður með Ásnum, á að giska 200 metrar á milli þeirra. Þar kallast Ytri- og Syðri-Stekkur. (...) Enn er að telja tóftaleifar sem kunna að vera af stekki í brekkurótum neðan við drag eða skoru í brekkunum (65°42'457/19°26'608).“ (bls. 57-58).



*Mynd 295. Vörður [1728-602 og 603]. Horft er til norðausturs, heim að bæ á Ási.*

### **Ás-1728-602**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Á klettaborg um 920m suður af íbúðarhúsinu í Ási 2 og 300m vestur af suðurenda Ásvatns eru tvær vörður.

#### **Lýsing**

Nyrðri varðan er í heild um 110cm há en þar er nokkuð stóru grjóti hlaðið á stóran stein.

### **Ás-1728-603**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða, grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Á klettaborg um 920m suður af íbúðarhúsinu í Ási 2 og 300m vestur af suðurenda Ásvatns eru tvær vörður og eru um 4m á milli þeirra.

#### **Lýsing**

Syðri varðan er hálfhrunin og eiginlega meira grjóthrúga en varða. Hún er 40cm há og grunnmál er 70x70cm.



Mynd 296. Stekkjartóft [1728-604]. Horft er til suðurs.

undir klettatagli (65°41'153/19°26'912), mjög hjáleigunni frá Ási.“ (bls. 58).

#### Ás-1728-604

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Syðst í landi Áss 2, 520m vestur af suðurenda Ásvatns, er lítil stekkjartóft. Tóftin er suður undir kletti.

#### Lýsing

Tóftin er um 5x5m að utanmáli og fellur nokkuð vel að umhverfi sínu. Veggir eru vel grónir grasi, mosa og lyngi en sér í grjót í vegghleðslum. Veggir eru 40cm háir og metri á breidd.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Smástekkir eru á a.m.k. tveimur stöðum sunnarlega í Áslandi, þ.e. í landi Áss II, austan vegar. Sá neðri og eystri er sunnan

lítill og hefur kannski þjónað einhverri



Mynd 297. Stekkjartóft [1728-605]. Horft er til suðausturs.

en smá grasbali er í kringum hana. Hún er gróin grasi, mosa og blómgróðri. Veggir eru nokkuð ógreinilegir en þó sér í grjót í hleðslum. Þeir eru 30cm háir og metri á breidd. Einar dyr eru greinanlegar og snúa til vesturs.

#### Ás-1728-605

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Í gróinni grasbrekku sunnan undir klettaborg og 90m austur af Hegransesvegi er lítil stekkjartóft.

#### Lýsing

Tóftin er tvískipt, réttin líklega til norðurs og kró til suðurs. Króin stendur nokkuð hærra en réttin.

Tóftin fellur vel að umhverfi sínu



### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Smástekkir eru á a.m.k. tveimur stöðum sunnarlega í Áslandi, þ.e. í landi Áss II, austan vegar. (...) Hinn efri er einungis um 80m neðan vegar, sunnan undir hárrí grasbrekku (65°41'234/19°26'912), litlu stærri en sá fyrirnefndi.“ (bls. 58).

### Ás-1728-606

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta vegna rasks. Á tóftinni eru greinileg ummerki eftir ágang hrossa.

### Staðhættir

Á suðurenda Ástagls, 112m austur frá suðurenda Ásvatns er stekkjartóft. Tóftin stendur á þurru taglinu en sunnan við er skurður og þar hefur áður verið blautur flói.

### Lýsing

Tóftin snýr nokkurn veginn norður-suður en hallar örlítið til norðvesturs. Hún er tvískipt, lambakró til norðurs en réttin til suðurs og á henni hefur verið hlið sem snýr mót suðri. Tóftin er 5x14m að utanmáli. Veggir eru 20-50cm háir og rúmlega metri á breidd og sér á nokkrum stöðum í grjót í vegggleðslum. Hún er gróin grasi og mosa og að nokkru þýfð. Hún ber þess merki að þarna er hrossabeit og er því metin í hættu vegna rasks.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Loks er að telja stóran stekk á suðurenda Ástaglsins (65°41'178/19°26'746), um 13m langt mannvirki og 6m þar sem breiðast er.“ (bls. 58).



Mynd 298. Varða [1728-607]. Horft er til austurs.

### Ás-1728-607

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

### Staðhættir

Sunnarlega á Ástaglinu austanverðu, á ávalri hæð, er varða.

### Lýsing

Varðan er þokkalega hlaðin og er heilleg. Hún er rúmlega metri að hæð.



### **Ás-1728-608**

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Niðurgröftur

#### **Staðhættir og lýsing**

Tæplega 150m austur af syðsta hluta Ástaglsins er áveituskurður sem liggur VSV-ASA og er 240m langur. Skurðurinn er 20-40cm breiður og meðfram honum að norðan er skurðuppmoksturinn.

*Mynd 299. Áveituskurður [1728-608]. Horft er til ANA.*

### **Ás-1728-609**

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir og lýsing**

Rétt um 200m austur af suðurenda Ástaglsins og 30m vestur af Héraðsvatnabakkanum er garðlag. Garðlagið er 55m langt og liggur nokkurn veginn austur-vestur. Það var mælt upp af loftmynd en þegar skráning fór fram var eylandið austan við Ásinn mjög blautt og torfært. Líklegt verður að teljast að þetta sé áveitugarður.

### **Ás-1728-610**

**Hlutverk:** Heystæði

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er getið um heygarða á Héraðsvatnabökkunum sem nýttir voru þegar engjaheyskapur var stundaður. Þegar vettvangsskráning fór fram var eylandið mjög blautt og torfært og því var ekki gengið yfir það en eitt heystæði sést vel á loftmynd og er það skráð hér. Heystæðið er 30m frá vatnabakkanum og 1,2 km í háaustur frá íbúðarhúsinu í Ási 2.

#### **Lýsing**

Heystæðið er vel greinilegt á loftmynd og er 10x11m að utanmáli.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Bakkarnir voru heyskaparland og má sjá merki eftir heygarða. Þeir voru slegnir með hestasláttuvél og síðan dráttarvél meðan engjaheyskapur var stundaður, fram til 1970.“ (bls. 56).

### **Ás-1728-611**

**Hlutverk:** Heystæði

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er getið um heygarða á Héraðsvatnabökkunum sem nýttir voru þegar engjaheyskapur var stundaður. Þegar vettvangsskráning fór fram var eylandið mjög blautt og torfært og því var ekki gengið yfir það en eitt heystæði er 100m norður af gömlu Vatnabrúnni og sést vel á loftmynd.

#### **Lýsing**

Heystæðið er vel greinilegt á loftmynd og er 10x11m að utanmáli.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Bakkarnir voru heyskaparland og má sjá merki eftir heygarða. Þeir voru slegnir með hestasláttuvél og síðan dráttarvél meðan engjaheyskapur var stundaður, fram til 1970.“ (bls. 56).

### **Ás-1728-612**

**Sérheiti:** Ferjuskarð

**Hlutverk:** Ferjustaður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Ferjustaðurinn í Ási var um 2,7km austur af bænum í Ási og er þar smá vik í Héraðsvatnabakkann.

### **Aðrar upplýsingar**


Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Árið 1740 var svo fyrir skipað af Skúla Magnússyni sýslumanni að lögferja skyldi vera í Ási. Ferjan var lögð niður 1895, eftir að brúin kom á Austur-Vötnin. Ásferjustaður var beint á móti Hofstöðum og þar heitir ennþá Ferjuskarð í vesturbakkann. Vötnin eru þarna að þorna upp og fyllast af sandi. Skarðið er óverulegt að sjá, dálítið vik inn í sandbakkann.“ (bls. 56).

**Ás-1728-613****Sérheiti:** Selavað**Hlutverk:** Vað**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Héraðsvötnin voru áður riðin syðst úr Bæjarnesi á svonefndum Selavöðum, og þar voru í gamla daga settar selanætur til uppistöðu fyrir seli, sem þá voru mikið veiddir, en nú gengur enginn selur í Vötnin.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 3).

**Lýsing**

Selavað er á Vötnunum, um 1,2km suðaustur frá Ási. Ekki er vitað hvert ástand vaðsins er og hvort sé enn hægt að ríða þau. Það var staðsett eftir skráningu Kristborgar Þórsdóttur á leiðum í Hegranesi.



Mynd 300. Yfirlitsmynd af fornþýlinu Hegrastöðum. Minjarnar eru hornfar vegna túnasléttunar en voru mældar upp af loftmynd frá 1974 (Loftmyndasjá Landmælinga Íslands).

### Ás-1728-614

**Sérheiti:** Hegrastaðir

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Rétt tæplega 1,1km í norður frá íbúðarhúsinu í Ási 1 er nú tún en þar voru áður minjar fornþýlisins Hegrastaða.

### Lýsing

Búið er að slétta yfir minjar Hegrastaða en með því að hnitsetja loftmynd frá 1974 (Loftmyndasjá Landmælinga Íslands), þar sem þýlið sést, var hægt að staðsetja minjar með nokkurri nákvæmni. Túnið hefur verið lítið, eða rétt um hálfur hektari. Túngarður umlukti túnið og var hann tæplega 300m langur. Tóftir sjást syðst í túninu en óvíst hvort þær eru ein eða tvær.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Ásás er ávalur ás með móum, er bærinn stendur sunnan í og dregur nafn af. Á honum norðvestanverðum er eyðibýlið Hegrastaðir, heitir eftir Hávarði hegra, er nam hér land fyrst.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 3). Í *Byggðasögu Skagafjarðar* kemur fram að á níunda áratug síðustu aldar hafi verið brotið land þarna til ræktunar og minjar Hegrastaða þá horfið. Nákvæm

staðsetning er ekki þekkt „en munu hafa verið syðst eða sunnarlega í syðstu túsíttunni norðan á Ásnum.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 59). Í örnefnaskrá segir enn fremur: „Átti hann að hafa byggt þarna fyrst, en tústæði er lítið, en girt með torfgarði, en húsarústir litlar, er af elztu húsagerð: eitt langhús, sem er hólfað sundur í þrennt, og lítil peningshús skammt frá.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 3). Um Hegrastaðir segir í *Jarðabókinni* 1713: „Hegrastaðir. Hér er og girðing lítil. Ekki þykjast menn minnast að hér hafi byggð verið eður sjá að þetta hafi verið býli á neinum þessum girðingum.“ (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX. bindi, bls. 65).

### **Ás-1728-615**

**Sérheiti:** Hegrastaðir

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Rétt tæplega 1,1km í norður frá íbúðarhúsinu í Ási 1 er nú tún en þar voru áður minjar fornbylisins Hegrastaða.

#### **Lýsing**

Búið er að slétta yfir minjar Hegrastaða en með því að hnitsetja loftmynd frá 1974 (Loftmyndasjá Landmælinga Íslands), þar sem býlið sést, var hægt að staðsetja minjar með nokkurri nákvæmni. Túnið hefur verið lítið, eða rétt um hálfur hektari. Túngarður umlukti túnið og var hann tæplega 300m langur. Annar túngarður virðst austan við og með honum er túnið 100x140m stórt.

### **Ás-1728-616**

**Sérheiti:** Hegrastaðir

**Hlutverk:** Híbýli, útihús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Rétt tæplega 1,1km í norður frá íbúðarhúsinu í Ási 1 er nú tún en þar voru áður minjar fornbylisins Hegrastaða. Túngarður umlykur túnið og syðst í því sjást tóft eða tóftir.

#### **Lýsing**

Búið er að slétta yfir minjar Hegrastaða en með því að hnitsetja loftmynd frá 1974 (Loftmyndasjá Landmælinga Íslands), þar sem býlið sést, var hægt að staðsetja minjar með nokkurri nákvæmni. Tóftir sjást syðst í túninu en óvíst hvort þær eru ein eða tvær. Hér verða minjarnar skráðar sem tvær tóftir en óvíst er um hlutverk hvorrar tóftar fyrir sig.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Átti hann að hafa byggt þarna fyrst, en túnstæði er lítið, en girt með torfgarði, en húsarústir litlar, er af elztu húsagerð: eitt langhús, sem er hólfað sundur í þrennt, og lítil peningshús skammt frá.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 3).

**Ás-1728-617**

**Sérheiti:** Hegrastaðir

**Hlutverk:** Híbýli, útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Rétt tæplega 1,1km í norður frá íbúðarhúsinu í Ási 1 er nú tún en þar voru áður minjar fornbylisins Hegrastaða. Túngarður umlykur túnið og syðst í því sjást tóft eða tóftir.

**Lýsing**

Búið er að slétta yfir minjar Hegrastaða en með því að hnitsetja loftmynd frá 1974 (Loftmyndasjá Landmælinga Íslands), þar sem býlið sést, var hægt að staðsetja minjar með nokkurri nákvæmni. Tóftir sjást syðst í túninu en óvíst hvort þær eru ein eða tvær. Hér verða minjarnar skráðar sem tvær tóftir en óvíst er um hlutverk hvorrar tóftar fyrir sig.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Átti hann að hafa byggt þarna fyrst, en túnstæði er lítið, en girt með torfgarði, en húsarústir litlar, er af elztu húsagerð: eitt langhús, sem er hólfað sundur í þrennt, og lítil peningshús skammt frá.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 3).



Mynd 301. Minjar á fornþýlinu Minni-Ási.

### Ás-1728-618

**Sérheiti:** Minni-Ás

**Hlutverk:** Óþekkt, híbýli, beitarhús

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir

Rétt tæpan kílómetra norður eða NNV af íbúðarhúsinu í Ási 1 eru minjar fornþýlisins Minni-Áss, vestan megin í Ásnum. Þar sést enn hluti túngarðs og tóftir á þremur stöðum. Nyrst er nokkuð stór tóft sem stendur á smá hólmyndun.

### Lýsing

Tóftin snýr austur-vestur og er tví- eða þrískipt. Útlínur eru ekki alveg ljósar en tóftin er mögulega 7-18m að utanmáli. Hún er greinilega byggð á eldri minjum sem mynda nokkurn hól undir tóftinni. Veggir eru algrónir grasi, 20-50cm háir og mest tveir metrar á breidd. Túngarðurinn liggur að austurvegg.

Um hlutverk er erfitt að segja en tóftin er líklega yngri en túngarðurinn og minjar sunnar í túni. Höfundur *Byggðasögu Skagafjarðar* getur sér þess til að þarna hafi kannski í seinni tíð verið beitarhús frá Ási og má það vel vera.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Minni-Ás (65°42'350/19°27'050) er gamalt eyðibýli, rúmlega kílómetra norður frá Ásbæjunum í hallandi graslendi norðan og vestan í Ásnum, upp af löngu og breiðu mýrarsundi sem liggur vestan við Ásinn. Þess er ekki getið í Jarðabókinni 1713. Þar má greina fornan túngarð í lyngmóum langs eftir brekkunni, um 130m langan, beygir síðan niður á mýrina bæði norðan við og sunnan. Utan til er megin tóftahóllinn (65°42'333/19°27'065) myndaður af langtíma aðburði byggingarefna. Þar hafa e.t.v. verið seinni tíma beitarhús frá Ási.“ (bls. 59). Í örnefnaskrá segir: „Minni-Ás er sunnan og vestan á Ásnum. Það er gamalt eyðibýli, og sjást þar húsabrot og túngarður kringum dálítinn túnskækil.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 4).



### Ás-1728-619

**Sérheiti:** Minni-Ás

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

#### Staðhættir

Rétt tæpan kílómetra norður eða NNV af íbúðarhúsinu í Ási 1 eru minjar fornþýlisins Minni-Áss, vestan megin í Ásnum. Þar sést enn hluti túngarðs, og tóftir á þremur stöðum.

#### Lýsing

Túngarður liggur meðfram túninu að sunnan, austan og ofan og að hluta að norðan. Hann sést aftur á móti ekki að vestan en þar er nú skurður og hafi túngarðurinn umlukið allt túnið hefur hann mögulega horfið þegar skurðurinn var grafinn. Túngarðurinn er mjög gamall að sjá, mikið hruninn og þýfður. Hann er mest 50cm hár og allt að fjórir metrar á breidd. Hann er alls 160m á lengd. Túnið hefur mögulega verið tæpur hektari að stærð.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Minni-Ás (65°42'350/19°27'050) er gamalt eyðibýli, rúmlega kílómetra norður frá Ásbæjunum í hallandi graslendi norðan og vestan í Ásnum, upp af löngu og breiðu mýrarsundi sem liggur vestan við Ásinn. Þess er ekki getið í Jarðabókinni 1713. Þar má greina fornan túngarð í lyngmóum langs eftir brekkunni, um 130m langan, beygir síðan niður á mýrina bæði norðan við og sunnan.“ (bls. 59). Í örnefnaskrá segir: „Minni-Ás er sunnan og vestan á Ásnum. Það er gamalt eyðibýli, og sjást þar húsabrot og túngarður kringum dálítinn túnskækil.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 4).

### Ás-1728-620

**Sérheiti:** Minni-Ás

**Hlutverk:** Óþekkt, útihús

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Rétt tæpan kílómetra norður eða NNV af íbúðarhúsinu í Ási 1 eru minjar fornþýlisins Minni-Áss, vestan megin í Ásnum. Þar sést enn hluti túngarðs, og tóftir á þremur stöðum. Tvískipt tóft er fyrir miðju af tóftunum þremur.

#### Lýsing

Tóftin liggur austur-vestur og er líklega tvískipt, stærra hólf til suðurs en minna að norðan. Veggir eru grónir grasi og mosa. Þeir eru 20-30cm háir og um metri á breidd. Hlutverk er óljóst.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Utan til er megintóftahóllinn (65°42'305/19°27'050), myndaður af langtíma aðburði byggingarefna. Þar hafa e.t.v. verið seinni tíma beitarhús frá Ási. Sunnan við eru húsatóftir á tveimur stöðum, miklu fornlegri og

hafa engan hól hlaðið undir sig. Hin syðri er rúmlega 14m löng (65°42'333/19°27'065), gæti verið tvískipt skálatóft“ (bls. 59). Í örnefnaskrá segir: „Minni-Ás er sunnan og vestan á Ásnum. Það er gamalt eyðibýli, og sjást þar húsabrot og túngarður kringum dálítinn túnskækil.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 4).

#### **Ás-1728-621**

**Sérheiti:** Minni-Ás

**Hlutverk:** Óþekkt, útihús

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Rétt tæpan kílómetra norður eða NNV af íbúðarhúsinu í Ási 1 eru minjar fornbylisins Minni-Áss, vestan megin í Ásnum. Þar sést enn hluti túngarðs og tóftir á þremur stöðum. Syðst tóftanna þriggja er tvískipt tóft sem snýr þvert á hinar, eða norður-suður.

#### **Lýsing**

Tóftin er tvískipt og liggur norður-suður. Hún er 6x14m að utanmáli, algróin grasi. Veggir eru 30-50cm háir og um 120cm á breidd og getur höfundur *Byggðasögu Skagafjarðar* sér þess til að þetta geti verið skálatóft.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Utan til er megintóftahóllinn (65°42'305/19°27'050), myndaður af langtíma aðburði byggingarefna. Þar hafa e.t.v. verið seinni tíma beitarhús frá Ási. Sunnan við eru húsatóftir á tveimur stöðum, miklu fornlegri og hafa engan hól hlaðið undir sig. Hin syðri er rúmlega 14m löng (65°42'333/19°27'065), gæti verið tvískipt skálatóft“ (bls. 59). Í örnefnaskrá segir: „Minni-Ás er sunnan og vestan á Ásnum. Það er gamalt eyðibýli, og sjást þar húsabrot og túngarður kringum dálítinn túnskækil.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 4).



Mynd 302. Yfirlitsmynd af fornþýlinu Túnfæti.

### Ás-1728-622

**Sérheiti:** Túnfóttur

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Dældir

#### Staðhættir

Á Ástaglinu, í gömlu túni um 420m austur (og aðeins suður) frá íbúðarhúsinu á Ási 1, eru minjar fornþýlis sem kallað var Túnfóttur. Nyrst í túninu er mögulega tvískipt tóft.

#### Lýsing

Í túninu sjást tvær dældir og mögulega ávalir veggir umhverfis þær, mest 40cm háir frá botni dældar og upp á topp. Dældirnar eru algrónar grasi og heldur óljósari til austurs en þar hafa mögulega verið dyr. Ekki er hægt að greina hlutverk út frá útliti minjanna.

#### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Túnfóttur (65°41'718/19°25'900) hét gamalt þýli í 30 m hæð á Ástaglinu um 400 m aust-suðaustur frá gamla bæjarstæðinu, austan við Ásvatn. Þar er gamalt tún sem sléttað var með jarðvinnslutraktor á fjórða áratug 20. aldar. Þannig er landið enn 2010 og má á nokkrum stöðum sjá lautir í túnið þar sem greinilega hafa verið húsatóftir. Ein er gleggst og ber hæst, nærri syðst í túninu og hefur myndað undir sig dálítinn hól (65°41'718/19°25'900). Þar hefur líklega verið stekkur sem nefndur er í Jarðabókinni 1713. A.m.k. tvær aðrar húsatóftir má greina í túninu (65°41'725/19°25'918) og langa tóft norðarlega í túnfæti (65°41'752/19°25'926). Túngarður sést ennþá að sunnan og austan og nær ræktunin að garðinum að austan. Þar liggur ein 17-18 m löng og 4-5 m breið tóft við túngarðinn utanverðan“ (bls. 58). Í örnefnaskrá segir: „Túnfóttur, eyðibýli á Ástaglinu austur frá bænum.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 4).

### Ás-1728-623

**Sérheiti:** Túnfóttur

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Dældir, þúst

### **Staðhættir**

Á Ástaglinu, í gömlu túni um 420m austur (og aðeins suður) frá íbúðarhúsinu á Ási 1, eru minjar fornbylis sem kallað var Túnfótur. Nyrst í túninu er mögulega tvískipt tóft [1728-622] en nokkurn veginn fyrir miðju túni eru aflangar bungur eða þústir og á þeim nokkrar dældir.

### **Lýsing**

Bungurnar eru 8m breiðar frá austri til vesturs og 30m langar frá norðri til suðurs. Þar sem þær eru í sléttu túni er erfitt að fullyrða um útlit minjanna en útlínur eru skýrari að norðan en dældirnar greinilegri á syðri bungunni. Minjarnar eru algrónar grasi og mest 40cm háar frá botni dældar að toppi bungunnar.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Túnfótur (65°41'718/19°25'900) hét gamalt býli í 30 m hæð á Ástaglinu um 400 m aust-suðaustur frá gamla bæjarstæðinu, austan við Ásvatn. Þar er gamalt tún sem sléttað var með jarðvinnslutraktor á fjórða áratug 20. aldar. Þannig er landið enn 2010 og má á nokkrum stöðum sjá lautir í túnið þar sem greinilega hafa verið húsatóftir. Ein er gleggst og ber hæst, nærri syðst í túninu og hefur myndað undir sig dálítinn hól (65°41'718/19°25'900). Þar hefur líklega verið stekkur sem nefndur er í Jarðabókinni 1713. A.m.k. tvær aðrar húsatóftir má greina í túninu (65°41'725/19°25'918) og langa tóft norðarlega í túnfæti (65°41'752/19°25'926). Túngarður sést ennþá að sunnan og austan og nær ræktunin að garðinum að austan. Þar liggur ein 17-18 m löng og 4-5 m breið tóft við túngarðinn utanverðan“ (bls. 58). Í örnefnaskrá segir: „Túnfótur, eyðibýli á Ástaglinu austur frá bænum.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 4).

### **Ás-1728-624**

**Sérheiti:** Túnfótur

**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Á Ástaglinu, í gömlu túni um 420m austur (og aðeins suður) frá íbúðarhúsinu á Ási 1, eru minjar fornbylis sem kallað var Túnfótur. Syðst í túninu er tóft sem er hvað greinilegust af minjunum á Túnfæti og getur ritari *Byggðasögu Skagafjarðar* sér þess til að þetta sé stekkur sá er nefndur er í *Jarðabókinni* 1713.

### **Lýsing**

Tóftin er um 10x15m að utanmáli og liggur norður-suður. Mögulega hafa verið dyr sunnarlega á austurvegg. Veggir eru algrónir, 20-70cm háir og mest 3m á breidd. Sunnan við tóftina eru þrjár dældir, 20cm djúpar, og eru hugsanlega tengdar tóftinni.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Túnfótur (65°41'718/19°25'900) hét gamalt býli í 30 m hæð á Ástaglinu um 400 m aust-suðaustur frá gamla bæjarstæðinu, austan við Ásvatn. Þar er gamalt tún sem sléttað var með jarðvinnslutraktor á fjórða áratug 20. aldar. Þannig er landið enn 2010 og má á nokkrum stöðum sjá lautir í túnið þar sem greinilega hafa verið húsatóftir. Ein er gleggst og ber hæst, nærri syðst í túninu og hefur myndað undir sig dálítinn hól (65°41'718/19°25'900). Þar hefur líklega verið stekkur sem nefndur er í Jarðabókinni 1713. A.m.k. tvær aðrar húsatóftir má greina í túninu (65°41'725/19°25'918) og langa tóft norðarlega í túnfæti (65°41'752/19°25'926). Túngarður sést ennþá að sunnan og austan og nær ræktunin að garðinum að austan. Þar liggur ein 17-18 m löng og 4-5 m breið tóft við túngarðinn utanverðan“ (bls. 58). Í örnefnaskrá segir: „Túnfótur, eyðibýli á Ástaglinu austur frá bænum.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 4). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi (bls. 65) segir: „Túnfótur heitir hjer girðing, sem stekkurinn stendur á.“

### **Ás-1728-625**

**Sérheiti:** Túnfótur

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Dæld

#### **Staðhættir**

Á Ástaglinu, í gömlu túni um 420m austur (og aðeins suður) frá íbúðarhúsinu á Ási 1, eru minjar fornbylis sem kallað var Túnfótur. Syðst í túninu er tóft sem er hvað greinilegust af minjunum á Túnfæti og getur ritari *Byggðasögu Skagafjarðar* sér til þess að þetta sé stekkur [172-624] sá er nefndur er í *Jarðabókinni* 1713. Átta metra norðaustur af henni er hugsanlega minni tóft.

#### **Lýsing**

Þarna sést dæld og mögulega ávalir útveggir umhverfis hana. Meintar minjar eru illgreinanlegar í túninu og rétt um 10cm háar.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Túnfótur (65°41'718/19°25'900) hét gamalt býli í 30 m hæð á Ástaglinu um 400 m aust-suðaustur frá gamla bæjarstæðinu, austan við Ásvatn. Þar er gamalt tún sem sléttað var með jarðvinnslutraktor á fjórða áratug 20. aldar. Þannig er landið enn 2010 og má á nokkrum stöðum sjá lautir í túnið þar sem greinilega hafa verið húsatóftir. Ein er gleggst og ber hæst, nærri syðst í túninu og hefur myndað undir sig dálítinn hól (65°41'718/19°25'900). Þar hefur líklega verið stekkur sem nefndur er í Jarðabókinni 1713. A.m.k. tvær aðrar húsatóftir má greina í túninu (65°41'725/19°25'918) og langa tóft norðarlega í túnfæti (65°41'752/19°25'926). Túngarður sést ennþá að sunnan og austan og nær ræktunin að garðinum að austan. Þar liggur ein 17-18 m löng og 4-5 m breið tóft við

túngarðinn utanverðan“ (bls. 58). Í örnefnaskrá segir: „Túnfótur, eyðibýli á Ástaglinu austur frá bænum.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 4).

#### **Ás-1728-626**

**Sérheiti:** Túnfótur

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Á Ástaglinu, í gömlu túni um 420m austur (og aðeins suður) frá íbúðarhúsinu á Ási 1, eru minjar fornbylis sem kallað var Túnfótur. Túngarður liggur með túninu að austan og sunnan en sést vart að norðan og vestan.

#### **Lýsing**

Garðurinn er algróinn grasi og er alls 210m langur.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Túngarður sést ennþá að sunnan og austan og nær ræktunin að garðinum að austan. Þar liggur ein 17-18 m löng og 4-5 m breið tóft við túngarðinn utanverðan.“ (bls. 58). Í örnefnaskrá segir: „Túnfótur, eyðibýli á Ástaglinu austur frá bænum.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 4).

#### **Ás-1728-627**

**Sérheiti:** Túnfótur

**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Á Ástaglinu, í gömlu túni um 420m austur (og aðeins suður) frá íbúðarhúsinu á Ási 1, eru minjar fornbylis sem kallað var Túnfótur. Túngarður liggur með túninu að austan og sunnan en sést vart að norðan og vestan. Austan við austurhluta túngarðsins, efst í brekku, er aflöng tóft.

#### **Lýsing**

Tóftin er greinilegri en tóftirnar í túninu og er 4x16m að utanmáli. Hún er tvískipt, lítið hólf til norðurs en stærra til suðurs og innangengt á milli. Dyr hafa verið á stærra hólf til suðurs. Túngarðurinn er nýttur sem vesturveggur. Veggir eru 20-70cm háir og mest 1,5m á breidd. Þeir eru algrónir grasi og mosa. Í útliti minnir tóftir helst á stekkjartóft.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Túngarður sést ennþá að sunnan og austan og nær ræktunin að garðinum að austan. Þar liggur ein 17-18 m löng og 4-5 m breið tóft við túngarðinn utanverðan.“ (bls. 58). Í örnefnaskrá segir: „Túnfótur, eyðibýli á Ástaglinu austur frá bænum.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 4).

## Ás-1728-628

**Sérheiti:** Gunnlaugsgerði?

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* segir að Gunnlaugsgerði sem nefnt er í *Jarðabókinni* 1713 hafi staðið mitt á milli íbúðarhúss í Ási 2 og hesthúss sem er þar norðar. Þarna sést nú ekkert nema slétt tún en punktur er tekinn samkvæmt lýsingu og má gera ráð fyrir skekkju.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Gunnlaugsgerði er nefnt í *Jarðabókinni* 1713 en alls óvíst hvort þar var nokkurn tímann mannabústaður. (...) Það stóð rétt norðan við heimveginn að Ási I, mitt á milli íbúðarhússins í Ási II og hesthúss Magnúsar í Ási I. Á Gunnlaugsgerði voru fjárhús [1728-592] fram eftir 20. öld og hesthús [1728-593] aðeins norðar. Þar var dálítill túnblettur í kring. Nú sjást þar engin ummerki. Áætluð staða (65°41'776/19°26'684)“ (bls. 58). Í *Jarðabók* 1713 segir: „Gunnlaugsgerði heitir hér fjárhússtæði með engri girðingu, vita menn engin líkindi til þar hafi búið verið.“ (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX. bindi, bls. 65). Þetta svæði var ekki rannsakað í tengslum við SCASS eða FLASH rannsóknirnar.



*Mynd 303. Næfurstaðir [1728-629]. Horft er til suðausturs og er bærinn á Ási til vinstri á mynd og Ásvatnið ofan við miðju myndar.*

### **Ás-1728-629**

**Sérheiti:** Næfurstaðir

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Í brekku austur undir svonefndum Næfurstaðaás, 560m vestur af bæjarstæðinu í Ási, eru tóftir fornþýlisins Næfurstaða en þar er að finna túngarð og að minnsta kosti tvær tóftir. Austur af fornþýlinu er framræst land þar sem nú eru tún.


### **Lýsing**

Stærri tóftin í túninu er vestur undir túngarðinum, efst í túninu sem hallar mót austri. Tóftin er 7x19m að utanmáli og snýr nokkurn veginn norður-suður. Landið innan túngarðs er allt stórþýft og er tóftin þar ekki undanskilin. Tvö hólf voru greinanleg og kannski dyr við suðausturhorn tóftar. Tóftin er algróin grasi. Veggir eru 30-70cm háir og 130cm breiðir. Nokkur hóll er undir tóftinni sem er að öllum líkindum byggð á eldri minjum sem bendir til þess að þarna hafi verið búið um lengri tíma.



## Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Heiman frá Ási séð gnæfir Næfurstaðaásinn við loft í vestri. Í brekkuhalla austan undir honum er fornþýlið Næfurstaðir í 600m fjarlægð frá bænum, ofan við túnin sem þar hafa verið ræktuð á framræstri mýri. Þar eru megintóftir á 18m löngu byggingasvæði, fáeinum metrum neðan við vallargarðinn. Norðurhlutinn hefur hlaðist upp í svolítinn hól sem vitnar um langa mannvist. Suðurparturinn er fremur niðurgrafinn.“ (bls. 58). Um Næfurstaði segir í örnefnaskrá: „Næfurstaðir, eyðibýli fyrir vestan Ástún norður frá Skiptingum, sem er slakki í Ásana þar, og heitir Næfurstaðaás melhryggurinn, er býlið stendur austan í.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 4). Í *Jarðabók* 1713 segir: „Hafurstaðir kallast nú almennilega Næfurstaðir. Þar eru og girðinga og tóftaleifar.“ (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX. bindi, 65). Árið 2016 var gerð borkjarnarannsókn á Næfurstöðum og í framhaldi af því tekinn könnunarskurður í öskuhól býlisins. Niðurstöður benda til þess að búseta hafi hafist fljótlega eftir landnám en verið mismikil í gegnum tíðina. Virðast vera þrjú greinileg búsetutímabil fram til um 1104. En á milli 1104 og 1300 er minna umleikis og eftir 1300 virðast eingöngu hafa verið haldnar skepnur þarna (Cathryn Katlin o.fl., 2017).



Mynd 304. Minjar á fornþýlinu Næfurstaðum.

### Ás-1728-630

**Sérheiti:** Næfurstaðir

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Jarðlægar minjar

#### Staðhættir

Í brekku austur undir svonefndum Næfurstaðaás, 560m vestur af bæjarstaðinu í Ási, eru tóftir fornþýlisins Næfurstaða en þar er að finna túngarð og tvær tóftir. Við suðausturhorn tóftar [1728-629] var árið 2016 grafið niður í öskuhaug.

#### Lýsing

Öskuhaugurinn var staðsettur með borkjarnarannsókn árið 2016 og í kjölfarið var grafinn 1x1m könnunarskurður. Niðurstöður úr rannsókninni sýndu að Næfurstaðir hafa verið komnir í byggð fljótlega eftir landnám og eru umfangsmikil öskulög

fram til um 1104. Á tímabilinu frá 1104-1300 virðist byggðin leggjast af og frá 1300 og fram á 18. öld finnast mannvistarleifar þarna en líklega er helst um að ræða einhvers konar skepnuhald (Cathryn Katlin o.fl., 2017).

### Ás-1728-631

**Sérheiti:** Næfurstaðir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Í brekku austur undir svonefndum Næfurstaðaás, 560m vestur af bæjarstaðinu í Ási, eru tóftir fornþýlisins Næfurstaða en þar er að finna túngarð og við vettvangsskráningu 2017 voru tvær tóftir [1728-629 og 632] skráðar innan hans. Þegar rýnt er í loftmyndir, bæði yngri og eldri mynd frá 1956 (LI217-LI2-3959), virðist einnig vera mannvirki suður af tóft [1728-629].

#### Lýsing

Tóftin er mögulega tvískipt og um 8x13m að utanmáli. Veggir eru komnir í þúfur og tóftin orðin samlöguð umhverfi sínu.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Óljósar tóftir má greina sunnan bæjarhólsins (65°41'808/19°27'330), rétt neðan við garðsendann, og einnig er lítil kofatóft með háum veggjabrotum, um 40m norðan við hólinn.“ (bls. 58)

### **Ás-1728-632**

**Sérheiti:** Næfurstaðir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Í brekku austur undir svonefndum Næfurstaðaás, 560m vestur af bæjarstæðinu í Ási, eru tóftir fornbylisins Næfurstaða en þar er að finna túngarð og við vettvangsskráningu 2017 voru tvær tóftir skráðar innan hans [1728-629 og 632].

#### **Lýsing**

Neðst og austast í túninu er lítil tóft, 5x8m að utanmáli. Hún er orðin samlöguð umhverfinu sínu, veggir stórpýfðir og í raun er það bara suðvesturhorn tóftar sem er enn vel greinilegt, hitt ógreinilegra. Veggir eru 40-70cm háir og 120cm breiðir.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Óljósar tóftir má greina sunnan bæjarhólsins (65°41'808/19°27'330), rétt neðan við garðsendann, og einnig er lítil kofatóft með háum veggjabrotum, um 40m norðan við hólinn.“ (bls. 58)

### **Ás-1728-633**

**Sérheiti:** Næfurstaðir

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Í brekku austur undir svonefndum Næfurstaðaás, 560m vestur af bæjarstæðinu í Ási, eru tóftir fornbylisins Næfurstaða en þar er að finna túngarð og að minnsta kosti tvær tóftir. Austur af fornbylinu er framræst land þar sem nú eru tún.

#### **Lýsing**

Túngarður er um túnið að norðan, vestan og sunnan en sést ekki að austan. Þar er nú skurður og tún en á loftmynd frá 1956 sést ekki garðlag að austan og spurning hvort hann hafi með tímanum sokkið í mýrina. Garðurinn er mest tæpur metri á hæð og allt að 3m á breidd. Hann er grasi gróinn og stórpýfður eins og túnið innan hans.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Túngarður sést vel að ofan, sunnan og norðan. Að neðan verður vallargarður ekki greindur, hefur líklega náð niður fyrir skurðinn sem þar liggur, niður í túnið sem þar er nú.“ (bls. 58).



*Mynd 305. Mógrafir [1728-634]. Horft er til suðvesturs.*

### Ás-1728-634

**Hlutverk:** Mógrafir


**Tegund:** Niðurgröftur

### Staðhættir

Í sundi milli klettaása, 330m norður af Næfurstöðum og 760m norðvestur af íbúðarhúsinu í Ási 1, eru mógrafir og nokkrar mótóftir.

### Lýsing

Mógrafirnar eru tæplega 3000m<sup>2</sup> að stærð og um 70cm djúpar. Þær eru vel greinilegar að sjá, en þurrar, og hefur skurður verið grafinn í gegnum vesturhluta þeirra.



Mynd 306. Mógrafir [1728-635] og mótóftir [1728-635-638].

#### Ás-1728-635

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í sundi milli klettaása, 330m norður af Næfurstöðum og 760m norðvestur af íbúðarhúsinu í Ási 1, eru mógrafir [1728-634] og á kletti norðaustur af þeim eru fjórar mótóftir.

**Lýsing**

Syðsta tóftin er grasi gróin en þó sér í smá grjót í veggjum sem eru 10-20cm háir. Tóftin er um 4m í þvermál.

#### Ás-1728-636

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í sundi milli klettaása, 330m norður af Næfurstöðum og 760m norðvestur af íbúðarhúsinu í Ási 1, eru mógrafir [1728-634] og á kletti norðaustur af þeim eru fjórar mótóftir.

**Lýsing**

Vestasta tóftin er um 3,5m í þvermál. Veggir eru um 10cm háir og metri á breidd. Þeir eru grasi grónir.

**Ás-1728-637**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í sundi milli klettaása, 330m norður af Næfurstöðum og 760m norðvestur af íbúðarhúsinu í Ási 1, eru mógrafir [1728-634] og á kletti norðaustur af þeim eru fjórar mótóftir.

**Lýsing**

Tóftin sem er önnur að norðan er 2x3,5m að utanmáli. Veggir eru 10cm háir og 40cm breiðir, algrónir grasi.

**Ás-1728-638**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í sundi milli klettaása, 330m norður af Næfurstöðum og 760m norðvestur af íbúðarhúsinu í Ási 1, eru mógrafir [1728-634] og á kletti norðaustur af þeim eru fjórar mótóftir.

**Lýsing**

Nyrsta mótóftin er 3x4m að utanmáli og snýr norður-suður. Veggir eru 10cm háir og 40-50cm breiðir.

**Ás-1728-639**

**Sérheiti:** Hagahús

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Vestur af Hegranesvegi, í landi Áss, eru klapparásar og flóar á milli. Nyrst á einum ásnum eru tóftir beitarhúsa. Þau eru 1,56km suðvestur af íbúðarhúsinu í Ási 1 og 415m austur af norðurenda Urriðavatns.

**Lýsing**

Tóftin snýr norður-suður og samanstendur af fjárhúsi með kró til norðurs og heytóft eða hlöðu til suðurs. Á fjárhúsunum eru dyr nyrst á austurlangvegg en á heytóftinni virðist vera op til vesturs. Hvort það er bara rof í vegg eða hlöðu/tóftardyr er óvíst. Upp við vesturvegg tóftar

virðist vera lítið hólf eða einhver veggjalög en óvíst hvað er. Tóftin er gróin grasi, mosa og lyngi en sér í grjót bæði í garða og veggjum. Veggir eru 30-60cm háir og 130cm breiðir.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Á ásenda austan við flóann þar sem Barnatjörnin er voru beitarhús fram á 19. öld (65°41′362/19°28′254). Þetta hafa verið fremur lítil garðahús, um 30 kinda með heytóft sunnan við. Austur af þeim er brött brekka.“ (bls. 57). Í örnefnaskrá segir: „Hagahús, beitarhúsatóftir fyrir vestan Nónborgir.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 4). Þar segir einnig: „Beitarhús þessi lögðust af í tíð Sigurðar Péturssonar [1820-1857] langafa Guðmundar [átt er við Guðmund Ólafsson í Ási].“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 7).

### Ás-1728-640

**Hlutverk:** Óþekkt, rétt

**Tegund:** Tóft, hleðsla

### Staðhættir

Vestur af Hegransesvegi, í landi Áss, eru klapparásar og flóar á milli. Nyrst á einum ásnum eru tóftir beitarhúsa. Þau eru 1,56km suðvestur af íbúðarhúsinu í Ási 1 og 415m austur af norðurenda Urriðavatns. Um 50m vestan við beitarhúsatóftina [1728-639] er lítil grjóthleðsla austan undir klöpp og mynda þær saman lítið aðhald.

### Lýsing

Þetta er líklega lítil grjóthlaðin rétt sem er 2,5x4,5m að innanmáli. Grjóthleðslan er greinileg til suðurs en óljósari að norðan. Hún er 30cm há og 80cm breið.



*Mynd 307. Varða [1728-641]. Horft er til norðausturs.*

### Ás-1728-641

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

### Staðhættir

Vestur af Hegransesvegi, í landi Áss, eru klapparásar og flóar á milli. Syðst á einum ásnum er lítil varða. Hún er 1,7km suðvestur frá íbúðarhúsinu í Ási 1 og 345m austur af miðju Urriðakotsvatni.

### Lýsing

Varðan er heilleg og sæmilega hlaðin. Hún er 40cm há og stendur vestan við götuna sem lá frá Vatnskoti og suður Hegransesið.

**Ás-1728-642****Hlutverk:** Mógrafir**Tegund:** Niðurgröftur**Staðhættir**

Vestur af Hegranesvegi, í landi Áss 2 í mýrarsundi fast austan við heimreiðina að Prestsbæ, sem er nýbýli í landi Áss, eru nokkuð umfangsmiklar mógrafir, beggja vegna heimreiðar.

**Lýsing**

Austari mógrafirnar eru vel greinilegar og svæðið sem þær ná yfir er 16x30m að utanmáli en þær vestari eru 225m frá norðri til suðurs og mest 45m breiðar frá austri til vesturs.

**Ás-1728-643****Sérheiti:** Ákavarða**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðhættir og lýsing**

Vestur af Hegranesvegi, í landi Áss 2 í mýrarsundi fast austan við heimreiðina að Prestsbæ, sem er nýbýli í landi Áss, eru mógrafir og á kletti 55m austan við þær og tæplega 260m norðaustur af íbúðarhúsinu í Prestsbæ er stæðileg og vel hlaðin varða.

**Aðrar upplýsingar**

Í V. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* (bls. 62) segir í myndatexta: „Ákavarða (65°41'300/19°27'644) stendur á suðurenda Lákabyrgisáss, spölkorn vestsan við þjóðveginn. Hún ermannhæðarhá, um 170-180cm, og er hið mesta hagleiksverk, hlaðin af Ólafi Áka Vigfússyni sem var vinnumaður í Ási árið 1910-1911, beitarhúsamaður hjá Guðmundi Ólafssyni og stóð hér fyrir fé.“





Mynd 308. Rollubergsrétt [1728-644]. Horft er til norðausturs í átt að Vatnskotsvatni og bæjarstæðinu á Hegrabjargi og Svanvatni.

### **Ás-1728-644**

**Sérheiti:** Rollubergsrétt

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Austur undir svonefndu Rollubergi, 1,78km í vestur frá Ási 1, 15m suður af merkjagirðingu milli Áss 1 og Áss 2, er grjóthlaðin rétt nefnd Rollubergsrétt.

### **Lýsing**

Réttin sem er úr grjóti er hlaðin upp við klett sem nýttur er sem vesturveggur hennar. Réttin er 9x19m að innanmáli og veggir eru 20-90cm háir og 1,1m á breidd. Veggir standa þokkalega á köflum en hleðslur eru víðast hrundar. Rekið var inn í réttina við norðvesturhorn og út frá norður skammvegg er vegghleðsla sem líklega hefur verið til að auðvelda innrekstur.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Rolluberg er klettarani, sem liggur frá suðvesturhorni Vatnskotsvatns og suður undir Urriðaberg. Á Rollubergi norðaustanverðu stendur fjárskilarétt Rípurhreppsúa, hlaðin úr grjóti. Gengur klettaveggur með henni að vestan, og er féð rekið meðfram honum og inn í réttina.“ (Ás-Örnefnaskrá, bls. 5).



*Mynd 309. Hleðsla og steinalögn [1728-645]. Horft er til austurs.*

### **Ás-1728-645**

**Hlutverk:** Óþekkt, varða, kuml

**Tegund:** Þúst, steinalögn

### **Staðhættir**

Efst á smá mel, 260m sunnan við Vatnskotsvatn, 270m austur af Rollubergsrétt og 1,5km í hávestur af íbúðarhúsinu í Ási 1, er aflöng þúfa og steinalögn.

### **Lýsing**

Þúfan er 50x150cm að utanmáli og liggur norður-suður. Ofan á þúfunni er eins og smá grjóthleðsla og svo er steinalögn meðfram þúfunni að vestan. Hlutverk er óljóst að sumu leyti virðist þetta vera lítil varða en steinalögnin vestan við er aftur á móti ekki eins og hrun úr þeirri vörðu. Hugsanlega er þetta gröf úr heiðni en ekki er hægt að fullyrða um slíkt nema með frekari rannsókn.



*Mynd 310. Varða [1728-646]. Horft er til suðurs.*

**Ás-1728-646**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

**Staðhættir og lýsing**

Á Rollubergi, 160m suður af Rollubergsrétt og 1,8km í vestur (aðeins til VSV) frá Ási 1, er lítil grjóthrúga sem líklega á að vera varða en óvíst hvort hún var einhvern tímann upphlaðin. Mesta hæð er 30cm.



*Mynd 311. Varða [1728-647]. Horft er til norðausturs.*

**Ás-1728-647**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Syðst og austast á Rollubergi, 465m í hásuður frá Rollubergsrétt og rétt um 1,8km suðvestur frá íbúðarhúsinu í Ási 1, er nokkuð stæðileg varða.

**Lýsing**

Varðan er 80cm há og er hlaðin úr frekar stóru grjóti neðst en minna ofar. Hún stendur vel og er heilleg og hefur líklega verið kennimark við gamla sýsluvegin [1728-730] á milli ferjustaða á Kárastöðum og Ási.



Mynd 312. Varða [1728-648]. Horft er til suðurs yfir Urriðavatn.

**Ás-1728-648**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir og lýsing**

Á mosagróinni klöpp, 40m norður af norðurenda Urriðavatns, er ágætlega hlaðin lítil varða.

**Lýsing**

Varðan er 60cm há og er nokkuð heilleg.



Mynd 313. Grjóthlaðin brú [1728-649] yfir mýri. Horft er til austurs.

**Ás-1728-649**

**Hlutverk:** Brú

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Tæplega 50m norður af norðvesturhorni Urriðavatns er grjótblú yfir mjótt mýrarsund.

**Lýsing**

Á yfirborði er einföld steinalögn sjáanleg, tæplega 2m á breidd.

Óvíst er um aldur en

greinilegt að þarna hefur verið hlaðið til að gera fært yfir mýrina. Götur liggja að brúnni úr báðum áttum.

### Ás-Samantekt

Ás skiptist í dag í Ás 1 og 2 og tilheyrir norðurhluti jarðarinnar Ási 1 en suðurhlutinn Ási 2. Land jarðarinnar liggur beggja vegna Hegranesvegur og nær austur að Héraðsvötnum. Mikið er af minjum í landi beggja jarða. Gamla bæjarstæðið var á flatanum neðan við íbúðarhúsið í Ási 1, neðan brekkunnar. Þar stóðu tvö timburhús sem bæði voru reist á seinni hluta 19. aldar og þegar jörðinni var skipt tilheyrði annað húsið Ási 1 [1728-573] en hitt Ási 2 [1728-574]. Eldra húsið stóð austar en það yngra, sem nú stendur í Glaumbæ á Langholti og tilheyrir Byggðasafni

Skagfirðinga, stóð vestar. Eftir standa húsgrunnar húsanna og steinsteyptur strompur eldra hússins, en ekkert sér eftir af gamla torfbænum [1728-572] og skemmum [1728-577] sem stóðu heldur norðar. Við gamla bæinn voru kirkja og kirkjugarður [1728-575 og 576] og sáust ummerki þeirra langt fram eftir 20. öld en nú er búið að slétta yfir minjarnar. Leitað var að kirkjugarði og kirkju í tengslum við rannsóknarverkefnið SCASS en ekkert fannst. Í brekkunni ofan við gamla bæjarstæðið er garðlag [1728-582], hugsanlega leifar eldri túngarðs, og í framhaldi af því, aðeins vestar, verður garðurinn mjög greinilegur þar sem hann beygir upp til norðurs. Á túngarðinum var mylla til mölunar á korni [1728-594]. Vestan við greinilega endann á garðinum er dæld [1728-583] þar sem virðist hafa staðið bygging. Austan við bæjarstæðið var brunnurinn [1728-596] sem nýttur var fyrir timburhúsin og þar er nú nútímabrunndæla og er enn í notkun. Grjóthlaðinn túngarður [1728-595] er frá hlöðunni í Ási 2 og niður að norðurenda Ásvatnsins og náði gamla túnið að líkindum að honum. Á túnakorti frá 1918 eru níu útihús [1728-584-593] en öll þessi hús eru horfin og fundust engin ummerki um þau. Húsin voru staðsett með því að leggja túnakort yfir loftmynd og má því gera ráð fyrir einhverri skekkju á staðsetningu minjanna. Enn mótur fyrir gömlu heimreiðinni [1728-580] á kafla, en hún lá frá bænum annars vegar til austurs og hins vegar til suðvesturs. Önnur gata er neðan hennar en óvíst um aldur [1728-582]. Við norðausturenda gamla túnsins er grjóthlaðin rétt [1728-597].

Austan bæjarstæðanna í Ási, í gömlu túni, eru leifar fornbylisins Túnfótar sem er eitt af fjórum eða fimm fornbylum í landi Áss. Búið er að vinna túnið en enn sést fyrir minjum á þremur stöðum innan þess [1728-622, 623 og 624], hluta túngarðs [1728-626] og einnar tóftar [1728-627] utan túngarðs. Syðst í túninu er hugsanlega stekkjartóft [1728-624] sem nefnd er í *Jarðabókinni* 1713 en hún er yngri en búseta í Túnfæti. Mannvistarleifar í Túnfæti benda til að býlið hafi verið byggt fyrir 950 (Kathryn Catlin, 2018).

Næfurstaðir er annað fornbyli, undir Næfurstaðaás, um 570m vestur af Ási 1. Þar er túngarður [1728-633] sem umlykur túnið á þrjá vegu og innan hans tóftir á þremur stöðum [1728-629, 631 og 632]. Næfurstaðir voru komnir í byggð fyrir 950 (Kathryn Catlin, 2018). Norður af Næfurstöðum eru mógrafir [1728-634] og mótóftir [1728-635, 636, 637 og 638] í mýrarsundi á milli klapparborga. Aðrar mógrafir [1728-642] eru austan við heimreiðina heim að nýbýlinu Prestsbæ og þar nærri er vegleg varða [1728-643].

Þriðja fornbylið, Minni-Ás, er vestanvert á norðanverðum Ásnum, tæpan kílómetra NNV af bæjarstæðunum. Þar er einnig að finna túngarð [1728-619] og tóftir á þremur stöðum [1728-618, 619 og 620] og er ein þeirra líklega af yngra beitarhúsi [1728-618] eða stekk sem byggður er á eldri minjum. Rannsókn á Minni-Ási bendir til að býlið sé frá elstu tíð og komið í byggð fyrir 950 (Kathryn Catlin, 2018). Fjórða fornbylið var kallað Hegrastaðir og var fyrir miðjum Ásnum norðanverðum. Þar er búið að slétta úr minjum og gera tún en tveir túngarðar [1728-614 og 615] og ein eða tvær tóftir [1728-616 og 617] sjást á loftmynd frá 1974

(Loftmyndasjá Landmælinga Íslands). Elstu mannvistarlög sem fundust á Hegrastöðum eru frá því eftir 1104 (Kathryn Catlin, 2018). Gunnlaugsgerðis [1728-628] er getið í *Jarðabókinni* 1713 og sagt að þar hafi verið fjárhús án girðinga og ekki vitað til þess að þar hafi verið búið en nafngiftin bendir þó til þess að þetta gæti hafa verið fornbýli. Ritari *Byggðasögu Skagafjarðar* staðsetur það norður af íbúðarhúsinu í Ási 2 en Kathryn Catlin leggur til að það hafi verið nær Næfurstöðum og var gerður könnunarskurður þar en engin óyggjandi ummerki fundust um býli (Kathryn Catlin, 2018).

Það eru fjölmargir stekkir í landi Áss. Þrír þeirra eru í landi Áss 2, þar af tveir með tæplega 400m millibili í grasbrekkum sem snúa mót suðri [1728-604 og 605], rétt norðan við merkin við Beingarð. Þar eru einnig tvær vörður [1728-602 og 603] sem standa við gamlar götur sem lágu á milli Rípur og Áss. Syðst á Ástaglinu er stekkjartóft [1728-606] og austur af henni skurður [1728-609], hugsanlega áveituskurður sem nær að Héraðsvötnum og annar norðar. Austanvert á suðurenda Ástaglsins er einnig ágætlega hlaðin varða [1728-607]. Hlutverk hennar er óljóst en þarna liggja engar götur. Austan bæjar, við Héraðsvötnin, á svonefndu Bæjarnesi var ferjað frá Ferjuskarði [1728-612] fram undir aldamótin 1900 eða þar til brú kom á Vötnin. Sunnan við nesið var Selavað [1728-613] en nafnið dregur það af því að þar var veiddur selur. Norður með Ásnum, austan undir honum, eru Syðri- og Ytri-stekkur, sá fyrrnefndi grjóthlaðinn [1728-597] en hinn úr torfi [1728-600]. Á milli þeirra er hlaðið garðlag, hugsanlega áveita [1728-599]. Nokkru norðar er enn tóft sem er líklega einnig stekkjartóft [1728-601]. Tvö heystæði [1728-610 og 611] voru skráð af loftmynd á Héraðsvatnabökkunum. Var mjög blautt var á engjum þegar skráning fór fram.

Þær minjar sem hér hefur verið fjallað um eru allar neðan eða austan Hegranesvegar. Nokkur fjöldi minja er einnig vestan vegarins. Þar tilheyrir stærri partur Ási 2 en Ási 1 sem á aðeins smá rönd á milli Áss 2 og Vatnskots. Innan lands Áss 1 er ein þúst með steinalögn [1728-645], en hlutverk hennar er óljóst. Hún er þó skammt sunnan við gamla leið sem fjallað er um í kaflanum um leiðir, hugsanlega er þetta varða en einnig er mögulegt að þetta geti verið heiðin gröf. Í landi Áss 2 er grjóthlaðin rétt, nefnd Rollubergsrétt, [1728-644] og sunnan hennar, á Rollubergi, eru tvær vörður [1728-646 og 647]. Norðan Urriðavatns er varða [1728-648] við gamla leið og einnig hlaðin brú [1728-649] yfir mýrarsund. Á smá klapparás, sunnan við Urriðavatnið og sunnan við Barnatjörn, sem var austan vatnsins, er beitarhúsatóft [1728-639], lítil rétt [1728-640] og sunnan þeirra varða [1728-641]. eru þá taldar þær minjar sem skráðar voru í landi Áss.

Allar þrjár aðalleiðir um Hegranes liggja um land Áss. Bakkavegur [1728-729] liggur meðfram Héraðsvatnabökkum, að ferjustaðnum í Ási og þangað liggur líka sýsluvegurinn [1728-730] sem þverar nesið frá Kárastöðum og að Ási. Miðvegur [1728-728] liggur síðan frá norðri til suðurs, vestast í landi Áss. Aðrar leiðir eru göturnar frá Hellulandi [1728-741] og göturnar sem liggja frá Ási, vestan Ásvatns og suður að Ríp [1728-734].

## Vatnskot (Hegrbjarg og Svanavatn)

### Söguágrip

Bærinn hét upphaflega Vatn og kemur þannig fyrir í elstu heimildum en hans er fyrsta getið í reikningum Hólastóls árið 1388 og var þá stólseign og var landskuld þrjár merkur í vaðmálum.<sup>90</sup> Vatn var upphaflega sjálfstæð jörð en síðar hjáleiga frá Ási, líklega á 16. öld, og var þá talin fjórðungur þeirrar jarðar.<sup>91</sup> Í Sigurðarregistri frá 1550 er jörðin sögð í eyði og þar nefnd Vatnskot.<sup>92</sup>

Í *Jarðabók* 1713 er Vatnskot talin fjórði partur af Ási og voru jarðirnar saman metnar 60 hundruð. Landskuld var 60 álnir síðustu sex ár en þar áður var hún 87,5 álnir, vatnsból er sagt gott.<sup>93</sup> Árið 1937 var Vatnskoti skipt í tvær jarðir, Hegrabjarg og Svanavatn. Túni og slægjum var skipt en beitiland var óskipt milli jarðanna.<sup>94</sup>

Norðvestur af bæ eru tóftir sem ábúendur á Hegrabjargi heyrðu nefnda Hegrastaði og eru þar minjar á tveimur stöðum.<sup>95</sup> Aðrir Hegrastaðir voru í landi Áss og hugsanlega gætir einhvers misskilnings þarna á milli en við rannsóknir SCASS verkefnisins á meintum Hegrastöðum fundust engin ummerki um búsetu og bentu niðurstöður borkjarnarannsóknna fremur til þess að þarna hefðu verið útihús um lengri tíma.<sup>96</sup>

---

<sup>90</sup> Íslenskt fornbréfasafn III, 408 og 403.

<sup>91</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 65.

<sup>92</sup> Íslenskt fornbréfasafn XI, 861.

<sup>93</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 64-65.

<sup>94</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 64.

<sup>95</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 66-67.

<sup>96</sup> Kathryn Catlin o.fl., 2018.

## Fornleifaskráning



Mynd 314. Gamli torfbærinn [1728-650] í Vatnskoti stóð vestan við íbúðarhúsið á Svanavatni. Horft er til suðausturs.

### Vatnskot-1728-650

**Sérheiti:** Vatnskot

**Hlutverk:** Híbýli, skemma og fjós

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir og lýsing


Gamli bærinn í Vatnskoti stóð vestan við íbúðarhúsið á Svanavatni og var austasti hlutinn rifinn til að rýma fyrir íbúðarhúsinu. Búið er að rífa bæinn en óvíst er hvort eitthvað sjáist eftir þar sem mikill gróður var á gamla bæjarstæðinu þegar skráning fór fram.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Í Vatnskoti var að síðustu orðinn hálftrar aldar gamall torfbær með skála og eldhús hvort sínum megin bæjardyra en baðstofu vestast sem sneri út og suður. Hann var byggður eftir að Vatnskotsbærinn brann 12. ágúst 1885. Um þann atburð eru ekki handbærar frekari upplýsingar. Bærinn stóð vestan við núverandi íbúðarhús á Svanavatni svo að það stendur nánast ofan í framskalanum sem rifinn var til að hægt væri að reisa húsið.“ (bls. 65). Á túnakorti frá 1918 er merkt skemma norðan við bæinn og fjósið



sunnan við bæ. Þessar byggingar hafa að öllum líkindum verið áföst bænum og eru hér skráð sem ein heild.



Mynd 315. Yfirlitsmynd af minjum á bæjarstæðum Svanavatns og Hegrabjargs og í nánasta umhverfi þeirra.

**Vatnskot-1728-651****Hlutverk:** Öskuhaugur**Tegund:** Heimild**Staðhættir og lýsing**

Öskuhaugur var suðaustan við íbúðarhúsið á Hegrabjargi og var tekinn könnunarskurður í hann sumarið 2017. Þarna er í dag, slétt gróið svæði og enginn hóll sjáanlegur. Niðurstöður úr könnunarskurðinum sýndu þykk öskulög fyrir 1104 en minna á milli 1104 og 1300. Niðurstöður rannsókna með kjarnabor sýndu að öskulög öskulög voru líka norðan við staðinn þar sem skurðurinn var tekinn og ná norður undir efsta hluta beygjunnar á heimreiðinni. Það má því búast við mannvistarleigum í jörðu á öllu þessu svæði (Douglas Bolender o.fl. 2018).



*Mynd 316. Smá dæld er þar sem brunnur [1728-652] er, austan við Hegrabjarg. Horft er til vesturs.*

**Vatnskot-1728-652****Hlutverk:** Brunnur**Tegund:** Dæld**Staðhættir**

Brunnur var um 30m austur af suðurenda íbúðarhússins á Hegrabjargi og þar sést enn niðurgroftur.

**Lýsing**

Niðurgröfturinn er um 2m að utanmáli og 60cm djúpur, smá kantur er utan með honum. Þarna var brunnur þegar þær Sigrún og Margrét Ólafsdætur muna eftir sér (f. 1941) en síðar var fyllt upp í hann (munnl. heimild, 19.09.2018).

**Vatnskot-1728-653**

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Dæld

**Staðhættir**

Brunnur var um 75m austur af íbúðarhúsinu á Hegrabjargi og um 20m vestur af veginum um Hegranes. Þar er enn smá hola.

**Lýsing**

Þarna sést enn smá hola, ca. 10cm djúp, en búið er að fylla upp í brunninn.

**Vatnskot-1728-654**

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Sunnan við heimreiðina, um 50m ASA af íbúðarhúsinu á Svanavatni og gamla bæjarstæðinu [1728-650] var brunnur.

**Lýsing**

Þarna var brunnur með brunnhýsi sem mögulega var notaður fram til 1940 samkvæmt Sigrúnu og Margrétu Ólafsdætrum (munnl. heimild, 19.09.2018). Ekkert sér eftir af honum í dag.

**Vatnskot-1728-693**

**Hlutverk:** Smiðja

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Sunnan við heimreiðina, um 50m ASA af íbúðarhúsinu á Svanavatni og gamla bæjarstæðinu var brunnur [1728-654] og við hliðina á honum smiðja samkvæmt Sigrúnu og Margrétu Ólafsdætrum (munnl. heimild, 19.09.2018).

**Lýsing**

Bæði brunnurinn og smiðjan eru horfin en voru staðsett eftir lýsingum heimildamanna.



*Mynd 317. Leifar gamals kerruvegar [1728-655]. Horft er til norðausturs.*

### **Vatnskot-1728-655**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

#### **Staðhættir**

Norður frá norðausturhorni gamla túnsins, um 110m norður af íbúðarhúsinu á Svanavatni, eru leifar gamals kerruvegar.

#### **Lýsing**

Gatan er gróin og liggur á ská til NNA og niður brekku. Hún er um 1,5m á breidd. Þarna var að sögn þeirra Sigrúnar og Margrétar Ólafsdætra kerruvegur sem þó var ekki í notkun eftir að þær fara að muna eftir sér (f. 1941) (munnl. heimild, 19.09.2018).



*Mynd 318. Beðaslétturnar [1728-656] fyrir miðri mynd en sjást aðeins óljóst. Horft er til suðausturs.*

### **Vatnskot-1728-656**

**Hlutverk:** Beðasléttur

**Tegund:** Hryggir

#### **Staðhættir**

Í túninu norðan við bæ og útihús á Hegrabjargi eru beðasléttur. Syðsta beðasléttan er rétt tæpa 100m norður af íbúðarhúsinu.

#### **Lýsing**

Beðaslétturnar ná yfir svæði sem er um 20x40m að utanmáli. Þær liggja frá vestri til austurs og eru um 20m langar og mest 3m á breidd. Mesta hæð er um 20cm. Þegar skráning fór fram í september 2018 var arfi yfir vestari hluta sléttanna en gras að austan. Á nýlegum loftmyndum sjást þær ekki greinilega en á svarthvítri loftmynd frá 1974 eru þær mjög greinilegar og þar sjást 9-10 beð (LMI-Kort-D18-6003). Þegar túnakort frá 1918 er lagt yfir loftmynd sést að beðaslétturnar voru nyrsti hluti gamla túnsins.

### **Vatnskot-1728-657**

**Hlutverk:** Beðasléttur

**Tegund:** Hryggir

**Staðhættir**

Í aflíðandi brekku, rúmlega 50m SSA af íbúðarhúsinu á Hegrabjargi, eru beðasléttur.

**Lýsing**

Beðasléttur ná yfir um 20x22m svæði og var lengsta sléttan mæld 22m en sú stysta var um 15m. Hæð er að jafnaði um 20-30cm. Þær eru algrónar grasi. Þessar sléttur sjást á nýlegum loftmyndum en eru enn greinilegri á mynd frá 1974 og þar virðast þær fleiri og ná nokkuð norður fyrir það svæði sem hér var skráð (LMI-Kort-D18-6003). Þegar túnakort frá 1918 er lagt yfir loftmynd sést að beðasléttur voru í suðausturhorni gamla túnsins.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Minjar um gamlar beðasléttur sjást enn i brekkunni suðaustan við Hegrabjarg.“ (bls. 65).

**Vatnskot-1728-658**

**Hlutverk:** Súrheysturn

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Súrheysturn var þar sem nú er blómagarður sunnan við Svanavatnsbæinn (munnl. heimild, Sigrún og Margrét Ólafsdætur, 19.09.2018).



*Mynd 319. Gróin tóft [1728-659] sunnan Hegrabjargs. Horft er til suðausturs og sést í norðurendann á Vatnskotsvatni.*

**Vatnskot-1728-659**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft, dældir

**Staðhættir**

Austan undir hólnum sem liggur suður frá íbúðarhúsinu á Hegrabjargi, norðvestan og ofan við beðasléttunna [1728-657], er tóft.

**Lýsing**

Tóftin liggur norðaustur-suðvestur og er 6,5x14m að utanmáli. Hún virðist tvískipt en ekki verða greindar neinar dyr á henni. Veggir eru lágir, 10-30cm, og mest um 1,5m á breidd. Hún er algróin grasi. Norðan við hana er smá slétt svæði sem sker sig aðeins úr umhverfinu.





*Mynd 320. Fjárhústóft [1728-660], sunnan bæjar. Horft er yfir Vatnskotsvatn til suðvesturs.*

### **Vatnskot-1728-660**

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Norðan við Vatnskotsvatn, syðst á hólnum sem liggur sunnan við bæinn á Hegrabjargi og rétt tæpa 100m SSV af íbúðarhúsinu, er fjárhústóft.

#### **Lýsing**

Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er 5,5x16m að utanmáli. Tóftin er að mestu grasi gróin en heytóftin, sem er nyrst, er aðeins rofin og þar sést í grjót og torf. Í heytóftinni vex arfi. Veggir eru 20-40cm háir og mest 1,5m á breidd.

### **Vatnskot-1728-661**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

### **Staðhættir og lýsing**

Túngarður var um gamla túnið í Vatnskoti en er að mestu leyti horfinn. Enn er þó eftir nyrsti hluti garðsins sem er beint norður af beðasléttum [1728-656] og rúmlega 100m norður af íbúðarhúsinu á Svanavatni.

### **Lýsing**

Garðurinn liggur austur-vestur og er 30m langur. Hann er grasi gróinn og um 30-40cm hár þar sem hann er hæstur og mest um 2m á breidd.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Forn vallargarður var um túnið en hann er nú horfinn að mestur eða öllu leyti.“ (bls. 65). Um hann segir í örnefnaskrá: „Í túninu er Dagsláttá rétt vestan við bæinn vestur að gömlu vallargarðlagi, sem þar er.“ (Vatnskot-Örnefnaskrá, bls. 1). Á túnakorti frá 1918 segir að túnið sé 2,6 teigar.



*Mynd 321. Fjánhústóft [1728-662]. Horft er til vesturs. Neðst á mynd sést í beðasléttur [1728-656].*

### **Vatnskot-1728-662**

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 má sjá þrenn útihús sem liggja frá norðri til suðurs, nyrst og vestast í gamla túninu. Nyrstu húsin voru í bláhorni túnsins, vestan við beðasléttur [1728-656].

### Lýsing

Þarna voru fjárhús sem voru í notkun fram yfir 1970 og stóðu þar til þau fuku en heimildamenn voru ekki vissir um hvenær það var. Þau voru hlaðin úr torfi og grjóti en járn var komið á þak og húsin að hluta klædd með asbestplötum (munnl. heimild, Sigrún og Margrét Ólafsdætur, 17.09.2018). Tóftin er 16x24m að utanmáli og snýr norður-suður. Dyr hafa snúið mót austri. Hlaða hefur verið vestan við húsin. Í nyrstu húsunum er grjóthlaðinn garði með steyptri plötu og fjárbaði á austurenda. Tóftin er gróin grasi og arfa en sér í grjóthleðslur í nokkrum veggjum. Veggir eru 20-60cm breiðir og um 120cm breiðir.



*Mynd 322. Tóft útihús [1728-663] er vart meira en smá dældir og lág veggjalög í túni. Horft er til norðausturs.*

### Vatnskot-1728-663

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** **Hætta.** Þegar hefur verið sléttað yfir minjarnar en þær ættu ekki að vera í frekari hættu nema túnið verði unnið upp.

### Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 má sjá þrenn útihús sem liggja frá norðri til suðurs, nyrst og vestast í gamla túninu. Nyrstu húsin [1728-622] voru í bláhorni túnsins og tæpum 20m sunnar voru önnur útihús. Þar er tóft á smá hól um 60m norðvestur af íbúðarhúsinu á Svanavatni.

### Lýsing

Þarna hefur túnið, og þar með tóftin, verið sléttuð en útlínur sjást enn þokkalega vel. Tóftin snýr austur-vestur og er 7x11m að utanmáli. Hún er tvískipt og virðist vestara hólfið hafa verið heytóft eða hlaða. Veggir eru ávalir um 10-20cm háir, 2m á breidd og algrónir grasi. Þessi hús voru fallin þegar Sigrún og Margrét Ólafsdætur muna eftir sér (f. 1941) (munnl. heimild, 19.09.2018) og þau sjást ekki á loftmynd frá 1956 (LI217-LI2-3959).



*Mynd 323. Leifar útihúsatóftar [1728-664]. Horft er til suðausturs.*

### Vatnskot-1728-664

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** **Hætta.** Þegar hefur verið sléttuð yfir minjarnar en þær ættu ekki að vera í frekari hættu nema túnið verði unnið upp.

### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 má sjá þrenn útihús sem liggja frá norðri til suðurs, nyrst og vestast í gamla túninu. Nyrstu húsin [1728-662] voru í bláhorni túnsins og rúmlega 50m til SSV voru önnur hús, líklega fjárhús.

### **Lýsing**

Búið er að slétta yfir tóftina en útlínur veggja sjást þótt þær séu nokkuð ógreinilega. Tóftin er algróin grasi. Utanmál er 12x12m og hefur framhlið húsanna snúið til austurs. Veggir eru 10-20cm háir og dældir á milli þeirra sem eru um 10-20cm djúpar. Líklega hefur verið heytóft eða hlaða að vestan. Norður frá tóftinni er aflöng dæld sem liggur norður-suður, um 3x8m að utanmáli og 10-20cm djúp. Þessi hús voru fallin þegar þegar Sigrún og Margrét Ólafsdætur muna eftir sér (f. 1941) (munnl. heimild, 19.09.2018) og þau sjást ekki á loftmynd frá 1956 (LI217-LI2-3959).

### **Vatnskot-1728-665**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Rétt um 40m vestur af íbúðarhúsinu á Hegrabjargi var að sögn heimildamanna þeirra Sigrúnar og Margrétar Ólafsdætra tóft sem nú er horfin (munnl. heimild, 19.09.2018).

### **Lýsing**

Þegar skráning fór fram voru þarna tveir veglegir haugar af taði og engin ummerki um minjar en þær voru hnitsettar eftir lýsingu heimildamanna og má gera ráð fyrir allt að 10m skekkju.

### **Aðrar upplýsingar**

Tóftin sést á loftmyndum frá 1956 (LI217-LI2-3959) og frá 1985 (LMI-Kort-J11-J-1959). Á myndunum sést að húsin hafa snúið nokkurn veginn austur-vestur.

### **Vatnskot-1728-666**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Á túnakorti frá 1918 er sýndur matjurtagarður norðan við gamla bæinn. Matjurtagarðurinn hefur nokkurn veginn verið þar fjárhúsin (áður fjós) á Svanavatni standa og ekkert sér eftir af honum.

### **Aðrar upplýsingar**

Úr jarðamati 1916: Matjurtagarður 150 ferðfaðmar (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 65). Á túnakorti frá 1918 er matjurtagarðurinn merktur norðan við bæinn og er skemma á milli bæjarhúsa og garðsins.

### **Vatnskot-1728-667**

**Hlutverk:** Fráveita

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í lok 19. aldar var gerður skurður úr Vatnskotsvatni. Margrét og Sigrún Ólafsdætur telja að skurðurinn hafi verið þar sem lækurinn er núna, um 90m austur af íbúðarhúsinu á Hegrabjargi, en hann hefur átt það til að breyta um farveg (munnl. heimild, 19.09.2018). Lækurinn liggur til norðausturs úr norðausturhorni Vatnskotsvatn og var punktur tekinn á honum en gera má ráð fyrir að það geti munað einhverjum metrum frá því sem upprunalegi skurðurinn var.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Þegar Sigurður Ólafsson [bjó í Vatnskoti 1880-1888], nú hreppstjóri að Hellulandi, bjó í Vatnskoti, gerði hann djúpan skurð úr vatninu og grynnti það. Kom þá upp þarna marbakki, er gleri svo upp smám saman og gefur af sér nú um 40-50 hesta af heyi.“ (Vatnskot-Örnefnaskrá, bls. 1).

### **Vatnskot-1728-668**

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur

#### **Staðhættir**

Umfangsmiklar mógrafir voru í sundinu upp af norðvesturhorni Vatnskotsvatns, um 330m norðvestur af bæjarstæðinu. Þarna eru nú tún og mógrafirnar að mestu horfnar.

#### **Lýsing**

Í túninu sést aðeins móta fyrir smá mógröfunum á um 10x60m breiðu svæði sem liggur frá norðri til suðurs. Á loftmynd frá 1956 (LI217-LI2-3959) sést að grafirnar voru þó mun umfangsmeiri.



Mynd 324. Varða [1728-669]. Horft er til suðausturs yfir Vatnskotsvatn.

og um 50cm að hæð.

### Vatnskot-1728-669

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### Staðhættir

Á kletti um 400m vestur af íbúðarhúsinu á Hegrabjargi og upp af norðvesturhorni

Vatnskotsvatns er heilleg varða.

#### Lýsing

Varðan er um 80x100cm að grunnmáli



Mynd 325. Varða [1728-670] á bergjunum vestur af Vatnskoti. Horft er til norðausturs.

### Vatnskot-1728-670

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### Staðhættir

Á klettabergjunum vestur af Vatnskoti, um 650m VNV af bæjarstæðinu, er frekar lítil varða.

#### Lýsing

Varðan er heilleg, 70x70cm að grunnmáli og 50cm há.



Mynd 326. Lautinantsvarða [1728-671]. Horft er til norðvesturs.

### **Vatnaskot-1728-671**

#### **Sérheiti:**

Lautinantsvarða

#### **Hlutverk:**

Landmælingarvarða

#### **Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Efst á Geitabergi, 8m suðvestur frá endurvarpsstöðinni er Lautinantsvarða.

#### **Lýsing**

Varðan er nokkuð vegleg, um 140cm há

og um 120x120cm að grunnflatarmáli.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er myndatexti við mynd af Lautinantsvörðu: „Lautinantsvarða (65°42'878/19°29'260), hlaðin af dönskum mælingamönnum, Hans Frisak og Hans Jacob Scheel, væntanlega sumarið 1811 er þeir voru við strandmælingar við Skagafjörð. Varðan er á hæsta punkti Geitabergsins, fáeinum metrum sunnan við endurvarpsstöðina. Þar er talin vera 138 m hæð.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 65). Um vörðuna segir í örnefnaskrá: „Á há Geita-berginu er grjótvarða, nefnd Lautinantsvarða eftir landmælingamönnum, Frísak og Schel um 1800? [líklega árið 1811], er hlóðu hana, því þar er Hegranestið hæst, og eftir nýjustu landmælingum herforingjaráðsins er hæðin þar 138 metrar.“ (Vatnaskot-Örnefnaskrá, bls. 1).





*Mynd 327. Ísleifshellir [1728-672] er smá hellisskúti austan í Geitabergi. Horft er til norðurs.*

**Vatnskot-1728-672**

**Sérheiti:** Ísleifshellir

**Hlutverk:** Sögustaður

**Tegund:** Hellir

**Staðhættir**

Ísleifshellir eru austan í Geitabergi, um 270m SSA frá endurvarpsstöðinni og Lautinantsvörðu [1728-671] og 1030m norðvestur af bæ.

**Lýsing**

Hellisskútin er ekki stór en

grasrák er framan við hann og ágætis aðkoma að honum. Þarna er engin mannvirki að sjá.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í Örnefnaskrá segir: „Austan í berginu skammt frá vörðunni er hellisskúti, nefndur Ísleifshellir eftir útileguþjóf, er hélt til í honum og varðist þaðan, en var þar drepinn að lokum, er fornar sagnir herma.“ (Vatnskot-Örnefnaskrá, bls. 1). Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi er myndatexti við mynd af Ísleifshelli: „Austan í Geitabergi sunnarlega, suðaustur frá Lautinantsvörðu, er Ísleifshellir (65°42′746/19°29′110)“ (bls. 66).



*Mynd 328. Gálgaklettur [1728-673] í Grendöllum. Horft er til norðurs.*

### **Vatnskot-1728-673**

**Sérheiti:** Gálgaklettur

**Hlutverk:** Aftökustaður

### **Staðhættir og lýsing**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir af útilegumönnum í Hegranesi sem héldu sig til í Þjófadöllum, nú Grendöllum. Þeir voru dæmdir til hengingar á Hegranesþingi: „Heita þar síðan Gálgaklettur, hamrar tveir hvor gegnt öðrum þar sem eystri dalurinn er þrengstur norðvestan við Lautinantsvörðu.“ (bls. 66).



*Mynd 329. Hleðsla [1728-674] fram á kletti, líklega hlaðið sem smá skjól fyrir smala sem þarna hefur setið yfir fé. Horft er til norðurs.*

### Lýsing

Smá hleðsla er á milli tveggja stærri steina og er hleðslan sjálf um 30cm há en stærri steinninn um 50cm hár. Heildarlengd er um einn metri. Hlutverk er óvíst en helst minnir þetta á skjól sem hlaðið hefur verið af smala.

### Vatnskot-1728-674

**Hlutverk:** Óþekkt, byrgi

**Tegund:** Hleðsla

### Staðhættir

Í norðvesturhorni Vatnskotslands, við merkin við Garð, er lítil tjörn og suðvestur og suðaustur af henni eru nokkrar vörður [1728-675, 676 og 677] og lítil, aflöng hleðsla um 45m VSV af syðri tjarnarendanum.



*Mynd 330. Varða [1728-675]. Horft er til norðausturs.*

### Vatnskot-1728-675

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða, grjóthrúga

### Staðhættir

Í norðvesturhorni Vatnskotslands, við merkin við Garð er lítil tjörn og suðvestur og suðaustur af henni eru nokkrar vörður og er ein þeirra um 55m suðvestur af syðri enda

tjarnarinnar.

### Lýsing

Varðan, sem er fremur grjóthrúga en eiginlega varða, er mynduð úr nokkrum fremur stórum steinum og er um 50cm há og um 70x70cm að grunnmáli. Líklegast er að þetta sé smalavarða.



Mynd 331. Varða [1728-676]. Horft er til suðausturs.

### Lýsing

Varðan er um 100cm há og um 70x90cm að grunnmáli. Hún er þokkalega hlaðin og stendur vel.

### Vatnskot-1728-676

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

### Staðhættir

Í norðvesturhorni Vatnskotslands, við merkin við Garð er lítil tjörn og suðvestur og suðaustur af henni eru nokkrar vörður og er ein þeirra um 75m suðvestur af syðri enda tjarnarinnar.



Mynd 332. Varða [1728-677]. Horft er til norðurs.

suðurenda tjarnarinnar.

### Lýsing

Varðan er hlaðin úr örfáum steinum og ekki mikið verið lagt í hana. Hún er um um 40cm há. Líklegast er að þetta sé smalavarða.

### Vatnskot-1728-677

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða, grjóthrúga

### Staðhættir

Í norðvesturhorni Vatnskotslands, við merkin við Garð er lítil tjörn og suðvestur og suðaustur af henni eru nokkrar vörður og er ein lítil varða eða grjóthrúga um 45m suðaustur af



*Mynd 333. Stekkur [1728-678] austur undir Stekkjarborg. Horft er til suðurs.*

### **Vatnskot-1728-678**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Um 460m suðaustur frá íbúðarhúsinu á Hegrabjargi er stekkjartóft. Tóftin er 50m austan vegar og austur undir lágri klöpp sem heitir Stekkjarborg.

#### **Lýsing**

Stekkurinn er hlaðinn upp við Stekkjarborgina sem myndar vesturvegg hennar. Veggir eru hlaðnir úr grjóti en að hluta grónir bæði grasi, mosa og blómgróðri. Tóftin er 2,5x12m að utanmáli og liggur norður-suður. Lambakróin er norðan við réttina og hafa hlið verið á báðum og snúið til austurs. Veggir eru 20-50cm háir og 70-80cm breiðir.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Austan vegar, sunnan við túnin á Hegrabjargi, er lág klapparbunga sem heitir Stekkjarborg. Austan undir henni er 12 m langur stekkur (65°42′019/19°28′019) og myndar klöppin vesturvegg stekkjarsins.“ (bls. 67).



Mynd 334. Horft er til suðurs yfir tóft [1728-679].

### **Vatnskot-1728-679**

**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur, kofi

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Í litlum hvammi sunnarlega við vesturhlið Vatnskotsvatns eru tvær tóftir. Austari tóftin liggur á vatnsbakkanum.

#### **Lýsing**

Tóftin er í heild 4,5x9m að utanmáli og liggur samhliða vatnsbakkanum, nokkurn veginn í stefnuna norður-suður. Dyr eru ekki greinanlegar. Veggir eru 20-40cm háir og grónir grasi, mosa og blómgróðri en þó sér í grjóthleðslur í veggjum. Hlutverk er óljóst en hugsanlega er þetta stekkur með kró til suðurs og rétt til norðurs. Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er þetta kallað kofatóft en það virðist liggja vegghleðsla til norðurs frá því sem höfundur byggðasögunnar telur kofa og mynda þannig tvö hólf í staðinn fyrir eitt.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Stekkir eru vestan við Vatnskotsvatn. Sunnan til við vatnið er T-laga stekkjartóft (65°42'022/19°28'888) í litlum og skjólsælum djúhvammi, um 9 metrar á lengd frá austri til vesturs en 7 metrar í breiðari enda að austan og neðan. Rétt fyrir neðan, á vatnsbakkanum er lítil kofatóft, um 4x4 metrar (65°42'016/19°28'868).“ (bls. 67).



Mynd 335. Stekkjartóft [1728-680]. Horft er til austurs.

### **Vatnskot-1728-680**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Í litlum hvammi sunnarlega við vesturhlið Vatnskotsvatns eru tvær tóftir. Austari tóftin [1728-679] liggur á vatnsbakkanum og 10m vestan við hana er önnur tóft heldur umfangsmeiri.

#### **Lýsing**

Tóftin virðist tvískipt og er að líkindum stekkur með kró til vesturs en rétt til austurs. Innangengt er á milli og hefur hlið verið á réttinni til suðurs. Tóftin er 7x9m að utanmáli. Veggir eru 20-50cm háir og um 1,5m á breidd, þeir eru algrónir grasi, mosa og lyngi og virðist tóftin vera nokkuð gömul.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Stekkir eru vestan við Vatnskotsvatn. Sunnan til við vatnið er T-laga stekkjartóft (65°42'022/19°28'888) í litlum og skjólsælum djúhvammi, um 9 metrar á lengd frá austri til vesturs en 7 metrar í breiðari enda að austan og neðan. Rétt fyrir neðan, á vatnsbakkanum er lítil kofatóft, um 4x4 metrar (65°42'016/19°28'868).“ (bls. 67).



Mynd 336. Stekkjartóft [1728-681]. Horft er til suðausturs.

### **Vatnskot-1728-681**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Í hvammi sem er upp af suðvesturenda Vatnskotsvatns, norðan við landamerkin við Ás, eru nokkrar tóftir, líklega stekkir og umhverfis þær að hluta er garðlag.

#### **Lýsing**

Syðst og vestast er tóft sem er 5x10m að utanmáli og liggur hún nokkurn veginn austur-vestur. Hún er algróin grasi, mosa og blómgróðri. Tóftin er tvískipt og minnir helst á stekk og er þá lambakróin til vesturs en réttin til austurs og á henni hefur verið hlið til austurs. Veggir eru 20-60cm háir og 150cm breiðir.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Um það bil 100 metrum sunnar, upp af enda vatnsins, eru tóftaminjar í djúpum hvammi sunnan undir bergendanum og í góðu skjóli fyrir norðanáttinni. Í örnefnaskrá er talað þar um tóftir beitarhúsa en varla getur það staðist. Beitarhús voru ekki byggð á stað sem þessum, í djúpum hvammi sunnan undir háum klapparmelum þar sem mátti búast við kaffenni í snjóavetrum. Hér eru a.m.k. tvær tóftir. Annars vegar tvískipt tóft, um 5x7 m að utanmáli (65°41'960/19°28'924) en önnur minni



nokkrum metrum utar og neðar, greinleg stekkjartóft og munu báðar tóftirnar vera af stekkjum sem væntanlega hafa verið í notkun á mismunandi tíma.“ (bls. 67).



Mynd 337. Yfirlistmynd af minjum [1728-679, 681, 681-684] við suðvesturenda Vatnskotsvatns.

### Vatnskot-1728-682

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í hvammi sem er upp af suðvesturenda Vatnskotsvatns, norðan við landamerkin við Ás, eru nokkrar tóftir, líklega stekkir og umhverfis þær að hluta er garðlag.

**Lýsing**

Syðst og vestast er tóft [1728-681] og fast norðaustan við hana er önnur tóft, hugsanlega einnig stekkjartóft. Tóftin er 6x8m og snýr austur-vestur. Veggir eru þýfðir en tóftin virðist vera með 2-3 hólf en engar dyr eru greinanlegar. Veggir eru 20-70cm háir og 80cm breiðir, algrónir grasi og mosa. Þessi tóft er hugsanlega byggð ofan á eldri minjum en smá hól er undir henni.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Um það bil 100 metrum sunnar, upp af enda vatnsins, eru tóftaminjar í djúpum hvammi sunnan undir bergendanum og í góðu skjóli fyrir norðanáttinni. Í örnefnaskrá er talað þar um tóftir beitarhúsa en varla getur það staðist. Beitarhús voru ekki byggð á stað sem þessum, í djúpum hvammi sunnan undir háum klapparmelum þar sem mátti búast við kaffenni í snjóavetrum. Hér eru a.m.k. tvær tóftir. Annars vegar tvískipt tóft, um 5x7 m að utanmáli (65°41'960/19°28'924) en önnur minni nokkrum metrum utar og neðar, greinleg stekkjartóft og munu báðar tóftirnar vera af stekkjum sem væntanlega hafa verið í notkun á mismunandi tíma.“ (bls. 67).

### Vatnskot-1728-683

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Í hvammi sem er upp af suðvesturenda Vatnskotsvatns, norðan við landamerkin við Ás, eru nokkrar tóftir, líklega stekkir og umhverfis þær að hluta er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið er ekki hringinn í kringum tóftirnar. Það er um 26m langt frá austri til vesturs. Síðan kemur garðlag þvert á það sem snýr norður-suður og er 20m langt og út frá norður enda þess er um 10m langur endi til veturs. Garðlagið er 30-70cm hátt og 120cm breitt. Innan við garðinn skiptast á slétt svæði og þúfur og þar gætu mögulega leynst fleiri minjar. Garðurinn er algróinn grasi, mosa og lyngi og virðist eldri en tóftirnar.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Um það bil 100 metrum sunnar, upp af enda vatnsins, eru tóftaminjar í djúpum hvammi sunnan undir bergendanum og í góðu skjóli fyrir norðanáttinni. (...) Athyglisvert við þennan stað er að hér virðist ærið fornt garðlag kringum tóftirnar, um 20 m á breidd frá norðri til suðurs en 24 m frá austri til vesturs. Ekki þó alveg hringlaga því horn er á garðinum að suðaustan.“ (bls. 67).



*Mynd 338. Tóft [1728-684]. Horft er til suðurs.*

#### **Vatnskot-1728-684**

**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta vegna rasks, tóftin er skemmd vegna ágangs hrossa.

#### **Staðhættir**

Í hvammi sem er upp af suðvesturenda Vatnskotsvatns, norðan við landamerkin við Ás, eru nokkrar tóftir, líklega stekkir og umhverfis þær að hluta er garðlag.

#### **Lýsing**

Ein tóft virðist vera austan við garðlagið [1728-683], vestan við bakka Vatnskotsvatns. Hún snýr norður-suður og er 5m breið frá austri til vesturs og 10m löng frá norðri til suðurs. Hugsanlega er þetta líka stekkjartóft en lögun hennar er ekki mjög greinileg þar sem veggir eru að mestu hlaupnir í stórar þúfur.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Um það bil 100 metrum sunnar, upp af enda vatnsins, eru tóftaminjar í djúpum hvammi sunnan undir bergendanum og í góðu skjóli fyrir norðanáttinni. Í örnefnaskrá er talað þar um tóftir beitarhúsa en varla getur það staðist. Beitarhús voru ekki byggð á stað sem þessum, í djúpum hvammi sunnan undir háum klapparmelum þar sem mátti búast við kaffenni í snjóavetrum. Hér eru a.m.k. tvær tóftir.

Annars vegar tvískipt tóft, um 5x7 m að utanmáli (65°41'960/19°28'924) en önnur minni nokkrum metrum utar og neðar, greinleg stekkjartóft og munu báðar tóftirnar vera af stekkjum sem væntanlega hafa verið í notkun á mismunandi tíma.“ (bls. 67).



*Mynd 339. Varða [1728-685]. Horft er til norðausturs.*

### **Vatnskot-1728-685**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

### **Staðhættir**

Í litlum hvammi sunnarlega við vesturhlið Vatnskotsvatns eru tvær tóftir [1728-679 og 680] og syðst á klettbergi um 100m vestur af tóftunum er varða.

### **Lýsing**

Varðan er sæmilega vel hlaðin, um 70x110cm að grunnmáli og um 70cm há.



*Mynd 340. Stekkjartóft [1728-686]. Horft er til suðausturs.*

## **Vatnskot-1728-686**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Stekkjartóft er norðaustan undir klettanefi í Bæjarberginu, 560m norður af íbúðarhúsinu á Svanavatni.

### **Lýsing**

Stekkjartóftin er grjóthlaðin og liggur í sveig meðfram berginu. Veggir eru mikið hrundir og eru 10-50cm að hæð og mest um metri að breidd. Tóftin er um 4x13m að utanmáli. Króin syðst og réttin norðan hennar.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Annar stekkur (65°42′564/19°28′457) grjóthlaðinn er norðaustan undir háu klettanefi í Bæjarberginu út frá bænum. Utan við hann heitir Kvíalaut, gróið slöður í klapparvegginn.“ (bls. 67). Þær Sigrún og Margrét Ólafsdætur telja að stekkurinn sé yngsti stekkurinn í Vatnskotslandi (munnl. heimild, 19.09.2018).



*Mynd 341. Hleðsla [1728-687] upp við klett. Horft er til suðvesturs.*

### **Vatnskot-1728-687**

**Hlutverk:** Óþekkt, rétt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Hætta vegna rasks. Minjarnar hafa þegar orðið fyrir raski vegna ágangs hesta.

### **Staðhættir**

Tæplega 1,1km NNV af bæjarstæðinu á Svanavatni, austur undir lágum kletti er hleðsla.

### **Lýsing**

Hleðslan afmarkar lítið hól uppi undir kletti og er um 3m að lengd og liggur norður-suður. Hleðslan er grjóthlaðin en að hluta grasi og lyngi vaxin og svolítið hrunin. Hún er 30cm há og 30cm breið. Hlutverk er óljóst en hugsanlega eru þetta leifar lítillar réttar. Minjarnar og umhverfi hafa orðið fyrir einhverju raski vegna ágangs hesta og eru minjarnar að þeim sökum skráðar í hættu.



Mynd 342. Minjar [1728-688 og 689] á svofnefndum Hegrastöðum.

### Vatnskot-1728-688

**Sérheiti:** Hegrastaðir?

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir

Um 860m NNA frá bæjarstæðinu á Svanavatni og 120m austan vegar eru tvær tóftir með um 30m millibili. Tóftirnar eru í lyngmóum sem halla mót austri og er syðri tóftin nokkuð stærri.

### Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og er 5x13m að utanmáli. Hún er algróin grasi, mosa og lyngi og virðist skipast í að minnsta þrjú hólf og hafa dyr að líkindum snúð til austurs. Veggir eru algrónir grasi, mosa og lyngi, þeir eru þýfðir og um 10-30cm háir og mest 1,5m á breidd.

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Á litlum, aflöngum hóli í hallandi lyngmóum, um 60-70 metra út og upp af svonefndu Stóradýi, eru tóftaleifar sem Hegrabjargssystur heyrðu nefndar Hegrastaðir. Rústahóllinn (65°42'710/19°28'103) er langur og mjór með óræðum tóftum, um 14m langur en breidd tóftalagsins um 4-5 m. Umhverfis eru stórpýfðir lyngmóar.“ (bls. 66-67). Ekki fundust ummerki um búsetu á Hegrastöðum við borkjarnarannsóknir og bentu niðurstöður þeirra fremur til þess að þarna hefðu verið útihús um lengri tíma (Kathryn Catlin o.fl., 2018).



*Mynd 343. Tóft [1728-689]. Horft er til norðausturs.*

### **Vatnskot-1728-689**

**Sérheiti:** Hegrastaðir?

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Um 860m NNA frá bæjarstæðinu á Svanavatni og 120m austan vegar eru tvær tóftir með um 30m millibili. Tóftirnar eru lyngmóum sem halla mót austri og er nyrðri tóftin nokkru minni en sú syðri [1728-689].

### **Lýsing**

Nyrðri tóftin er um 6x7m að utanmáli og hafa dyr verið við suðausturhorn og snúið mót austri. Veggir eru algrónir grasi, mosa og lyngi og hlaupnir í þúfur. Þeir eru 30-50cm háir og mest 1,5m á breidd.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Á litlum, aflöngum hóli í hallandi lyngmóum, um 60-70 metra út og upp af svonefndu Stóradýi, eru tóftaleifar sem Hegrabjargssystem heyrðu nefndar Hegrastaðir. (...) Önnur tóft fornleg er um 40m utar, nokkuð ferningslaga (65°42'730/19°28/111). Engin merki eru sjáanleg um vallargarð.“ (bls. 66-67). Ekki fundust



ummerki um búsetu á Hegrastöðum við borkjarnarannsóknir og bentu niðurstöður þeirra fremur til þess að þarna hefðu verið útihús um lengri tíma (Kathryn Catlin o.fl., 2018).

**Vatnskot-1728-690**

**Hlutverk:** Óþekkt, girðing

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Samkvæmt Sigrúnu og Margréti Ólafsdætrum er hleðsla í garðinum sunnan við Hegrabjarg en óvíst hvað er (munnl. heimild, 19.09.2018).

**Lýsing**

Þessar hleðslur fundust ekki við skráningu en mikill og hár gróður er í garðinum.

**Vatnskot-1728-691**

**Hlutverk:** Óþekkt, girðing

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Samkvæmt Sigrúnu og Margréti Ólafsdætrum var hleðsla úr Geitabergi og niður í vatnið (munnl. heimild, 19.09.2018).

**Lýsing**

Þessi hleðsla fannst ekki við skráningu.

**Vatnskot-1728-692**

**Hlutverk:** Byrgi

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Samkvæmt Sigrúnu og Margréti Ólafsdætrum var hlaðið byrgi í Grendal, upp við klöppina (munnl. heimild, 19.09.2018).

**Lýsing**

Byrgið fannst ekki við skráningu.

## Vatnskot-Samantekt

Jörðin Vatnskot, sem nú er skipt í Hegrabjarg og Svanavatn, liggur á milli Garðs að norðan, Áss 1 að austan og sunnan, Kárastaða að suðvestan og Hellulands að vestan. Vatnskotsvatn er syðst í landi jarðarinnar og er bæjarstæðið norðaustur af því. Gamli bærinn með áföstu fjósi og skemmu [1728-650] stóð vestan við íbúðarhúsið á Svanavatni og var austasti hluti hans rifinn til að rýma fyrir byggingu íbúðarhússins. Búið er að rífa bæinn og sást ekkert af honum við skráningu en töluverður gróður var á bæjarstæðinu þegar hún fór fram. Norður af bænum er merktur matjurtagarður [1728-666] á túnakorti. Suðaustur af bænum var öskuhaugurinn [1728-651]. Að minnsta kosti þrír brunnar voru í Vatnskoti. Búið er að fylla upp í þá en dældir tveggja [1728-652, 653] þeirra sjást enn á milli íbúðarhússins á Hegrabjargi og Hegransvegar. Suður af heimreiðinni var bæði brunnur [1728-654] og smiðja [1728-693] sem ekki sjást lengur. Leifar túngarðsins [1728-661] eru meðfram gamla túninu að norðan og sunnan hans eru beðasléttur [1728-656] og aðrar [1728-657] í brekkunni suðaustur af bæ, upp af vatnsbakkanum. Fernar útihúsatóftir eru í túni, þrjár norðvestur af bæ [1728-662, 663 og 664] en þær fjórðu [1728-660] sunnan við bæ. Útihús [1728-665] voru einnig vestan Hegrabjargs sem nú eru horfin. Ein tóft [1728-651] með óþekktu hlutverki er suður af íbúðarhúsinu á Hegrabjargi. Norður af bæ, við norðurenda gamla túngarðsins, er smá sneiðingur, leifar gamals kerruvegar [1728-655]. Þar sem lækurinn rennur úr norðausturhorni Vatnskotsvatns var áður skurður [1728-667] sem grafinn var til að grynka vatnið sem varð til þess að meðfram vatninu gréri upp marbakki sem hægt var að slá. Í mýrarsundi norðvestur af bæ voru mógrafir [1728-668] sem sjást enn óljóst í túni. Nokkrir stekkir eru í landi Vatnskots, einn þeirra er við Stekkjarborg suðaustur af bæ [1728-678], annar norðaustanvert á Bæjarberginu [1728-686] sem er norðan bæjar. Fimm tóftir eru á tveimur stöðum við suðvesturhorn Vatnskotsvatns, líklega flestar þeirra stekkjartóftir [1728-679, 680, 681, 682 og 684]. Gamalt garðlag [1728-683] er hjá stekkjartóftunum sem eru fast við suðvesturhorn vatnsins en hlutverk þess er óljóst og ekki heimildir um búsetu þar. Í stórbýfðum lyngmóum, 850m NNA bæjar eru tóftir sem ábúendur heyrðu nefnda Hegrastaði [1728-688 og 689]. Þar eru tóftir á tveimur stöðum og virðast gamlar en merki um búsetu fundust ekki við borkjarnarannsókn. Rúmlega 1,1km norðvestur af bæ, austan undir berginu, er smá hellisskúti sem nefnist Ísleifshellir [1728-672] eftir útilegubjóf sem hélt til í hellinum. Norður og upp af hellinum er Lautinantsvarða [1728-671] sem hlaðin var af dönskum mælingarmönnum um 1811. Á klettaborg norðaustur af Ísleifshelli er smá grjóthleðsla upp við klett, hugsanlega lítil rétt [1728-687]. Nyrst og austast í landi Vatnskots eru Gálgaklettur [1728-673] en þar munu útilegumenn hafa verið teknir af lífi. Þarna er líka lítil tjörn og suðaustur og suðvestur af henni eru vörður [1728-675, 676 og 677] og lítið grjótbyrgi eða smá skjólveggur [1728-674]. Þessar minjar gætu verið hlaðnar af smala sem þarna hefur setið yfir fé. Tvær vörður eru á bergjunum vestur af bæ, önnur [1728-669]

beint vestur af norðvesturenda vatnsins, hin á svonefndum Sjónarhóli [1728-670] og síðan er þriðja varðan [1728-685] vestur og upp af fyrrnefndum stekkjartóftum [1728-679 og 680].

Frá Vatnskoti lá leið yfir að Hellulandi [1728-729] og önnur yfir Garðsland og að Keflavík [1728-736]. Leiðin frá Hellulandi og að Ási [1728-741] liggur í gegnum syðsta hluta Vatnskots og til suðurs frá Vatnskoti liggur svo Miðvegur [1728-728], ein af aðalleiðum um Hegransið.

## Garður

### Söguágrip

Garður er fyrst nefndur í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 og átti biskupsstóllinn öll fjörugögn með Garðslandi.<sup>97</sup> Árið 1388 skipti Gísl Gíslason við Jón Eiríksson biskup á Hólum á Höfða og Bæ á Höfðaströnd fyrir Ás og Garð í Hegranesi en Gísl mun aðeins hafa haft þær til ábúðar á meðan hann lifði og skyldu þær svo aftur ganga til Hólastaðar.<sup>98</sup> Sr. Magnús Árnason á Ríp keypti Garð á uppboði Hólástólsjarða 1802.<sup>99</sup>

Garður var að fornu metinn á 20 hundruð en áður var hann metinn á 40 hundruð.<sup>100</sup> Í *Jarðabókinni* 1713 segir torfrista og stunga bjargleg en mósukurður og reiðingsrista séu engin. Silungsveiði er í sjó og rekavon þótti góð á Garðssandi.<sup>101</sup> Æðarvarp er í svonefndum Garðshólma sem liggur á mörkum Áss og Garðs og gaf hann 3-4kg af dúni árlega.<sup>102</sup> Garður átti slægnaitak á Garðseyju frá 1785 og var hún heyjuð fram yfir 1970 og var þá farið með dráttarvél í eyjuna og slegið með henni.<sup>103</sup> Heimræði var úr Garðskróki og segir um það í *Jarðabókinni* „Heimræði á sumur, þó brimsöm lending, brúkast ei; skipsuppsátur gott.“<sup>2</sup>

Lögferja var í Garði og var ferjað yfir Austurós Héraðsvatna á móti Lóni en Garðsferja var lögð niður 1895 þegar brú kom á Austur-Vötnin.

Í *Jarðabókinni* 1713 er getið um stekkjastæði og segir um það: „Stekkjastæði er hér með girðingum, en ekki halda menn hér hafi búið verið, heldur muni það þrælsgerði verið hafa.“<sup>3</sup> Talið er að hér sé mögulega átt við Litla-Garð sem er á Hegranesþingstað.<sup>104</sup>

Merkustu minjar í Garðslandi eru án efa Hegranesþingstaður og búsetjuminjar sem þar hafa fundist. Nafnið Litli-Garður er þekkt en engar heimildir eru um búsetu þar og ekki er hans getið í *Jarðabókinni* 1713 nema átt sé við stekkjastæðið sem nefnt er hér að framan. Á Hegranesþingstað er skýr túngarður og er hann frá því fyrir 1104. Niðurstöður SCASS rannsóknanna benda til þriggja búsetuskeiða á Hegranesþingstað og er það elsta við norðvesturhorn fyrrnefnds túngarðs. Síðan eru ummerki um yngra búsetu sunnar í túninu og er það frá sama tíma og kirkjugarður sem er yfir suðausturhorni túngarðsins. Árið 2009 var grafið niður á beinagrindur tveggja kvenna sem jarðsettar voru eftir 1104 og mun kirkjugarðurinn hafa verið í notkun á 11. og 12. öld. Ummerki um þriðja og jafnframt yngsta búsetuskeiðið fundust svo vestan við kirkjugarðinn en þar var grafið niður á öskuhaug sem er frá því fyrir 1300. Það er því ljóst að þarna var búseta frá fyrstu tíð en ýmislegt er enn ójóst því

<sup>97</sup> Íslenskt fornbréfasafn III, 283.

<sup>98</sup> Íslenskt fornbréfasafn III, 419-21.

<sup>99</sup> Gísl Magnússon, 1970, 121.

<sup>100</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 9. bindi, 63; Jarðatal Johnsen, 277.

<sup>101</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 9. bindi, 63

<sup>102</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 41.

<sup>103</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 41.

<sup>104</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 43.

aðeins hefur verið grafið í eina af fjölmörgum búðartóftum, sem eru bæði innan og utan við fyrrnefndan túngarð. Sú búð sem grafið var í er frá því eftir 1104. Búseta virðist hefjast fyrr á fornbylínu sem staðsett er á Hegranesþingstað en á Garði sem þó er kominn í byggð fyrir 1104 og því ljóst að búíð er á báðum stöðum í einhvern tíma (munnl. heimild, Guðný Zoëga, 11.01.2024; Brian Damiata o.fl., 2018).

## Fornleifaskráning

### **Garður-1728-694**

**Sérheiti:** Garður

**Hlutverk:** Híbýli, fjós

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Ekki er vitað hvar nákvæmlega hvar gamli bærinn í Garði stóð en þegar túnakort frá 1918 er lagt yfir hnitsetta loftmynd lendir hann á svipuðum stað og eldra íbúðarhúsið í Garði (byggt 1930). Þessu ber saman við niðurstöður borkjarnarannsóknna sem gerðar voru í tengslum við SCASS verkefnið árið 2015 en í skýrslu segir að elsta bæjarstæðið sé nokkurn veginn á sama stað og núverandi búseta (Douglas Bolender o.fl., 2016).

#### **Lýsing**

Á túnakortinu er merkt skemma norðan við bæinn og fjós sunnan hans. Bærinn var hnitsettur eftir túnakorti og má gera ráð fyrir allt að 10-15m skekkju.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Ekki vita menn nú nákvæmlega hvar torfbærinn stóð en glöggar minjar eru um túngarðinn upp í Ásnum ofan við bæinn. Í honum hefur verið töluvert grjót.“ (bls. 44). Samkvæmt heimildum mun mikið af bæjarhúsum í Garði hafa brunnið. Árið 1870 var bærinn gerður upp og þótti eftir það ágætis bær (*Byggðasaga Skagafjarðar V.*, bls. 44).

### **Garður-1728-695**

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Samkvæmt heimildum var brunnur við suðvesturhorn eldra íbúðarhússins sem var í notkun fram til 1963. Brunnurinn er horfinn en punktur var tekinn samkvæmt lýsingum heimildamanns (munnl. heimild, Jón Garðarsson, 04.10.2022).

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Brunnur er í hallinu 90 m suður og niður frá íbúðahúsinu. Þar var uppsprettulind og þaðan er neysluvatnið enn tekið fyrir hús og fjós. Er þó í það tæpast að það nægi. Brunnur var einnig sunnan við suðvesturhúshornið. Í hann var sett dæla og vatni dælt inn í hús. Honum var lokað eftir að hann þornaði í jarðskjálftanum 1963.“ (bls. 44).

### **Garður-1728-696**

**Hlutverk:** Vatnsból

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Brunnur er í túninu 90m suðaustur af eldra íbúðarhúsinu í Garði. Grunnurinn var grjóthlaðinn en þær hleðslur hurfu þegar brunnurinn var dýpkaður samkvæmt heimildamanni (munnl. heimild, Jón Garðarsson, 04.10.2022). Brunnurinn er enn í notkun.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Brunnur er í hallinu 90 m suður og niður frá íbúðahúsinu. Þar var uppsprettulind og þaðan er neysluvatnið enn tekið fyrir hús og fjós. Er þó í það tæpast að það nægi. Brunnur var einnig sunnan við suðvesturhúshornið. Í hann var sett dæla og vatni dælt inn í hús. Honum var lokað eftir að hann þornaði í jarðskjálftanum 1963.“ (bls. 44).



Mynd 344. Fjánhústóft [1728-697] í túninu ofan við bæ. Horft er til austurs.

### **Garður-1728-697**

**Hlutverk:** Fjánhús, hesthús og lambhús

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Stór fjánhústóft er í heimatúninu, um 55m suðvestur af eldra íbúðarhúsinu í Garði.

#### **Lýsing**

Tóftin liggur norður-suður og hafa dyr snúið til austurs. Þarna voru stór fjánhús, alls fimm hús hvert með tveimur króm og garða. Auk þess var hlaða að vestan. Tóftin er 15x30m að utanmáli. Búið er að rífa húsin fyrir löngu og eru veggir lágir eða 10-30cm og mest 1,3m á breidd. Tóftin er í túni og að mestu grasi gróin en sér í grjót í veggjum á nokkrum stöðum.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í myndatexta í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi (bls. 39) segir að syðst hafi verið hesthús en lambhús á hinum endanum en þar á milli voru fjánhús. Á túnakorti frá 1918 eru þarna merkt tvö hús með stuttu millibili en húsin virðast á mynd og á uppmælingum á vettvangi hafa verið sambyggð og eru skráð sem ein bygging hérna.



*Mynd 345. Horft til norðurs eftir túngarðinum [1728-698] í Garði. Hann hefur að minnsta kosti verið hlaðinn úr grjóti að hluta og er sumt grjótið nokkuð stórt.*

### **Garður-1728-698**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Túngarður liggur að hluta meðfram vesturhelmingi túnsins, vestan heimreiðar og bæjarstæðis.

#### **Lýsing**

Garðurinn liggur í boga meðfram túninu að vestan og er um 310m langur. Hann hefur verið grjóthlaðinn og með frekar stóru grjóti og virðist hafa verið nokkuð voldugur. Við norðurendann tekur skurður eða niðurgröftur við af upphlöðnu garðlagi og er grjót í honum, þar beygir garðurinn til norðausturs og svo austurs og endar í túninu. Garðurinn er 10-50cm hár og mesta breidd hans er 1,7m en almennt er hann um 1,5m á breidd. Hann er grasi gróinn en sér í grjót eftir honum endilöngum. Þaðan sem túngarðurinn beygir til norðausturs er smá hleðsla, fyrst úr grjóti en síðan gróin og er hún líklega yngri en túngarðurinn og undan girðingu.



### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Ekki vita menn nú nákvæmlega hvar torfbærinn stóð en glöggar minjar eru um túngarðinn upp í Ásnum ofan við bæinn. Í honum hefur verið töluvert grjót.“ (bls. 44). Samkvæmt heimildum mun mikið af bæjarhúsum í Garði hafa brunnið. Árið 1870 var bærinn gerður upp og þótti eftir það ágætis bær (*Byggðasaga Skagafjarðar V.*, bls. 44).

### **Garður-1728-699**

**Hlutverk:** Túngarður?

**Tegund:** Garðlag

### **Staðhættir**

Túngarður [1728-698] liggur að hluta meðfram vesturhelmingi túnsins, vestan heimreiðar og bæjarstæðis. Við norðurenda garðsins þar sem það beygir til norðausturs er annað garðlag mjórra, hugsanlega hleðsla undan girðingu eða framhald af eldri túngarði.

### **Lýsing**

Garðlagið er 60m langt og liggur frá norðurenda túngarðsins til NNA. Garðlagið er mun minna um sig en túngarðurinn en gæti verið framhald af túngarðinum eða hleðsla undan girðingu en aldur er óviss. Garðlagið er mest um 50cm breitt og 10-30cm hátt.



*Mynd 346. Matjurtagarður [1728-700] fyrir miðri mynd en til hægri er túngarðurinn [1728-698]. Horft er til suðurs.*

### **Garður-1728-700**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Efst upp undir túngarðinum, tæplega 100m norðvestur frá eldra íbúðarhúsinu og 70m vestur af yngra íbúðarhúsinu, er garðlag.

#### **Lýsing**

Garðlagið, sem hefur girt af martjurtagarð, afmarkar tvö hólf og er nyrðra hólfíð stærra

eða 8x21m að innanmáli en syðra hólfíð er 5x7m að innanmáli. Veggir eru algrónir grasi, 20-40cm háir og um 50cm á breidd. Þeir eru bæði nokkuð hrundir og rofnir.

### **Garður-1728-701**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í túninu, um 55m vestan eldra íbúðarhússins, er lítið hús úr bárujárni. Á þeim slóðum stóð áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1918.

#### **Lýsing**

Útihúsin sem merkt eru á túnakorti eru nú horfin en þau voru staðsett með því að leggja túnakort yfir hnitaða loftmynd. Gera má ráð fyrir allt að 10-15m skekkju. Þótt húsin séu horfin af yfirborði er mögulegt að minjar finnast í jörðu.

#### **Aðrar upplýsingar**

Þessi hús sjást ekki á loftmynd frá 1956 og hefur þá verið búið að rífa þau og slétta túnið (LI217-LI2-3957).

### **Garður-1728-702**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild, dæld

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er útihús í túni, um 80m norðvestur af eldra íbúðarhúsinu í Garði.

### **Lýsing**

Útihúsin sem merkt eru á túnakorti eru nánast horfin en þau voru staðsett með því að leggja túnakort yfir hnitaða loftmynd. Við vettvangsskráningu fannst smá dæld í túninu, 20cm djúp og 2x3m að utanmáli. Þótt húsin séu að mestu horfin af yfirborði er mögulegt að minjar finnist í jörðu.

### **Aðrar upplýsingar**

Þessi hús sjást ekki á loftmynd frá 1956 og hefur þá verið búið að rífa þau og slétta túnið (LI217-LI2-3957).

### **Garður-1728-703**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er merkt útihús í túni, rétt um 20m norðvestur af yngra íbúðarhúsinu í Garði þar sem nú eru mörk túnsins og heimreiðar/bílaplans.

### **Lýsing**

Útihúsin sem merkt eru á túnakorti eru horfin en þau voru staðsett með því að leggja túnakort yfir hnitaða loftmynd. Þótt húsin séu að mestu horfin af yfirborði er mögulegt að minjar finnist í jörðu.

### **Aðrar upplýsingar**

Þessi hús sjást ekki á loftmynd frá 1956 og hefur þá verið búið að rífa þau og slétta túnið (LI217-LI2-3957).

### **Garður-1728-704**

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Í tengslum við SCASS verkefnið var gerð borkjarnarannsókn öskuhaugurinn staðsettur.

Tekinn var könnunarskurður í hann, 45m norðaustur frá eldra íbúðarhúsinu (Douglas Bolender o.fl., 2016).

### **Lýsing**

Frumniðurstöður SCASS rannsóknarinnar benda til þess að Garður hafi fyrst verið byggður á milli 1000 og 1104. Samkvæmt landeiganda stóðu áður torfhús norðvestur af eldra íbúðarhúsinu og sáust merki þess efst í könnunarskurðinum (Douglas Bolender o.fl., 2016). Óvíst er hvaða hús það voru en gætu hafa verið eitthvert af ofanskráðum húsum sem stóðu á bæjarstæðinu. Þess ber að geta að þótt minjar sjáist ekki á yfirborði geta þær leynst í jörðu.



*Mynd 347. Stekkjartóft [1728-705]. Horft er til norðurs.*

### **Garður-1728-705**

**Hlutverk:** Stekkur

**Lýsing:** Heimild

#### **Staðhættir**

Stekkjarsborg er aflöng klettaborg sem liggur norður-suður og eru tún meðfram henni að austan. Sunnan undir borginni, 650m SSV af íbúðarhúsinu í Garði, er stekkjartóft.

#### **Lýsing**

Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er 5x9m að utanmáli. Hún er tvískipt, réttin til suðausturs en lambakróin til norðvesturs. Tóftin er vel greinileg, grjóthlaðin og sér í hleðslur en annars er hún gróin grasi og mosa. Króin stendur heldur hærra en réttin. Veggir eru 20-50cm háir og um metri á breidd.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Stekkur grjóthlaðinn (65°43'327/19°29'000) er vestur í Garðssundi á hrygg sunnan undir suðurenda Stekkjarsborgar sem er löng klettaborg austan við Lágaberg í 650 m beinni loftlínu frá bænum.“ (bls. 43-44). Í örnefnaskrá segir: „Brautin liggur yfir Garðsá, sem venjulega er nefndur Ásinn, og er hann frekar í norðvestur frá

túninu, og vestan við hann er Garðssund, dálítið mýrarlægð. Vestan til í því eru lágar klappir, og vestan við sunnið sunnarlega er Stekkjarborg. Er þar lítið stekkjartrot.“ (Garður-Örnefnaskrá (1), bls. 2).

#### **Garður-1728-706 [1803-280]**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Við Garðskrók (úti við sjó), á landamerkjum Garðs og Keflavíkur er grjóthlaðin rétt austur undir hamravegg og er hlaðin upp við stórgrýti sem hrúnið hefur úr klettunum. Réttin er 1,3km norður af bæjarstæðinu í Garði.

#### **Lýsing**

Réttin er grjóthlaðin, 5x8m að innanmáli. Hún snýr ANA-VSV. Hlið hefur verið til suðurs. Grjóthleðslan er mjög hrúnin, um metri á breidd og meters há þar sem hún er hæst.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Á landamerkjum Garðs og Keflavíkur, undir hamravegg við Garðskrók, er stór, grjóthlaðin rétt (65°44'145-19°28'304). Ekki er þetta venjulegur stekkur, hefur e.t.v. þjónað í sambandi við fjörubreitina.“ (bls. 44).

#### **Garður-1728-707 [1803-281]**

**Hlutverk:** Kennimark (lagnamerki)

**Tegund:** Hleðsla

#### **Staðhættir**

Við Garðskrók (úti við sjó), á landamerkjum Garðs og Keflavíkur er grjóthlaðin rétt [1728-706] austur undir hamravegg og norður og norðaustur af henni fjórar vörður.

#### **Lýsing**

Varðan er grjóthlaðin og 20-40cm há.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir: „Útræði var frá Keflavík úr Garðskróki. Engar eru þó búðarústir sjáanlegar en þar eru vörðubrot nokkur og munu trúlega vera lagnamerki.“ (bls. 33).

**Garður-1728-708 [1803-281]**

**Hlutverk:** Kennimark (lagnamerki)

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Við Garðskrók (úti við sjó), á landamerkjum Garðs og Keflavíkur er grjóthlaðin rétt [1728-706] austur undir hamravegg og norður og norðaustur af henni fjórar vörður.

**Lýsing**

Varðan er grjóthlaðin og 20-40cm há.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Útræði var frá Keflavík úr Garðskróki. Engar eru þó búðarústir sjáanlegar en þar eru vörðubrot nokkur og munu trúlega vera lagnamerki.“ (bls. 33).

**Garður-1728-709 [1803-281]**

**Hlutverk:** Kennimark (lagnamerki)

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Við Garðskrók (úti við sjó), á landamerkjum Garðs og Keflavíkur er grjóthlaðin rétt [1728-706] austur undir hamravegg og norður og norðaustur af henni fjórar vörður.

**Lýsing**

Varðan er grjóthlaðin og 20-40cm há.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Útræði var frá Keflavík úr Garðskróki. Engar eru þó búðarústir sjáanlegar en þar eru vörðubrot nokkur og munu trúlega vera lagnamerki.“ (bls. 33).

**Garður-1728-710 [1803-281]**

**Hlutverk:** Kennimark (lagnamerki)

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Við Garðskrók (úti við sjó), á landamerkjum Garðs og Keflavíkur er grjóthlaðin rétt [1728-706] austur undir hamravegg og norður og norðaustur af henni fjórar vörður.

**Lýsing**

Varðan er grjóthlaðin og 20-40cm há.

### **Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Útræði var frá Keflavík úr Garðskróki. Engar eru þó búðarústir sjáanlegar en þar eru vörðubrot nokkur og munu trúlega vera lagnamerki.“ (bls. 33).

### **Garður-1728-711 [1803-283]**

**Sérheiti:** Garðskrókur

**Hlutverk:** Lending

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Garðskrókur er við sjó, á hornmerkjum milli Garðs og Keflavíkur. Þaðan var stundum róið samkvæmt heimildum en engar minjar um sjósókn fundust þarna. Þarna mun einnig hafa verið lending frá Keflavík og öðrum bæjum. Þarna er land breytilegt og er sandurinn að færast lengra út. Lendingin var að líkindum vestarlega í króknum en ekki endilega bundin við einn stað.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Garðskrókur, þar sem brekkurnar enda út við sjó; einstöku sinnum róið þaðan til fiskjar, þá gott er.“ (Garður-Örnefnaskrá (1), bls. 2).

### **Garður-1728-712**

**Hlutverk:** Stekkur

**Lýsing:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í athugasemdum við örnefnaskrá Garðs segir: „Netatangi og Stekkjartangi ganga út í Garðsvatn að norðan suður úr Garðsflæðum. Netatangi er austar. Við hann var mjög góð netalögn og á Stekkjartanga voru stæðilegar rústir eftir stekk.“ (Garður-Örnefnaskrá (3), bls. 1).

#### **Lýsing**

Stekkjartóftin fannst ekki við vettvangsskráningu haustið 2022 og ábúandi þekkti ekki til minjanna.

### **Garður-1728-713**

**Sérheiti:** Hamragata

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Gatan frá túninu niður á hamrana hét Hamragata.“ (Garður-Örnefnaskrá (2), bls. 1).

### Lýsing

Ekki fannst gata þarna við skráningu haustið 2022 og því óvíst hvort hún sé enn til. Sá hluti sem lá í gegnum túnið í Garði er horfinn vegna túnasléttunar.

### Garður-1728-714

**Hlutverk:** Ferja

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir og lýsing

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi (bls. 282) eru leiddar líkur að því að ferja hafi verið við austurós Héraðsvatna um ómunatíð enda hafa Austur-Héraðsvötn verið mikill farartálmi. Engar byggingar voru tengdar ferjustæðinu og varð ferjan oft fyrir skakkaföllum vegna aðstæðna í náttúru- og veðurfari. Frá 1893-1895 var svifferja á austurósnum og var hún nokkuð sunnan við ósinn en ekki vitað nákvæmlega hvar (*Byggðasaga Skagafjarðar V.*, bls. 42).

### Aðrar upplýsingar

Í *Byggðasögu Skagafjarðar V.* bindi segir jafnframt: „Frá Garði var löngum ferjað yfir Austurós Héraðsvatna á móti Lóni og þar var skipuð lögferja, þ.e. ferjustaður þar sem ferjubátur átti að vera til reiðu samkvæmt landslögum. Garðsferja var lögð niður 1895 eftir að brú kom á Austur-Vötnin suður og niður frá Vatnsleysu. Frá Garði að Austurósnum er um 3,5 km vegalengd.“ (bls. 42).

### Garður-1728-715

**Hlutverk:** Landamerki

**Lýsing:** Garðlag

### Staðhættir

Leifar gamals landamerkjagarðs liggja á merkjum milli Keflavíkur og Garðs, vestan við Hegranesveg, tæpan kílómetra norður af íbúðarhúsinu í Garði.

### Lýsing

Garðurinn liggur nokkurn veginn austur-vestur og er 240m langur. Hann er misgreinilegur. Austasti hlutinn er gróinn, 60cm hár og 3-4m á breidd. Miðhlutinn er um 1,3m á breidd og er þar meira eins og grjóthleðsla undan girðingu, en vestasti hlutinn er garðlag sem er um 3-4m á breidd.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Garðsás, uppblásinn melfláki fyrir vestan bæinn utan frá sjó. Forn landamerkjagarður liggur yfir hann norðanverðan milli Garðs og Keflavíkur og eins sunnanverðan milli Garðs og Vatnskots.“ (Garður-Örnefnaskrá (1), bls. 1).





*Mynd 348. Tóft [1728-716]. Horft er til suðurs, heim að bæ.*

### **Garður-1728-716**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta vegna rofs.

### **Staðhættir**

Í mounum vestur af Hegranesþingi, um 120m vestur af norðurenda túngarðsins sem er á þingstaðnum eru tvennar fornar tóftir. Tóftirnar eru fast austan við vegslóða sem liggur í átt að merkjum milli Garðs og Keflavíkur.

### **Lýsing**

Nyrðri tóftin er 4,5x7m að utanmáli og snýr í norður-suður. Engar dyr eru greinanlegar. Veggir eru þýfðir og hrundir en þokkalega greinilegir. Veggjahæð er 20-40cm og breidd þeirra er mest um 130cm. Tóftin er sýnilega mjög gömul og það verður að teljast líklegt að hún tengist annaðhvort minjum á fornþýlinu eða Hegranesþingstað. Hlutverk er óþekkt. Landrof hefur sett mark sitt á umhverfi minjanna sem eru af þeim sökum skráðar í hættu.



*Mynd 349. Tóft [1728-717]. Horft til suðurs heim að bæ.*

### **Garður-1728-717**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta vegna rofs.

### **Staðhættir**

Í mounum vestur af Hegranesþingi, um 120m vestur af norðurenda túngarðsins sem er á þingstaðnum, eru tvennar fornar tóftir. Tóftirnar eru fast austan við vegslóða sem liggur í átt að merkjum milli Garðs og Keflavíkur.

### **Lýsing**

Syðri tóftin er 5,5x11m að utanmáli og hún snýr í norður-suður. Engar dyr eru greinanlegar. Tóftin er sjáanlega mjög gömul og eru veggir þýfðir og nokkuð hrundir en tóftin samt þokkalega greinileg. Veggjahæð er 20-60cm og breiddin mest um 130cm. Líklegt verður að teljast að tóftin tengist annaðhvort fornbýlinu eða Hegranesþingstað en hlutverk er óljóst.

### **Garður-1728-718**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Hætta vegna rofs.

#### **Staðhættir**

Í móunum vestur af Hegranesþingi, um 120m vestur af norðurenda túngarðsins sem er á þingstaðnum eru tvennar fornar tóftir [1728-716, 717]. Tóftirnar eru fast austan við vegslóða sem liggur í átt að merkjum milli Garðs og Keflavíkur. Á milli tóftanna liggur gata.

#### **Lýsing**

Gatan kemur úr brekkunum vestan við Hegranesþingstað og liggur til norðausturs á milli fyrrskráða tófta og að minjunum á þingstaðnum. Erfitt er að segja til um aldur götunnar og hvort hún sé frá tímum fornbylisins eða þingstaðarins, eða nýrri. Gatan var að hluta mæld af loftmynd og að hluta á vettvangi. Gatan er um 180m á lengd og ekki var hægt að greina framhald hennar á loftmynd. Minjarnar eru skráðar í hættu vegna landrofs.

### **Garður-1728-719**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft, náttúrulegt

**Hættumat:** Hætta vegna rofs.

#### **Staðhættir**

Í móunum vestur af Hegranesþingi, um 120m vestur af norðurenda túngarðsins sem er á þingstaðnum eru tvennar fornar tóftir [1728-716, 717]. Tóftirnar eru fast austan við vegslóða sem liggur í átt að merkjum milli Garðs og Keflavíkur. Um 50m suðvestar, vestur af fyrrnefndum vegslóða, er hugsanlega önnur tóft eða náttúrulegt fyrirbæri.

#### **Lýsing**

Óvíst er hvort hér er um að ræða tóft eða náttúrulegt fyrirbæri. Meint tóft er 4x12m að utanmáli og liggur norður-suður. Engar dyr eru greinanlegar. Veggir eru komnir í þúfur og hafa samlagast umhverfi sínu. Þeir eru hrundir og um 150cm á breidd og 20-50cm háir. Landrof hefur sett mark sitt á umhverfið og er meint tóft þess vegna skráð í hættu.

### **Garður-1728-720**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft, náttúrulegt

**Hættumat:** Hætta vegna rofs.

#### **Staðhættir**

Í móunum vestur af Hegranesþingi, tæpa 50m suðvestur af tóftum [1728-716 og 717] eru hugsanlega tvennar tóftir. Um 6m suðaustur af meintri tóft [1728-719] er önnur minni.

## Lýsing

Eins og með meinta tóft [1728-719] er hér líka óvissa hvort um minjar eða náttúrulegt fyrirbæri sé að ræða. Meint tóft er 4,5x6,5m að utanmáli en engar dyr eru greinanlegar. Veggir eru komnir í þúfur og hefur tóftin samlagast umhverfi sínu. Þeir eru 50cm háir og um 120cm á breidd. Austurveggur er sérstaklega illa farinn. Landrof hefur sett mark sitt á umhverfið og er meint tóft þess vegna skráð í hættu.



*Mynd 350. Horft er til suðausturs eftir gamla akveginum [1728-727] yfir Hegransesið.*

### **Garður-1728-727**

**Sérheiti:** Hegransesbraut

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Vegur

### **Staðhættir**

Fast sunnan við gamla veginn yfir Hegransesið, sem liggur til norðvesturs frá Hegransesvegi og yfir í Keflavíkurland, er hluti eldri vegar.

## Lýsing

Veghlutinn er 100m langur og liggur frá norðvestri til suðausturs og endar við tún og er suðausturendi hans notaður til að keyra inn á túnið. Aldur þessa veghluta er óviss en vegur var kominn yfir nesið í byrjun 20. aldar.

## Aðrar upplýsingar

Þetta er líklega hluti gamla sýsluvegarins sem kallaður var Hegranesbraut og var honum svo lýst árið 1922: „Vegur þessi lægi ofan Borgarsand yfir brú á Vesturósknum, því næst upp með ósknum að austan, suður og yfir Hegranesið, gegnum Kiðuklauf, sunnan við Keflavíkurtún og stefna þaðan í suðaustur, yfir mýrina og ásinn sunnan við Garðstún og vatnið, yfir Vaðlana að Austurvatnabré.“ (Byggðasaga Skagfirðinga V. bindi, 18).



*Mynd 351. Þúst og steinalögn [1728-721]. Horft er til norðausturs.*

## Garður-1728-721

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst, steinalögn

## Staðhættir

Á melnum vestan Hegranesvegar, 380m suðvestur af eldra íbúðarhúsinu í Garði, er aflöng þúfa með grjóti.

## Lýsing

Þúfan er ca. 1x2-2,5m að utanmáli. Hún er 10-30cm há og lyngi gróin. Grjót er í þúfunni og að norðan liggur það í röð og virðist hugsanlega manngert.



*Mynd 352. Upphlaðin brú [1728-722] yfir mýri. Horft er til vesturs.*

## Garður-1728-722

**Hlutverk:** Brú

**Tegund:** Hleðsla

### Staðhættir

Um 830m VSV af bæjarstæðinu í Garði er mjótt mýrarsund á milli kletta og yfir það er brú.

## Lýsing

Hleðslan er alls 23m á lengd og liggur þvert yfir mýrarsundið frá austri til vesturs. Hún er grasi og mosa gróin, um 30cm há og 180cm breið. Hún sést greinilega en austurendi er orðinn tættur.

## Aðrar upplýsingar

Götur liggja að brúnni úr báðum áttum og eru þær skráðar sérstaklega.



### **Garður-1728-723**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Um 830m VSV af bæjarstæðinu í Garði er mjótt mýrarsund á milli kletta og yfir það er hlaðin brú [1728-722]. Um 85m norðaustur af brúnni, upp á litlum kletti er grjóthrúga, líklega smá varða.

#### **Lýsing**

Hrúga af grjóti sem líklega er hugsuð sem lítil varða en gata [1728-739] liggur meðfram klettinum að vestan. Mesta hæð er 30cm.

*Mynd 353. Varða [1728-723]. Horft er til NNV.*



### **Garður-1728-724**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Á klettabrún, 980m vestur (aðeins til VSV) frá Garði, er stæðileg varða sem sést nokkuð langt að. Hún er austan við veginn sem liggur að mastrinu á Geitabergi.

#### **Lýsing**

Varðan sem er mjög vel hlaðin og heilleg og stendur uppi á kletti. Hún er 100cm há og 75x75cm að grunnmáli.

*Mynd 354. Varða [1728-724]. Horft er til suðausturs.*



*Mynd 355. Varða [1728-725]. Horft er til norðausturs.*

Grjóthrúga sem hugsanlega er hrunin varða. Hæð er 40cm. Leið [1728-739] liggur sunnan grjóthrúgunnar og hefur þetta að líkindum verið smá varða við götuna.

#### **Garður-1728-725**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Á klettabrún, 980m vestur (aðeins til VSV) frá Garði er stæðileg varða [1728-724] sem sést nokkuð langt að. Um 50m suðvestur af henni, vestan vegarins að mastrinu, er grjóthrúga sem líklega er lítil varða.

#### **Lýsing**



*Mynd 356. Varða [1728-726]. Horft er til NNA.*

#### **Garður-1728-726**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Grjóthrúga

#### **Staðhættir**

Á klöpp, 1,3 km vestur af Garði, er varða.

#### **Lýsing**

Varðan er skammt frá merkjum milli Garðs og Hellulands. Hún er ekki sérlega vel hlaðin en 50cm há og 50x70cm að grunnmáli.

#### **Garður-1728-144**

**Hlutverk:** Brú

**Tegund:** Brú

#### **Staðhættir og lýsing**

Eldri brúin sem nú liggur yfir Austari-Héraðsvötn, sem er 3km suðaustur frá Garði var byggð 1918 og var í notkun til 1976.



**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi (bls. 18) segir: „Brú yfir austari kvísl Héraðsvatna var fyrst byggð 1895. Það verk hófst 16. janúar og lauk 8. mars. Brúin var vígð 25. apríl, á sumardaginn fyrsta. Hún dugði þó aðeins til 1918, þá orði fúin og skekkt og ný bú byggð við hlið hennar. Hún var notuð til ársins 1976, að ný brú var byggð nokkru norðar, niður undan Lóni.“

**Garður-1728-298**

**Hlutverk:** Brú

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Fyrsta brúin yfir Austari-Héraðvötn var byggð 1895 er er nú horfin, hún var við hlið eldri brúarinnar yfir Vötnin, 3km suðaustur frá Garði og lá eins og núverandi brú yfir í land Vatnsleysu.

**Aðrar upplýsingar**

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi (bls. 18) segir: „Brú yfir austari kvísl Héraðsvatna var fyrst byggð 1895. Það verk hófst 16. janúar og lauk 8. mars. Brúin var vígð 25. apríl, á sumardaginn fyrsta. Hún dugði þó aðeins til 1918, þá orði fúin og skekkt og ný bú byggð við hlið hennar. Hún var notuð til ársins 1976, að ný brú var byggð nokkru norðar, niður undan Lóni.“

## Garður-samantekt

Garður á land að Keflavík að norðan, Hellulandi að vestan og Svanavatni/Hegrabjargi og Ási 1 að sunnan. Gamli torfbærinn með áfastri skemmu og fjósi [1728-694] stóð á svipuðum slóðum og eldra íbúðarhúsið í Garði. Hann, ásamt flestum útihúsum, er horfinn en túngarðurinn [1728-698] er glöggur meðfram vesturhlið túnsins og innan hans stór útihúsatóft sem bæði var fjárhús, lambhús og hesthús [1728-701]. Dæld er í túninu vestan við yngra íbúðarhúsið en þar stóð útihús [1728-702] samkvæmt túnakorti frá 1918. Mögulega er eldri túngarður [1728-699] í framhaldi af norðurenda garðins en það gæti einnig verið garðlag undan girðingu. Uppvið túngarðinn er svo líklega matjurtagarður [1728-700]. Brunnur er í túninu sunnan og austan við bæ á sama stað og eldri hlaðinn brunnur [1728-696] en hleðslur hans skemmdust við stækkun. Annar brunnur [1728-695] var við suðvesturhorn eldra íbúðarhússins. Aðrar minjar innan túns [1728-701 og 703] eru horfnar vegna síðari tíma framkvæmda og túnasléttunar og þar á meðan öskuhóllinn [1728-704] sem var norðaustan við gamla bæinn.


Á bergjunum vestur af bænum eru vörður [1728-725 og 726] sem marka gamla leið sem þar lá og er enn greinileg á köflum. Ein varðan [1728-726] er þó nokkuð norðan við göturnar en nálægt merkjum milli Garðs og Hellulands. Á götunni er hlaðin brú [1728-722] sem sést vel og norðaustan hennar er önnur varða [1728-723]. Þarna er líka eina stekkjartóftin [1728-705] sem var skráð en heimildir gátu einnig stekkjara niðri við Garðsvatn sem ekki fannst við skráningu og þriðji stekkurinn er nefndur í *Jarðabók* frá 1713. Líklegt er þó talið að þar sé um að ræða minjar á Hegransþingstað eða Litla-Garði sem eru á melunum norðan við bæjarstæðið í Garði. Þær minjar eru friðlýstar og áður skráðar af Minjastofnun Íslands og fylgja því ekki þessari skráningu. Þó var bætt við þremur minjum, tveimur tóftum [1728-716 og 717] og götu [1728-718], sem eru í flagmóunum vestan við þingstaðinn. Þar enn vestar eru svo hugsanlega tvær gamlar tóftir [1728-719 og 720] en þarna eru þýfðir móar og hugsanlegt að um náttúruleg fyrirbæri sé að ræða. Á merkjum við Keflavík, norðvestan þingstaðarins eru leifar gamals landamerkjagarðs [1728-715]. Ljóst er að á Hegransþingstað var búið til forna og þar fundust ummerki um að minnsta kosti þrjú búsetuskeið auk kirkjugarðs.

Í Garðskróki sem er á merkjum Keflavíkur og Garðs og við sjó var róið [1728-711] bæði frá Garði, Keflavík og fleiri bæjum. Þar er hlaðin rétt [1728-706] og fjórar litlar vörður sem kannski eru gömul lagnamerki [1728-707, 708, 709 og 710]. Ferja [1728-714] var á Austur-Héraðsvötnum á milli Garðs- og Lóns en hún var lögð af 1895 þegar brú [1] kom á ósinn.

Nyrðri hluti Bakkavegar [1728-729] liggur í gegnum Garðsland, austan Garðsvatns. Leiðin [1728-736] á milli Keflavíkur og Vatnskots liggur austur undir bergjunum og krossar þar leiðina yfir að Hellulandi [1728-739].

## Leiðir

Við skráningu leiða í Hegrnesi var að mestu stuðst við meistaraverkefni Kristborgar Þórsdóttur *Fornar leiðir á Íslandi*. Tillaga að skilgreiningu, flokkun og skráningu en í verkefninu kortlagði hún m.a. leiðir í Hegrnesi. Kristborg veitti góðfúslegt leyfi fyrir notkun uppmælingargagna úr verkefninu. Þegar gengið er um Hegrnesið er þar að finna óhemjumikið af götum um allt en óvíst er hvers eðlis þær eru allar og hver aldur þeirra er. Hér verður því farin sú leið að skrá þekktar leiðir um nesið (mynd 323). Nokkrar leiðir bættust við þær leiðir sem Kristborg skráði en þær eru allar innan landamerkja ákveðinna jarða og eru skráðar með þeim.



Mynd 357. Yfirlitsmynd yfir leiðir í Hegrnesi.



*Mynd 358. Myndin er tekin á Miðvegi [1728-728], þeim hluta sem liggur í landi Rípur. Horft er til suðausturs.*

### **Hegranes-1728-728 [nr. L1045]**

**Sérheiti:** Miðvegur

**Hlutverk:** Leið (alfaraleið)

**Tegund:** Gata, heimild

#### **Staðhættir**

Miðvegur hét gömul alfaraleið eftir miðju Hegranesi og lá frá Eyhildarholti að Vatnskoti í gegnum Ketu, Keldudal, Ríp, Beingarð og Ás.

#### **Lýsing**

Miðvegur var að hluta skráður af loftmyndum og að hluta á vettvangi, hún sést greinilega á köflum, t.d. í landi Rípur, en verr annars staðar. Vegurinn er í heild um 8,8km.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Rípur (1) (bls. 4) segir: „Eftir Miðhúsahæðum lá Miðvegurinn, gömul leið eftir miðju Hegranesi.“ Í örnefnaskrá Eyhildarholts (bls. 11-12) segir: „Utarlega á austanverðri Frameyju er annar tjarnaklasi, Miðvegstjarnir. [...] Milli [tjarna]klasanna tveggja liggur rindi eða hryggur norðaustur frá Söndum, alla leið út á eyjabakka, vestan við Fjáreyju, Syðri-, norðanverða. Heitir hryggur þessi Miðvegur.“

## **Hegranes-1728-729 [nr. L1044]**

**Sérheiti:** Bakkavegur

**Hlutverk:** Leið (alfaraleið)

**Tegund:** Gata, heimild

### **Staðhættir**

Bakkavegur var aðalvegurinn í hreppnum og er hér skráður í heild sinni frá Eyhildarholti að ferjustað í Ási og frá Ási að vesturósi Héraðsvatn.

### **Lýsing**

Leiðin liggur frá Eyhildarholti meðfram Vatnabökkunum að Ferjuskarði í landi Áss og þaðan áfram með bökkunum til norðurs og beygir síðan til norðvesturs norðan við Garðsvatn, þaðan að Utanverðunesi og síðan til vesturs að ósnum. Leiðin var skráð af loftmynd eftir lýsingu í heimild (Kristborg Þórsdóttir, 2008). Þar sem vegurinn liggur í landi Utanverðuness heitir hann líklega Gamlivegur, en um hann segir í örnefnaskrá: „Gamlivegur liggur frá Ósnum og austur á Nesás, en beygir svo norður fyrir Nestúnið og svo til suðurs með sjónum.“ (Utanverðunes-Örnefnaskrá, bls. 4). Vegurinn er um 20km langur.

### **Aðrar upplýsingar**

„Aðalvegurinn í hreppnum, svonefndur Bakkavegur, lá frá Eyhildarholti út Vatnabakka að ferjustaðnum í Ási og síðan áfram útnorður kvíslarbakkann og út alla svokallaða Landey fyrir austan Garðsvatn og yfir grunnan vaðal norðvestur undir Garðsbrekkur og þar upp á þær spölkorn frá sjó. Þaðan liggur hann útvestur melana og af og til með sjó upp að Keflavíkursundinu eða víkinni svo liggur hann út í svokallað Tröllaskarð. Þaðan hefur nú um æðimörg ár verið riðið beint út og vestur að Utanverðunesi, yfir tvö sund, sem nú eru orðin næstum ófær. Árið 1860 lét Ólafur hreppstjóri í Ási breyta þessum vegarkafli bæði til að forðast þessar fyrrnefnd torfærur og líka til að afstýra skemmdum af túninu í Utanverðunesi, sem svo er blautlent fyrir sunnan bæinn; liggur hann svo vestur sjóarbakkana spölkorn og síðan vestur eftir melhrygg, sem er rétt fyrir utan túnið í Nesi; þar klofnar vegurinn, liggur þá annar beint í norður og út í Naustavík, aðalveiðistöðina í hreppnum, en hinn suður og vestur á ásinn og ofan að Vesturósnum. Ólafur hreppstjóri bætir við í bréfi sínu til sýslumanns um þetta efni: Svo sameinast þar með vegirnir milli ferjustaðanna og aðalveiðistöðunnar.“ (Kristmundur Bjarnason 1974, bls. 49). Samkvæmt amtsákvörðun 30. desember 1862 og 1. apríl 1864 voru þjóðvegir í Skagafirði þessir: „[...] 4. Frá Sauðárkrók austur yfir Ósa og um Hegranes utanvert á þjóðveginn hjá Lóni.“ (Kristmundur Bjarnason 1987, bls. 23-24). Sama leið og þjóðvegur D í Sýslulýsingu Skagafjarðar 1863-1872: „Vegurinn um Hegranesið liggur frá Sauðárkrók, austur yfir Héraðsvötn á Ósunum, og kemur á veginn austan Vatna hjá Lóni í Viðvíkursveit“ (Eggert Briem 1982, bls. 21).



*Mynd 359. Gamli sýsluvegurinn [1728-730] ofan við Hvammkot í landi Kárastaða. Horft er til norðausturs.*

### **Hegranes-1728-730 [nr. L1043]**

**Hlutverk:** Leið (alfaraleið)

**Tegund:** Gata, heimild

#### **Staðhættir**

Alfaraleið var á milli ferjustaðar við Lækjarós í Kárastaðalandi og ferjustaðar í Ási. Liggur hún þvert yfir nesið en fer aðeins í gegnum jarðir Kárastaða og Áss.

#### **Lýsing**

Leiðin er að hluta tekin upp af loftmynd og að hluta á vettvangi (Kristborg Þórsdóttir, 2008) en hún sést greinilega á köflum, s.s. upp frá Hvammkoti í landi Kárastaða og þar austur eftir. Á þessari leið var Illasundsbrú, sem er horfin, en um hana segir í örnefnaskrá Kárastaða: „Vestan við Hólmaberg liggja mýrarsund. Syðst Torfdalssundin, þá Breiðasund um vestanverða miðju Hólmabergs og norður úr því Illasund; dregur nafn af rótlausum leirkeldum, sem í því eru; yfir það er brú á gamla sýsluveginum yfir nesið, nefnd Illasundsbrú.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 7). Vegurinn er um 5,5km að lengd.

#### **Aðrar upplýsingar**

Úr ritgerð Kristborgar Þórsdóttur (2008, bls. 140): „Leiðin milli Kárastaða og Áss var talin til alfaraleiða um 1840 skv. korti hjá Sölva Sveinssyni (1977, bls. 71) en ekki er ljóst hvaðan heimild fyrir því er fengin. Líklega hefur verið lögferja á Kárastöðum og í Ási 1874 en árið 1880 var Kárastaðaferja mjög úr sér gengin og var ekki ferjað þar um tíma (Sölvi Sveinsson 1977,

bls. 92, 96). Ferjutollurinn á hvorum stað fyrir sig var 16 aurar árið 1886 (Kristmundur Bjarnason 1987, bls. 97-98). Árið 1895 ákvað sýslunefnd að fella niður ferjuna á Ási meðal annarra og tveimur árum síðar var Kárastaðaferjan lögð niður. Þetta gerist í kjölfar breytinga í samgöngumálum með tilkomu dragferja og brúa á Héraðsvötnin (Kristmundur Bjarnason 1987, bls. 101-102). Árið 1888 var tillaga um að vegurinn frá Borgartjörn að Kárastaðaferju yfir Hegranses hjá Ási, austur yfir vötn upp á sýsluvegin hjá Hofsstöðum, skyldi vera sýsluvegur samþykkt af amtsráði (Kristmundur Bjarnason 1987, bls. 156). Sumarið 1867 var fyrirhuguð viðgerð á brúnni yfir Illasund (Kristmundur Bjarnason 1987, bls. 76). Í skýrslu um sýsluvegabætur í Skagafjarðarsýslu árið 1885 kemur fram að 20 krónum hafi verið varið til grjóttbrúa (30 álnir), vegaruðnings (60 faðmar) og skurðgraftar (20 faðmar) á Kárastaðavegi (sem að öllum líkindum er vegurinn milli Kárastaða og Áss)“ (Kristmundur Bjarnason 1987, bls. 148-149). Á þessari leið var Illasundsbrú, sem er horfin, en um hana segir í örnefnaskrá Kárastaða: „Vestan við Hólmaberg liggja mýrarsund. Syðst Torfdalssundin, þá Breiðasund um vestanverða miðju Hólmabergs og norður úr því Illasund; dregur nafn af rótlausum leirkeldum, sem í því eru; yfir það er brú á gamla sýsluveginum yfir neið, nefnd Illasundsbrú.“ (Kárastaðir-Örnefnaskrá, bls. 7). Um þennan veg segir í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi : „Var forn leið, sýsluvegur, yfir Hegransesið frá Ásferjustað á Austur-Héraðsvötnum, eða Kálfhólmavaði, að Kárastöðum um Miðveg yfir Nesið norðan við Urriðavatn, upp sneiðing austan í Urriðabergi, um Seldal vestur að Kárastöðum. Þar var komið niður yfir fornbylið Hvammkot. Síðan tók við 150 m löng „brú“ yfir mýrarsundið vestur að Gullaklöpp þar sem vegurinn lá niður sunnan við klöppina, niður að Héraðsvötnum..“ (bls. 148). Um sömu leið segir í örnefnaskrá Kárastaða (bls. 8): „Seldalur norðvestur frá Seltúninu. Eftir honum liggur gamall sýsluvegur yfir að Ási.“ Um brúna segir í örnefnaskrá Kárastaða: „Vestan við Hólmaberg liggja mýrarsund. Syðst Torfdalssundin, þá Breiðasund um vestanverða miðju Hólmabergs og norður úr því Illasund; dregur nafn af rótlausum leirkeldum, sem í því eru; yfir það er brú á gamla sýsluveginum yfir nesið, nefnd Illasundsbrú.“ (bls. 10).

### **Hegranses-1728-731 nr. L10027**

**Sérheiti:** Messuleið

**Hlutverk:** Leið (aukaleið)

**Tegund:** Gata, heimild

#### **Staðhættir**

Messuleið frá Kárastöðum til Rípur lá til suðvesturs frá Kárastöðum, suður fyrir Hólmavatn og þaðan að leið [1728-330].

#### **Lýsing**

„Frá Kárastöðum er farið yfir Löngubrú í Messudal og í SA stefnu þar til komið efst í Torfdal. Þaðan er líklega farið eftir Torfdalsgötum en framhaldið er óljóst. Líklegt er að farið hafi verið

sunnan við Kúaborg, yfir lækinn úr Hólmavatni, meðfram Keldudalsstekkjarborg vestanverðri og þaðan á leiðina frá Hróarsdal til Rípur (L10020). Leiðin var skráð af loftmynd (Ísgraf/Loftmyndir 2000).” (Kristborg Þórsdóttir, 2008, bls. 157).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Kárastaða (bls. 1) segir: „Gerðisdalur eða Messudalur, suðaustur frá [Hvammkoti], var farinn til kirkju að Ríp.“ Í örnefnaskrá Kristborgar Þórsdóttur (bls. 17) segir: „Torfdalsgötur eru í Torfdalnum.“

#### **Hegranes-1728-732 nr. L10016 [SK-446]**

**Hlutverk:** Leið (aukaleið)

**Tegund:** Gata, heimild

#### **Staðhættir**

Tveir vegslóðar liggja frá veginum yfir Hegranes og til norðurs og að Naustavík og sameinast rétt áður en komið er að víkinni. Þeir eru skráðir hér undir einu númeri.

#### **Lýsing**

Veginir voru gengnir á vettvangi 2018 og er í dag akvegir en þarna mun leiðin að útræði í Naustavík nokkurn veginn hafa legið.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Jóni Ósmann* eftir Kristmund Bjarnason (1974, bls. 49) segir: „[...] liggur hann svo vestur sjóarbakkana spölkorn og síðan vestur eftir melhrygg, sem er rétt fyrir utan túnið í Nesi; þar klofnar vegurinn, liggur þá annar beint í norður og út í Naustavík, aðalveiðistöðina í hreppnum [...].“





*Mynd 360. Horft er til norðurs eftir götu þeirri sem liggur á milli Keflavíkur og Utanverðuness.*

### **Hegranes-1728-733 nr. L10017 [SK-445 og SK446]**

**Hlutverk:** Leið (aukaleið)

**Tegund:** Gata, heimild

#### **Staðhættir**

Gata liggur á milli Keflavíkur og Utanverðuness. Hún sést vel á loftmynd og var teiknuð upp af henni (Kristborg Þórsdóttir, 2008) en hluti hennar var genginn árið 2018.

#### **Lýsing**

Gatan liggur til norðvesturs frá Keflavík, yfir í land Utanverðuness og þaðan eftir melunum norður af bæ í Utanverðunesi.

### **Hegranes-1728-734 nr. L10018**

**Hlutverk:** Leið (aukaleið)

**Tegund:** Gata, heimild

#### **Staðhættir**

Samkvæmt heimild var vegur á milli Áss og Rípur og þaðan áfram frá Ríp að Hamri og Ketu. Þessi leið var farin til messu á Ríp (Kristborg Þórsdóttir, 2008).

#### **Lýsing**

Hluti leiðarinnar var skráður á vettvangi en hluti mældur af loftmynd (Kristborg Þórsdóttir, 2008). Þessi vegur sést enn á köflum, t.d. á klöppunum vestur af Ásvatni en er á köflum horfinn.

### **Aðrar upplýsingar**

Í viðbótum við örnefnaskrá Beingarðs (bls. 1) segir: „Messuvegur var hreppsvegur milli Áss og Rípur sem farið var um þegar messað var. Hann liggur nokkuð austan við Hvarf og ofan við Beingarðsmýrar. Sést enn vel fyrir honum.”

### **Hegranes-1728-735 nr. L10019 [SK-451]**

**Hlutverk:** Leið (aukaleið)

**Tegund:** Gata, heimild

#### **Staðhættir**

Leið lá frá Hrossatanga til norðurs og fram hjá bænum á Egg að austanverðu og beygir svo til norðausturs og endar við Hendilkotsvatni. Hún er alfarið í landi Eggjar.

#### **Lýsing**

Leiðin var að hluta skráð af loftmynd og að hluta á vettvangi (Kristborg Þórsdóttir, 2008) og var að hluta gengin 2018. Hún sést á köflum, t.d. austur af Minni-Egg, en annars staðar er hún horfin.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Eggjar og Reinar (bls. 2) segir: „Suður af túninu á Egg eru langar og nokkuð háar klettaborgir, heita Eggjaborgir. Liggur þjóðvegurinn fram Hegranes með þeim að austan eftir Tjarnholti.“ Í örnefnaskrá Eggjar (bls. 1) segir: „Hrossatangi, þar sem eylendið og nesið mætast á móti Ytri-Húsabakka. Þar var ferjað áður yfir Héraðsvötnin, og dregur það nafn af ferðamannahrossum.“



*Mynd 361. Þarna lágu götur [1728-736] upp brekkuna en þær eru horfnar á þessum kafla vegna girðingaframkvæmda.*

### **Hegranes-1728-736 nr. L10028**

**Hlutverk:** Leið (aukaleið)

**Tegund:** Gata, heimild

#### **Staðhættir**

Vegur lá á milli Keflavíkur og Vatnskots og sést enn greinilega á köflum.

#### **Lýsing**

„Þessi leið var skráð af loftmynd (Ísgraf/Loftmyndir 2000) og sést greinileg leið á henni milli þessara bæja eins og sagt er í SSII.“ (Kristborg Þórsdóttir, 2008, bls. 158).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* II (bls. 113) segir: „Vegur lá á milli Keflavíkur og Vatnskots eftir Skeiðmel, austan undir Geitabergi.“



Mynd 362. Götur [1728-737] í landi Kárastaða. Horft er til norðvesturs.

### **Hegranes-1728-737 nr. L10021**

**Hlutverk:** Leið (aukaleið)

**Tegund:** Gata, heimild

#### **Staðhættir**

Leið lá frá Keldudal og norður að vesturósi Héraðsvatna. Frá Keldudal lá hann í gegnum Hróarsdal, Kárastaði, Helluland og endar í Utanverðunesi.

#### **Lýsing**

Leiðin var að hluta mæld af loftmyndum og að hluta á vettvangi (Kristborg Þórsdóttir, 2008). Hún sést vel á löngum köflum en er líka horfin á köflum.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Keldudals eftir Margeir Jónsson (bls. 2) segir: „Keldudalsskarð, skarð það, er hreppsvegurinn lá um út Nesið að vestan.“ Í örnefnaskrá Hróarsdals eftir Kristborgu Þórsdóttur (bls. 9 og 12) segir: „Til að komast í húsin [undir Húsborg] var brú lögð yfir lækinn sem heitir Húsabru. [...]. Kárastaðaskarð endar í Langadýsmóum. Það liggur frá Sundinu í austri til norðvesturs. Um skarðið lá hreppsvegurinn áður fyrir og fékk nafn sitt af því að Kárastaðir sjást fyrst er komið er upp úr því.“ Í örnefnaskrá Hellulands (bls. 2) segir: „Dagmálaskarð er skarð í borgirnar fyrir sunnan og austan bæinn. Vegurinn liggur þar um heiman að austur á hreppsveginn, er liggur út Nesið að vestan.“ Í *Byggðasögu Skagafjarðar* V. bindi segir: „Draugaklöpp (65°40'662/19°30'300) er klettaborg milli Kárastaða og Hróarsdals, um 100

metrum norðan við merki jarðanna. Þar lá aðalleiðin milli bæjanna og sjást vel göturnar vinstra megin meðfram klöppinni.“ (bls. 151).

**Hegranes-1728-738 nr. L10022**

**Hlutverk:** Leið (aukaleið)

**Tegund:** Gata, heimild

**Staðhættir**

Kristborg Þórsdóttir (2008) skráði leið eftir munnlegri heimild Þórunnar Ólafsdóttur á Hellulandi. Sú gata lá til norðausturs frá Hellulandi og heim að Keflavík.

**Lýsing**

„Farið er í norðaustur frá Hellulandi yfir klapparmela í Keflavíkurlif sunnan við gamla Keflavíkurbæinn. Þar sem leiðin liggur um Keflavíkurlif og langleiðina heim að Keflavík er hún vel greinileg og þar er hún rudd á stuttum kafla.“ (Kristborg Þórsdóttir, 2008, bls. 152). Leiðin var að hluta skráð á vettvangi og að hluta af loftmynd (Kristborg Þórsdóttir, 2008). Hún var að hluta gengin árið 2022 og er vel greinileg á köflum.



Mynd 363. Götur [1728-739] í landi Garðs. Horft er til suðvesturs.

### Hegranes-1728-739 nr. L10023

**Hlutverk:** Leið (aukaleið)

**Tegund:** Gata, heimild

#### **Staðhættir**

Kristborg Þórsdóttir (2008) skráði leið eftir munnlegri heimild Þórunnar Ólafsdóttur á Hellulandi. Sú gata lá til austurs frá Hellulandi og heim að Garði.

#### **Lýsing**

„Beint í austur upp frá Hellulandi var farið yfir til Garðs. Þegar komið var að Geitabergi var farið um Garðsklif niður af því. Þessi leið var aðeins gengin að hluta og er hún mjög óskýr á vettvangi.“ (Kristborg Þórsdóttir, 2008, bls. 153). Leiðin var að mestu skráð af loftmynd enda er hún óskýr á köflum (Kristborg Þórsdóttir, 2008).

### Hegranes-1728-740 nr. L10024

**Hlutverk:** Leið (aukaleið)

**Tegund:** Gata, heimild

#### **Staðhættir**

Leið lá á milli Hellulands og Vatnskots og lá hún til suðausturs frá Hellulandi og heim að bæ í Vatnskoti.

#### **Lýsing**

Leiðin var að hluta skráð af loftmynd og að hluta á vettvangi. „Leið þessi lá upp Húsadalinn (sennilega sunnanverðan neðst en síðan norðanverðan), norðan við Húsadalstjörn og í beina stefnu austur um mjóan dal þar til komið er í Ytri-Slakka, þá farið niður og heim túnið í Vatnskoti eða með því. Þessi leið hefur verið gengin að hluta, eða frá Hellulandi og í dalinn mjóa áður en komið er í Ytri-Slakka, og er heldur ógreinileg en þó sjást troðningar á henni og tvær vörður er skráðar við hana ofarlega í Húsadal.“ (Kristborg Þórsdóttir, 2008, bls. 154).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í ornefnaskrá Vatnskots (bls. 1) segir: Vatnskotsberg er klettaberg meðfram vatninu að vestan. Á því eru dalir frá suðaustri til norðvesturs, grunnir báðir og nefndir Ytri- og Syðrslakki, og er þar farið oftast milli Hellulands og Vatnskots um Ytri-Slakkann. Farið var um Húsadal frá Vatnskoti áður en komið var að Hellulandi.



Mynd 364. Götur [1728-741]. Horft er til suðausturs.

### **Hegranes-1728-741 nr. L10025**

**Hlutverk:** Leið (aukaleið)

**Tegund:** Gata, heimild

#### **Staðhættir**

Leið var á milli Hellulands og að Ási eins og getið er í heimild hér að neðan. Leiðin lá fyrst til suðurs frá Hellulandi en beygir síðan til suðausturs, fer suður fyrir Vatnskotsvatn og að Ási.

#### **Lýsing**

„Ekki mun það hafa verið rétt að leiðin frá Hellulandi til Áss hafi legið um Leirdal eins og fram kemur í SSII, heldur hefur leiðin legið að hluta eins og leiðin frá Hellulandi til Rípur um Jónsvörðudal og Fögrukinn. Jónsvörðudalur er norðan við Leirdal. Þaðan hefur leiðin farið til austurs niður með Vatnskotsvatni og þaðan á Sýsluveginnum heim að Ási.“ (Kristborg Þórsdóttir, 2008, bls. 155). Leiðin er að hluta skráð af loftmynd og að hluta á vettvangi (Kristborg Þórsdóttir, 2008).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* II (bls. 112) segir: „[...] úr austurminni [Leirdals] liggur vegur NV að Hellulandi frá Ási, líka framan og neðan frá Beingarði; sú er kirkjuleiðin löng og slitrótt.“



*Mynd 365. Götur [1728-742]. Horft er til norðvesturs.*

### **Hegranes-1728-742 nr. L10026**

**Hlutverk:** Leið (aukaleið)

**Tegund:** Gata, heimild

#### **Staðhættir**

Leið var frá Hellulandi að Ríp og er fyrsti hluti hennar sama leið og [1728-741] en síðan beygir gatan til suðurs og svo suðausturs í átt að Ríp.

#### **Lýsing**

„Farið er í hásuður frá bænum á Hellulandi, ofan við Grænagerði, í suðaustur í átt að Jónsvörðudal niður að Fögrukinn. Svo farið yfir sundin niður á enda Urriðavatnsbergs, fram vestan við Urriðavatn og þaðan niður á bæi. Leiðin var gengin frá Fögrukinn þar sem leiðin var hvað skýrust, og lýsingunni fylgt eins og hægt var heim að bæ. Troðninga og götur mátti sjá á stöku stað en í heild er leiðin mjög ógreinileg. Eitt vörðubrot er á leiðinni ef frá er talin Jónsvarðan sem er landamerkjavarða og var ekki skráð í tengslum við leiðina. Úr Fögrukinn var beygt til suðurs og farið alla leið ofan í Seldal. Þessi hluti leiðarinnar var skráður af loftmynd (Ísgraf/Loftmyndir 2000). Þaðan er farið suður fyrir Urriðavatn og eftir götum þaðan beint í austur. Komið er á krossgötur þessarar leiðar og Miðvegar (L1045) þegar sést til bæja á austanverðu Hegranesi. Héðan var leiðin til Rípur skráð af loftmynd (Ísgraf/Loftmyndir 2000). Frá krossgötunum stefnir leiðin í SA, yfir NV horn skógræktarreits og þaðan niður á túnin



vestan við Ríp. Í túnunum kunna að vera leifar mýrarbrúar þar sem höft eru á skurðum milli túnastykkja.“ (Kristborg Þórsdóttir, 2008, bls. 156).

## Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín (1930). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 9. bindi. Skagafjarðarsýsla*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Douglas J. Bolender, John M. Steinberg, Brian Damiata og Guðný Zoëga (2016). *Hegranes Settlement Survey: Interim Report 2015*. Byggðasafn Skagfirðinga/Fiske Center for Archaeological Research, UMass Boston. BSk-2016-165/SCASS-2016-4.

Douglas J. Bolender, John M. Steinberg, Brian Damiata og Guðný Zoëga (2017). *Hegranes Settlement Survey. Interim Report on Fieldwork at Vatnskot, Beingarður, Hamar and Rein in the summer 2017*. Byggðasafn Skagfirðinga/Fiske Center for Archaeological Research, UMass Boston. BSk-2017-183/SCASS-2017-111.

Douglas J. Bolender, John M. Steinberg, Brian Damiata og Guðný Zoëga (2017). *Hegranes Settlement Survey: Rein, Keta, Hamar, Utanverðunes, Ásgrímsstaðir. Interim Report 2016*. Byggðasafn Skagfirðinga/Fiske Center for Archaeological Research, UMass Boston. BSk-2018-207/SCASS-2018-21.

Eggert Briem (1982). Sýslulýsing yfir Skagafjarðarsýslu 1863-1872. Í *Skagfirðingabók 11(1)*. Sögufélag Skagfirðinga. Bls. 7-55.

Gísli Magnússon (1970). Sala Hólastólsjarða í Skagafirði 1802. Í *Skagfirðingabók 5(1)*. Sögufélag Skagfirðinga. Bls. 95-164.

Guðmundur St. Sigurðarson (2014). *Hamar í Hegranesi – Neyðarrannsókn 2014*. Byggðasafn Skagfirðinga 2014/152.

Guðný Zoëga (2011). *Fornleifarannsókn á fornum kirkjugarði á Utanverðunesi í Skagafirði*. Byggðasafn Skagfirðinga. 2019/211.

Hjalti Pálsson (ritstj.) (2010). *Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, Rípurhreppur-Viðvíkurhreppur*. Sauðárkrúkur: Sögufélag Skagfirðinga.

*Íslenzkt Fornbréfasafn II 1253-1350* (1893). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

*Íslenzkt Fornbréfasafn III 1269-1415* (1896). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

*Íslenzkt Fornbréfasafn IV 1265-1449* (1897). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

*Íslenzkt Fornbréfasafn IX 1292-1539* (1909-1913). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

*Íslenzkt Fornbréfasafn V 1330-1476* (1899-1902). Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

*Íslenzkt Fornbréfasafn XI 1310-1550* (1915-1925). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn.

John M. Steinberg, Brian N. Damiata, Alicia H. Sawyer og Lauren Welch O'Connor (2016). *Helluland on Hegrans: Coring, & Test Pit: Interim Report 2016*. Byggðasafn Skagfirðinga/Fiske Center for Archaeological Research, UMass Boston. BSk-2017-185/SCASS-2017-13.

Kathryn Catlin, Douglas Bolender, Jeffrey Speller, Dana Herren, Summer Kiker, Olivia Conner, Brenda Prehal, Sarah Breiter og Bryndís Zoëga (2022). *Excavations at Kotið and Coring Survey at Þrælagerði and Grænagerði: Interim Report on Fieldwork in the Summer 2022*. (2022). BSK-2022-263, JSU-CYGS-A-2022-01.

Kathryn Catlin, John Steinberg og Douglas Bolender (2017). *Fornbýli Landscape and Archaeological Survey on Hegrans (FLASH)*. Interim Report 2016. Skagafjörður Church and Settlement Survey.

Kathryn Catlin, John Steinberg og Douglas Bolender (2018). *Fornbýli Landskape and Archaeological Survey on Hegrans (FLASH)*. Interim Report 2017. Skagafjörður Church and Settlement Survey.

Kristborg Þórsdóttir (2008). *Fornar leiðir á Íslandi. Tillaga að skilgrieningu, flokkun og skráningu*. Ritgerð til meistaraþrófs. Háskóli Íslands.

Kristmundur Bjarnason (1987). *Sýslunefndarsaga Skagfirðinga*. I. bindi. Sauðárkrókur: Sýslunefnd Skagafjarðar.

Kristmundur Bjarnason (1974). *Jón Ósmann ferjumaður*. Sýslusjóður Skagafjarðarsýslu. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga.

*Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn.

Ólafur Sigurðsson (1960). Vaki ég yfir velli grænum. *Í Heima er bezt*. 10. árgangur, 6. blað. Steindór Steindórsson frá Hlöðum (ritstj). Akureyri: Bókaförlag Odds Björnssonar. Bls. 192-195.

Sigríður Sigurðardóttir (2018). *Miðaldakirkjur 1000-1300. Skagfirska kirkjurannsóknin (2. útg)*. Rit Byggðasafns Skagfirðinga 1.

*Sturlungasaga I* (1946). Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfu. Reykjavík: Sturlungaútgáfan.

*Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II – Skagafjarðarsýsla* (1954). Akureyri: Hið íslenska bókmenntafélag, Bókaútgáfan Norðri.

Sölvi Sveinsson (1977). Samgöngur í Skagafirði 1874-1904. Í *Skagfirðingabók 8(1)*. Sögufélag Skagfirðinga. Bls. 58-183.

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is)

***Túnakort, fengin af Manntalsvef Þjóðskjalasafnins, <https://testbirting.manntal.is/>***

Keta í Rípurhreppi. Guðmundur Sveinsson, apríl 1918.

Ás í Rípurhreppi. Guðmundur Sveinsson, mars 1918.

Beingarður í Rípurhreppi. Guðmundur Sveinsson, mars 1918.

Egg í Rípurhreppi. Guðmundur Sveinsson, apríl 1918.

Garður í Rípurhreppi. Guðmundur Sveinsson, mars 1918.

Hamar í Rípurhreppi. Guðmundur Sveinsson, apríl 1918.

Helluland í Rípurhreppi. Guðmundur Sveinsson, apríl 1918.

Hróarsdalur í Rípurhreppi. Guðmundur Sveinsson, apríl 1918.

Kárastaðir í Rípurhreppi. Guðmundur Sveinsson, apríl 1918.

Keflavík í Rípurhreppi. Guðmundur Sveinsson, mars 1918.

Keldudalur í Rípurhreppi. Guðmundur Sveinsson, apríl 1918.

Reyn í Rípurhreppi. Guðmundur Sveinsson, apríl 1918.

Ríp í Rípurhreppi. Guðmundur Sveinsson, mars 1918.

Utanverðunes í Rípurhreppi. Guðmundur Sveinsson, mars 1918.

Vatnskot í Rípurhreppi. Guðmundur Sveinsson mars, 1918.

***Örnefnaskrár, fengnar af Nafnið.is, vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum***

*Ás.* Skráð eftir handriti Sigurðar á Kárastöðum og munnlegri frásögn Guðmundar Ólafssonar í Ási. Örnefnastofnun Íslands.

*Beingarður.* Skráð eftir handriti Sigurðar á Kárastöðum. Örnefnastofnun Íslands.

*Egg.* Margeir Jónsson skráði eftir handriti Sigurðar á Kárastöðum. Örnefnastofnun Íslands.

*Egg og Rein.* Gísli Magnússon skráði. Örnefnastofnun Íslands.

*Eyhildarholt.* Gísli Magnússon skráði. Örnefnastofnun Íslands.

*Garður (2).* Skráð eftir Jónasi Josteinsyni 1975. Örnefnastofnun Íslands.

*Garður (3).* Athugasemdir og viðbætur. Guðrún Magnúsdóttir skráði eftir Jónasi Josteinsyni 1975. Örnefnastofnun Íslands.

*Garður (1).* Margeir Jónsson skráði eftir handriti Sigurðar á Kárastöðum og munnlegri frásögn Páls Pálssonar frá 1934. Örnefnastofnun Íslands.

*Hamar (1).* Skráð eftir handriti Sigurðar Ólafssonar á Kárastöðum. Örnefnastofnun Íslands.

*Hamar (2).* Nokkrar athugasemdir eftir Jónas Hróbjartsson, 1975. Örnefnastofnun Íslands.

*Helluland.* Margeir Jónsson skráði eftir handriti Sigurðar Ólafssonar á Kárastöðum með viðbótum frá Hróbjarti Jónassyni bónda á Hamri. Örnefnastofnun Íslands.

*Helluland.* Rósmundur I. Ingvarsson skráði 2006.

*Hróarsdalur.* Kristborg Þórsdóttir skráði, 2019. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*Hróarsdalur.* Jón Normann skráði. Örnefnastofnun Íslands.

*Hróarsdalur.* Margeir Jónsson skráði eftir handriti Sigurðar Ólafssonar á Kárastöðum. Örnefnastofnun Íslands.

*Kárastaðir.* Jón Normann skráði. Örnefnastofnun Íslands.

*Kárastaðir.* Margeir Jónsson skráði eftir handriti Sigurðar á Kárastöðum. Örnefnastofnun Íslands.

*Keldudalur.* Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

*Keta (1).* Margeir Jónsson skráði eftir Ágústu Jónsdóttur frá Hamri, 1935. Örnefnastofnun Íslands.

*Keta (2).* Gísli Magnússon skráði eftir Ingimundi Árnasyni, 1974. Örnefnastofnun Íslands.

*Keta.* Spurningar og svör. Kristborg Þórsdóttir skráði, 2002. Örnefnastofnun Íslands.

*Naustavík.* Sigurður á Kárastöðum skráði. Örnefnastofnun Íslands.

*Rein.* Margeir Jónsson skráði eftir Sigurði Ólafssyni og Magnúsi Ásgrímssyni, 1935. Örnefnastofnun Íslands.

*Ríp (1)*. Gísli Magnússon skráði 1974. Örnefnastofnun Íslands.

*Ríp (2)*. Skráð eftir handriti Sigurðar á Kárastöðum. Örnefnastofnun Íslands.

*Utanverðunes (1)*. Margeir Jónsson skráði eftir Magnúsi Gunnarssyni, 1935, með viðbótum úr handriti Sigurðar á Kárastöðum. Örnefnastofnun Íslands.

*Vatnskot*. Margeir Jónsson skráði eftir handriti Sigurðar á Kárastöðum. Örnefnastofnun Íslands.

### ***Héraðsskjalasafn Skagfirðinga***

HSk 971 4to.

### ***Heimildafólk***

Andrés G. Magnússon, Hellulandi

Birgir Þórðarson, Ríp

Davíð Logi Jónsson, Egg

Embla Dóra Björnsdóttir, Egg

Heiðbjört Pálsdóttir, Utanverðunesi

Jón Gunnar Magnússon, Ási 1

Jón Sigurjónsson, Garði

Kristborg Þórsdóttir, ættuð frá Hróarsdal

Kristján Elvar Gíslason, Ási 2

Lilja Ólafsdóttir, Kárastöðum

Margrét Ólafsdóttir, Hegrabjargi

Ólafur Jónsson, Hellulandi

Pétur Þórarinsson, ættaður frá Ríp

Sigrún Ólafsdóttir (látin), Hegrabjargi

Símon Traustason, Ketu

Stefanía Birna Jónsdóttir, Beingarði

Sæunn Jónsdóttir, Svanavatni

Sævar Einarsson, Hamri

Þorvaldur Sigurðsson, ólst upp í Hróarsdal

# Fylgiskjöl

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti núverandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-1	Utanverðunes	Utanverðunes	heimild	híbýli	900	1930	sést ekki		476186	583756
1728-2	Utanverðunes		mannvistarleifar	kirkjugarður	1000	1104	sést ekki		476169	583734
1728-3	Utanverðunes		mannvistarleifar	kirkja	1000	1500	sést ekki		476169	583731
1728-4	Utanverðunes		heimild	heimreið	1000	1930	sést ekki		476098	583786
1728-5	Utanverðunes	Lambhús	heimild	fjánhús	1700	1930	sést ekki		476077	583814
1728-6	Utanverðunes	Hólhús	heimild	fjánhús	1700	1930	sést ekki		476093	583962
1728-7	Utanverðunes	Miðhús	heimild	fjánhús, hesthús	1700	1930	sést ekki		476058	583906
1728-9	Utanverðunes		garðlag	áveita	1800	1980	greinanleg	engin hætta	476273	583982
1728-10	Utanverðunes		heimild	áveita	1800	1980	sést ekki		476297	583900
1728-11	Utanverðunes		heimild	áveita	1800	1980	sést ekki		476268	583870
1728-12	Utanverðunes		heimild	áveita	1800	1980	sést ekki		476324	583791
1728-13	Utanverðunes		garðlag	matjurtagarður	1900	1970	vel greinanleg	engin hætta	476446	583703
1728-14	Utanverðunes		heimild	þvottastaður	1000	1950	sést ekki		476265	584046
1728-15	Utanverðunes		heimild	mógröf	1500	1930	sést ekki		476262	583925
1728-16	Utanverðunes		niðurgröftur, heimild	framræsla	1800	0	greinanleg	engin hætta	476197	583673
1728-17	Utanverðunes		garðlag	nátthagi, óþekkt	1300	1800	vel greinanleg	engin hætta	476493	582678
1728-18	Utanverðunes		grjóthrúga	óþekkt, kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	476463	582718
1728-19	Utanverðunes		grjóthrúga, steinalögn	óþekkt, kennimark	900	1900	vel greinanleg	engin hætta	476479	582728
1728-20	Utanverðunes		grjóthrúga	kennimark	1500	1900	greinanleg	engin hætta	476756	582626
1728-21	Utanverðunes		varða	kennimark	1500	1900	heilleg	engin hætta	476023	582400
1728-22	Utanverðunes		varða	kennimark	900	1900	heilleg	engin hætta	476135	582281
1728-23	Utanverðunes	Forvaðaklettur	heimild, klettur	huldufólksbústaður	900	1900	ómetið	ómetið	475353	582059
1728-24	Utanverðunes		tóft	rétt, stekkur	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	475307	582222
1728-25	Utanverðunes		tóft	rétt, stekkur	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	475320	582214
1728-26	Utanverðunes		tóft	stekkur	1600	1900	greinanleg	hætta	475183	583031
1728-27	Utanverðunes		garðlag	varnargarður	1923	1940	vel greinanleg	engin hætta	475117	582661
1728-28	Utanverðunes		heimild	netalögn	1800	1925	sést ekki		474709	583525
1728-29	Utanverðunes		heimild	netalögn	1800	1925	sést ekki		475306	582117
1728-30	Utanverðunes	Byrgi	hús	byrgi	1900	1925	vel greinanleg	engin hætta	474727	583583
1728-32	Utanverðunes	Gvendarbrunnur, Brunnklettur	steinn, heimild	brunnur	1000	1900	vel greinanleg	engin hætta	475013	583546
1728-34	Utanverðunes		heimild	dragferja	1892	1925	sést ekki		474708	583623
1728-35	Utanverðunes	Emmanuel, Byrgið	heimild	byrgi	1850	1925	sést ekki		474732	583620



## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti núverandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-36	Utanverðunes		gata	leið	1000	1925	vel greinanleg	hætta	474630	584850
1728-37	Utanverðunes		tóft	óþekkt, íshús?	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	474921	585553
1728-38	Utanverðunes		tóft	óþekkt	1300	1800	vel greinanleg	engin hætta	474910	585548
1728-39	Utanverðunes		tóft	óþekkt	1300	1800	vel greinanleg	engin hætta	474915	585524
1728-40	Utanverðunes		niðurgröftur	óþekkt	1300	1800	vel greinanleg	engin hætta	474922	585522
1728-41	Utanverðunes		tóft	sjóbúð, híbýli	1300	1900	vel greinanleg	mikil hætta	474917	585599
1728-42	Utanverðunes		þúst, hleðsla	óþekkt, sjóbúð?	900	1900	illgreinanleg	mikil hætta	474918	585610
1728-43	Utanverðunes	Naustavík	tóft	híbýli	1914	1937	greinanleg	mikil hætta	474945	585601
1728-44	Utanverðunes		tóft	sjóbúð	1700	1914	vel greinanleg	hætta	474946	585598
1728-45	Utanverðunes		tóft	fjárhús	1914	1940	greinanleg	mikil hætta	474944	585608
1728-46	Utanverðunes		garðlag	matjurtagarður	1900	1937	vel greinanleg	hætta	474947	585583
1728-47	Utanverðunes		niðurgröftur	óþekkt	1900	1940	vel greinanleg	engin hætta	474941	585571
1728-49	Utanverðunes		tóft	sjóbúð, skemma	1700	1900	vel greinanleg	mikil hætta	474983	585619
1728-50	Utanverðunes		heimild	lending	900	1940	ómetið	ómetið	474974	585631
1728-51	Utanverðunes		tóft	sauðahús	1890	1940	greinanleg	mikil hætta	475028	585667
1728-52	Utanverðunes		garðlag	óþekkt	1300	1700	greinanleg	mikil hætta	475050	585671
1728-53	Utanverðunes		tóft, náttúrulegt	óþekkt	1300	1900	greinanleg	hætta	475050	585767
1728-54	Utanverðunes		niðurgröftur	óþekkt	900	1900	vel greinanleg	hætta	475435	585883
1728-55	Utanverðunes		niðurgröftur	óþekkt, selveiði	1700	1950	greinanleg	hætta	475953	585134
1728-56	Utanverðunes		stallur, náttúrulegt	óþekkt, selveiði	1700	1950	greinanleg	hætta	475973	585132
1728-57	Utanverðunes		tóft	óþekkt, rétt	1500	1900	greinanleg	engin hætta	476293	584611
1728-58	Helluland	Helluland	heimild	híbýli	1100	1910	sést ekki		476209	580311
1728-59	Helluland	Helluland	hóll, heimild	bæjarhóll	1300	1910	greinanleg	engin hætta	476175	580315
1728-61	Helluland	Öskuhóll	heimild	öskuhaugur	1300	1930	sést ekki		476191	580308
1728-62	Helluland		heimild	öskuhaugur	950	1300	sést ekki		476211	580427
1728-63	Helluland		heimild	matjurtagarður	1850	1920	sést ekki		476213	580293
1728-64	Helluland		heimild	matjurtagarður	1850	1920	sést ekki		476172	580322
1728-65	Helluland		heimild	smiðja	1000	1930	sést ekki		476195	580299
1728-66	Helluland		heimild	útihús	1800	1920	sést ekki		476213	580243
1728-67	Helluland	Berghús	heimild	útihús	1800	1920	sést ekki		476319	580347
1728-68	Helluland	Mókofi	tóft	mótóft	1600	1900	vel greinanleg	engin hætta	476114	580201
1728-70	Helluland		hleðsla	stífla	1850	1960	greinanleg	hætta	476301	580416

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti núverandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-71	Helluland		heimild, grjót	þvottastaður	1850	1960	illgreinanleg	hætta	476341	580372
1728-72	Helluland	Ullarklöpp	klöpp	þurrkastaður	1700	1920	ómetið	engin hætta	476345	580376
1728-73	Helluland		garðlag	túngarður	1500	1900	vel greinanleg	mikil hætta	476254	580542
1728-74	Helluland		tóft	óþekkt	1500	1900	greinanleg	engin hætta	476281	580530
1728-75	Helluland		tóft	óþekkt	900	1800	greinanleg	engin hætta	476174	580578
1728-76	Helluland		tóft	óþekkt	900	1800	greinanleg	engin hætta	476166	580573
1728-77	Helluland		niðurgröftur	óþekkt	1500	1980	vel greinanleg	engin hætta	476175	580560
1728-78	Helluland		niðurgröftur	óþekkt, matjurtagarður	1850	1950	illgreinanleg	engin hætta	476180	580579
1728-79	Helluland	Lambhús	tóft	fjánhús	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	476080	580534
1728-80	Helluland		dæld	útihús	1700	1930	illgreinanleg	engin hætta	476129	580538
1728-81	Helluland		garðlag	óþekkt, túngarður	1600	1950	vel greinanleg	engin hætta	476059	580513
1728-82	Helluland		tóft	óþekkt, rétt	1600	1900	greinanleg	engin hætta	476074	580454
1728-83	Helluland		garðlag	óþekkt	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	475978	580590
1728-84	Helluland	Myllugarðurinn	garðlag	áveita	1890	1950	greinanleg	engin hætta	476085	580356
1728-85	Helluland		heimild	beðasléttur	1800	1900	sést ekki		476170	580439
1728-86	Helluland		heimild	beðasléttur	1800	1900	sést ekki		476157	580278
1728-94	Helluland	Hellulandsmógrafir	niðurgröftur	mógröf	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	476328	580586
1728-96	Helluland	Háavarða	varða	kennimark	1700	1900	heilleg	engin hætta	476577	580268
1728-97	Helluland		varða	kennimark	1500	1950	vel greinanleg	engin hætta	476632	580171
1728-98	Helluland		varða	kennimark	1500	1900	heilleg	engin hætta	476827	579974
1728-99	Helluland		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	476782	580103
1728-100	Helluland		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	477066	580076
1728-101	Helluland		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	476744	580503
1728-102	Helluland		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	477090	580511
1728-103	Helluland		varða	kennimark	1500	1900	greinanleg	engin hætta	476892	581235
1728-104	Helluland		grjóthrúga	kennimark	1500	1900	greinanleg	engin hætta	476892	581236
1728-105	Helluland		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	476796	581277
1728-106	Helluland		tóft	stekkur	900	1900	greinanleg	engin hætta	476575	581124
1728-107	Helluland		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	476617	581107
1728-108	Helluland		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	476459	580867
1728-109	Helluland		varða	kennimark	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	476979	578794
1728-110	Helluland		varða	kennimark	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	476836	579136

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti núverandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-111	Helluland/Svanavatn		varða	kennimark	900	1900	illgreinanleg	engin hætta	477169	579912
1728-112	Hulduland	Grænagerði, Lýsukot	tóft	híbýli, skáli	900	1500	vel greinanleg	hætta	476501	579352
1728-113	Hulduland	Grænagerði	heimild	öskuhaugur	900	1104	sést ekki		476487	579360
1728-114	Hulduland	Grænagerði, Lýsukot	tóft	óþekkt	900	1500	greinanleg	engin hætta	476490	579367
1728-115	Hulduland	Grænagerði	tóft	óþekkt, stekkur	900	1600	vel greinanleg	mikil hætta	476463	579332
1728-117	Hulduland		garðlag	óþekkt, túngarður	900	1800	vel greinanleg	engin hætta	476461	579411
1728-118	Helluland	Kotið	heimild	stekkur	1600	1700	sést ekki		476011	581697
1728-119	Helluland	Kotið	heimild, mannvistarleif	öskuhaugur, jarðhús	870	1100	fornleifauppgröftur		475990	581698
1728-120	Helluland	Kotið	heimild	skáli, útihús	950	1300	fornleifauppgröftur		476010	581701
1728-122	Fagraland	Grjótstekkur	tóft	stekkur	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	475848	581547
1728-123	Helluland		leið	engjavegur	1600	1950	vel greinanleg	engin hætta	475879	580685
1728-125	Helluland	Hellulandsvöð	heimild	vað	1000	1950	ómetið		475575	580568
1728-126	Helluland		garðlag	áveita	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta	475535	581676
1728-127	Helluland		garðlag	áveita	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	475595	581456
1728-128	Helluland		garðlag	áveita	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	475628	581191
1728-129	Helluland		garðlag	áveita	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	475672	580715
1728-130	Helluland		niðurgröftur	áveita	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta	475706	580762
1728-131	Helluland		niðurgröftur	áveita	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta	475716	580692
1728-132	Helluland	Stekkur	tóft	stekkur	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	475776	580566
1728-133	Helluland	Miðmundargarður	garðlag	áveita	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	475743	580325
1728-134	Helluland		niðurgröftur	áveita	1700	1950	illgreinanleg	engin hætta	475685	579907
1728-135	Helluland		niðurgröftur	áveita	1700	1950	illgreinanleg	engin hætta	475648	579531
1728-136	Helluland		tóft	óþekkt	1600	1900	greinanleg	engin hætta	475831	579825
1728-137	Helluland	Ljúflingshóll	heimild, hóll	huldufólksbústaður	0	0	ómetið		476261	580273
1728-138	Helluland	Langaborg	heimild, klettaborg	huldufólksbústaður	0	0	ómetið		476031	581216
1728-139	Helluland	Miðmundarborg	heimild, klettur	huldufólksbústaður	0	0	ómetið		476107	579950
1728-140	Helluland	Huldufólkskirkja	heimild, klettur	huldufólksbústaður	0	0	ómetið		475797	580213
1728-141	Helluland	Lambhúsborg	heimild, klettur	huldufólksbústaður	0	0	ómetið		475775	580771
1728-142	Helluland	Háaborg	heimild, klettur	huldufólksbústaður	0	0	ómetið		476565	580272
1728-143	Helluland	Ásgrímsstaðir	tóft, hóll	híbýli, bæjarhóll	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta	475807	579193
1728-144	Garður		brú	brú	1918	1976	vel greinanleg	engin hætta	481282	579738
1728-145	Helluland		tóft	fjánhús, hesthús	1800	1930	vel greinanleg	engin hætta	475806	579207

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti númerandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-146	Helluland		tóft	óþekkt	950	1700	greinanleg	engin hætta	475791	579197
1728-147	Helluland		hleðsla	óþekkt	1800	1928	greinanleg	engin hætta	475790	579177
1728-148	Hulduland		þúst	óþekkt	1800	1928	illgreinanleg	engin hætta	475795	579153
1728-149	Hulduland		þúst	óþekkt	900	1928	vel greinanleg	engin hætta	475801	579138
1728-150	Helluland		tóft	kvíar?	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	475843	579163
1728-151	Helluland		tóft	óþekkt, smiðja	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	475819	579181
1728-152	Helluland		niðurgröftur	brunnur, brunnhús	1800	1930	vel greinanleg	engin hætta	475804	579219
1728-153	Helluland		garðlag	matjurtagarður	1850	1928	vel greinanleg	engin hætta	475766	579269
1728-154	Helluland		tóft	fjánhús	1800	1928	vel greinanleg	engin hætta	475774	579254
1728-155	Helluland		tóft	óþekkt, útihús	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	475731	579214
1728-156	Hulduland		garðlag	óþekkt	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	475733	579194
1728-157	Helluland		tóft	óþekkt, smiðja	950	1900	vel greinanleg	engin hætta	475722	579253
1728-158	Helluland		tóft	híbýli	950	1100	greinanleg	hætta	475712	579223
1728-159	Hulduland		gata, traðir	leið	900	1900	vel greinanleg	engin hætta	475755	579194
1728-160	Hulduland		gata, traðir	leið	900	1900	vel greinanleg	engin hætta	475765	579163
1728-161	Helluland		tóft	óþekkt	950	1500	greinanleg	engin hætta	475723	579150
1728-162	Helluland		tóft	óþekkt	950	1500	greinanleg	engin hætta	475757	579105
1728-163	Helluland		tóft	óþekkt	900	1700	vel greinanleg	engin hætta	475798	579067
1728-164	Helluland		garðlag	túngarður	950	1500	greinanleg	engin hætta	475784	579316
1728-165	Helluland		gata	leið	1000	1900	vel greinanleg	engin hætta	475995	579047
1728-166	Helluland	Ásgrímsstaðamógrafir	niðurgröftur	mógröf	1500	1930	vel greinanleg	engin hætta	476099	578914
1728-167	Helluland	Ásgrímsstaðamógrafir	niðurgröftur	mógröf	1500	1930	vel greinanleg	engin hætta	476121	578946
1728-168	Helluland	Ásgrímsstaðamógrafir	niðurgröftur	mógröf	1500	1930	vel greinanleg	engin hætta	476156	578922
1728-169	Helluland	Ásgrímsstaðamógrafir	niðurgröftur	mógröf	1700	1930	vel greinanleg	engin hætta	476105	579002
1728-170	Helluland		tóft	mótóft	1500	1900	greinanleg	engin hætta	476141	578873
1728-171	Helluland		tóft	mótóft	1500	1900	greinanleg	engin hætta	476074	578869
1728-172	Helluland		tóft	mótóft	1500	1900	greinanleg	engin hætta	476071	578918
1728-173	Helluland		tóft	mótóft	1600	1900	vel greinanleg	engin hætta	476070	578932
1728-174	Helluland		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	475985	579063
1728-175	Hulduland		grjóthrúga	óþekkt, kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	475995	579084
1728-176	Hulduland		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	475986	578995
1728-177	Helluland		varða	kennimark	1700	1950	heilleg	engin hætta	476027	579244

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti númerandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-178	Helluland		grjóthrúga	kennimark	1700	1900	greinanleg	engin hætta	476062	578646
1728-179	Helluland		varða	kennimark	1700	1900	greinanleg	engin hætta	476118	578537
1728-180	Helluland		tóft, náttúrulegt	óþekkt	1300	1700	greinanleg	engin hætta	476212	578477
1728-181	Kárastaðir	Kárastaðir	heimild	hibýli	1000	1948	sést ekki		476454	576322
1728-182	Kárastaðir		heimild	útihús, fjárhús	1700	1940	sést ekki		476458	576372
1728-183	Kárastaðir		heimild	fjós	1700	1950	sést ekki		476464	576328
1728-184	Kárastaðir		heimild	fjós	1900	1950	sést ekki		476455	576335
1728-185	Kárastaðir		hleðslur	hesthús	1700	1900	greinanleg	engin hætta	476363	576314
1728-187	Kárastaðir		tóft	óþekkt	1500	1900	greinanleg	engin hætta	476496	576188
1728-188	Kárastaðir		tóft	kofi	1500	1950	vel greinanleg	engin hætta	476673	576007
1728-189	Kárastaðir	Gullaklöpp	heimild	leikstaður	900	1950	ómetið		476432	576430
1728-190	Kárastaðir	Húsabré	heimild	leið	0	1950	sést ekki		476421	576408
1728-192	Kárastaðir		hleðsla, tóft	óþekkt, kvíar?	900	1900	greinanleg	engin hætta	476438	576432
1728-194	Kárastaðir	Langabré	heimild, hryggur	leið	0	0	sést ekki		476497	576443
1728-195	Kárastaðir		heimild	mógröf	0	0	sést ekki		476549	576463
1728-196	Kárastaðir		heimild	mógröf	0	0	sést ekki		476552	576347
1728-197	Kárastaðir		tóft	rétt	1900	1950	vel greinanleg	engin hætta	476319	576428
1728-198	Kárastaðir		garðlag	túngarður	1920	0	vel greinanleg	mikil hætta	476369	576435
1728-199	Kárastaðir		steinalögn, grjóthrúga	óþekkt, gröf	900	1900	vel greinanleg	engin hætta	476126	576500
1728-200	Kárastaðir		þúst	óþekkt	900	1900	greinanleg	engin hætta	476717	576146
1728-201	Kárastaðir		niðurgröftur	mógröf	1600	1920	vel greinanleg	engin hætta	476812	575969
1728-202	Kárastaðir		gata	leið	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta	476829	575947
1728-203	Kárastaðir		tóft	mótóft	1600	1900	greinanleg	engin hætta	476804	575938
1728-204	Kárastaðir		tóft, þúst	mótóft	1700	1920	vel greinanleg	engin hætta	476790	576006
1728-205	Kárastaðir		tóft, niðurgröftur	mótóft	1800	1920	vel greinanleg	engin hætta	476780	575988
1728-206	Kárastaðir		tóft	mótóft	1800	1920	greinanleg	engin hætta	476772	575983
1728-207	Kárastaðir		tóft, þúst	mótóft	1800	1920	vel greinanleg	engin hætta	476764	576005
1728-208	Kárastaðir		varða	kennimark	1800	1950	heilleg	engin hætta	476940	575984
1728-209	Kárastaðir		grjóthrúga	kennimark	900	1950	greinanleg	engin hætta	476866	575873
1728-210	Kárastaðir		niðurgröftur	mógröf	1800	1930	vel greinanleg	engin hætta	477126	575717
1728-211	Kárastaðir		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	476980	576174
1728-212	Kárastaðir		grjóthrúga	kennimark	1500	1900	greinanleg	engin hætta	476982	576262

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti núverandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-213	Kárastaðir		varða	kennimark	1500	1950	vel greinanleg	engin hættu	476978	576312
1728-214	Kárastaðir		grjóthrúga	kennimark?	0	0	vel greinanleg	engin hættu	476838	576287
1728-215	Kárastaðir		varða	kennimark	0	0	vel greinanleg	engin hættu	476837	576258
1728-216	Kárastaðir		niðurgröftur	mógröf	1500	1900	vel greinanleg	engin hættu	476739	576784
1728-217	Kárastaðir		niðurgröftur	mógrafir	1500	1900	greinanleg	engin hættu	476857	577169
1728-218	Kárastaðir	Lýsukot/Brúnklukkustaðir	tóft	beitarhús	1500	1850	vel greinanleg	engin hættu	476790	577760
1728-219	Kárastaðir	Lýsukot/Brúnklukkustaðir	tóft	óþekkt	900	1700	vel greinanleg	engin hættu	476789	577762
1728-220	Kárastaðir	Lýsukot/Brúnklukkustaðir	tóft	óþekkt, stekkur?	900	1700	vel greinanleg	engin hættu	476788	577766
1728-221	Kárastaðir	Lýsukot/Brúnklukkustaðir	tóft	óþekkt	900	1700	greinanleg	engin hættu	476804	577761
1728-226	Kárastaðir	Ólavarða	varða	kennimark	1910	0	heilleg	engin hættu	476578	577685
1728-228	Kárastaðir/Svanavatn	Jónsvarða	varða	kennimark	900	1900	heilleg	engin hættu	477244	578413
1728-229	Kárastaðir, Ás		varða	kennimark	1700	2000	vel greinanleg	engin hættu	477459	578064
1728-230	Kárastaðir, Ás		varða	kennimark	1700	1900	vel greinanleg	engin hættu	477479	577861
1728-231	Kárastaðir	Syðstigarður	heimild	netalögn	1800	1950	ómetið		476475	575635
1728-232	Kárastaðir		götur	leið	1500	1950	vel greinanleg	engin hættu	476559	575756
1728-233	Kárastaðir		heimild	ferjustaður	1800	1898	sést ekki		476178	576358
1728-234	Kárastaðir		steinalögn	netalögn	1800	1950	vel greinanleg	engin hættu	476176	576361
1728-236	Kárastaðir		tóft	stekkur	1500	1900	vel greinanleg	engin hættu	476567	575550
1728-237	Kárastaðir		garðlag	óþekkt	1500	1900	vel greinanleg	engin hættu	476461	575680
1728-238	Kárastaðir		tóft	óþekkt, náttúrulegt	900	1800	greinanleg	engin hættu	476457	575683
1728-239	Kárastaðir		steinalögn	óþekkt	900	1950	vel greinanleg	engin hættu	476672	575665
1728-240	Kárastaðir		hleðsla	byrgi	900	1950	heilleg	engin hættu	476686	575632
1728-241	Kárastaðir	Hvammkot	tóft	híbýli	900	1700	greinanleg	engin hættu	476612	576473
1728-242	Kárastaðir	Hvammkot	tóft	hesthús, útihús	1863	1880	vel greinanleg	engin hættu	476614	576475
1728-243	Kárastaðir	Hvammkot	garðlag	túngarður	900	1500	vel greinanleg	engin hættu	476678	576466
1728-244	Kárastaðir	Hvammkot	tóft	útihús, óþekkt	900	1800	greinanleg	engin hættu	476641	576485
1728-245	Kárastaðir		tóft, náttúrulegt	útihús, óþekkt, rétt	900	1700	greinanleg	engin hættu	476666	576453
1728-246	Kárastaðir		niðurgröftur, tóft	óþekkt	900	1900	greinanleg	engin hættu	476641	576442
1728-247	Kárastaðir		gata	leið	900	1900	vel greinanleg	engin hættu	476287	577093
1728-248	Kárastaðir		steinalögn	kennimark, kuml, túnahreinsu	900	1900	vel greinanleg	engin hættu	476246	577113
1728-249	Kárastaðir		grjóthrúga	kennimark, kuml, túnahreinsu	900	1900	vel greinanleg	engin hættu	476268	577107
1728-250	Kárastaðir		grjóthrúga	kennimark, kuml, túnahreinsu	900	1900	vel greinanleg	engin hættu	476284	577106

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti númerandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-251	Kárastaðir		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hættta	476263	577195
1728-252	Kárastaðir		grjóthrúga	kennimark	1700	1950	vel greinanleg	engin hættta	476209	577484
1728-253	Kárastaðir		grjóthrúga	kennimark	1700	1950	vel greinanleg	engin hættta	476209	577490
1728-254	Kárastaðir		heimild, hóll	híbýli, bæjarhóll	950	1950	sést ekki		476029	577008
1728-255	Kárastaðir		tóft	kirkja	1000	1200	greinanleg	engin hættta	476047	576980
1728-256	Kárastaðir		garðlag	kirkjugarður	1000	1200	greinanleg	engin hættta	476058	576974
1728-257	Kárastaðir		heimild	öskuhaugur	950	1950	sést ekki		476028	576990
1728-258	Kárastaðir		garðlag	túngarður	900	1960	greinanleg	engin hættta	476141	577160
1728-259	Kárastaðir		varða	kennimark	900	1900	heilleg	engin hættta	475912	577092
1728-260	Kárastaðir		heimild	leiði	900	1000	sést ekki		475920	577090
1728-261	Kárastaðir	Gvendarbrunnur	lind	vatnsból	1000	0	greinanleg	engin hættta	475957	577001
1728-262	Kárastaðir		heimild	ferjustaður	1000	1800	ómetið		475925	577122
1728-263	Kárastaðir		heimild	híbýli?	1000	1700	sést ekki		476026	577296
1728-264	Helluland/Kárastaðir		garðlag	landamerki	1000	1900	greinanleg	engin hættta	475873	578419
1728-266	Kárastaðir	Sigguvarða, Siggulágarvarða	heimild, grjóthrúga	kennimark	1800	0	illgreinanleg	engin hættta	477409	576632
1728-267	Kárastaðir		tóft	stekkur	900	1800	vel greinanleg	engin hættta	477339	576633
1728-268	Kárastaðir	Kárastaðasel	garðlag	túngarður	1000	1600	greinanleg	engin hættta	477502	576797
1728-269	Kárastaðir	Kárastaðasel	tóft	stekkur?	1300	1700	vel greinanleg	engin hættta	477507	576796
1728-270	Kárastaðir	Kárastaðasel	tóft	rétt?	1300	1700	greinanleg	engin hættta	477501	576792
1728-271	Kárastaðir	Kárastaðasel	búst, tóft	óþekkt	1500	1800	greinanleg	engin hættta	477517	576789
1728-272	Kárastaðir	Kárastaðasel	tóft	óþekkt, útihús	1300	1700	vel greinanleg	engin hættta	477520	576783
1728-273	Kárastaðir	Kárastaðasel	tóft	óþekkt	900	1600	vel greinanleg	engin hættta	477528	576785
1728-274	Kárastaðir	Kárastaðasel	tóft	sel, híbýli	1000	1700	vel greinanleg	engin hættta	477528	576761
1728-275	Kárastaðir	Kárastaðasel	tóft	óþekkt	900	1900	vel greinanleg	engin hættta	477536	576758
1728-276	Kárastaðir	Kárastaðasel	tóft	óþekkt	900	1600	greinanleg	engin hættta	477538	576763
1728-277	Kárastaðir	Kárastaðasel	niðurgröftur, tóft	óþekkt	900	1600	vel greinanleg	engin hættta	477538	576768
1728-278	Kárastaðir	Kárastaðasel	tóft	rétt?	900	1600	vel greinanleg	engin hættta	477514	576759
1728-279	Kárastaðir	Kárastaðasel	tóft	óþekkt, fjárhús	1500	1850	vel greinanleg	engin hættta	477519	576769
1728-280	Kárastaðir	Kárastaðasel	tóft	óþekkt	1300	1800	greinanleg	engin hættta	477530	576742
1728-281	Kárastaðir	Kárastaðasel	tóft, hleðsla	óþekkt	1300	1800	greinanleg	engin hættta	477530	576753
1728-282	Hróarsdalur	Hróarsdalur	dæld, heimild	híbýli	900	1950	illgreinanleg	engin hættta	477262	574699
1728-283	Hróarsdalur		heimild	jarðgöng	900	1700	sést ekki		477251	574698

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti núverandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-284	Hróarsdalur	Varpinn	hóll	öskuhaugur	900	1900	greinanleg	engin hætta	477248	574683
1728-285	Hróarsdalur	Fiskasteinn	steinn	fiskasteinn	1700	1950	heilleg	engin hætta	477270	574718
1728-286	Hróarsdalur		heimild	fjós	1700	1950	sést ekki		477264	574715
1728-287	Hróarsdalur		heimild	brunnur	1700	1950	sést ekki		477264	574717
1728-288	Hróarsdalur	Tröð	heimild	heimreið	1500	1950	sést ekki		477286	574729
1728-289	Hróarsdalur		heimild	matjurtagarður	1850	1950	sést ekki		477242	574704
1728-290	Hróarsdalur		heimild	matjurtagarður, blómgarður	1850	1950	sést ekki		477280	574671
1728-291	Hróarsdalur		garðlag, hryggur	túngarður	900	1800	vel greinanleg	engin hætta	477339	574568
1728-292	Hróarsdalur		heimild	túngarður	1500	1930	sést ekki		477339	574602
1728-294	Ríp	Rípurkirkjugarður	heimild	kirkjugarður	1300	1900	sést ekki		479559	574837
1728-295	Hróarsdalur	Litlaköpp	heimild, klöpp	huldufólksbústaður	1000	1950	ómetið		477255	574681
1728-296	Hróarsdalur		heimild	þvottastaður	900	1960	sést ekki		477361	574583
1728-297	Hróarsdalur		niðurgröftur	fráveita	1850	1900	greinanleg	engin hætta	477225	574662
1728-298	Garður		brú	brú	1895	1918	sést ekki		481272	579752
1728-299	Hróarsdalur		heimild	íshús	1700	1930	sést ekki		477235	574792
1728-300	Hróarsdalur	Húsabré	heimild	brú	1000	1950	sést ekki		477208	574735
1728-301	Hróarsdalur	Engjavegur	heimild, vegur	leið	1000	1950	sést ekki		477130	574693
1728-302	Hróarsdalur		niðurgröftur m. hleðslu	brunnur	1500	1950	greinanleg	engin hætta	477331	574796
1728-303	Hróarsdalur	Minkabrunnur	heimild	brunnur	1500	1950	sést ekki		477306	574793
1728-305	Hróarsdalur	Gerði	tóft	fjárhús	1800	1950	illgreinanleg	engin hætta	477163	574734
1728-308	Hróarsdalur		garðlag	túngarður?	1700	1950	greinanleg	engin hætta	477139	574722
1728-309	Hróarsdalur		dæld	hesthús	1700	1930	illgreinanleg	engin hætta	477189	574771
1728-310	Hróarsdalur		dæld	óþekkt	1900	1930	illgreinanleg	engin hætta	477204	574793
1728-311	Hróarsdalur		tóft	óþekkt, reykkofi	1700	1970	greinanleg	engin hætta	477182	574815
1728-312	Hróarsdalur	Bíldshóll	heimild	álagablettur	1000	1950	ómetið		477173	574718
1728-313	Hróarsdalur		garðlag	túngarður	1700	1940	greinanleg	engin hætta	477180	574886
1728-314	Hróarsdalur		heimild	fjárhús	1920	1962	sést ekki		477253	574857
1728-315	Hróarsdalur		heimild	kvíar	1500	1950	sést ekki		477307	574808
1728-316	Hróarsdalur	Ullarhvammur	heimild	þvottastaður	1700	1950	ómetið	engin hætta	477088	574679
1728-317	Hróarsdalur		garðlag	matjurtagarður	1930	1970	greinanleg	engin hætta	477134	574814
1728-318	Hróarsdalur		garðlag	matjurtagarður	1930	1970	vel greinanleg	engin hætta	477140	574802
1728-319	Hróarsdalur	Herforingjavarða	varða	kennimark	1800	1900	heilleg	engin hætta	477129	574833



## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti núverandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-320	Hróarsdalur		varða	kennimark	1500	1900	heilleg	engin hætta	477140	574856
1728-321	Hróarsdalur		gata, hleðsla	leið	1500	1900	greinanleg	hætta	477117	575083
1728-322	Hróarsdalur		tóft	óþekkt, stekkur	1300	1900	greinanleg	engin hætta	476824	575073
1728-323	Hróarsdalur		tóft	stekkur	1300	1900	greinanleg	engin hætta	476821	575055
1728-324	Hróarsdalur		hleðsla	matjurtagarður	1900	1950	greinanleg	engin hætta	476823	575042
1728-325	Hróarsdalur		hleðsla	lausafundur	900	1500	sést ekki		476822	575046
1728-326	Hróarsdalur		varða	kennimark	1500	1900	heilleg	engin hætta	476864	575144
1728-327	Hróarsdalur		varða	kennimark	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	476895	575171
1728-328	Hróarsdalur		grjóthrúga	kennimark	1500	1900	greinanleg	engin hætta	476765	575170
1728-329	Hróarsdalur		varða	kennimark	0	0	vel greinanleg	engin hætta	476855	575417
1728-330	Hróarsdalur	Sneiðingur, Kirkjugötur	vegur	leið	1000	1950	greinanleg	mikil hætta	477374	574644
1728-331	Kárastaðir		varða	kennimark	900	1900	heilleg	engin hætta	476719	576567
1728-332	Hróarsdalur	Högghúsið	tóft	leikstaður	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta	477445	574570
1728-333	Hróarsdalur	Dagmálavarða	varða	eyktarmark	1700	0	heilleg	engin hætta	477392	574657
1728-334	Hróarsdalur	Dagmálavarða	varða	eyktarmark	1700	0	heilleg	engin hætta	477393	574655
1728-335	Hróarsdalur	Hróarsleiði, Hróarsdys	grjóthrúga	dys	900	1100	vel greinanleg	engin hætta	477420	574690
1728-336	Hróarsdalur		varða	kennimark	1700	1900	heilleg	engin hætta	477449	574678
1728-339	Hróarsdalur		varða	kennimark	1700	1950	heilleg	engin hætta	477584	575161
1728-340	Hróarsdalur		varða	kennimark	1700	1950	greinanleg	engin hætta	477565	574949
1728-341	Hróarsdalur		varða	kennimark	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	477605	575032
1728-342	Hróarsdalur		varða	kennimark	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	477608	575005
1728-343	Hróarsdalur	Silungagötur	götur	leið	1500	1970	vel greinanleg	engin hætta	477613	575111
1728-344	Hróarsdalur		hleðsla	óþekkt	1500	1950	vel greinanleg	engin hætta	477696	575315
1728-345	Hróarsdalur		niðurgröftur	mógrafir	1500	1940	greinanleg	engin hætta	477539	575412
1728-346	Hróarsdalur		þúst	mótóft	1500	1940	greinanleg	engin hætta	477519	575413
1728-347	Hróarsdalur		þúst	mótóft	1500	1940	greinanleg	engin hætta	477503	575428
1728-348	Hróarsdalur		tóft	mótóft	1500	1940	greinanleg	engin hætta	477361	575495
1728-349	Hróarsdalur		tóft	mótóft, mógröf	1500	1940	vel greinanleg	engin hætta	477354	575511
1728-350	Hróarsdalur		niðurgröftur	mó- eða torfgrafir	1500	1940	greinanleg	engin hætta	477295	575583
1728-352	Hróarsdalur		tóft	mótóft	1700	1940	vel greinanleg	engin hætta	477279	575575
1728-353	Hróarsdalur		hleðsla	gildra	1600	1900	vel greinanleg	engin hætta	477444	575191
1728-354	Hróarsdalur		varða	kennimark	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	477231	575269

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti núverandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-355	Hróarsdalur		varða	kennimark	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	477236	575092
1728-356	Hróarsdalur	Ytrilautarvarða	varða	kennimark	1700	1900	heilleg	engin hætta	477310	574994
1728-357	Hróarsdalur		steinalögn	óþekkt	1000	1900	vel greinanleg	engin hætta	477386	574922
1728-358	Hróarsdalur		varða	kennimark	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	477356	574868
1728-359	Hróarsdalur	Stíflan	garðlag	áveita	1800	1960	greinanleg	engin hætta	476676	575236
1728-360	Hróarsdalur	Bleytuskurður	skurðendi, heimild	afrennsli	1800	1950	greinanleg	engin hætta	476666	575222
1728-361	Hróarsdalur	Gamligarður	garðlag	áveita	1700	1900	greinanleg	engin hætta	476714	575095
1728-362	Hróarsdalur	Seftjörn	heimild	álagablettur	1000	1900	ómetið		476788	574814
1728-363	Hróarsdalur	Seftjarnargarður	hleðsla	varnargarður, netalögn	1863	1920	vel greinanleg	hætta	476739	574767
1728-364	Hróarsdalur	Álagabakki, Seftjarnarbakki	heimild	álagablettur	1000	1900	ómetið		476805	574675
1728-365	Hróarsdalur		hleðsla	netalögn	1800	1970	greinanleg	hætta	476801	574665
1728-366	Hróarsdalur	Trúarlögn	hleðsla	varnargarður, netalögn	1863	1920	vel greinanleg	hætta	476841	574575
1728-367	Hróarsdalur	Urriðaausa	heimild	netalögn	900	1900	sést ekki		476995	574345
1728-368	Hróarsdalur	Gamligrjótgarður, Gamlagarðslögn	hleðsla	varnargarður, netalögn	1863	1920	vel greinanleg	hætta	476912	574427
1728-369	Hróarsdalur	Gamliskurður	heimild	áveita	1850	1900	sést ekki		476943	574423
1728-370	Hróarsdalur	Merkjagarður, Merkjagarðslögn	hleðsla	varnargarður, netalögn	1863	1920	vel greinanleg	hætta	477119	574196
1728-371	Hróarsdalur	Efri-Seftjarnarskurður, Kúrt	niðurgröftur	áveita	1951	0	vel greinanleg	engin hætta	476842	574850
1728-372	Hróarsdalur	Neðri-Seftjarnarskurður	niðurgröftur	áveita	1850	0	greinanleg	engin hætta	476799	574770
1728-373	Hróarsdalur	Engjabrú, Engjabrúarræsi	heimild	brú	1800	1950	sést ekki		477033	574650
1728-374	Hróarsdalur	Miðskurður	niðurgröftur	áveita	1900	1950	greinanleg	engin hætta	477107	574325
1728-375	Hróarsdalur	Merkjaskurður	niðurgröftur, heimild	áveita	1900	1950	sést ekki		477300	574269
1728-376	Hróarsdalur/Kárastaðir		garðlag	landamerki	900	1900	greinanleg	hætta	476909	575575
1728-377	Kárastaðir		grjóthrúga	kennimark	900	1900	vel greinanleg	engin hætta	476168	577167
1728-378	Helluland	Lindarhús	heimild	kæligeymsla	1800	1950	sést ekki		476190	580341
1728-379	Helluland		heimild	heimreið	1000	1950	sést ekki		476158	580353
1728-380	Kárastaðir		varða	kennimark	1800	0	heilleg	engin hætta	477579	576835
1728-381	Egg		hleðsla, dæld	híbýli	1900	1933	greinanleg	hætta	478225	572653
1728-382	Egg		heimild	fjós, útihús	1700	1950	sést ekki		478204	572650
1728-383	Egg		heimild	öskuhaugur	1000	1950	sést ekki		478218	572661
1728-384	Egg		heimild	matjurtagarður	0	0	sést ekki		478222	572645
1728-385	Egg	Hornhús	hóll	hesthús	1800	1950	illgreinanleg	engin hætta	478272	572755
1728-386	Egg		dæld, heimild	útihús	1800	0	illgreinanleg	engin hætta	478260	572623

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti núverandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-387	Egg	Vesturhúsin	hleðsla	fjárhús	1800	1973	greinanleg	engin hætta	478224	572510
1728-388	Egg	Austurhúsin	heimild	fjárhús, hesthús	1800	1970	sést ekki		478263	572519
1728-389	Egg		hleðsla	óþekkt, hlaða	1600	1930	greinanleg	hætta	478200	572667
1728-390	Egg		brunnur	vatnsból	1800	0	greinanleg	engin hætta	478342	572551
1728-393	Egg		garðlag	matjurtagarður	1900	1980	vel greinanleg	engin hætta	478118	572719
1728-394	Egg		garðlag	óþekkt, matjurtagarður	1700	1950	greinanleg	engin hætta	478313	572640
1728-395	Egg		garðlag	túngarður	1800	1940	greinanleg	engin hætta	478154	572566
1728-397	Egg		tóft	óþekkt, fjárhús	1500	1900	greinanleg	engin hætta	478317	572483
1728-398	Egg		garðlag	óþekkt	900	1900	vel greinanleg	engin hætta	478319	572450
1728-399	Egg		þúst	óþekkt, gröf?	900	1900	vel greinanleg	engin hætta	478215	572453
1728-400	Egg		hóll	híbýli	1000	1200	illgreinanleg	hætta	478307	572093
1728-401	Egg		tóft, niðurgröftur	óþekkt	1000	1950	greinanleg	hætta	478321	572096
1728-402	Egg		tóft	óþekkt	900	1700	greinanleg	engin hætta	478357	572023
1728-403	Egg		garðlag	túngarður	900	1300	greinanleg	engin hætta	478364	572008
1728-404	Egg		garðlag	túngarður	900	1300	greinanleg	engin hætta	478268	572022
1728-405	Egg		tóft	stekkur	1600	1900	vel greinanleg	engin hætta	478257	572042
1728-406	Egg		niðurgröftur	torfrista	900	1700	vel greinanleg	engin hætta	478256	572008
1728-407	Egg		varða	kennimark	1500	1900	heilleg	engin hætta	478485	572085
1728-408	Egg		varða	kennimark	1500	1900	heilleg	engin hætta	478505	571872
1728-409	Egg		varða	kennimark	1700	2000	vel greinanleg	engin hætta	477903	573293
1728-410	Egg		steinalögn	óþekkt	900	1900	vel greinanleg	engin hætta	477881	573326
1728-411	Egg		garðlag	áveita	1700	1950	greinanleg	hætta	477602	573168
1728-412	Egg		niðurgröftur	áveita	1700	1950	greinanleg	hætta	477693	573036
1728-413	Egg		niðurgröftur, garðlag	áveita	1700	1950	greinanleg	hætta	477852	572868
1728-414	Egg		niðurgröftur	áveita	1700	1950	greinanleg	hætta	477838	572793
1728-415	Egg		niðurgröftur	áveita	1700	1950	greinanleg	hætta	477945	572586
1728-416	Egg		niðurgröftur	áveita	1700	1950	greinanleg	hætta	477976	572538
1728-417	Egg		tóft	heygarður	900	1900	vel greinanleg	engin hætta	479199	571443
1728-418	Egg		heimild	heygarður	1700	1930	sést ekki		479104	571615
1728-419	Egg		þúst	heygarður	1700	1930	vel greinanleg	engin hætta	478991	571553
1728-420	Egg		tóft	heygarður	1700	1930	vel greinanleg	engin hætta	479033	571469
1728-421	Egg		þúst	heygarður	1700	1930	greinanleg	hætta	479091	571446

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti núverandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-422	Egg		tóft	stekkur	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	478771	571122
1728-423	Egg		garðlag, niðurgröftur	óþekkt	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	478777	571113
1728-424	Egg	Hrossatangi	heimild	ferjustaður	0	0	ómetið		478751	571032
1728-425	Egg		grjóthrúga	óþekkt	900	2000	vel greinanleg	engin hætta	478417	572973
1728-426	Egg		grjóthrúga	óþekkt	900	2000	vel greinanleg	engin hætta	478435	572957
1728-428	Egg	Rein	hóll	híbýli, bæjarhóll	1300	1950	sést ekki		478907	572197
1728-429	Egg		hleðsla	óþekkt	1800	1900	greinanleg	engin hætta	478927	572183
1728-430	Egg		heimild	fjós	1800	1950	sést ekki		478909	572205
1728-431	Egg		tóft	fjánhús	1700	1930	vel greinanleg	engin hætta	478896	572301
1728-432	Egg	Rein	tóft	fjánhús, hesthús, óþekkt	1600	1930	greinanleg	engin hætta	478893	572278
1728-433	Egg	Rein	hóll	bæjarhóll, híbýli	900	1931	illgreinanleg	engin hætta	478846	572181
1728-434	Egg		hóll	óþekkt	900	1931	greinanleg	engin hætta	478878	572158
1728-435	Egg		hleðsla, þúst,	útihús, hesthús	900	1931	illgreinanleg	engin hætta	478887	572164
1728-436	Egg	Rein	hleðsla	óþekkt, girðing	1600	1950	greinanleg	engin hætta	478788	572303
1728-437	Egg		garðlag	túngarður	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	478887	572113
1728-438	Egg		tóft	óþekkt	1500	1850	vel greinanleg	engin hætta	478945	572189
1728-439	Egg		tóft, niðurgröftur	óþekkt	1500	1930	vel greinanleg	engin hætta	478939	572204
1728-440	Egg		garðlag	óþekkt, matjurtagarður	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta	478934	572212
1728-441	Egg		garðlag	matjurtagarður	1850	1950	vel greinanleg	engin hætta	478939	572145
1728-442	Egg		tóft	kvíar	1766	1931	vel greinanleg	engin hætta	478909	572115
1728-443	Egg	Rein	tóft	óþekkt, rétt	1000	1900	greinanleg	engin hætta	478899	572109
1728-444	Egg		þurr uppspretta	vatnsból	1000	1931	greinanleg	hætta	478833	572124
1728-445	Egg		tóft	stekkur	1500	1900	greinanleg	engin hætta	478816	572516
1728-446	Egg	Reinarborg	heimild, klettur	huldufólksbústaður	950	2018	ómetið		478934	572170
1728-448	Egg		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	478750	572745
1728-449	Egg		grjóthrúga	kennimark	1900	2000	greinanleg	engin hætta	478771	572678
1728-450	Egg		þúst	mótóft	1500	1900	greinanleg	engin hætta	479003	572530
1728-451	Keta	Keta	heimild	híbýli	950	1930	sést ekki		478973	573234
1728-452	Keta		hóll (hólbrún)	bæjarhóll	950	1900	greinanleg	engin hætta	478954	573235
1728-453	Keta		heimild	öskuhaugur	900	1900	sést ekki		478960	573233
1728-455	Keta		steinsteypa	brunnur	1800	1995	greinanleg	engin hætta	478840	573294
1728-456	Keta	Pálskofi	heimild	hesthús	1700	1950	sést ekki		478997	573145

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti númerandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-457	Keta		heimild	matjurtagarður	0	0	sést ekki		478975	573222
1728-458	Keta		heimild	útihús	1700	1950	sést ekki		479043	573293
1728-459	Keta		heimild	útihús	1700	1950	sést ekki		479020	573323
1728-460	Keta		heimild	heimreið	1000	0	sést ekki		479003	573269
1728-461	Keta		tóft	stekkur	1500	1900	greinanleg	engin hætta	479394	573073
1728-463	Keta		grjóthrúga, steinalögn	óþekkt	900	1990	vel greinanleg	engin hætta	479363	572592
1728-464	Keta		hleðsla	óþekkt, netalögn	1800	1980	vel greinanleg	hætta	479779	572577
1728-465	Keta		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	478761	573530
1728-466	Keta	Þvottaklöpp	heimild	þurrkvöllur	900	1930	heilleg	engin hætta	478762	573529
1728-467	Hamar	Hamar	heimild	híbýli	1000	1970	sést ekki		479128	573771
1728-468	Hamar		heimild	matjurtagarður	1920	1950	sést ekki		479143	573782
1728-469	Hamar		heimild	öskuhaugur	900	1900	sést ekki		479152	573784
1728-470	Hamar		heimild	brunnur, brunnhús	1500	1970	sést ekki		479148	573769
1728-471	Hamar		heimild	heimreið	1000	1940	sést ekki		479109	573752
1728-473	Hamar		dæld	kartöflugeymsla, reykkofi	1800	1970	illgreinanleg	engin hætta	479113	573727
1728-474	Hamar		heimild	matjurtagarður	1850	1980	sést ekki		479113	573724
1728-475	Hamar		heimild	fjánhús, óþekkt	1700	1950	sést ekki		479085	573720
1728-476	Hamar		heimild	fjánhús, óþekkt	1700	1950	sést ekki		479087	573688
1728-477	Hamar	Hornhús	heimild	fjánhús	1800	1970	sést ekki		479083	573816
1728-478	Hamar		heimild	útihús	1920	1950	sést ekki		479201	573645
1728-480	Hamar		heimild	hesthús	1700	1970	sést ekki		479161	573917
1728-481	Hamar		garðlag	óþekkt, túngarður	1700	1920	vel greinanleg	engin hætta	479135	573929
1728-482	Hamar		þúst, steinalögn	óþekkt, kuml	900	0	vel greinanleg	engin hætta	479478	573699
1728-483	Hamar	Torfholt	heimild	þurkvöllur	1000	1930	ómetið	engin hætta	479621	573727
1728-484	Hamar		heimild	torfrista	1700	1930	sést ekki		480240	574029
1728-485	Hamar		heimild	mótóft	1700	1930	sést ekki		479365	574124
1728-486	Hamar		heimild	mógröf	1700	1930	sést ekki		479320	574187
1728-488	Hamar		garðlag	áveita	1800	1900	greinanleg	hætta	480126	573319
1728-489	Hamar		garðlag	áveita	1800	1960	vel greinanleg	engin hætta	480732	573921
1728-490	Hamar/Keta		heimild	landamerki	900	1960	sést ekki		479724	573434
1728-491	Hamar		tóft	stekkur	1500	1900	greinanleg	engin hætta	478729	574206
1728-492	Hamar		hleðsla	óþekkt	1500	1900	greinanleg	engin hætta	478736	574227

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti númerandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-493	Hamar		hleðsla	óþekkt	1500	1900	greinanleg	engin hætta	478631	574049
1728-494	Hamar	Hendilskot	tóft	óþekkt, híbýli	1300	1900	vel greinanleg	engin hætta	478798	573991
1728-495	Hamar		heimild	öskuhaugur	950	1500	sést ekki		478805	574012
1728-496	Hamar		tóft	rétt	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta	478809	573991
1728-497	Hamar		heimild	óþekkt	950	1500	sést ekki		478829	574003
1728-501	Ríp	Ríp	heimild	híbýli, fjós	900	1930	sést ekki		479544	574882
1728-502	Ríp	Rípurkirkja	heimild	kirkja	1300	1900	sést ekki		479559	574842
1728-503	Ríp	Þinghús	heimild	þinghús	1700	1950	sést ekki		479543	574857
1728-504	Ríp		heimild	heimreið	900	1947	sést ekki		479521	574848
1728-505	Ríp		heimild	matjurtagarður	1850	1950	sést ekki		479526	574881
1728-506	Ríp		heimild	öskuhaugur	1300	1950	sést ekki		479579	574870
1728-507	Ríp		heimild	öskuhaugur	900	1104	sést ekki		479503	574895
1728-508	Ríp		heimild	reykhús	1700	1950	sést ekki		479504	574876
1728-509	Ríp		hleðsla, steinsteypa	fjárhús	1700	1950	illgreinanleg	engin hætta	479566	574967
1728-511	Ríp	Ríp	heimild	útihús	1700	1950	sést ekki		479575	575061
1728-512	Ríp	Ríp	heimild	hesthús, hrútakofi, fjós	1700	1950	sést ekki		479540	574809
1728-513	Ríp	Ríp	heimild	útihús	1700	1940	sést ekki		479553	574581
1728-514	Ríp	Ríp	heimild	fjárhús	1700	1950	sést ekki		479561	574494
1728-515	Ríp		tóft	hesthús?	1500	1930	greinanleg	engin hætta	479542	574482
1728-516	Ríp		garðlag	óþekkt	1500	1930	vel greinanleg	engin hætta	479550	574423
1728-517	Ríp		heimild	brunnur	900	1950	sést ekki		479587	574925
1728-519	Ríp	Kirkjulind	lind, hleðsla	vatnsból	900	1950	greinanleg	engin hætta	479592	574764
1728-520	Ríp	leikstaðurstaðurklöpp	klettur, heimild	leikstaður	900	1950	ómetið	engin hætta	479588	574764
1728-521	Ríp		tóft	stekkur	1500	1900	greinanleg	engin hætta	479347	575444
1728-522	Ríp		hleðsla	óþekkt, kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	479362	575562
1728-524	Ríp		tóft	rétt	1800	1930	vel greinanleg	engin hætta	479547	575287
1728-525	Ríp		þúst	óþekkt, mótóft	1500	1900	greinanleg	engin hætta	479320	575021
1728-528	Ríp		heimild	mógröf	1500	1930	sést ekki		479640	574271
1728-529	Ríp		þúst	óþekkt	900	1900	vel greinanleg	engin hætta	479298	574279
1728-530	Ríp		þúst	mótóft	1700	1930	illgreinanleg	hætta	479374	574624
1728-531	Ríp		tóft	mótóft	1700	1930	vel greinanleg	hætta	479385	574590
1728-535	Ríp		hleðsla	kennimark	1500	1900	greinanleg	engin hætta	478436	575219

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti núverandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-536	Ríp		grjóthrúga	óþekkt	1700	2000	vel greinanleg	engin hætta	478805	575173
1728-537	Ríp		tóft	heygarður	1840	1940	vel greinanleg	engin hætta	480093	574684
1728-538	Ríp	Ytri-Heygarður	tóft	heygarður	1700	1950	greinanleg	engin hætta	480191	574820
1728-539	Ríp		þúst	heygarður	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	480514	575533
1728-540	Ríp		garðlag	matjurtagarður	1850	1960	vel greinanleg	engin hætta	480308	573108
1728-541	Ríp		tóft	heytóft	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	480368	573130
1728-542	Ríp		tóft	heytóft	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	480477	573154
1728-543	Ríp		heimild	vað	900	1960	ómetið		480321	573152
1728-549	Ríp		varða	kennimark	1500	1900	ómetið	engin hætta	478785	574559
1728-550	Beingarður	Beingarður	heimild	híbýli, fjós	950	1908	sést ekki		478995	576030
1728-551	Beingarður	Beingarður	heimild	öskuhaugur	950	1908	sést ekki	hætta	479006	576018
1728-552	Beingarður		heimild	matjurtagarður	1850	1950	sést ekki		479000	576013
1728-553	Beingarður		heimild	brunnur	1000	1940	sést ekki		479114	576006
1728-554	Beingarður		heimild	útihús	1700	1950	sést ekki		478988	576057
1728-555	Beingarður		heimild	útihús	1700	1950	sést ekki		479121	576106
1728-556	Beingarður		heimild	rétt, hesthús og lambhús	1800	1980	sést ekki		479010	576154
1728-557	Beingarður		heimild	óþekkt, hæsnakofi	1800	1970	sést ekki		479024	576138
1728-558	Beingarður		heimild	heimreið	1000	1970	sést ekki		479010	576097
1728-559	Beingarður		tóft	fjárhús, nautahús	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta	479133	576068
1728-560	Beingarður		dæld	óþekkt, útihús	900	1950	greinanleg	engin hætta	479140	576048
1728-561	Beingarður		tóft	óþekkt, stekkur	1500	1900	greinanleg	engin hætta	478919	576266
1728-562	Beingarður	Höfði	heimild, klettur	huldufólksbústaður	900	0	ómetið		478904	576092
1728-563	Beingarður		heimild	leikstaður	1800	1970	ómetið	engin hætta	478909	576080
1728-564	Beingarður		garðlag	óþekkt, áveita, girðing	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	479823	576007
1728-566	Beingarður	Beinir	steinn	landamerki	900	1900	heilleg	engin hætta	478472	575933
1728-567	Beingarður		tóft	stekkur	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	478612	576220
1728-568	Beingarður		varða	kennimark	1500	1900	greinanleg	engin hætta	478055	576535
1728-569	Beingarður		tóft	óþekkt	1000	1800	greinanleg	engin hætta	478070	576502
1728-570	Beingarður		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	478368	576291
1728-571	Beingarður		Grjóthrúga	kennimark	1500	1900	greinanleg	engin hætta	478386	576171
1728-572	Ás 1		heimild	híbýli	1000	1900	sést ekki		479765	577702
1728-573	Ás 1		hleðsla, húsgrunnur	híbýli	1865	1970	greinanleg	engin hætta	479780	577693

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti núverandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-574	Ás 1		steinsteypa, húsgrunnur	híbýli	1885	1970	vel greinanleg	engin hætta	479754	577688
1728-575	Ás 1		heimild	kirkja	1000	1900	sést ekki		479756	577725
1728-576	Ás 1		heimild	kirkjugarður	1000	1900	sést ekki		479758	577727
1728-577	Ás 1		heimild	skemmur	1700	1950	sést ekki		479775	577711
1728-579	Ás 1		heimild	matjurtagarður	1800	1950	sést ekki		479798	577696
1728-580	Ás 1		gata	heimreið	1000	1950	greinanleg	engin hætta	479733	577666
1728-581	Ás 2		gata	leið	1900	1970	vel greinanleg	engin hætta	479740	577652
1728-582	Ás 1		hryggur, garðlag	túngarður	900	1900	greinanleg	engin hætta	479676	577671
1728-583	Ás		dæld	óþekkt, útihús	1000	1900	illgreinanleg	engin hætta	479656	577687
1728-584	Ás 1	Ás	heimild	útihús	1700	1940	sést ekki		479754	577669
1728-585	Ás 1		heimild	útihús	1700	1950	sést ekki		479696	577765
1728-586	Ás 1		heimild	útihús	0	1950	sést ekki		479681	577802
1728-587	Ás 2		heimild	útihús	1700	1940	sést ekki		479565	577630
1728-588	Ás 2		heimild	útihús	1700	1950	sést ekki		479670	577580
1728-589	Ás 2		heimild	útihús	1700	1950	sést ekki		479556	577670
1728-590	Ás 2		heimild	útihús	1700	1950	sést ekki		479612	577688
1728-591	Ás 2		heimild	útihús	1700	1950	sést ekki		479632	577705
1728-592	Ás 1		heimild	útihús	0	1950	sést ekki		479590	577706
1728-593	Ás 1		heimild	hesthús?	1700	1950	sést ekki		479576	577742
1728-595	Ás 2		garðlag	túngarður	1800	1900	greinanleg	engin hætta	479595	577508
1728-596	Ás 1		brunnur	vatnsból	900	1900	vel greinanleg	engin hætta	479807	577703
1728-597	Ás 1		tóft	rétt	1800	1930	vel greinanleg	engin hætta	479907	577868
1728-598	Ás 1	Syðri-Stekkur, Ásstekkur	tóft	stekkur	1600	1900	vel greinanleg	engin hætta	480155	578503
1728-599	Ás 1		garðlag	óþekkt, áveita	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	480073	578717
1728-600	Ás 1	Ytri-Stekkur	tóft	stekkur	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	479990	578802
1728-601	Ás 1		tóft	stekkur	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	479635	579180
1728-602	Ás 2		varða	kennimark	900	1900	vel greinanleg	engin hætta	479471	576712
1728-603	Ás 2		varða, grjóthrúga	kennimark	900	1900	greinanleg	engin hætta	479469	576708
1728-604	Ás 2		tóft	stekkur	900	1900	greinanleg	engin hætta	479386	576543
1728-605	Ás 2		tóft	stekkur	900	1900	illgreinanleg	engin hætta	479038	576692
1728-606	Ás 2		tóft	stekkur	1500	1900	vel greinanleg	hætta	480276	576581
1728-607	Ás 2		varða	kennimark	1700	1900	heilleg	engin hætta	480269	576985



## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti núverandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-608	Ás 2		niðurgröftur	áveita	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta	480591	576644
1728-609	Ás 2		garðlag	áveita	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	480621	576894
1728-610	Ás 2		tóft	heygarður	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	480790	577662
1728-611	Ás 2		tóft	heygarður	1500	1950	vel greinanleg	engin hætta	481120	579792
1728-612	Ás 2	Ferjuskarð	heimild	ferjustaður	1740	1895	ómetið		480804	577605
1728-613	Ás 2	Selavað	heimild	vað	1000	1900	ómetið		480658	577002
1728-614	Ás 1	Hegrastaðir	heimild	túngarður	850	1500	sést ekki		479508	578946
1728-615	Ás 1	Hegrastaðir	heimild	túngarður	850	1500	sést ekki		479581	578955
1728-616	Ás 1	Hegrastaðir	heimild	útihús, híbýli	850	1500	sést ekki		479526	578875
1728-617	Ás 1	Hegrastaðir	heimild	híbýli, útihús	850	1500	sést ekki		479501	578860
1728-618	Ás 1	Minni-Ás	tóft	óþekkt, híbýli, beitarhús	1000	1800	greinanleg	engin hætta	479306	578768
1728-619	Ás 1	Minni-Ás	garðlag	túngarður	900	1500	greinanleg	engin hætta	479305	578742
1728-620	Ás 1	Minni-Ás	tóft	óþekkt, útihús	900	1500	vel greinanleg	engin hætta	479301	578750
1728-621	Ás 1	Minni-Ás	tóft	óþekkt, útihús	900	1500	vel greinanleg	engin hætta	479285	578729
1728-622	Ás 2	Túnfótur	dæld	óþekkt	900	1500	greinanleg	engin hætta	480148	577653
1728-623	Ás 2	Túnfótur	þúst, dældir	óþekkt	900	1500	illgreinanleg	engin hætta	480157	577615
1728-624	Ás 2	Túnfótur	tóft	óþekkt, stekkur	1000	1800	greinanleg	engin hætta	480168	577588
1728-625	Ás 2	Túnfótur	dæld	óþekkt	900	1500	illgreinanleg	engin hætta	480182	577602
1728-626	Ás 2	Túnfótur	garðlag	túngarður	1000	1500	greinanleg	engin hætta	480194	577657
1728-627	Ás 2	Túnfótur	tóft	óþekkt, stekkur	1000	1800	greinanleg	engin hætta	480202	577632
1728-628	Ás 1	Gunnlaugsgerði?	heimild	óþekkt, híbýli, útihús	1000	1700	sést ekki		479587	577708
1728-629	Ás 1		tóft	híbýli	950	1600	vel greinanleg	engin hætta	479083	577795
1728-630	Ás 1		mannvistarleifar	öskuhaugur	950	1300	sést ekki		479085	577782
1728-631	Ás 1		tóft	óþekkt	950	1300	illgreinanleg	engin hætta	479077	577762
1728-632	Ás 1		tóft	óþekkt	950	1300	greinanleg	engin hætta	479128	577794
1728-633	Ás 1		garðlag	túngarður	950	1300	vel greinanleg	engin hætta	479066	577786
1728-634	Ás 1		niðurgröftur	mógröf	1600	1900	vel greinanleg	engin hætta	479072	578232
1728-635	Ás 1		tóft	mótóft	1600	1900	vel greinanleg	engin hætta	479100	578241
1728-636	Ás 1		tóft	mótóft	1600	1900	vel greinanleg	engin hætta	479083	578269
1728-637	Ás 1		tóft	mótóft	1600	1900	vel greinanleg	engin hætta	479095	578285
1728-638	Ás 1		tóft	mótóft	1600	1900	vel greinanleg	engin hætta	479094	578297
1728-639	Ás 2	Hagahús	tóft	beitarhús	1750	1900	vel greinanleg	engin hætta	478359	576943

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti núverandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-640	Ás 2		tóft, hleðsla	óþekkt, rétt	1500	1900	greinanleg	engin hætta	478301	576932
1728-641	Ás 2		varða	kennimark	0	1900	heilleg	engin hætta	478296	576759
1728-642	Ás 1		niðurgröftur	mógrafir	1600	1900	vel greinanleg	engin hætta	478537	577660
1728-643	Ás 1	Ákavarða	varða	kennimark	1910	0	heilleg	engin hætta	478611	577662
1728-644	Ás 1	Rollubergsrétt	tóft	rétt	1800	1920	vel greinanleg	engin hætta	477904	577787
1728-645	Ás 2		þúst, steinalögn	óþekkt, varða, kuml	900	1900	vel greinanleg	engin hætta	478174	577750
1728-646	Ás 2		grjóthrúga	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	477883	577607
1728-647	Ás 2		varða	kennimark	900	1900	heilleg	engin hætta	477951	577303
1728-648	Ás 2		varða	kennimark	900	1900	heilleg	engin hætta	477852	577116
1728-649	Ás 2		hleðsla	brú	1800	1930	vel greinanleg	engin hætta	477814	577135
1728-650	Svanavatn/Hegrabjarg		heimild	híbýli, skemma og fjós	1000	1940	sést ekki		478263	578602
1728-651	Svanavatn/Hegrabjarg		heimild	öskuhaugur	1000	1900	sést ekki		478298	578523
1728-652	Svanavatn/Hegrabjarg		dæld	brunnur	1700	1960	greinanleg	engin hætta	478314	578533
1728-653	Svanavatn/Hegrabjarg		dæld	brunnur	900	1940	sést ekki		478356	578550
1728-654	Svanavatn/Hegrabjarg		heimild	brunnur	900	1940	sést ekki		478324	578576
1728-655	Svanavatn/Hegrabjarg		gata	leið	1800	1930	vel greinanleg	engin hætta	478292	578720
1728-656	Svanavatn/Hegrabjarg		hryggur	beðaslétta	1800	1940	vel greinanleg	engin hætta	478269	578687
1728-657	Svanavatn/Hegrabjarg		hryggir	beðasléttur	1800	1940	greinanleg	engin hætta	478303	578485
1728-659	Svanavatn/Hegrabjarg		tóft, dældir	óþekkt	900	1940	greinanleg	engin hætta	478292	578489
1728-660	Svanavatn/Hegrabjarg		tóft	fjánhús	1700	1940	vel greinanleg	engin hætta	478226	578443
1728-661	Svanavatn/Hegrabjarg		garðlag	túngarður	1700	1920	greinanleg	engin hætta	478265	578711
1728-662	Svanavatn/Hegrabjarg		tóft	fjánhús	1700	1970	greinanleg	engin hætta	478247	578699
1728-663	Svanavatn/Hegrabjarg		tóft	óþekkt	1700	1940	greinanleg	hætta	478235	578660
1728-664	Svanavatn/Hegrabjarg		tóft	útihús	1700	1940	illgreinanleg	engin hætta	478214	578623
1728-665	Svanavatn/Hegrabjarg		heimild	óþekkt	900	1940	sést ekki		478226	578553
1728-666	Svanavatn/Hegrabjarg		heimild	matjurtagarður	1850	1950	sést ekki		478275	578621
1728-667	Svanavatn/Hegrabjarg		niðurgröftur	fráveita	1880	1888	greinanleg	engin hætta	478372	578532
1728-668	Svanavatn/Hegrabjarg		niðurgröftur	mógröf	1700	1940	illgreinanleg	engin hætta	477998	578787
1728-669	Svanavatn/Hegrabjarg		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	477861	578576
1728-670	Svanavatn/Hegrabjarg		varða	kennimark	1500	1900	heilleg	engin hætta	477633	578712
1728-671	Svanavatn/Hegrabjarg	Lautinantsvarða	varða	kennimark	1811	1812	heilleg	engin hætta	477610	579762
1728-672	Svanavatn/Hegrabjarg	Ísleifshellir	Hellir	sögustaður	1000	2023	ómetið		477724	579517

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti núverandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-673	Svanavatn/Hegrabjarg	Gálgaklettur	heimild	aftökustaður	1000	1900	ómetið		477393	579985
1728-674	Svanavatn/Hegrabjarg		hleðsla	byrgi	1700	1900	greinanleg	engin hætta	477262	580007
1728-675	Svanavatn/Hegrabjarg		varða, grjóthrúga	kennimark	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	477273	579983
1728-676	Svanavatn/Hegrabjarg		varða	kennimark	1000	1900	heilleg	engin hætta	477275	579956
1728-677	Svanavatn/Hegrabjarg		varða, grjóthrúga	kennimark	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta	477367	580023
1728-678	Hegrabjarg/Svanavatn		tóft	stekkur	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	478549	578155
1728-679	Hegrabjarg/Svanavatn		tóft	óþekkt, stekkur, kofi	1500	1800	greinanleg	engin hætta	477899	578158
1728-680	Hegrabjarg/Svanavatn		tóft	stekkur	1300	1800	vel greinanleg	engin hætta	477886	578167
1728-681	Hegrabjarg/Svanavatn		tóft	stekkur	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	477855	578052
1728-682	Hegrabjarg/Svanavatn		tóft	stekkur	1400	1900	vel greinanleg	engin hætta	477864	578057
1728-683	Hegrabjarg/Svanavatn		garðlag	óþekkt	900	1500	greinanleg	engin hætta	477867	578049
1728-684	Hegrabjarg/Svanavatn		tóft	óþekkt, stekkur?	900	1700	greinanleg	hætta	477880	578060
1728-685	Hegrabjarg/Svanavatn		varða	kennimark	900	1900	heilleg	engin hætta	477774	578164
1728-686	Svanavatn/Hegrabjarg		tóft	stekkur	1800	1930	vel greinanleg	engin hætta	478222	579174
1728-687	Svanavatn/Hegrabjarg		hleðsla	óþekkt, rétt	1600	1900	greinanleg	hætta	477885	579624
1728-688	Svanavatn/Hegrabjarg	Hegrastaðir?	tóft	óþekkt	900	1700	greinanleg	engin hætta	478494	579438
1728-689	Svanavatn/Hegrabjarg	Hegrastaðir	tóft	óþekkt	900	1700	greinanleg	engin hætta	478489	579481
1728-693	Svanavatn/Hegrabjarg		heimild	smiðja	1700	1900	sést ekki		478328	578575
1728-694	Garður	Garður	heimild	hibýli, fjós	1000	1930	sést ekki		478434	580816
1728-695	Garður		heimild	brunnur	1000	1963	sést ekki		478434	580802
1728-696	Garður		heimild	vatnsból	1000	1963	sést ekki		478486	580718
1728-697	Garður		tóft	fjárhús, hesthús, lambhús	1800	1950	greinanleg	engin hætta	478362	580773
1728-698	Garður		garðlag	túngarður	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	478362	580927
1728-699	Garður		garðlag	túngarður?	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	478369	580955
1728-700	Garður		garðlag	matjurtagarður	1850	1980	vel greinanleg	engin hætta	478356	580887
1728-701	Garður		heimild	útihús	1000	1930	sést ekki		478373	580819
1728-702	Garður		heimild, dæld	útihús	1000	1930	sést ekki		478389	580876
1728-703	Garður		heimild	útihús	1000	1930	sést ekki		478427	580901
1728-704	Garður		heimild	öskuhaugur	1000	1960	sést ekki		478489	580828
1728-705	Garður		tóft	stekkur	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	477817	580598
1728-706	Garður		tóft	rétt	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	478363	582110
1728-707	Garður		hleðsla	kennimark	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	478351	582144


## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti núverandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-708	Garður		hleðsla	kennimark	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	478386	582146
1728-709	Garður		hleðsla	kennimark	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	478403	582151
1728-710	Garður		hleðsla	kennimark	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	478441	582159
1728-711	Garður		heimild	lending	1000	1950	ómetið	ómetið	478320	582221
1728-715	Garður		garðlag	landamerki	1000	1850	greinanleg	engin hætta	478342	581774
1728-716	Garður		tóft	óþekkt	900	1500	greinanleg	hætta	478461	581583
1728-717	Garður		tóft	óþekkt	900	1500	greinanleg	hætta	478459	581565
1728-718	Garður		gata	leið	900	2000	greinanleg	hætta	478442	581559
1728-719	Garður		tóft, náttúrulegt	óþekkt	900	1500	greinanleg	hætta	478428	581526
1728-720	Garður		tóft, náttúrulegt	óþekkt	900	1500	greinanleg	hætta	478439	581521
1728-721	Garður		þúst, steinalögn	óþekkt	1000	1900	greinanleg	engin hætta	478130	580569
1728-722	Garður		hleðsla	brú	1700	1930	vel greinanleg	engin hætta	477634	580576
1728-723	Garður		grjóthrúga	kennimark	1500	1900	greinanleg	engin hætta	477692	580647
1728-724	Garður		varða	kennimark	1700	1900	heilleg	engin hætta	477470	580621
1728-725	Garður		grjóthrúga	kennimark	1700	1900	greinanleg	engin hætta	477433	580591
1728-726	Garður		grjóthrúga	kennimark	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	477138	580737
1728-727	Garður	Hegranesbraut	vegur	leið	1800	1930	vel greinanleg	engin hætta	477428	581433
1728-728	Margar jarðir	Miðvegur	gata, heimild	leið (alfaraleið)	1000	1930	vel greinanleg	ómetið	478319	576759
1728-729	Margar jarðir		gata, heimild	leið (alfaraleið)	1000	1930	vel greinanleg	ómetið	479375	580958
1728-730	Margar jarðir		gata, heimild	leið (alfaraleið)	1000	1930	vel greinanleg	ómetið	480242	577543
1728-731	Margar jarðir	Messuleið	gata, heimild	leið (alfaraleið)	1500	1930	vel greinanleg	ómetið	477244	575769
1728-732	Margar jarðir		gata, heimild	leið (aukaleið)	1000	1930	vel greinanleg	ómetið	475301	584658
1728-733	Margar jarðir		gata, heimild	leið (aukaleið)	1000	1930	vel greinanleg	ómetið	476581	583003
1728-734	Margar jarðir		gata, heimild	leið (aukaleið)	1000	1930	vel greinanleg	ómetið	479469	576708
1728-735	Margar jarðir		gata, heimild	leið (aukaleið)	1000	1930	vel greinanleg	ómetið	478303	572484
1728-736	Margar jarðir		gata, heimild	leið (aukaleið)	1000	1930	vel greinanleg	ómetið	477440	581294
1728-737	Margar jarðir		gata, heimild	leið (alfaraleið)	1000	1930	vel greinanleg	ómetið	476337	577242
1728-738	Margar jarðir		gata, heimild	leið (alfaraleið)	1000	1930	vel greinanleg	ómetið	476796	581277
1728-739	Margar jarðir		gata, heimild	leið (alfaraleið)	1000	1930	vel greinanleg	ómetið	478092	580631
1728-740	Margar jarðir		gata, heimild	leið (alfaraleið)	1000	1930	vel greinanleg	ómetið	477850	579098
1728-741	Margar jarðir		gata, heimild	leið (alfaraleið)	1000	1930	vel greinanleg	ómetið	476867	578942
1728-742	Margar jarðir		gata, heimild	leið (aukaleið)	1500	1930	vel greinanleg	ómetið	477395	577753

## Hnitaskrá 1728

minj_id	Heiti númerandi	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
1728-743	Hróarsdalur		varða	kennimark	1700	1900	vel greinanleg	engin hættu	477242	575029
1728-744	Keta		garðlag, niðurgröftur	óþekkt, áveita	1700	1960	sést ekki		479596	572998

# Utanverðunes



1728-53  
Naustavík

1728-54

1728-55, 56

1728-36

1728-732

1728-57

Utanverðunes

1728-14

1728-13

1728-34

1728-35

1728-30

1728-32

1728-28

Nesvatin  
1728-729

1728-26

1728-733

1728-27

1728-18, 19

1728-20

1728-17

1728-21

1728-22

1728-25

1728-24

1728-29

1728-23





# Helluland

N

1728-126

1728-124

1728-127

Austari-Héraðsvötn

1728-128

1728-737

Kotið

1728-122

1728-138

1728-105

1728-106

1728-103, 104

1728-107

1728-141

1728-108

1728-726

Háagerði

1728-125

1728-132

1728-101

1728-102

1728-133

1728-96, 142

1728-140

1728-97

1728-100

Helluland

1728-134

1728-99

1728-98

1728-111

1728-139

1728-136

1728-741

1728-135

1728-177

Grænagerði

1728-110

Ásgrímsstaðir

1728-166-173

1728-741

Ásgrímsstaða-  
mógrafir

1728-178

1728-109

1728-179


1728-264

1728-180

1728-228



Loftmyndir ehf



# Kárastaðir og Ferjuhamar





# Hróarsdalur



Urriðavættur

- 1728-376
- 1728-352
- 1728-350
- 1728-349
- 1728-348
- 1728-347
- 1728-346
- 1728-345
- 1728-344
- 1728-354
- 1728-731
- 1728-353
- 1728-339
- 1728-343
- 1728-321
- 1728-355
- 1728-743
- 1728-356
- 1728-341
- 1728-342
- 1728-313
- 1728-357
- 1728-340
- 1728-320
- 1728-319
- 1728-317
- 1728-318
- 1728-303, 375
- 1728-358
- 1728-316
- 1728-302
- 1728-335
- 1728-336
- 1728-373
- 1728-330
- 1728-292
- 1728-296
- 1728-291
- 1728-332




# Egg og Keta



0 100 200 300 400 500  
m


# Keta og Hamar




Loftmyndir ehf



# Ríp og Beingarður




# Ás og Vatnskot





Garður



- 1728-711
- 1728-707-710
- 1728-706
- 1728-715
- 1728-716-720
- 1728-727
- 1728-736
- 1728-105
- 1728-103
- 1728-106
- 1728-107
- 1728-108
- 1728-726
- 1728-726
- 1728-723
- 1728-739
- 1728-729
- 1728-696
- 1728-102
- 1728-725
- 1728-722
- 1728-705
- 1728-721
- 1728-96, 142
- 1728-97
- 1728-100
- 1728-99
- 1728-677
- 1728-98
- 1728-674-6
- 1728-673

